ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 55

33. árgangur

27.8.2026

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2026/EES/55/01 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1338 frá 10. júlí 2025 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 að því er varðar virkni eina evrópska aðgangsstaðarins 1

2026/EES/55/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1339 frá 10. júlí 2025 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 að því er varðar tiltekin verkefni söfnunaraðila 25

2026/EES/55/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1141 frá 14. desember 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða tiltekið kjöt, lagarafurðir, mjólkurafurðir og egg 34

2026/EES/55/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/731 frá 27. mars 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 að því er varðar umbreytingarákvæði hennar og tiltekin ákvæði um sýnatöku 45

2026/EES/55/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/548 frá 13. mars 2026 að því er varðar synjun um leyfi fyrir krókalöppuútdrætti úr *Arctium lappa* L. sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda 48

2026/EES/55/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/549 frá 13. mars 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með bakteríustofni DSM 11798 af ættinni *Eggerthellaceae* sem fóðuraukefni fyrir svín, alifugla og skrautfugla og um niðurfellingu á framkvæmdar-reglugerðum (ESB) nr. 1016/2013 og (ESB) 2017/930 50

2026/EES/55/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/553 frá 13. mars 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/1755 og (ESB) 2024/1054 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir blöndu með *Weizmannia faecalis* DSM 32016 sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis og sem eru aldir til undaneldis og til varps og skrautfugla (leyfishafi er Biochem Zusatzstoffe Handels- und Produktionsges. mbH) 55

2026/EES/55/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/585 frá 13. mars 2026 að því er varðar synjun um leyfi fyrir ginsengútdrætti úr *Panax ginseng* C.A. Meyer sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda 64

2026/EES/55/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/516 frá 10. mars 2026 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1403 að því er varðar styrk túfóna í spánarsalvíuilmkjarnaolíu 66

2026/EES/55/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/528 frá 11. mars 2026 um leyfi fyrir ilmstjörnuilmkjarnaolíu úr *Pogostemon cablin* Benth. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 68

2026/EES/55/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/532 frá 11. mars 2026 um endurnýjun á leyfi og um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með mónensínnatríumi (Coxidin) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Huvepharma N.V.) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 109/2007 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 140/2012 73

2026/EES/55/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/534 frá 11. mars 2026 um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé og geitur, önnur en til mjólkurframleiðslu, og fyrir dýr á beit af úlfaldaætt, hjartardýr, dýr af hestaætt, svínategundir og kanínur (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er SynTech Regulatory Europe GmbH) 80

2026/EES/55/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/538 frá 11. mars 2026 um leyfi fyrir xantangúmmíi sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en ketti, hunda og lagartegundir 84

2026/EES/55/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/540 frá 11. mars 2026 um leyfi fyrir arabísku gúmmíi sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 91

2026/EES/55/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/402 frá 24. febrúar 2026 um leyfi fyrir L-systíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* DSM 34232, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 97

2026/EES/55/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/404 frá 24. febrúar 2026 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.370, sem fóðuraukefni fyrir svínategundir, alifugla og skrautfugla (leyfishafi er Victory Enzymes GmbH) 101

2026/EES/55/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/460 frá 26. febrúar 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir þíamínvetnisklóríði og þíamínmónónítrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/897 104

2026/EES/55/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/876 frá 21. apríl 2026 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, aklónífen, deltametrín, oxaþíapíprólín og kalíum-fosfónöt í eða á tilteknum afurðum 110

2026/EES/55/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2501 frá 11. desember 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 að því er varðar notkun á tilteknum vörum og efnum við lífræna framleiðslu 132

2026/EES/55/20 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2651 frá 16. október 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 að því er varðar tilteknar viðmiðanir við að koma á fót skránni yfir áhættusöm þriðju lönd og áhættusamar vörur 135

2026/EES/55/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/758 frá 1. apríl 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 að því er varðar að færa á skrá breytingu til að breyta samskiptaupplýsingum dreifingaraðila í skránni yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar 137

2026/EES/55/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/577 frá 17. mars 2026 um að samþykkja 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 139

2026/EES/55/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/859 frá 20. apríl 2026 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi 2,4-dínítrótólúeni í hlutum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 144

2026/EES/55/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/870 frá 21. apríl 2026 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu paraffínolíu (CAS 8042-47-5), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 149

2026/EES/55/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2274 frá 12. nóvember 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2024/1487 að því er varðar samþykkt vinnuáætlunar um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum 154

2026/EES/55/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/909 frá 27. apríl 2026 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á bensýlsalisýlati, trífenýlfosfati, ammóníumsilfursinkálsílíkati, áli, vatnsleysanlegum sinksöltum, asetýlaðri olíugrasolíu, sítrali, HC Blue nr. 18, HC Red nr. 18, HC Yellow nr. 16, hýdroxýprópýl-p-fenýlendíamíni og díhýdróklóríðsöltum þess og DHHB í snyrtivörur 157

2026/EES/55/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2526 frá 16. desember 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2713 til að leiðrétta tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB og til að tilnefna tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru ætluð til greiningar eða magnákvörðunar á merkiefnum sýkingar af völdum sníkla og greiningar á merkiefnum blóðflokkunar 175

2026/EES/55/28 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/879 frá 5. desember 2025 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1669 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar snjallsíma og spjaldtölva 178

2026/EES/55/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2533 frá 17. nóvember 2023 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/826 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 179

2026/EES/55/30 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1504 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar málsmeðferðarreglur fyrir beitingu valdheimilda Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að leggja á sektir eða févíti á útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka 202

2026/EES/55/31 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2561 frá 14. desember 2022 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga (kerfisbinding) 208

2026/EES/55/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/449 frá 27. febrúar 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd 232

2026/EES/55/33 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/21 frá 19. desember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar kröfur fyrir rekstraraðila flugvallar varðandi starfsemi á sviði flugafgreiðslu 244

2026/EES/55/34 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/22 frá 19. desember 2024 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2022/1645 að því er varðar kröfur um upplýsingavernd fyrir fyrirtæki sem veita flugafgreiðslu 249

2026/EES/55/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/23 frá 19. desember 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um eftirlit með flugafgreiðslu og þeim fyrirtækjum sem veita þá þjónustu 253

2026/EES/55/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/24 frá 19. desember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur fyrir flugrekendur varðandi starfsemi á sviði flugafgreiðslu 268

2026/EES/55/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/389 frá 23. febrúar 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/447 að því er varðar ákvörðun á endurskoðuðu viðmiðunargildi fyrir sóda fyrir árið 2025 273

2026/EES/55/38 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/55 frá 17. desember 2025 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar vörur með viðbættu kvikasilfri sem falla undir framleiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann 276

2026/EES/55/39 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 734/2013 frá 22. júlí 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans 279

2026/EES/55/40 Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (kerfisbinding) 287

2026/EES/55/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2282 frá 27. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 að því er varðar eyðublöð fyrir tilkynningar og upplýsingablöð 308

2026/EES/55/42 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/588 frá 15. mars 2023 um áætlun Sambandsins um öruggan tengjanleika fyrir tímabilið 2023–2027 488

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1338 **2026/EES/55/01**

frá 10. júlí 2025

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 að því er varðar virkni eina evrópska aðgangsstaðarins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Einn evrópskur aðgangsstaður (*e. ESAP*) sem um getur í reglugerð (ESB) 2023/2859 veitir hagsmunaaðilum greiðan aðgang að upplýsingum í gegnum forritaskil (*e. API*). Forritaskil ættu þar af leiðandi að tryggja aðgengi að þeim upplýsingum, styðja við margs konar snið fyrir þær upplýsingar og taka inn allar nauðsynlegar breytingar eða uppfærslur sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin óskar eftir. Allar breytingar á forritaskilum ætti að auðkenna tímanlega og setja ætti fram skýra tímaáætlun fyrir framkvæmd þeirra breytinga. Enn fremur ættu forritaskil að tryggja grunnvirkni eina evrópska aðgangsstaðarins án endurgjalds, þrátt fyrir skuldbindingu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um að innheimta gjöld skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859.

2) Við hvers kyns vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við að gera upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, sem ábyrgðaraðili gagna á einum evrópskum aðgangsstað, og söfnunaraðilar að tryggja að farið sé að reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]) og (ESB) 2018/1725 ([3]).

3) Til að tryggja áreiðanlega og skilvirka auðkenningu, ættu aðilar sem leggja fram upplýsingar og lögaðilar sem upplýsingarnar varða að vera auðkenndir með auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) samkvæmt ISO-staðli 17442 með hliðsjón af 7. gr. og A-hluta í viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1437 ([4]), VII. viðauka, línur 11., 12. og 13. í töflu 1 og töflu 2 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 ([5]), sem og 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ([6]). LEI-auðkennið ætti að samsvara aðilanum sem því er ætlað að tengjast, vera í samræmi við ISO-staðal 17442 og vera í alþjóðlegum gagnagrunni yfir auðkenni lögaðila sem starfræktur er af miðlægu starfseiningunni sem nefnd um lögboðið eftirlit hjá Alþjóðastofnun um auðkenni lögaðila skipar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1338, 11.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1437 frá 19. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgengi að upplýsingum sem reglur kveða á um á vettvangi Sambandsins (Stjtíð. ESB L 234, 31.8.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/1437/oj).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 (Stjtíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/979/oj).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2017/590/oj).

4) Til að gera hagsmunaaðilum kleift að leita í upplýsingunum sem eru aðgengilegar á eina evrópska aðgangstaðnum á skilvirkan hátt, ætti að flokka tegundir upplýsinga svo að allar upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað samsvari a.m.k. einni tegund upplýsinga. Til að auðvelda notendum að finna upplýsingar um sjálfbærni, ætti að krefjast tiltekinnar tegundar upplýsinga til að auðkenna skýrslu framkvæmdastjórnar eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([7]), þar sem skýrsla framkvæmdastjórnar inniheldur sjálfbærni-yfirlýsingu sem gerð er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([8]).

5) Einn evrópskur aðgangsstaður ætti að auka tækifæri á sýnileika og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Upplýsingum á eina evrópska aðgangsstaðnum ætti að fylgja lýsing á stærðarflokki eininganna svo auðvelt sé að greina lítil og meðalstór fyrirtæki. Til að halda skýrslugjafarbyrði á fyrirtæki í lágmarki ætti einn evrópskur aðgangsstaður að taka mið af fyrirliggjandi stærðarflokkum eins og settir eru fram í þeim viðkomandi lagagerðum Sambandsins sem upplýsingarnar eru lagðar fram samkvæmt.

6) Einn evrópskur aðgangsstaður ætti að gera hagsmunaaðilum kleift að leita upplýsinga eftir flokkun atvinnugreina. Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/137 ([9]) eru settir fram helstu geirar sem eru nægilega nákvæmir fyrir flokkun ófjárhagslegra aðila sem falla undir gildissvið eins evrópsks aðgangsstaðar og ættu því að vera tekin með í forskriftum á eiginleikum atvinnugreinanna. Til að endurspegla nákvæma atvinnugreinaflokka fjármálageirans eins og talið er skipta máli fyrir einn evrópskan aðgangsstað ætti að telja með viðbótarundirflokka að því er varðar aðila á fjármálamarkaði.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin („Evrópsku eftirlitsstofnanirnar“) hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdastöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([10]), hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([11]), og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([12]).

9) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og hún skilaði formlegum athugasemdum sínum 29. apríl 2025.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2004/109/oj).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/137 frá 10. október 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (Stjtíð. ESB L 19, 20.1.2023, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/137/oj).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1094/oj).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

10) Með hliðsjón af 23. gr. a í tilskipun 2004/109/EB, 11. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([13]) og 21. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ([14]) ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda í síðasta lagi 10. júlí 2026.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Einkenni forritaskila fyrir birtingu gagna

Forritaskilin skulu:

a) styðja við dreifingu upplýsinga á því sniði sem þau voru móttekin,

b) styðja við leitarvirkni og niðurhal,

c) heimila notendum að hafa ótakmarkað aðgengi að allri þjónustu sem er án endurgjalds,

d) taka inn allar breytingar eða uppfærslur sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin óskar eftir til að tryggja að farið sé að a-, b- og c-lið.

2. gr.

Auðkenni lögaðila

Þegar þess er krafist í gerðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, eða framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem byggja á þeim gerðum að því er varðar einn evrópskan aðgangsstað, skulu aðilar sem leggja fram upplýsingar til söfnunaraðila og lögaðilinn sem upplýsingarnar eiga við um auðkenndir með auðkenni lögaðila sem:

a) varðar þann lögaðila og, eftir atvikum, þann aðila,

b) er í samræmi við ISO-staðal 17442 og

c) er meðtalinn í gagnagrunni LEI-auðkenna sem Alþjóðlega lögaðilaauðkennastofnunin heldur við.

3. gr.

Flokkun tegunda upplýsinga

Upplýsingar sem aðilar leggja fram hjá söfnunaraðila skulu flokkaðar í samræmi við viðkomandi tegundir upplýsinga sem settar eru fram í töflu 1 í viðaukanum.

4. gr.

Flokkar stærðar aðilanna

Ef lýsigagna um stærðarflokk aðila er krafist í einhverri gerð sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða einhverri þeirra framseldu gerða eða framkvæmdargerða sem byggjast á þeim gerðum að því er varðar einn evrópskan aðgangsstað, skal annað hvort eftirfarandi fylgja upplýsingunum:

a) lýsigögn sem gefa til kynna einn af stærðarflokkunum sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum þegar upplýsingar eru lagðar fram hjá söfnunaraðila samkvæmt einni af lagagerðum Sambandsins sem koma fram í þeirri töflu,

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/236/oj).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/1129/oj).

b) lýsigögn sem gefa til kynna stærðarflokkinn „önnur stærð“ þegar upplýsingar eru lagðar fram hjá söfnunaraðilum samkvæmt lagagerðum Sambandsins, öðrum en þeim sem koma fram í töflu 2 í viðaukanum.

5. gr.

Greining á eiginleikum atvinnugreina

Þegar lýsigagna um atvinnugrein atvinnustarfsemi er krafist í einhverri gerð sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða í einhverri þeirra framseldu gerða eða framkvæmdargerða sem byggjast á þeim gerðum að því er varðar einn evrópskan aðgangsstað:

a) skulu aðilar sem falla undir fleiri en einn flokk sem settur er fram í töflu 3 í viðaukanum vera flokkaðir samkvæmt þeirri töflu,

b) skulu aðrir aðilar flokkaðir á grundvelli eins eða fleiri meginhluta NACE-flokkunar, eins og hún er skilgreind í framseldri reglugerð (ESB) 2023/137.

6. gr.

Endurskoðun

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, gegnum sameiginlegu nefndina, endurmeta tæknilegu staðlana sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar LEI-auðkenni, með hliðsjón af upplýsingunum sem aðilar leggja fyrir söfnunaraðila. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2026 ásamt, eftir því sem við á, tillögum að breytingum á þessari reglugerð.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. júlí 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Tafla 1

Tegund upplýsinga

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun 2004/109/EB	Árleg reikningsskil	Árleg reikningsskil	4. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Skýrsla framkvæmdastjórnar, þ.m.t. sjálfbærniyfirlýsing	Skýrsla framkvæmdastjórnar, birt af útgefendum verðbréfa sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði	b-liður 2. mgr. 4. gr. 5. mgr. 4. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Hálfsársreikningsskil	Hálfsársreikningsskil	5. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Greiðslur til stjórnvalda	Skýrsla um greiðslur til stjórnvalda	6. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Innherjaupplýsingar	Innherjaupplýsingar, birtar af útgefendum verðbréfa sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði	21. gr. k-liður 1. mgr. 2. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Viðskipti stjórnenda	Viðskipti aðila í stjórnunarstöðu	21. gr. k-liður 1. mgr. 2. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Tilkynning um stóra hlutafjáreign	Tilkynning um kaup og sölu verulegra eignarhluta	12. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Kaup og sala á eigin hlutabréfum útgefanda	Kaup og sala á eigin hlutabréfum útgefanda	14. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Heildarmagn atkvæðisréttar og hlutafjár	Heildarmagn atkvæðisréttar og hlutafjár	15. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Breytingar á réttindum tengdum hlutabréfum eða verðbréfum öðrum er hlutabréfum	Breytingar á réttindum tengdum hlutabréfum eða verðbréfum öðrum er hlutabréfum	16. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Heimaaðildarríki	Heimaaðildarríki	i-liður 1. mgr. 2. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Viðbótarupplýsingar, sem reglur kveða á um, sem krafist er að birtar séu samkvæmt lögum aðildarríkis	Viðbótarupplýsingar, sem reglur kveða á um, sem krafist er að birtar séu samkvæmt lögum aðildarríkis	1. mgr. 3. gr.
Tilskipun 2004/109/EB	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Upplýsingar um stjórnsýsluviðurlög og -ráðstöfun, þ.m.t. áfrýjun	1. mgr. 29. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Skjal um undanþágu frá lýsingu (yfirtaka)	Skjal um undanþágu frá lýsingu fyrir verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku með skiptiútboði með skírskotun til útboðs verðbréfa á almennum markaði eða að þau séu tekin til viðskipta á skipulegum markaði	f-liður 4. mgr. 1. gr. e-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Skjal um undanþágu frá lýsingu (samruni eða skipting)	Skjal um undanþágu frá lýsingu fyrir verðbréf sem eru boðin, þeim úthlutað eða sem verður úthlutað í tengslum við samruna eða skiptingu, með skírskotun til útboðs verðbréfa á almennum markaði eða að þau séu tekin til viðskipta á skipulegum markaði	f-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr. g-liður 4. mgr. 1. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Endanlegir skilmálar, þ.m.t. samantekt hverrar útgáfu sem fylgir með í viðauka	Endanlegir skilmálar	5. mgr. 8. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Almenn útgefandalýsing	Almenn útgefandalýsing	4. mgr. 9. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Breyting	Breyting á almennri útgefandalýsingu	4. mgr. 9. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Útgefandalýsing	Útgefandalýsing	2. mgr. 10. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Verðbréfalýsing	Verðbréfalýsing	1. mgr. 21. gr. 9. mgr. 21. gr. 3. mgr. 6. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Endanlegt útboðsverð og verðbréfamagn	Endanlegt útboðsverð og verðbréfamagn	2. mgr. 17. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Sjálfstæð lýsing	Lýsing (eitt skjal) þ.m.t. upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun	1. mgr. 21. gr. 9. mgr. 21. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Viðauki	Viðaukar við lýsingu, þ.m.t. þýðingar	1. mgr. 23. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Grunnlýsing með endanlegum skilmálum	Grunnlýsing með endanlegum skilmálum	8. gr. 1. mgr. 21. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Grunnlýsing án endanlegra skilmála	Grunnlýsing án endanlegra skilmála	8. gr. 1. mgr. 21. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Þýðing á viðbæti	Þýðing á viðbæti við almenna útgefandalýsingu	4. mgr. 26. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Samantekt	Samantekt	1. mgr. 21. gr. 9. mgr. 21. gr. 3. mgr. 6. gr. 7. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Þýðing á samantekt	Þýðing á samantekt	1. mgr. 21. gr. 9. mgr. 21. gr. 3. mgr. 6. gr. 7. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1129	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir	1. mgr. 42. gr.
Tilskipun 2004/25/EB ([1])	Yfirvald til þess bært að hafa eftirlit með tilboðinu	Yfirvald til þess bært að hafa eftirlit með tilboðinu	c-liður 2. mgr. 4. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun 2004/25/EB	Ákvörðun um yfirtökutilboð	Ákvörðun um yfirtökutilboð	1. mgr. 6. gr.
Tilskipun 2004/25/EB	Skriflegt yfirtökutilboð	Skriflegt yfirtökutilboð	2. mgr. 6. gr.
Tilskipun 2004/25/EB	Álit stjórnar félags sem tilboðið tekur til og ástæður yfirtökutilboðs	Álit stjórnar félags sem tilboðið tekur til og ástæður yfirtökutilboðs	5. mgr. 9. gr.
Tilskipun 2004/25/EB	Sanngjarnt verð	Sanngjarnt verð	4. mgr. 5. gr.
Tilskipun 2007/36/EB ([2])	Uppfylling eða útskýring á birtingu þátttökustefnu	Útskýring á því að uppfylla ekki skyldur	1. mgr. 3. gr. g
Tilskipun 2007/36/EB	Þátttökustefna	Þátttökustefna	a-liður 1. mgr. 3. gr. g
Tilskipun 2007/36/EB	Framkvæmd þátttökustefnu	Framkvæmd þátttökustefnu	b-liður 1. mgr. 3. gr. g
Tilskipun 2007/36/EB	Samræmi fjárfestingaráætlunar við samsetningu skuldbindinga	Samræmi í áætlunum um hlutabréfafjárfestingar við lýsingu og gildistíma skuldbindinga og hvernig stuðlað er að árangri eigna til meðallangs og langs tíma	1. mgr. 3. gr. h
Tilskipun 2007/36/EB	Samkomulag við eignastýringaraðila	Samkomulag við eignastýringaraðila	2. mgr. 3. gr. h
Tilskipun 2007/36/EB	Hátternisreglur	Hátternisreglur	1. mgr. 3. gr. j
Tilskipun 2007/36/EB	Útskýring ef hátternisreglum er ekki fylgt	Útskýring ef hátternisreglum er ekki fylgt	1. mgr. 3. gr. j
Tilskipun 2007/36/EB	Upplýsingar í tengslum við undirbúning þeirra fyrir rannsóknir, ráðgjöf og ráðleggingar vegna atkvæðagreiðslu	Upplýsingar í tengslum við undirbúning þeirra fyrir rannsóknir, ráðgjöf og ráðleggingar vegna atkvæðagreiðslu	2. mgr. 3. gr. j
Tilskipun 2007/36/EB	Starfskjarastefna	Starfskjarastefna	7. mgr. 9. gr. a
Tilskipun 2007/36/EB	Dagsetning og niðurstaða atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu	Dagsetning og niðurstaða atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu	7. mgr. 9. gr. a
Tilskipun 2007/36/EB	Starfskjaraskýrsla	Starfskjaraskýrsla	5. mgr. 9. gr. b
Tilskipun 2007/36/EB	Þýðingarmikil viðskipti við tengda aðila	Þýðingarmikil viðskipti við tengda aðila	2. mgr. 9. gr. c
Tilskipun 2007/36/EB	Þýðingarmikil viðskipti tengdra aðila við dótturfélög félags	Þýðingarmikil viðskipti tengdra aðila við dótturfélög félags	7. mgr. 9. gr. c
Tilskipun 2007/36/EB	Úrslit atkvæðagreiðslu	Úrslit atkvæðagreiðslu	2. mgr. 14. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Árleg reikningsskil	Árleg reikningsskil	30. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun 2013/34/ESB	Skýrsla framkvæmdastjórnar	Skýrsla framkvæmdastjórnar	30. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Sjálfbærniyfirlýsing	Sjálfbærniyfirlýsing	19. gr. a, 29. gr. a, 30. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Skýrsla um sjálfbærni	Skýrsla um sjálfbærni fyrirtækja í þriðja landi	40. gr. a
Tilskipun 2013/34/ESB	Samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar	Samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar	30. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Samstæðureikningsskil	Samstæðureikningsskil	30. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Áritun endurskoðanda	Áritun endurskoðanda	30. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Umsögn um áreiðanleika	Umsögn um áreiðanleika	30. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Umsögn um áreiðanleika sjálf-bærniskýrslu	Umsögn um áreiðanleika sjálf-bærniskýrslu	40. gr. d
Tilskipun 2013/34/ESB	Yfirlýsing þar sem fram kemur að fyrirtæki í þriðja landi hafi ekki gert upplýsingar aðgengilegar	Yfirlýsing þar sem fram kemur að fyrirtæki í þriðja landi hafi ekki gert upplýsingar aðgengilegar	Fjórða undirgrein 2. mgr. 40. gr. a
Tilskipun 2013/34/ESB	Yfirlýsing þar sem fram kemur að fyrirtæki í þriðja landi hafi ekki gert nauðsynlegar umsagnir um áreiðanleika aðgengilegar	Yfirlýsing þar sem fram kemur að fyrirtæki í þriðja landi hafi ekki gert nauðsynlegar umsagnir um áreiðanleika aðgengilegar	3. mgr. 40. gr. a
Tilskipun 2013/34/ESB	Skýrsla um greiðslur til stjórnvalda	Skýrsla um greiðslur til stjórnvalda	45. gr.
Tilskipun 2013/34/ESB	Samstæðuskýrsla um greiðslur til stjórnvalda	Samstæðuskýrsla um greiðslur til stjórnvalda	45. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 236/2012	Hrein skortstaða	Hrein skortstaða	1. mgr. 6. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([3])	Innherjaupplýsingar	Innherjaupplýsingar	1. mgr. 17. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 596/2014	Innherjaupplýsingar varðandi losunarheimildir	Innherjaupplýsingar varðandi losunarheimildir	2. mgr. 17. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 596/2014	Viðskipti stjórnenda - útgefendur	Viðskipti aðila í stjórnunarstöðu að því er varðar útgefendur	3. mgr. 19. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 596/2014	Viðskipti stjórnenda – losunar-heimildir	Viðskipti aðila í stjórnunarstöðu að því er varðar þátttakendur á markaði með losunarheimildir	3. mgr. 19. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) nr. 596/2014	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög eða aðrar stjórnsýsluráðstafanir	1. mgr. 34. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088 ([4])	Stefnur sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðun	Stefnur um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökuferli	1. mgr. 3. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Stefnur sjálfbærniáhættu í fjár-festingar- eða vátryggingaráðgjöf	Stefnur um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjár-festingar- eða vátryggingarráðgjöf	2. mgr. 3. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Neikvæð áhrif á sjálfbærni á einingastigi	Yfirlýsing um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á stigi þátttakanda á fjármálamarkaði	1. mgr. 4. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi stærri eininga	Yfirlýsing um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á stigi stórra þátttakandi á fjármálamarkaði	3. mgr. 4. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Neikvæð áhrif á sjálfbærni á samstæðustigi	Yfirlýsing um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á stigi móðurfélaga stærri samstæða	4. mgr. 4. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi fjármálaráðgjafa	Upplýsingar um hvort fjármálaráðgjafar taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærniþætti í ráðgjöf sinni um fjárfestingar eða vátryggingar,	a-liður 5. mgr. 4. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi fjármálaráðgjafa	a) Yfirlýsing fjármálaráðgjafa um að þeir taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestinga- eða vátryggingaráðgjöf sinni	b-liður 5. mgr. 4. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Sjálfbærniáhætta í starfskjara-stefnum	Sjálfbærniáhætta í starfskjara-stefnum	1. mgr. 5. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Upplýsingagjöf um sjálf-bærnitengdar afurðir	Lýsing á umhverfislegum eða félagslegum þáttum eða markmiði um sjálfbæra fjárfestingu,	a-liður 1. mgr. 10. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Upplýsingar um aðferðir sem eru notaðar	Upplýsingar um aðferðir sem eru notaðar til að meta, mæla og vakta umhverfislega og félagslega þætti eða áhrif sjálfbærra fjárfestinga	b-liður 1. mgr. 10. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Upplýsingagjöf um sjálf-bærnitengdar afurðir (upplýs-ingagjöf áður en samningur er gerður)	Upplýsingagjöf um sjálf-bærnitengdar afurðir skv. 8. og 9. gr.	c-liður 1. mgr. 10. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/2088	Upplýsingagjöf um sjálf-bærnitengdar afurðir (reglubundnar skýrslur)	Upplýsingagjöf um sjálf-bærnitengdar afurðir skv. 11. gr.	d-liður 1. mgr. 10. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB ([5]),	Skráningarskjal lítilla og meðalstórra fyrirtækja	Skráningarskjal lítilla og meðalstórra fyrirtækja	c-liður 3. mgr. 33. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Lýsing lítilla og meðalstórra fyrirtækja	Lýsing lítilla og meðalstórra fyrirtækja	c-liður 3. mgr. 33. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Viðvarandi og reglubundin reikningsskil lítilla og meðalstórra fyrirtækja	Viðvarandi og reglubundin reikningsskil, þ.m.t. endur-skoðaður ársreikningur lítilla og meðalstórra fyrirtækja	d-liður 3. mgr. 33. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Lögboðnar upplýsingar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er varða útgefendurna	Lögboðnar upplýsingar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er varða útgefendurna	f-liður 3. mgr. 33. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Upplýsingar um eignarhald	Upplýsingar um eignarhald	a-liður 2. mgr. 46. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Yfirfærsla eignarréttar	Yfirfærsla eignarréttar	b-liður 2. mgr. 46. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í ESB	Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í ESB	3. mgr. 5. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem markaðstorg fjármálagerninga (MTF)	Starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem markaðstorg fjármálagerninga (MTF)	fjórði málsliður 10. mgr. 18. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem skipulegs markaðstorgs (OTF)	Starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem skipulegs markaðstorgs (OTF)	fjórði málsliður 10. mgr. 18. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Einkaumboðsmenn	Einkaumboðsmenn	3. mgr. 29. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun 2014/65/ESB	Ákvörðun um að stöðva tímabundið eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og allar tengdar afleiður	Ákvörðun um að stöðva tímabundið eða taka úr viðskiptum fjármálagerning og allar tengdar afleiður	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 52. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Ákvörðun lögbærs yfirvalds um tímabundna stöðvun eða að töku úr viðskiptum	Ákvörðun lögbærs yfirvalds um tímabundna stöðvun eða að töku fjármálagernings úr viðskiptum og alla tengda gerninga sem viðskipti eru með á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi og hjá innmiðlurum, þ.m.t. útskýring ef ákvörðunin var að stöðva ekki eða taka úr viðskiptum	Þriðja undirgrein 2. mgr. 52. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	1. mgr. 71. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstöfunar, þ.m.t. niðurstaða áfrýjunarinnar	2. mgr. 71. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Ógilding ákvörðunar	Ógilding ákvörðunar	2. mgr. 71. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Hrávöruafleiður og losunarheimildarafleiður	Vikulegar skýrslur með samanlögðum stöðum í hrávöruafleiðum og afleiðum með losunarheimildir	a-liður 1. mgr. 58. gr.
Tilskipun 2014/65/ESB	Rannsóknir studdar af útgefanda	Rannsóknir studdar af útgefanda sem gerðar eru í samræmi við siðareglur Evrópusambandsins fyrir rannsóknir studdar af útgefanda	3. mgr. b í 24. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365 ([6])	Skráð viðskiptaskrá	Skráð viðskiptaskrá	3. mgr. 8. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Viðurkennd viðskiptaskrá	Viðurkennd viðskiptaskrá	8. mgr. 19. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Opnar stöður í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf	Samanlagðar stöður eftir gerð fjármögnunarviðskipta með verðbréf	1. mgr. 12. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Opinber yfirlýsing um brot	Opinber yfirlýsing sem tilgreinir einstaklinginn sem ber ábyrgð á brotinu og eðli brotsins	b-liður 4. mgr. 22. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Ársskýrsla um nákvæmar heildarupplýsingar sem varða stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir	Annar málsliður 1. mgr. 25. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Refsiviðurlög	Ársskýrsla um refsiviðurlög sem er beitt	Annar málsliður 2. mgr. 25. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Birting upplýsinga um stjórnsýsluviðurlög, aðrar stjórnsýsluráðstafanir eða refsiviðurlög	3. mgr. 25. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög eða aðrar stjórnsýsluráðstafanir í tengslum við brot á 4. eða 15. gr.	1. mgr. 26. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og niðurstaða áfrýjunarinnar	4. mgr. 26. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/2365	Ógilding ákvörðunar	Ógilding ákvörðunar	4. mgr. 26. gr.
Tilskipun 2002/87/EB ([7])	Rekstrarform að lögum, stjórnunarhættir og stjórnskipulag	Rekstrarform að lögum, stjórnunarhættir og stjórnskipulag	4. mgr. 9. gr.
Tilskipun 2006/43/EB ([8])	Löggiltur endurskoðandi	Löggiltur endurskoðandi	15. gr.
Tilskipun 2006/43/EB	Endurskoðunarfyrirtæki	Endurskoðunarfyrirtæki	15. gr.
Tilskipun 2006/43/EB	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	30. gr. c
Tilskipun 2006/43/EB	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Staða og niðurstaða áfrýjunar stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	30. gr. c
Tilskipun 2009/65/EB ([9])	Lýsing	Lýsing	1. mgr. 68. gr.
Tilskipun 2009/65/EB	Árleg reikningsskil	Árleg reikningsskil	1. mgr. 68. gr.
Tilskipun 2009/65/EB	Hálfsársreikningsskil	Hálfsársreikningsskil	1. mgr. 68. gr.
Tilskipun 2009/65/EB	Starfsleyfi rekstrarfélags	Starfsleyfi rekstrarfélags	Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.
Tilskipun 2009/65/EB	Lykilupplýsingaskjal fyrir fjárfesta	Lykilupplýsingaskjal fyrir fjárfesta (þar sem því er ekki skipt út fyrir lykilupplýsingaskjal samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1286/2014)	1. mgr. 78. gr.
Tilskipun 2009/65/EB	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstöfun sem ekki er hægt að áfrýja	1. mgr. 99. gr. b
Tilskipun 2009/138/EB ([10])	Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu	Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu	1. mgr. 51. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun 2009/138/EB	Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu - samstæðustig	Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu - samstæðustig	1. mgr. 256. gr.
Tilskipun 2009/138/EB	Starfsleyfi eða afturköllun starfsleyfis vátrygginga- eða endurtryggingafélags	Starfsleyfi eða afturköllun starfsleyfis vátrygginga- eða endurtryggingafélags	25. gr. a
Tilskipun 2009/138/EB	Ákvörðun um endurskipulagningu	Ákvörðun um endurskipulagningarráðstöfun	1. mgr. 271. gr.
Tilskipun 2009/138/EB	Ákvörðun um að hefja slitameðferð	Ákvörðun um að hefja slitameðferð	1. mgr. 280. gr.
Tilskipun 2011/61/ESB ([11])	Rekstraraðili sérhæfðs sjóðs með starfsleyfi	Rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, þ.m.t. lögbært yfirvald rekstraraðila sérhæfðs sjóðs	Önnur undirgrein 5. mgr. 7. gr.
Tilskipun 2011/61/ESB	Sérhæfður sjóður með starfsleyfi	Sérhæfður sjóður sem stjórnað er og/eða markaðssettur í Sambandinu	Önnur undirgrein 5. mgr. 7. gr.
Tilskipun 2013/36/ESB ([12])	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög	1. mgr. 68. gr.
Tilskipun 2013/36/ESB	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga, þ.m.t. staða og niðurstaða áfrýjunarinnar	1. mgr. 68. gr.
Tilskipun 2013/36/ESB	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög undir nafnleynd	2. mgr. 68. gr.
Tilskipun 2013/36/ESB	Kerfislega mikilvægar stofnanir	Tilkynning um kerfislega mikilvægar stofnanir	12. mgr. 131. gr.
Tilskipun 2014/59/ESB([13])	Samningur um fjárstuðning innan samstæðu	Samningur um fjárstuðning innan samstæðu	1. mgr. 26. gr.
Tilskipun 2014/59/ESB	Bráðabirgðastjórnandi	Bráðabirgðastjórnandi	1. mgr. 29. gr.
Tilskipun 2014/59/ESB	Tilkynning um frestun greiðslu- eða afhendingarskyldu	Tilkynning um frestun greiðslu- eða afhendingarskyldu	8. mgr. 33. gr. a
Tilskipun 2014/59/ESB	Skilastjóri	Skilastjóri	1. mgr. 35. gr.
Tilskipun 2014/59/ESB	Eiginfjárgrunnur	Eiginfjárgrunnur	3. mgr. 45. gr. i
Tilskipun 2014/59/ESB	Skilaaðgerð	Skilaaðgerð	4. mgr. 83. gr.
Tilskipun 2014/59/ESB	Opinber yfirlýsing um brot	Opinber yfirlýsing um brot	1. mgr. 112. gr. og a-liður 2. mgr. 111. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun 2014/59/ESB	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög sem ekki hefur verið áfrýjað eða kæruréttur hefur verið fullnýttur	1. mgr. 112. gr.
Tilskipun 2014/59/ESB	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga, þ.m.t. staða og niðurstaða áfrýjunarinnar	1. mgr. 112. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/97 ([14])	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og önnur ráðstöfun sem ekki hefur verið áfrýjað	1. mgr. 32. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/97	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og annarrar ráðstöfunar, þ.m.t. niðurstaða áfrýjunarinnar	2. mgr. 32. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/97	Ógilding ákvörðunar	Ógilding ákvörðunar um að beita viðurlögum eða öðrum ráðstöfunum	2. mgr. 32. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/2341 ([15])	Starfskjarastefna	Starfskjarastefna	2. mgr. 23. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/2341	Ársreikningar	Ársreikningar	29. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/2341	Ársskýrslur	Ársskýrslur	29. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/2341	Meginreglur um fjárfestingastefnu	Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu	30. gr.
Tilskipun (ESB) 2016/2341	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og önnur ráðstöfun sem ekki hefur verið áfrýjað	4. mgr. 48. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2034 ([16])	Rekstrarform að lögum, stjórnunarhættir og stjórnskipulag	Rekstrarform að lögum, stjórnunarhættir og stjórnskipulag	44. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2034	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstöfun sem ekki hefur verið áfrýjað eða þar sem kæruréttur hefur verið fullnýttur	20. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2034	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar, þ.m.t. staða og niðurstaða áfrýjunarinnar	20. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2162 ([17])	Upplýsingar um áætlanir um sértryggð skuldabréf	Upplýsingar um áætlanir um sértryggð skuldabréf	14. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2162	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir	24. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Tilskipun (ESB) 2019/2162	Refsiviðurlög	Refsiviðurlög	24. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2162	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og annarrar stjórnsýsluráðstöfunar, þ.m.t. staða og niðurstaða áfrýjunarinnar	24. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2162	Ógilding ákvörðunar	Ógilding ákvörðunar um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða aðra stjórnsýsluráðstöfun, þ.m.t. endanlegir dómsúrskurðir	24. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2162	Lánastofnanir sem hafa leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf	Lánastofnanir sem hafa leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf	b-liður 1. mgr. 26. gr.
Tilskipun (ESB) 2019/2162	Evrópsk sértryggð skuldabréf	Evrópsk sértryggð skuldabréf	c-liður 1. mgr. 26. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009 ([18])	Matsaðferðir, líkön og helstu forsendur mats	Matsaðferðir, líkön og helstu forsendur mats	1. mgr. 8. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Lánshæfismat og matshorfur	Lánshæfismat og matshorfur	1. mgr. 10. gr. 1. mgr. 11. gr. a 2. mgr. 11. gr. a
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Miðlægt gagnasafn	Miðlægt gagnasafn	2. mgr. 11. gr. a
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Breytingar á matsaðferðum, líkönum og helstu forsendum mats	Upplýsingar sem birta á ef matsaðferðum, líkönum og helstu forsendum mats sem beitt er við lánshæfismatsstarfsemi er breytt	6. mgr. 8. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Villur í matsaðferðum og metnar einingar	Villur í matsaðferðum og metnar einingar	7. mgr. 8. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Lánshæfismat ríkja	Lánshæfismat ríkja	1. mgr. 8. gr. a
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Dagskrá fyrir lánshæfismat ríkja	Dagskrá fyrir lánshæfismat ríkja	3. mgr. 8. gr. a
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Ákvarðanir um að hætta lánshæfismati	Ákvarðanir um að hætta lánshæfismati	1. mgr. 10. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Stefnur og verklagsreglur fyrir óumbeðið lánshæfismat	Stefnur og verklagsreglur fyrir óumbeðið lánshæfismat	4. mgr. 10. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Birting upplýsinga lánshæfismatsfyrirtækis	Birting upplýsinga lánshæfismatsfyrirtækis	1. mgr. 11. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Árleg skýrsla um gagnsæi	Árleg skýrsla um gagnsæi	12. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Ákvörðun um vottun lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi	Ákvörðun um vottun lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi	3. mgr. 5. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Skráð lánshæfismatsfyrirtæki	Skráð lánshæfismatsfyrirtæki	2. mgr. 8. gr. d 3. mgr. 18. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Markaðshlutdeild lánshæfismatsfyrirtækja og tegundir lánshæfismats sem gefið er út	Markaðshlutdeild lánshæfismatsfyrirtækja og tegundir lánshæfismats sem gefið er út	2. mgr. 8. gr. d
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Upplýsingar um fyrri frammistöðu	Upplýsingar um fyrri frammistöðu	2. mgr. 11. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Samantekt upplýsinga um meginþróun	Samantekt upplýsinga um meginþróun	2. mgr. 11. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	5. mgr. 24. gr. 1. mgr. 36. gr. d
Reglugerð (EB) nr. 1060/2009	Dagsektir	Dagsektir	1. mgr. 36. gr. d
Reglugerð (ESB) nr. 345/2013 ([19])	Evrópskir áhættufjármagnssjóðir	Evrópskir áhættufjármagnssjóðir, þ.m.t. lönd þar sem þeir eru markaðssettir	1. mgr. 17. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 345/2013	Rekstraraðilar evrópskra áhættufjármagnssjóða	Rekstraraðilar evrópskra áhættufjármagnssjóða	1. mgr. 17. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 346/2013 ([20])	Evrópskir félagslegir framtakssjóðir	Evrópskir félagslegir framtakssjóðir, þ.m.t. lönd þar sem þeir eru markaðssettir	1. mgr. 18. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 346/2013	Rekstraraðilar evrópskra félagslegra framtakssjóða	Rekstraraðilar evrópskra félagslegra framtakssjóða	1. mgr. 18. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ([21])	Birting upplýsinga um varfærniskröfur	Birting upplýsinga um varfærniskröfur	Áttundi hluti
Reglugerð (ESB) nr. 537/2014 ([22])	Árlegar skýrslur um gagnsæi	Árlegar skýrslur um gagnsæi	13. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014 ([23])	Flokkar fjármálagerninga	Flokkar fjármálagerninga	6. mgr. 14. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Innmiðlari í Evrópusambandinu	Innmiðlari í Evrópusambandinu	Önnur undirgrein 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Tilvísunargögn fyrir fjármálagerninga	Tilvísunargögn fyrir fjármálagerninga	1. mgr. 27. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Flokkar afleiðna sem falla undir viðskiptaskylduna	Flokkar afleiðna sem falla undir viðskiptaskylduna	34. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Viðskiptavettvangar	Vettvangar þar sem afleiður sem falla undir viðskiptaskyldu eru teknar til viðskipta eða viðskipti eru með þær, þ.m.t. gildistökudagsetning viðskiptaskyldunnar	34. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Tímabundin íhlutun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunar innar	Tilkynning um ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunar innar um tímabundna íhlutun	5. mgr. 40. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Afurðaíhlutun lögbærra yfirvalda	Tilkynning um ákvörðun lögbærra yfirvalda um afurðaíhlutun	5. mgr. 42. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Samantekt landsbundinna stöðu-stjórnunarráðstafana og stöðutak-markana	Samantekt landsbundinna ráð-stafana til minnkunar á stöðu eða stærð áhættuskuldbindingar og til að takmarka möguleikann á að gera samninga um hrávöruafleiður	2. mgr. 44. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Takmarkanir á að gera samning um hrávöruafleiðu	Takmarkanir á að gera samning um hrávöruafleiðu	6. mgr. 45. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 600/2014	Fyrirtæki í þriðja landi	Skrá yfir fyrirtæki í þriðju löndum sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu	48. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 ([24])	Lykilupplýsingaskjal	Lykilupplýsingaskjal	1. mgr. 5. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 1286/2014	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr.
Reglugerð (ESB) nr. 1286/2014	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Ákvörðun um að beita stjórnsýsluviðurlögum og ráðstöfun sem ekki er unnt að áfrýja vegna brota sem um getur í 1. mgr. 24. gr.	1. mgr. 29. gr.
Reglugerð (ESB) 2015/760 ([25])	Evrópskur langtímafjárfestingar-sjóður	Evrópskur langtímafjárfestingar-sjóður þ.m.t. auðkenningargögn	Önnur undirgrein 3. mgr. 3. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011 ([26])	Birting upplýsinga um hags-munaárekstra	Birting upplýsinga um hags-munaárekstra	5. mgr. 4. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Viðmiðunarreglur um inntaksgögn	Viðmiðunarreglur um tegundir inntaksgagna, forgangsröð við notkun mismunandi inntaksgagna og beitingu sérfræðiálits, til að tryggja að farið sé að a-lið og aðferðafræðinni	c-liður 1. mgr. 11. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Fyrirkomulag fyrir takmarkað magn eða gæði inntaksgagna	Fyrirkomulag sem tilgreinir við hvaða aðstæður magn eða gæði inntaksgagna uppfyllir ekki nauðsynlegar kröfur og lýsir því hvort og hvernig reikna skal út viðmiðunina.	3. mgr. 12. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Upplýsingar um aðferðafræði viðmiðunar	Upplýsingar um aðferðafræði viðmiðunar	1. mgr. 13. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Samræmisyfirlýsing	Samræmisyfirlýsing stjórnanda mikilvægrar viðmiðunar	7. mgr. 25. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Samræmisyfirlýsing	Samræmisyfirlýsing stjórnanda viðmiðunar sem ekki er mikilvæg	3. mgr. 26. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Yfirlýsing um viðmiðun	Yfirlýsing um viðmiðun	1. mgr. 27. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Aðgerðir ef viðmiðun er breytt eða gerð hennar hætt	Málsmeðferð ef viðmiðun er breytt eða gerð hennar hætt	1. mgr. 28. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	1. mgr. 45. gr.
Reglugerð (ESB) 2016/1011	Stjórnandi viðmiðunar	Skrá yfir stjórnendur og viðmiðanir	36. gr.
Reglugerð (ESB) 2017/1131 ([27])	Peningamarkaðssjóður	Peningamarkaðssjóður, þ.m.t. tegund hans í samræmi við 1. mgr. 3. gr., hvort hann er skammtímasjóður eða hefðbundinn peningamarkaðssjóður, rekstraraðila peningamarkaðssjóðs og lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins	7. mgr. 4. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/1238 ([28])	Lykilupplýsingaskjal	Lykilupplýsingaskjal	1. mgr. 26. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/1238	Ákvörðun lögbærra yfirvalda um afurðaíhlutun	Tilkynning um ákvörðun lögbærra yfirvalda um afurðaíhlutun	4. mgr. 63. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/1238	Ákvörðun um afurðaíhlutun Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar	Ákvörðun um afurðaíhlutun Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar	6. mgr. 65. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/1238	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	Stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir	1. mgr. 69. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/1238	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga og -ráðstöfunar	Áfrýjun stjórnsýsluviðurlaga, þ.m.t niðurstaða áfrýjunarinnar	4. mgr. 69. gr.
Reglugerð (ESB) 2019/1238	Ógilding ákvörðunar	Dómsniðurstaða sem ógildir stjórnsýsluviðurlög og -ráðstöfun	4. mgr. 69. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2019/2033 ([29])	Markmið og stefnur við áhættustýringu verðbréfafyrirtækis	Markmið og stefnur við áhættustýringu verðbréfafyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2019/2033	Stjórnarhættir verðbréfafyrirtækis	Stjórnarhættir verðbréfafyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2019/2033	Eiginfjárgrunnur verðbréfa-fyrirtækis	Eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2019/2033	Hlíting krafna um eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækis	Hlíting krafna um eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2019/2033	Starfskjarastefna og -venjur verðbréfafyrirtækis	Starfskjarastefna og -venjur verðbréfafyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2019/2033	Fjárfestingarstefna verðbréfa-fyrirtækis	Fjárfestingarstefna verðbréfa-fyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2019/2033	Umhverfis-, félags- og stjórnun-aráhætta verðbréfafyrirtækis	Umhverfis-, félags- og stjórnunar-áhætta verðbréfafyrirtækis	Sjötti hluti
Reglugerð (ESB) 2023/1114 ([30])	Innherjaupplýsingar	Innherjaupplýsingar	1. mgr. 88. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Hvítbók um sýndareignir fyrir aðrar sýndareignir en rafeyristóka eða eignatengda tóka	Hvítbók um sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka, þ.m.t. allar breyttar útgáfur og úreltar útgáfur	2. mgr. 109. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Upplýsingar um útgefanda eignatengdra tóka	Upplýsingar um útgefanda eignatengdra tóka	a-, b- og d- til g-liður 3. mgr. 109. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Hvítbók um sýndareignir fyrir eignatengda tóka	Hvítbók um sýndareignir fyrir eignatengda tóka, þ.m.t. allar breyttar útgáfur og úreltar útgáfur	c-liður 3. mgr. 109. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Upplýsingar um útgefanda raf-eyristóka	Upplýsingar um útgefanda raf-eyristóka	a-, b-, d-, e- og f-liður 4. mgr. 109. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Hvítbók um sýndareignir fyrir rafeyristóka	Hvítbók um sýndareignir fyrir rafeyristóka, þ.m.t. allar breyttar útgáfur og úreltar útgáfur	c-liður 4. mgr. 109. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Upplýsingar um þjónustuveitanda sýndareigna	Upplýsingar um þjónustuveitanda sýndareigna	5. mgr. 109. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Ráðstöfun tilkynnt í samræmi við 6. mgr. 109. gr. MiCA-reglu-gerðarinnar	Ráðstöfun tilkynnt í samræmi við 6. mgr. 109. gr. MiCA-reglu-gerðarinnar	6. mgr. 109. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Aðili sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna en fer ekki að tilskildum kröfum	Aðilar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna en fara ekki að tilskildum kröfum, þ.m.t. firmaheiti eða vefsetur aðilans sem ekki uppfyllir kröfurnar, nafn lögbæra yfirvaldsins sem lagði fram upplýsingar og breytingar á aðstæðum eða allar upplýsingar sem Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin er gert vart um varðandi skráðan aðila sem fer ekki að tilskildum kröfum, ef við á	1. og 2. mgr. 110. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Brot á MiCA-reglugerðinni	Brot sem Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin tilgreinir að eigin frumkvæði	4. mgr. 110. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/1114	Þjónustuveitandi sýndareigna í þriðja landi sem ekki hefur heimild eða skráningu	Upplýsingar um aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna án nauðsynlegrar heimildar eða skráningar sem eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum leggja fram	4. mgr. 110. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631 ([31])	Upplýsingablað	Upplýsingablað	a-liður 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Endurskoðun fyrir útgáfu	Endurskoðun fyrir útgáfu	b-liður 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Úthlutunarskýrsla	Árlegar úthlutunarskýrslur	d-liður 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Endurskoðun eftir útgáfu	Endurskoðun eftir útgáfu	e-liður 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Áhrifaskýrsla	Áhrifaskýrsla	f-liður 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Valkvæð endurskoðun áhrifa-skýrslu	Valkvæð endurskoðun áhrifa-skýrslu	h-liður 1. mgr. 15. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Upplýsingagjöf fyrir útgáfu sjálfbærnitengdra skuldabréfa	Upplýsingagjöf fyrir útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær eða sjálfbærnitengd skuldabréf	20. gr.
Reglugerð (ESB) 2023/2631	Reglubundin birting upplýsinga eftir útgáfu sjálfbærnitengdra skuldabréfa	Reglubundin birting upplýsinga eftir útgáfu fyrir útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær eða sjálfbærnitengd skuldabréf	21. gr.

Tilskipun eða reglugerð	Tegund upplýsinga	Lýsing	Grein
Reglugerð (ESB) 2023/2859	Annað	Aðrar tegundir upplýsinga sem eru gerðar opinberar samkvæmt frekari lagalega bindandi gerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan rafrænan aðgang að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað	a-liður 1. mgr. 1. gr.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2004/25/oj).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (Stjtíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2007/36/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/596/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/2088/oj).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2365/oj).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/87/oj).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/43/oj).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/65/oj).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2011/61/oj).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/59/oj).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu vátrygginga (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2016/97/oj).

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2016/2341/oj).

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2019/2034/oj).

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjtíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2019/2162/oj).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1060/oj).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/345/oj).

(20) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/346/oj).

(21) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur fyrir lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj).

(22) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/537/oj).

(23) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/600/oj).

(24) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/1286/oj).

(25) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/760/oj).

(26) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/1011/oj).

(27) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/1131/oj).

(28) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (Stjtíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1238/oj).

(29) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/2033/oj).

(30) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).

(31) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

Tafla 2

Stærðarflokkar

Tilskipun eða reglugerð	Viðmiðanir	Flokkur eftir stærð
Reglugerð (ESB) 2017/1129	f-liður 2. gr.	„Lítið og meðalstórt fyrirtæki“ ef það uppfyllir viðmiðun
		„Stórt“ ef það uppfyllir ekki viðmiðun
Reglugerð (ESB) 2019/2033	1. mgr. 12. gr.	„Lítið og ótengt“ ef það uppfyllir viðmiðun
		„Stórt“ ef það fer yfir viðmiðun
Tilskipun 2004/109/EB	Ákvæði 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Örfyrirtæki“
	Ákvæði 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Lítið fyrirtæki“
	Ákvæði 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Meðalstórt fyrirtæki“
	Ákvæði 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Stórt fyrirtæki“
	Ákvæði 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Lítil samstæða“
	Ákvæði 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Meðalstór samstæða“
	Ákvæði 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB	„Stór samstæða“

Tilskipun eða reglugerð	Viðmiðanir	Flokkur eftir stærð
Tilskipun 2013/34/ESB	1. mgr. 3. gr.	„Örfyrirtæki“
	2. mgr. 3. gr.	„Lítið fyrirtæki“
	3. mgr. 3. gr.	„Meðalstórt fyrirtæki“
	4. mgr. 3. gr.	„Stórt fyrirtæki“
	5. mgr. 3. gr.	„Lítil samstæða“
	6. mgr. 3. gr.	„Meðalstór samstæða“
	7. mgr. 3. gr.	„Stór samstæða“
Reglugerð (ESB) 575/2013	1. mgr. 4. gr.	„Lítil og einföld stofnun“ ef viðmiðun í 145. lið er uppfyllt
		„Stór stofnun“ ef viðmiðun í 146. lið er uppfyllt
		„Stórt dótturfélag“ ef viðmiðun í 147. lið er uppfyllt
Tilskipun 2014/65/ESB	13. mgr. 4. gr.	„Lítið og meðalstórt fyrirtæki“ ef það uppfyllir viðmiðun
		„Stórt“ ef það fer yfir viðmiðun
Tilskipun 2014/59/ESB	107. liður 1. mgr. 2. gr.	„Örfyrirtæki, lítið og meðalstórt“ ef það uppfyllir viðmiðanir í 1. mgr. 2. gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([1])
	107. liður 1. mgr. 2. gr.	„Stórt“ ef það fer yfir viðmiðun í 1. mgr. 2. gr. viðaukans við tilmæli 2003/361/EB
Tilskipun (ESB) 2016/2341	5. gr.	„Lítið“ ef það uppfyllir viðmiðanir
		„Stórt“ ef það fer yfir viðmiðun

([1]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (tilkynnt með númeri C(2003)1422) (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36, ELI: http://data.europa.eu/eli/reco/2003/361/oj).

Tafla 3

Flokkun tiltekinna aðila

Aðilar	Flokkur
Stjórnandi viðmiðana eins og skilgreindur er í 6. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011	Stjórnandi viðmiðana
Miðlægur mótaðili og aðrar tegundir mótaðila eins og skilgreindur er í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ([1])	Miðlægur mótaðili
Verðbréfamiðstöð eins og skilgreind er í 1. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ([2])	Verðbréfamiðstöð
Lánshæfismatsfyrirtæki eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009	Lánshæfismatsfyrirtæki
Lánastofnun með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB	Lánastofnun
verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB	Verðbréfafyrirtæki
Vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/138/EB	Vátryggingafélag
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða með starfsleyfi eða skráningu í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB	Rekstraraðili sérhæfðs sjóðs
Rekstrarfélag eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB	Rekstrarfélag
Stofnun um starfstengdan lífeyri eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341	Stofnun um starfstengdan lífeyri
Greiðslustofnanir eins og skilgreindar eru í 4. mgr. 4. gr. í tilskipun (ESB) 2015/2366 ([3])	Greiðslustofnanir
Endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/138/EB	Endurtrygging
Verðbréfasjóður (UCITS) með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB	Verðbréfasjóður
Veitendur mats fyrir umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti (ESG) eins og skilgreindir eru í 4. mgr. 3. gr. í reglugerð (ESB) 2024/3005 um gagnsæi og heildstæðni matsstarfsemi fyrir umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti (ESG) og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2019/2088 og (ESB) 2023/2859	Veitendur mats fyrir umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti (ESG)
Aðrir rekstraraðilar fjármálamarkaða þ.m.t. á sviði verðbréfamarkaða, hrávörumarkaða, fjártækni og innviða	Aðrir rekstraraðilar fjármálamarkaða

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/648/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/909/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1339 **2026/EES/55/02**

frá 10. júlí 2025

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 að því er varðar tiltekin verkefni söfnunaraðila (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni ([1]), einkum þriðju undirgrein 11. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mikilvægt er að tryggja að söfnunaraðilar geri upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað (ESAP) með samræmdum hætti og nýti sér, að því marki sem unnt er, fyrirliggjandi verklagsreglur og innviði gagnasöfnunar á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.

2) Þar sem markmið tæknilegra sjálfvirkra staðfestinga, sem krafist er með c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, er að tryggja samræmd gæði upplýsinga á einum evrópskum aðgangsstað, ættu söfnunaraðilar að framkvæma þessar tæknilega sjálfvirku staðfestingar á samræmdan hátt, með hliðsjón af a-lið 10. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859. Einkum er mikilvægt að aðilar sem leggja fram upplýsingar fái tilkynningu um höfnun tímanlega. Því ætti að fastsetja hámarksfrest fyrir söfnunaraðila að gera sitt besta til að tilkynna aðilum um höfnun á upplýsingum. Við sérstakar aðstæður, þ.m.t. stórslys og villur, vísvitandi árásir og náttúruatburði, ættu söfnunaraðilar að hafa heimild til að senda aðilum tilkynningar eftir þennan hámarksfrest.

3) Í samræmi við 9. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, geta aðildarríki heimilað söfnunaraðilum að krefjast fullgilds rafræns innsiglis til að tryggja viðeigandi stig sannvottaðs uppruna, heilleika og óhrekjanleika upplýsinga sem lagðar voru fram á einum evrópskum aðgangsstað. Til að greiða fyrir samvirkni yfir landamæri á fullgildum rafrænum innsiglum sem fylgja upplýsingum sem lagðar erum fram á einum evrópskum aðgangsstað, ættu innsiglin sem söfnunaraðili krefst að vera í samræmi við forskriftirnar sem settar eru fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1506 ([2]). Til að tryggja að fullgilt rafrænt innsigli haldist í gildi í langan tíma ætti það að vera á samkvæmnisstigi LT (langtíma) eða hærra. Til að styrkja enn frekar sannvottun þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram á einum evrópskum aðgangsstað ætti stafræna vottorðið sem innsiglinu fylgir að innihalda, ef það liggur fyrir, auðkenniskóða lögaðila sem auðkennir aðilann sem notar innsiglið þegar slíkt auðkenni samræmist ISO-staðli 17442. Slíkar upplýsingar kunna að vera fáanlegar í evrópskum stafrænum auðkennaveskjum, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1339, 11.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1506 frá 8. september 2015 um forskriftir fyrir snið útfærðra rafrænna undirskrifta og útfærðra innsigla sem opinberir aðilar skulu viðurkenna skv. 5. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 37, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2015/1506/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/910/oj).

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 ([4]) miðar að því að stuðla að notkun á stöðluðum opinberum leyfum sem eru aðgengileg á Netinu til endurnotkunar upplýsinga frá hinu opinbera. Í viðmiðunarreglum framkvæmdastjórnarinnar um ráðlögð stöðluð leyfi, gagnasöfn og gjaldtöku fyrir endurnotkun gagna ([5]) eru Creative Commons-leyfi („CC“), einkum nýjasta útgáfan (4.0), nefnd sem dæmi um ráðlögð stöðluð opinber leyfi. Creative Commons-leyfi eru þróuð af stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og þau hafa orðið leiðandi leyfisveitingalausn fyrir upplýsingar frá hinu opinbera, rannsóknarniðurstöður og menningarefni um allan heim. Því þykir rétt að vísa til Creative Commons-leyfis án höfundarréttar (CC0) vegna allra upplýsinga sem söfnunaraðili gerir aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað til að greiða fyrir notkun og endurnotkun á tiltækum upplýsingum, nema ef höfundarréttur og önnur tengd réttindi fylgja þeim. Til samræmis við það ætti að beita Creative Commons-leyfunum BY-NC-ND til að takmarka notkun upplýsinganna í viðskiptalegum tilgangi, með tilliti til tegundar upplýsinga sem falla undir höfundarrétt eða önnur tengd réttindi. Söfnunaraðilar geta notað leyfi sem jafngilda Creative Commons-pakkanum.

5) Til að upplýsingar sem söfnunaraðilar afla séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað í gegnum forritaskil ætti að skilgreina tiltekna þætti forritaskila. Þeir þættir ættu m.a. að vera aðferðin til gagnaskipta sem ætti að nota til að veita upplýsingar á einn evrópskan aðgangsstað, studd gagnasnið, tegund samskiptareglna sem forritaskilin byggjast á, aðgangsstýringin sem notuð er til að gera einum evrópskum aðgangsstað kleift að afla gagna frá tilnefndum söfnunaraðilum og hver ber ábyrgð á uppfærslu- eða breytingarferli á forritaskilum. Því ætti að tilkynna allar breytingar á forritaskilunum með góðum fyrirvara, ásamt skýrri tímalínu fyrir framkvæmdina.

6) Við hvers kyns vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við öflun upplýsinga til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, sem ábyrgðaraðili gagna á einum evrópskum aðgangsstað, og söfnunaraðilar að tryggja að farið sé að reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([6]) og (ESB) 2018/1725 ([7]).

7) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EU) 2023/2864 ([8]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2869 ([9]) eru tilgreind þeir þættir lýsigagna sem aðilar ættu að gera söfnunaraðilum aðgengileg þegar þeir leggja upplýsingar fram. Allir söfnunaraðilar ættu að gera slík lýsigögn aðgengileg á einum evrópskum aðgangsstað, svo að viðeigandi lýsigögn séu aðgengileg fyrir leitarvirkni á einum evrópskum aðgangsstað. Til að tryggja virkni eins evrópsks aðgangsstaðar gætu söfnunaraðilar einnig þurft að veita einum evrópskum aðgangsstað viðbótarlýsigögn af tæknilegum toga. Til að tryggja samleitni og auðvelda innleiðingu ætti að tilgreina einkenni allra lýsigagna sem lögð eru fram á einum evrópskum aðgangsstað.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 172, 26.6.2019, bls. 56, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2019/1024/oj).

([5]) Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar – Viðmiðunarreglur um ráðlögð stöðluð leyfi, gagnasöfn og gjaldtöku fyrir endurnotkun gagna (Stjtíð. ESB C 240, 24.7.2014, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2864 frá 13. desember 2023 um breytingu á ákveðnum tilskipunum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar (Stjtíð. ESB L, 2023/2864, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2023/2864/oj).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2869 frá 13. desember 2023 um breytingu á ákveðnum reglugerðum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar (Stjtíð. ESB L, 2023/2869, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2869/oj).

8) Gagnagrunnur Alþjóðlegrar auðkenningastofnunar lögaðila er alþjóðleg heimild á netinu fyrir hágæða, opin og stöðluð tilvísunargögn lögaðila sem Alþjóðleg auðkenningastofnun lögaðila hefur umsjón með. Til að tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður geti boðið upp á leitarvirkni sem byggist á viðmiðununum sem eru settar fram í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, án þess að skapa viðbótarbyrði fyrir aðila, ættu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) og söfnunaraðilar, eftir því sem kostur er, að geta fengið tiltekin lýsigögn úr gagnagrunni Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnunarinnar á grundvelli LEI-auðkennisins, sem um getur í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1338 ([10]), sem er þeim veitt. Þetta myndi draga úr byrði við skýrslugjöf, þar sem aðilar myndu gera lýsigögnin aðgengileg fyrir alþjóðlegu LEI-skrána og uppfæra þau aðeins þegar við á, frekar en að veita lýsigögnin í hvert sinn sem upplýsingar eru sendar til söfnunaraðila. Lýsigögnin innihalda nöfn aðilans sem lagði upplýsingarnar fram, nöfn lögaðilans sem upplýsingarnar varða og landið þar sem lögaðilinn sem upplýsingarnar varða er með skráða skrifstofu.

9) Í ákvæðum 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 er þess krafist að aðilar auðkenni og tilgreini að persónuupplýsingar séu hluti af upplýsingunum sem þeir leggja fram hjá söfnunaraðila. Tilgreining á að upplýsingar feli í sér persónuupplýsingar skal veitt einum evrópskum aðgangsstað með lýsigögnum sem fylgja framlögðum upplýsingum; Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að tryggja að slíkar upplýsingar séu ekki varðveittar eða gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað lengur en fimm ár, nema annað sé tilgreint í viðkomandi lögum Sambandsins.

10) Til að tryggja að upplýsingar séu notendum gagnlegar ættu þær að vera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað eins fljótt og auðið er. Því ætti fresturinn sem söfnunaraðilar hafa til að gera upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað að vera eins stuttur og hægt er og leitast við að takmarka töfina frá því að upplýsingar eru aðgengilegar almenningi og þar til þær eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni ætti upphaf frestsins ávallt að miðast við augnablikið þegar aðili hefur lagt upplýsingar fram hjá söfnunaraðila í þeim tilgangi að gera upplýsingarnar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og framlagning upplýsinganna hefur staðist tæknilegar sjálfvirkar staðfestingar. Þessi tímamörk ættu aðeins að gilda þegar tilgangurinn með því að leggja upplýsingar fram er að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Ef upplýsingar eru lagðar fram til söfnunaraðila í öðrum tilgangi, þ.m.t. til samþykkis á upplýsingunum, eða ef ekki er hægt að gera gögn aðgengileg almenningi fyrir tiltekinn tímapunkt í framtíðinni, ætti ekki að líta svo á að upplýsingarnar hafi verið lagðar fyrir söfnunaraðila til þess að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Tímamörkin ættu ekki að hafa áhrif á aðrar skuldbindingar sem kunna að eiga við um söfnunaraðila sem leiða af öðrum lagagerðum Sambandsins, þ.m.t. skyldu til að framkvæma frekari staðfestingu gagna eða skyldu til að gera upplýsingar aðgengilegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni innan annarra tímamarka en tilgreind eru í þessari reglugerð. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, þ.m.t. stórslys, villur, vísvitandi árásir og náttúruatburðir, ætti söfnunaraðilum að vera heimilt að veita upplýsingar eftir að tilgreindur tímafrestur er liðinn, að því tilskildu að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sé upplýst á viðeigandi hátt. Þar sem ekki er hægt að framkvæma þetta ferli á sjálfvirkan hátt að fullu ættu söfnunaraðilar ekki að þurfa að upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um slíkar aðstæður utan vinnutíma síns.

11) Í ljósi núverandi tæknilegra valkosta og sniða sem notuð eru til að undirbúa upplýsingarnar sem falla undir gildissvið eins evrópsks aðgangsstaðar, ættu söfnunaraðilar að samþykkja upplýsingar á HTML-, PDF- og txt-sniði sem gagnaútdraganlegar, svo framarlega sem hægt er að draga textann út úr þeim. Söfnunaraðilar ættu að samþykkja upplýsingar á XBRL-, XBRL-xml-, XBRL-csv- og XML- og Inline XBRL-sniði sem tölvulæsilegar þar sem hugbúnaðarforrit geta auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið út tilteknar upplýsingar sem þar eru. Þessi snið ættu að vera á viðmiðunarskrá yfir samþykkt snið, þar sem þau eru sniðin sem nú er krafist fyrir ramma utan um upplýsingagjöf sem falla undir gildissvið eins evrópsks aðgangsstaðar. Skráin er þó ekki takmarkandi og því ætti að samþykkja fleiri gagnaútdráttar- og tölvulesanleg snið fyrir upplýsingar sem falla undir gildissvið eins evrópsks aðgangsstaðar. Þar sem tölvulesanleg snið uppfylla einnig kröfur um gagnaútdráttarhæfni ætti einnig að samþykkja öll tölvulesanleg snið sem gagnaútdráttarsnið.

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1338 frá 10. júlí 2025 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 að því er varðar virkni eina evrópska aðgangsstaðarins (Stjtíð. ESB L, 2025/1338, 11.7.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1338/oj).

12) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

13) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdastöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([11]), hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([12]), og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([13]).

14) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og hún skilaði formlegum athugasemdum sínum 29. apríl 2025.

15) Með hliðsjón af 23. gr. a í tilskipun 2004/109/EB, 11. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([14]) og 21. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ([15]) ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda í síðasta lagi 10. júlí 2026.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tæknilegar sjálfvirkar staðfestingar

1. Ef sértæks tölvulesanlegs sniðs er krafist í einhverri gerðanna sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, skulu söfnunaraðilar sannreyna að upplýsingar sem hafa verið lagðar fram hjá þeim samkvæmt þeirri gerð samræmist tölvulesanlega sniðinu sem er tilgreint í gerðunum.

2. Ef sértæks tölvulesanlegs sniðs er ekki krafist í neinni gerðanna sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, skulu söfnunaraðilar sannreyna að upplýsingar sem hafa verið lagðar fram til þeirra:

a) séu lagðar fram á einu af sniðunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. eða á öðru gagnaútdráttarsniði sem krafist er samkvæmt bindandi lagagerð Sambandsins,

b) innihaldi texta sem vél getur dregið út.

3. Söfnunaraðilar skulu sannreyna:

a) að gögnin sem lögð eru fram séu fullnægjandi og samræmist þeirri forskrift lýsigagna sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð,

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1094/oj).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/236/oj).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/1129/oj).

b) að lýsigögnin séu í samræmi við önnur lýsigögn sem sami aðili hefur veitt með öðrum hætti,

c) að lýsigögnin sem sýna LEI-auðkenni aðila sem leggur fram gögn, ef viðkomandi aðili hefur veitt þau, samræmist forskriftunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/1338 á þeirri stundu sem upplýsingarnar eru lagðar fram hjá einum evrópskum aðgangsstað, og

d) að lýsigögnin sem sýna LEI-auðkenni aðila sem leggur fram gögn, ef aðili sem upplýsingarnar varða hefur veitt þau, samræmist forskriftunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/1338 daginn eða tímabilið sem upplýsingarnar varða.

4. Ef fullgilds rafræns innsiglis er krafist, í samræmi við 9. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, skulu söfnunaraðilar:

a) framkvæma staðfestingarnar sem eru settar fram í 1. mgr. 32. gr. reglugerð (ESB) nr. 910/2014, og

b) sannreyna að fullgilt rafrænt innsigli sem fylgir upplýsingum sem lagðar eru fram hjá þeim samræmist 2. gr. þessarar reglugerðar.

5. Söfnunaraðilar skulu hafna upplýsingum sem uppfylla engar af kröfunum sem settar eru fram í 1.–4. mgr.

6. Söfnunaraðilar skulu gera sitt besta til að veita aðilum, sem leggja fram upplýsingar, ítarupplýsingar um niðurstöður sjálfvirkra staðfestinga sem um getur í 1.–4. mgr. innan 60 mínútna eftir að þeir hafa móttekið upplýsingarnar.

7. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, þ.m.t. stórslys, villur, vísvitandi árásir og náttúruatburðir, mega söfnunaraðilar veita niðurstöður sjálfvirkra staðfestinga eftir að tímafresturinn sem settur eru fram í 6. mgr. er liðinn. Í slíku tilviki skulu söfnunaraðilar gera sitt besta til að veita aðilum sem leggja fram upplýsingar niðurstöður úr sjálfvirkum staðfestingum innan 60 mínútna frá lausn viðkomandi undantekningartilvika.

2. gr.

Einkenni fullgilds rafræns innsiglis

1. Ef aðildarríki krefst fullgilds rafræns innsiglis skal innsiglið sem fylgir upplýsingunum samræmast lista yfir tækniforskriftirnar sem settar eru fram í viðauka við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1506 og vera á samkvæmnisstigi LT (langtíma) eða hærra.

2. Ef aðili sem leggur fram upplýsingar er auðkenndur með LEI-auðkenni sem samræmist ISO-staðli 17442, skal fullgilt rafrænt innsigli vera byggt á fullgildu vottorði þar sem aðilinn sem leggur fram upplýsingar er auðkenndur með því LEI-auðkenni.

3. gr.

Opið staðlað leyfi

Notkun og endurnotkun á upplýsingum sem söfnunaraðilar gera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skulu lúta skilmálum Creative Commons-leyfis án höfundarréttar (CC0) eða jafngilds opins leyfis sem heimilar ótakmarkaða notkun og endurnotkun á gögnum. Það er með fyrirvara um upplýsingar sem falla undir gildissvið höfundarréttar og önnur tengd réttindi, en notkun og endurnotkun þeirra skal lúta skilmálum Creative Commons-leyfis BY-NC-ND eða jafngilds opins leyfis.

4. gr.

Einkenni forritaskila fyrir gagnaöflun

Forritaskil fyrir öflun gagna á einum evrópskum aðgangsstað frá söfnunaraðilum skulu:

a) gera söfnunaraðilum kleift að gera upplýsingar, meðfylgjandi lýsigögn fyrir upplýsingarnar og, ef þörf krefur, fullgilt rafrænt innsigli aðgengilegt á einum evrópskum aðgangsstað og fá endurgjöf um gögnin sem skipst er á,

b) styðja við sniðin fyrir upplýsingarnar sem eru tilgreind í 7. gr.,

c) styðja við sniðin fyrir lýsigögnin sem eru tilgreind í 5. gr.,

d) nota öruggar IP-samskiptareglur, þ.m.t. SFTP- eða HTTPS-samskiptareglur, til að skiptast á gögnum með flutningi á skrám,

e) heimila Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að innleiða verklagsreglur um aðgangsstýringu, og

f) taka inn allar breytingar eða uppfærslur sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin óskar eftir til að tryggja að farið sé að a- til e-lið.

5. gr.

Einkenni lýsigagna

1. Þegar söfnunaraðilar veita einum evrópskum aðgangsstað upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 skulu þeir gera viðeigandi meðfylgjandi lýsigögn aðgengileg á einum evrópskum aðgangsstað í samræmi við töfluna í viðauka við þessa reglugerð.

2. Söfnunaraðilar skulu veita lýsigögn á almennu sniði í samræmi við aðferðafræði ISO-staðals 20022. Ef upplýsingarnar eru undirbúnar á tölvulesanlegu sniði, samkvæmt einhverri af þeim lagagerðum Sambandsins sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, skulu söfnunarliðar tryggja að lýsigögn fyrir upplýsingarnar séu veitt annaðhvort í samræmi við aðferðafræði ISO-staðals 20022 eða á sama sniði og upplýsingarnar.

6. gr.

Tímamörk fyrir söfnunaraðila

1. Með fyrirvara um aðrar lagaskyldur sem leiða af lagagerðum Sambandsins skulu söfnunaraðilar veita einum evrópskum aðgangsstað upplýsingar, lýsigögn fyrir upplýsingarnar og, ef þörf krefur, fullgilt rafrænt innsigli eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 60 mínútum eftir að upplýsingarnar hafa verið sendar til söfnunaraðila til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og framlagning upplýsinganna hefur staðist tæknilegu sjálfvirku staðfestingarnar sem um getur í 1. gr.

2. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, þ.m.t. stórslys, villur, vísvitandi árásir og náttúruatburðir, mega söfnunaraðilar að veita viðkomandi upplýsingar eftir að tilgreindur tímafrestur, sem sett eru fram í 1. mgr., er liðinn. Í slíku tilviki skulu söfnunaraðilar upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina á vinnutíma eins fljótt og auðið er og gera sitt besta til að veita upplýsingarnar innan 60 mínútna frá lausn viðkomandi undantekningartilvika.

7. gr.

Viðmiðunarskrá og einkenni viðunandi gagnasniða

1. HTML-, PDF- og txt-snið skulu teljast vera gagnaútdráttarsnið, ef sniðin gera vél kleift að draga texta út og þau eru læsileg mönnum.

2. XML-, XBRL-, XBRL-csv-, XBRL-xml- og Inline XBRL-snið skulu teljast vera tölvulesanleg snið, ef sniðin eru uppbyggð á þann hátt að hugbúnaðarforrit geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið út sértæk gögn, þ.m.t. einstakar upplýsingar og innra skipulag þeirra.

8. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. júlí 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Tafla

Lýsigögn

Númer	Reitur	Snið
Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar sé áfram örugg fyrir neytendur - gildandi hámarksgildi leyfa fyrir alifuglavefi tryggja öryggi neytenda án þess að biðtími til afurðarnýtingar sé nauðsynlegur - og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að báðar samsetningar blöndunnar skapi áhættu við innöndun og séu ekki ertandi fyrir húð. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi enn fremur að samsetningin með hveitiklíði sé ekki húðnæmir, en sé ertandi fyrir augu og samsetningin með kalsíumkarbónati eigi að teljast húð- og öndunarfæranæmir, en að ekki væri unnt að komast að niðurstöðu um augnertingarmátt hennar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að blandan sé áhrifarík við að verjast hnislasótt við gildi sem nemur 100 mg mónensínnatríum/kg heilfóðurs fyrir eldiskjúklinga og 60 mg mónensínnatríum/kg heilfóðurs fyrir eldiskalkúna. Matvælaöryggisstofnunin rýmkaði þessar niðurstöður þannig að þær geti átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Hún tók fram að vísbendingar séu um að *Eimeria* spp. þrói þol gegn mónensínnatríumi og taldi að þörf sé á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram, sem leiddi af breytingu á skilyrðum fyrir fyrra leyfinu eða viðbótum við þau.

7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir báðum formum blöndunnar til notkunar fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna og fyrir forminu með kalsíumkarbónati til notkunar fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Auk þess ætti að leyfa þessa blöndu til nýrrar notkunar sem sótt var um, þ.e. fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (formið með hveitiklíði) og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (bæði formin). Rétt þykir að kveða á um áætlun um vöktun að lokinni setningu á markað, sem hefst fimm árum eftir gildistöku þessarar framkvæmdarreglugerðar, til að rekja og skjalfesta allar vísbendingar um þol gegn mónensínnatríumi sem leiðir af notkun blöndunnar. Að lokum telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

8) Af endurnýjun leyfis fyrir báðum formum blöndunnar til notkunar fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna og fyrir forminu með kalsíumkarbónati til notkunar fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 109/2007 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 140/2012 úr gildi.

9) Þar eð er ekki gerð krafa, af öryggisástæðum, um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir báðum formum blöndunnar til notkunar fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna og forminu með kalsíumkarbónati til notkunar fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni með mónensínnatríumi (Coxidin) í báðum formum með hveitiklíði eða með kalsíumkarbónati, sem tilheyrir aukefnaflokknum hnislalyf og vefsvipungalyf og er tilgreind í viðaukanum, til notkunar fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, sem og leyfið fyrir blöndunni með mónensínnatríumi (Coxidin) í forminu með kalsíumkarbónati til notkunar fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eru endurnýjuð með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum hnislalyf og vefsvipungalyf og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (form með hveitiklíði) og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (form með hveitiklíði eða kalsíumkarbónati) með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 109/2007 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 140/2012 eru felldar úr gildi.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið mónensínnatríum (Coxidin) (form með hveitiklíði eða kalsíumkarbónati), sem var leyft með reglugerð (EB) nr. 109/2007, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, sem og fóðuraukefnið mónensínnatríum (form með kalsíumkarbónati), sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 140/2012, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og sem eru framleidd og merkt fyrir 1. október 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi fyrirliggjandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna (form með hveitiklíði eða með kalsíumkarbónati), sem og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (form með kalsíumkarbónati), og eru framleidd og merkt fyrir 1. apríl 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Heiti aukefnis (Viðskipta-heiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
Flokkur: hníslalyf og vefsvipungalyf										
51701	Huvepharma N.V.	Mónensín natríum (Coxidin)	*Samsetning aukefnis* Blanda með mónensínnatríumi sem jafngildir virkni mónensíns ([1]): 23,7–26,2% Form með: — Hveitiklíði: eftir þörfum eða — Kalsíumkarbónati: eftir þörfum Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Mónensínnatríum (natríumsalt af fjöletra-mónókarboxýlsýru) sem samanstendur af: — Mónensín-A-natríum: natríum-(2-[5-etýltetrahýdró-5-[tetrahýdró-3-metýl-5-[tetrahýdró-6-hýdroxý-6-(hýdroxýmetýl)-3,5-dímetýl-2H-pýran-2-ýl]-2-fúrýl]-2-fúrýl]-9-hýdroxý-β-metoxý-α,γ,2,8-tetrametýl-1,6-díoxaspíró-[4.5]dekan-7-smjörsýra, $C_{36}H_{61}NaO_{11}$,	Eldiskjúk-lingar	—	100	120	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 3. Ekki má blanda mónensínnatríumi við önnur hníslalyf. 4. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt. Þetta fóður inniheldur jónabera: óráðlegt er að nota það samtímis tíamúlíni og fylgjast skal með hugsanlegum aukaverkunum þegar það er notað samhliða öðrum lyfjum“	1. apríl 2036	25 µg mónensín-natríum/kg af húð og fitu (blautvigt) 8 µg mónensín-natríum/kg af lifur, nýrum og vöðvum (blautvigt)
				Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	16 vikna	100	120			
				Eldiskalk-únar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis	16 vikna	60	100			

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Heiti aukefnis (Viðskipta-heiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			— Mónensín-B-natríum: natríum-4-(9-hýdroxý-2-(5'-hýdroxý-6-(hýdroxýmetýl)-3,5-dímetýltetrahýdró-2H-pýran-2-ýl)-2,3'-dímetýloktahýdró-[2,2'-bífúran]-5-ýl)-2,8-dímetýl-1,6-díoxaspíró[4.5]dekan-7-ýl)-3-metoxý-2-metýlpentanóat, $C_{35}H_{59}NaO_{11}$, — Mónensín-C-natríum: natríum-2-etýl-4-(2-(2-etýl-5'(6-hýdroxý-6-(hýdroxýmetýl)-3,5-dímetýltetrahýdró-2H-pýran-2-ýl)-3'-metýloktahýdró-[2,2'-bífúran]-5-ýl)-9-hýdroxý-2,8-dímetýl-1,6-díoxaspíró[4.5]dekan-7-ýl)-3-metoxýpentanóat, $C_{37}H_{63}NaO_{11}$. Úr „mónensínnatríum af tæknilegum gæðum" sem samanstendur af: — Mónensínnatríum sem jafngildir virkni mónensíns: 32–42%.					5. Leyfishafinn skal skipuleggja og framkvæma áætlun um vöktun á þoli *Eimeria* spp. gegn mónensínnatríumi að lokinni setningu á markað í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ([3]). Áætlunin um vöktun að lokinni setningu á markað skal, frá og með 1. apríl 2031, innihalda vöktun á staðnum á þoli *Eimeria* gegn mónensínnatríumi í öllu Evrópusambandinu og skimanir í glasi eða næmisprófanir fyrir hnislalyfjum á stökum stofnum *Eimeria* sem safnað er úr ólíkum kjúklingabúum um allt Evrópusambandið þar sem vísbendingar um þol hafa fundist. Hún skal einnig innihalda, eigi síðar en frá og með 1. apríl 2033, næmisprófanir fyrir hnislalyfjum (blandaðar sýkingar) hjá kjúklingum og kalkúnum sem ná yfir vítt svið af stofnum Eimeria sem koma frá stöðum í Evrópusambandinu þar sem vísbendingar um þol hafa fundist og framkvæmdar með samræmdum hætti í öllu Evrópusambandinu.		

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Heiti aukefnis (Viðskipta-heiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			— Perlít: 15–20%. — Þurrkað þrotið (e. *exhausted*) gerjunarhvarfefni: 38–53%. CAS-númer: 22373-78-0, Framleitt með gerjun með *Streptomyces* sp. LMG S-19095. Samsetning þátta: — Mónensín A: ≥ 90% — Mónensín A + B: ≥ 95% — Mónensín C: 0,2–0,3% *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða mónensínnatríum í fóður-aukefninu: háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæli-greiningu (HPLC-PCD-UV-Vis). Til að ákvarða mónensínnatríum í for-blöndum: háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og ljós-mæligreiningu (HPLC-PCD-UV-Vis) – EN ISO 14183.					6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og augnvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum og einnig persónuhlífar, s.s. húðvörn, við notkun á forminu með kalsíumkarbónati.		

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Heiti aukefnis (Viðskipta-heiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			Til að ákvarða mónensínnatríum í fóðurblöndunni: — Háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (HPLC-PCD-UV-Vis) – EN ISO 14183 eða — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)– EN 17299. Til að ákvarða mónensínnatríum í vef: háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (HPLC-MS/MS).							

([1]) Styrkur mónensínnatríums er gefinn upp sem virkni mónensíns sem nær yfir hlutfallslegan líffræðilegan styrk með tilliti til virkni mónensíns hjá ólíkum afbrigðum mónensíns.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/534 **2026/EES/55/12**

frá 11. mars 2026

um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé og geitur, önnur en til mjólkurframleiðslu, og fyrir dýr á beit af úlfaldaætt, hjartardýr, dýr af hestaætt, svínategundir og kanínur (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er SynTech Regulatory Europe GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir öll beitardýr og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1723 ([2]) var blanda með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 leyfð sem fóðuraukefni fyrir dýr á beit til mjólkurframleiðslu af nautgripakyni, sauðfé og geitur þar eð Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gat ekki, vegna skorts á gögnum, komist að niðurstöðu um öryggi aukefnisins fyrir aðrar tegundir og flokka dýra á beit í álitum sínum frá 2. júlí 2020 ([3]) og 14. nóvember 2023 ([4]).

5) Þess vegna er eingöngu eftir að fjalla um notkun blöndunnar sem fóðuraukefni fyrir öll dýr á beit, önnur en beitardýr af nautgripaætt, sauðfé og geitur til mjólkurframleiðslu, í þeirri umsókn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/534, 12.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1723 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé og geitur til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans er GAB Consulting GmbH) (Stjtíð. ESB L, 2024/1723, 21.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1723/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2020 18(7), 6208, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020.6208.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2023 21, e8465, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8465.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 2. júlí 2020 og 20. mars 2025 ([5]) að við tillögð notkunarskilyrði sé blanda með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 örugg fyrir öll dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé, geitur, kanínur, hesta, hjartardýr, kameldýr og svínategundir sem og fyrir neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin taldi að blandan með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 væri ekki ertandi fyrir húð og augu en væri ertandi fyrir öndunarveg og öndunarfæranæmir en ekki var hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingarmátt hennar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að blandan með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 gæti fækkað sníkjuþráðormum á beitilandi fyrir dýr á beit ef hún er notuð við tillagt notkunarmagn sem nemur 3×10^4 dvalgróa/kg líkamsþyngdar á dag. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Hinn 18. júní 2025 dró umsækjandinn umsóknina til baka um leyfi fyrir blöndunni fyrir öll dýr á beit önnur en nautgripi, sauðfé, geitur, kameldýr, hjartardýr, hesta, svín og kanínur.

8) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar fyrir dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé og geitur önnur en til mjólkurframleiðslu og fyrir dýr á beit af úlfaldaætt, tegundum hjartardýra, hesta, svínategundum og kanínur. Að teknu tilliti til niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar um öryggi blöndunnar með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 fyrir hesta á beit og með tilliti til þess að yfirfæra má gögn milli tegunda sem eru lífeðlisfræðilega líkar ([6]) telur framkvæmdastjórnin að rýmka ætti leyfið fyrir þeirri blöndu svo það nái yfir hesta á beit. Auk þess þykir rétt, til hagræðingar og vegna eftirlits, að gefa upp skömmtun fyrir blönduna á hvert kíló heilfóðurs og að kveða á um að aukefnið verði notað eingöngu í fóður fyrir dýr á beit. Að lokum telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2025 23, e9366, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9366.

([6]) Eins og sett er fram í leiðbeiningum fyrir mat á öryggi fóðuraukefna fyrir marktegundir. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(10), 5021, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.5021.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Fjöldi dvalgróa/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (fækkun smitandi þráðormalirfa á beitilandi)									
4d27	International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi er SynTech Regulatory Europe GmbH	*Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem inniheldur að lágmarki 5×10^5 dvalgróa/g aukefnis. Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg dvalgró af *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 *Greiningaraðferðir* (1) Til að sanngreina *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336: Aðferðir sem byggjast á DNA-greiningu. Ákvörðun á heildarfjölda lífvænlegra dvalgróa af *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: aðferð þar sem notaður er gersveppamannitólagar (YMA) með streptómýsíni og klóramfenikóli og líklegasti fjöldi til ákvörðunar á heildarfjölda.	Kýr til undaneldis og naut Kýr til undaneldis og naut af aukategundum nautgripa	-	$8{,}5 \times 10^5$	$8{,}5 \times 10^6$	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal eingöngu nota í fóður fyrir beitardýr. 3. Aukefnið skal notað við lágmarksskammt sem nemur 3×10^4 dvalgróa/kg líkamsþyngdar á dag. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	1. apríl 2036
				Eldisnautgripir Sauðfé, annað en mjólkurær Geitur, aðrar en mjólkurhuðnur Dýr af úlfaldaætt Hjartardýr Dýr af hestaætt	-	$1{,}3 \times 10^6$	$2{,}6 \times 10^6$		
				Kálfar af nautgripategundum	-	$1{,}4 \times 10^6$	$3{,}0 \times 10^6$		
				Spenagrísir af svínategundum	-	$6{,}0 \times 10^5$	$1{,}2 \times 10^6$		
				Svínategundir til eldis	-	$7{,}2 \times 10^5$	$1{,}4 \times 10^6$		
				Gyltur af svínategundum	-	$8{,}8 \times 10^5$	$1{,}7 \times 10^6$		
				Kanínur	-	$5{,}3 \times 10^5$	$1{,}1 \times 10^6$		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/538 **2026/EES/55/13**

frá 11. mars 2026

um leyfi fyrir xantangúmmíi sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en ketti, hunda og lagartegundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Xantangúmmí var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í hópnum „ýruefni og stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni“. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á xantangúmmíi sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virku hópana „stöðgarar“ og „þykkingarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í bréfi dagsettu 27. janúar 2023 dró umsækjandinn umsókn sína um endurmat til baka að því er varðar notkun á xantangúmmíi fyrir ketti og lagartegundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. maí 2025 ([3]), sem er endurskoðun á áliti hennar frá 24. júní 2021 ([4]), að xantangúmmí sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 sé öruggt fyrir allar dýrategundir, aðrar en ketti og lagartegundir, við tiltekið hámarksnotkunarmagn eftir því hvaða marktegundir um ræðir, og sé öruggt fyrir neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að xantangúmmí sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 sé ekki ertandi fyrir húð og sé ekki húðnæmir en hún gat ekki komist að niðurstöðu um augnertingarmátt þess. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að xantangúmmí sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 sé áhrifaríkur stöðgari og þykkingarefni í fóðri við tillögð skilyrði fyrir notkun. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/538, 12.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23(6), e9466, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9466.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(7), 6710, 13 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6710.

5) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum kost á, að beiðni hans, að leggja fram viðbótargögn varðandi öryggi notkunar á xantangúmmíi sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 fyrir hunda við hámarksmagn sem er hærra en magnið sem sett er fram í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 6. maí 2025. Notkun á xantangúmmíi sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 sem fóðuraukefni fyrir hunda verður því með fyrirvara um nýtt álit frá Matvælaöryggisstofnuninni sem byggist á viðbótargögnum sem berast og verða tekin til athugunar í ljósi samþykktar á aðskilinni ráðstöfun varðandi leyfi fyrir því.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að xantangúmmí sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins fyrir allar dýrategundir aðrar en ketti, hunda og lagartegundir. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „stöðgarar“ og „þykkingarefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið xantangúmmí, sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir allar dýrategundir aðrar en ketti, hunda og lagartegundir og sem eru framleidd og merkt fyrir 1. október 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir allar dýrategundir aðrar en ketti, hunda og lagartegundir og eru framleidd og merkt fyrir 1. apríl 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir allar dýrategundir aðrar en ketti, hunda og lagartegundir og eru framleidd og merkt fyrir 1. apríl 2028 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: stöðgarar								
1d415	Xantangúmmí	*Samsetning aukefnis* Xantangúmmí sem natríum-, kalíum- eða kalsíumsalt. Fast form Hreinleiki: Tap við þurrkun: ≤ 15% (105 °C, 2,5 klst.) Heildarmagn ösku: ≤ 16% miðað við vatnsfrítt form ákvarðað við 650 °C eftir þurrkun við 105 °C í fjórar klukkustundir Pýruþrúgusýra ≥ 1,5% Köfnunarefni ≤ 1,5% Etanól og própan-2-ól ≤ 500 mg/kg eitt og sér eða í samsetningu *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Xantangúmmí (fjölsykrugúmmí með mikla mólþyngd sem inniheldur D-glúkósa og D-mannósa sem ráðandi hexósaeiningar, ásamt D-glúkúrónsýru og pýruþrúgusýru) sem er framleitt með *Xanthomonas campestris* ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23.	Eldiskalkúnar	—	—	75	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	1. apríl 2036
			Eldiskjúklingar eða kjúklingar sem eru aldir til varps eða til undaneldis Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis Skrautfuglar	—	—	56		
			Alifuglar til varps eða undaneldis	—	—	83		
			Spenagrísir af svínategundum	—	—	100		
			Svínategundir til eldis	—	—	120		
			Gyltur af svínategundum	—	—	146		
			Eldiskálfar (staðgöngumjólk)	—	—	233		
			Sauðfé og geitur Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til eldis eða sem eru alin til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis	—	—	220		
			Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis	—	—	143		

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Xantangúmmí gefur sem þurrefni ekki minna en 4,2% og ekki meira en 5% af CO_2 sem svarar til á milli 91% til 108% xantangúmmís CAS-nr.: 11138-66-2 *Greiningaraðferð* (1) Til að greina eiginleika xantangúmmís (fóðuraukefni): — Lýsing efnis frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, „Xantangúmmí“, eins og um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 (2)	Dýr af hestaætt	—	—	220		
			Dýr af héraætt	—	—	88		
			Aðrar tegundir (að undanskildum köttum, hundum og tegundum lagardýra)	—	—	56		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/231/oj).

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: þykkingarefni								
1d415	Xantangúmmí	*Samsetning aukefnis* Xantangúmmí sem natríum-, kalíum- eða kalsíumsalt. Fast form Hreinleiki: Tap við þurrkun: ≤ 15% (105 °C, 2,5 klst.) Heildarmagn ösku: ≤ 16% miðað við vatnsfrítt form ákvarðað við 650 °C eftir þurrkun við 105 °C í fjórar klukkustundir Pýruþrúgusýra ≥ 1,5% Köfnunarefni ≤ 1,5% Etanól og própan-2-ól ≤ 500 mg/kg eitt og sér eða í samsetningu *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Xantangúmmí (fjölsykrugúmmí með mikla mólþyngd sem inniheldur D-glúkósa og D-mannósa sem ráðandi hexósaeiningar, ásamt D-glúkúrónsýru og pýruþrúgusýru) sem er framleitt með Xanthomonas campestris ATCC SD 7012 eða DSM 23730 eða CNCM I-4861 eða CIP 74.23.	Eldiskalkúnar	—	—	75	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	1. apríl 2036
			Eldiskjúklingar eða kjúklingar sem eru aldir til varps eða til undaneldis Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis Skrautfuglar	—	—	56		
			Alifuglar til varps eða undaneldis	—	—	83		
			Spenagrísir af svínategundum	—	—	100		
			Svínategundir til eldis	—	—	120		
			Gyltur af svínategundum	—	—	146		
			Eldiskálfar (staðgöngumjólk)	—	—	233		
			Sauðfé og geitur Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til eldis eða sem eru alin til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis	—	—	220		
			Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis	—	—	143		

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Xantangúmmí gefur sem þurrefni ekki minna en 4,2% og ekki meira en 5% af CO_2 sem svarar til á milli 91% til 108% xantangúmmís CAS-nr.: 11138-66-2 *Greiningaraðferð* (1) Til að greina eiginleika xantangúmmís (fóðuraukefni): — Lýsing efnis frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, „Xantangúmmí“, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 231/2012	Dýr af hestaætt	—	—	220		
			Dýr af héraætt	—	—	88		
			Aðrar tegundir (að undanskildum köttum, hundum og tegundum lagardýra)	—	—	56		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/540 **2026/EES/55/14**

frá 11. mars 2026

um leyfi fyrir arabísku gúmmíi sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Arabískt gúmmí var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í flokknum „ýruefni og stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni“. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á arabísku gúmmíi sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virku hópana „ýruefni“ og „stöðgarar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Umsækjandinn dró umsóknina til baka fyrir virku hópana „þykkingarefni“ og „hleypiefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. júní 2025 ([3]), sem er endurskoðun á áliti hennar frá 17. september 2022 ([4]), að við tillögð notkunarskilyrði sé arabískt gúmmí öruggt fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að arabískt gúmmí sé hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir og að öll váhrif um húð eða við innöndun séu talin áhætta. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að arabískt gúmmí sé áhrifaríkt sem ýruefni og í stöðgandi ýrulausnum með tímanum, sem myndi styðja verkun þess sem stöðgari. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að arabískt gúmmí uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/540, 12.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 23 (7), e9542, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9542.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20 (4), 7252, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7252.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „ýruefni“ og „stöðgarar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið arabískt gúmmí, sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 1. október 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 1. apríl 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 1. apríl 2028 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 1. apríl 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: ýruefni								
1c414	Arabískt gúmmí	*Samsetning aukefnis* Arabískt gúmmí Fast form Hreinleiki: Tap við þurrkun: ≤ 10% Heildarmagn ösku: ≤ 4% Efni, óleysanlegt í sýru: ≤ 1% Aska sem er óleysanleg í sýru: ≤ 0,5% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Arabískt gúmmí er þurrkaður safi sem seytlar úr stofnum og greinum stofna senegalakasíu, *Acacia senegal* (L.) Willdenow eða náskyldum akasíutegundum (ætt *Leguminosae*). Það samanstendur af fjölsykrum sem hafa mikla mólþyngd, þar sem sykurkeðjan er búin til úr hlutlausum sykrum (galaktósa, arabínósa og ramnósa) og súrum sykrum (glúkúrónsýru). CAS-nr.: 9000-01-5	Eldiskalkúnar	-	-	375	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	1. apríl 2036
			Eldiskjúklingar eða kjúklingar sem eru aldir til varps eða til undaneldis Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis Skrautfuglar	-	-	278		
			Alifuglar til varps eða undaneldis	-	-	415		
			Svínategundir til eldis	-	-	600		
			Spenagrísir af svínategundum			500		
			Gyltur af svínategundum	-	-	729		
			Eldiskálfar (staðgöngumjólk)	-	-	1 164		
			Sauðfé Geitur	-	-	1 100		

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Greiningaraðferð (1) Til að greina eiginleika arabísks gúmmís (fóðuraukefni): — Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 0307 eða 0308 og — Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 (2) og samsvarandi prófanir í yfirliti Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum	Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til eldis eða sem eru alin til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis Dýr af hestaætt Kettir	-	-	1 100		
			Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis	-	-	715		
			Dýr af héraætt	-	-	440		
			Fiskar sem gefa af sér afurðir til manneldis			1 257		
			Hundar	-	-	1 320		
			Skrautfiskar			4 889		
			Aðrar dýrategundir	-	-	278		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/231/oj).

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: stöðgarar								
1c414	Arabískt gúmmí	*Samsetning aukefnis* Arabískt gúmmí Fast form Hreinleiki: Tap við þurrkun: ≤ 10% Heildarmagn ösku: ≤ 4% Efni, óleysanlegt í sýru: ≤ 1% Aska sem er óleysanleg í sýru: ≤ 0,5% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Arabískt gúmmí er þurrkaður safi sem seytlar úr stofnum og greinum stofna senegalakasíu, *Acacia senegal* (L.) Willdenow eða náskyldum akasíutegundum (ætt *Leguminosae*). Það samanstendur af fjölsykrum sem hafa mikla mólþyngd, þar sem sykurkeðjan er búin til úr hlutlausum sykrum (galaktósa, arabínósa og ramnósa) og súrum sykrum (glúkúrónsýru). CAS-nr.: 9000-01-5	Eldiskalkúnar	-	-	375	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	1. apríl 2036
			Eldiskjúklingar eða kjúklingar sem eru aldir til varps eða til undaneldis Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis Skrautfuglar	-	-	278		
			Alifuglar til varps eða undaneldis	-	-	415		
			Svínategundir til eldis	-	-	600		
			Spenagrísir af svínategundum			500		
			Gyltur af svínategundum	-	-	729		
			Eldiskálfar (staðgöngumjólk)	-	-	1 164		
			Sauðfé og geitur	-	-	1 100		

Kenninúmer aukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Greiningaraðferð (1) Til að greina eiginleika arabísks gúmmís (fóðuraukefni): — Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 0307 eða 0308 og — Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 og samsvarandi prófanir í yfirliti Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum	Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til eldis eða sem eru alin til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis Dýr af hestaætt Kettir	-	-	1 100		
			Jórturdýr (önnur en sauðfé og geitur) og dýr af úlfaldaætt til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis	-	-	715		
			Dýr af héraætt	-	-	440		
			Fiskar sem gefa af sér afurðir til manneldis			1 257		
			Hundar	-	-	1 320		
			Skrautfiskar			4 889		
			Aðrar dýrategundir	-	-	278		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/402 **2026/EES/55/15**

frá 24. febrúar 2026

um leyfi fyrir L-systíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* DSM 34232, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-systíni sem er framleitt með *Escherichia coli* DSM 34232. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-systíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* DSM 34232, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ og virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn. Auk þess dró umsækjandinn seinna til baka umsóknina um leyfið fyrir L-systíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* DSM 34232, í flokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“.

0840010 Lakkrís
0840030 Túrmerik/gullinrót
0840990 Annað (2)
0850000 Blómhnappakrydd
0850010 Negull
0850020 Kapers
0850990 Annað (2)
0860000 Frævukrydd
0860010 Saffran
0860990 Annað (2)
0870000 Frækápukrydd
0870010 Múskatblóm
0870990 Annað (2)
0900010 Sykurrófurætur
0900020 Sykurreyr

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um vinnslurannsóknir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 9. október 2026 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0211000 a) Kartöflur

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum og vöktunargögn. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 9. október 2026 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0300030 Ertur“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2501 **2026/EES/55/19**

frá 11. desember 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 að því er varðar notkun á tilteknum vörum og efnum við lífræna framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 9. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 7. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um tiltekin efni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við V. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1165 ([2]). Þessi málsskjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (EGTOP) og framkvæmdastjórninni.

2) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópnum um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu varðandi matvæli ([3]) ætti að leyfa prótín úr ertum og kartöflum til notkunar sem hjálparefni við vinnslu til fellingar á aldinsafa, ávaxtavínum og miði.

3) Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu hefur einnig hafið mat á efnum til hreinsunar og sótthreinsunar sem leyfa skal við lífræna framleiðslu skv. 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1165. Þó þarf lengri tíma fyrir matið en gert var ráð fyrir þegar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 var samþykkt. Vegna þess tíma sem sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu þarf til að ljúka við mat sitt og sem framkvæmdastjórnin þarf til að samþykkja skrárnar yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar með tilliti til matsins ætti VII. viðauki við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([4]) að gilda áfram til 31. desember 2027. Þau ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 sem vísa til skránna yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar ættu því einungis að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2028.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2501, 12.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1165 frá 15. júlí 2021 um að leyfa tilteknar vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu og koma á fót skrám yfir þau (Stjtíð. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1165/oj).

([3]) Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu, „Final report on Food (X) and (XI)“, 30. janúar 2025 og 14. október 2025, https://agriculture.ec.europa.eu/document/download/c4cef8da-34a4-48f7-9f5d-2c97f86f2a15_en?filename=egtop-report-food-x_en.pdf.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/889/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar málsgreinar 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði VII. viðauka skulu þó gilda áfram til 31. desember 2027 og IX. viðauki skal gilda áfram til 31. desember 2023.“

2) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í 1. mgr. 12. gr. kemur „31. desember 2027“.

3) Í stað þriðju málsgreinar 13. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2028.“

4) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslum er bætt við í A-hluta (Leyfð matvælaaukefni og hjálparefni við vinnslu sem um getur í a-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, þ.m.t. burðarefni og önnur efni sem eru notuð á sama hátt og í sama tilgangi og hjálparefni við vinnslu) V. viðauka á eftir færslunni „viðartrefjar“:

	„Ertuprótín		Notað til fellingar á aldinsafa og ávaxtavínum (vín úr aldinum, öðrum en þrúgum, þ.m.t. epla- og peruvín) og miði Úr lífrænni framleiðslu, ef aðgengilegt
	Kartöfluprótín		Notað til fellingar á aldinsafa og ávaxtavínum (vín úr aldinum, öðrum en þrúgum, þ.m.t. epla- og peruvín) og miði Úr lífrænni framleiðslu, ef aðgengilegt“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2651 2026/EES/55/20

frá 16. október 2025

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 að því er varðar tilteknar viðmiðanir við að koma á fót skránni yfir áhættusöm þriðju lönd og áhættusamar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum ii. lið b-liðar 7. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ([2]) er mælt fyrir um ákvæði sem varða eftirlit með rekstraraðilum í þriðju löndum sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, inna af hendi og komið á reglum um sannprófun á sendingum sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast.

2) Samkvæmt 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 skulu áhættusamar vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum skráðar í framkvæmdargerð, sem er samþykkt í samræmi við 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, á grundvelli vals sem fer fram eftir meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðslu þeirra.

3) Sem stendur má því einungis koma skránni yfir áhættusamar vörur á fót á grundvelli tilvika þar sem staðfest er að ekki var farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

4) Í 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er kveðið á um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að tryggja beitingu ráðstafana sem á að grípa til í tengslum við bæði tilvik þar sem staðfest er og þar sem grunur leikur á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.

5) Færa ætti tiltekna lífrænt ræktaða vöru eða vöru í aðlögun og þriðja upprunaland hennar í skrána yfir áhættusamar vörur ef meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki var farið að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/848 hafa tengst þessari vöru og eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili hefur staðfest að þessi tilvik eru tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi vörunnar. Í 3. mgr. 22 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir flokkun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

6) Mörg tilvik þar sem grunur leikur á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun verða aldrei staðfest. Ástæðan er sú að eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn sem innir af hendi rannsókn í viðkomandi þriðja landi eftir tilkynningu frá aðildarríki í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap getur ekki staðfest tilvikin vegna skorts á fullnægjandi upplýsingum um uppruna eða orsök mengunarinnar en grunurinn er engu að síður til staðar.

7) Því er rétt að áhættusamar vörur og þriðju löndin þar sem þær eru upprunnar ættu að vera skráð á grundvelli vals sem fer fram eftir bæði staðfest meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og tilvik þar sem grunur leikur á um slíkt sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðsluna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2651, 23.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1698/oj).

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698

Í stað 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Skrá yfir áhættusöm þriðju lönd og áhættusamar vörur

Áhættusamar vörur og þriðju löndin þar sem þær eru upprunnar skulu skráð ásamt því hlutfalli sendinga af þessum vörum sem skal falla undir sannprófun auðkenna, eftirlit með ástandi og sýnatöku af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 á grundvelli vals sem fer fram eftir meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, eða þar sem grunur leikur á um slíkt, sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðsluna.

Hlutföllin sem um getur í fyrstu málsgrein geta verið lægri en 100% og mega, fyrir sömu vöruna, vera mismunandi fyrir eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/758 **2026/EES/55/21**

frá 1. apríl 2026

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 að því er varðar að færa á skrá breytingu til að breyta samskiptaupplýsingum dreifingaraðila í skránni yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB ([1]), einkum 1. mgr. 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2021/17 ([2]) er komið á fót skrá yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/6.

2) Á grundvelli fenginnar reynslu ráðlagði samræmingarhópurinn um dýralyf framkvæmdastjórninni að breyta einni af færslunum í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/17 til að færa á skrá breytingu til að breyta samskiptaupplýsingum dreifingaraðila í skránni yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar

3) Framkvæmdastjórnin er sammála því að þessi tegund breytingar útheimti ekki mat þar eð slík breyting er stjórnsýslulegs eðlis og útheimtir ekki vísindalegt mat.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/758, 7.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/17 frá 8. janúar 2021 um að koma á fót skrá yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtíð ESB L 7, 11.1.2021, bls. 22, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/17/oj).

VIÐAUKI

Í stað a-liðar 10. færslu í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 „Breytingar á merkingunni eða fylgiseðlinum sem skulu ekki tengjast samantektinni á eiginleikum lyfsins:“ kemur eftirfarandi:

„a)	— stjórnsýsluupplýsingar sem varða fulltrúa leyfishafans eða dreifingaraðila (*)		

(*) Tilvísunin í breytingu á stjórnsýsluupplýsingum dreifingaraðila gildir eingöngu í þeim tilvikum þar sem lögbært yfirvald hefur heimilað, í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/6, að upplýsingarnar um dreifingaraðila séu færðar inn.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/577 **2026/EES/55/22**

frá 17. mars 2026

um að samþykkja 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) (EB-nr.: 233-539-7, CAS-nr.: 10222-01-2) fyrir vöruflokk 11.

2) 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) hefur verið metið fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 11 (varnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi) eins og flokknum er lýst í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]), sem samsvarar vöruflokki 11 (rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi) eins og flokknum er lýst í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Danmörk var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lögbært matsyfirvald Danmerkur lagði matsskýrslu ásamt niðurstöðum sínum fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) 8. mars 2024.

4) Í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 útbýr sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar að því er varðar umsóknir um samþykki fyrir virkum efnum. Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014, með hliðsjón af 1. og 4. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar 26. nóvember 2024 ([4]), með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt áliti Efnastofnunarinnar telst 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) hafa innkirtlatruflandi eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif á menn og uppfyllir því viðmiðunina fyrir útilokun sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og er það því einnig efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur telst 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) hafa innkirtlatruflandi eiginleika sem geta valdið skaðlegum áhrifum á lífverur utan markhóps og er því einnig efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/577, 18.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/528/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1 ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2014/1062/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1998/8/oj).

([4]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíði (DBNPA), vöruflokkur 11 (Opinion on the application for approval of the active substance 2,2-Dibromo-2-cyanoacetamide (DBNPA); Product-type: 11), ECHA/BPC/448/2024, samþykkt 26. nóvember 2024.

6) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að samþykkja virk efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir útilokun ef þau uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. og a.m.k. eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Frá 27. júní 2024 til 26. ágúst 2024 hafði Efnastofnunin samráð við þriðju aðila varðandi upplýsingar um hugsanlega fyrirliggjandi staðgöngukosti í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og til að safna upplýsingum um hvort skilyrðin sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar væru uppfyllt.

8) Í áliti sínu komst Efnastofnunin að þeirri niðurstöðu að gera megi ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 11 sem innihalda 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt. Auk þess komst Efnastofnunin að þeirri niðurstöðu að a.m.k. eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt fyrir tiltekna notkun.

9) Álit Efnastofnunarinnar og framlag til samráðsins við þriðju aðila voru rædd við fulltrúa aðildarríkja í fastanefndinni um sæfivörur. Einnig var óskað eftir því að fulltrúar aðildarríkja tilgreini hvort aðildarríki þeirra telji að minnst eitt þeirra skilyrða sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 yrði uppfyllt og að þau leggi fram rökstuðning fyrir þeirri afstöðu.

10) Greining á öllum gögnum sem aflað var úr umsókninni, samráði við almenning, áliti Efnastofnunarinnar ásamt sjónarmiðum aðildarríkjanna benda til þess að 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) sé sem stendur nauðsynlegt í öllum aðildarríkjum fyrir tiltekna notkun vegna þess að fullnægjandi og hentugir staðgöngukostir eru ekki fyrir hendi.

11) 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) er sem stendur nauðsynlegt fyrir skammtímarotvörn (rotvörn í allt að 14 daga) á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum af notendum í iðnaði eða í atvinnuskyni. 96 virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) til slíkrar notkunar: Þar á meðal eru oxarar ekki tæknilega samrýmanlegir við slíka notkun vegna mikilla ætingareiginleika þeirra og ósamrýmanleika við íblöndunarefni til vatnsmeðhöndlunar. Virk efni sem eru ekki oxarar eru annaðhvort of hægverkandi eða ósamrýmanleg við íblöndunarefni til vatnsmeðhöndlunar eða geta ekki veitt fullnægjandi verkun til úrbóta (e. *curative action*) eins og 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA). Þess vegna var ekki hægt að greina hentuga efnafræðilega staðgöngukosti fyrir notkun 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíðs (DBNPA) fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum.

12) 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) er sem stendur nauðsynlegt fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum af notendum í iðnaði eða í atvinnuskyni. Meðhöndlun opinna kælivatnskerfa er sérstakt áhyggjuefni vegna áhættunnar á útbreiðslu bakteríunnar *Legionella* spp. 96 virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) til slíkrar notkunar: Þar á meðal sýna oxarar meiri áhættu á ætingu og þeir eru ósamrýmanlegir við íblöndunarefni til vatnsmeðhöndlunar. Virk efni sem eru ekki oxarar draga ekki nógu hratt úr magni baktería, einkum til að komast hjá útbreiðslu *Legionella*. Þess vegna var ekki hægt að greina hentuga efnafræðilega staðgöngukosti fyrir notkun 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíðs (DBNPA) fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum.

13) Hægt er að nota aðrar aðferðir sem byggjast ekki á notkun íðefna (útfjólublá geislun, rafgreiningarmeðferð, púlsafl (e. *pulsed power*), mismunandi tegundir himnusíunar, efnasíun (e. *media filtration*), síun með virkum kolefnum, hitameðhöndlun, bólumyndun (e. *cavitation*), gammageislun) fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum og á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum sem blettameðhöndlun. Aðrar aðferðir sem byggjast ekki á notkun íðefna geta þó ekki náð fljótvirkandi eiginleikum 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíðs (DBNPA). Efnastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að viðurkenna ætti sem viðbót aðrar aðferðir sem byggjast ekki á notkun íðefna fyrir þá notkun sem var rannsökuð en ekki til að skipta 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíði (DBNPA) út að öllu leyti. Fulltrúar aðildarríkja í fastanefndinni um sæfivörur voru sammála þeirri niðurstöðu.

14) Greiningin á upplýsingunum sem var safnað sýnir að það að samþykkja ekki 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum myndi leiða til fjölgunar á tilvikum *Legionella* og hugsanlegum dauðsföllum ef hentugir staðgöngukostir fyrir 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) eru ekki fyrir hendi. Þar eð hermannaveiki telst vera alvarleg hætta fyrir heilbrigði manna er skilyrðið sem sett er fram í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 því uppfyllt fyrir þessa notkun á 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíði (DBNPA).

15) Auk þess hefði það að samþykkja ekki 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum og á vökvum sem eru notaðar í opnum kælivatnskerfum í för með sér skemmdir á búnaði, aukinn úrgang og aukna þörf fyrir hreinsun og viðgerðir. Þar eð hentugir staðgöngukostir fyrir 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) eru ekki fyrir hendi fyrir þessa notkun og með tilliti til þess að engar óviðunandi áhættur fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið hafa greinst vegna þeirrar notkunar sem var metin myndi það að samþykkja ekki 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 hafa óhófleg neikvæð áhrif á samfélagið samanborði við áhættur fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið sem hljótast af notkun efnisins fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum og til skammtímarotvarnar á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt varðandi þá notkun.

16) Þess vegna teljast skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 í tengslum við skilyrðin sem sett eru fram í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar fyrir notkun á 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíði (DBNPA) fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum og í c-lið fyrstu undirgreinar 2 mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar fyrir notkun á 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíði (DBNPA) til skammtímarotvarnar á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum og á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum uppfyllt.

17) Því er rétt að samþykkja 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11, með fyrirvara um samræmi við tiltekin skilyrði.

18) Þar eð 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) uppfyllir viðmiðunina um útilokun sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti samþykkið ekki að gilda lengur en í fimm ár eins og sett er fram í öðrum málslið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

19) Samkvæmt 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ætti mat á sæfivörum að innihalda mat á því hvort skilyrðin í b- eða c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar séu uppfyllt á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Kveða ætti á um að aðeins megi veita leyfi fyrir sæfivörum í vöruflokki 11 sem innihalda 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðin sem sett er fram í b- eða c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eru uppfyllt.

20) Þar eð einungis má leyfa sæfivörur í vöruflokki 11 sem innihalda 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) fyrir skammtímarotvörn á vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkælivatnskerfum og á vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum er ekki búist við að það geti verið til meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) og sem eru settar á markað í Sambandinu, sem geta tengst þessari tilteknu notkun. Þess vegna ætti ekki að leyfa setningu meðhöndlaðra vara á markað sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) fyrir vöruflokk 11.

21) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
2,2-díbrómó-2-sýanóa-setamíð (DBNPA)	IUPAC-heiti: 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð EB-nr.: 233-539-7 CAS-nr.: 10222-01-2	Lágmarkshreinleiki virka efnisins sem metið er: 98,0%	1. júlí 2027	30. júní 2032	11	2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum þar sem 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA) er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins, b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðin sem sett eru fram í b- eða c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 séu uppfyllt, c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðin sem sett eru fram í b- eða c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eru uppfyllt, d) einungis má leyfa vörur fyrir notendur í iðnaði eða í atvinnuskyni fyrir skammtímarotvörn (rotvörn í allt að 14 daga) á: i. vökvum sem eru notaðir í lokuðum hringrásarkæli-vatnskerfum, ii. vökvum sem eru notaðir í opnum kælivatnskerfum, e) í mati á vörum er hugað sérstaklega að þeim sem nota efnið í iðnaði eða í atvinnuskyni. Ekki er leyft að setja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA), á markað.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem boðin er fram á markaði má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/859 **2026/EES/55/23**

frá 20. apríl 2026

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi 2,4-dínítrótólúeni í hlutum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnið 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT), CAS-nr. 121-14-2, EB nr. 204-450-0 er flokkað í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1B. Auk þess var 2, 4-dínítrótólúen (2,4-DNT) greint sem sérlega varasamt efni sem uppfyllir skilyrðin í a-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og bætt í XIV. viðauka við þá reglugerð. Ekki er mögulegt að fastsetja afleitt núláhrifagildi (DNEL-gildi) fyrir þetta efni og þess vegna er það efni sem er krabbameinsvaldandi án viðmiðunarmarka. Með færslu 28 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er setning á markað og notkun 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) til sölu til almennings takmörkuð sem efni, efnisþáttur í öðru efni eða í blöndu ef styrkur 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.

2) 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) var fært á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 með lokadaginn 21. ágúst 2015 sem er tilgreindur í samræmi við i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar. Engar umsóknir bárust um leyfi til notkunar á 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) sem efni, eitt og sér eða í blöndu, eða um að setja efnið í hluti sem bendir til þess að efnið sé ekki notað í Sambandinu, þ.m.t. við framleiðslu á hlutum.

3) Kröfur um leyfi sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 gilda ekki um innflutta hluti. Þess vegna er hægt að finna hluti sem innihalda 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT), sem voru framleiddir utan Sambandsins og síðan fluttir inn, á markaði í Sambandinu. Slíkir hlutir eru hugsanleg uppspretta váhrifa af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT).

4) Eftir lokadaginn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr., að því er varðar efni sem er skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, er Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skylt, skv. 2. mgr. 69. gr. þeirrar reglugerðar, að taka til athugunar hvort notkun efnisins í hluti skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega í skefjum og, ef Efnastofnunin telur að svo sé, að taka saman málsskjöl fyrir tillögu um takmarkanir sem eru í samræmi við kröfurnar í XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjölin skv. XV. viðauka).

5) Í kjölfar mats á fyrirliggjandi sönnunargögnum í samræmi við 2. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 taldi Efnastofnunin að til sé notkun á 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) sem gæti leitt til áhættu af völdum tilvistar þessa efnis í hlutum, sem er ekki stjórnað á viðeigandi hátt. Af þessum sökum tók Efnastofnunin saman málsskjölin skv. XV. viðauka ([3]) sem voru birt 24. júní 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/859, 21.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 201/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1907/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/e5a02292-b5bb-c228-8bf0-48f0c40e2fbe.

6) Í málsskjölunum skv. XV. viðauka, sem var breytt og lokið við 9. september 2022 ([4]) (hér á eftir nefnd málsskjölin), var tilgreind núverandi eða fyrri notkun á 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) í ýmsa hluti, þ.m.t. í eldfastar vörur, í öryggispúða í vélknúin ökutæki, í sætisbeltisstrekkjara, í plastflöskur sem eru notaðar á sviði iðnaðar til sýnatöku, sem drifefni fyrir skotfæri í smávopn til hernaðarnota og fyrir almenning og sem hleypi- og mýkiefni í sprengiefnasamsetningar. Efnastofnuninni bárust tvær tilkynningar um efni í hlutum í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 varðandi 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT): i. sem mýkiefni í sýnaflöskur úr plasti sem eru notaðar á sviði iðnaðar, þar sem tilkynningaraðilinn er ekki lengur til, og ii. í drifefni fyrir skotfæri til hernaðarnota.

7) Samkvæmt málsskjölunum benti leit í gagnagrunni fyrir upplýsingar um efni sem gefa tilefni til áhyggna í vörum, sem var komið á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([5]), varðandi 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) til þess að til væru hlutir í Sambandinu sem innihalda efnið í ökutækjum, keramíkhlutum og rafeindatækjum. Þessar upplýsingar staðfestu að til eru aðrir hlutir, hugsanlega innfluttir, sem innihalda efnið. Notkun á 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) í sætisbeltisstrekkjara og skotfæri var staðfest meðan samráðið varðandi málsskjölin skv. XV. viðauka fór fram.

8) Í málsskjölunum kom fram að 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) kemur fyrir í hlutum, sem neytendur nota og til notkunar í atvinnuskyni, þar sem ekki er hægt að útiloka losun á og váhrif af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) og erfitt er að koma ráðstöfunum til áhættustjórnunar í framkvæmd. Þar eð leifar af 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) geta fundist í eldföstum hlutum er t.d. ekki hægt að útiloka váhrif af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) í slíkum hlutum. Váhrif geta einnig orðið við notkun skotfæra í smávopn fyrir almenning, s.s. við veiðar og skotíþróttir, ef skotfæradrifefnið inniheldur 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT). Þegar skotið er úr skotvopni nýtist ekki allt 2,4-dínítrótólúenið (2,4-DNT) í skotfærunum og því geta orðið váhrif við innöndun og í gegnum húð. Tvenns konar önnur notkun með váhrifamátt varðar öryggiskerfi vélknúinna ökutækja og vísar til i. sætisbeltisstrekkjara þar sem sprengihleðsla veldur því að gasknúinn rafall framleiðir gasmagn og þar með þrýsting sem hefur síðan áhrif á vélræna tengingu til að toga í sætisbeltið og ii. öryggispúða þar sem virkjun leiðir til þess að gas losnar á svipaðan hátt og í strekkjurum. Að því er varðar notkun á 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) í öryggiskerfi vélknúinna ökutækja eru ekki einungis ökumaður og farþegar í áhættu á að verða fyrir váhrifum heldur einnig hópar eins og t.d. bifreiðaviðgerðarmenn eða, ef slys ber að höndum, björgunaraðilar. Vegna slíkrar notkunar geta orðið váhrif við innöndun og í gegnum húð. Auk þess taldi Efnastofnunin að váhrifamáttur 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) sem mýkiefnis í plasthlutum og sem aukefnis í öllum plastefnum geti talist mikill. Á grundvelli eðlisefnafræðilegra eiginleika 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) er gert ráð fyrir því að efnið dreifist auðveldlega í umlykjandi plastefni og aðskiljist frá yfirborði yfir í snertimiðil (vatn, munnvatn eða húð). Af þessum sökum er ekki hægt að útiloka váhrif af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) við notkun á sýnaflöskum úr plasti.

9) Þar eð 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) er efni sem er krabbameinsvaldandi án viðmiðunarmarka, sem ekki er unnt að leiða nein DNEL-gildi út fyrir, var komist að þeirri niðurstöðu í málsskjölunum að 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) sem er sett í hluti skapi áhættu fyrir heilbrigði manna fyrir neytendur og notendur í atvinnuskyni, sem er ekki stjórnað á viðeigandi hátt. Þar var enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að ef hlutir valda því að neytendur og notendur í atvinnuskyni verða fyrir váhrifum af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) sé eina leiðin til að stjórna áhættunni að takmarka tilvist 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) í hlutunum sjálfum. Í þessu skyni er í málsskjölunum lagt til að takmarka setningu 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) á markað og notkun þess í hluti til notkunar fyrir neytendur og í atvinnuskyni utan iðnaðarsvæða, að því gefnu að, að því er varðar þessa notkun: i. ekki sé hægt að útiloka losun á og váhrif af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) og ii. erfitt sé að koma áhættustjórnunarráðstöfunum í framkvæmd.

10) Í málsskjölunum eru fastsett styrkleikamörk fyrir 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) sem nema 0,1% miðað við þyngd eða þar yfir til að koma í veg fyrir að 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) sé bætt við af ásetningi í hluti í Sambandinu og til að tryggja að innfluttir hlutir uppfylli sama staðal og hlutir sem eru upprunnir í Sambandinu.

11) Í málsskjölunum fellur notkun sem fer fram á iðnaðarsvæðum utan gildissviðs tillögðu takmörkunarinnar vegna þess að Efnastofnunin gerði ráð fyrir að hægt væri að koma viðeigandi og skilvirkum rekstrarskilyrðum og áhættustjórnunarráðstöfunum í framkvæmd á þessum svæðum og að áhættum væri vel stjórnað. Í málsskjölunum falla sprengiefni enn fremur utan gildissviðs tillögðu takmörkunarinnar þar eð: i. Efnastofnunin gerði ráð fyrir því að nægilegar reglur hefðu verið settar um þessar vörur í annarri löggjöf Sambandsins og ii. viðeigandi ráðstafanir eru til staðar varðandi meðhöndlun sprengiefna sem búist er við að takmarki hvers konar váhrif af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) á starfsfólk eða umhverfið. Skotfæri sem, í samræmi við landslög, herinn, lögreglan og aðrar öryggissveitir nota voru einnig undanskilin frá gildissviði tillögunnar til að tryggja að varnargetan í aðildarríkjum yrði ekki fyrir neikvæðum áhrifum.

12) Í málsskjölunum var lagt til að undanskilja einnig frá gildissviði takmörkunarinnar hluti sem reglur hafa verið settar um í löggjöf Sambandsins að því er varðar tilvist krabbameinsvaldandi efna, einkum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/2509 ([6]) um öryggi leikfanga og um niðurfellingu á tilskipun 2009/48/EB og reglugerð Evrópuþingsins og

([4]) https://echa.europa.eu/documents/10162/40011c07-ffcd-8017-fb68-4906d1e297b7.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2008/98/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/2509 frá 26. nóvember 2025 um öryggi leikfanga og um niðurfellingu á tilskipun 2009/48/EB (Stjtíð. ESB L, 2025/2509, 12.12.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2025/2509/oj).

ráðsins (ESB) 2017/745 ([7]) um lækningatæki. Þar var einnig lagt til að undanskilja hluti sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([8]) um snertiefni matvæla þar eð reglur hafa þegar verið settar um 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) í efniviði úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli.

13) Í málsskjölunum var komist að þeirri niðurstöðu að staðgöngukostir fyrir 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) væru til fyrir alla þá notkun sem þar er tilgreind og að 12 mánaða umbreytingartímabil áður en takmörkunin tekur gildi væri nægur tími fyrir innflytjendur til að aðlaga aðfangakeðju sína og skipta yfir í hluti sem innihalda ekki 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT). Þar eð engin framleiðsla á hlutum sem innihalda 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) er í Sambandinu eru innflytjendur einu aðilarnir í Sambandinu sem þurfa að skipta yfir í staðgöngukosti eða nýta fyrirliggjandi birgðir.

14) Hinn 2. júní 2022 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar (hér á eftir nefnd áhættumatsnefndin) álit sitt þar sem staðfest var að áhætta steðjaði að heilbrigði manna, sem er ekki stjórnað á viðeigandi hátt, við notkun á 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT) í hluti. Áhættumatsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að takmörkunin sem Efnastofnunin lagði til sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins, með tilliti til árangurs, framkvæmanleika og vöktunarmöguleika, til að bregðast við greindum áhættum, sem stafa af váhrifum af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT), fyrir neytendur og notendur í atvinnuskyni sem starfa utan iðnaðarsvæða.

15) Áhættumatsnefndin taldi að skilgreiningin á sprengiefnum sem Efnastofnunin lagði til væri ekki fullnægjandi til að skilgreina sprengiefni sem ættu að vera undanskilin frá gildissviði takmörkunarinnar. Áhættumatsnefndin taldi einkum að það ætti að koma skýrt fram að sprengiefni eru þau sem eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB ([9]) og að flugeldavörur (sem ættu að falla undir gildissvið takmörkunarinnar) eru þær sem eru skilgreindar í 1. til 4.lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB ([10]).

16) Áhættumatsnefndin samþykkti gildissvið takmörkunarinnar sem Efnastofnunin lagði til.

17) Hinn 9. september 2022 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að tillögð takmörkun, eins og áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu breyttu henni, sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum sem tengjast 2,4-dínítrótólúeni (2,4-DNT), að teknu tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar af henni.

18) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var sammála málsskjölunum um að 12 mánaða frestun á beitingu takmörkunarinnar myndi veita hagsmunaaðilum nægan tíma til að koma kröfunum um takmörkun í framkvæmd að fullu. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu mælti hins vegar með 36 mánaða umbreytingartímabili fyrir beitingu takmörkunarinnar varðandi notkun 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) í gasknúna örrafala fyrir sætisbeltisstrekkjara og vélarhlífarkveikibúnað (e. *bonnet actuator*) og í varahluti í ökutækjageiranum til að tryggja að hætt sé í áföngum að nota efnið í vélknúin ökutæki en jafnframt sé tekið tillit til öryggis notenda og öll meiri háttar efnahagsleg áhrif lágmörkuð.

19) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og tekið var tillit til ráðlegginga þess.

20) Hinn 16. desember 2022 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu ([11]) fyrir framkvæmdastjórnina.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/745/oj).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/1935/oj).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða sprengiefni til almennra nota fram á markaði og um eftirlit með þeim (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/28/oj).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (Stjtíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/29/oj).

([11]) https://echa.europa.eu/registry-of-restriction-intentions/-/dislist/details/0b0236e185d7af0b.

21) Að teknu tilliti til málsskjalanna og álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) í hlutum skapi óviðunandi heilbrigðisáhættu fyrir almenning og notendur í atvinnuskyni og að bregðast þurfi við þeirri áhættu á vettvangi Sambandsins. Því er viðeigandi að innleiða takmörkun á setningu 2,4-dínítrótólúens (2,4-DNT) á markað og notkun þess í hluti. Framkvæmdastjórnin fór eftir álitum áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu um að þörf væri á að notendur í atvinnuskyni sem starfa utan iðnaðarsvæða féllu undir takmörkunina til að bregðast við greindum áhættum og á nákvæmari skilgreiningu á því hvaða sprengiefni ættu að vera undanskilin frá gildissviði takmörkunarinnar. Í ljósi þeirrar staðreyndar að 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) er einnig notað í flugskeyti, sprengjuodda, búnað fyrir neyðarmerki og til annarra hernaðarnota telur framkvæmdastjórnin viðeigandi að rýmka undanþáguna fyrir skotfæri til hernaðarnota, sem Efnastofnunin lagði til, svo hún nái yfir alla hluti til hernaðarnota ([12]).

22) Til að koma í veg fyrir óþarfa innkallanir og úrgang má áfram setja vélknúin ökutæki sem innihalda 2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT), sem eru sett á markað innan tveggja ára eftir þann dag þegar þessi takmörkun kemur til framkvæmda, með skírskotun til frestaðrar beitingar takmörkunarinnar fyrir tiltekna notkun fyrir vélknúin ökutæki, á markað og nota þar til endingartíma þeirra lýkur.

23) Til að koma í veg fyrir óþarfa innkallanir og til að auðvelda framfylgd ætti takmörkunin ekki að gilda um hluti sem voru settir á markað í Sambandinu fyrir þann dag þegar takmörkunin kemur til framkvæmda, s.s. notaða hluti.

24) Hagsmunaaðilar og aðildarríki ættu að fá nægan tíma til að fara að takmörkuninni. Þess vegna telur framkvæmdastjórnin að fresta ætti beitingu takmörkunarinnar um 12 mánuði eins og mælt er með í málsskjölunum, að undanskildum ákvæðunum varðandi gasknúna örrafala fyrir sætisbeltisstrekkjara, vélarhlífarkveikibúnað og varahluti í vélknúin ökutæki sem ættu að koma til framkvæmda eftir 36 mánuði í samræmi við álit nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu.

25) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([12]) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Hvítbók um varnarmál í Evrópu (Readiness 2030), https://commission.europa.eu/document/download/e6d5db69-e0ab-4bec-9dc0-3867b4373019_en?filename=White%20paper%20for%20European%20defence%20–%20Readiness%202030.pdf.

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er eftirfarandi færslu bætt við:

„83. 2,4-dínítrótólúen CAS-nr. 121-14-2 EB-nr. 204-450-0	1. Skal ekki sett á markað eða notað eftir 10. maí 2027 sem efni í hluti fyrir notendur í atvinnuskyni eða almenning í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd. 2. Að því er varðar þessa færslu merkir „notandi í atvinnuskyni“ sérhver starfsmaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem starfar utan iðnaðarsvæða. 3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um: a) sprengiefni, eins og þau eru skilgreind í 1. lið 2. gr. tilskipunar 2014/28/ESB, b) hluti til hernaðarnota, c) skotfæri sem, í samræmi við landslög, lögreglan eða aðrar öryggissveitir nota, d) leikföng sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/2509 (*), e) tæki sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2017/745, f) hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. 4. Eftirfarandi skal ekki falla undir a-lið 3. mgr.: a) flugeldavörur eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2013/29/ESB, b) skotfæri. 5. Ákvæði 1. mgr. koma til framkvæmda frá og með 11. maí 2029 um setningu 2,4-dínítrótólúens á markað og notkun þess í eftirfarandi búnað, ef hann er settur á markað til notkunar í eða notaður í vélknúin ökutæki eins og þau eru skilgreind í 16. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 (**): a) gasknúna örrafala fyrir sætisbeltisstrekkjara og vélarhlífarkveikibúnað, b) varahluti. 6. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um vélknúin ökutæki sem um getur í 5. mgr. sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: a) eru sett á markað milli 11. maí 2027 og 11. maí 2029, b) innihalda 2,4-dínítrótólúen eingöngu í búnaði sem er tilgreindur í a- eða b-lið 5. mgr. 7. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um 2,4-dínítrótólúen í hlutum sem settir eru á markað í Sambandinu fyrir 11. maí 2027.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/2509 frá 26. nóvember 2025 um öryggi leikfanga og um niðurfellingu á tilskipun 2009/48/EB (Stjtíð. ESB L, 2025/2509, 12.12.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2025/2509/oj).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/858/oj).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/870 **2026/EES/55/24**

frá 21. apríl 2026

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu paraffínolíu (CAS 8042-47-5), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Paraffínolíu (CAS 8042-47-5) var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun ráðsins 2009/117/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu paraffínolíu (CAS 8042-47-5), eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. nóvember 2026.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu paraffínolíu (CAS 8042-47-5) var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Grikkland og meðskýrslugjafaraðildarríkið Frakkland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 1. febrúar 2021. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir paraffínolíu (CAS 8042-47-5).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/870, 22.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([3]) Tilskipun ráðsins 2009/117/EB frá 25. júní 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu paraffínolíu, CAS-nr. 8042-47-5 (Stjtíð. ESB L 237, 9.9.2009, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/117/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælastofnunin lagði niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjórnina 1. júlí 2024. Uppfærð útgáfa af þessum niðurstöðum var send 17. júní 2025 ([6]). Matvælaöryggisstofnunin greindi frá því, að teknu tilliti til viðmiðananna fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, að búast megi við því að plöntuverndarvörur sem innihalda paraffínolíu (CAS 8042-47-5) uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

9) Framkvæmdastjórnin lagði fram endurnýjunarskýrslu 1. október 2025 og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 20. janúar 2026.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið paraffínolíu (CAS 8042-47-5), að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Áhættumatið vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu paraffínolíu (CAS 8042-47-5) byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun en þetta takmarkar þó ekki þá notkun sem leyfa má á plöntuverndarvörum sem innihalda paraffínolíu (CAS 8042-47-5). Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem skordýraeyðir og mítlaeyðir.

13) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar um innihald óhreinindanna fjölhringa arómatísk vetniskolefni til að bregðast við nýrri tækniþróun að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir arómatísk vetniskolefni í Evrópsku lyfjaskránni og auka traust á þeim niðurstöðum að hugsanleg váhrif af völdum arómatískra vetniskolefna séu lítil og að engar vísbendingar séu fyrir hendi um áhyggjuefni fyrir neytendur.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/787 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir paraffínolíu (CAS 8042-47-5) framlengt til 30. nóvember 2026 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([6]) „Conclusion on pesticides peer review of the pesticide risk assessment of the active substance paraffin oil (CAS 8042-47-5, chain lengths C17–C31)“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024, 22:e8913, aðgengilegt á netinu: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8913.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/787 frá 24. apríl 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin 1,4-dímetýlnaftalen, amíðósúlfúrón, bentasón, bixafen, klómasón, fenoxapróp-P, flúdíoxóníl, flúoxastróbín, flútólaníl, flúxapýroxað, gibberellsýru, gibberellín, halauxifenmetýl, mekópróp-P, paraffínolíu, penþíópýrað, pírimífosmetýl, própamókarb, própýsamíð, próþíókónasól, rimsúlfúrón, sedaxan og súlfoxaflór (Stjtíð. ESB L, 2025/787, 25.4.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/787/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu paraffínolíu (CAS 8042-47-5), eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Paraffínolía (ekki ISO) Paraffín, léttur vökvi „Paraffinum Perliquidum“ (Evrópska lyfjaskráin, EurPharm) CAS-nr.: 8042-47-5 CIPAC-nr.: 898	Hvítolía (úr jarðolíu) (ekki IUPAC)	1 000 g/kg Óhreinindin fjölhringa arómatísk vetniskolefni skulu ekki vera meiri en 0,3 mg/kg í tæknilega efninu í samræmi við Evrópsku lyfjaskrána.	1. júlí 2026	30. júní 2041	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um paraffínolíu (CAS 8042-47-5), einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættumati fyrir neytendur, einkum til að tryggja að farið sé að hámarksgildum sem eru fastsett í lögum Sambandsins fyrir heildarmagn arómatískra vetniskolefna úr jarðolíu (MOAH), — vernd lagarlífvera, liðdýra utan markhóps á svæði utan akra og býflugna. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar til að: 1) sýna fram á að paraffínolía af tæknilegum hreinleika sé í samræmi við hámarksgildi fyrir fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH4-bensó(a)pýren, bens(a)antrasen, bensó(b)flúoranten og krýsen og PAH8) í tækniforskriftinni (0,3 mg/kg), með fullgiltum greiningaraðferðum til að ákvarða þessi fjölhringa arómatísku vetniskolefni í tæknilegu paraffínolíunni og samsetningum að því er varðar dæmigerða notkun sem umsækjandinn leggur til, 2) ljúka við áhættumatið fyrir neytendur þar sem meta skal váhrif af völdum leifa fjölhringa arómatískra vetniskolefna með því að nota aðferð sem byggist á umfangi notkunar og afrakstri að því er varðar dæmigerða notkun sem umsækjandinn leggur til. Áhættumatið skal framkvæmt á grundvelli þessara áætluðu váhrifa. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. lið eigi síðar en 12. maí 2027.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 295 um paraffínolíu (CAS 8042-47-5) brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„180	Paraffínolía (ekki ISO) Paraffín, léttur vökvi „Paraffinum Perliquidum“ (Evrópska lyfjaskráin, EurPharm) CAS-nr.: 8042-47-5 CIPAC-nr.: 898	Hvítolía (úr jarðolíu) (ekki IUPAC)	1 000 g/kg Óhreinindin fjölhringa arómatísk vetniskolefni skulu ekki vera meiri en 0,3 mg/kg í tæknilega efninu í samræmi við Evrópsku lyfjaskrána.	1. júlí 2026	30. júní 2041	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um paraffínolíu (CAS 8042-47-5), einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættumati fyrir neytendur, einkum til að tryggja að farið sé að hámarksgildum sem eru fastsett í lögum Sambandsins fyrir heildarmagn arómatískra vetniskolefna úr jarðolíu (MOAH), — vernd lagarlífvera, liðdýra utan markhóps á svæði utan akra og býflugna. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar til að: 1) sýna fram á að paraffínolía af tæknilegum hreinleika sé í samræmi við hámarksgildi fyrir fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH4-bensó(a)pýren, bens(a)antrasen, bensó(b)flúoranten og krýsen og PAH8) í tækniforskriftinni (0,3 mg/kg), með fullgiltum greiningaraðferðum til að ákvarða þessi fjölhringa arómatísku vetniskolefni í tæknilegu paraffínolíunni og samsetningum að því er varðar dæmigerða notkun sem umsækjandinn leggur til, 2) ljúka við áhættumatið fyrir neytendur þar sem meta skal váhrif af völdum leifa fjölhringa arómatískra vetniskolefna með því að nota aðferð sem byggist á umfangi notkunar og afrakstri að því er varðar dæmigerða notkun sem umsækjandinn leggur til. Áhættumatið skal framkvæmt á grundvelli þessara áætluðu váhrifa. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. lið eigi síðar en 12. maí 2027.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2274 **2026/EES/55/25**

frá 12. nóvember 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) 2024/1487 að því er varðar samþykkt vinnuáætlunar um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1487 ([2]) er mælt fyrir um gagnakröfur vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og komið á fót vinnuáætlun um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru þegar á markaðnum. Markmiðið með þessari vinnuáætlun er að gera það kleift að endurskoða í áföngum alla eiturdeyfa og samverkandi efni sem eru þegar á markaðnum og samþykkja þau í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1107/2009 innan fimm ára frá samþykki hennar.

2) Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1487 birti framkvæmdastjórnin með rafrænum hætti skrá yfir öll efni eða blöndur sem vitað er að séu notuð sem eiturdeyfar eða samverkandi efni í plöntuverndarvörur sem leyft var að setja á markað í a.m.k. einu aðildarríki 19. júní 2024.

3) Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1487 lögðu hagsmunaaðilar tilkynningar fyrir framkvæmdastjórnina um fleiri efni eða blöndur sem eru hugsanlega notaðar sem eiturdeyfar eða samverkandi efni í plöntuverndarvörur 19. júní 2024 og, í samræmi við 4. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, aðildarríki og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komu athugasemdum til framkvæmdastjórnarinnar varðandi tilkynningarnar sem bárust.

4) Í samræmi við 5. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1487 uppfærði framkvæmdastjórnin skrána sem um getur í 1. mgr. 3. gr., að teknu tilliti til tilkynninga sem hagsmunaaðilar lögðu fram og athugasemda sem aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunin létu í té. Uppfærða skráin tryggir að allir eiturdeyfar og samverkandi efni sem eru notuð í plöntuverndarvörur frá og með 19. júní 2024 séu auðkennd og til athugunar fyrir innfærslu í vinnuáætlunina.

5) Í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1487 óskuðu hagsmunaaðilar eftir því að efnin sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð yrðu færð inn í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum

6) Framkvæmdastjórnin lagði mat á tilkynningarnar sem hagsmunaaðilarnir lögðu fram og athugasemdirnar sem aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunin létu í té skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1487 og beiðnirnar um innfærslu sem hagsmunaaðilarnir lögðu fram skv. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Í því mati voru eiturdeyfar og samverkandi efni sem eru hæf til innfærslu í vinnuáætlunina auðkennd.

7) Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1487 skal framkvæmdastjórnin samþykkja vinnuáætlunina með því að uppfæra I. viðauka við þá reglugerð, tilgreina eiturdeyfana og samverkandi efnin sem eru færð inn í vinnuáætlunina og tilnefna skýrslugjafaraðildarríki og meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir hvert þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2274, 13.11.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1487 frá 29. maí 2024 um að skilgreina gagnakröfur vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og um að koma á vinnuáætlun um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru á markaðnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtíð. ESB L, 2024/1487, 30.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1487/oj).

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2024/1487 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vinnuáætlunin um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru þegar notuð í plöntuverndarvörur er hér með samþykkt.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2024/1487 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við reglugerð (ESB) 2024/1487 kemur eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir eiturdeyfa og samverkandi efni sem eru með í vinnuáætluninni um endurskoðun í áföngum eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

Eiturdeyfir	Almennt heiti, ISO-heiti og/eða samheiti	Efnaheiti (Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði og CA-nafnakerfi)	CAS-númer	EB-númer	Skýrslugjafar-aðildarríki	Meðskýrslugjafar-aðildarríki
Klókíntósetmexýl	Klókíntósetmexýl	heptan-2-ýl-2-(5-klórókínólín-8-ýl)oxýasetat	99607-70-2	619-447-3	ES	PT
Klókíntóset	Klókíntóset	2-[(5-klórókínólín-8öýl)oxý]ediksýra	88349-88-6	635-476-4 og 926-839-0	ES	PT
Sýprósúlfamíð	Sýprósúlfamíð	N-[4-(sýklóprópýlkarbamóýl)fenýl]súlfónýl-2-metoxýbensamíð	221667-31-8	619-679-5	NL	BE
Ísoxadífenetýl	Ísoxadífenetýl	etýl-5,5-difenýl-4H-1,2-oxasól-3-karboxýlat	163520-33-0	443-870-0	AT	SI
Mefenpýrdíetýl	Mefenpýrdíetýl	díetýl-1-(2,4-díklórófenýl)-5-metýl-4H-pýrasól-3,5-díkarboxýlat	135590-91-9	603-923-2	AT	DE
Metkamífen	Metkamífen	2-metoxý-N-{4-[(metýlkarbamóýl)amínó]bensensúlfónýl}bensamíð	129531-12-0	884-589-7	IT	RO
Samverkandi efni	**Almennt heiti, ISO-heiti og/eða samheiti**	**Efnaheiti (Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði og CA-nafnakerfi)**	**CAS-númer**	**EB-númer**	**Skýrslugjafaraðild-arríki**	**Meðskýrslugjafar-aðildarríki**
Píperónýlbútoxíð	Píperónýlbútoxíð	5-[2-(2-bútoxýetoxý)etoxýmetýl]-6-própýl-1,3-bensódíoxól	51-03-6	200-076-7	EL	DE
Repjuolía	Repjuolía	Ekki fyrir hendi	8002-13-9	Ekki fyrir hendi	NL	FI
Edetínsýra (EDTA)	Edetínsýra (EDTA)	2,2',2",2"'-(etan-1,2-díýldínítríló)tetraediksýra	60-00-4	200-449-4	DK	PL
EDTA dínatríumdíhýdrat	EDTA dínatríumdíhýdrat	dínatríumdíhýdrógen 2,2',2",2"'-(etan-1,2-díýldínítríló)-tetraasetatdíhýdrat	6381-92-6	205-358-3	DK	PL“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/909 **2026/EES/55/26**

frá 27. apríl 2026

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á bensýlsalisýlati, trífenýlfosfati, ammóníumsilfursinkálsílíkati, áli, vatnsleysanlegum sinksöltum, asetýlaðri olíugrasolíu, sítrali, HC Blue nr. 18, HC Red nr. 18, HC Yellow nr. 16, hýdroxýprópýl-p-fenýlendíamíni og díhýdróklóríðsöltum þess og DHHB í snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnið 2-hýdroxýbensósýrufenýlmetýlester (CAS-nr. 118-58-1), sem hefur fengið heitið bensýlsalisýlat samkvæmt alþjóðlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara (INCI-heiti), er skráð í færslu 75 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Það er því leyft til notkunar sem lyktarofnæmisvaldur í snyrtivörur með fyrirvara um þá kröfu að neytendur séu upplýstir um tilvist þess ef styrkur þess fer yfir 0,001% í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun og 0,01% í vörum sem á að skola burt eftir notkun.

2) Efnið trífenýlfosfat (CAS-nr. 115-86-6), sem hefur fengið INCI-heitið trífenýlfosfat, fellur ekki undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009 en er notað sem mýkiefni í snyrtivörur til að mýkja margs konar tilbúnar fjölliður eða gera þær sveigjanlegar.

3) Í ljósi áhyggjuefna í tengslum við hugsanlega innkirtlatruflandi eiginleika bensýlsalisýlats og trífenýlfosfats auglýsti framkvæmdastjórnin opinberlega eftir gögnum á árunum 2019 og 2021, eftir því sem við á. Snyrtivöruiðnaðurinn lagði fram rannsóknaniðurstöður til að sýna fram á öryggi þessara efna þegar þau eru notuð í snyrtivörur. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda annaðist öryggismat á þessum efnum með hliðsjón af upplýsingum sem iðnaðurinn lagði fram.

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. október 2023 ([2]) að bensýlsalisýlat væri öruggt til notkunar í snyrtivörur upp að hámarksstyrkleikum sem voru tilgreindir í framlagningum iðnaðarins. Að teknu tilliti til álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á þessu efni í snyrtivörur þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekin gildi. Því ætti að takmarka notkun á bensýlsalisýlati í snyrtivörur við þá hámarksstyrkleika sem vísindanefndin um öryggi neytenda lagði til í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

5) Í áliti sínu frá 25. júlí 2024 ([3]) gat vísindanefndin um öryggi neytenda ekki komist að niðurstöðu um öryggi trífenýlfosfats vegna þess að upplýsingar sem iðnaðurinn lagði fram voru ófullnægjandi til að meta það að fullu og útiloka hugsanleg erfðaeiturhrif. Að teknu tilliti til álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á þessu efni í snyrtivörur. Því ætti að bæta þessu efni á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/909, 28.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1223/oj.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on Benzyl Salicylate, (CAS No 118-58-1, EC No 204-262-9)“, bráðabirgðaútgáfa frá 6.–7. júní 2023, lokaútgáfa frá 26. október 2023, SCCS/1656/23

([3]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on triphenyl phosphate, (CAS No 115-86-6, EC No 204-112-2)“, bráðabirgðaútgáfa frá 27. mars 2024, lokaútgáfa frá 25. júlí 2024, SCCS/1664/24.

6) Efnið silfursinkseólít (CAS-nr. 130328-20-0), sem hefur fengið INCI-heitið ammóníumsilfursinkálsílíkat, var flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 ([4]).

7) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er silfursinkseólít skráð sem efni sem er bannað í snyrtivörum (færsla 1597 í II. viðauka við þá reglugerð ([5]))

8) Í ljósi minnkandi fjölda rotvarnarefna sem standa til boða í snyrtivörur lagði iðnaðurinn fram málsskjöl til að verja örugga notkun silfursinkseólíts sem rotvarnarefnis í snyrtivörur. Í áliti sínu frá 21. desember 2023 ([6]) komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu að silfursinkseólít sé öruggt upp að hámarksstyrk sem nemur 1% í lyktareyði í úðaformi og púðurfarða (e. *powder foundation*), að því tilskildu að innihald silfurs í silfursinkseólíti fari ekki yfir 2,5%.

9) Að teknu tilliti til álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti að fella silfursinkseólít brott úr skránni yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og þar af leiðandi ætti að bæta því á skrána yfir rotvarnarefni sem eru leyfð í snyrtivörum í V. viðauka við þá reglugerð.

10) Ál og innihaldsefni sem innihalda ál eru notuð í margs konar snyrtivörur með mismunandi virkni. Sem stendur eru mismunandi innihaldsefni sem innihalda ál skráð í reglugerð (EB) nr. 1223/2009: í færslum 34, 50, 189, 190 og 192 í III. viðauka, í færslum 117, 118, 119, 121, 131 og 150 í IV. viðauka og í færslu 27a í VI. viðauka.

11) Í ljósi öryggisvanda í tengslum við möguleg umtalsverð áhrif snyrtivara á altæk heildarváhrif af völdum áls óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda annaðist öryggismat á innihaldsefnum sem innihalda ál með hliðsjón af upplýsingum sem iðnaðurinn lagði fram.

12) Hinn 27. mars 2024 samþykkti vísindanefndin um öryggi neytenda álit ([7]) þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að ál og innihaldsefni sem innihalda ál geti talist örugg samkvæmt sértækum notkunarskilyrðum.

13) Með fyrirvara um takmarkanir og skilyrði sem þegar er kveðið á um í III., IV. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 ættu styrkleikamörkin fyrir ál, sem eru tilgreind fyrir flokka snyrtivara sem eru ekki í úðaformi og í úðaformi í áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda, að koma fram í III. viðauka við þá reglugerð.

14) Að því er varðar vatnsleysanleg sinksölt takmarkar færsla 24 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 notkun sinkasetats, sinkklóríðs, sinkglúkónats og sinkglútamats, upp að hámarksstyrk sem nemur 1% (sem sink), í allar snyrtivörur.

15) Í ljósi hugsanlegs öryggisvanda í tengslum við notkun á sinksöltum í vörur til munnhirðu, s.s. tannkrem og munnskol fyrir tiltekna aldurshópa, óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda annaðist öryggismat á þessum efnasamböndum með hliðsjón af upplýsingum sem iðnaðurinn lagði fram.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 frá 4. maí 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (Stjtíð. ESB L 116, 5.5.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/776/oj).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/831 frá 22. maí 2019 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 137, 23.5.2019, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/831/oj).

([6]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on silver zinc zeolite (CAS No 130328-20- 0, EC No 603-404-0)“, bráðabirgðaútgáfa frá 21. mars 2023, lokaútgáfa frá 21. desember 2023, SCCS/1650/23.

([7]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on the safety of aluminium in cosmetic products“ – framlagning IV, bráðabirgðaútgáfa frá 14. desember 2023, lokaútgáfa frá 27. mars 2024, SCCS/1662/23.

16) Hinn 26. október 2023 samþykkti vísindanefndin um öryggi neytenda álit ([8]) þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að vatnsleysanleg sinksölt, sem ná yfir sinkasetat (CAS-nr. 557-34-6), sinkklóríð (CAS-nr. 7646-85-7), sinkglúkonat (CAS-nr. 4468-02-4), sinksítrat (CAS-nr. 546-46-3) og sinksúlfat, sinksúlfatmónóhýdrat, sinksúlfatheptahýdrat (CAS-nr. 7733-02-0/7446-19-7/7446-20-0), geti talist örugg þegar þau eru notuð í tannkrem í styrk sem nemur allt að 1% (sem sink), að undanskildum börnum undir eins árs aldri þar sem sá styrkur ætti ekki að fara yfir 0,72% (sem sink). Auk þess komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu að vatnsleysanleg sinksölt geta talist örugg þegar þau eru notuð í munnskol í styrk sem nemur allt að 0,1% (sem sink) fyrir alla aldurshópa eldri en 6 ára.

17) Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á vatnsleysanlegum sinksöltum í vörur til munnhirðu þegar styrkur efnanna fer yfir tiltekin gildi. Því ætti að takmarka notkun á vatnsleysanlegum sinksöltum við þá hámarksstyrkleika sem vísindanefndin um öryggi neytenda lagði til.

18) Efnið asetýluð olíugrasolía (CAS-nr. 84082-84-8) fellur ekki undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009 en er notað sem ilmefni í ýmsar tegundir snyrtivara.

19) Í ljósi hugsanlegs öryggisvanda í tengslum við næmingarmátt asetýlaðrar olíugrasolíu þegar hún er notuð sem ilmefni í snyrtivörur óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda annaðist öryggismat með hliðsjón af upplýsingum sem iðnaðurinn lagði fram.

20) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20.-21. júní 2019 ([9]) að asetýluð olíugrasolía geti talist örugg sem innihaldsefni ilmefnis (e. *fragrance ingredient*) þegar hún er notuð með 1% alfatókóferóli í snyrtivörur sem ekki á að skola burt eftir notkun og í snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun í þeim styrkleikum sem iðnaðurinn lagði til. Auk þess komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. október 2024 ([10]) að asetýluð olíugrasolía geti einnig talist örugg þegar hún er notuð í úðanlegar vörur sem gætu leitt til váhrifa við innöndun.

21) Í ljósi álita vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á asetýlaðri olíugrasolíu í snyrtivörur þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekin gildi. Því ætti að takmarka notkun á asetýlaðri olíugrasolíu í snyrtivörur við þá hámarksstyrkleika sem vísindanefndin um öryggi neytenda lagði til.

22) Efnið 3,7-dímetýl-2,6-oktadíenal (CAS-nr. 5392-40-5), sem hefur fengið heitið INCI-heitið sítral, er skráð í færslu 70 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Það er því leyft til notkunar sem lyktarofnæmisvaldur í snyrtivörur með fyrirvara um þá kröfu að neytendur séu upplýstir um tilvist þess ef styrkur þess fer yfir 0,001% í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun og 0,01% í vörum sem á að skola burt eftir notkun.

23) Í ljósi hugsanlegs öryggisvanda í tengslum við næmingarmátt sítrals þegar það er notað sem ilmefni í snyrtivörur óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda legði mat á örugg efri mörk þess með því að nota aðferðafræðina fyrir megindlegt áhættumat 2 (QRA2) fyrir endapunktinn fyrir næmingu á grundvelli upplýsinga sem iðnaðurinn lagði fram.

24) Hinn 29. júlí 2024 samþykkti vísindanefndin um öryggi neytenda álit ([11]) þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að sítral geti talist öruggt í tengslum við að örva næmingu í þeim styrkleikum sem iðnaðurinn lagði til.

([8]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on the safety of water soluble zinc salts in oral hygiene products“ – framlagning II, bráðabirgðaútgáfa frá 3. júlí 2023, lokaútgáfa frá 26. október 2023, SCCS/1657/23.

([9]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on fragrance ingredient Acetylated Vetiver Oil (AVO)“ – framlagning III, SCCS/1599/18, bráðabirgðaútgáfa frá 21-22. júní 2018, lokaútgáfa frá 26. febrúar 2019, leiðrétting 20.-21. júní 2019.

([10]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on the inhalation toxicity of the fragrance ingredient Acetylated Vetiver Oil – AVO (CAS No 84082-84-8, EC No 282-031-1) in sprayable cosmetic products“ – framlagning IV, bráðabirgðaútgáfa frá 28. febrúar 2024, lokaútgáfa frá 25. október 2024, SCCS/1663/24.

([11]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on Citral (CAS No 5392-40-5, EC No 226-394-6) – sensitisation endpoint“, bráðabirgðaútgáfa frá 27. mars 2024, lokaútgáfa frá 29. júlí 2024, SCCS/1666/24.

25) Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á sítrali í snyrtivörur þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekin gildi. Því ætti að takmarka notkun á þessu efni í snyrtivörur við þá hámarksstyrkleika sem vísindanefndin um öryggi neytenda lagði til.

26) Efnið 3-[(E)-(3-klóró-4-hýdroxýfenýl)díasenýl]-2,l-bensíóþíasól-5-súlfónamíð (CAS-nr. 1166834-57-6/852356-91-3), sem hefur fengið INCI-heitið HC Blue nr. 18, fellur sem stendur ekki undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og er notað sem efni í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi.

27) Á grundvelli öryggisgagna sem iðnaðurinn lagði um notkun á HC Blue nr. 18 í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu í vísindalegri ráðgjöf sinni frá 27. apríl 2023 ([12]) að efnið HC Blue nr. 18 sé öruggt þegar það er notað í slíkar vörur í styrk á höfði sem nemur allt að 0,35%.

28) Í ljósi vísindalegrar ráðgjafar vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á HC Blue nr. 18 í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekið gildi. Þess vegna ætti að takmarka notkun þessa efnis í þessar vörur við hámarksstyrk sem nemur 0,35%.

29) Efnið 3-(2,5-díamínófenýl)própan-1-ól og 3-(2,5-díamínófenýl)própan-1-ól-díhýdróklóríðsalt (CAS-nr. 73793-79-0 og 1928659-47-5), sem hefur fengið INCI-heitið hýdroxýpropýl-p-fenýlendíamín og hýdroxýpropýl-p-fenýlendíamín 2HCl, fellur sem stendur ekki undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og er notað sem efni í hárlitunarvörur sem eru oxandi.

30) Á grundvelli öryggisgagna sem iðnaðurinn lagði fram um notkun á hýdroxýpropýl-p-fenýlendíamíni og hýdroxýpropýl-p-fenýlendíamíni 2HCl í hárlitunarvörur sem eru oxandi komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. febrúar 2024 ([13]) að efnin séu sé örugg þegar þau eru notuð í slíkar vörur í styrk á höfði sem nemur allt að 2%.

31) Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á hýdroxýpropýl-p-fenýlendíamíni og hýdroxýpropýl-p-fenýlendíamíni 2HCl í hárlitunarvörur sem eru oxandi þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekið gildi. Þess vegna ætti að takmarka notkun þessara efna í þessar vörur við hámarksstyrk sem nemur 2%.

32) Efnið 2-klóró-4-[(1E)-(1-metýl-1H-pýrasól-5-ýl)díasenýl]-fenól (CAS-nr. 1184721-10-5), sem hefur fengið INCI-heitið HC Yellow nr. 16, fellur sem stendur ekki undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og er notað sem efni í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi.

33) Á grundvelli öryggisgagna sem iðnaðurinn lagði fram um notkun á HC Yellow nr. 16 í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem eru ekki oxandi komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu í vísindalegri ráðgjöf sinni frá 25. október 2024 ([14]) að þetta efni sé öruggt þegar það er notað í slíkar vörur í styrk á höfði sem nemur allt að 1% í hárlitunarvörum sem eru oxandi og í styrk sem nemur allt að 1,5% í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi.

34) Í ljósi vísindalegrar ráðgjafar vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á HC Yellow nr. 16 í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekið gildi. Þess vegna ætti að takmarka notkun þessa efnis í hárlitunarvörur sem ekki eru oxandi og sem eru oxandi við hámarksstyrk sem nemur 1,5% og 1%, eftir því sem við á.

([12]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Scientific advice on HC Blue 18 (Colipa No. B122)“ – framlagning II, 27. apríl 2023, SCCS/1653/23.

([13]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Opinion on Hydroxypropyl-p-phenylenediamine and its dihydrochloride salt (A165) (CAS/EC No 73793-79-0/827-723-1 and 1928659-47-5/-)“, bráðabirgðaútgáfa frá 26. október 2023, lokaútgáfa frá 28. febrúar 2024, SCCS/1659/23.

([14]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Scientific advice on hair dye HC Yellow No 16 (Colipa No B123) (CAS No 1184721-10-5)“ – framlagning II, bráðabirgðaútgáfa frá 31. júlí 2024, lokaútgáfa frá 25. október 2024, SCCS/1670/24.

35) Efnið 2-klóró-4-{(E)-[3-(metýlþió)-1,2,4-þiadíasól-5-ýl]díasenýl}fenól (CAS-nr. 1444596-49-9), sem hefur fengið INCI-heitið HC Red nr. 18, fellur sem stendur ekki undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og er notað sem efni í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi.

36) Á grundvelli öryggisgagna sem iðnaðurinn lagði fram um notkun á HC Red nr. 18 í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem eru ekki oxandi komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu í vísindalegri ráðgjöf sinni frá 22. janúar 2025 ([15]) að efnið sé öruggt þegar það er notað í slíkar vörur í styrk á höfði sem nemur allt að 1,5% í hárlitunarvörum sem eru oxandi og í styrk sem nemur allt að 0,5% í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi.

37) Í ljósi vísindalegrar ráðgjafar vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á HC Red nr. 18 í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi þegar styrkur efnisins fer yfir tiltekið gildi. Þess vegna ætti að takmarka notkun þessa efnis í hárlitunarvörur sem eru oxandi og sem ekki eru oxandi við hámarksstyrk sem nemur 1,5% og 0,5%, eftir því sem við á.

38) Efnið bensósýra-2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-hexýlester (CAS/EB-nr. 302776-68-7/443-860-76), sem hefur fengið INCI-heitið díetýlamínóhýdroxýbensóýlhexýlbensóat (DHHB), er skráð í færslu 28 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og er því leyft til notkunar sem útblámasía í snyrtivörur.

39) Að teknu tilliti til nýlegra áhyggjuefna vegna tilvistar dí-n-hexýlþalats (DnHexP) sem aðskotaefnis við framleiðslu á DHHB og í ljósi tæknilegra og vísindalegra framfara og einkum ýmissa áhyggjuefna vegna heilbrigðis komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu í vísindalegri ráðgjöf sinni frá 14. febrúar 2025 ([16]) að snefilmagn sem nemur 260 ppm sé öruggt sem óhjákvæmileg óhreinindaleif í DHHB. Vísindanefndin um öryggi neytenda tók einnig fram í vísindalegri ráðgjöf sinni fyrirliggjandi upplýsingar sem sýndu að hægt sé að lækka gildi DnHexP í DHHB í 1 ppm. Þess vegna er vísindanefndin um öryggi neytenda þeirrar skoðunar að þetta snefilmagn sem nemur 1 ppm ætti að vera markmiðið fyrir hámarksgildi DnHexP sem óhjákvæmilegrar óhreinindaleifar í DHHB.

40) Með tillit til aukins kostnaðar við framleiðslu á DHHB með snefilmagni sem nemur 1 ppm af DnHexP, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og þar af leiðandi aukins kostnaðar fyrir sólvarnarvörur sem innihalda DHHB fyrir neytendur, sammæltust framkvæmdastjórnin og aðildarríkin um að hægt væri að samþykkja gildi sem nemur 10 ppm sem öruggt fyrir DnHexP í DHHB.

41) Í ljósi vísindalegrar ráðgjafar vísindanefndarinnar um öryggi neytenda má draga þá ályktun að hugsanleg áhætta steðji að heilbrigði manna vegna notkunar á aðskotaefninu DnHexP í útblámasíunni DHHB þegar styrkur aðskotaefnisins fer yfir tiltekið gildi. Þess vegna ætti að takmarka hámarksgildi DnHexP sem óhjákvæmilegrar óhreinindaleifar í DHHB við 10 ppm, að teknu tilliti til efnahagslegra áhrifa á framleiðendur sólvarnarvara.

42) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

43) Til að gera snyrtivöruiðnaðinum kleift að nota hárlitunarefni og rotvarnarefni í snyrtivörur ættu viðeigandi breytingar á III. og V. viðauka að koma til framkvæmda án tafar. Þó þykir rétt að kveða á um hæfilegan frest til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast nýjum kröfum um notkun annarra efna sem sæta takmörkunum í þessari reglugerð og hætta í áföngum að setja á markað og bjóða fram á markaði snyrtivörur sem uppfylla ekki þessar kröfur eða þessi skilyrði.

44) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

([15]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Scientific advice on HC Red No 18 (B124) (CAS 1444596-49-9)“ – framlagning II, bráðabirgðaútgáfa frá 6. desember 2024, lokaútgáfa frá 22. janúar 2025, SCCS/1673/24.

([16]) Vísindanefndin um öryggi neytenda, „Scientific advice on the safety of Diethylamino Hydroxybenzoyl Hexyl Benzoate – DHHB -S83 (CAS/EC No 302776-68-7/443-860-6) from cosmetic products“, bráðabirgðaútgáfa frá 14. febrúar 2025, lokaútgáfa frá 26. júní 2025, SCCS/1678/25.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III., V. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III., V. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslu 1597 kemur eftirfarandi:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
„1597	Silfursinkseólít, að undanskildu silfursinkseólíti að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í færslu 61 í V. viðauka	130328-20-0	603-404-0“.

b) Eftirfarandi færslu er bætt við:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
„1767	Trífenýlfosfat (*)	115-86-6	204-112-2“.

„(*) *Frá og með 1. janúar 2027 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda trífenýlfosfat og eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, á markað í Sambandinu. Frá og með 1. júlí 2028 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda trífenýlfosfat og eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, fram á markaði í Sambandinu*.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslna 24, 70 og 75 kemur eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„24	Vatnsleysanleg sinksölt, að undanskildu sinki	Zinc Acetate	557-34-6/ 5970-45-6	209-170-2/ –	a) Tannkrem sem er ætlað notendum eldri en eins árs	a) 1% (sem sink)		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
	4-hýdroxýben-sensúlfónat (færsla 25 í III. viðauka) (**)	Zinc Chloride	7646-85-7	231-592-0	b) Tannkrem sem er ætlað börnum á aldrinum 6 mánaða til eins árs	b) 0,72% (sem sink)		
		Zinc Gluconate	4468-02-4	224-736-9				
		Zinc Glutamate	1949-15-1	–				
		Zinc Citrate	546-46-3	208-901-2	c) Munnskol sem er ætlað notendum eldri en 6 ára	c) 0,1% (sem sink)		
		Zinc Sulphate	7733-02-0/ 7446-19-7/ 7446-20-0	231-793-3	d) Aðrar vörur	d) 1% (sem sink)“		
„70	3,7-dímetýl-2,6-oktadíenal (**) (E)-3,7-dímetýlokta-2,6-díenal (***) (Z)-3,7-dímetýlokta-2,6-díenal (***)	Citral	5392-40-5	226-394-6	a) Förðunarvörur fyrir varir, varalitur, varasalvar b) Lyktareyðar og svitavörn c) Vörur fyrir augu, andlitsfarði og farðahreinsir d) Ilmefnavörur (með vatni og alkóhóli og ekki með vatni og alkóhóli, í úðaformi og ekki í úðaformi)	a) 0,11% b) 0,032% c) 0,65% d) 0,6%	Tilvist efnisins eða efnanna skal tilgreind sem „sítral“ í skránni yfir innihaldsefni, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr., þegar styrkur efnisins eða efnanna fer yfir: — 0,001% í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun	
		Geranial	141-27-5	205-476-5				
		Neral	106-26-3	203-379-2				

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
					e) Húðvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun (að undanskildum vörum fyrir varir, lyktareyðum og svitavörn, ilmefna-vörum, vörum fyrir augu, andlitsfarða og farðahreinsum) og vörur fyrir neglur	e) 0,15%	— 0,01% í vörum sem á að skola burt eftir notkun.“	
					f) Vörur til munnhirðu	f) 0,35%		
					g) Hárvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun	g) 1,2%		
					h) Húðvörur og hárvörur sem á að skola burt eftir notkun	h) 1,2%		
					i) Vörur fyrir svæði endaþarmsops og ytri kynfæra sem ekki á að skola burt eftir notkun (þurrkur fyrir ungbörn og þurrkur fyrir kynfærasvæði)	i. 0,063%		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„75	2-hýdroxý-bensósýrufenýl-metýlester (**)	Benzyl Salicylate	118-58-1	204-262-9	a) Ilmefnavörur (með vatni og alkóhóli og ekki með vatni og alkóhóli, í úðaformi og ekki í úðaformi) b) Húð- og hárvörur sem á að skola burt eftir notkun (að undan-skildum sturtusápum/ baðvörum) c) Sturtusápur/baðvörur d) Húð- og hárvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun (ekki í úðaformi/ekki í vökvaúðaformi) (að undanskildu fljótandi líkamskremi) e) Hárvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun (úða-/vökvaúðaform) f) Fljótandi líkamskrem g) Andlitsfarði og farðahreinsivörur h) Vörur til munnhirðu i) Lyktareyðir (úða-/vökvaúðaform)	a) 4% b) 0,5% c) 1,3% d) 0,5% e) 0,5% f) 0,7% g) 0,2% h) 0.004% i) 0,91%	Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr., ef styrkur þess fer yfir: — 0,001% í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun — 0,01% í vörum sem á að skola burt eftir notkun.“	

b) Eftirfarandi færslum er bætt við:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„381	Innihaldsefni sem innihalda ál, að undanskilum þeim sem eru skráð í færslum 34, 50, 189, 190 og 192 í III. viðauka, í færslum 117, 118, 119, 121, 131 og 150 í IV. viðauka, í færslu 61 í V. viðauka og í færslu 27a í VI. viðauka. (**)				a) Svitavörn eða lyktareyðar, ekki í vökvaúðaformi b) Svitavörn eða lyktareyðar í vökvaúðaformi c) Tannkrem d) Vörur fyrir varir e) Vörur fyrir líkama og andlit sem á að skola burt eftir notkun f) Sápustykki g) Hárvörur sem á að skola burt eftir notkun h) Hárvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun sem gætu leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun i) Allar aðrar hárvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun	a) 7,73% (sem ál) b) 3,24% (sem ál) c) 3,18% (sem ál) d) 14,62% (sem ál) e) 0,89% (sem ál) f) 4% (sem ál) g) 7,14% (sem ál) h) 0,15% (sem ál) i) 6,7% (sem ál)	Að því er varðar q-lið: Ekki til notkunar í sólvarnarvörur sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.	Að því er varðar r-lið: Haldið dufti frá nefi og munni barna

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
					j) Förðunarvörur (að undan-skildum vörum fyrir varir, augnblýöntum, augnskugga, naglalakki og augnháralit)	j) 23% (sem ál)		
					k) Augnblýantar	k) 15,76% (sem ál)		
					l) Augnskuggi	l) 43,31% (sem ál)		
					m) Naglalakk	m) 3,61% (sem ál)		
					n) Augnháralitur	n) 3,13% (sem ál)		
					o) Andlitsvörur sem ekki á að skola burt eftir notkun (að undan-skildum förðunarvörum, augnblýöntum, augnskugga og augnháralit)	o) 10,59% (sem ál)		
					p) Vörur fyrir hendur sem ekki á að skola burt eftir notkun	p) 0,86% (sem ál)		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
					q) Aðrar vörur sem ekki á að skola burt eftir notkun (að undan-skildum svitavörn eða lyktareyðum, ekki í vökvaúðaformi, svitavörn eða lyktareyðum í vökvaúðaformi, andlitsvörum sem ekki á að skola burt eftir notkun, vörum fyrir hendur sem ekki á að skola burt eftir notkun og talkúm) r) Talkúm	q) 3,81% (sem ál) r) 2,0% (sem ál)		
382	*Vetiveria zizanioides*, kjarni, asetýlaður (**) Olíur, olíugras, asetýlaðar (**)	Acetylated Vetiveria Zizanioides Root Extract; Acetylated Vetiveria Zizanioides Root Oil	84082-84-8/ 68917-34-0	282-031-1/-	a) Ilmefnavörur (með vatni og alkóhóli og ekki með vatni og alkóhóli, í úðaformi og ekki í úðaformi) b) Lyktareyðir c) Förðunarvörur d) Vörur sem ekki á að skola burt eftir notkun (að undanskildum a-, b- og c-lið) e) Vörur sem á að skola burt eftir notkun	a) 0,9% b) 0,05% c) 0,05% d) 0,1% e) 0,2%	Að því er varðar a- til e-lið: stöðgað með 1% alfatókó-feróli (gildir um hráefni)	

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
383	3-[(E)-(3-klóró-4-hýdroxýfenýl)díasenýl]-2,l-bensísóþíasól-5-súlfónamíð	HC Blue No 18	1166834-57-6/ 852356-91-3	-/-	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 0,35%	Að því er varðar a-lið: Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,35%	Að því er varðar a-lið: Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
384	3-(2,5-díaminófenýl)própan-1-ól og 3-(2,5-díamínó-fenýl)própan-1-ól-díhýdróklóríðsalt	Hydroxypropyl-p-phenylenediamine and Hydroxypropyl-p-phenylenediamine 2HCl	73793-79-0 1928659-47-5	827-723-1 –	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2%	Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
385	2-klóró-4-[(1E)-(1-metýl-1H-pýrasól-5-ýl)díasenýl]-fenól	HC Yellow No 16	1184721-10-5	–	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,5%	Að því er varðar a-lið: Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1%	Að því er varðar a-lið: Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
386	2-klóró-4-{(E)-[3-(metýlþíó)-1,2,4-þíadíasól-5-ýl]díasenýl}fenól	HC Red No 18	1444596-49-9	–	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 0,5%	Að því er varðar a-lið: Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5%	Að því er varðar a-lið: Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með svörtum hennalit.“

„(**) *Frá og með 1. janúar 2027 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda þessi efni og eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, á markað í Sambandinu. Frá og með 1. júlí 2028 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda þessi efni og eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, fram á markaði í Sambandinu.“*

„(***) *Frá og með 1. janúar 2027 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda þessi efni og eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, á markað í Sambandinu. Frá og með 1. ágúst 2028 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda þessi efni og eru ekki í samræmi við takmarkanirnar, fram á markaði í Sambandinu*.“

3) Í V. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„61	Silfursinkseólít	Ammonium Silver Zinc Aluminium Silicate	130328-20-0	603-404-0	a) Lyktareyðir í úðaformi b) Púðurfarði	a- og b-liður 1%	Að því er varðar a- og b-lið má innihald silfurs í ammóníumsilfursin-kálsílíkati ekki fara yfir 2,5%.“	

4) Í stað færslu 28 í VI. viðauka kemur eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN/XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„28	Bensósýra, 2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-hexýlester (****)	Diethylamino Hydroxybenzoyl Hexyl Benzoate (DHHB)	302776-68-7	443-860-6		10%	Dí-n-hexýlþalat (DnHexP) sem óhjákvæmileg óhreinindaleif í DHHB má ekki fara yfir 10 ppm.“	

„(****) *Frá og með 1. janúar 2027 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda bensósýru-2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-hexýlester og eru ekki í samræmi við skilyrðin, á markað í Sambandinu. Frá og með 1. júlí 2028 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda bensósýru-2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-hexýlester og eru ekki í samræmi við skilyrðin, fram á markaði í Sambandinu*.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2526 **2026/EES/55/27**

frá 16. desember 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2713 til að leiðrétta tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB og til að tilnefna tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru ætluð til greiningar eða magnákvörðunar á merkiefnum sýkingar af völdum sníkla og greiningar á merkiefnum blóðflokkunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB ([1]), einkum 1. mgr. 100. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilnefningu samtakanna undir stjórn Servicio Madrileño de Salud (SERMAS) sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2713 ([2]) ætti að leiðrétta þannig að hún nái yfir stofnanir sem tengjast aðilum að samtökunum í því skyni að auðvelda stjórnun á framlagi Sambandsins sem er veitt til þessarar tilvísunarrannsóknarstofu ESB í samræmi við 6. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746.

2) Í febrúar 2025 auglýsti framkvæmdastjórnin eftir umsóknum, í samræmi við 1. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, um tilvísunarrannsóknarstofur ESB á ýmsum gildissviðum tilnefningarinnar eins og um getur í 1. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/944 ([3]). Fyrsta bylgja auglýsinga eftir umsóknum var fyrir fjögur gildissvið tilnefningar með umsóknarfresti til framkvæmdastjórnarinnar til 6. júní 2025.

3) Aðildarríki brugðust við auglýsingunni eftir tillögum frá febrúar 2025 með því að leggja fram umsóknir um tilnefningu sem voru metnar af valnefnd sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar komu á fót.

4) Valnefndin tók tillit til viðmiðananna fyrir tilvísunarrannsóknarstofur ESB sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, sem og 1. til 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/944.

5) Þegar tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins er tilnefnd skv. 5. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 og þáttum 4.11 og 4.12 í IX. viðauka, sem og þætti 5.4 í X. viðauka og þætti 5.1 í XI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/746, þarf tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins að gera sannprófun á virkni tækja í flokki D og prófanir á framleiðslulotum þeirra í samræmi við a- og b-lið 2. mgr. 100 gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á. Því tók valnefndin einnig tillit til sameiginlegrar getu umsagnarrannsóknarstofanna til að gera sannprófanir á virkni og prófanir á framleiðslulotum til að tryggja nægjanlegt framboð á þjónustu tilvísunarrannsóknarstofa ESB.

6) Að valferlinu loknu ætti að tilnefna þær rannsóknarstofur sem urðu fyrir valinu sem tilvísunarrannsóknarstofur ESB og tilgreina á hvaða sviði þær eru tilnefndar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2526, 17.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/746/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2713 frá 5. desember 2023 um tilnefningu tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins á sviði lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. ESB L, 2023/2713, 6.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2713/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/944 frá 17. júní 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 að því er varðar verkefni og viðmiðanir fyrir tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins á sviði lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. ESB L 164, 20.6.2022, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/944/oj).

7) Til að tryggja réttaröryggi og fyrirsjáanleika samræmismatsaðferða ættu nýlega tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB einungis að sinna verkefninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 að því er varðar tæki sem formleg umsókn um samræmismat fyrir er lögð fram eftir að tilnefning tilvísunarrannsóknarstofa ESB tekur gildi að því er varðar verkefnin sem sett eru fram í 2. mgr. 100. gr. þeirrar reglugerðar.

8) Því ætti að breyta og leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2713 til samræmis við það.

9) Í 5. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 er kveðið á um að tilvísunarrannsóknarstofur ESB skuli mynda netkerfi til að samræma og samhæfa starfsaðferðir sínar að því er varðar prófun og mat sem er nauðsynlegt til að sinna verkefnunum sem sett eru fram í 2. mgr. 100. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur þurfa framleiðendur og tilkynntir aðilar að aðlaga gildandi ferli sín við samræmismat á tækjum vegna tilnefningar nýrra tilvísunarrannsóknarstofa ESB og aðkomu þeirra að samræmismati. Fresta ætti beitingu tilnefninga nýlega tilnefndra tilvísunarrannsóknarstofa ESB vegna þeirra verkefna sem um getur í 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 til síðari dagsetningar til að gefa nýlega tilnefndum tilvísunarrannsóknarstofum ESB nægjanlegan tíma til að gerast aðilar að netkerfi tilvísunarrannsóknarstofa ESB, sem þegar hafa verið tilnefndar, og samræma og samhæfa starfsaðferðir sínar og gera framleiðendum og tilkynntum aðilum kleift að aðlaga ferli sín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2713 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvæði 3. liðar í viðaukanum við þessa reglugerð gilda frá 1. maí 2026 að því er varðar verkefnin sem um getur í 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skulu tilvísunarrannsóknarstofur ESB, sem voru tilnefndar í 3. lið í viðaukanum við þessa reglugerð, einungis sinna verkefninu sem um getur í a-lið 2. mgr. 100. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 fyrir tæki sem framleiðendur eða viðurkenndir fulltrúar leggja fram formlegar umsóknir um samræmismat fyrir hjá tilkynntum aðila í samræmi við fyrstu undirgrein í lið 4.3 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/746 frá 1. maí 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2713 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„a) Samtök undir stjórn:

Servicio Madrileño de Salud (SERMAS), Paseo de la Castellana 280, 28046, Madrid, Spáni

og mynduð af

Hospital General Universitario Gregorio Marañón og Fundación para la Investigación Biomédica del Hospital Gregorio Marañón, C/Doctor Esquerdo n°46, 28007, Madrid, Spáni,

Hospital Universitario la Paz, Paseo de la Castellana 261, 28046, Madrid, Spáni, og

Hospital Universitario Ramón y Cajal, Carretera de Colmenar Viejo Km 9,100, 28034, Madrid, Spáni,“.

2) Í stað a-liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„a) Samtök undir stjórn:

Servicio Madrileño de Salud (SERMAS), Paseo de la Castellana 280, 28046, Madrid, Spáni

og mynduð af

Hospital General Universitario Gregorio Marañón og Fundación para la Investigación Biomédica del Hospital Gregorio Marañón, C/Doctor Esquerdo n°46, 28007, Madrid, Spáni,

Hospital Universitario la Paz, Paseo de la Castellana 261, 28046, Madrid, Spáni, og

Hospital Universitario Ramón y Cajal, Carretera de Colmenar Viejo Km 9,100, 28034, Madrid, Spáni,“.

3) Eftirfarandi 5. og 6. lið er bætt við:

„5. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir tæki sem eru ætluð til greiningar eða magnákvörðunar á merkiefnum sýkingar af völdum sníkla:

a) Instituto de Salud Carlos III, Carretera de Majadahonda – Pozuelo, Km. 2,200, 28220, Majadahonda, Madrid, Spáni,

b) Consulting Químico Sanitario SLU, Calle Marie Curie 7, 28521, Rivas-Vaciamadrid, Madrid, Spáni.

6. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir tæki sem eru ætluð til greiningar á merkiefnum blóðflokkunar:

a) EU Referenzlabor für In-vitro-Diagnostika am Paul-Ehrlich-Institut, Paul-Ehrlich-Straße 51–59, 63225, Langen, Þýskalandi,

b) Consulting Químico Sanitario SLU, Calle Marie Curie 7, 28521, Rivas-Vaciamadrid, Madrid, Spáni,

c) RISE Research Institutes of Sweden AB, Brinellgatan 4, 504 62, Borås, Svíþjóð.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/879 2026/EES/55/28

frá 5. desember 2025

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1669 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar snjallsíma og spjaldtölva (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ([1]), einkum 1. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í dönsku, hollensku, eistnesku, lettnesku, maltnesku, pólsku, rúmensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunum af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1669 ([2]) er villa í þriðja málslið a-liðar í lið 2.2 í III. viðauka að því er varðar ásetningu merkimiða. Villan breytir merkingu ákvæðisins og hefur áhrif á efni þess. Í dönsku tungumálaútgáfunni er önnur villa að auki. Greinarmerki vantar á milli tveggja málsliða, sem getur leitt til misskilnings.

2) Því ætti að leiðrétta dönsku, hollensku, eistnesku, lettnesku, maltnesku, pólsku, rúmensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 2023/1669 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um ensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/879, 20.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/1369/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1669 frá 16. júní 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar snjallsíma og spjaldtölva (Stjtíð. ESB L 214, 31.8.2023, bls. 9, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/1669/oj).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2533 2026/EES/55/29

frá 17. nóvember 2023

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/826 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 15. gr. tilskipunar 2009/125/EB á framkvæmdastjórnin að setja kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta í Sambandinu og sem hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum á að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hönnun, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Í vinnuáætluninni um visthönnun 2016-2019 ([2]), sem framkvæmdastjórnin tók saman í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB, eru tilgreind forgangsverkefni samkvæmt rammanum um visthönnun og orkumerkingar fyrir árin 2016-2019. Í vinnuáætluninni eru tilgreindir orkutengdir vöruflokkar sem teljast forgangsmál í tengslum við undirbúningsrannsóknir og, ef þörf krefur, samþykkt framkvæmdarráðstafana. Til þessara vöruflokka teljast þurrkarar til heimilisnota. Þurrkarar til heimilisnota falla enn fremur undir meginhópana þrjá sem eru eyrnamerktir til endurskoðunar fyrir lok ársins 2025 í vinnuáætluninni um visthönnun og orkumerkingar 2022-2024 ([3]).

3) Áætlað er að fyrirhugaðar ráðstafanir vinnuáætlunarinnar um visthönnun 2022-2024 gætu skilað endanlegum árlegum heildarorkusparnaði sem nemur meira en 170 TWh fyrir árið 2030, sem jafngildir því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur u.þ.b. 24 milljónum tonna á ári árið 2030. Að því er varðar þurrkara til heimilisnota væri mögulega hægt að ná fram 0,6 TWh árlegum raforkusparnaði á ári eigi síðar en 2030 og 1,7 TWh á ári eigi síðar en 2040.

4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 ([4]) voru settar kröfur varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota.

5) Með ákvæðum 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 932/2012 var þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði reglugerðina í ljósi tækniframfara. Framkvæmdastjórnin framkvæmdi endurskoðunina og gerði tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningu á þurrkurum til heimilisnota sem og greiningu á hegðun raunverulegs notanda. Endurskoðunin fór fram í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru gerðar opinberar og kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun, sem komið var á fót í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2533, 22.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar, vinnuáætlun um visthönnun 2016-2019, (COM(2016) 773 lokagerð, 30.11.2016).

([3]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar, vinnuáætlun um visthönnun og orkumerkingar 2022-2024 (2022/C 182/01) (Stjtíð. ESB C 182, 4.5.2022, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 frá 3. október 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 278, 12.10.2012, bls. 1).

6) Þeir umhverfisþættir þurrkara til heimilisnota sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar eru orkunotkun á notkunartímanum, myndun úrgangs við lok endingartíma og losun í andrúmsloft á framleiðslustigi vegna náms og vinnslu hráefna og á notkunartímanum vegna raforkunotkunar.

7) Árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota, sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 932/2012, var áætluð 10,5 TWh á ári í Sambandinu árið 2020. Búist er við, miðað við óbreyttar aðstæður, að þessi notkun muni dragast saman niður í 9 TWh á ári árið 2030. Þessi samdráttur getur átt sér stað hraðar ef núverandi kröfur varðandi visthönnun eru uppfærðar til að fjarlægja þurrkara til heimilisnota með lélega orkunýtni af markaðnum.

8) Í aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið ([5]) og vinnuáætluninni um visthönnun og orkumerkingar 2022-2024 er lögð áhersla á mikilvægi þess að nota rammann um visthönnun til að styðja skipti yfir í auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi. Áætlað er að endingartími þurrkara til heimilisnota hafi á undanförnum árum dregist saman úr 14 árum niður í u.þ.b. 12 ár og að þessi þróun sé líkleg til að halda áfram ef engir hvatar eru til staðar til að viðhalda og gera við þurrkara til heimilisnota á tilhlýðilegan hátt. Því ætti þessi reglugerð að mæla fyrir um viðeigandi kröfur sem stuðla að markmiðum um hringrásarhagkerfi, einkum að gera tiltækileika varahluta skyldubundinn og bæta gæði upplýsinga um hvernig endanlegur notandi geti sjálfur sinnt viðhaldi vörunnar.

9) Í endurskoðuninni, sem um getur í 5. forsendu, er vísað til þess að mikill meirihluti þurrkara á markaðnum hafi þéttingarafköst yfir 80%. Lágmarksviðmiðunarmörk fyrir þéttingarafköst ættu að hækka úr 70% í 80%.

10) Þurrkarar til heimilisnota með fleiri en eina tromlu hafa sömu grundvallareiginleika og þurrkarar til heimilisnota og ættu því að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

11) Innbyggðir þurrkarar til heimilisnota eru settir upp í innréttingu eða umluktir klæðningu sem, þegar þeir eru prófaðir m.t.t. samræmis, halda í sér varmanum sem myndast inni í þurrkaranum, sem leiðir til betri orkunýtni og stuðlar að því að kröfur varðandi visthönnun séu uppfylltar. Bæta ætti skilgreininguna á innbyggðum þurrkurum til heimilisnota til að aðgreina þá frá öðrum þurrkurum til heimilisnota sem eru staðsettir undir klæðningu en eru ekki umluktir klæðningu og því er ekki hægt að prófa þá sem innbyggða þurrkara til heimilisnota.

12) Þurrkarar til heimilisnota sem ganga fyrir rafhlöðum, sem einnig má tengja við rafkerfið með jafn- og riðstraumbreyti sem keyptur er sérstaklega, eru líklega notaðir við hreyfanlegar kringumstæður, til að mynda en ekki einvörðungu í húsbílum. Þeir skulu því undanskildir gildissviði þessarar reglugerðar.

13) Mæla ætti fyrir um sértæk viðmiðunarmörk fyrir lágaflsham þurrkara til heimilisnota. Kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/826 ([6]) ættu ekki að gilda um vörur sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/826 til samræmis við það.

14) Tímalínan fyrir nýju kröfuna um hámarksaflnotkun þegar slökkt er á þurrkurum til heimilisnota ætti að vera í samræmi við tímalínuna sem sett er fram fyrir aflnotkun þegar slökkt er á þurrkara samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/826.

([5]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Hringrásinni lokað — aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið (COM(2015) 614, lokagerð, 2.12.2015).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/826 frá 17. apríl 2023 um kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til orkunotkunar þeirra þegar slökkt er á þeim, þau eru í reiðuham og þegar þau eru í nettengdum reiðuham samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og (EB) nr. 107/2009 (Stjtíð. ESB L 103, 18.4.2023, bls. 29).

15) Mæla ætti viðeigandi mæliþætti vara með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum. Þessar mæliaðferðir ættu að taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða, sem byggja á nýjustu tækni, og, ef þeir eru fyrir hendi, samhæfðra staðla, sem evrópskar staðlastofnanir hafa samþykkt og taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([7]).

16) Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

17) Til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

18) Ef mæliþættir tæknigagnanna, sem tilgreindir eru í þessari reglugerð, eru eins og mæliþættir vöruupplýsingablaðsins sem tilgreindir eru í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2534 ([8]), ættu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar að færa inn samsvarandi gögn í vörugagnagrunninn í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([9]) og ættu ekki lengur að þurfa að leggja þau fyrir markaðseftirlitsyfirvöld sem hluta af tæknigögnunum.

19) Í því skyni að vernda neytendur ætti að banna að vörur, sem breyta frammistöðu sinni sjálfkrafa meðan á prófun stendur með tilliti til yfirlýstra mæliþátta, séu settar á markað. Að sama skapi ættu hugbúnaðaruppfærslur á vörunni ekki að rýra frammistöðu með tilliti til yfirlýstra mæliþátta.

20) Í sannprófunaraðferðinni vegna markaðseftirlits ætti að kveða á um tilvik þar sem prófanir, sem framkvæmdar eru á þurrkurum til heimilisnota, skila ekki niðurstöðum sem gilda til samanburðar við yfirlýst gildi framleiðanda.

21) Í samræmi við ákvæði 2. liðar 3. hluta I. viðauka tilskipunar 2009/125/EB ætti að veita leiðbeinandi viðmiðanir um bestu fáanlegu tækni til að tryggja víðtækan og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika á vistferli vara sem falla undir þessa reglugerð.

22) Hugsanlegur leki kælimiðils, sem er að finna í varmadæluþurrkurum, getur stuðlað að hnattrænni hlýnun. Birta ætti á sýnilegum stað, þá tegund kælimiðils sem er notuð, á þurrkaranum til heimilisnota til að stuðla að viðeigandi meðhöndlun kælimiðilsins þegar gert er við tækið, það endurunnið eða því fargað.

23) Með framseldri reglugerð (ESB) 2023/807 ([10]) er frumorkuþátturinn 1,9 ákvarðaður fyrir raforku (umreiknistuðull) sem skal beita þegar orkusparnaður er reiknaður út frá frumorku á grundvelli endanlegrar orkunotkunar. Þennan frumorkuþátt ætti að nota við samanburð á orkunotkun þurrkara sem nota rafmagn og þurrkara sem eru gaskyntir.

24) Þessa reglugerð ætti að endurskoða til þess að meta hversu viðeigandi og skilvirk ákvæði hennar eru til þess að ná tilskildum markmiðum. Endurskoðunin ætti að fara fram þegar öllum ákvæðum hefur verið hrint í framkvæmd og þau hafa haft merkjanleg áhrif á markaðinn.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2534 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 (Stjtíð. ESB L 2023/2534, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2534/oj).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/807 frá 15. desember 2022 um endurskoðun á frumorkuþætti fyrir raforku við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (Stjtíð. ESB L 101, 14.4.2023, bls. 16).

25) Til að greiða fyrir umskiptunum frá reglugerð (ESB) nr. 932/2012 yfir í þessa reglugerð ætti að leyfa notkun á nýja heitinu „eco“ frá og með gildistöku þessarar reglugerðar. Á sama tíma ætti framleiðendum enn fremur að vera heimilt að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar fjórum mánuðum fyrir þann dag þegar hún kemur til framkvæmda.

26) Til að tryggja að unnt sé að gera við þurrkara til heimilisnota með skilvirkum hætti ætti verð á varahlutum að vera sanngjarnt og ekki virka letjandi á viðgerðir. Til að skapa gagnsæi og hvetja til sanngjarnrar verðlagningar ætti leiðbeinandi verð fyrir varahluti fyrir skatt, sem veitt er í samræmi við þessa reglugerð, að vera aðgengilegt á opnu vefsetri.

27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

28) Fella ætti reglugerð (ESB) nr. 932/2012 úr gildi frá og með 30. júní 2025.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað eða taka í notkun þurrkara til heimilisnota sem nota rafmagn og þurrkara sem eru gaskyntir. Hún gildir einnig um innbyggða þurrkara til heimilisnota, þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu og þurrkara til heimilisnota sem nota rafmagn sem geta einnig gengið fyrir rafhlöðum.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) þvottavélar með þurrkara til heimilisnota og þeytivindur til heimilisnota,

b) þurrkara sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([11]),

c) þurrkara til heimilisnota sem ganga fyrir rafhlöðum en tengja má við rafkerfið með jafn- og riðstraumbreyti sem keyptur er sérstaklega.

3. Kröfurnar í 2. og 3. þætti og a- og b-lið 1. liðar í 6. þætti II. viðauka gilda ekki um þurrkara til heimilisnota með 3 kg nafnafköst eða minni, að því er varðar eco-kerfið.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þurrkari til heimilisnota“: tæki sem textílefni eru þurrkuð í með því að láta þau snúast í tromlu og hitað loft streyma í gegnum og sem framleiðandinn hefur lýst yfir í samræmisyfirlýsingunni að samræmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB ([12]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([13]),

2) „rafveita“: raforkudreifing frá dreifikerfinu við 230 (± 10%) volta riðstraum við 50 Hz,

3) „þurrkari sem er gaskyntur“: þurrkari til heimilisnota sem notar gas til að hita loftið innan í þurrkaranum,

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

4) „innbyggður þurrkari til heimilisnota“: þurrkari til heimilisnota sem er sérstaklega hannaður, prófaður og markaðssettur með alla eftirfarandi eiginleika til að:

   a) vera uppsettur í innréttingu eða umlukinn (að ofan og/eða undir og til hliðar) klæðningu,

   b) vera festur á öruggan hátt við hliðar, topp eða botn innréttingarinnar eða klæðningarinnar,

   c) vera útbúinn með sambyggðri verksmiðjuframleiddri framhlið eða uppsettur með sérsmíðaðri klæðningu að framan,

5) „þvottavél með þurrkara til heimilisnota“: tæki eins og það er skilgreint í 4. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023 ([14]),

6) „þeytivinda til heimilisnota“: búnaður þar sem vatn er fjarlægt úr textílefnum með miðflóttaafli í snúningstromlu og losað með sjálfvirkri dælu eða með þyngdarafli, sem er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni og er einnig þekkt sem „þeytivinda“ (e. *spin-dryer*),

7) „þurrkari til heimilisnota með fleiri en eina tromlu“: þurrkari til heimilisnota sem er útbúinn með fleiri en einni tromlu, annaðhvort í aðskildum vélarhúsum eða í sama vélarhúsi,

8) „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingar sem veita skal, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennda fulltrúa sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,

9) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrir fram og framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir þurrkun á tilteknum tegundum textílefna,

10) „tegundarauðkenni“: þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða sama nafni framleiðanda, innflytjanda eða viðurkennds fulltrúa,

11) „yfirlýst gildi“: gildi sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi leggur fram fyrir uppgefna, reiknaða eða mælda tæknilega mæliþætti í samræmi við 4. gr. vegna sannprófunar yfirvalda aðildarríkis á samræmi,

12) „vörugagnagrunnur“: vörugagnagrunnur eins og hann er skilgreindur í 25. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1369,

13) „nafnafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi gefur upp, á 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í einni þurrkunarlotu þurrkara til heimilisnota á völdu kerfi, þegar hann er hlaðinn samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

14) „eco-kerfi“: kerfi þar sem hægt er að þurrka baðmullarþvott með upphaflegt 60% rakainnihald þar til endanlegt rakainnihald verður 0%,

15) „upphaflegt rakainnihald“: rakamagn í þvotti við upphaf þurrkunarlotu,

16) „endanlegt rakainnihald“: rakamagn í þvotti við lok þurrkunarlotu,

17) „þurrkunarlota“: heilt þurrkunarferli eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi sem samanstendur af röð ólíkra aðgerða, þ.m.t. upphitun og þeytivindingu,

Í II.–V. viðauka gilda viðbótarskilgreiningarnar sem settar eru fram í I. viðauka.

([14]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 285).

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

1. Þurrkarar til heimilisnota skulu uppfylla þær kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Hvort viðeigandi kröfur varðandi visthönnun séu uppfylltar skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal fylgja innra hönnunareftirlitskerfinu, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfinu, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda yfirlýst gildi mæliþáttanna sem eru tilgreindir í 2., 3. og 4. lið í II. viðauka við þessa reglugerð og upplýsingar og niðurstöður útreikninganna sem gerðir eru í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað með einni af eftirfarandi aðferðum skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um þessa útreikninga, hvaða mat framleiðandinn hefur gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna og, þar sem við á, yfirlýsingu sem staðfestir að tegundir frá mismunandi framleiðendum eru eins:

a) á grundvelli tegundar með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar tækniupplýsingarnar sem veita skal, en er framleidd af öðrum framleiðanda eða

b) með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarrar tegundar frá sama eða öðrum framleiðenda, eða báðum þessum aðferðum.

4. Tæknigögnin skulu innihalda skrá yfir jafngildar tegundir, þ.m.t. tegundarauðkenni.

5. Tæknigögnin skulu innihalda upplýsingar í þeirri röð og eins og sett er fram í VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2023/2534. Vegna markaðseftirlits er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum heimilt, án þess að hafa áhrif á g-lið 2. liðar IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að vísa til tæknigagnanna sem halað hefur verið upp í vörugagnagrunninn sem inniheldur sömu upplýsingar og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2023/2534.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð, við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

6. gr.

Sniðganga

1. Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu ekki setja á markað eða taka í notkun vörur sem eru hannaðar til að breyta hegðun sinni eða eiginleikum þegar prófun á þeim fer fram til ná fram hagstæðari niðurstöðu fyrir eitthvert af yfirlýstu gildum mæliþáttanna sem reglur hafa verið settar um í þessari reglugerð. Þetta á við um, en takmarkast þó ekki við, vörur sem eru þannig hannaðar að þær geti greint að verið sé að prófa þær, með því að þekkja aftur prófunarskilyrðin eða prófunarlotuna og bregðast við með því að breyta hegðun sinni eða eiginleikum sjálfkrafa, og vörur sem eru stilltar fyrir fram til að breyta hegðun sinni eða eiginleikum þegar prófun fer fram.

2. Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu ekki mæla fyrir um sérstakar prófunarleiðbeiningar sem breyta hegðun eða eiginleikum vara til að ná fram hagstæðari niðurstöðu fyrir eitthvert af yfirlýstum gildum mæliþáttanna sem reglur hafa verið settar um í þessari reglugerð. Þetta á við um, en takmarkast þó ekki við, að mæla fyrir um handvirka breytingu á vöru við undirbúning prófunar sem breytir hegðun hennar eða eiginleikum þegar hún er í venjulegri notkun og stjórnað af endanlegum notanda.

3. Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu ekki setja á markað eða taka í notkun vörur sem eru hannaðar til að breyta hegðun sinni eða eiginleikum stuttu eftir að þær eru teknar í notkun á þann hátt að það rýri yfirlýst gildi mæliþáttanna sem reglur hafa verið settar um í þessari reglugerð.

7. gr.

Uppfærsla á hugbúnaði

1. Uppfærslur á hugbúnaði eða fastbúnaði skulu ekki rýra yfirlýst gildi mæliþátta þurrkara til heimilisnota þegar þau eru mæld með prófunaraðferðinni sem er í gildi á þeim tíma þegar þurrkararnir eru settir á markað eða teknir í notkun.

2. Ef uppfærslu er hafnað skal það ekki hafa í för með sér breytingar á yfirlýstum gildum mæliþátta þurrkara til heimilisnota þegar þau eru mæld með prófunaraðferðinni sem er í gildi á þeim tíma þegar þurrkararnir eru settir á markað eða teknir í notkun.

8. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Viðmiðanir fyrir þurrkara til heimilisnota sem skila bestum árangri og eru tiltækir á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

9. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar, þ.m.t., ef við á, drög að tillögu um endurskoðun, á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en 12. desember 2029.

Við endurskoðunina skal einkum meta:

a) möguleikann á umbótum með tilliti til orkunýtingar og vistvænleika þurrkara til heimilisnota,

b) þróun á hegðun neytenda og framkvæmanleika skyldubundins endurgjafarkerfis varðandi hleðslu vélarinnar og orkunotkun og tímalengd kerfisins sem valið er,

c) skilvirkni gildandi krafna um auðlindanýtni,

d) hvort viðeigandi sé að fastsetja viðbótarkröfur um auðlindanýtni fyrir vörur í samræmi við markmið hringrásarhagkerfisins, þ.m.t. tiltækileika viðbótarvarahluta og upplýsingar um mikilvæg hráefni og önnur efni sem skipta máli fyrir umhverfið,

e) hvort viðeigandi sé að fastsetja kröfur varðandi visthönnun þurrkskápa (e. *cabinet dryer*),

f) hvort viðeigandi sé að fastsetja kröfur um að draga úr útbreiðslu örplasts.

10. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) 2023/826

1. Í 1. lið í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/826:

a) í stað færslunnar „þurrkarar og önnur tæki til að þurrka fatnað“ kemur „tæki til að þurrka fatnað, að undanskildum þurrkurum til heimilisnota sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2533 (*),

b) í stað færslunnar „önnur tæki til eldunar og annarrar vinnslu matvæla, til að útbúa drykkjarföng, til þrifa og viðhalds á fatnaði, að undanskildum uppþvottavélum til heimilisnota, sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2022, og þvottavélum til heimilisnota og þvottavélum með þurrkara til heimilisnota, sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023“ kemur:

„önnur tæki til eldunar og annarrar vinnslu matvæla, til að útbúa drykkjarföng, til þrifa og viðhalds á fatnaði, að undanskildum uppþvottavélum til heimilisnota, sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2022 (*), þvottavélum til heimilisnota og þvottavélum með þurrkara til heimilisnota, sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023 (**), og þurrkurum til heimilisnota, sem falla undir reglugerð (ESB) 2023/2533,

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2022 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1016/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 267).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2023 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 285).“

2. Í b-lið 1. liðar í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/826:

í stað málgreinarinnar „Aflnotkun búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og birtingu upplýsinga eða stöðu, skal ekki fara umfram 0,80 W, nema um sé að ræða þurrkara til heimilisnota sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 en þá skal þetta gildi vera 1,00 W“ kemur eftirfarandi:

„Aflnotkun búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og birtingu upplýsinga eða stöðu, skal ekki fara umfram 0,80 W.“

11. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 932/2012 er felld úr gildi.

12. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Til og með 30. júní 2025, þarf ekki, þrátt fyrir körfurnar í lið 1.1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 932/2012, að tilgreina upplýsingar um staðalbaðmullarkerfi á búnaði til að velja þurrkunarkerfi þurrkara til heimilisnota eða á skjá þurrkara til heimilisnota, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) staðalbaðmullarkerfið er auðkennt með greinilegum hætti í leiðbeiningunum, sem um getur í lið 1.2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 932/2012, og í tæknigögnunum, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar,

b) eco-kerfið er greinilega sýnt á búnaði til að velja þurrkunarkerfi þurrkara til heimilisnota eða á skjá þurrkara til heimilisnota, í samræmi við b-lið 1. liðar II. viðauka.

2. Ef engin eining sömu tegundar eða sambærilegrar tegundar var sett á markað fyrir 1. mars 2025 skulu einingar tegunda sem settar voru á markað frá 1. mars 2025 til 30. júní 2025, og uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, teljast uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 932/2012.

13. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2025. Ákvæði 6. gr. koma hins vegar til framkvæmda frá og með 12. desember 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

Í II.–V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „barkaþurrkari“: þurrkari til heimilisnota sem tekur inn ferskt loft, flytur það um textílefnin og hleypir raka loftinu því næst út í herbergið eða út,

2) „þurrkari með gufuþétti“: þurrkari til heimilisnota sem felur í sér kerfi til að fjarlægja raka úr loftinu sem notað er í þurrkunarferlinu með rakaþéttingu eða öðrum aðferðum,

3) „þurrkari með hitaldi“: þurrkari til heimilisnota þar sem rafviðnám er eina eða helsta aðferðin til að hita loftið innan í þurrkaranum,

4) „varmadæluþurrkari“: þurrkari til heimilisnota þar sem eina eða helsta aðferðin til að hita loftið innan í þurrkaranum er varmadælukerfi,

5) „orkunýtnistuðull“ (EEI): hlutfall veginnar orkunotkunar og orkunotkunar staðlaðrar þurrkunarlotu tiltekinnar tegundar þurrkara til heimilisnota,

6) „lengd kerfis“: tíminn frá upphafi þess að valið kerfi er sett af stað, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda, þar til að gefið er til kynna að kerfinu sé lokið og notandi hefur aðgang að þvottinum,

7) „full hleðsla“: nafnafköst þurrkara til heimilisnota á tilteknu kerfi,

8) „hlutahleðsla“: helmingur nafnafkasta þurrkara til heimilisnota á tilteknu kerfi,

9) „þéttingarafköst“: hlutfall rakamassa sem þéttist í þurrkara með gufuþétti og massa rakans sem er fjarlægður úr þvottinum við lok þurrkunarlotunnar,

10) „slökkt á vél“: ástand þar sem þurrkari til heimilisnota er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk, þ.m.t. eftirfarandi ástand:

    a) ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á vél,

    b) ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB ([1]),

11) „reiðuhamur“: ástand þar sem þurrkari til heimilisnota er tengdur rafkerfinu og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir eða einhverjar þessara aðgerða, sem geta varað ótímabundið:

    a) endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk,

    b) endurvirkjunaraðgerð í gegnum nettengingu („nettengdur reiðuhamur“),

    c) birting upplýsinga eða stöðu,

    d) skynjaravirkni fyrir neyðarráðstafanir,

12) „net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskipta-aðferðum og -sniði (samskiptareglur),

13) „krumpuvörn“: aðgerð þurrkara til heimilisnota eftir að kerfi lýkur til að koma í veg fyrir óhóflega krumpumyndun í þvottinum,

14) „frestun á upphafi kerfis“: ástand þar sem notandinn velur tiltekna frestun á upphafi og enda þurrkunarlotu valins kerfis,

15) „varahlutur“: aðskilinn hlutur sem getur komið stað hlutar með sömu eða álíka virkni í vöru,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegul-sviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

16) „faglærður viðgerðaraðili“: rekstraraðili eða fyrirtæki sem veitir viðgerðarþjónustu og faglegt viðhald á þurrkurum til heimilisnota,

17) „ábyrgð“: allar skuldbindingar seljanda eða framleiðanda gagnvart neytandanum varðandi að annaðhvort endurgreiða það verð sem greitt er eða að skipta út, gera við eða meðhöndla þurrkara til heimilisnota á einn eða annan hátt ef hann uppfyllir ekki þær forskriftir sem settar eru fram í ábyrgðaryfirlýsingu eða í viðeigandi auglýsingu,

18) „umreiknistuðull“ (CC): sjálfgefinn stuðull fyrir frumorku á hverja kílóvattstund af raforku, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB, en gildi stuðulsins er CC = 1,9.

———

II. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN

1. Kröfur um kerfi

Þurrkarar til heimilisnota skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þurrkarar til heimilisnota skulu bjóða upp á eco-kerfi. Uppgefin nafnafköst eco-kerfisins skulu ekki vera lægri en hæstu uppgefnu nafnafköst allra baðmullarkerfa þurrkara til heimilisnota,

b) eco-kerfi skal tilgreint sem „eco“ og skal það auðgreinanlegt á búnaði til að velja þvottakerfi, á skjá eða gegnum nettengingu, með hliðsjón af þeirri virkni sem þurrkarinn til heimilisnota býður upp á,

c) heitið „eco“ skal eingöngu notað fyrir eco-kerfið og einungis má bæta við heitinu „baðmull“. Sniðið á heitinu er ekki takmarkað hvað varðar leturgerð, leturstærð, há- eða lágstafi eða lit. Ekkert annað kerfi skal hafa heitið „eco“ í heiti sínu,

d) eco-kerfið skal vera það kerfi sem er sjálfgefið í sjálfvirku kerfisvali eða í allri virkni sem viðheldur vali á kerfi eða, ef sjálfvirkt kerfisval er ekki fyrir hendi, tiltækt með beinu vali án þess að nauðsynlegt sé að velja tiltekin tíma eða hvað er sett í vélina,

e) upplýsingarnar „venjulegt“, „daglegt“, „reglulegt“ og „staðlað“ og þýðingar þeirra á öll opinber tungumál Sambandsins, skulu ekki notaðar á heiti kerfa þurrkara til heimilisnota, hvorki einar sér né í samsetningu með öðrum upplýsingum.

2. Orkunýtnikröfur

Orkunýtnistuðull þurrkara til heimilisnota skal ekki vera yfir 85.

Orkunýtnistuðullinn skal reiknaður út í samræmi við III. viðauka.

3. Kröfur um þéttingarafköst

Þéttingarafköst þurrkara með gufuþétti skulu ekki vera undir 80%. Þéttingarafköst skulu reiknuð út í samræmi við III. viðauka.

4. Lágaflshamur

Þurrkarar til heimilisnota skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þeir skulu hafa möguleikann slökkt á vél eða reiðuham eða bæði. Aflnotkun þegar slökkt er á vél skal ekki fara yfir 0,50 W og aflnotkun í reiðuham skal ekki fara yfir 0,50 W; frá og með 9. maí 2027 skal aflnotkun þegar slökkt er á vél ekki fara yfir 0,3 W,

b) ef reiðuhamur felur í sér upplýsinga- eða stöðuvísi skal aflnotkun í þessum ham ekki fara yfir 1,00 W,

c) ef reiðuhamur býður upp á tengingu við netkerfi og nettengdan reiðuham eins og skilgreint er í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/826, skal aflnotkun í þessum ham ekki fara yfir 2,00 W,

d) eigi síðar en 15 mínútum eftir að kveikt er á þurrkara til heimilisnota eða eftir að kerfi og tengdum aðgerðum lýkur eða að gert er hlé á krumpuvörn eða að loknum hvers konar gagnvirkum samskiptum við þurrkara til heimilisnota, ef enginn annar hamur er virkjaður, þ.m.t. neyðarráðstafanir, skal þurrkari til heimilisnota sjálfkrafa slökkva á sér eða fara í reiðuham,

e) ef þurrkari til heimilisnota býður upp frestun á upphafi kerfis skal aflnotkun í því ástandi, þ.m.t. reiðuham, ekki fara yfir 4,00 W. Notandi skal ekki geta forritað frestun á upphafi lengur en sem nemur 24 klst.,

f) allir þurrkarar til heimilisnota sem hægt er að tengja við net skulu bjóða upp á þann möguleika að gera nettenginguna eða nettengingarnar virkar og óvirkar. Sjálfgefna stillingin skal vera að nettengingin eða nettengingarnar séu óvirkar.

5. Kröfur um auðlindanýtni

1) Tiltækileiki varahluta:

a) að því er varðar allar tegundir, þar sem einingar eru settar á markað frá og með 1. júlí 2025, skulu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þurrkara til heimilisnota gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila:

i. pakkningar og þétta,

ii. rofa og hnappa,

iii. þéttivatnsdælu,

iv. hreyfla og bursta fyrir hreyfla,

v. yfirfærslur milli hreyfils og tromlu,

vi. viftu og viftuhjól,

vii. tromlur og legur,

viii. vatnslagnir og tilheyrandi búnað, þ.m.t. slöngur, lokur og síur,

ix. kapla og tengla,

x. prentplötur,

xi. rafræna skjái,

xii. hitastilla og hitaskynjara,

xiii. hugbúnað og fastbúnað, þ.m.t. endurstillingarhugbúnað,

xiv. höggdeyfa og fjaðrir,

xv. hitara og hitöld,

xvi. bræðivör (aðskilin eða samansett),

xvii. reimastrekkjara (e. *tension pulley*),

xviii. stoðkefli (e. *support roller*),

xix. þrýstirofa,

b) tiltækileiki varahluta, sem um getur í a-lið, skal tryggður í lágmarkstíma sem hefst eigi síðar en 1. júlí 2025 eða tveimur árum eftir að fyrsta eining tegundarinnar, hvort sem síðar verður, er sett á markað og lýkur a.m.k. 10 árum eftir að síðasta eining viðkomandi tegundar er sett á markað. Í þeim tilgangi skal skrá yfir varahluti, aðferðin við að panta þá og viðgerðarleiðbeiningar vera aðgengilegar öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa, a.m.k. á sama tímabili og sem hefst á dagsetningunni sem um getur í þessum lið,

c) að því er varðar allar tegundir, þar sem einingar eru settar á markað frá og með 1. júlí 2025, skulu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þurrkara til heimilisnota gera a.m.k. eftirfarandi varahluti tiltæka fyrir faglærða viðgerðaraðila og endanlega notendur:

i. hurðir, þéttilista, hurðarhúna, hurðarlæsingar og lamir,

ii. lósíur,

iii. loftsíur,

iv. jaðarbúnað úr plasti,

v. þéttivatnstank,

d) tiltækileiki varahluta, sem um getur í c-lið, skal tryggður í lágmarkstíma sem hefst á þeim degi sem viðkomandi eining er sett á markað og lýkur a.m.k. tíu árum eftir að síðasta eining viðkomandi tegundar er sett á markað. Í þeim tilgangi skal skrá yfir varahluti, aðferðin við að panta þá og upplýsingar um viðgerðir og viðhald vera aðgengilegar öllum á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa, a.m.k. á sama tímabili og sem hefst á dagsetningunni sem um getur í þessum lið,

e) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þurrkara til heimilisnota skulu tryggja að hægt sé að skipta út varahlutunum sem um getur í a- og c-lið með því að nota algeng verkfæri og án þess að valda varanlegum skemmdum á þurrkaranum til heimilisnota,

f) á tímabilinu, sem um getur í b- og d-lið, skulu framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar leggja fram leiðbeinandi verð fyrir skatt, a.m.k. í evrum, fyrir varahluti sem taldir eru upp í a- og c-lið, þ.m.t. leiðbeinandi verð fyrir skatt á festingum og verkfærum, ef þau fylgja með varahlutnum, á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennda fulltrúans.

2) Hámarkstími fyrir afhendingu varahluta:

á tímabilinu sem varahlutir eru tiltækir skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi tryggja afhendingu varahluta innan 15 virkra daga eftir að pöntunin hefur verið móttekin.

3) Aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald:

a) á tímabilinu sem um getur í b-lið 1. liðar skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi veita faglærðum viðgerðaraðilum aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald tækisins.

Á vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa skal lýsa því hvernig faglærður viðgerðaraðili eigi að óska eftir aðgangi að upplýsingum. Til þess að samþykkja slíka beiðni er framleiðendum, innflytjendum eða viðurkenndum fulltrúum einungis heimilt að fara fram á það að faglærði viðgerðaraðilinn sýni fram á að:

i. hann búi yfir tæknilegri færni til að gera við þurrkara til heimilisnota og uppfylli gildandi reglur um viðgerðarmenn rafbúnaðar í aðildarríkinu þar sem hann starfar. Skráning faglærðs viðgerðaraðila í opinbert skráningarkerfi, ef slíkt kerfi er fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal vera fullnægjandi sönnun þess að farið sé að þessum lið,

ii. hann hafi tryggingu sem tekur til bótaábyrgðar í tengslum við starfsemi hans, án tillits til þess hvort þess sé krafist af aðildarríkinu,

b) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu innan fimm virkra daga samþykkja eða hafna beiðninni sem um getur í a-lið,

c) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eða fyrir að fá reglulegar uppfærslur. Gjald telst sanngjarnt ef það hindrar ekki faglærðan viðgerðaraðila í að nýta sér aðgang að upplýsingum og að það miðist ekki við umfang upplýsinganna sem eru notaðar,

d) þegar beiðnin hefur verið samþykkt skal faglærður viðgerðarmaður hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum um viðgerðir og viðhald innan eins virks dags frá því óskað var eftir þeim. Heimilt er að leggja fram upplýsingar fyrir sambærilega tegund eða tegund sem tilheyrir sama hópi, ef við á,

e) upplýsingar um viðgerðir og viðhald ættu að innihalda:

i. ótvíræða auðkenningu þurrkara til heimilisnota,

ii. mynd af sundurhlutun tækis eða sundurgreindar teikningar,

iii. tæknihandbók með viðgerðarleiðbeiningum,

iv. skrá yfir nauðsynlegan viðgerðar- og prófunarbúnað,

v. upplýsingar um íhluti og greiningar (t.d. lægstu og hæstu fræðileg gildi mælinga),

vi. skýringarmynd fyrir raflagnir og tengi,

vii. bilana- og villugreiningarkóðar (þ.m.t. sérkóðar framleiðanda, eftir atvikum),

viii. leiðbeiningar um uppsetningu á viðeigandi hugbúnaði og fastbúnaði, þ.m.t. endurstillingarhugbúnaði,

ix. upplýsingar um hvernig nálgast megi gagnaskrár yfir tilkynntar villur sem eru geymdar í þurrkara til heimilisnota (eftir atvikum),

x. skýringarmyndir af prentplötum,

f) með fyrirvara um hugverkarétt skal þriðju aðilum heimilt að nota og birta óbreyttar upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hefur upphaflega birt og sem falla undir e-lið, ef framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi lokar aðgangi að þeim upplýsingum eftir að aðgangstímabili að upplýsingum um viðgerðir og viðhald er lokið.

4) Framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar þurrkara til heimilisnota skulu gera uppfærslur á hugbúnaði og fastbúnaði tiltækar í a.m.k. tíu ár eftir að síðasta eining tegundar er sett á markað og skulu þessar uppfærslur á hugbúnaði og fastbúnaði veittar án endurgjalds.

5) Upplýsingakröfur varðandi kæligös:

Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 ([1]), einkum 12. gr. um merkingar og upplýsingar um vörur og búnað, skal efnaheiti eða viðurkennd iðnaðartilgreining fyrir kæligasið, sem notað er í varmadæluþurrkara, vera varanlega fest á sýnilegan hátt á ytra byrði tækisins og endanlegur notandi getur auðveldlega borið kennsl á, t.d. á bakhlið.

6) Kröfur um að taka í sundur til endurnýtingar efnis og endurvinnslu og forðast mengun samtímis:

a) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu tryggja að þurrkarar til heimilisnota séu hannaðir á þann hátt að hægt sé að fjarlægja efni og íhluti, sem um getur í VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([2]), úr tækinu með því að nota algeng verkfæri,

b) framleiðendur, innflytjendur eða viðurkenndir fulltrúar skulu uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

6. Kröfur um upplýsingar

Leiðbeiningar fyrir notendur og uppsetningaraðila skulu lagðar fram í formi notendahandbókar á opnu vefsetri framleiðandans, innflytjandans eða viðurkennds fulltrúa, og skulu innihalda:

1) eftirfarandi almennar upplýsingar:

a) upplýsingar um að eco-kerfið henti til að þurrka blautan baðmullarþvott og að þetta kerfi sé notað til að meta reglufylgni við löggjöf ESB um visthönnun,

b) upplýsingar um að eco-kerfið sé skilvirkasta kerfið hvað varðar orkunotkun við þurrkun á blautum baðmullarþvotti,

c) upplýsingar um að hleðsla þurrkara til heimilisnota upp að hámarksgetu viðkomandi kerfis sem framleiðandi tilgreinir stuðli að orkusparnaði,

d) ef við á, upplýsingar um hvernig eigi að gera nettenginguna virka og óvirka og áhrif þess á orkunotkun,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

e) leiðbeiningar um hvernig eigi að finna upplýsingar um tegundina sem geymd er í vörugagnagrunni eins og tilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2534 ([3]) með veftengli sem tengir á upplýsingar um tegundina í vörugagnagrunninum eða með tengli í vörugagnagrunninn og upplýsingum um hvernig eigi að finna tegundarauðkenni vörunnar,

2) gildi fyrir eftirfarandi mæliþætti:

a) nafnafköst í kg,

b) lengd kerfis, gefin upp í klukkustundum og mínútum,

c) raforku og, eftir atvikum, gasnotkun gefin upp í kWh/þurrkunarlotu,

d) endanlegt rakainnihald eftir þurrkunarlotu,

e) hávaðamengun þurrkunarlotu sem berst í lofti.

Gildi fyrir mæliþættina, sem settir eru fram í a- til e-lið, skulu gefin upp fyrir eco-kerfið miðað við fulla hleðslu og, að undanskildum mæliþættinum sem settur er fram í e-lið, miðað við hlutahleðslu og fyrir eftirfarandi kerfi ef þau eru fyrir hendi:

a) þurrkun á gerviefnum við fulla hleðslu,

b) þurrkun á viðkvæmum þvotti/ull við fulla hleðslu,

c) viðbótarþurrkun/mjög mikil þurrkun á baðmull við fulla hleðslu og hlutahleðslu,

d) strauþurrkun á baðmull við fulla hleðslu og hlutahleðslu,

e) viðbótarþurrkun/mjög mikil þurrkun á gerviefnum við fulla hleðslu,

f) strauþurrkun á gerviefnum við fulla hleðslu.

Uppgefin gildi fyrir önnur kerfi en eco-kerfið eru aðeins til upplýsingar,

3) leiðbeiningar um viðhald, þ.m.t. að minnsta kosti eftirfarandi aðgerðir:

a) rétt uppsetning, þ.m.t. lárétt uppsetning á láréttum fleti, tenging við rafveitu, tenging við vatnsfrárás (ef við á), tenging við gas (ef við á), uppsetning loftræstislöngu (ef við á),

b) hreinsun á síum, þ.m.t. ákjósanleg tíðni og aðferð, og helstu afleiðingar ófullnægjandi hreinsunar á síum; í leiðbeiningunum skal tilgreina að við hreinsun á síunum skuli henda ló í sorptunnu en ekki í niðurfallið til að komast hjá því að örplast dreifist í frárennslisvatn,

c) tæming vatnstanks að því er varðar þurrkara með gufuþétti ef þurrkari til heimilisnota er ekki tengdur vatnsfrárás,

d) regluleg hreinsun, þ.m.t. ákjósanleg tíðni,

e) opnun hurðar milli þurrkunarlota, ef við á,

f) fjarlæging aðskotahlutar,

g) auðkenningu á villum, merkingu villna og hvaða aðgerða þarf að grípa til, þ.m.t. auðkenningu á villum þar sem þörf er á faglegri aðstoð,

h) aðgengi að faglegri viðgerðarþjónustu (vefsíður, netföng, samskiptaupplýsingar).

Leiðbeiningarnar skulu einnig innihalda upplýsingar um mögulegar afleiðingar eigin viðgerðar eða viðgerðar einstaklings sem er ekki fagmaður á öryggi notanda og ábyrgð og um lágmarkstímabilið sem varahlutir eru tiltækir.

———

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2534 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 (Stjtíð. ESB L 2023/2534, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2534/oj).

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ MÆLINGAR OG ÚTREIKNINGA

Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu tækni og eru í samræmi við ákvæðin í þessum viðauka.

Ef mæliþáttur er tilgreindur skv. 4. gr. skal framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi nota yfirlýst gildi hans við útreikningana í þessum viðauka.

Við mælingu og útreikning á orkunýtnistuðli, þéttingarafköstum, lengd kerfis, endanlegu rakainnihaldi og hávaðamengun sem berst í lofti skal nota eco-kerfið eins og það er greinanlegt á búnaði til að velja þvottakerfi, á skjá eða gegnum nettengingu, með hliðsjón af þeirri virkni sem þurrkari til heimilisnota býður upp á, og án frekari breytinga á stillingu endanlegs rakainnihalds. Orkunotkun, þéttingarafköst, lengd kerfis og endanlegt rakainnihald skal mælt samhliða.

Útreikningur á veginni orkunotkun, veginni tímalengd kerfis, endanlegu rakainnihaldi og þéttingarafköstum skal gerður á grundvelli þriggja þurrkunarlota við fulla hleðslu og fjögurra þurrkunarlota við hlutahleðslu.

1. **Orkunýtnistuðull**

Við útreikning á orkunýtnistuðli þurrkara til heimilisnota er vegin orkunotkun í hverri þurrkunarlotu eco-kerfis við fulla hleðslu og hlutahleðslu borin saman við staðlaða orkunotkun í hverri þurrkunarlotu.

a) Orkunýtnistuðull er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{E_{tC}}{SE_C} \times 100$$

þar sem

E_{tC} = vegin orkunotkun í hverri þurrkunarlotu,

SE_C = stöðluð orkunotkun í hverri þurrkunarlotu.

b) Stöðluð orkunotkun í hverri þurrkunarlotu (SE_C) er reiknuð út í kílóvattstundum á eftirfarandi hátt og námunduð með tveimur aukastöfum:

i. fyrir þurrkara til heimilisnota aðra en barkaþurrkara:

$$SE_C = 0{,}46 \times c^{0{,}63}$$

ii. fyrir barkaþurrkara:

$$SE_C = 0{,}46 \times c^{0{,}63} \times \left(1 - \frac{T_t}{60} \times 0{,}083\right)$$

þar sem

c eru nafnafköst þurrkara til heimilisnota miðað við eco-kerfið,

T_t er vegin tímalengd kerfis miðað við eco-kerfið.

c) Vegin orkunotkun í hverri þurrkunarlotu (E_{tC}) er reiknuð út í kílóvattstundum á eftirfarandi hátt og námunduð með tveimur aukastöfum:

$$E_{tC} = 0{,}24 \times E_{dry} + 0{,}76 \times E_{dry½}$$

þar sem

E_{dry} = orkunotkun eco-kerfis miðað við fulla hleðslu, í kílóvattstundum og námunduð með tveimur aukastöfum,

$E_{dry½}$ = orkunotkun eco-kerfis miðað við hlutahleðslu, í kílóvattstundum og námunduð með tveimur aukastöfum.

d) Hvað varðar þurrkara sem eru gaskyntir er E_{dry} og $E_{dry1/2}$ reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$E_{dry} = \frac{Eg_{dry}}{CC} + Eg_{dry,a}$$

$$E_{dry½} = \frac{Eg_{dry½}}{CC} + Eg_{dry½,a}$$

þar sem

Eg_{dry} = gasnotkun eco-kerfis við fulla hleðslu, í kílóvattstundum og námunduð með tveimur aukastöfum,

$Eg_{dry½}$ = gasnotkun eco-kerfis við hlutahleðslu, í kílóvattstundum og námunduð með tveimur aukastöfum,

$Eg_{dry,a}$ = aukaraforkunotkun eco-kerfis við fulla hleðslu, í kílóvattstundum og námunduð með tveimur aukastöfum,

$Eg_{dry½,a}$ = aukaraforkunotkun eco-kerfis við hlutahleðslu, í kílóvattstundum og námunduð með tveimur aukastöfum,

CC (umreiknistuðull) = 1,9.

e) Vegin tímalengd kerfis (Tt) miðað við eco-kerfið er reiknuð út í mínútum og námunduð að næstu mínútu á eftirfarandi hátt:

$$T_t = 0{,}24 \times T_{dry} + 0{,}76 \times T_{dry½}$$

þar sem

T_{dry} = lengd eco-kerfisins við fulla hleðslu, í mínútum og námunduð að næstu mínútu,

$T_{dry½}$ = lengd eco-kerfisins við hlutahleðslu, í mínútum og námunduð að næstu mínútu.

f) Endanlegt meðalrakainnihald eco-kerfisins μ_t er reiknað út í hundraðshlutum og námundað með einum aukastaf, sem hér segir:

$$\mu_t = \frac{\left(3 \times \mu_{dry} + 4 \times \mu_{dry1/2}\right)}{7}$$

þar sem

μdry = endanlegt rakainnihald miðað við eco-kerfi og fulla hleðslu, í hundraðshlutum og námundað með einum aukastaf,

$\mu dry½$ = endanlegt rakainnihald miðað við eco-kerfi og hlutahleðslu, í hundraðshlutum og námundað með einum aukastaf.

2. **Þéttingarafköst**

Þéttingarafköst kerfis (*Ct*) er hlutfall massa þess raka sem þéttist og safnast saman í hólfi þurrkara með gufuþétti og massa rakans sem kerfið fjarlægir úr þvottinum, þar sem hið síðarnefnda er mismunurinn á massa blautu prófunarhleðslunnar fyrir þurrkun og massa prófunarhleðslunnar eftir þurrkun.

Þéttingarafköst kerfis eru reiknuð út í hundraðshlutum og námunduð að næsta heila hundraðshluta sem hér segir:

$$C_t = 0{,}24 \times C_{dry} + 0{,}76 \times C_{dry½}$$

þar sem

C_{dry} = meðalþéttingarafköst eco-kerfisins við fulla hleðslu,

$C_{dry½}$ = meðalþéttingarafköst eco-kerfisins við hlutahleðslu.

3. **Lágaflshamur**

Aflnotkunin í ham þegar slökkt er á vél (P_o), þegar hún er í reiðuham (P_{sm}) og eftir atvikum við frestun á upphafi kerfis (P_{ds}). Mæld gildi eru gefin upp í W og námunduð með tveimur aukastöfum.

Við mælingar á aflnotkun í lágaflsham skal athuga og skrásetja eftirfarandi virkni:

a) hvort upplýsingaskjár sé virkur eða ekki,

b) hvort nettenging sé virk eða ekki.

Ef reiðuhamur felur í sér upplýsinga- eða stöðuvísi skal sú virkni einnig vera í boði í nettengdum reiðuham.

Ef þurrkari til heimilisnota býður upp á krumpuvörn skal gert hlé á þeirri virkni með því að opna hurð þurrkarans eða með annarri viðeigandi íhlutun 15 mínútum áður en aflnotkun er mæld.

4. **Hávaðamengun sem berst í lofti**

Hávaðamengun sem berst í lofti í þurrkunarlotu þurrkara til heimilisnota skal reiknuð út fyrir eco-kerfið við fulla hleðslu með því að nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til nýjustu og fullkomnustu tækni.

Hávaðamengun sem berst í lofti skal mæld í dB(A) við 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu.

———

IV. VIÐAUKI

SANNPRÓFUNARAÐFERÐ VEGNA MARKAÐSEFTIRLITS

1. Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á yfirlýstum gildum og skulu framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndir fulltrúar ekki nota þau sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eða við túlkun þessara gilda, með það fyrir augum að ná fram samræmi eða til að sýna fram á betri frammistöðu með einhverjum hætti.

2. Ef tegund er ekki í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 6. gr., telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla kröfurnar.

3. Sem hluta af sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu yfirvöld aðildarríkjanna beita eftirfarandi aðferð:

a) yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni,

b) tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef hún uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

i. yfirlýstu gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum skv. 2. lið IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi yfirlýstu gildi, eru ekki hagstæðari fyrir framleiðandann, innflytjandann eða viðurkennda fulltrúann en niðurstöður samsvarandi mælinga, sem gerðar eru skv. g-lið 2. liðar þess viðauka,

ii. yfirlýstu gildin uppfylli allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og allar tilskildar vöruupplýsingar, sem framleiðandinn, innflytjandinn eða viðurkenndi fulltrúinn birtir, innihaldi ekki gildi, sem eru hagstæðari fyrir framleiðandann eða innflytjandann en yfirlýstu gildin,

iii. þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli uppfærslukerfi hugbúnaðar, sem framleiðandi, innflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi kann að hafa sett upp, kröfurnar sem settar eru fram í 7. gr.,

iv. þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni uppfylli hún kröfurnar um kerfi í 1. lið, kröfurnar um auðlindanýtni í 5. lið og kröfurnar um upplýsingar í 6. lið II. viðauka og

v. þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi, þ.e. gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum:

a) gildisviðmiðanirnar sem settar eru fram í töflu 1,

b) viðkomandi vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í töflu 1.

4. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í i., ii., iii. eða iv. lið b-liðar 3. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í v. lið b-liðar 3. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum.

6. Tegundin og allar sambærilegar tegundir skulu ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar um leið og ákvarðað gildi fyrir endanlegt meðalrakainnihald eco-kerfisins uppfyllir ekki gildisviðmiðanirnar sem eru tilgreindar í töflu 1 fyrir eina af þeim þremur viðbótareiningum sem um getur í 5. lið. Í því tilviki er ekki nauðsynlegt að prófa hinar einingarnar sem hafa ekki enn verið prófaðar. Tegundin telst uppfylla kröfurnar ef ákvarðað gildi endanlegs rakainnihalds er í samræmi við gildisviðmiðanirnar sem eru tilgreindar í töflu 1 fyrir hverja af viðbótareiningunum þremur.

7. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár, sem um getur í 5. lið, uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

8. Ef niðurstaðan, sem um getur í 7. lið, fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

9. Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki kröfurnar í 2., 4., 6. eða 8. lið liggur fyrir.

10. Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

11. Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita gildisviðmiðunum og vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 3.–8. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum gildisviðmiðunum eða vikmörkum sannprófana, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt að því er varðar breyturnar í töflu 1.

Tafla 1

Vikmörk sannprófana og gildisviðmiðanir

Mæliþáttur	Gildisviðmiðanir
Endanlegt meðalrakainnihald eco-kerfisins μ_t	Mæla skal og reikna ákvarðað gildi og skal það vera lægra en 1,5%.
Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
E_{dry} og $E_{dry½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir E_{dry} og $E_{dry½}$ en sem nemur 6%.
Eg_{dry} og $Eg_{dry½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir Eg_{dry} og $Eg_{dry½}$ en sem nemur 6%.
$Eg_{dry,a}$ og $Eg_{dry½,a}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir $Eg_{dry,a}$ og $Eg_{dry½,a}$ en sem nemur 6%.
C_t	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið C_t en sem nemur 6%.
T_{dry} og $T_{dry½}$	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið fyrir T_{dry} og $T_{dry½}$ en sem nemur 6%.
P_o	Ákvarðað gildi (*) fyrir P_o skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
P_{sm}	Ákvarðað gildi (*) fyrir P_{sm} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.
P_{ds}	Ákvarðað gildi (*) fyrir P_{ds} skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10% ef yfirlýsta gildið er hærra en 1,00 W, eða hærra en 0,10 W ef yfirlýsta gildið er lægra eða jafnt og 1,00 W.
Hávaðamengun sem berst í lofti	Ákvarðað gildi (*) skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2 dB við 1 pW.

(*) Ef þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, í samræmi við 5. lið, er ákvarðað gildi meðaltal gildanna sem ákvörðuð eru fyrir þessar þrjár viðbótareiningar.

V. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaðinum fyrir þurrkara til heimilisnota tilgreind með eftirfarandi hætti:

1) þurrkari með hitaldi og gufuþétti með nafnafköst 7 kg:
   a) orkunotkun: 2,73 kWh/þurrkunarlotu miðað við eco-kerfið (*),
   b) tímalengd þurrkunarlotu: 76 mínútur miðað við eco-kerfið (*),
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 63 dB(A),
2) varmadæluþurrkari með nafnafköst 7 kg:
   a) orkunotkun: 0,85 kWh/þurrkunarlotu miðað við eco-kerfið (*),
   b) tímalengd þurrkunarlotu: 134 mínútur miðað við eco-kerfið (*),
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 66 dB(A),
3) barkaþurrkari með hitaldi með nafnafköst 7 kg:
   a) orkunotkun: 2,58 kWh/þurrkunarlotu miðað við eco-kerfið (*),
   b) tímalengd þurrkunarlotu: 76 mínútur miðað við eco-kerfið (*),
   c) hávaðamengun sem berst í lofti: 69 dB(A),

(*) Reiknað út á grundvelli vegins meðaltals milli fullrar hleðslu og hlutahleðslu, þar sem full hleðsla er margfölduð með 0,24 og hlutahleðsla með 0,76.

———

VI. VIÐAUKI

ÞURRKARAR TIL HEIMILISNOTA MEÐ FLEIRI EN EINA TROMLU

Að því er varðar þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu skulu ákvæði 1. til 4. liðar í II. viðauka, þar sem stuðst er við mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka, gilda um allar tromlur. Ákvæði 5. liðar í II. viðauka gilda um þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu sem heild. Ákvæði 6. liðar í II. viðauka gilda um hverja tromlu eða um þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu sem heild, eftir því sem við á. Ákvæði 1. til 4. liðar í II. viðauka gilda um hverja tromlu óháð hvor annarri, nema ef tromlurnar eru innbyggðar í sama vélarhúsi og geta, í eco-kerfinu, eingöngu starfað samstímis. Í síðara tilvikinu gilda þessi ákvæði um þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu sem heild, með eftirfarandi hætti:

a) nafnafköst þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu skal vera summa nafnafkasta hverrar tromlu,

b) orkunotkun þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu skal vera summa orkunotkunar hverrar tromlu,

c) orkunýtnistuðull skal reiknaður út með því að nota nafnafköst og orkunotkun þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu í heild,

d) tímalengd kerfis skal vera tímalengd „eco-kerfis“ þeirrar tromlu sem hefur mestu nafnafköstin,

e) kröfur um lágaflsham skulu gilda í heild um þurrkarana til heimilisnota með fleiri en eina tromlu,

f) hávaðamengun sem berst í lofti skal vera hávaðamengun í heild frá þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu,

Sannprófunaraðferðin sem sett er fram í IV. viðauka gildir í heild um þurrkara til heimilisnota með fleiri en eina tromlu, þar sem gildisviðmiðanir og vikmörk sannprófana gilda um hvern mæliþátt sem er ákvarðaður við beitingu þessa viðauka.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1504 **2026/EES/55/30**

frá 22. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar málsmeðferðarreglur fyrir beitingu valdheimilda Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að leggja á sektir eða févíti á útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum 10. mgr. 134. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að veita aðilanum sem sætir rannsókn á meintu broti, eins og sett er fram í V. eða VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114, rétt á áheyrn ætti viðkomandi aðili að eiga rétt á að leggja fram skriflegar athugasemdir við yfirlitið yfir niðurstöður rannsóknarinnar innan hæfilegs frests, sem er ekki skemmri en fjórar vikur, áður en rannsakandinn skal leggja niðurstöður sínar fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina. Þeim aðila sem sætir rannsókn ætti að vera heimilt að fá aðstoð lögfræðings að eigin vali á meðan á rannsókninni stendur. Í kjölfar þess að aðilinn sem sætir rannsókn leggur fram athugasemdir ætti rannsakandinn að íhuga hvort nauðsynlegt sé að breyta yfirliti yfir niðurstöður áður en hann leggur þær fram til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

2) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að kanna heilleika skrárinnar sem rannsakandi leggur fram á grundvelli skrár yfir skjöl. Til að tryggja að sá aðili sem sætir rannsókn geti undirbúið málsvörn sína á fullnægjandi hátt ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að veita viðkomandi rétt til að leggja fram frekari skriflegar athugasemdir áður en hún tekur endanlega ákvörðun að því er varðar sektir eða eftirlitsráðstafanir.

3) Til að tryggja að sá aðili sem sætir rannsókn aðstoði við rannsóknina ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að geta gripið til tiltekinna þvingunarráðstafana. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun um að krefjast þess að aðili sem sætir rannsókn láti af broti eða óskað eftir því að hann leggi fram fullnægjandi upplýsingar eða fullgerðar skrár, gögn eða annað efni, eða tekið ákvörðun um að framkvæma vettvangsskoðun, getur hún beitt févíti til að þvinga þann aðila til að hlíta þeirri ákvörðun sem er tekin. Áður en févíti er lagt á skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa aðilanum sem sætir rannsókn færi á að leggja fram skriflegar greinargerðir.

4) Þar sem rannsakandinn vinnur störf sín á óháðan hátt ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ekki að vera bundin af skránni sem rannsakandinn tekur saman. Til að tryggja að aðilinn sem sætir rannsókn geti með fullnægjandi hætti undirbúið málsvörn sína, hvort sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin er ósammála eða sammála öllum niðurstöðunum eða hluta af þeim, ætti þó að upplýsa hann og gefa honum kost á að veita andsvör.

5) Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkir bráðabirgðaákvörðun skv. 2. mgr. 135. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 ætti hún að gefa aðilanum sem sætir rannsókn tækifæri til að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að bráðabirgðaákvörðunin hefur verið samþykkt og áður en staðfestingarákvörðun er samþykkt. Engu að síður ætti með málsmeðferðinni að veita þeim aðila sem sætir rannsókn rétt á koma sjónarmiðum sínum á framfæri fyrirfram ef rannsakandi framkvæmir rannsóknina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1504, 30.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).a

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj

6) Beita ætti heimild Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að leggja á févíti að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttarins til varnar og ætti það ekki að vara lengur en nauðsynlegt er. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvörðun um að beita févíti ætti hlutaðeigandi aðili því að fá tækifæri til að flytja mál sitt og hvers kyns sektargreiðslur ættu ekki að komast á gjalddaga frá og með þeirri stundu sem hlutaðeigandi aðili hlítir þeirri ákvörðun sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin beinir að viðkomandi aðila.

7) Skrárnar, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og rannsakandinn taka saman, fela í sér upplýsingar sem eru ómissandi fyrir hlutaðeigandi aðila við undirbúning dóms- eða stjórnsýslumáls. Aðili sem sætir rannsókn ætti viðkomandi því að fengnu yfirliti yfir niðurstöður annaðhvort frá rannsakandanum eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að hafa rétt til aðgangs að málsskjölum með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Einungis ætti að heimila notkun málsskjala, sem aðgangur er veittur að, í dóms- eða stjórnsýslumálum í tengslum við brot á reglugerð (ESB) 2023/1114.

8) Fyrningarfrestur ætti að gilda bæði um heimildir til að beita sektum og févítum og heimildir til að knýja fram greiðslu á sektum og févítum. Til að gæta samræmis skulu fyrningarfrestir fyrir álagningu og fullnustu sekta eða févíta taka mið af gildandi löggjöf Sambandsins sem gildir um álagningu og fullnustu viðurlaga á einingar sem lúta eftirliti og reynslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar af beitingu slíkrar löggjafar.

9) Til að tryggja vörslu á innheimtum sektum og dagsektum ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að leggja þær inn á vaxtaberandi reikninga sem eru opnaðir eingöngu í þeim tilgangi að greiða eina sekt eða févíti sem miðar að því að stöðva eitt brot. Samkvæmt varfærnissjónarmiðum í tengslum við fjárhagsáætlanir ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin aðeins að yfirfæra fjárhæðir til framkvæmdastjórnarinnar þegar ákvarðanirnar eru endanlegar vegna þess að þá hefur áfrýjunarrétturinn verið tæmdur eða er fallinn úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Málsmeðferðarreglur í málsmeðferð vegna brota hjá rannsakanda

1. Þegar rannsókn er lokið á meintu broti eins og það er sett fram í V. eða VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114 og áður en málsskjölin eru lögð fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (EBA) skv. 2. mgr. 134. gr. þeirrar reglugerðar skal rannsakandinn upplýsa þann aðila sem sætir rannsókn skriflega um niðurstöður sínar og gefa honum kost á að leggja fram skriflega greinargerð í samræmi við 5. mgr. 134. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Í yfirliti yfir niðurstöður skal greina frá staðreyndum sem geta talist eitt eða fleiri brot á kröfunum sem settar eru fram í V. eða VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114, þ.m.t. mat á eðli og alvarleika þessara brota, að teknu tilliti til viðmiðana sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 130. gr. í þeirri reglugerð.

3. Í yfirliti yfir niðurstöður skal tilgreina hæfilegan frest fyrir aðilann sem sætir rannsókn til að leggja fram skriflega greinargerð. Við aðrar rannsóknir en þær sem um getur í 4. gr. skal þessi frestur vera a.m.k. fjórar vikur. Rannsakandanum er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

4. Sá aðili sem sætir rannsókn getur í skriflegum greinargerðum sínum sett fram allar þær staðreyndir sem honum er kunnugt um sem skipta máli fyrir málsvörn hans og skal, ef unnt er, láta fylgja með skjöl til sönnunar á þeim staðreyndum. Sá aðili sem sætir rannsókn getur lagt til að rannsakandinn hlýði á aðra aðila sem staðfesta framsett málsatvik í greinargerðum aðilans sem sætir rannsókn. Sá aðili sem sætir rannsókn ætti að mega fá aðstoð lögfræðings að eigin vali við undirbúning á skriflegum greinargerðum.

5. Rannsakandinn getur boðið aðila er sætir rannsókn, og hefur fengið sent yfirlit yfir niðurstöður, að sækja munnlega skýrslugjöf. Þeir aðilar sem rannsókn sæta ættu að mega fá aðstoð lögfræðings að eigin vali. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber.

2. gr.

Málsmeðferðarreglur í málsmeðferð vegna brota hjá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að því er varðar sektir og eftirlitsráðstafanir

1. Fullgerð skýrsla sem rannsakandinn á að senda til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skal innihalda eftirfarandi skjöl:

a) yfirlit yfir niðurstöður og afrit af því sem sent er til aðilans sem sætir rannsókn og öll breytt yfirlit yfir niðurstöður vegna greinargerða aðilans sem sætir rannsókn,

b) afrit af skriflegum athugasemdum aðilans sem sætir rannsókninni,

c) fundargerðir munnlegrar skýrslutöku, ef við á.

2. Þegar málsskjöl eru ófullnægjandi skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja fram rökstudda beiðni til rannsakandans um viðbótarskjöl.

3. Telji Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að staðreyndirnar sem lýst er í yfirliti niðurstaðna rannsakandans feli ekki í sér brot eins og sett er fram í V. eða VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114, skal hún ákveða að loka rannsókninni og skal hún tilkynna slíka ákvörðun til þess aðila sem sætir rannsókn.

4. Sé Evrópska bankaeftirlitsstofnunin sammála einhverjum eða öllum niðurstöðum rannsakanda skal hún upplýsa þann aðila sem sætir rannsókn samkvæmt því. Í orðsendingunni skal settur a.m.k. tveggja vikna frestur ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkir allar niðurstöður og a.m.k. fjögurra vikna frestur ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkir ekki allar niðurstöður, en innan þess frests getur aðili sem sætir rannsókn lagt fram skriflega greinargerð. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra greinargerða sem berast eftir að sá frestur rennur út við samþykkt ákvörðunar um brot og um eftirlitsráðstafanir og álagningu sektar í samræmi við 130. og 131. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur boðið þeim aðila sem sætir rannsókn, og hefur fengið sent yfirlit yfir niðurstöður, að sækja munnlega skýrslugjöf. Sá aðili sem sætir rannsókn ætti að mega fá aðstoð lögfræðings að eigin vali. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber.

6. Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að aðili sem sætir rannsókn hafi framið eitt eða fleiri af þeim brotum sem sett eru fram í V. eða VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114 og hefur tekið ákvörðun um að leggja á sekt í samræmi við 131. gr. þeirrar reglugerðar skal hún tafarlaust tilkynna aðilanum sem sætir rannsókn um þá ákvörðun.

3. gr.

Málsmeðferðarreglur í málsmeðferð vegna brota hjá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að því er varðar févíti

1. Áður en ákvörðun er samþykkt um að leggja á févíti skv. 132. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin senda yfirlit yfir niðurstöður til þess aðila sem sætir rannsókn þar sem grein er gerð fyrir þeim ástæðum sem réttlæta álagningu févítis og fjárhæð févítis fyrir hvern dag sem ekki er farið að ákvæðum.

Í yfirliti yfir niðurstöður skal tilgreina minnst 4 vikna frest fyrir aðilann sem sætir rannsókn til að leggja fram skriflegar greinargerðir. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra greinargerða sem berast eftir að sá frestur rennur út við ákvörðun um févíti.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur boðið aðilanum sem sætir málsmeðferð að sækja munnlega skýrslugjöf. Sá aðili sem sætir málsmeðferð ætti að mega fá aðstoð lögfræðings að eigin vali. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber.

3. Ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að leggja á févíti skal tilgreina lagagrundvöll og ástæður fyrir ákvörðuninni og fjárhæð févítis og upphafsdag greiðslna.

4. Þegar aðilinn sem fellur undir viðkomandi ákvörðun sem um getur í 1. mgr. 132. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 hefur farið að þeirri ákvörðun skal ekki lengur leggja á févíti.

4. gr.

Málsmeðferðarreglur fyrir bráðabirgðaákvarðanir um eftirlitsráðstafanir

1. Hafi Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkt bráðabirgðaákvörðun eins og um getur í 2. mgr. 135. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 um að beita eftirlitsráðstöfunum í samræmi við 130. gr. þeirrar reglugerðar skal hún tafarlaust tilkynna um þá bráðabirgðaákvörðun til hlutaðeigandi aðila.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tilgreina a.m.k. 4 vikna frest fyrir þann aðila sem bráðabirgðaákvörðunin gildir um til að leggja fram skriflegar greinargerðir um ákvörðunina. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra framlaga sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

Sé þess óskað skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veita þeim aðila sem bráðabirgðaákvörðunin gildir um aðgang að skránni. Málsskjöl, sem aðgangur er veittur að, skulu einungis notuð að því er varðar dóms- eða stjórnsýslumál varðandi beitingu reglugerðar (ESB) 2023/1114.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur boðið aðilanum sem bráðabirgðaákvörðunin gildir um að sækja munnlega skýrslugjöf. Þeir aðilar sem sæta bráðabirgðaákvörðun ættu að mega fá aðstoð lögfræðings að eigin vali. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun eins fljótt og mögulegt er eftir að bráðabirgðaákvörðunin hefur verið samþykkt.

Telji Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, eftir að hafa hlýtt á þann aðila sem bráðabirgðaákvörðunin gildir um, að sá aðili hafi framið brot eins og sett er fram í V. og VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114, skal hún samþykkja staðfestingarákvörðun um að beita einni eða fleiri eftirlitsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 130. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tilkynna þá ákvörðun án tafar til þess aðila sem bráðabirgðaákvörðunin tekur til.

3. Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkir endanlega ákvörðun sem staðfestir ekki tímabundnu ákvörðunina telst tímabundna ákvörðunin vera felld niður.

5. gr.

Aðgangur að málsskjölum og notkun skjala

1. Sé þess óskað skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veita þeim aðila, sem rannsakandinn eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur sent yfirlit yfir niðurstöður, aðgang að málsskjölum. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um yfirlit yfir niðurstöður í samræmi við 7. mgr. 134. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Aðili sem um getur í 1. mgr. skal einungis nota málsskjöl, sem aðgangur er veittur að, að því er varðar dóms- eða stjórnsýslumál varðandi beitingu reglugerðar (ESB) 2023/1114.

6. gr.

Fyrningarfrestur vegna álagningar sekta og févíta

1. Sektir og févíti í tengslum við aðila sem sæta rannsókn skulu hafa fimm ára fyrningarfrest.

2. Fyrningarfresturinn sem um getur í 1. mgr. telst frá næsta degi eftir að brotið er framið. Sé um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fyrningarfresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

3. Sérhver aðgerð sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, eða lögbært yfirvald sem aðhefst að beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr. 138. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, grípur til vegna rannsóknar að því er varðar brot sem skráð er í V. eða VI. viðauka við reglugerða (ESB) 2023/1114 skal rjúfa fyrningarfrest vegna álagningar sekta og févíta. Fyrningarfresturinn telst rofinn frá og með þeim degi sem aðilanum sem sætir rannsókn að því er varðar brot sem skráð er í V. eða VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/1114 er tilkynnt um aðgerðina.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn, eins og um getur í 3. mgr., skal hefja hann að nýju. Fyrningarfrestur rennur út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafi ákvarðað sekt eða févíti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé var gert á fyrningu skv. 5. mgr.

5. Gera skal hlé á fyrningarfresti til álagningar sekta og févíta á meðan ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar er til meðferðar hjá kærunefndinni sem um getur í 60. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]) eða endurskoðunar hjá Evrópudómstólnum í samræmi við 136. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

7. gr.

Fyrningarfrestir til fullnustu viðurlaga

1. Vald Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til fullnustu ákvarðana skv. 131. og 132. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114 skal lúta fimm ára fyrningarfresti.

2. Fyrningarfresturinn sem um getur í 1. mgr. skal reiknaður frá næsta degi eftir að ákvörðunin verður endanleg.

3. Fyrningarfresturinn fyrir fullnustu viðurlaga skal rofinn við sérhverja aðgerð Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, eða lögbærs yfirvalds sem aðhefst að beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 138. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114, sem er ætlað að framfylgja greiðslu eða greiðsluskilmálum og -skilyrðum sektarinnar eða févítisins.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn, eins og um getur í 3. mgr., skal hefja hann að nýju.

5. Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:

a) greiðslufrestur er veittur,

b) fullnustu greiðslu er frestað uns ákvörðun kærunefndar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar liggur fyrir, í samræmi við 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, og endurskoðun Evrópudómstólsins, í samræmi við 136. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

8. gr.

Innheimta sekta og févíta

1. Fjárhæðir sekta og févíta sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin innheimtir skulu lagðar inn á vaxtaberandi reikning sem er stofnaður af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þar til þær verða endanlegar. Ef um er að ræða margar sektir og févíti sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin innheimtir samhliða skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tryggja skráningu þeirra á mismunandi reikninga eða undirreikninga. Eigi skal færa greiddar sektir og févíti í rekstraráætlun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða skrá þær sem rekstrarfjárhæðir.

2. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur gengið úr skugga um að sektir eða févíti séu endanleg að lokinni tæmingu alls áfrýjunarréttar skal hún færa þessar fjárhæðir, ásamt áföllnum vöxtum, til framkvæmdastjórnarinnar. Þessar fjárhæðir skal síðan skrá í fjárlög Sambandsins.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera framkvæmdastjórn Evrópusambandsins reglulega grein fyrir fjárhæðum sekta og févíta sem eru lagðar á og stöðu þeirra.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/2561 2026/EES/55/31

frá 14. desember 2022

um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga (kerfisbinding) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ætti því að kerfisbinda þá tilskipun.

2) Í hvítbók sinni frá 28. mars 2011, sem ber titilinn „Vegvísir að einu samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“, setti framkvæmdastjórnin fram markmið um „núllsýn“ en samkvæmt því ætti Sambandið nánast að koma alveg í veg fyrir dauðaslys í flutningum á vegum eigi síðar en 2050.

3) Í orðsendingu sinni um stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020, sem ber titilinn „Leiðin til evrópsks umferðaröryggissvæðis: stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020“, lagði framkvæmdastjórnin enn fremur til það markmið að dauðaslysum á vegum í Sambandinu yrði fækkað um helming eigi síðar en 2020, þar sem upphafsárið er 2010. Í því skyni að ná þessu markmiði mælti framkvæmdastjórnin fyrir um sjö stefnumarkmið, þ.m.t. að bæta menntun og þjálfun vegfarenda og að vernda óvarða vegfarendur.

4) Leiðtogaráðið studdi á fundi sínum 23.–24. október 2014 bindandi markmið fyrir ESB um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllu hagkerfinu um a.m.k. 40%, samanborið við árið 1990, eigi síðar en 2030. Þetta markmið fyrir losunarskerðingu mun stuðla að því að uppfylla langtímamarkmið Parísarsamningsins, sem var samþykktur árið 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ([5]), og allar greinar atvinnulífsins ættu að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 23.12.2022, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 155, 30.4.2021, bls. 78.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. nóvember 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. desember 2022.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE (Stjtíð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).

([4]) Sjá A-hluta IV. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

leggja sitt af mörkum til að ná því. Flutningageirinn þarfnast heildstæðrar nálgunar til að stuðla að losunarskerðingu og orkunýtni. Beina ætti þróuninni í átt að hreyfanleika með lítilli losun, m.a. með rannsóknum og innleiðingu tiltækra tækniframfara. Nauðsynlegt er að ökumenn fái tilhlýðilega akstursþjálfun á sem skilvirkastan hátt.

5) Til að gera ökumönnum kleift að uppfylla kröfurnar varðandi markað fyrir flutninga á vegum ættu reglur Sambandsins um lágmarksþjálfun ökumanna, sem stunda flutninga á vegum, að gilda um alla ökumenn, hvort sem þeir eru sjálfstætt starfandi eða launþegar og hvort sem þeir annast flutninga fyrir eigin reikning eða gegn gjaldi.

6) Reglur Sambandsins um lágmarksþjálfun ökumanna sem stunda flutninga á vegum ættu að miða að því að tryggja að ökumaðurinn hafi þá menntun og hæfi sem þarf til að hafa aðgang að aksturstarfsemi og stunda hana.

7) Kröfurnar um skyldubundna grunnþjálfun og reglubundna þjálfun eru einkum ætlaðar til að bæta umferðaröryggi og öryggi ökumannsins, þ.m.t. við störf sem hann annast þegar ökutækið er kyrrstætt. Enn fremur ætti nútímalegt eðli ökumannsstarfsins að vekja áhuga ungs fólks á starfsgreininni, sem stuðlar að ráðningu nýrra ökumanna þegar skortur er á þeim.

8) Til að koma í veg fyrir ójöfn samkeppnisskilyrði ætti þessi tilskipun að gilda um aksturstarfsemi ríkisborgara aðildarríkis jafnt sem ríkisborgara þriðju landa sem eru launþegar hjá fyrirtæki eða sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki notar.

9) Æskilegt er, svo að meginreglur laga Sambandsins séu virtar, að ökumenn ökutækja, sem notuð eru til flutninga, séu undanþegnir beitingu þessarar tilskipunar þegar það er talið hafa óveruleg áhrif á umferðaröryggi eða í þeim tilvikum þegar kröfurnar í þessari tilskipun myndu leggja óhóflega efnahagslega eða félagslega byrði.

10) Mæla ætti fyrir um tilteknar undanþágur varðandi aðstæður þar sem akstur er ekki meginstarfssvið ökumannsins og það myndi leggja óhóflega byrði á ökumenn ef þeir yrðu krafðir um að uppfylla kröfurnar í þessari tilskipun. Almennt séð telst akstur ekki vera meginstarfssvið ökumanns ef hann tekur til minna en 30% af mánaðarlegum vinnutíma.

11) Ef aksturinn er stundaður sjaldan, stundaður í dreifbýli og ef ökumenn, sem starfa við eigin rekstur, stunda aksturinn ættu undanþágurnar að gilda, að því tilskildu að umferðaröryggi sé enn tryggt. Vegna mismunandi skilyrða í dreifibýli innan Sambandsins, með tilliti til landfræðilegrar legu, loftslags og þéttleika byggðar, ættu aðildarríkin að hafa rétt á að ákvarða hvort slíkur akstur geti talist vera tilfallandi og hvort slík undanþága hafi áhrif á umferðaröryggi, t.d. á grundvelli tiltekinnar gerðar vegarins, umferðarþunga eða tilvist óvarinna vegfarenda.

12) Þar sem vegalengdin sem einstaklingar starfandi við landbúnað, garðyrkju, skógrækt, búskap og fiskvinnslu, sem eru undanþegnir þessari tilskipun, verða að ferðast vegna vinnu sinnar er breytileg innan Sambandsins ættu aðildarríkin að fá að ákvarða í eigin lögum leyfilega hámarksvegalengd sem er reiknuð út frá bækistöðvum fyrirtækisins sem undanþágurnar gilda um.

13) Í því skyni að staðfesta að ökumaður uppfylli kröfurnar ættu aðildarríki að gefa út starfshæfnisvottorð ökumanns sem vottar grunnþjálfun hans eða reglubundna þjálfun.

14) Aðildarríkin ættu að geta valið um nokkra kosti til að greiða fyrir framkvæmd ákvæðanna að því er varðar grunnþjálfun.

15) Í því skyni að viðhalda menntun og hæfi ökumanns ætti að gera þá kröfu að starfandi ökumenn hljóti reglubundna þjálfun í þeirri færni sem nauðsynleg er í starfi þeirra.

16) Ökumennirnir, sem voru undanþegnir kröfunni um grunnþjálfun, ættu, á meðan þeir halda áfram að njóta góðs af þessari undanþágu, engu að síður að þurfa að gangast undir reglubundna þjálfun til að tryggja að þekking þeirra á málefnum sem eru mikilvæg fyrir starf þeirra sé uppfærð.

17) Lágmarkskröfur, sem þarf að uppfylla að því er varðar grunnþjálfun og reglubundna þjálfun, varða öryggisreglur sem fara á eftir við akstur og þegar ökutækið er kyrrstætt. Þróun varnaraksturs (að sjá fyrir hættu, að taka tillit til annarra vegfarenda), sem helst í hendur við skynsamlega eldsneytisnotkun, ætti að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og geira flutninga á vegum.

18) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á réttindi ökumanns, sem er handhafi ökuskírteinis, sem er nauðsynlegt til að stunda aksturstarfsemi, fyrir þann dag sem mælt er fyrir um til að fá starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfun hans eða reglubundna þjálfun.

19) Einungis þjálfunarmiðstöðvar, sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa viðkennt, ættu að mega skipuleggja þjálfunarnámskeiðin sem mælt er fyrir um til grunnþjálfunar og reglubundinnar þjálfunar. Til að tryggja gæði slíkra viðurkenndra miðstöðva ættu lögbær yfirvöld að setja samræmdar viðmiðanir um viðurkenningu, þ.m.t. kröfu um trausta og öfluga fagmennsku.

20) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ættu ekki eingöngu að bera ábyrgð á því að skipuleggja prófin, sem kveðið er á um í tengslum við grunnþjálfun og reglubundna þjálfun, heldur einnig allir þeir aðilar sem þau tilnefna. Með tilliti til mikilvægis þessarar tilskipunar fyrir umferðaröryggi og jöfn samkeppnisskilyrði ættu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að hafa umsjón með slíkum prófum.

21) Aðildarríki ættu að mæla fyrir um að fyrsta námskeiðinu í reglubundinni þjálfun eigi að vera lokið og gefa út samsvarandi starfshæfnisvottorð innan fimm ára, annaðhvort frá útgáfudegi starfshæfnisvottorðsins, sem vottar grunnþjálfunina, eða lokadagsetningu þess frests sem tilteknir ökumenn hafa til að láta áunnin réttindi sín öðlast gildi. Einnig ætti að vera mögulegt að stytta þennan frest eða lengja. Eftir að hafa lokið fyrsta námskeiðinu í reglubundinni þjálfun ætti ökumaðurinn að hljóta reglubundna þjálfun á fimm ára fresti.

22) Til að votta að ökumaður, sem er ríkisborgari aðildarríkis, sé handhafi starfshæfnisvottorðs, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og til að greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á mismunandi starfshæfnisvottorðum, ættu aðildarríkin að setja samræmdar táknmyndir Sambandsins, sem mælt er fyrir um í þessum tilgangi, ásamt gildistíma þeirra, annaðhvort á ökuskírteinið eða atvinnuskírteini ökumannsins, sem aðildarríkin viðurkenna sameiginlega, en stöðluð fyrirmynd þess er sýnd í II. viðauka við þessa tilskipun. Sams konar öryggiskröfur ættu að gilda um þetta skírteini og ökuskírteinið vegna mikilvægis þeirra réttinda sem það felur í sér fyrir umferðaröryggi og jöfn samkeppnisskilyrði.

23) Aðildarríkin ættu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, að skiptast rafrænt á upplýsingum um starfshæfnisvottorð. Þau ættu að þróa nauðsynlegan rafrænan vettvang, að teknu tilliti til kostnaðar- og ábatagreiningu framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. möguleikinn á að víkka út ökuskírteinakerfi ESB sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB ([6]). Þetta felur m.a. í sér þann ávinning að aðildarríkin fá greiðan aðgang að upplýsingum um þjálfun sem lokið er og ekki er skráð á ökuskírteini ökumannsins. Mikilvægt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin leitist við að þróa þessa starfsemi enn frekar með það að markmiði að fá aðgang að upplýsingum á rauntíma við vegaeftirlit.

24) Að teknu tilliti til þróunar í þjálfun og menntun og til að auka framlag þessarar tilskipunar til umferðaröryggis og mikilvægi þjálfunar fyrir ökumenn ætti að takast á við viðfangsefnin sem varða umferðaröryggi á þjálfunarnámskeiðunum, eins og meðvitund um hættu, verndun óvarinna vegfarenda, einkum gangandi vegfarenda, hjólreiðamanna og einstaklinga með takmarkaða hreyfigetu, eldsneytisnýtinn akstur, akstur við öfgafull veðurskilyrði og flutning óvenjulegs farms. Í þessu samhengi ættu námskeiðin einnig að varða skynvædd flutningakerfi og þau ættu að taka breytingum til að halda í við tækniþróun.

25) Gefa ætti aðildarríkjunum með skýrum hætti þann kost að bæta og nútímavæða þjálfunaraðferðir með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað, eins og rafrænt nám og blandað nám, sem hluta af þjálfuninni, á sama tíma og gæði þjálfunarinnar eru tryggð. Þegar verið er að bæta og nútímavæða þjálfunaraðferðir með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað, er mikilvægt að taka tillit til þess að tiltekin viðfangsefni krefjast verklegrar þjálfunar sem ekki er hægt að útkljá á tilhlýðilegan hátt með slíkum tæknibúnaði, t.d. setja á snjókeðjur, festa farm eða önnur þjálfunaratriði þar sem verklega hliðin vegur þungt. Verkleg þjálfun gæti, en þarf þess ekki, falið í sér akstur. Talsverður hluti af þjálfuninni, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, ætti að fara fram á viðurkenndri þjálfunarmiðstöð.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).

26) Til að tryggja samræmi á milli mismunandi tegunda þjálfunar, sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins, ættu aðildarríkin að hafa þann kost að sameina mismunandi tegundir þjálfunar, t.d. ætti að vera kleift að sameina þjálfun í tengslum við flutning á hættulegum farmi, þjálfun sem miðar að því að auka vitneskju um fötlun eða flutning á dýrum, þeirri þjálfun sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

27) Til að koma í veg fyrir að mismunandi aðferðir í aðildarríkjunum torveldi gagnkvæma viðurkenningu og takmarki rétt ökumanna til að gangast undir reglubundna þjálfun í aðildarríkinu sem þeir vinna í ætti, ef ekki er hægt að skrá þjálfun, sem lokið er, á ökuskírteinið, að krefja yfirvöld í aðildarríkjunum um að gefa út atvinnuskírteini ökumanns samkvæmt stöðluðu fyrirmyndinni, sem mælt er fyrir um og sýnd er í II. viðauka við þessa tilskipun, sem mun tryggja gagnkvæma viðurkenningu fyrir alla ökumenn sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

28) Þegar ökumenn frá þriðju löndum nota ökumannsvottorð sem sönnun þess að farið sé að þjálfunarkröfunum gæti það haft hamlandi áhrif fyrir ökumenn þegar farmflytjandi skilar vottorðinu til útgáfuyfirvaldanna, sér í lagi þegar þeir ökumenn óska eftir að hefja störf í öðru aðildarríki. Til að koma í veg fyrir að ökumenn þurfi við slíkar aðstæður að endurtaka þjálfun sína við upphaf nýs starfs ætti að hvetja aðildarríkin til að vinna saman og skiptast á upplýsingum um menntun og hæfi ökumanna.

29) Mæla ætti fyrir um sérákvæði um vottun fyrir ökumenn, sem þessi tilskipun tekur til og eru ríkisborgarar þriðju landa.

30) Í því skyni að laga þessa tilskipun að framförum á sviði vísinda og tækni ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að breyta I. og II. viðauka við þessa tilskipun. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([7]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að setja fram staðla innan alls Sambandsins um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna eðlis flutninganna á vegum sem ná yfir landamæri og málefnanna sem á að fjalla um í þessari tilskipun, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

32) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiðingar tilskipananna, sem settar eru fram í B-hluta IV. viðauka, í landslög og dagsetningarnar þegar þær koma til framkvæmda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um aksturstarfsemi sem stunduð er af:

a) ríkisborgurum aðildarríkis og

b) ríkisborgurum þriðju landa sem eru launþegar hjá fyrirtæki eða sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki notar

([7]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

(hér á eftir nefndir „ökumenn“) og sem stunda flutninga á vegum innan Sambandsins, á vegum sem eru opnir almennri umferð, og nota:

— ökutæki, sem krafist er ökuskírteinis fyrir í flokkum C1, C1 + E, C eða C + E, eins og skilgreint er í tilskipun 2006/126/EB, eða ökuskírteinis sem viðurkennt er að jafngildi því,

— ökutæki, sem krafist er ökuskírteinis fyrir í flokkum D1, D1 + E, D eða D + E, eins og skilgreint er í tilskipun 2006/126/EB, eða ökuskírteinis sem viðurkennt er að jafngildi því.

Að því er þessa tilskipun varðar skal lesa tilvísanirnar í flokka ökuskírteina sem innihalda plústákn („+“) í samræmi við samanburðartöfluna sem sett er fram í III. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Undanþágur

1. Þessi tilskipun gildir ekki um ökumenn ökutækja:

a) ef hámarkshraði fer ekki yfir 45 km á klukkustund,

b) sem herafli, almannavarnir, slökkvilið, liðsafli, sem sér um að halda uppi allsherjarreglu, og neyðarsjúkraflutningaþjónusta notar eða hefur umráð yfir ef flutningarnir eru vegna verkefna sem þeim er úthlutað,

c) sem eru reynsluekin á vegum vegna tækniþróunar, viðgerða eða viðhalds eða ökumenn nýrra eða endurbyggðra ökutækja sem enn hafa ekki verið tekin í notkun,

d) sem krafist er ökuskírteinis fyrir í flokki D eða D1 og sem viðhaldsstarfsfólk ekur án farþega til eða frá viðhaldsstöð sem staðsett er í nágrenni næstu viðhaldsmiðstöðvar sem flutningsaðilinn notar, að því tilskildu að akstur ökutækisins sé ekki meginstarfssvið ökumannsins,

e) sem notuð eru í neyðartilvikum eða eru ætluð til björgunarstarfa, þ.m.t. ökutæki til flutninga, sem eru ekki í atvinnuskyni, í tengslum við hjálparstarf,

f) sem notuð eru til ökukennslu og í ökuprófi fyrir alla einstaklinga sem óska eftir því að fá ökuskírteini eða starfshæfnisvottorð, í samræmi við 6. gr. og 1. mgr. 8. gr., að því tilskildu að ökutækin séu ekki notuð til vöru- og farþegaflutninga í atvinnuskyni,

g) sem notuð eru til farþegaflutninga, sem ekki eru stundaðir í atvinnuskyni, eða vöruflutninga,

h) sem flytja efni, búnað eða vélar sem ökumenn nota við vinnu sína, að því tilskildu að akstur ökutækjanna sé ekki meginstarfssvið ökumannsins.

Að því er varðar f-lið fyrstu undirgreinar skal þessi tilskipun ekki gilda um einstakling sem óskar eftir því að fá ökuskírteini eða starfshæfnisvottorð, í samræmi við 6. gr. og 1. mgr. 8. gr., ef þessi einstaklingur gengst undir viðbótarökuþjálfun samtímis námi á vinnustað þar sem hann nýtur leiðsagnar annars einstaklings með starfshæfnisvottorð eða ökukennara, í ökutækjaflokknum sem notaður er í þeim tilgangi sem settur er fram í þeim lið.

2. Þessi tilskipun gildir ekki ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) ökumenn ökutækjanna aka í dreifbýli og starfa við eigin rekstur,

b) ökumennirnir bjóða ekki upp á flutningaþjónustu,

c) aðildarríkin telja að flutningurinn sé tilfallandi og hafi ekki áhrif á umferðaröryggi.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um ökumenn ökutækja sem fyrirtæki á sviði landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, búskapar eða fiskvinnslu nota eða leigja, án ökumanns, til vöruflutninga í tengslum við eigin atvinnurekstur, nema aksturinn sé hluti af meginstarfssviði ökumannsins eða fer yfir tiltekna vegalengd, sem ákvörðuð er í landslögum, frá bækistöð fyrirtækisins sem á eða leigir ökutækið til lengri eða skemmri tíma.

3. gr.

Menntun og hæfi svo og þjálfun

1. Aksturstarfsemi, eins og um getur í 1. gr., er háð skyldubundinni grunnþjálfun og reglubundinni skylduþjálfun. Í því skyni skulu aðildarríkin koma á:

a) kerfi fyrir grunnþjálfun

Aðildarríkin skulu hafa um tvo eftirfarandi kosti að velja:

i. valkost sem sameinar þátttöku í námskeiði og próf

Í samræmi við lið 2.1. í 2. þætti I. viðauka felur þess háttar grunnþjálfun í sér þátttöku í skyldunámskeiði í tiltekinn tíma. Því skal ljúka með prófi. Ef niðurstaðan úr prófinu er fullnægjandi eru menntun og hæfi vottuð með starfshæfnisvottorði, eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr.,

ii. valkost sem felur aðeins í sér próf

Í samræmi við lið 2.2 í 2. þætti I. viðauka felur þessi tegund grunnþjálfunar ekki í sér þátttöku í skyldunámskeiði heldur eingöngu fræðileg og verkleg próf. Ef niðurstaðan úr prófunum er fullnægjandi eru menntun og hæfi vottuð með starfshæfnisvottorði, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 6. gr.

Aðildarríki getur þó heimilað ökumanni að aka innan yfirráðasvæðis síns áður en hann hefur fengið í hendur starfshæfnivottorð í þrjú ár að hámarki, að því tilskildu að hann hafi sótt starfsþjálfunarnámskeið í viðkomandi aðildarríki, sem stendur í a.m.k. sex mánuði. Með tilliti til starfsþjálfunarnámskeiðsins er hægt að ljúka prófunum, sem um getur í i. og ii. lið, í áföngum,

b) kerfi fyrir reglubundna þjálfun

Í samræmi við 4. þátt I. viðauka felst reglubundin þjálfun í þátttöku í skyldunámskeiði. Það skal vottað með starfshæfnisvottorði eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um kerfi fyrir hraðgrunnþjálfun svo ökumaðurinn geti stunda akstur í þeim tilvikum sem um getur í ii. lið a-liðar 2. mgr. 5. gr. og b-lið, i. lið a-liðar 3. mgr. 5. gr. og b-lið.

Í samræmi við 3. þátt I. viðauka felst þátttaka í skyldunámskeiði í hraðgrunnþjálfuninni. Því skal ljúka með prófi. Ef niðurstaðan úr prófinu er fullnægjandi er þjálfunin vottuð með starfshæfnisvottorði eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita ökumönnum, sem hafa fengið starfshæfnisvottorð, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 ([8]), undanþágu frá prófunum, sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 1. mgr. og í 2. mgr. þessarar greinar, að því er varðar viðfangsefni sem prófið tekur til og kveðið er á um í þeirri reglugerð og, þar sem við á, frá því að taka þátt í samsvarandi hlutum námskeiðsins.

4. gr.

Áunnin réttindi

Eftirfarandi ökumenn skulu undanþegnir kröfunni um að hljóta grunnþjálfun:

a) ökumenn sem eru handhafar ökuskírteinis í flokkum D1, D1 + E, D eða D + E eða ökuskírteinis sem viðurkennt er að sé jafngilt því og gefið er út eigi síðar en 9. september 2008,

b) ökumenn sem eru handhafar ökuskírteinis í flokkum C1, C1 + E, C eða C + E eða ökuskírteinis sem viðurkennt er að sé jafngilt því og gefið er út eigi síðar en 9. september 2009.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

5. gr.

Grunnþjálfun

1. Ekki skal gerð krafa um að samsvarandi ökuskírteini sé fengið áður en aðgangur að grunnþjálfun fæst.

2. Ökumenn ökutækja, sem ætluð eru til vöruflutninga, mega aka:

a) frá 18 ára aldri:

i. ökutæki í flokkum C og C + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr.,

ii. ökutæki í flokkum C1 og C1 + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.,

b) frá 21 árs aldri, ökutæki í flokkum C og C + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

3. Ökumenn ökutækja, sem ætluð eru til farþegaflutninga, mega aka:

a) frá 21 árs aldri:

i. ökutæki í flokkum D og D + E til reglubundinna farþegaflutninga svo fremi að akstursleiðin sé ekki lengri en 50 km og ökutæki í flokkum D1 og D1 + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

Aðildarríki getur heimilað ökumönnum ökutækja í einum af þessum flokkum að aka slíkum ökutækjum innan yfirráðasvæðis síns frá 18 ára aldri, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr.,

ii. ökutæki í flokkum D og D + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr.

Aðildarríki getur heimilað ökumönnum ökutækja í einum af þessum flokkum að aka slíkum ökutækjum innan yfirráðasvæðis síns frá 20 ára aldri, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. Lækka má þetta aldurstakmark í 18 ár ef ökumaðurinn ekur slíkum ökutækjum án farþega,

b) frá 23 ára aldri, ökutæki í flokkum D og D + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

4. Með fyrirvara um þau aldursmörk, sem tilgreind eru í 2. mgr. þessarar greinar, skulu ökumenn, sem stunda vöruflutninga og eru handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og kveðið er á um í 6. gr., í einum af flokkunum sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, undanþegnir því að verða sér úti um slíkt starfshæfnisvottorð fyrir einhvern annan ökutækjaflokk sem um getur í þeirri málsgrein.

Þessi ákvæði gilda um sömu skilyrði fyrir ökumenn sem stunda farþegaflutninga í flokkunum sem um getur í 3. mgr.

5. Þess er ekki krafist að ökumenn, sem stunda vöruflutninga og færa út starfsemi sína eða breyta henni í því skyni að flytja farþega, eða öfugt, og eru handhafar starfshæfnivottorðs, eins og kveðið er á um í 6. gr., endurtaki sameiginlegan hluta grunnþjálfunarinnar heldur einungis þá hluta sem varða sérstaklega nýju þjálfunina.

6. gr.

Starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfunina

1. Veita má starfshæfnisvottorð til að votta grunnþjálfun í eftirfarandi tilvikum:

a) Starfshæfnisvottorð sem veitt er á grundvelli þátttöku í námskeiði og prófs.

Í samræmi við i. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin krefjast þess að ökunemar sæki námskeið í þjálfunarmiðstöð sem lögbær yfirvöld hafa viðurkennt, í samræmi við 5. þátt I. viðauka („viðurkennd þjálfunarmiðstöð“). Þessi námskeið skulu taka til allra þeirra viðfangsefna sem um getur í 1. þætti I. viðauka. Þeirri þjálfun skal ljúka með fullnægjandi niðurstöðu úr prófinu, sem kveðið er á um í lið 2.1 í 2. þætti I. viðauka. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu

skipuleggja þetta próf, eða aðili sem þau tilnefna, og skal tilgangur þess vera að kanna hvort þekking ökunema á viðfangsefnunum, sem um getur í 1. þætti I. viðauka, sé á því stigi sem krafist er í umræddum þætti. Þessi yfirvöld eða aðilar skulu hafa umsjón með prófinu og, ef fullnægjandi niðurstaða fæst, gefa út vottorð um starfshæfni sem vottar grunnþjálfun ökumannanna.

b) Starfshæfnisvottorð er veitt á grundvelli prófa.

Í samræmi við ii. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríki krefjast þess að ökunemar standist fræðilegu og verklegu prófin, sem um getur í lið 2.2 í 2. þætti I. viðauka. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu skipuleggja þessi próf, eða aðili sem þau tilnefna, og skal tilgangur þeirra vera að kanna hvort þekking ökunema á viðfangsefnunum, sem um getur í 1. þætti I. viðauka, sé á því stigi sem krafist er í umræddum þætti. Þessi yfirvöld eða aðilar skulu hafa umsjón með prófunum og, ef fullnægjandi niðurstaða fæst, gefa út starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfun ökumannanna.

2. Veita má starfshæfnisvottorð til að votta hraðgrunnþjálfun.

Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin gera þá kröfu að ökuneminn sæki námskeið við viðurkennda þjálfunarmiðstöð. Þessi námskeið skulu taka til allra þeirra viðfangsefna sem um getur í 1. þætti I. viðauka.

Þessari þjálfun skal ljúka með prófi, eins og kveðið er á um í 3. þætti I. viðauka. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu skipuleggja þetta próf, eða aðili sem þau tilnefna, og skal tilgangur þess vera að kanna hvort þekking ökunema á viðfangsefnunum, sem um getur í 1. þætti I. viðauka, sé á því stigi sem krafist er í umræddum þætti. Þessi yfirvöld eða aðilar skulu hafa umsjón með prófinu og, ef fullnægjandi niðurstaða fæst, gefa út starfshæfnisvottorð sem vottar hraðgrunnþjálfun ökumannanna.

7. gr.

Reglubundin þjálfun

Reglubundin þjálfun skal fela í sér þjálfun til að gera handhöfum starfshæfnisvottorða kleift að endurnýja þekkingu sem er nauðsynleg í starfi þeirra, með sérstaka áherslu á umferðaröryggi, heilbrigði og öryggi á vinnustað og minnkun umhverfisáhrifa á akstur.

Viðurkennd þjálfunarmiðstöð skal skipuleggja þá þjálfun í samræmi við 5. þátt I. viðauka. Þjálfunin skal samanstanda af kennslu í kennslustofu, verklegri þjálfun og, ef mögulegt er, þjálfun með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað eða hágæða herma. Ef ökumaður fer til starfa hjá öðru fyrirtæki skal tekið tillit til reglubundinnar þjálfunar sem hann hefur þegar fengið.

Reglubundin þjálfun skal hafa það markmið að víkka út og endurskoða sum viðfangsefnin sem um getur í 1. þætti I. viðauka. Hún skal taka til mismunandi viðfangsefna og ávallt fela í sér a.m.k. eitt viðfangsefni sem snýr að umferðaröryggi. Í viðfangsefnum þjálfunarinnar skal tekið tillit til þróunar viðeigandi löggjafar og tækni og tekið skal tillit til þarfa ökumannsins um sérþjálfun eins og mögulegt er.

8. gr.

Starfshæfnisvottorð sem vottar reglubundna þjálfun

1. Þegar ökumaður hefur lokið hinni reglubundnu þjálfun, sem um getur í 7. gr., skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða viðurkennda þjálfunarmiðstöðin gefa út starfshæfnisvottorð sem vottar að hann hafi lokið reglubundnu þjálfuninni.

2. Handhafar starfshæfnisvottorðs, sem um getur í 6. gr., skulu sækja fyrsta námskeið í reglubundinni þjálfun innan fimm ára frá útgáfu þess vottorðs.

Aðildarríkin mega stytta eða lengja tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein, m.a. svo að það sé í samræmi við gildistíma ökuskírteinis. Tímabilið má þó ekki vera skemmra en þrjú ár eða lengra en sjö ár.

3. Ökumaður, sem hefur lokið fyrsta námskeiði í reglubundinni þjálfun, eins og um getur í 2. mgr. eða í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2003/59/EB, skal fá reglubundna þjálfun á fimm ára fresti, áður en starfshæfnisvottorðið, sem vottar að hann hafi lokið reglubundnu þjálfuninni, fellur úr gildi.

4. Handhafar starfshæfnisvottorðsins, sem um getur í 6. gr., eða starfshæfnisvottorðsins, sem um getur í 1. mgr. þeirrar greinar, og ökumenn, sem um getur í 4. gr., sem starfa ekki lengur við akstur og uppfylla ekki skilyrði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu sækja námskeið í reglubundinni þjálfun áður en þeir hefja störf á ný.

5. Ökumenn sem stunda vöru- eða fólksflutninga á vegum og hafa lokið námskeiði í reglubundinni þjálfun í einum af flokkunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 5. gr., skulu undanþegnir þeirri skyldu að sækja reglubundna þjálfun fyrir einhvern annan flokk en þann sem kveðið er á um í þessum málsgreinum.

9. gr.

Þjálfunarstaður

Ökumennirnir, sem um getur í a-lið 1. gr. þessarar tilskipunar, skulu fá grunnþjálfunina, sem um getur í 5. gr. þessarar tilskipunar, í því aðildarríki sem þeir hafa fasta búsetu, eins og skilgreint er í 12. gr. tilskipunar 2006/126/EB.

Ökumennirnir, sem um getur í b-lið 1. gr., skulu fá þá grunnþjálfun í því aðildarríki þar sem fyrirtækið hefur staðfestu eða í því aðildarríki þar sem atvinnuleyfi þeirra er gefið út.

Ökumennirnir, sem um getur í a- og b-lið 1. gr., skulu fá þá reglubundnu þjálfun, sem um getur í 7. gr., í því aðildarríki þar sem þeir hafa fasta búsetu eða í því aðildarríki þar sem þeir starfa.

10. gr.

Tákntölur Sambandsins

1. Á grundvelli starfshæfnisvottorðs sem vottar grunnþjálfun og starfshæfnivottorðs sem vottar reglubundna þjálfun skulu lögbær yfirvöld aðildarríkis, að teknu tilliti til ákvæða 2. og 3. mgr. 5. gr. og 8. gr. þessarar tilskipunar, skrá samræmda tákntölu Sambandsins „95“ sem kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB ásamt samsvarandi flokkum ökuskírteina:

— á ökuskírteinið eða

— á atvinnuskírteini ökumannsins sem er útbúið í samræmi við stöðluðu fyrirmyndina sem sýnd er í II. viðauka við þessa tilskipun.

Ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem starfshæfnivottorðið var fengið geta ekki fært samræmda tákntölu Sambandsins á ökuskírteinið skulu þau gefa út atvinnuskírteini ökumanns til handa ökumanninum.

Atvinnuskírteini ökumanns, sem er gefið út í aðildarríkjunum, skal njóta gagnkvæmrar viðurkenningar. Þegar atvinnuskírteini ökumanns er gefið út skulu lögbær yfirvöld kanna hvort ökuskírteinið sé í gildi fyrir viðkomandi ökutækjaflokk.

2. Ökumaður, sem um getur í b-lið 1. gr. þessarar tilskipunar, sem ekur ökutækjum til vöruflutninga á vegum, skal einnig hafa rétt á að færa sönnur á að hann hafi þá menntun og hæfi og þjálfun, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, með því að nota ökumannsvottorðið, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 ([9]), að því tilskildu að það beri tákntölu Sambandsins „95“. Að því er þessa tilskipun varðar skal útgáfuaðildarríkið tilgreina tákntölu Sambandsins „95“ í athugasemdahluta vottorðsins ef ökumaðurinn sem um er að ræða hefur uppfyllt kröfurnar um menntun og hæfi og þjálfun sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Ökumannsvottorð, sem bera ekki tákntölu Sambandsins „95“ og sem gefin voru út fyrir 23. maí 2020 í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009, einkum 7. mgr., í því skyni að votta að farið hafi verið að þjálfunarkröfunum samkvæmt þessari tilskipun, skulu tekin gild sem sönnun fyrir menntun og hæfi þar til gildistími þeirra rennur út.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).

11. gr.

Framfylgdarkerfi

1. Í þágu framfylgdar skulu aðildarríkin skiptast á upplýsingum um starfshæfnisvottorð sem hafa verið gefin út eða afturkölluð. Að því er þetta varðar skulu aðildarríkin, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa rafrænt kerfi eða vinna að útvíkkun fyrirliggjandi kerfis, að teknu tilliti til mats framkvæmdastjórnarinnar á kostnaðarhagkvæmasta kostinum.

2. Kerfið getur innihaldið upplýsingar sem tilgreindar eru í starfshæfnisvottorðunum auk upplýsinga um stjórnsýslumeðferð í tengslum við starfshæfnisvottorðin.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari eingöngu fram til að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum þjálfunarkröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([10]).

4. Aðgangur að kerfinu skal vera tryggður. Aðildarríkjum er aðeins heimilt að veita lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með því að farið sé að þessari tilskipun, aðgang að kerfinu.

12. gr.

Aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr., að því er varðar breytingu á I. og II. viðauka í því skyni að laga þá að framförum á sviði vísinda og tækni.

13. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 12. gr., í fimm ár frá 26. júlí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 12. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 12. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

14. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2003/59/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta IV. viðauka, er felld úr gildi, án þess að það hafi áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiðingar tilskipananna, sem settar eru fram í B-hluta IV. viðauka, í landslög og dagsetningarnar þegar þær koma til framkvæmda.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

15. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

16. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. desember 2022.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	M. BEK
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM MENNTUN OG HÆFI OG ÞJÁLFUN

1. þáttur

Skrá yfir viðfangsefni

Sú þekking, sem aðildarríkjum ber að taka tillit til þegar grunnþjálfun og reglubundinni þjálfun ökumanns er komið á, skal a.m.k. taka til viðfangsefnanna í þessari skrá. Ökunemar skulu öðlast þá kunnáttu og verklegu hæfni sem nauðsynleg er til að aka ökutækjum í viðkomandi flokki á öruggan hátt.

„Lágmarksmenntun og -hæfi skal a.m.k. vera sambærileg 2. stigi evrópska viðmiðarammans um menntun og hæfi eins og kveðið er á um í II. viðauka við tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 ([1]).

1. Framhaldsþjálfun í skynsamlegum akstri sem byggist á öryggisreglum

Öll ökuskírteini

1.1. Markmið: að þekkja eiginleika aflyfirfærslukerfisins í þeim tilgangi að nýta það eins vel og hægt er:

mæla sem sýna snúningsvægi, afl og tiltekna eldsneytisnotkun hreyfils, ákjósanlegt snúningshraðasvið, ákjósanlegt hraðasvið þegar skipt er um gír.

1.2. Markmið: að þekkja tæknilega eiginleika og starfsemi öryggiseftirlits til þess að hafa eftirlit með ökutæki, lágmarka slit og koma í veg fyrir bilanir:

takmörk á notkun hemla og hamlara, hemlar og hamlari notaðir saman, betri nýting hraða- og gírhlutfalls, notkun tregðu ökutækis, notkun aðferða til að hægja á ökutækinu og hemla á leið niður brekkur, viðbrögð ef bilun verður, notkun rafræns og vélræns búnaðar, eins og rafræns stöðugleikabúnaðar (ESP), háþróaðs neyðarhemlunarkerfis (AEBS), læsivarins hemlakerfis (ABS), spyrnustýrikerfis (TCS) og vöktunarkerfa í ökutækjum (IVMS) sem og annarra hjálparkerfa fyrir ökumenn eða sjálfvirks búnaðar sem er viðurkenndur til notkunar.

1.3. Markmið: hæfni til að besta eldsneytisnotkun:

að besta eldsneytisnotkun með því að beita verkkunnáttu að því er varðar liði 1.1 og 1.2, mikilvægi þess að sjá fyrir umferðarflæði, hæfileg fjarlægð milli annarra ökutækja og notkun skriðþunga ökutækisins, jafn hraði, lipur akstursmáti og viðeigandi þrýstingur í hjólbörðum auk þekkingar á skynvæddu flutningakerfi sem bætir skilvirkni í akstri og aðstoðar við gerð akstursleiðar.

1.4. Markmið: hæfni til að sjá fyrir, meta og aðlaga sig að áhættum í umferðinni:

að gera sér grein fyrir og aðlaga sig að mismunandi vega-, umferðar- og veðurskilyrðum, sjá fyrir komandi atburði, að skilja hvernig á að undirbúa og skipuleggja ferð við óeðlileg veðurskilyrði, að vera kunnugt um notkun tengds öryggisbúnaðar og skilja þegar fresta eða aflýsa þarf ferð vegna öfgakenndra veðurskilyrða, að laga sig að áhættum í umferðinni, þ.m.t. hættulegri hegðun í umferðinni eða eftirtektarleysi við akstur (með því að nota rafeindabúnað, borða, drekka, o.s.frv.); að þekkja og laga sig að hættulegum aðstæðum og að geta ráðið við streitu sem af því leiðir, einkum í tengslum við stærð og þyngd ökutækjanna og óvarða vegfarendur, s.s. gangandi vegfarendur, hjólreiðamenn og vélknúin ökutæki á tveimur hjólum.

Að bera kennsl á hættuástand og túlka á tilhlýðilegan hátt hvernig það geti breyst í ástand þar sem ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir árekstur og velja og framkvæma aðgerðir sem hækka öryggismörk að því marki að enn sé unnt að afstýra árekstri ef hugsanlegt hættuástand ætti sér stað.

Ökuskírteini í flokkum C, C + E, C1, C1 + E

([1]) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun (Stjtíð. ESB C 111, 6.5.2008, bls. 1).

1.5. Markmið: hæfni til að hlaða ökutækið með tilhlýðilegu tilliti til öryggisreglna og réttrar notkunar á ökutækinu:

kraftar sem verka á ökutæki á hreyfingu, notkun gírhlutfalls í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar, notkun sjálfvirkra aflyfirfærslukerfa, útreikningur á farmþunga ökutækis eða vagnalestar, útreikningur heildarrúmmáls, dreifing hleðslu, afleiðingar sem of mikið álag á öxulinn hefur, stöðugleiki ökutækis og þyngdarmiðja, gerðir umbúða og vörubretta.

Helstu flokkar varnings, sem þarf að festa tryggilega, klemmu- og festingaraðferðir, notkun öryggisóla, skoðun festingarbúnaðar, notkun búnaðar til að meðhöndla farm, notkun búnaðar til að setja á yfirbreiðslur og taka þær niður.

Ökuskírteini í flokkum D, D + E, D1, D1 + E

1.6. Markmið: hæfni til að tryggja að vel fari um farþega og að öryggis þeirra sé gætt:

rétt mat á langsum og þversum hreyfingum ökutækisins, samnýting vegarins, staðsetning á veginum, mjúk hemlun, taka tillit til útskögunar, notkun sérstakra grunnvirkja (almenn svæði, sérstakar akreinar), samræming á öruggum akstri og öðrum hlutverkum ökumanns, samskipti við farþega, ásamt sérstökum þörfum sem tengjast tilteknum hópum farþega (fötluðu fólki, börnum).

1.7. Markmið: hæfni til að hlaða ökutækið með tilhlýðilegu tilliti til öryggisreglna og réttrar notkunar á ökutækinu:

kraftar sem verka á ökutæki á hreyfingu, notkun gírhlutfalls í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar, notkun sjálfvirkra aflyfirfærslukerfa, útreikningur á farmþunga ökutækis eða vagnalestar, dreifing hleðslu, afleiðingar sem of mikið álag á öxulinn hefur, stöðugleiki ökutækis og þyngdarmiðja.

2. Beiting reglna

Öll ökuskírteini

2.1. Markmið: að þekkja félagslegt umhverfi flutninga á vegum og reglurnar sem gilda um þá:

hámarksvinnutími innan flutningageirans, meginreglur, beiting og afleiðingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ([2]) og (ESB) nr. 165/2014 ([3]), viðurlög við að nota ekki ökurita, óviðeigandi notkun og óheimilar breytingar á honum, þekking á félagslegu umhverfi flutninga á vegum, réttindi og skyldur ökumanna að því er varðar grunnþjálfun og reglubundna þjálfun.

Ökuskírteini í flokkum C, C + E, C1, C1 + E

2.2. Markmið: að þekkja reglurnar sem gilda um vöruflutninga:

flutningsrekstrarleyfi, skjöl sem skulu vera í ökutækinu, bann við að nota tiltekna vegi, veggjöld, skyldur samkvæmt stöðluðum samningum um vöruflutninga, að útbúa skjöl sem flutningssamningurinn samanstendur af, alþjóðleg flutningsleyfi, skyldur samkvæmt samningi um samkomulag í millilandaflutningum á farmi á vegum, útfylling alþjóðlegra farmbréfa, för yfir landamæri, farmmiðlarar, sérstök fylgiskjöl með vörum.

Ökuskírteini í flokkum D, D + E, D1, D1 + E

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

2.3. Markmið: að þekkja reglurnar sem gilda um farþegaflutninga:

flutningur sérstakra farþegahópa, öryggisbúnaður í hópbifreiðum, öryggisbelti, hleðsla ökutækis.

3. Heilbrigði, umferðar- og umhverfisöryggi, þjónusta, vöruferlisstjórnun

Öll ökuskírteini

3.1. Markmið: að gera ökumenn meðvitaðri um hættur í umferðinni og vinnuslys:

tegundir vinnuslysa í flutningageiranum, tölfræði um umferðarslys, þáttur vöruflutningabifreiða/langferðabifreiða, slys á einstaklingum, skemmdir á eignum ásamt fjárhagslegum afleiðingum.

3.2. Markmið: hæfni til að koma í veg fyrir glæpsamlegt athæfi og mansal á ólöglegum innflytjendum:

almennar upplýsingar, afleiðingar fyrir ökumenn, forvarnarráðstafanir, gátlisti, löggjöf um ábyrgð flutningsaðila.

3.3. Markmið: hæfni til að hindra líkamlega áhættu:

meginreglur vinnuvistfræðinnar, hreyfingar og stöður sem skapa áhættu, líkamleg hreysti, æfing í meðferð vara, persónuleg vernd.

3.4. Markmið: aukin vitund um mikilvægi líkamlegs og andlegs hæfis:

grundvallarreglur um hollt og alhliða mataræði, áhrif áfengis, lyfja eða einhverra annarra efna sem líklegt er að hafi áhrif á hegðun, einkenni, orsakir og áhrif þreytu og streitu, grundvallarþýðing skiptingar á milli vinnu- og hvíldartíma.

3.5. Markmið: hæfni til að meta neyðaraðstæður:

hegðun í neyðaraðstæðum: mat á aðstæðum, komið í veg fyrir frekari slys, kallað eftir aðstoð, aðstoð við slasaða og skyndihjálp, viðbrögð við bruna, björgun ökumanns og farþega úr vöruflutningabifreiðum/hópbifreiðum, trygging öryggis allra farþega, brugðist við ofbeldi, kunnátta á grundvallarreglum við að semja skýrslu um slys.

3.6. Markmið: hæfni til að tileinka sér hegðun til að bæta ímynd fyrirtækisins:

hegðun ökumannsins og ímynd fyrirtækisins: mikilvægi gæða þjónustunnar, sem ökumaðurinn veitir, fyrir fyrirtækið, hlutverk ökumannsins, fólk sem ökumaður á samskipti við, viðhald ökutækis, vinnuskipulag, viðskipta- og fjárhagsleg áhrif af völdum deilumáls.

Ökuskírteini í flokkum C, C + E, C1, C1 + E

3.7. Markmið: að þekkja efnahagsumhverfi farmflutninga á vegum og skipulag markaðarins:

flutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta (samkeppni, farmsendendur), annars konar flutningastarfsemi á vegum (flutningur gegn gjaldi eða fyrir eigin reikning, starfsemi í tengslum við flutninga), skipulag helstu tegunda flutningsfyrirtækja og starfsemi í tengslum við flutninga, mismunandi sérhæfing í flutningum (tankbifreið, stýrt hitastig, hættulegur farmur, flutningur á dýrum o.s.frv.), breytingar sem eiga sér stað innan atvinnugreinarinnar (fjölbreytni í veittri þjónustu, sambland af flutningum með járnbrautum og á vegum, undirverktakastarfsemi o.s.frv.).

Ökuskírteini í flokkum D, D + E, D1, D1 + E

3.8. Markmið: að þekkja efnahagsumhverfi farþegaflutninga á vegum og skipulag markaðarins:

farþegaflutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta farþega (járnbraut, einkabifreið), mismunandi starfsemi í tengslum við farþegaflutninga á vegum, aukin vitneskja um fötlun, ferð yfir landamæri (millilandaflutningar), skipulagning helstu tegunda fyrirtækja sem stunda farþegaflutninga á vegum.

2. þáttur

Skyldubundin grunnþjálfun sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 3. gr.

2.1. Valkostur sem sameinar þátttöku í námskeiði og prófi

Grunnþjálfun verður að fela í sér kennslu í öllum viðfangsefnum í skránni skv. 1. þætti. Grunnþjálfunin verður að fela í sér 280 klukkustunda þjálfun.

Hver ökunemi verður að aka í a.m.k. 20 klukkustundir með ökukennara sér við hlið í ökutæki í viðkomandi flokki sem uppfyllir að lágmarki þær kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2006/126/EB um prófökutæki.

Ökunemi verður að aka með ökukennara sér við hlið sem starfar hjá viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Hverjum ökunema er heimilt að aka mest átta klukkustundir af þessum 20 klukkustunda akstri með ökukennara sér við hlið við sérstaka staðhætti eða í besta fáanlega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand vega breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins og hæfninni til að besta eldsneytisnotkun.

Aðildarríkin geta heimilað að hluti af þjálfuninni fari fram á viðurkenndri þjálfunarmiðstöð með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað, s.s. rafrænt nám, en jafnframt verður að viðhalda gæði þjálfunarinnar og skilvirkni hennar, og með því að velja viðfangsefni þar sem hægt er að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað á sem skilvirkastan hátt. Aðildarríkin skulu einkum krefjast áreiðanlegs notandakennis og viðeigandi eftirlitsaðferða. Aðildarríkin geta talið sérstaka þjálfun, sem krafist er samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, sem hluta af þjálfuninni. Undir þetta fellur, en takmarkast þó ekki við, þjálfun sem krafist er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB ([4]) varðandi flutning á hættulegum farmi, þjálfun sem miðar að því að auka vitneskju um fötlun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 ([5]) og þjálfun varðandi flutning á dýrum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 ([6]).

Að því er varðar ökumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., verður grunnþjálfunin að fela í sér 70 klukkustunda þjálfun, þ.m.t. fimm klukkustunda akstur með ökukennara sér við hlið.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðili sem þau tilnefna leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir ökumanninn. Í prófinu verður að vera a.m.k. ein spurning um hvert markmiðanna í skránni yfir viðfangsefni í 1. þætti.

2.2. Valkostur sem felur í sér próf

Lögbær yfirvöld aðildarríkja, eða aðili sem þau tilnefna, skulu skipuleggja fræðileg og verkleg próf, eins og um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr., til að kanna hvort ökuneminn hafi þá þekkingu, sem krafist er í 1. þætti, á þeim viðfangsefnum og markmiðum sem þar eru skráð.

a) Fræðilega prófið skal a.m.k. vera í tveimur hlutum:

   i. spurningar, annaðhvort fjölvalsspurningar eða spurningar sem svara þarf skriflega eða sambland af hvoru tveggja,

   ii. raunhæf verkefni.

Próftími fræðilega hluta prófsins skal vera fjórar klukkustundir hið minnsta.

b) Verklega prófið skal vera í tveimur hlutum:

   i. ökupróf þar sem markmiðið er að leggja mat á þjálfun í skynsamlegum akstri sem byggist á öryggisreglum. Prófið skal fara fram, þegar unnt er, á vegum utan þéttbýlis, á greiðfærum vegum og hraðbrautum (eða álíka vegum) svo og á öllum tegundum þjóðvega í þéttbýli þar sem er að finna mismunandi tegundir erfiðleika sem líklegt er að ökumaðurinn standi frammi fyrir. Æskilegt væri að þetta próf færi fram við mismikinn umferðarþunga. Aksturstíminn á vegum skal nýttur eins vel og mögulegt er svo unnt sé að meta umsækjandann á öllum þeim umferðarsvæðum sem líklegt er að hann aki um. Lengd þessa prófs skal vera 90 mínútur hið minnsta,

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 frá 16. febrúar 2011 um réttindi farþega í hópbifreiðum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 1).

([6]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtíð. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).

ii. verklegt próf sem tekur a.m.k. til liða 1.5, 1.6, 1.7, 3.2, 3.3 og 3.5. Lengd þessa prófs skal vera 30 mínútur hið minnsta.

Ökutækið, sem er notað í verklega prófinu, verður a.m.k. að uppfylla kröfurnar um prófökutækin sem settar eru fram í tilskipun 2006/126/EB.

Við verklega prófið má bæta þriðja prófinu sem fer fram við sérstaka staðhætti eða í besta fáanlega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun ökumannsins í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand vega breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins.

Tímalengd þessa valfrjálsa prófs er ekki fastákveðinn. Ef ökumaðurinn þreytir slíkt próf skal draga lengd próftímans frá 90 mínútna ökuprófinu, sem um getur í i. lið, en frádreginn tími má þó ekki vera lengri en 30 mínútur.

Að því er varðar ökumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., skal fræðilega prófið takmarkast við þau viðfangsefni, sem um getur í 1. þætti og varða ökutækin sem hin nýja grunnþjálfun á við. Slíkir ökumenn þurfa þó að þreyta allt verklega prófið.

3. þáttur

Hraðgrunnþjálfun sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr.

Hraðgrunnþjálfun verður að fela í sér kennslu í öllum viðfangsefnunum í skránni í 1. þætti. Hún verður að fela í sér 140 klukkustunda þjálfun.

Hver ökunemi verður að aka í a.m.k. 10 klukkustundir með ökukennara sér við hlið í ökutæki í viðkomandi flokki sem uppfyllir a.m.k. kröfurnar, sem settar eru fram í tilskipun 2006/126/EB, um prófökutæki.

Ökunemi verður að aka með ökukennara sér við hlið sem starfar hjá viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Hverjum ökunema er heimilt að aka mest fjórar klukkustundir af þessum 10 klukkustunda akstri með ökukennara sér við hlið við sérstaka staðhætti eða í besta fáanlega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand vega breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins og hæfninni til að besta eldsneytisnotkun.

Ákvæði fjórðu málsgreinar í lið 2.1. skulu einnig gilda um hraðgrunnþjálfunina.

Að því er varðar ökumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., verður hraðgrunnþjálfunin að fela í sér 35 klukkustunda þjálfun, þ.m.t. tveggja og hálfs klukkustunda akstur með ökukennara sér við hlið.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðili sem þau tilnefna leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir ökumanninn. Í prófinu verður að vera a.m.k. ein spurning um hvert markmiðanna í skránni yfir viðfangsefni í 1. þætti.

4. þáttur

Reglubundin skylduþjálfun sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 3. gr.

Skipulagning reglubundinna skylduþjálfunarnámskeiða verður að fara fram innan viðurkenndrar þjálfunarmiðstöðvar. Hvert námskeið verður að vera 35 klukkustundir á fimm ára fresti og dreifast á a.m.k. sjö klukkustunda lotur sem skipta má niður á tvo samfellda daga. Þegar um er að ræða rafrænt nám skal viðurkennd þjálfunarmiðstöð viðhalda gæðum þjálfunarinnar, þ.m.t. með því að velja viðfangsefni þar sem hægt er að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað á sem skilvirkastan hátt. Aðildarríkin skulu einkum krefjast áreiðanlegs notandakennis og viðeigandi eftirlitsaðferða. Kennsla í formi rafræns náms skal ekki vara lengur en tólf klukkustundir. A.m.k. ein af lotum þjálfunarnámskeiðanna skal taka til viðfangsefnis sem varðar umferðaröryggi. Í inntaki þjálfunarinnar skal tekið tillit til nauðsynlegrar sérþjálfunar í tengslum við flutningastarfsemi, sem ökumaðurinn innir af hendi, og viðeigandi laga- og tækniþróunar og taka ætti tillit til nauðsynlegrar sérþjálfunar ökumannsins eins og mögulegt er. Á þessum 35 klukkustundum ætti að fara yfir margs konar mismunandi viðfangsefni, þ.m.t. að endurtaka þjálfun ef í ljós kemur að ökumaðurinn þarfnast sérstakrar viðbótarþjálfunar.

Aðildarríkin geta íhugað að meta undangengna sérþjálfun, sem krafist er samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, sem eina af tilskildum sjö klukkustunda lotunum. Undir þetta fellur, en takmarkast þó ekki við, þjálfun sem krafist er samkvæmt tilskipun 2008/68/EB varðandi flutning á hættulegum farmi, þjálfun varðandi flutning á dýrum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2005 og þjálfun sem miðar að því að auka vitneskju um fötlun í farþegaflutningum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 181/2011. Hins vegar

geta aðildarríkin ákveðið að undangengin sérþjálfun, eins og krafist er samkvæmt tilskipun 2008/68/EB varðandi flutning á hættulegum farmi, verði metin sem tvær af sjö klukkutíma lotunum, að því tilskildu að ekki sé tekið tillit til neinnar annar þjálfunar í reglubundnu þjálfuninni.

5. þáttur

Viðurkenning á grunnþjálfun og reglubundinni þjálfun

5.1. Þjálfunarmiðstöðvarnar, þar sem grunnþjálfunin og reglubundna þjálfunin fer fram, skulu viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna. Einungis er heimilt að veita viðurkenningu þegar skrifleg umsókn hefur borist. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókninni:

5.1.1. viðeigandi áætlun um menntun og hæfi og þjálfun þar sem tilgreind eru viðfangsefnin sem eru kennd og fyrirhuguð framkvæmdaráætlun og kennsluaðferðir,

5.1.2. menntun og hæfi leiðbeinenda og starfssvið,

5.1.3. upplýsingar um kennslustaðina, kennsluefnið, búnaðinn fyrir verklegu verkefnin og ökutækjaflotann sem er notaður,

5.1.4. skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðunum (fjölda þátttakenda).

5.2. Lögbær yfirvöld skulu veita viðurkenninguna skriflega með eftirfarandi skilyrðum:

5.2.1. þjálfunin skal framkvæmd í samræmi við skjölin sem fylgja með umsókninni,

5.2.2. lögbær yfirvöld hafa rétt á að senda viðurkenndan aðila til að aðstoða við þjálfunarnámskeið viðurkenndra þjálfunarmiðstöðva og þau hafa rétt á að fylgjast með slíkum þjálfunarmiðstöðvum, að því er varðar starfsaðferðir, sem eru notaðar, og framsetningu þjálfunarnámskeiða og prófa,

5.2.3. draga má viðurkenninguna til baka eða fella hana tímabundið úr gildi ef skilyrði viðurkenningarinnar eru ekki lengur uppfyllt.

Viðurkennd þjálfunarmiðstöð skal ábyrgjast að leiðbeinendur búi yfir staðgóðri þekkingu á nýjustu reglum og þjálfunarkröfum. Hluti af sérstakri valaðferð er að leiðbeinendur leggi fram vottorð um að þeir hafi þekkingu á viðfangsefninu og kennsluaðferðunum. Að því er varðar verklegan hluta þjálfunarinnar skulu leiðbeinendur leggja fram vottorð um reynslu sína sem atvinnuökumenn eða svipaða akstursreynslu, t.d. sem ökukennarar fyrir þung ökutæki.

Kennsluáætlunin skal vera í samræmi við viðurkenninguna og skal taka til viðfangsefna í skránni í 1. þætti.

———

II. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI UM FYRIRMYND EVRÓPUSAMBANDSINS AÐ ATVINNUSKÍRTEINI ÖKUMANNS

1. Efnislegir eiginleikar atvinnuskírteinis ökumanns

   Efnislegir eiginleikar atvinnuskírteinis ökumanns skulu vera í samræmi við ISO-staðla 7810 og 7816-1.

   Aðferðirnar við að ganga úr skugga um efnislega eiginleika atvinnuskírteinis ökumanns, til að tryggt sé að þeir samrýmist alþjóðlegum stöðlum, skulu vera í samræmi við ISO-staðal 10373.

2. Upplýsingar sem koma fram á atvinnuskírteini ökumanns

   Atvinnuskírteini ökumanns skal hafa tvær hliðar.

   Hlið 1 skal innihalda:

   a) yfirskriftina „atvinnuskírteini ökumanns“, prentuð með stóru letri á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur atvinnuskírteini ökumannsins út,

   b) heiti aðildarríkisins sem gefur atvinnuskírteini ökumannsins út (valfrjálst),

   c) auðkenni aðildarríkisins, sem gefur atvinnuskírteini ökumannsins út, prentað sem negatíva í bláum rétthyrningi og umlukið tólf gulum stjörnum sem mynda hring; auðkennin skulu vera eftirfarandi:

B	:	Belgía
BG	:	Búlgaría
CZ	:	Tékkland
DK	:	Danmörk
D	:	Þýskaland
EST	:	Eistland
IRL	:	Írland
GR	:	Grikkland
E	:	Spánn
F	:	Frakkland
HR	:	Króatía
I	:	Ítalía
CY	:	Kýpur
LV	:	Lettland
LT	:	Litáen (Lietuva)
L	:	Lúxemborg
H	:	Ungverjaland
M	:	Malta
NL	:	Holland (Niðurland)
A	:	Austurríki
PL	:	Pólland
P	:	Portúgal
RO	:	Rúmenía
SLO	:	Slóvenía

SK	:	Slóvakía
FIN	:	Finnland
S	:	Svíþjóð

d) sérstakar upplýsingar sem varða atvinnuskírteini ökumannsins, númeruð sem hér segir:

1. kenninafn handhafa,
2. eiginnafn handhafa,
3. fæðingardagur og -staður handhafa,
4. a) útgáfudagur,
   b) gildir til (dags.),
   c) heiti útgáfuyfirvalds (má prenta á hlið 2),
   d) annað númer en númer ökuskírteinis vegna umsýslu (valfrjálst),
5. a) númer ökuskírteinis,
   b) raðnúmer,
6. ljósmynd af handhafa,
7. undirskrift handhafa,
8. fastur búsetustaður eða póstfang handhafa (valfrjálst),
9. flokkar ökutækja þar sem ökumaður uppfyllir kröfur um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun,

e) orðin „fyrirmynd Evrópusambandsins“ á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins, sem gefur út atvinnuskírteini ökumannsins, og yfirskriftin „atvinnuskírteini ökumanns“ á öðrum opinberum tungumálum Sambandsins, skulu prentuð í bláum lit og mynda bakgrunn atvinnuskírteinis ökumannsins:

tarjeta de cualificación del conductor

карта за квалификация на водача

osvědčení profesní způsobilosti řidiče

chaufføruddannelsesbevis

Fahrerqualifizierungsnachweis

juhi pädevustunnistus

δελτίο επιμόρφωσης οδηγού

driver qualification card

carte de qualification de conducteur

cárta cáilíochta tiománaí

kvalifikacijska kartica vozača

carta di qualificazione del conducente

vadītāja kvalifikācijas apliecība

vairuotojo kvalifikacinė kortelė

gépjárművezetői képesítési igazolvány

karta ta’ kwalifika tas-sewwieq

kwalificatiekaart bestuurder

karta kwalifikacji kierowcy

carta de qualificação de motorista

cartelă de pregătire profesională a conducătorului auto

kvalifikačná karta vodiča

kartica o usposobljenosti voznika

kuljettajan ammattipätevyyskortti

yrkeskompetensbevis för förare;

f) viðmiðunarlitirnir:

— blár: Pantone Reflex blue,

— gulur: Pantone yellow,

Hlið 2 skal innihalda:

a) 9. flokka ökutækja þar sem ökumaður uppfyllir kröfur um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun,

10. samræmda tákntölu Sambandsins „95“ sem kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB,

11. svæði þar sem aðildarríkið, sem gefur atvinnuskírteini ökumannsins út, getur fært inn mikilvægar upplýsingar er varða stjórnsýslu eða upplýsingar sem tengjast umferðaröryggi (valfrjálst). Ef upplýsingarnar tengjast lið í þessum viðauka skal númer liðsins vera fyrir framan upplýsingarnar,

b) skýringu á tölusettum færslum sem koma fram á hliðum 1 og 2 á atvinnuskírteini ökumannsins (a.m.k. að því er varðar 1., 2., 3., 4. lið (a- b- og c-lið), 5. lið (a- og b-lið) og 10. lið).

Fari aðildarríki fram á að rita þessar upplýsingar á annarri þjóðtungu en búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litáísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku, skal það gefa atvinnuskírteini ökumannsins út á tveimur tungumálum og nota eitt af þessum tungumálum með fyrirvara um önnur ákvæði þessa viðauka.

3. Öryggi, þ.m.t. gagnavernd

Markmiðið með hinum ýmsu hlutum atvinnuskírteinis ökumannsins er að útiloka að hægt sé að falsa skírteinið eða eiga við það á nokkurn hátt og koma upp um hvers kyns tilburði í þá átt.

Aðildarríkin skulu tryggja að öryggisstig atvinnuskírteinis ökumannsins sé a.m.k. sambærilegt öryggisstigi ökuskírteinisins.

4. Sérstakt fyrirkomulag

Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina er aðildarríkjunum heimilt að bæta við litum eða merkingum, s.s. strikamerki, innlendum táknum og öryggisatriðum, sbr. þó önnur ákvæði þessa viðauka.


Í tengslum við gagnkvæma viðurkenningu atvinnuskírteina ökumanna mega ekki vera aðrar upplýsingar í strikamerkinu en þær sem þegar er unnt að lesa á atvinnuskírteini ökumanns eða eru nauðsynlegar fyrir vinnuferlið við útgáfu þess.

5. Umbreytingarákvæði


Atvinnuskírteini ökumanna sem gefin eru út fyrir 23. maí 2020 skulu halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út.

6. Fyrirmynd Evrópusambandsins að atvinnuskírteini ökumanns

Hlið 1



Hlið 2



III. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA FYRIR TILVÍSANIR TIL TILTEKINNA FLOKKA ÖKUSKÍRTEINA

Tilvísun til þessarar tilskipunar	Tilvísun til tilskipunar 2006/126/EB
C + E	CE
C1 + E	C1E
D + E	DE
D1 + E	D1E

IV. VIÐAUKI

A-hluti

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB (Stjtíð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).	
Tilskipun ráðsins 2004/66/EB (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).	eingöngu liður IV.2 í viðaukanum
Tilskipun ráðsins 2006/103/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 344).	eingöngu liður A.6 í viðaukanum
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1137/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 21.11.2008, bls. 1).	eingöngu liður 9.11 í viðaukanum
Tilskipun ráðsins 2013/22/ESB (Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 356).	eingöngu liður A.4 í viðaukanum
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 (Stjtíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 29).	eingöngu 1. gr. og viðauki
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1243 (Stjtíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 241).	eingöngu liður IX.5 í viðaukanum

B-hluti

Frestir til að leiða í landslög og dagsetningar þegar tilskipanirnar koma til framkvæmda

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Dagurinn þegar tilskipunin kemur til framkvæmda
2003/59/EB	10. september 2006	10. september 2008 að því er varðar grunnþjálfun sem krafist er til að aka ökutækjum í flokkum D1, D1 + E, D og D + E 10. september 2009 að því er varðar grunnþjálfun sem krafist er til að aka ökutækjum í flokkum C1, C1 + E, C og C + E
(ESB) 2018/645	23. maí 2020, að undanskilinni 6. mgr. 1. gr. 23. maí 2021, að því er varðar 6. mgr. 1. gr.	

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 2003/59/EB	Þessi tilskipun
1. til 7. gr.	1. til 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr. og a-liður	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 8. gr.
b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr.	–
Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr.
3., 4. og 5. mgr. 8. gr.	3., 4. og 5. mgr. 8. gr.
9. og 10. gr.	9. og 10. gr.
10. gr. a	11. gr.
11. gr.	12. gr.
11. gr. a	13. gr.
13. gr.	–
14. gr.	–
15. gr.	14. gr.
16. gr.	15. gr.
17. gr.	16. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
–	IV. viðauki
–	V. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/449 **2026/EES/55/32**

frá 27. febrúar 2026

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan af beitingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ([2]) hefur sýnt að nauðsynlegt er að gera minni háttar breytingar á ítarlegum framkvæmdarráðstöfunum tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd.

2) Til að bregðast við breyttu landslagi ógnar og áhættu ætti að efla tilteknar ítarlegar flugverndaraðgerðir að því er varðar aðgangsstýringu, skoðanir ökutækja, vernd loftfara og flugverndaráætlanir flugrekenda, birgðir til notkunar um borð og flugvallarbirgðir, sem og varðandi sprengjuleitarhunda.

3) Í því skyni að auka skýrleika laganna, staðla sameiginlega túlkun á viðeigandi ákvæðum og til að tryggja viðeigandi framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd ætti enn fremur að útlista, samræma eða einfalda tilteknar ítarlegar flugverndaraðgerðir.

4) Auk þess þarf að framlengja frestinn, 1. október 2025, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, fyrir uppfærslu algríma til að greina íðefni með notkun snefilgreiningartækja fyrir sprengiefni (ETD) um a.m.k. 12 mánuði þar eð prófanir á slíkum algrímum, sem rannsóknarstofur aðildarríkja framkvæma innan ramma sameiginlegs matsferlis Evrópusambands flugmálastjórna, standa enn yfir.

5) Þar sem sumar aðgerðir á sviði skimunar birgða um borð og flugvallarbirgða, með því að nota röntgenbúnað, snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni og greiningartæki fyrir sprengifimar gufur (EVD), krefjast þess að gerðar verði breytingar á verklagsreglunum, sem flugvellir og viðurkenndir birgjar beita núna, ætti að fresta beitingu þeirra um a.m.k. 6 mánuði frá samþykkt þessarar reglugerðar.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/449, 2.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/300/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/1998/oj).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Ákvæði 11. og 17. liðar viðaukans við þessa reglugerð skulu þó gilda frá og með 1. október 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í lið 1.2.2.2 kemur eftirfarandi:

„b) gildu áhafnarskilríki flugverja, sem eru ráðnir af flugrekanda í Sambandinu eða erlendum flugrekanda í skilningi 4. og 5. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, eða“.

2) Í stað liðar 1.2.2.3 kemur eftirfarandi:

„1.2.2.3. Heimilt er að veita einkaflugmönnum og, eftir atvikum, áhöfn þeirra aðgang að haftasvæðum flugverndar, ef þeir fara í flug sem er ekki í ábataskyni með loftfari sem hefur áður lent á viðkomandi flugvelli, í þeim tilgangi að fá aðgang að loftfarinu til að undirbúa brottför eða í þann tíma sem er bráðnauðsynlegur til að framkvæma viðhald á loftfarinu. Til að fá aðgang:

a) skal flugmannsskírteini þeirra skoðað áður en þeir fá aðgang,

b) takmarkast aðgangur þeirra við svæðið þar sem loftfari þeirra er lagt og við leiðir frá flugstöðvarbyggingu eða frá aðgönguleið og að loftfarinu,

c) skulu þeir hafa fylgdarmann þegar staðbundnar reglur krefjast þess fyrir áhöfn og farþega í almannaflugi.

Með fyrirvara um skyldur b- og c-liðar getur einkaflugmaður, sem heyrir undir starfræksluskilyrðin sem lýst er í þessum lið, fengið aðgang að haftasvæðum flugverndar ef hann hefur undir höndum gild flugvallarskilríki, eins og um getur í c-lið 1.2.2.2, eða gild landsbundin skilríki, sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í liðum 1.2.3 og 11.2.6.“

3) Í stað liðar 1.2.2.6 kemur eftirfarandi:

„1.2.2.6. Til að fá aðgang að haftasvæði flugverndar skal gilt leyfisbréf vera í ökutæki. Leyfisbréf ökutækis skal skoðað áður en ökutæki er heimilaður aðgangur að haftasvæði flugverndar til að tryggja að það sé í gildi og tilheyri ökutækinu.“

4) Í stað a-liðar í lið 1.4.3.2 kemur eftirfarandi:

„a) sprengjuleitarhunda, nema verklagið sem lýst er í lið 1.4.5 í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 eigi við, og“.

5) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„3.0.9. Í þessum kafla merkir „sértækar verklagsreglur stöðvar“ (e. *supplementary station procedures*) skjal sem erlendur flugrekandi tekur saman til að uppfylla kröfur landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi í því aðildarríki sem hann stundar flutningaflug til eða frá.

3.0.10 Án þess að hafa áhrif á 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal viðeigandi yfirvald tryggja að erlendir flugrekendur, sem bjóða upp á þjónustu til og frá yfirráðasvæði aðildarríkisins, komi á, framkvæmi og viðhaldi skriflegum sértækum verklagsreglum stöðvar sem uppfylla kröfur landsbundinnar flugverndaráætlunar í almenningsflugi nema þessar kröfur sé þegar að finna í flugverndaráætlun flugrekandans.“

6) Eftirfarandi lið er bætt við:

„6.0.9. Að því er þennan viðauka varðar merkir hugtakið „loftþétt ílát“ ílát þar sem hönnun og þéttieiginleikar koma í veg fyrir að agnir eða gufur innihalds þess berist út í umhverfið, jafnvel þótt ílátið sjálft sé afhent innpakkað í gámi, á vörubretti eða farmi eða samsetningu farms sem er ekki loftþéttur.“

7) Í stað liðar 6.2.1.3 kemur eftirfarandi:

„6.2.1.3. Sendingar sem samanstanda af hlutum, eins og skilgreint er í lið 6.0.9, og sem vegna eðlis síns, umbúða eða íláts myndu torvelda verulega eða koma í veg fyrir annaðhvort uppgötvun bannaðra hluta eða greiningu á efniviðum, efnum eða hlutum sem þeir innihalda, með því að beita fylgiskjölum 6-J og 12-H í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005, skulu aðeins samþykktar sem flugfarmur eða -póstur af viðurkenndum umboðsaðila eða flugrekanda sem tekur við sendingunni, eftir því sem við á, ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) þær eru upprunnar frá og afhentar af þekktum sendanda í samræmi við lið 6.4,

b) þær eru meðhöndlaðar af einingu, sem gegnir hlutverki farmsendanda slíkra sendinga, en þær eru ekki upprunnar frá þessari einingu,

c) þær eru valdar af viðurkenndum umboðsaðila, í samræmi við b-lið 6.3.2.3,

d) þær sæta samblandi af skimun og öðrum viðeigandi flugverndarráðstöfunum, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður, ef hlutaðeigandi yfirvald samþykkir það og framkvæmdastjórninni er tilkynnt um það.

Farmsendandinn, sem um getur í fyrstu málsgrein b-liðar, skal vera samþykktur af hlutaðeigandi yfirvaldi sem þekktur sendandi eingöngu fyrir þessa tilteknu starfsemi. Samþykkið skal ná yfir þessa tilteknu starfsemi og staðfesta að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í lið 6.4.2, séu uppfylltar, bæði á starfsstöð farmsendanda og upprunalegs framleiðanda sendinganna.

Ákvæði fyrstu málsgreinar d-liðar skulu gilda til 31. desember 2027.“

8) Eftirfarandi lið er bætt við:

„6.2.1.7. Skimun farms og pósts skal einnig falla undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005.“

9) Liðir 6.8.1.6–6.8.1.9 falla brott.

10) Liðir 6.8.4.10, 6.8.4.11 og 6.8.4.12 falla brott.

11) Ákvæðum liðar 8.1.2.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) röntgenbúnaður sem beitt er í samræmi við fylgiskjal 6-J í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005,“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem er notað í samræmi við fylgiskjal 6-J í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 ásamt aðferðinni í a-lið þessa liðar,“.

c) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur sem er notað í samræmi við fylgiskjal 6-J í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 ásamt aðferðinni í a-lið þessa liðar.“

12) Eftirfarandi lið er bætt við:

„8.1.2.4. Birgðir sem samanstanda af hlutum, eins og skilgreint er í lið 6.0.9, og sem vegna eðlis síns, umbúða eða íláts myndu torvelda verulega eða koma í veg fyrir annaðhvort uppgötvun bannaðra hluta eða greiningu á efniviðum, efnum eða hlutum sem þeir innihalda, með því að beita fylgiskjölum 6-J og 12-H í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005, skulu aðeins samþykktar sem birgðir til nota um borð af viðurkenndum birgi eða flugrekanda sem tekur við sendingunni, eftir því sem við á, ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) þær eru upprunnar frá þekktum birgi,

b) þær sæta samblandi af skimun og öðrum viðeigandi flugverndarráðstöfunum, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður, ef hlutaðeigandi yfirvald samþykkir það og framkvæmdastjórninni er tilkynnt um það.

Ákvæði fyrstu málsgreinar b-liðar skulu gilda til 31. desember 2027.“

13) Í stað annarrar málsgreinar í lið 8.1.4.4 kemur eftirfarandi:

„Fullgildingarnar skulu skráðar og ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu þær eiga sér stað fyrir tilnefningu og endurteknar á þriggja ára fresti eftir það.“

14) Í stað a-liðar í lið 8.1.4.5 kemur eftirfarandi:

„a) heimsókn á starfsstöð birgisins á þriggja ára fresti eða“.

15) Eftirfarandi lið er bætt við:

„8.1.4.8. Skoðun hlutaðeigandi yfirvalds, í samræmi við landsbundna gæðastýringaráætlun (e. *national quality control programme*) þess, má teljast heimsókn á starfsstöð birgis, að því tilskildu að hún taki til fullgildingar á framkvæmd flugverndaráætlunar, þar sem staðfest er að frávikum sé ekki til að dreifa. Að lokinni skoðun skal hlutaðeigandi yfirvald láta einingunni í té viðeigandi gögn um að endurfullgildingu sé lokið með fullnægjandi hætti og skulu þau gerð aðgengileg tilnefndri einingu.“

16) Í stað liðar 9.0.2 kemur eftirfarandi:

„9.0.2 Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „flugvallarbirgðir“: allir hlutir sem ætlunin er að selja, nota eða gera tiltæka á haftasvæði flugverndar á flugvöllum, í hvaða tilgangi eða til hvers konar starfsemi sem er, að undanskildum „hlutum sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis“,

b) „viðurkenndur birgir flugvallarbirgða“: birgir sem hefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að flytja flugvallarbirgðir inn á haftasvæði flugverndar sem og til að skima flugvallarbirgðir,

c) „þekktur birgir flugvallarbirgða“: birgir sem hefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að flytja flugvallarbirgðir inn á haftasvæði flugverndar.“

17) Ákvæðum liðar 9.1.2.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) röntgenbúnaður sem beitt er í samræmi við fylgiskjal 6-J í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005,“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem er notað í samræmi við fylgiskjal 6-J í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 ásamt aðferðinni í a-lið þessa liðar,“.

c) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur sem er notað í samræmi við fylgiskjal 6-J í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 ásamt aðferðinni í a-lið þessa liðar.“

18) Eftirfarandi lið er bætt við:

„9.1.2.4. Birgðir sem samanstanda af hlutum, eins og skilgreint er í lið 6.0.9, og sem vegna eðlis síns, umbúða eða íláts myndu torvelda verulega eða koma í veg fyrir annaðhvort uppgötvun bannaðra hluta eða greiningu á efniviðum, efnum eða hlutum sem þeir innihalda, með því að beita fylgiskjölum 6-J og 12-H í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005, skulu aðeins samþykktar sem flugvallarbirgðir af flugrekanda eða viðurkenndum birgi sem tekur við sendingunni, eftir því sem við á, ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) þær eru upprunnar frá þekktum birgi,

b) þær sæta samblandi af skimun og öðrum viðeigandi flugverndarráðstöfunum, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður, ef hlutaðeigandi yfirvald samþykkir það og framkvæmdastjórninni er tilkynnt um það.

Ákvæði fyrstu málsgreinar b-liðar skulu gilda til 31. desember 2027.“

19) Í stað liða 9.1.3 og 9.1.4 kemur eftirfarandi:

„9.1.3. **Samþykki viðurkenndra birgja**

9.1.3.1. Hlutaðeigandi yfirvald skal samþykkja viðurkennda birgja.

Samþykki viðurkennds birgis skal gilda um tiltekna starfsstöð.

Hver eining, sem viðhefur flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 9.1.5, og framkvæmir skimun flugvallarbirgða, skal samþykkt sem viðurkenndur birgir.

9.1.3.2. Eftirfarandi verklagsreglur skulu gilda um samþykki viðurkenndra birgja:

a) einingin skal óska eftir samþykki frá hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkisins þar sem starfsstöðin er staðsett til að fá stöðu sem viðurkenndur birgir.

Umsækjandinn skal leggja flugverndaráætlun fyrir hlutaðeigandi yfirvald. Í áætluninni skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem birgirinn á að fylgja til að fara að lið 9.1.5. Í áætluninni skal einnig lýst hvernig birgirinn skuli hafa eftirlit með því að þessum aðferðum og verklagsreglum sé fylgt.

Umsækjandi skal einnig leggja fram „yfirlýsingu um skuldbindingar – viðurkenndur birgir flugvallarbirgða“ sem er að finna í fylgiskjali 9-A. Yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni eða af einstaklingi sem ber ábyrgð á verndinni.

Í undirrituðu yfirlýsingunni skal með skýrum hætti tilgreina staðsetningu starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna sem hún vísar til og skal hún geymd hjá hlutaðeigandi yfirvaldi;

b) hlutaðeigandi yfirvald, eða ESB-matsmaður flugverndar fyrir hönd þess, skal rannsaka flugverndaráætlunina og síðan framkvæma sannprófun á tilteknum starfsstöðvum til að meta hvort umsækjandinn fari að lið 9.1.5,

c) ef hlutaðeigandi yfirvald telur að upplýsingarnar, sem veittar eru í samræmi við a- og b-lið, séu fullnægjandi skal það tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um viðurkennda birginn séu færðar í gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju eigi síðar en næsta virka dag. Við færsluna í gagnagrunninn skal hlutaðeigandi yfirvald úthluta hverri samþykktri starfsstöð einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði; ef hlutaðeigandi yfirvald telur upplýsingarnar ófullnægjandi skal einingunni, sem sækir um samþykki sem viðurkenndur birgir, tafarlaust tilkynnt um ástæður þess,

d) viðurkenndur birgir telst ekki samþykktur fyrr en upplýsingarnar um hann hafa verið skráðar í gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju.

9.1.3.3. Fullgilding viðurkennds birgis skal endurnýjuð með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þetta felur í sér sannprófun á starfsstöð viðurkennds birgis í því skyni að meta hvort hann fari enn að lið 9.1.5.

Skoðun hlutaðeigandi yfirvalds á athafnasvæði viðurkennda birgisins, í samræmi við landsbundna gæðastýringaráætlun þess, má líta á sem sannprófun á starfsstöð, að því tilskildu að skoðunin taki til allra krafna í lið 9.1.5.

9.1.3.4. Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að viðurkenndi birgirinn fari ekki lengur að lið 9.1.5 skal það svipta hinn viðurkennda birgi stöðu sinni að því er varðar tilteknar starfsstöðvar.

9.1.3.5. Með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að gera strangari kröfur, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal viðurkenndur birgir, sem er samþykktur í samræmi við lið 9.1.3, viðurkenndur í öllum aðildarríkjum.

9.1.4. **Tilnefning þekktra birgja**

9.1.4.1. Hver eining („birgirinn“), sem viðhefur flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 9.1.5, en framkvæmir ekki skimun flugvallarbirgða, skal tilnefnd sem þekktur birgir af hlutaðeigandi rekstraraðila flugvallarins.

9.1.4.2. Til að vera tilnefndur sem þekktur birgir verður birgirinn að láta rekstraraðila flugvallar í té:

a) „yfirlýsingu um skuldbindingar – þekktur birgir flugvallarbirgða“ sem er að finna í fylgiskjali 9-B; í þessari yfirlýsingu skal með skýrum hætti tilgreina staðsetningu starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna sem hún vísar til og skal hún undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni,

b) flugverndaráætlun sem tekur til flugverndarráðstafana, eins og um getur í lið 9.1.5.

9.1.4.3. Allir þekktir birgjar skulu tilnefndir á grundvelli fullgildingar á því:

a) hvort flugverndaráætlunin sé viðeigandi og heildstæð að því er varðar lið 9.1.5,

b) hvort flugverndaráætlunin hafi verið framkvæmd án frávika.

Til að færa lagalegar sannanir fyrir tilnefningu getur hlutaðeigandi yfirvald krafist þess að rekstraraðilar flugvalla skrái nauðsynlegar upplýsingar um þekkta birgja sem þeir tilnefna í „gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju“ eigi síðar en næsta virka dag. Við færsluna í gagnagrunninn skal rekstraraðili flugvallar úthluta hverri tilnefndri starfsstöð einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði.

Eingöngu má heimila flutning flugvallarbirgða inn á haftasvæði flugverndar eftir að gengið hefur verið úr skugga um stöðu birgis. Það skal gert með sannprófun í „gagnagrunni Sambandsins um vernd aðfangakeðju“, ef við á, eða eftir öðrum leiðum sem skila sama markmiði.

Ef hlutaðeigandi yfirvald eða rekstraraðili flugvallarins telur að þekkti birgirinn fari ekki lengur að lið 9.1.5 skal rekstraraðili flugvallarins tafarlaust svipta hinn þekkta birgi stöðu sinni.

9.1.4.4. Hlutaðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki skal tilgreina í flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, hvort innlendur úttektarmaður, ESB-matsmaður flugverndar eða einstaklingur, sem kemur fram fyrir hönd rekstraraðila flugvallar og er skipaður og þjálfaður í þessum tilgangi, eigi að fullgilda flugverndaráætlunina og sjá um framkvæmd hennar.

Fullgildingarnar skulu skráðar og ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu þær eiga sér stað fyrir tilnefningu og endurteknar á þriggja ára fresti eftir það.

Ef fullgildingin er ekki gerð af hálfu rekstraraðila flugvallar skal hann hafa aðgang að öllum gögnum um hana.

9.1.4.5. Fullgilding á framkvæmd flugverndaráætlunar, þar sem staðfest er að frávikum sé ekki til að dreifa, skal annaðhvort vera:

a) heimsókn á starfsstöð birgisins á þriggja ára fresti eða

b) reglulegar athuganir, sem skulu hefjast strax eftir tilnefningu, í tengslum við móttöku birgða á haftasvæði flugverndar, sem þessi þekkti birgir afhendir, þ.m.t.:

— sannprófun á því að einstaklingurinn, sem afhendir birgðir fyrir hönd þekkta birgisins, hafi fengið tilhlýðilega þjálfun,

— sannprófun á að birgðirnar séu verndaðar á tilhlýðilegan hátt,

— skimun birgðanna með sama hætti og birgðir sem koma frá óþekktum birgjum.

Þessar athuganir skulu vera ófyrirsjáanlegar og fara fram a.m.k. einu sinni á hverju þriggja mánaða tímabili eða í 20% af afhendingum þekkts birgis til rekstraraðila flugvallar.

Aðeins má nota kostinn í b-lið ef hlutaðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur tilgreint í flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi að einstaklingur, sem kemur fram fyrir hönd rekstraraðila flugvallar, skuli framkvæma fullgildinguna.

9.1.4.6. Í flugverndaráætlun rekstraraðila flugvallar skal mælt fyrir um aðferðirnar, sem á að nota, og verklagið, sem fylgja á, meðan á tilnefningu stendur og þegar henni er lokið.

9.1.4.7. Rekstraraðili flugvallar skal geyma:

a) skrá yfir alla þekkta birgja, sem hann hefur tilnefnt, þar sem fram kemur hvenær tilnefning þeirra fellur úr gildi,

b) undirritaða yfirlýsingu, afrit af flugverndaráætluninni og allar skýrslur um framkvæmd hennar, að því er varðar hvern þekktan birgi, í a.m.k. sex mánuði eftir að tilnefning hans féll úr gildi.

Þessi gögn skulu vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi samkvæmt beiðni í tengslum við samræmisvöktun.

9.1.4.8. Skoðun hlutaðeigandi yfirvalds, í samræmi við landsbundna gæðastýringaráætlun þess, má teljast heimsókn á starfsstöð birgis, að því tilskildu að hún taki til fullgildingar á framkvæmd flugverndaráætlunar, þar sem staðfest er að frávikum sé ekki til að dreifa. Að lokinni skoðun skal hlutaðeigandi yfirvald láta einingunni í té viðeigandi gögn um að endurfullgildingu sé lokið með fullnægjandi hætti og skulu þau gerð aðgengileg tilnefndri einingu.“

20) Eftirfarandi lið er bætt við:

„9.1.5. **Flugverndarráðstafanir sem viðurkenndur birgir, þekktur birgir eða rekstraraðili flugvallar á að beita**

9.1.5.1. Viðurkenndur birgir eða þekktur birgir flugvallarbirgða eða rekstraraðili flugvallar, sem afhendir flugvallarbirgðir á haftasvæði flugverndar, skal:

a) tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) tryggja að einstaklingar, sem annast skimun flugvallarbirgða, fái þjálfun í samræmi við lið 11.2.3.3 og einstaklingar, sem framkvæma annars konar flugverndarráðstafanir að því er varðar flugvallarbirgðir, fái þjálfun í samræmi við lið 11.2.3.10,

d) koma í veg fyrir óheimilan aðgang að athafnasvæði sínu og flugvallarbirgðum,

e) tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í flugvallarbirgðum,

f) nota innsigli, sem sýnir hvort vernd ökutækjanna eða gámanna, sem flytja flugvallarbirgðir, hafi verið rofin eða verja ökutækin eða gámana með áþreifanlegum hætti.

Ákvæði f-liðar fyrstu málsgreinar gilda ekki um flutning innan flugsvæðis.

9.1.5.2. Ef viðurkenndur birgir eða þekktur birgir felur flutning birgða til flugvallarins öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins, skal viðurkenndi birgirinn eða þekkti birgirinn tryggja að farið sé að öllum flugverndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessum lið.“

21) Í stað fylgiskjals 9-A kemur eftirfarandi:

„**FYLGISKJAL 9-A**

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

VIÐURKENNDUR BIRGIR FLUGVALLARBIRGÐA

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (*) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir:

— að eftir minni bestu vitund eru upplýsingarnar í flugverndaráætlun fyrirtækisins réttar og nákvæmar,

— að aðferðunum og verklagsreglunum, sem settar eru fram í þessari flugverndaráætlun, verði hrint í framkvæmd og þeim viðhaldið á öllum þeim starfsstöðvum sem teknar eru fram í áætluninni,

— að þessi flugverndaráætlun verði aðlöguð og henni breytt til að fara að öllum viðeigandi breytingum á löggjöf Sambandsins í framtíðinni nema [heiti fyrirtækis] tilkynni [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] að það óski ekki lengur eftir að skima og afhenda flugvallarbirgðir (og óski því ekki lengur eftir því að vera viðurkenndur birgir),

— að [heiti fyrirtækis] muni tilkynna [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] skriflega:

a) um minni háttar breytingar á flugverndaráætlun fyrirtækisins, t.d. breytingar er varða heiti fyrirtækisins, einstakling sem ber ábyrgð á flugvernd eða tengiliðaupplýsingar, tafarlaust en a.m.k. innan 10 virkra daga,

b) um meiri háttar fyrirhugaðar breytingar, t.d. nýjar verklagsreglur um skimun, meiri háttar byggingarframkvæmdir, sem gætu haft áhrif á það að fyrirtækið geti farið að viðeigandi löggjöf Sambandsins, eða breytingu á starfsstöð/heimilisfangi, a.m.k. 15 virkum dögum áður en hafist er handa við fyrirhugaðar breytingar,

— að til að tryggja að farið sé að viðeigandi löggjöf Sambandsins muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við skoðanir, þegar slíkt er nauðsynlegt, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir flugvallarbirgðir, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber, með tilliti til flugverndar, innan ramma flugverndaráætlunar fyrirtækisins,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [hlutaðeigandi yfirvald]:

a) ef það hættir starfsemi,

b) ef það skimar ekki lengur flugvallarbirgðir;

c) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Sambandsins.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Heiti:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/300/oj).“

22) Eftirfarandi fylgiskjali er bætt við:

„**FYLGISKJAL 9-B**

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

ÞEKKTUR BIRGIR FLUGVALLARBIRGÐA

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (*) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir:

— að [heiti fyrirtækis]:

a) muni tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) muni tryggja að einstaklingar sem sjá um flugverndarráðstafanir, að undanskilinni skimun að því er varðar flugvallarbirgðir, fái þjálfun í samræmi við lið 11.2.3.10,

d) muni koma í veg fyrir óheimilan aðgang að athafnasvæði sínu og flugvallarbirgðum,

e) muni tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í flugvallarbirgðum,

f) muni nota innsigli, sem sýnir hvort vernd ökutækjanna eða gámanna, sem flytja flugvallarbirgðir, hafi verið rofin eða verja ökutækin eða gámana með áþreifanlegum hætti (þessi liður gildir ekki um flutning innan flugsvæðis);

[heiti fyrirtækis] mun tryggja að farið sé að öllum framangreindum flugverndarráðstöfunum þegar flutningur birgða er falinn öðru fyrirtæki sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins,

— að til að tryggja að farið sé að ákvæðum muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við allar skoðanir, eftir því sem þörf krefur, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [rekstraraðila flugvallar] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir flugvallarbirgðir, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [rekstraraðila flugvallar]:

a) ef það hættir starfsemi,

b) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Sambandsins.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Lagalegur fyrirsvarsmaður

Heiti:

Dagsetning:

Undirskrift:

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/300/oj).“

23) Í lið 11.1.1 fellur önnur málsgrein brott.

24) Í stað liðar 12.0.5.4 kemur eftirfarandi:

„12.0.5.4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita flugverndarbúnaðinum (e. *security equipment*), sem um getur í lið 12.0.5.3, stöðu merkingarinnar „ESB-stimpill“, að uppfylltum þeim skilyrðum að hún hafi fengið í hendur og fullgilt gögn frá aðildarríkinu um að slíkur flugverndarbúnaður uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.“

25) Í stað liðar 12.4.2.1 kemur eftirfarandi:

„12.4.2.1. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) búnaður, sem er settur upp fyrir 1. september 2022, verður a.m.k. að uppfylla staðal 3,

b) búnaður, sem er settur upp frá og með 1. september 2022 til og með 31. ágúst 2027, verður a.m.k. að uppfylla staðal 3.1,

c) búnaður, sem er settur upp fyrir 1. september 2027, verður a.m.k. að uppfylla staðal 3.2.“

26) Liður 12.4.2.2 fellur brott.

27) Í stað orðanna „1. október 2025“ í annarri málsgrein liðar 12.6.2 koma orðin „31. desember 2026“.

28) Í stað liðar 12.9.1.1 kemur eftirfarandi:

„12.9.1.1. Sprengjuleitarhundur skal geta greint og vísað á tiltekin efni sem tilgreind eru í fylgiskjali 12-D í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005.“

29) Í stað liðar 12.9.1.4 kemur eftirfarandi:

„12.9.1.4. Nota má sprengjuleitarhund og þjálfara hans við skimun ef þjálfarinn hefur lokið bóklegu prófi með fullnægjandi hætti, ef sprengjuleitarhundurinn hefur lokið lyktgreiningarprófi með fullnægjandi hætti og ef þeir hafa verið samþykktir saman sem teymi.“

30) Í stað liðar 12.9.1.8 kemur eftirfarandi:

„12.9.1.8. Eftir að hafa hlotið samþykki hlutaðeigandi yfirvalds er einungis heimilt að nota sprengjuleitarhundateymi við öryggisleit samkvæmt þeirri aðferð og á því svæði/svæðum sem það hefur verið samþykkt fyrir.“

31) Í stað liðar 12.9.2.5 kemur eftirfarandi:

„12.9.2.5. Sprengjuleitarhundur, sem notaður er til að greina sprengiefni, verður að vera með ígræddan merkissvara (*) til að gera kleift að auðkenna hann með ótvíræðum hætti.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 frá 12. júní 2013 um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 (Stjtíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/576/oj).“

32) Í stað liðanna 12.9.3.3–12.9.3.6 kemur eftirfarandi:

„12.9.3.3. Þjálfunin skal vera í höndum leiðbeinenda sem eru með réttindi í samræmi við lið 11.5.

12.9.3.4. Hunda, sem á að þjálfa til að leita að sprengiefnum, skal einungis nota í þeim tilgangi.

12.9.3.5. Meðan á þjálfun stendur skal nota raunveruleg sprengiefni eða þjálfunarbúnað sem svarar til sprengiefnisins.

12.9.3.6. Einstaklingar sem meðhöndla raunveruleg sprengiefni eða þjálfunarbúnað skulu fá viðeigandi þjálfun til að koma í veg fyrir mengun.“

33) Í stað liðanna 12.9.3.11 og 12.9.3.12 kemur eftirfarandi:

„12.9.3.11. Reglubundin þjálfun sprengjuleitarhundateymis skal fara fram á a.m.k. sex vikna fresti. Lengd reglubundinnar þjálfunar skal að lágmarki vera fjórar klukkustundir á hverju sex vikna tímabili. Þessi krafa gildir ekki ef sprengjuleitarhundur er látinn gangast undir þjálfun, a.m.k. einu sinni í viku, til að bera kennsl á öll þau efni sem tilgreind eru í fylgiskjali 12-D í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005.

12.9.3.12. Meðan á reglubundinni þjálfun stendur skal nota raunveruleg sprengiefni eða þjálfunarbúnað sem svarar til sprengiefnisins.“

34) Í stað liðanna 12.9.3.14 og 12.9.3.15 kemur eftirfarandi:

„*Verkleg þjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi*

12.9.3.14. Þegar sprengjuleitarhundur er notaður við skimun skal hann gangast undir þjálfun á hverju starfssvæði, eins og um getur í fylgiskjali 12-F í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005, þar sem teymið er sent til starfa til að tryggja að hann uppfylli þær kröfur um árangur sem settar eru fram í fylgiskjali 12-D í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005.

12.9.3.15. Þjálfun á starfssvæðinu, eins og það er skráð í fylgiskjali 12-F í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005, skal vera samfelld og af handahófi allan þann tíma sem hundurinn gegnir störfum og skal meta greiningargetu sprengjuleitarhundsins með því að nota viðurkenndan þjálfunarbúnað á hverju svæði þar sem sprengjuleitarhundur er sendur til starfa.“

35) Eftirfarandi lið er bætt við:

„12.9.3.16. Þjálfun skal fara fram í tengslum við hluti sem hafa þegar verið skimaðir og verndaðir.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/21 2026/EES/55/33

frá 19. desember 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar kröfur fyrir rekstraraðila flugvallar varðandi starfsemi á sviði flugafgreiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2018/1139 eru settar fram grunnkröfur um örugga veitingu flugafgreiðslu og um fyrirtækin sem veita þá þjónustu á flugvöllum í Sambandinu innan gildissviðs þeirrar reglugerðar.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ([2]) er mælt fyrir um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli, þ.m.t. tiltekna starfsemi og aðstöðu sem tengist beint flugafgreiðslu og fyrirtækjum sem veita þá þjónustu.

3) Öll fyrirtæki, sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139, bera ábyrgð á að stjórna öryggisáhættu og að vinna stöðugt að því að auka öryggi, þ.m.t. með gagnkvæmri miðlun upplýsinga sem tengjast öryggismálum. Tilgangurinn með þessari reglugerð er að tryggja sameiginlega nálgun þegar brugðist er við öryggisáhættu í tengslum við snertifleti flugafgreiðslustarfseminnar, umfram skylduna um tilkynningu atvika. Þessi nálgun myndi auka við skylduna um tilkynningu atvika til lögbærra yfirvalda og myndi tryggja beinna flæði öryggisupplýsinga meðal hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Því ætti að breyta kröfunum um flugvelli til að gera rekstraraðilum flugvalla kleift að deila viðeigandi öryggisupplýsingum, sem fengnar eru úr tilkynningum um atvik eða úr eftirlitsskoðunum og úttektum, með öðrum fyrirtækjum til að styðja þau við að viðhalda eigin rekstraröryggi.

4) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir öll flugafgreiðslufyrirtæki á flugvöllum í Sambandinu, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, og grunnöryggisstig fyrir starfsemi á sviði flugafgreiðslu ættu rekstraraðilar flugvalla einnig að uppfylla kröfur um flugafgreiðslu þegar þeir sjálfir veita flugafgreiðslu. Þar sem rekstraraðilar flugvalla hafa nú þegar stjórnunarkerfi fyrir hendi ætti að vera auðvelt að samþætta kröfur um flugafgreiðslu til að valda sem minnstri röskun á því kerfi sem rekstraraðili flugvallar hafa innleitt. Því ættu nýju kröfurnar um starfsemi á sviði flugafgreiðslu aðeins að taka til mismunarins og þeirra þátta sem vantar í stjórnunarkerfi rekstraraðila flugvalla þannig að komið sé í veg fyrir mótsagnir eða tvítekningu núverandi krafna.

5) Hættulegur varningur í farmi eða pósti getur stofnað heilbrigði, öryggi, umhverfi eða eignum í verulega hættu þegar hann er ekki geymdur á réttan hátt. Þegar varningurinn er geymdur í geymsluaðstöðu á flugvelli ættu geymsluskilyrðin að vera þannig að komið sé í veg fyrir að pakkningarnar verði fyrir tjóni. Því ætti að breyta kröfunum um flugvelli til að tryggja að lágmarksöryggisskilyrði fyrir geymsluaðstöðu séu uppfyllt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/21, 7.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/139/oj).

6) Þegar hleðslueiningarbúnaður er notaður við flutning á farangri og farmi þarf að geyma hann við góðar aðstæður þegar hann er ekki í notkun. Því er mikilvægt þegar rekstraraðili flugvallar býður fram aðstöðu til að geyma hleðslueiningarbúnað að þessi aðstaða sé fullnægjandi og komi í veg fyrir að búnaðurinn verði fyrir tjóni eða skemmdum eða sé geymdur á jörðinni. Breyta ætti kröfum um flugvelli til að skýra þetta nánar.

7) Til að komast hjá óþarfa tvítekningu gagna geta rekstraraðilar flugvalla, sem veita sjálfir flugafgreiðsluþjónustu, annaðhvort fellt þætti flugafgreiðslunnar inn í núverandi flugvallarhandbók sína, ef þeir telja það skilvirkara en að útbúa viðbótarhandbók um flugafgreiðslu, eða fært þættina í aðskilda handbók. Í hvorugu tilvikinu ætti lögbært yfirvald að þurfa að samþykkja handbókina um flugafgreiðslu eða síðari breytingar og endurskoðanir á henni. Breyta ætti viðeigandi kröfu reglugerðar (ESB) nr. 139/2014 til samræmis við það til að endurspegla þetta.

8) Ef rekstraraðilar flugvalla eða veitendur hlaðstjórnunarþjónustu veita einnig flugafgreiðslu verða þeir að þróa og innleiða stjórnunarkerfi sem er í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 ([3]). Til að auka skilvirkni og komast hjá tvítekningu sömu þátta stjórnunarkerfis þeirra, til að hlíta öllum reglum sem gilda þar um, ætti að heimila þessum fyrirtækjum að hafa samþætt stjórnunarkerfi. Því ætti að breyta kröfum um flugvelli og kröfum um hlaðstjórnunarþjónustu til að gera þessum fyrirtækjum kleift að koma á fót og beita samþættu stjórnunarkerfi.

9) Flugafgreiðslusviðið er snertiflötur í sjálfu sér þar sem loftfari *er veitt* þjónusta *á* flugvelli. Þetta veldur því að stundum er erfitt að gera skýran greinarmun á ábyrgðasviðum mismunandi hagsmunaaðila sem taka þátt í sömu starfsemi, eða mögulega skarast sviðin á tilteknum stigum. Ein slík starfsemi tengist eftirliti með gangandi vegfarendum á athafnasvæðinu og umhverfis loftfarið. Jafnvel þótt rekstraraðili flugvallar beri ábyrgð á því að tryggja að verklagsreglur séu fyrir hendi um öryggi gangandi vegfarenda á athafnasvæðinu, án þess að vera endilega sá sem framkvæmir þær verklagsreglur, er það yfirleitt flugafgreiðslufyrirtækið, sem annast að miklu leyti starfsemi á hlaði og umhverfis loftfarið þegar farþegar fara um borð eða frá borði, sem framkvæmir þær verklagsreglur. Í slíku tilviki myndi rekstraraðili flugvallar frekar gegna hlutverki samræmingar- og vöktunaraðila. Til að greina skýrt á milli mismunandi hlutverka rekstraraðila flugvalla og flugafgreiðslufyrirtækis, þegar hið síðarnefnda er ekki einnig rekstraraðilinn, og að teknu tilliti til þess hvernig framkvæmd slíkra verklagsreglna er í raun háttað ætti að aðlaga orðalag viðkomandi kröfu til að auka skýrleika varðandi ábyrgðarsvið hvers hlutaðeigandi aðila.

10) Eldsneytisáfylling loftfara er starfsemi sem felur í sér þátttöku nokkurra hagsmunaaðila, þ.e. rekstraraðila flugvallar, flugrekanda og veitanda flugafgreiðslu, sem hafa hver um sig mismunandi ábyrgðarsvið í ferlinu og þar sem allir miða að því að tryggja öryggi starfseminnar, loftfarsins og flugvallarins. Til að skilgreina betur ábyrgð rekstraraðila flugvallar við að tryggja öryggi flugvallar og forsvaranlega hlaðstjórnunarþjónustu á meðan eldsneytisáfylling loftfars fer fram ætti að aðlaga lítillega kröfurnar sem taka til eldsneytisáfyllingar loftfara. Þetta ætti einnig að koma í veg fyrir þá óráðgerðu túlkun að rekstraraðili flugvallar gæti borið ábyrgð á tilhögun varðandi eldsneytisáfyllingu loftfara sem tilheyrir flugrekandanum sem hluti af þeirri starfsemi sem tengist þjónustu við loftför hans.

11) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 139/2014.

12) Nauðsynlegt er að gefa flugafgreiðsluiðnaðinum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að innleiða nýja reglurammann eftir gildistöku þessarar reglugerðar og því ætti að kveða á um þriggja ára umbreytingartímabil í reglugerðinni.

13) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 01/2024 ([4]) sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gaf út í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 frá 19. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um kröfur fyrir örugga veitingu flugafgreiðslu og fyrir fyrirtækin sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/20, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/20/oj).

([4]) https://www.easa.europa.eu/en/document-library/opinions/opinion-no-012024.

14) Í samræmi við 4. mgr. 128. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við sérfræðinga, sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. mars 2028.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([5]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/agree_interinstit/2016/512/oj.

VIÐAUKI

Viðaukum við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi d-lið er bætt við ADR.OR.C.020:

„d) upplýsa flugafgreiðslufyrirtækin á flugvellinum um þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að bregðast við vanefndum gagnvart kröfum ef vanefndin hefur bein áhrif á öryggisáhættu innan þessara flugafgreiðslufyrirtækja eða ábyrgðarsvið þeirra.“

b) Eftirfarandi f-lið er bætt við ADR.OR.D.005:

„f) Ef rekstraraðili flugvallar er hluti af lögaðila, sem hefur eitt eða fleiri viðbótarvottorð, -samþykki eða -heimildir fyrir fyrirtæki, eða hefur gefið út yfirlýsingu um starfsemi sína, í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139, er rekstraraðila flugvallar heimilt að samþætta stjórnunarkerfi sitt við stjórnunarkerfið sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 139/2014.“

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.OR.D.020:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna viðeigandi svæði á flugvellinum sem nota á til að geyma hættulegan varning sem fluttur er um flugvöllinn. Geymsluskilyrðin fyrir hættulegan varning verða að tryggja hvort tveggja af eftirfarandi:

1) að hægt sé að tryggja aðskilnað hættulegs varnings samkvæmt alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum,

2) að aðstaðan skapi viðunandi skilyrði sem komi í veg fyrir að hættulegi varningurinn verði fyrir tjóni.“

ii. Eftirfarandi c-lið er bætt við:

„c) Þegar rekstraraðili flugvallar tilnefnir einnig viðeigandi svæði á flugvellinum sem nota á til að geyma hleðslueiningarbúnað skal hann tryggja að þessi svæði séu viðunandi til að koma í veg fyrir að búnaðurinn verði fyrir tjóni eða skemmdum eða sé geymdur á jörðunni og tryggja vörn gegn óhagstæðum veður-skilyrðum.“

d) Í stað f-liðar í ADR.OR.E.005 kemur eftirfarandi:

„f) Reynist nauðsynlegt að láta gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki, þrátt fyrir ákvæði e-liðar. Ekki er gerð krafa um að breytingar og leiðréttingar, sem varða flugafgreiðslustarfsemi sem fellur undir framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 (*), séu lagðar fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 frá 19. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um kröfur fyrir örugga veitingu flugafgreiðslu og fyrir fyrirtækin sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/20, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/20/oj)“.

e) Eftirfarandi d-lið er bætt við lið ADR.OR.F.045:

„d) Þrátt fyrir ákvæði a- til c-liðar er veitanda hlaðstjórnunarþjónustu heimilt, ef hann er hluti af lögaðila sem lýsir yfir ábyrgð sinni á veitingu flugafgreiðslu í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2025/20, að samþætta stjórnunarkerfið sitt við stjórnunarkerfið sem krafist er samkvæmt þeirri reglugerð.“

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.OPS.B.033:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) stjórna umferð fólks á hlaði.“

ii. Eftirfarandi liður a1 bætist við:

„a1) Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur til að tryggja að farþegar, sem eru að fara um borð eða frá borði eða sem þurfa að ganga að, frá eða yfir hlaðið:

1) séu í fylgd starfsmanns með viðeigandi þjálfun og hæfni,

2) trufli ekki þjónustu við kyrrstæð loftför og þjónustustarfsemi á jörðu niðri,

3) séu varðir gegn loftförum í notkun, þ.m.t. áhrifum frá hreyflum þeirra, sem og akandi umferð eða annarri starfsemi.“

b) Í stað 4. liðar a-liðar í lið ADR.OPS.D.001 kemur eftirfarandi:

„4) ná yfir eftirfarandi:

i. úthlutun loftfarastæða,

ii. veitingu þjónustu vegna stæðisvísunar,

iii. lagningu loftfars og brottför þess frá loftfarastæðinu,

iv. varúðarráðstafanir vegna útblásturs þotuhreyfils og hreyfilprófanir,

v. heimildir fyrir ræsingu hreyfla og akstursfyrirmæli.“

c) Í stað ADR.OPS.D.060 kemur eftirfarandi:

„**ADR.OPS.D.060 Öryggi á hlaði meðan á eldsneytisáfyllingu loftfara stendur**

a) Rekstraraðili flugvallar skal ákvarða tilhögun til að tryggja öryggi starfrækslu á hlaði meðan á eldsneytisáfyllingu loftfara stendur.

b) Í þessari tilhögun skal kveðið á um eftirfarandi:

1) meðferð opins elds og notkun raftækja eða álíka tækja af hendi starfsfólks í næsta nágrenni við eldsneytisstöðina, sem eru líkleg til að valda neistaflugi eða ljósbogum innan áfyllingarsvæðisins, er bönnuð,

2) meðan á áfyllingu stendur er bannað að kveikja á aflstöðvum á jörðu niðri,

3) að því er varðar eldsneytisvagna: útgönguleið frá loftfarinu skal hvergi teppt svo fjarlægja megi eldsneytisvagna og einstaklinga á skjótan hátt í neyðartilvikum,

4) rétt tenging skal vera á milli loftfars og eldsneytisgjafa og skal verklagsreglum um jarðtengingu rétt beitt,

5) þjónustuveitandi eldsneytisáfyllingarinnar skal tafarlaust fá tilkynningu um eldsneytisleka og nákvæm fyrirmæli um hvernig eigi að meðhöndla eldsneytislekann,

6) þjónustubúnaður á jörðu niðri skal staðsettur þannig að neyðarútgangar séu lausir við allar hindranir til að heimila skjóta rýmingu farþega ef farþegar eru að koma um borð eða á ferð frá borði eða eru í loftfarinu meðan á áfyllingu stendur,

7) slökkvitæki af heppilegri gerð skulu tilbúin til notkunar fyrir a.m.k. fyrstu inngrip ef eldur kviknar í eldsneyti,

8) útgönguleið fyrir eldsneytisvagna skal hvergi teppt og aðgangur að eldsneytisáfyllingarkerfinu og neyðarstöðvunarbúnaði skal hvergi tepptur,

9) áfyllingu skal hætt ef þrumuveður skellur á við flugvöllinn eða í næsta nágrenni við hann.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/22 2026/EES/55/34

frá 19. desember 2024

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2022/1645 að því er varðar kröfur um upplýsingavernd fyrir fyrirtæki sem veita flugafgreiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum e-lið 1. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2018/1139 eru settar fram grunnkröfur um örugga veitingu flugafgreiðslu og um fyrirtækin sem veita þá þjónustu, sem og kröfur um eftirlit lögbærra yfirvalda með þessum fyrirtækjum og flugafgreiðslunni sem veitt er á flugvöllum Sambandsins innan gildissviðs þeirrar reglugerðar.

2) Í samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í lið 4.2.1 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 ([2]) skulu fyrirtæki, sem bera ábyrgð á öruggri veitingu flugafgreiðslu, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi til að stjórna öryggisáhættum. Slíkar öryggisáhættur geta einnig átt rætur að rekja til ógna við upplýsingavernd. Fyrirtæki, sem veita flugafgreiðslu, ættu að taka á áhættum af þessu tagi á tilhlýðilegan hátt. Til að gera þetta kleift ætti að breyta gildissviði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1645 ([3]) þannig að hún taki til fyrirtækja sem veita flugafgreiðslu.

3) Fyrirtæki, sem falla undir ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1645, s.s. flugafgreiðslufyrirtæki og fyrirtæki sem veita hlaðstjórnunarþjónustu, starfa samkvæmt yfirlýsingakerfi. Þetta felur í sér að hvorki stjórnunarkerfi þeirra né aðrir kerfishlutar þurfa að vera samþykktir af lögbærum yfirvöldum þeirra. Sama kerfi ætti að gera þessum fyrirtækjum kleift að beita ákvæðum um upplýsingavernd án þess að krafa sé gerð um að handbók þeirra um stjórnun upplýsingaverndar eða ferlið við að stjórna breytingum hljóti samþykki lögbæra yfirvaldsins. Breyta ætti kröfunum sem varða þessa þætti svo þær endurspegli þessa undanþágu fyrir fyrirtæki sem gefa út yfirlýsingu.

4) Fyrirtæki, sem falla undir þessa reglugerð og sem falla þegar undir verndarkröfur sem leiða af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ([4]), ættu einnig að hlíta kröfum I. viðauka (IS.D.OR.230-hluta „Ytra tilkynningarkerfi fyrir upplýsingavernd“) við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645 þar sem framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 inniheldur ekki ákvæði sem tengjast ytri tilkynningum um upplýsingaverndaratvik.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/22, 7.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 frá 19. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um kröfur fyrir örugga veitingu flugafgreiðslu og fyrir fyrirtækin sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/20, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/20/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1645 frá 14. júlí 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um stjórnun upplýsingaverndaráhættu með möguleg áhrif á flugöryggi fyrir fyrirtæki sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 139/2014 og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 139/2014 (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/1645/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/1998/oj).

5) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 01/2024 ([5]) sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

6) Í samræmi við 4. mgr. 128. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við sérfræðinga, sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([6]).

7) Til að gefa fyrirtækjum nægan tíma til að tryggja hlítni við nýju reglurnar og verklagsreglurnar sem innleiddar eru með þessari reglugerð, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sex árum eftir gildistökudag hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2022/1645 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. mgr. 2. gr. er eftirfarandi c-lið bætt við:

„c) flugafgreiðslufyrirtæki sem falla undir ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 (*) sem:

i. verða, til að veita viðkomandi þjónustu, að safna, geyma, greina eða vinna með öðrum hætti gögn sem þriðju aðilar veita eða

ii. veita flugrekendum beint gögn sem notuð verða í rekstrarlegum tilgangi.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 frá 19. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um kröfur fyrir örugga veitingu flugafgreiðslu og fyrir fyrirtækin sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/20, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/20/oj).“

2) Í 1. mgr. 5. gr. er eftirfarandi c-lið bætt við:

„c) að því er varðar fyrirtæki sem um getur í c-lið 2. gr., lögbæra yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við viðaukann (ARGH-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/23 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/23 frá 19. desember 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um eftirlit með flugafgreiðslu og þeim fyrirtækjum sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/23, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/23/oj).“

2. gr.

Viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 27. mars 2031.

([5]) https://www.easa.europa.eu/en/document-library/opinions/opinion-no-012024.
([6]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/agree_interinstit/2016/512/oj.

3. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 16. október 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. lið a-liðar IS.D.OR.200:

„5) skilgreini og innleiði, í samræmi við lið IS.D.OR.220, ráðstafanir sem þörf er á til að greina upplýsinga-verndaratburði, auðkenni þá atburði sem teljast atvik með möguleg áhrif á flugöryggi og bregðist við þessum upplýsingaverndaratvikum og tryggi endurheimt eftir atvik,“.

2) Ákvæðum b- og c-liðar IS.D.OR.250 er breytt sem hér segir:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu útgáfuna af handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar og varðveita afrit af henni. Ekki skal krafist samþykkis fyrir fyrirtæki sem gefa út yfirlýsingar. Breyta skal handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar eftir þörfum til að hún sé jafnan uppfærð lýsing á upplýsingaverndarstjórnunarkerfi fyrirtækisins. Lögbæra yfirvaldið skal fá afrit af öllum breytingum á handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar.

c) Meðhöndla skal breytingar á handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar í samræmi við verklagsreglu sem fyrirtækið hefur komið á. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið þessarar verklagsreglu, sem og allar breytingar sem tengjast breytingunum sem eru tilgreindar í b-lið IS.D.OR.255. Ekki skal krafist samþykkis fyrir fyrirtæki sem gefa út yfirlýsingar.“

3) Í stað IS.D.OR.255 kemur eftirfarandi:

„**IS.D.OR.255 Breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfi**

a) Meðhöndla má breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfinu og tilkynna þær lögbæru yfirvaldi samkvæmt verklagsreglu sem fyrirtækið hefur þróað. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja þessa verklagsreglu nema þegar um er að ræða fyrirtæki sem gefa út yfirlýsingar.

b) Að því er varðar breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfinu, sem falla ekki undir verklagsregluna sem um getur í a-lið, skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út, nema þegar um er að ræða fyrirtæki sem gefa út yfirlýsingu, þar sem samþykkis er ekki krafist fyrir þau.

Að því er varðar þessar breytingar gildir eftirfarandi:

1) umsóknin skal lögð fram áður en slík breyting er gerð til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort ákvæðum þessarar reglugerðar sé áfram hlítt og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja,

2) fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té allar upplýsingar sem það óskar eftir til að meta breytinguna,

3) breytingin skal aðeins koma til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins, nema að því er varðar fyrirtæki sem gefa út yfirlýsingu en þeim er heimilt að koma breytingunni tafarlaust í framkvæmd,

4) fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um meðan á framkvæmd slíkra breytinga stendur.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/23 **2026/EES/55/35**

frá 19. desember 2024

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um eftirlit með flugafgreiðslu og þeim fyrirtækjum sem veita þá þjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 62. gr. (d-lið 14. liðar), 62. gr. (a-, b- og c-lið 15. liðar) og 72. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2018/1139 eru settar fram grunnkröfur um örugga veitingu flugafgreiðslu og um fyrirtækin sem veita þessa þjónustu á flugvöllum sem falla undir gildissvið þeirrar reglugerðar, sem og ákvæði um eftirlit lögbærra yfirvalda með þessum fyrirtækjum og flugafgreiðslunni sem veitt er á flugvöllum í Sambandinu innan gildissviðs þeirrar reglugerðar.

2) Til að tryggja öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu, og í samræmi við nálægðarregluna, ætti þessi reglugerð að endurspegla nýjustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði flugafgreiðslu. Í henni ætti einnig að taka tillit til viðeigandi krafna og ráðlagðra starfsvenja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og reynslu á sviði flugafgreiðslu um heim allan sem og vísindalegra og tæknilegra framfara á sviði flugafgreiðslu. Til að tryggja hæfilegt eftirlit með fyrirtækjum sem veita flugafgreiðslu ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, enn fremur að vera í réttu hlutfalli við og sniðnar að þeirri öryggisáhættu sem fylgir starfsemi á sviði flugafgreiðslu og öryggisframmistöðu flugafgreiðslufyrirtækja, sem og að veita möguleika á nauðsynlegum sveigjanleika til að hlíta kröfum með sérsniðnum hætti.

3) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu að tryggja að aðildarríkin viðhafi samræmt og stöðugt eftirlit með fyrirtækjum sem veita flugafgreiðslu á flugvöllum í Sambandinu. Því ætti í þessari reglugerð að kveða á um ramma fyrir þróun og innleiðingu lögbærra yfirvalda á stjórnunarkerfi sem nær yfir nauðsynleg ferli, þjálfun og réttindi og hæfi starfsfólks og verklagsreglur vegna eftirlits, einkum sameiginlegs eftirlits, með flugafgreiðslufyrirtækjum.

4) Til að tryggja að eftirlit með flugafgreiðslufyrirtækjum sem leggja fram yfirlýsingu fari fram með faglegum og réttum hætti og að niðurstöður eftirlits séu nýttar á tilhlýðilegan hátt til að bæta öryggi fyrirtækjanna sem eru undir eftirliti, ættu lögbær landsyfirvöld að tryggja að eftirlitsmenn, sem framkvæma eftirlitið, hafi hlotið nægilega þjálfun og hæfni og hafi viðeigandi færni og reynslu til að meta öryggisframmistöðu flugafgreiðslufyrirtækjanna sem þau bera ábyrgð á eftirliti með.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/23, 7.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

5) Til að gera kleift að nýta úrræði lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt við eftirlit og hvetja til samræmingar á verkferlum og verklagsreglum vegna flugafgreiðslu með valfrjálsri notkun á iðnaðarstöðlum ætti þessi reglugerð að gera aðildarríkjum kleift að meta í sameiningu hvort iðnaðarstaðlarnir samrýmist I. og II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 ([2]).

6) Eftirlitsstarfsemi, sem tekur til sannprófunar á því hvort flugafgreiðslufyrirtæki hlíti öllum viðeigandi kröfum og starfi í samræmi við yfirlýsinguna sem lögð er fram, ætti að fara fram á samræmdan hátt og spanna tímabilið sem ákvarðað er í þessari reglugerð. Í þessu skyni ættu lögbær yfirvöld að þróa og hrinda í framkvæmd eftirlitsáætlun til að tryggja að eftirlitið nái yfir alla fyrirhugaða þætti.

7) Til að tryggja innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits ætti eftirlitsáætlunin að byggjast að hluta til á öryggisgögnum, sem fengin eru frá flugafgreiðslufyrirtækjum, sem gerði lögbærum yfirvöldum kleift að öðlast heildstæða mynd af öryggisstigi hvers flugafgreiðslufyrirtækis sem sætir eftirliti. Öryggisskýrslurnar ættu að tryggja áreiðanlegar og fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að gera nákvæma öryggisgreiningu.

8) Til að tryggja að skuldbinding flugafgreiðslufyrirtækja til að leggja fram skýrslu stuðli að bættu öryggi á sviði flugafgreiðslu ætti í þessari reglugerð að ákvarða ramma þar sem lögbær yfirvöld geta veitt flugafgreiðslufyrirtækjum beina og samræmda endurgjöf um tilkynnta atburði á sviði flugafgreiðslu og ætti þetta að vera mögulegt, m.a. í gegnum eftirlitsferlið.

9) Þegar gripið er til stjórnvaldsráðstafana ætti að forgangsraða samvinnu lögbærra landsyfirvalda í tengslum við eftirlit með fyrirtækjum, sem veita flugafgreiðslu á flugvöllum í fleiri en einu aðildarríki, til að bæta nýtingu úrræða og koma í veg fyrir tvíverknað og skörun eftirlits. Lögbær landsyfirvöld, sem koma að eftirliti með fyrirtækjum sem veita flugafgreiðslu á flugvöllum í fleiri en einu aðildarríki, ættu að deila þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir skilvirkt og samræmt eftirlit. Góð samræming alls ferlisins og miðlun eftirlitsverkefna milli hlutaðeigandi aðildarríkja skipta sköpum við að tryggja skilvirkt, sameiginlegt eftirlit. Í þessu sambandi ættu lögbær landsyfirvöld, sem koma að sameiginlega eftirlitsferlinu, að reiða sig á skýrar reglur þar sem verkefni þeirra eru skilgreind og hafa réttu tólin svo þau geti deilt sín á milli niðurstöðum eftirlitsstarfseminnar sem fram fer á flugvöllum, sem eru undir eftirliti þeirra, og í höfuðstöðvum flugafgreiðslufyrirtækisins, þar sem það sinnir stjórnun og beitir stjórnunarkerfinu þvert á allar starfsstöðvar sínar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 01/2024 ([3]) sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) gefur út í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

11) Nauðsynlegt er að veita lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að innleiða nýja reglurammann að lokinni gildistöku þessarar reglugerðar. Af þeim sökum ætti að fresta beitingu þessarar reglugerðar til 27. mars 2028.

12) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um beitingu sameiginlegra öryggisreglna um almenningsflug sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 frá 19. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um kröfur fyrir örugga veitingu flugafgreiðslu og fyrir fyrirtækin sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/20, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/20/oj).

([3]) https://www.easa.europa.eu/en/document-library/opinions/opinion-no-012024.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um úthlutun ábyrgðarstarfa til lögbærra landsyfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með flugafgreiðslu og fyrirtækjum sem veita slíka þjónustu, reglur um upplýsingaskipti, réttindi og hæfi starfsfólks og stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi þessara lögbæru yfirvalda.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sameiginlegt eftirlit“: samræmt eftirlitsferli sem felur í sér að fleiri en eitt lögbært yfirvald hefur eftirlit með fyrirtæki sem veitir flugafgreiðslu á flugvöllum sem heyra undir lögsögu fleiri en eins lögbærs yfirvalds eða í fleiri en einu aðildarríki; lögbær yfirvöld ákvarða einstök verkefni sín, deila viðeigandi gögnum og upplýsingum vegna eftirlitsins, stuðla að samvinnu til að tryggja samræmt eftirlit og skilvirka nýtingu úrræða, m.a. með því að koma í veg fyrir tvítekningu verkefna, úttekta og skoðana,

2) „úttekt“: kerfisbundið, sjálfstætt og skjalfest verklag til að safna gögnum og leggja hlutlægt mat á þau til að ákvarða að hve miklu leyti kröfurnar eru uppfylltar; úttektir geta m.a. falið í sér skoðanir,

3) „skoðun“: í tengslum við hlítnivöktun og eftirlit, óháð og skjalfest samræmismat með athugunum og mati og, eftir því sem við á, með mælingum, prófunum eða kvörðunum til að sannreyna hlítni við gildandi kröfur; skoðun getur verið hluti af úttekt en getur einnig farið fram utan venjulegrar úttektaráætlunar, einkum til að sannreyna að tiltekið frávik hafi verið til lykta leitt.

3. gr.

Helstu skyldur aðildarríkjanna

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríki, sem hafa nauðsynlegar heimildir og er falin ábyrgð á framkvæmd verkefna á sviði eftirlits og framfylgdar að því er varðar flugafgreiðslufyrirtæki sem starfa á flugvöllum sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139.

2. Skyldur lögbærra landsyfirvalda, sem nánar er greint frá í viðaukanum við þessa reglugerð, eru eftirfarandi:

a) að taka á móti yfirlýsingum frá fyrirtækjum sem annast flugafgreiðslu á flugvöllum sem falla undir lögsögu þeirra,

b) að hafa eftirlit með þessum flugafgreiðslufyrirtækjum,

c) að tryggja að starfsfólk, sem falið er að hafa eftirlit með flugafgreiðslu, hafi viðeigandi þjálfun, hæfni og faglega færni og viðhaldi þeirri færni,

d) að stuðla að innleiðingu á skilvirku sameiginlegu eftirliti,

e) að gera framfylgdarráðstafanir eða hrinda þeim í framkvæmd, eins og við á.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu og úrræði til að sinna ábyrgðarstörfum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld beiti heimildum sínum af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt.

4. gr.

Eftirlit

1. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald skal það ákvarða ábyrgð og landfræðilegt valdsvið hvers lögbærs yfirvalds.

Koma skal á samstarfi milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirkt eftirlit með allri starfsemi á sviði flugafgreiðslu og fyrirtækjum, sem inna slík störf af hendi, innan viðkomandi valdsviðs þeirra.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að starfsfólk lögbærra yfirvalda sinni ekki eftirlitsstarfsemi þegar það gæti valdið hagsmuna-árekstrum, beint eða óbeint.

3. Starfsfólk sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að sinna eftirliti skal veitt umboð til að inna af hendi eftirfarandi verkefni:

a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna á sviði eftirlits,

b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum, þegar nauðsyn krefur,

d) að fá aðgang að viðkomandi athafnasvæði, starfrækslusvæði eða öðrum viðeigandi svæðum og flutningatækjum,

e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, prófanir, æfingar, mat, skoðanir og

f) að gera framfylgdarráðstafanir eða hrinda þeim í framkvæmd, eins og við á.

Ef nauðsyn krefur skulu aðildarríkin heimila starfsfólki að framkvæma viðbótarverkefni í tengslum við eftirlitsstarfsemi.

4. Ef flugafgreiðslufyrirtæki fellur undir gildissvið c-liðar 1. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1645 ([4]) og hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilnefnt sjálfstæðan og óháðan aðila til að sinna því hlutverki og þeim ábyrgðarstörfum sem lögbæra yfirvaldinu, sem ber ábyrgð á eftirliti með því að ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1645 sé hlítt, er falið, skal ákvarða samræmingarráðstafanir milli aðilans og lögbæra landsyfirvaldsins, sem tilnefnt er í samræmi við þessa reglugerð, til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum þeim kröfum sem flugafgreiðslufyrirtækið á að uppfylla.

5. Aðildarríkin skulu þróa og innleiða framfylgdarráðstafanir, eins og tilgreint er í d- og e-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

5. gr.

Stuðningur Flugöryggisstofnunarinnar til að auðvelda sameiginlegt eftirlit

Flugöryggisstofnunin skal greiða fyrir skilvirkri framkvæmd aðildarríkjanna á kröfum um sameiginlegt eftirlit til að auðvelda öruggan aðgang að og skipti á viðeigandi upplýsingum og gögnum milli lögbærra yfirvalda, sem er nauðsynlegt til að þau geti sinnt verkefnum sínum í tengslum við eftirlit og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð.

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1645 frá 14. júlí 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um stjórnun upplýsingaverndaráhættu með möguleg áhrif á flugöryggi fyrir fyrirtæki sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 139/2014 og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 139/2014 (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/1645/oj).

6. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir c-lið ARGH.OVS.305 skulu lögbær yfirvöld framkvæma a.m.k. í eitt skipti ítarlegt eftirlit með hverju fyrirtæki sem gefur út yfirlýsingu í aðildarríki sínu eigi síðar en 27. mars 2030.

Þegar lögbæra yfirvaldið þróar eftirlitsáætlun sína skal það taka tillit til fyrri rekstrarreynslu fyrirtækis.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. mars 2028.

3. Eftirfarandi liðir koma til framkvæmda frá og með 27. mars 2031:

a) c-liður ARGH.GEN.125,

b) liður ARGH.GEN.136,

c) e-liður ARGH.MGM.200,

d) e-liður ARGH.MGM.205,

e) liður ARGH.MGM.211,

f) f-liður ARGH.OVS.300.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA – FLUGAFGREIÐSLA

(ARGH-HLUTI)

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

ARGH.GEN.005 Gildissvið

Í þessum viðauka eru settar fram kröfur sem gilda um lögbær yfirvöld og um ábyrgðarstörf þeirra, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 4. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar eftirlit með flugafgreiðslufyrirtækjum og þeirri flugafgreiðslu sem þau veita í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2025/20.

ARGH.GEN.100 Lögbært yfirvald

a) Lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækjum sem veita flugafgreiðslu á flugvelli sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, skal vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, tilnefnir.

b) Án þess að hafa áhrif á a-lið skal lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á að taka á móti yfirlýsingu frá sama rekstrarhópi flugafgreiðslufyrirtækja eða frá flugrekanda sem sér um eigin afgreiðslu, hefur höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og veitir flugafgreiðslu í fleiri en einu aðildarríki, vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fyrirtækið hefur höfuðstöðvar sínar, tilnefnir.

   Sú yfirlýsing skal teljast hafa verið lögð fyrir öll hlutaðeigandi lögbær yfirvöld ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   1) hún inniheldur upplýsingar um flugafgreiðslu sem veitt er á öllum flugvöllum sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 í öllum þeim aðildarríkjum þar sem flugafgreiðslufyrirtækið veitir þjónustu,

   2) hún nær til allra hlutaðeigandi aðildarríkja í gegnum gagnasafnið fyrir upplýsingar sem komið var á fót í samræmi við 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

c) Þegar yfirlýsingin hefur verið lögð fram gildir hún í öllum aðildarríkjunum og er viðurkennd án frekari krafna eða mats í samræmi við 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

d) Lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækjunum sem um getur í b-lið, skal vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, tilnefnir. Skipting verkefna á milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda vegna eftirlits með þessum fyrirtækjum skal fara fram í samræmi við ARGH.OVS.330.

ARGH.GEN.115 Eftirlitsgögn

Lögbæra yfirvaldið skal útvega starfsfólki sínu allar viðkomandi lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl, sem og leiðbeiningarefni, til að það geti sinnt verkefnum sínum og ábyrgðarstörfum.

ARGH.GEN.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

ARGH.GEN.125 Upplýsingar sem ber að veita Flugöryggisstofnuninni

a) Ef lögbært yfirvald hefur fengið vitneskju um að flugafgreiðslufyrirtæki eigi í verulegum vanda við að framkvæma reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal það tilkynna Flugöryggisstofnuninni um það án ótilhlýðilegrar tafar og í öllum tilvikum innan 30 daga frá því að það fékk vitneskju um þennan vanda.

b) Án þess að það hafi áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([1]) og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundna gagnagrunninum skv. 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.

c) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um upplýsingavernd sem því hefur borist skv. IS.D.OR.230 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645.

ARGH.GEN.135 Tafarlaus viðbrögð við vandamáli sem varðar öryggi

a) Án þess að það hafi áhrif á reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum.

b) Flugöryggisstofnunin skal innleiða kerfi til að greina allar upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita yfirvaldi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, án ótilhlýðilegrar tafar, allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við vandamáli sem varðar öryggi sem tengist fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita flugafgreiðslu sem fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á vandamálinu sem varðar öryggi.

d) Lögbæra yfirvaldið skal tafarlaust tilkynna flugafgreiðslufyrirtækinu um ráðstafanir, sem gripið hefur verið til skv. c-lið, sem skal hlíta þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbæra yfirvaldið skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

e) Ef við á skal einnig tilkynna rekstraraðila flugvallar um ráðstafanirnar, sem flugafgreiðslufyrirtæki er tilkynnt um, ef flugafgreiðslufyrirtækið veitir flugafgreiðslu sem fellur undir þær ráðstafanir.

ARGH.GEN.136 Tafarlaus viðbrögð við upplýsingaverndaratviki eða veikleika sem hefur áhrif á flugöryggi

a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að safna, greina og miðla upplýsingum sem flugafgreiðslufyrirtæki veita um upplýsingaverndaratvik og veikleika með möguleg áhrif á flugöryggi. Þetta skal gert í samvinnu við önnur viðkomandi yfirvöld sem bera ábyrgð á upplýsingavernd eða netvernd (e. *cybersecurity*) innan hlutaðeigandi aðildarríkis til að auka samræmingu og samhæfi tilkynningarkerfa.

b) Flugöryggisstofnunin skal innleiða kerfi til að greina allar viðeigandi, mikilvægar upplýsingar sem henni berast um öryggismál, í samræmi við c-lið ARGH.GEN.125, og til að veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, án ótilhlýðilegrar tafar, allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við upplýsingaverndaratviki eða veikleika með möguleg áhrif á flugöryggi, sem tengist framleiðsluvörum, búnaði, einstaklingum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi ráðstafana til að bregðast við mögulegum áhrifum sem upplýsingaverndaratvikið eða veikleikinn kann að hafa á flugöryggi.

d) Ráðstafanir, sem gripið er til skv. c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum einstaklingum eða fyrirtækjum sem skulu hlíta þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbæra yfirvaldið skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þessar ráðstafanir sem og lögbærum yfirvöldum í öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/376/oj).

MGM-KAFLI

STJÓRNUN

ARGH.MGM.200 Stjórnunarkerfi

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér öll eftirfarandi atriði:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum til að hlíta kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, sem skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tengd verkefni,

2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og ábyrgðarstörfum,

3) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að sinna úthlutuðum verkefnum,

4) ferli til að vakta að stjórnunarkerfið sé í samræmi við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun,

5) einstakling eða hóp einstaklinga sem ber endanlega ábyrgð á hlítnivöktun gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.

b) Að því er varðar starfsfólkið, sem um getur í 2. lið a-liðar, skal lögbæra yfirvaldið tryggja eftirfarandi:

1) starfsfólkið skal hafa viðeigandi þekkingu og reynslu á sviði flugmála og skal vera nægilega þjálfað og hæft til að sinna úthlutuðum verkefnum,

2) eftirlitsmennirnir skulu fá grunnþjálfun, starfsþjálfun á vinnustað og reglubundna þjálfun svo þeir geti viðhaldið færni sinni, með hliðsjón af fyrri réttindum og hæfi og reynslu þegar þeir hefja störf,

3) skipulagskerfi skal vera til staðar svo starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti.

c) Hlítnivöktunin, sem um getur 4. lið a-liðar, skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

d) Fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, skal lögbæra yfirvaldið tilnefna einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn verkefnanna sem um getur í a-lið.

e) Til viðbótar við kröfurnar í a-lið skal stjórnunarkerfið, sem lögbæra yfirvaldið kemur á fót og viðheldur, vera í samræmi við I. viðauka (IS.AR-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203 ([2]) til að tryggja viðhlítandi stjórnun upplýsingaverndaráhættu sem kann að hafa áhrif á flugöryggi.

ARGH.MGM.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

a) Lögbæra yfirvaldið getur úthlutað hæfum aðilum verkefnum sem tengjast skráningu yfirlýsinga eða samfelldu eftirliti með flugafgreiðslufyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

b) Þegar verkefnum er úthlutað til hæfs aðila skal lögbært yfirvald tryggja:

1) að hlutaðeigandi yfirvald hafi yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því hvort hæfi aðilinn fari að kröfum VI. viðauka í reglugerð (ESB) 2018/1139,

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203 frá 27. október 2022 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um stjórnun upplýsingaverndaráhættu með möguleg áhrif á flugöryggi fyrir fyrirtæki sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) 2015/340, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664, og fyrir lögbær yfirvöld sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) 2015/340 og (ESB) nr. 139/2014, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664, og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 139/2014, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) 2015/340, og framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664 (Stjtíð. ESB L 31, 2.2.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/203/oj).

2) að kerfið sem um getur í 1. lið og niðurstöðurnar úr matinu séu skjalfest,

3) að yfirvaldið hafi komið á skjalfestu samkomulagi við hæfa aðilann, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,

iii. tæknileg skilyrði sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð,

v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

c) Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur til að tryggja að allar upplýsingar sem tengjast yfirlýsingu flugafgreiðslufyrirtækis séu tafarlaust sendar lögbæra yfirvaldinu og hæfa aðilanum.

d) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að verklagið fyrir innri úttektir og verklagið fyrir stjórnun öryggisáhættu, sem um getur í 4. lið a-liðar ARGH.MGM.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við móttöku yfirlýsinga eða samfellt eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd þess.

e) Að því er varðar eftirlit með því að flugafgreiðslufyrirtækið hlíti ákvæðum ORGH.MGM.201 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 er lögbæru yfirvaldi heimilt að úthluta verkefnum til hæfra aðila, í samræmi við a-lið, eða til annarra viðeigandi yfirvalda sem bera ábyrgð á upplýsingavernd eða netvernd innan aðildarríkisins. Þegar lögbæra yfirvaldið úthlutar verkefnum skal það tryggja:

1) að allir þættir, sem tengjast flugöryggi, séu samræmdir og teknir til greina af hálfu hæfs aðila eða viðeigandi yfirvalds,

2) að niðurstöður úr eftirlitsstarfsemi, sem hæfur aðili eða viðeigandi yfirvald framkvæmir, séu samþættar í heildarskrám flugafgreiðslufyrirtækisins yfir eftirlit,

3) að eigið upplýsingaverndarstjórnunarkerfi, sem komið er á fót í samræmi við e-lið ARGH.MGM.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við samfellt eftirlit sem framkvæmt er fyrir hönd þess.

ARGH.MGM.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Þetta kerfi skal gera yfirvaldinu kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt tímanlega til að endurspegla allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

ARGH.MGM.211 Breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfi flugafgreiðslufyrirtækis

a) Að því er varðar breytingar sem eru meðhöndlaðar og tilkynntar lögbæru yfirvaldi í samræmi við verklagsregluna, sem sett er fram í a-lið IS.D.OR.255 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645, skal lögbæra yfirvaldið gera endurskoðun slíkra breytinga hluta af samfelldu eftirliti sínu í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í ARGH.OVS.300 í þessum viðauka. Ef vanefndir gagnvart kröfum koma í ljós skal lögbæra yfirvaldið tilkynna fyrirtækinu þar um, fara fram á frekari breytingar og fara eftir ákvæðum ARGH.OVS.325 í þessum viðauka.

b) Að því er varðar aðrar breytingar, sem um getur í b-lið IS.D.OR.255 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645, skal lögbæra yfirvaldið, sem hluta af eftirlitsverkefnum sínum, hafa eftirlit með því að flugafgreiðslufyrirtækið hlíti gildandi kröfum.

ARGH.MGM.215 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á skráningarkerfi sem tryggir viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegan rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, starfsréttindi og heimildir starfsfólks lögbæra yfirvaldsins,

3) ef við á, úthlutun verkefna til hæfra aðila, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í ARGH.MGM.205, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) ferli fyrir yfirlýsingar og samfellt eftirlit með fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita flugafgreiðslu,

5) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita flugafgreiðslu, leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur sem lögbæra yfirvaldið notar sjálft,

6) frávik, aðgerðir til úrbóta og dagsetningu fyrir lok aðgerða, sem og athugasemdir,

7) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,

8) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,

9) notkun ákvæða um sveigjanleika sem mælt er fyrir um í 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

b) Lögbæra yfirvaldið skal halda úti uppfærðri skrá yfir allar þær yfirlýsingar sem það hefur tekið á móti.

c) Skrárnar, sem um getur í a- og b-lið, skulu geymdar í minnst fimm ár, sbr. þó gildandi persónuverndarlög Sambandsins.

OVS-KAFLI

EFTIRLIT OG FRAMFYLGD

ARGH.OVS.300 Eftirlit

a) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa hvort tveggja af eftirfarandi í eftirlitsferlinu:

1) áframhaldandi hlítni flugafgreiðslufyrirtækisins við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 og við skilmála yfirlýsingar sinnar,

2) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, í samræmi við ARGH.GEN.135.

b) Eftirlitið, sem um getur í a-lið, skal:

1) stutt skjölum, sem er ætlað að leiðbeina starfsfólki lögbæra yfirvaldsins um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi flugafgreiðslufyrirtækjum niðurstöður úr eftirlitinu,

3) byggjast á úttektum og skoðunum, þ.m.t. skoðunum á hlaði og fyrirvaralausum skoðunum, eftir því sem við á,

4) veita lögbæra yfirvaldinu nauðsynleg gögn ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafananna sem um getur í d-lið ARGH.OVS.325.

c) Umfang eftirlitsins skal taka mið af niðurstöðum úr fyrri eftirlitsstarfsemi lögbæra yfirvaldsins og forgangsröðun í öryggismálum, eins og tilgreint er í aðgerðaáætluninni um flugöryggi í Evrópu.

d) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast gagnlegar við eftirlit og áhættumiðað eftirlit, þ.m.t. við fyrirvaralausar skoðanir, eins og við á.

e) Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald ber ábyrgð á eftirliti með sama fyrirtækinu skal eftirlitið fara fram í samræmi við ARGH.OVS.330.

f) Að því er varðar eftirlit með hlítni fyrirtækis við ákvæði ORGH.MGM.201 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til d-liðar þessa liðar, endurskoða allar undanþágur, sem veittar eru skv. e-lið IS.D.OR.200 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645, í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.

ARGH.OVS.305 Eftirlitsáætlun

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í ARGH.OVS.300.

b) Eftirlitsáætlunin skal þróuð og framkvæmd með tilliti til eftirfarandi þátta:

1) þjónustunnar sem flugafgreiðslufyrirtækið veitir,

2) flækjustigs flugafgreiðslufyrirtækisins,

3) niðurstaðna úr fyrra eftirliti, eftir atvikum,

4) mats á áhættum í tengslum við flugafgreiðslu sem flugafgreiðslufyrirtækið veitir og áhættuþáttum þess,

5) öryggisframmistöðu flugafgreiðslufyrirtækisins, eftir atvikum.

c) Lögbæra yfirvaldið skal nota skipulagslotu vegna eftirlits, sem er að hámarki 48 mánuðir, frá og með þeim degi sem tekið er á móti upprunalegu yfirlýsingunni. Eftirlitsáætlunin og skipulagningin skulu endurspegla öryggisframmistöðu flugafgreiðslufyrirtækisins sem og áhættuþætti þess. Eftirlitslotan skal fela í sér úttektir og skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eins og við á.

d) Skipulagslotuna vegna eftirlits má framlengja að hámarki upp í 72 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur í fyrri úttektarlotu komist að raun um:

1) að flugafgreiðslufyrirtækið hafi sýnt fram á að það hafi skilvirkt stjórnunarkerfi, þ.m.t. hlítnivöktun, greiningu á hættum í tengslum við flugöryggi og stjórnun tengdrar áhættu,

2) að flugafgreiðslufyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum í samræmi við ORGH.GEN.130 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20,

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt í samræmi við d-lið ARGH.OVS.325 í þessum viðauka.

e) Stytta má eftirlitslotuna ef gögn liggja fyrir um að öryggisframmistaða flugafgreiðslufyrirtækisins hafi versnað eða ef staðbundnar aðstæður á viðkomandi flugvelli skapa sérstaka hættu og krefjast aukins eftirlits.

f) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem úttektir og skoðanir eiga að fara fram og hvenær þeim lauk.

ARGH.OVS.310 Iðnaðarstaðlar

Í þeim tilgangi að safna, skiptast á og miðla viðeigandi upplýsingum milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda skal Flugöryggisstofnunin meta, með aðkomu sérfræðinga frá aðildarríkjunum og á grunni hlutlægra viðmiðana, innihald iðnaðarstaðla og uppfærslur þeirra ef flugafgreiðslufyrirtæki beita þeim að eigin frumkvæði til að sinna ábyrgðarstörfum sínum varðandi örugga veitingu flugafgreiðslu.

ARGH.OVS.315 Eftirlitsverkefni

a) Lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtæki sem veitir flugafgreiðslu á flugvöllum í aðildarríki þess yfirvalds, skal tryggja að allir eftirfarandi þættir séu sannprófaðir í eftirlitslotu:

1) hlítni við I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20:

i. stjórnunarkerfi fyrirtækisins, þ.m.t. stjórnskipulag og þau ferli, áætlanir og aðferðir sem eiga við um flugafgreiðslufyrirtækið í heild,

ii. öryggisstefnur og -ferli, öryggisstjórnunarkerfi, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og áhættumildun, þ.m.t. mildun öryggisáhættu sem á sérstaklega við rekstrarumhverfi flugvallar eða flugvalla sem sæta eftirliti,

iii. ferli fyrir öryggistilkynningar og tilkynningar um atvik sem og tilkynningar sem tengjast starfsstöðinni eða -stöðvunum sem sæta eftirliti,

iv. stjórnun breytinga, sem um getur í ORGH.GEN.130 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20, og yfirlýsingarinnar,

v. hlítnivöktun,

vi. skráningar- og skjalakerfið, þ.m.t. handbókin fyrir flugafgreiðslu,

vii. þjálfunaráætlanir fyrir flugafgreiðslu, þ.m.t. þjálfunarskrár,

viii. viðhaldsáætlun fyrir þjónustubúnað á jörðu niðri (GSE),

ix. hvers konar önnur alhliða skipulagsferli, -áætlanir og -aðferðir sem falla undir yfirlýsingu flugafgreiðslufyrirtækisins og gilda um fyrirtækið í heild,

2) hlítni við rekstrarlegar kröfur í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20.

b) Þegar eftirlit er haft með fyrirtæki sem veitir flugafgreiðslu í fleiri en einu aðildarríki gilda ákvæði ARGH.OVS.330.

ARGH.OVS.320 Yfirlýsing flugafgreiðslufyrirtækja

a) Þegar lögbært yfirvald tekur á móti yfirlýsingu frá flugafgreiðslufyrirtæki skal það staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar eða tilkynningarinnar um breytingu, þ.m.t. úthlutun sérstaks tilvísunarnúmers, og skal ganga úr skugga um að hún innihaldi allar upplýsingarnar sem krafist er í ORGH.DEC.100 og, að því er varðar tilkynningu um breytingar, ORGH.GEN.130 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20. Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að yfirlýsingin sé send til gagnasafnsins fyrir upplýsingar í samræmi við skilmála og skilyrði framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2117 ([3]).

b) Ef yfirlýsingin er ekki fyllt út á viðeigandi hátt eða inniheldur upplýsingar sem samrýmast ekki ORGH.DEC.100 og viðbætinum við ORGH.DEC-kafla I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 skal lögbæra yfirvaldið tilkynna flugafgreiðslufyrirtækinu um þá þætti sem vantar eða eru rangir og fara fram á frekari upplýsingar. Ef það telst nauðsynlegt skal lögbæra yfirvaldið framkvæma skoðun hjá flugafgreiðslufyrirtækinu. Ef vanefnd gagnvart kröfum er staðfest skal lögbæra yfirvaldið grípa til þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í ARGH.OVS.325.

c) Ef yfirlýsingin inniheldur upplýsingar um að flugafgreiðslufyrirtækið veiti eða hafi einnig í hyggju að veita þjónustu á flugvöllum í öðrum aðildarríkjum skal lögbæra yfirvaldið, sem tekur á móti yfirlýsingunni eða tilkynningunni um breytingu, tryggja að öll önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld séu upplýst um það og hafi aðgang að yfirlýsingunni, tilkynningunni um breytingu og öllum tilheyrandi gögnum.

ARGH.OVS.325 Frávik, athugasemdir, aðgerðir til úrbóta og framfylgdarráðstafanir

a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina frávik til að ákvarða hvort þau hafi áhrif á öryggi og til að meðhöndla þau með það að markmiði:

1) að tryggja, eins fljótt og auðið er, að ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20 sé hlítt,

2) að koma í veg fyrir að þau komi aftur upp.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2117 frá 12. október 2023 um nauðsynlegar reglur og ítarlegar kröfur um starfsemi og stjórnun gagnasafns fyrir upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L, 2023/2117, 13.10.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2117/oj).

b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar það uppgötvar verulegar vanefndir gagnvart kröfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20 eða gagnvart yfirlýsingunni sem lögð var fram, sem dregur úr flugöryggi eða öryggi á jörðu niðri eða stofnar því í mikla hættu.

Fyrsta stigs frávik skulu einkum ná yfir eftirfarandi:

1) þegar ekki er hægt að veita lögbæru yfirvaldi aðgang að aðstöðu flugafgreiðslufyrirtækisins skv. ORGH.GEN.140 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2) þegar um er að ræða gögn um misferli eða sviksamlega notkun yfirlýsingarinnar,

3) þegar vöntun er á ábyrgðarmanni.

c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út annars stigs frávik þegar það uppgötvar vanefndir gagnvart kröfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20 eða gagnvart yfirlýsingunni sem lögð var fram, sem flokkast ekki sem fyrsta stigs frávik og gæti dregið úr flugöryggi eða öryggi á jörðu niðri eða mögulega stofnað því í hættu.

d) Ef lögbært yfirvald kemst að raun um, við rannsókn eða eftirlit eða með öðrum hætti, að flugafgreiðslufyrirtækið hlíti ekki kröfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20 eða ákvæðum yfirlýsingarinnar sem lögð er fram í samræmi við ORGH.DEC.100 í þeirri reglugerð, skal lögbæra yfirvaldið:

1) vekja máls á frávikinu, skrá það og gera fulltrúa flugafgreiðslufyrirtækisins kunnugt um það með skriflegum hætti og ákvarða hæfilegan frest sem fyrirtækið hefur til að grípa til þeirra ráðstafana sem tilteknar eru í ORGH.GEN.150 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20,

2) þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik, ef flugafgreiðslufyrirtækið leggur ekki fram viðunandi aðgerð til úrbóta í samræmi við ORGH.GEN.150 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20, grípa til tafarlausra og viðeigandi aðgerða til að takmarka eða banna þá starfsemi á sviði flugafgreiðslu sem vanefndin gagnvart kröfum hefur áhrif á þar til það hefur gripið til þeirra aðgerða til úrbóta sem um getur í 1. lið; lögbæru yfirvöldin, sem taka þátt í eftirliti með fyrirtækinu, skulu meta hvort vanræksla eins lögbærs yfirvalds á að ráða bót á fyrsta stigs fráviki hafi áhrif á starfrækslu á þeim flugvöllum sem eru undir eftirliti þeirra og skulu grípa til viðeigandi aðgerða á grundvelli þessa mats,

3) þegar um er að ræða annars stigs frávik:

i. fara fram á það að fyrirtækið leggi fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, þ.m.t. framkvæmdartímabil, sem er í samræmi við eðli fráviksins og skal upphaflega ekki vera lengra en þrír mánuðir; í lok tímabilsins og með hliðsjón af eðli fráviksins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja upphaflegt tímabil, að því tilskildu að fyrirtækið framkvæmi fullnægjandi endurskoðun á upphaflegu áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem yfirvaldið hafði samþykkt,

ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem fyrirtækið leggur til, og samþykkja hana ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum;

ef flugafgreiðslufyrirtækið leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða framkvæmir ekki áætlunina um aðgerðir til úrbóta innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt er lögbæra yfirvaldinu heimilt að hækka annars stigs frávik upp í fyrsta stigs frávik og grípa til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 2. lið,

4) við beitingu þeirra aðgerða sem taldar eru upp í 2. og 3. lið, hafa samráð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, eins og nauðsyn krefur, til að hindra ekki rekstrarsamfellu og veitingu flugafgreiðslu á þeim flugvelli,

5) grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að ráðin sé bót á vanefndinni og, þar sem við á, bætt sé úr afleiðingum hennar,

6) skrá öll frávik, sem það hefur vakið máls á, og, þar sem við á, framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt, eins og tilgreint er í d- og e-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerðum vegna frávika er lokið.

e) Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa hlutaðeigandi rekstraraðila flugvallar um frávikin sem varða flugafgreiðslufyrirtækið ef þau skipta máli varðandi öryggi flugvallarins.

f) Ef hvorki er um að ræða fyrsta né annars stigs frávik er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir.

ARGH.OVS.330 Sameiginlegt eftirlit

a) Lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með fyrirtækjum sem veita flugafgreiðslu í fleiri en einu aðildarríki eða á flugvöllum sem eru undir eftirliti fleiri en eins lögbærs yfirvalds, skulu starfa saman til að tryggja árangursríkt og skilvirkt eftirlit með þessum fyrirtækjum og þjónustu þeirra. Þessi lögbæru yfirvöld skulu tryggja gagnkvæm upplýsingaskipti og aðstoð við að leysa af hendi eftirlitsverkefni sín og gegna eftirlitshlutverki sínu.

b) Sameiginlegt eftirlit skal ná yfir eftirfarandi fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og veita flugafgreiðslu í fleiri en einu aðildarríki eða á flugvöllum sem eru undir eftirliti fleiri en eins lögbærs yfirvalds:

1) óháða veitendur flugafgreiðslu,

2) flugrekendur sem annast eigin afgreiðslu sem eru eða eru ekki hluti af sama rekstrarhópi flugrekenda.

c) Gagnkvæm skipti á upplýsingum skulu taka til eftirfarandi þátta:

1) yfirlýsinga flugafgreiðslufyrirtækja og tengdra gagna til að sýna fram á hlítni við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar,

2) annarra aðferða sem notaðar eru til að uppfylla kröfur,

3) úttektarskýrslna, frávika sem koma upp, aðgerða til úrbóta, áætlana um aðgerðir til úrbóta, greininga á frumorsök og allra annarra upplýsinga um viðeigandi frávik sem koma í ljós, framhaldsaðgerða sem og eftirfylgniaðgerða sem gripið er til í kjölfar eftirlits,

4) upplýsinga sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik, eins og krafist er í ORGH.GEN.160 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20.

d) Verkefnum vegna eftirlits með flugafgreiðslufyrirtæki, sem um getur í b-lið, skal úthlutað í samræmi við e- og f-lið.

e) Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar skal sannprófa alla eftirfarandi þætti sem skráðir eru í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20, annaðhvort eitt og sér eða með stuðningi einhverra annarra hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda, og í kjölfarið framkvæma skoðanir á flugafgreiðslu sem fer fram á flugvöllum í hlutaeigandi aðildarríki til að sannprófa að innleiðing á þáttum stjórnunarkerfis fyrirtækisins sé framkvæmd eins og skjalfest er:

1) þætti stjórnunarkerfis fyrirtækisins sem um getur í ORGH.MGM.200 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 að því er varðar stjórnskipulag og þau ferli, áætlanir og aðferðir sem gilda um flugafgreiðslufyrirtækið í heild,

2) öryggisstefnur og -ferli, öryggisstjórnunarkerfi, þ.m.t. hættugreiningu, áhættumat og áhættumildun, þ.m.t. mildun öryggisáhættu sem er sértæk fyrir rekstrarumhverfi flugvallar eða flugvalla sem sæta eftirliti,

3) ferlið fyrir öryggistilkynningar og tilkynningar um atvik sem og tilkynningar sem tengjast veitingu flugafgreiðslu á þeim flugvelli eða flugvöllum sem sæta eftirliti,

4) stjórnun breytinga og yfirlýsingarinnar,

5) hlítnivöktun,

6) skráningar- og skjalakerfið, þ.m.t. handbókina fyrir flugafgreiðslu,

7) þjálfunaráætlanir fyrir flugafgreiðslu, þ.m.t. þjálfunarskrár,

8) viðhaldsáætlunina fyrir þjónustubúnað á jörðu niðri (GSE),

9) öll önnur alhliða skipulagsferli, -áætlanir og -aðferðir sem falla undir yfirlýsingu þess og gilda um fyrirtækið í heild.

f) Sérhvert lögbært yfirvald í þeim aðildarríkjum þar sem fyrirtækið veitir flugafgreiðslu, þó ekki í því aðildarríki þar sem höfuðstöðvar þess eru staðsettar, skal hafa umsjón með því að þjónusta sé veitt á öruggan hátt á starfsstöðvunum í sínu aðildarríki með því að sannprófa raunverulega framkvæmd á:

1) þeim þáttum stjórnunarkerfis fyrirtækisins sem um getur í ORGH.MGM.200 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20, einkum að því er varðar starfsemi flugafgreiðslufyrirtækisins á starfsstöðinni sem er undir eftirliti yfirvaldsins:

i. stjórnskipulaginu, sem um getur í 1. lið b-liðar ORGH.MGM.200 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 og starfsemi á sviði flugafgreiðslu,

ii. hættugreiningu,

iii. áhættumati og áhættumildun, þ.m.t. mildun öryggisáhættu sem er sértæk fyrir veitingu þjónustu á starfsstöðinni eða -stöðvunum sem sæta eftirliti,

iv. innihaldi handbókarinnar fyrir flugafgreiðslu, þ.m.t. verklagsreglum og leiðbeiningum flugrekenda sem starfa á starfstöðinni eða -stöðvunum sem sæta eftirliti, sem og verklagsreglum viðkomandi rekstraraðila flugvallar,

v. þjálfunarskrám og innleiðingu þjálfunaráætlunar á starfsstöðinni eða -stöðvunum sem sæta eftirliti,

vi. viðhaldsáætluninni fyrir þjónustubúnað á jörðu niðri (GSE),

vii. tilkynningum um atvik og innri öryggisskýrslum sem varða veitingu flugafgreiðslu á starfsstöðinni eða -stöðvunum sem sæta eftirliti,

2) rekstrarlegum kröfum í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2025/20.

g) Sérhvert lögbær yfirvald, sem um getur í e- og f-lið, skal:

1) komast að samkomulagi við flugafgreiðslufyrirtækið um fyrirhugaða áætlun um aðgerð til úrbóta og aðgerðir til úrbóta til að bregðast við vanefndum sem komu í ljós á starfsstöðinni sem er undir eftirliti yfirvaldsins,

2) upplýsa öll önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld um úttektar- og skoðunarskýrslurnar og aðgerðirnar til úrbóta.

3) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik, sem vakið er máls á hjá fyrirtæki sem um getur í b-lið, skal lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, tafarlaust tilkynna öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum um það. Sérhvert lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með hlutaðeigandi fyrirtæki, skal meta hvort og að hve miklu leyti frávikið hefur áhrif á þær starfsstöðvar sem eru undir eftirliti yfirvaldsins; sérhvert lögbært yfirvald skal beita þeim aðgerðum sem það telur helst eiga við til að tryggja, eftir atvikum, að ráðin sé bót á vanefndinni og bætt sé úr afleiðingum hennar.

4) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik, sem vakið er máls á í tengslum við vöntun á ábyrgðarmanni, skal lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, tafarlaust tilkynna öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum um það og skulu þau öll beita sömu aðgerðum á samræmdan hátt á öllum starfsstöðvum sem eru undir eftirliti þeirra. Þau skulu grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að ráðin sé bót á vanefndinni og bætt sé úr afleiðingum hennar.

h) Öll lögbær yfirvöld, sem koma að eftirliti með fyrirtæki sem um getur í b-lið, skulu aðstoða lögbæra yfirvaldið í því aðildarríki þar sem fyrirtækið hefur höfuðstöðvar sínar við að uppfæra reglulega mat á öryggisframmistöðu fyrirtækisins á grundvelli eftirlitsskýrslna frá einstökum starfsstöðvum í hinum aðildarríkjunum.

i) Sérhverju lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtæki sem um getur í b-lið, er heimilt að veita lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki þar sem fyrirtækið hefur höfuðstöðvar sínar aðstoð við að framkvæma úttektirnar eða skoðanirnar eins og tilgreint er í e-lið.

j) Hlutaðeigandi lögbær yfirvöld skulu setja verklagsreglur um framkvæmd sameiginlega eftirlitsferlisins sem tekur til allra þeirra þátta sem tilgreindir eru í a- til i-lið.

k) Lögbæru yfirvöldin skulu nota gagnasafnið fyrir upplýsingar, sem komið var á fót í samræmi við 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, til að fá aðgang að gögnunum og upplýsingunum sem um getur í c-lið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/24 **2026/EES/55/36**

frá 19. desember 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur fyrir flugrekendur varðandi starfsemi á sviði flugafgreiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2018/1139 eru settar fram grunnkröfur um örugga veitingu flugafgreiðslu, sem er í höndum flugafgreiðslufyrirtækja og flugrekenda sem sjá um eigin afgreiðslu.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur, þar á meðal leiðbeiningar og verklagsreglur fyrir starfsfólk sem tekur þátt í starfsemi á jörðu niðri, skyldur þeirra, ábyrgðarstörf og þjálfun, sem og útvistaða starfsemi flugrekenda. Uppfæra ætti slíkar tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir, skýra þær nánar og laga þær að kröfunum sem gilda um flugafgreiðslu og um fyrirtæki sem veita slíka þjónustu, eins og mælt er fyrir í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 ([3]).

3) Í því skyni að tryggja öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu ætti þessi reglugerð að endurspegla nýjustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði flugafgreiðslu, taka tillit til viðeigandi krafna og ráðlagðra starfsvenja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, reynslu á sviði flugafgreiðslu um heim allan sem og vísindalegra og tæknilegra framfara á sviði flugafgreiðslu, vera í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig flugafgreiðslustarfseminnar og veita möguleika á nauðsynlegum sveigjanleika til að uppfylla kröfur með sérsniðnum hætti.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að taka tillit til þeirra breytinga sem verða vegna ákvæða um flugafgreiðslu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2025/20, bæði þegar þessi þjónusta er útvistuð til veitanda flugafgreiðslu sem er þriðji aðili og þegar hún er framkvæmd sem eigin afgreiðsla af flugrekendum í flutningaflugi með flókin, vélknúin loftför.

5) Í flugafgreiðslukröfunum, sem gilda um flugrekendur, eru sett fram ný hugtök til að skilgreina flugafgreiðsluverkefni og -ferli og því ætti að bæta við nýjum skilgreiningum fyrir þessi hugtök.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/24, 7.3.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/965/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/20 frá 19. desember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um kröfur fyrir örugga veitingu flugafgreiðslu og fyrir fyrirtækin sem veita þá þjónustu (Stjtíð. ESB L, 2025/20, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/20/oj).

6) Öll fyrirtæki, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, bera ábyrgð á að stjórna öryggisáhættu og að vinna stöðugt að því að auka öryggi, þ.m.t. með gagnkvæmri miðlun upplýsinga sem tengjast öryggismálum. Tilgangurinn er að tryggja sameiginlega nálgun þegar brugðist er við öryggisáhættu í tengslum við snertifleti flugafgreiðslustarfseminnar, umfram skylduna um tilkynningu atvika. Þessi nálgun myndi auka við skylduna um tilkynningu atvika til lögbærra yfirvalda og myndi tryggja beinna flæði öryggisupplýsinga meðal hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Því ætti að breyta reglunum til að gera flugrekendum kleift að deila viðeigandi öryggisupplýsingum, sem fengnar eru úr tilkynningum atvika eða úr eftirlitsskoðunum og úttektum, með öðrum fyrirtækjum til að aðstoða þau við að viðhalda eigin rekstraröryggi.

7) Í grunnkröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2018/1139 er mælt fyrir um að fyrirtæki veiti flugafgreiðslu í samræmi við rekstrarfyrirmæli og verklagsreglur flugrekenda. Verklagsreglur fyrir sömu flugafgreiðslu á sömu tegund loftfars geta verið mjög mismunandi milli flugrekenda og það eykur hættuna á mannlegum mistökum þar sem þetta gæti leitt til skemmda á loftfari og stofnað flugöryggi í hættu. Því er nauðsynlegt að samræma ýmsar verklagsreglur fyrir örugga og skilvirka veitingu flugafgreiðslu. Þessi reglugerð ætti að gera það kleift að draga, eins og kostur er, úr fjölda mismunandi verklagsreglna fyrir sömu flugafgreiðslu á sömu tegund loftfars og tryggja samræmingu þessara verklagsreglna. Þar sem þess er krafist að flugafgreiðslufyrirtæki þrói eigin verklagsreglur um veitingu flugafgreiðslu, setji öryggi í forgang og viðhaldi jafnvægi milli öryggis og viðskiptalegs þrýstings, ætti að breyta reglum um flugrekstur til að gera flugrekendum kleift að samþykkja að flugafgreiðslufyrirtæki, sem leggur fram yfirlýsingu um starfsemi sína í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2025/20, beiti sínum eigin verklagsreglum um veitingu flugafgreiðslu.

8) Til að tryggja meðalhóf að því er varðar gildissvið og samræmingu við framselda reglugerð (ESB) 2025/20 munu nýju ábyrgðarstörfin í tengslum við flugafgreiðslu aðeins hafa áhrif á flugrekendur flugvéla, sem framkvæma flutningaflug með flóknum, vélknúnum loftförum og annast eigin afgreiðslu. Reglurnar um flugrekstur ættu að innihalda nauðsynlega tilvísun í framselda reglugerð (ESB) 2025/20 og koma þannig í veg fyrir tvítekningu. Á sama tíma ættu kröfurnar að veita grunnviðmiðun fyrir örugga veitingu flugafgreiðsluþjónustu, sem fellur ekki undir framselda reglugerð (ESB) 2025/20 og er áfram að fullu á ábyrgð og undir stjórn flugrekandans.

9) Flugrekendur bera ábyrgð á framkvæmd tiltekinnar starfsemi á sviði flugafgreiðslu sem er enn að fullu undir stjórn þeirra og fellur ekki undir framselda reglugerð (ESB) 2025/20. Þetta á við um eftirlit á jörðu niðri þegar flugrekendur inna þessa starfsemi af hendi sem eigin afgreiðslu, með eigin starfsfólki, sem og um tiltekna fasa í hleðslueftirlitsferlinu, þ.e. útreikninga á massa og jafnvægi, gerð hleðsluáætlana, útgáfu massa- og jafnvægisskráa og tengd samskipti, án tillits til þess hvort þessi starfsemi er innt af hendi sem eigin afgreiðsla eða er útvistuð sem þjónusta samkvæmt samningi. Breyta ætti reglum um flugrekstur til að skýra nánar ábyrgðarstörf flugrekandans varðandi þessa flugafgreiðslustarfsemi.

10) Þjálfunaráætlunin fyrir flugafgreiðslustarfsfólk flugrekenda sem sjá um eigin afgreiðslu ætti einnig koma fram í rekstrarhandbókinni án þess að þörf sé á samþykki lögbærs yfirvalds. Til að tryggja jafna meðferð allra fyrirtækja sem veita flugafgreiðslu ætti þó aðeins að staðfesta þjálfunaráætlunina, sem er að finna í rekstrarhandbókinni, meðan á reglubundnu eftirliti stendur. Breyta ætti viðeigandi flugrekstrarkröfu til samræmis við það til að endurspegla þessa jöfnu meðferð.

11) Hleðslueftirlit er flugafgreiðsluferli sem er bæði flókið og skiptir sköpum fyrir öryggi. Hleðslueftirlitsferlið samanstendur af nokkrum fösum og felur í sér skýra skiptingu verkefna og ábyrgðarstarfa meðal þeirra einstaklinga sem taka þátt í framkvæmd þeirra. Útreikningar á massa og jafnvægi, gerð hleðsluáætlana, útgáfa massa- og jafnvægisskráa og tengd samskipti eru þeir þættir hleðslueftirlitsferlisins sem eru áfram undir fullri stjórn og á ábyrgð flugrekanda þar eð þeir byggjast algjörlega á gögnum frá framleiðanda loftfarsins og flugrekandanum. Þó flugrekendur þekki nú þegar þetta ferli og því sé beitt sem hluta af rekstrarstjórnarkerfi þeirra þá skilgreina núverandi reglur ekki hleðslueftirlitsferlið með

skýrum hætti né tilgreina hin ýmsu verkefni og ábyrgðarstörf þeirra aðila sem annast þessi störf. Þar sem flugrekandinn getur annaðhvort sjálfur annast ofangreinda fasa hleðslueftirlitsferlisins sem eigin afgreiðslu eða útvistað þá til flugafgreiðslufyrirtækis sem er þriðji aðili er mikilvægt að reglurnar kveði á um skýrleika og réttarvissu í þessu tilliti sem og jöfn samkeppnisskilyrði fyrir öll fyrirtæki sem inna þessi störf af hendi. Breyta ætti flugrekstrarkröfum til að tryggja að hlutverk og ábyrgðarstörf þeirra einstaklinga sem koma að hleðslueftirliti séu skilgreind og þeim lýst í rekstrarhandbók flugrekandans.

12) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 01/2024 ([4]) sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gefur út í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

13) Nauðsynlegt er að gefa flugafgreiðsluiðnaðinum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að innleiða nýja regluramma eftir gildistöku þessarar reglugerðar og því ætti að kveða á um þriggja ára umbreytingartímabil í þessari reglugerð.

14) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um beitingu sameiginlegra öryggisreglna um almenningsflug, sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. mars 2028.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) https://www.easa.europa.eu/en/document-library/opinions/opinion-no-012024.

VIÐAUKI

Viðaukum við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 130. og 131. liður bætist við I. viðauka:

„130) „eftirlit á jörðu niðri“: flugafgreiðsluþjónusta sem felur í sér starfsemi sem tengist eftirliti með allri flugafgreiðslu sem veitt er flugrekanda á flugvelli; þessari þjónustu má útvista til flugafgreiðslufyrirtækis eða flugrekandinn getur framkvæmt hana sjálfur í formi eigin afgreiðslu,

131) „hleðslueftirlit“: ferli sem er á ábyrgð flugrekandans til að tryggja loftfarið sé hlaðið á öruggan og skilvirkan hátt fyrir hvert flug,“.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi d-lið er bætt við lið ORO.GEN.150:

„d) upplýsa öll verktakafyrirtæki sem veita flugafgreiðslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að bregðast við vanefndum gagnvart kröfum ef vanefndin hefur bein áhrif á öryggisáhættu innan viðkomandi flugafgreiðslufyrirtækis eða ábyrgðarstörf þess.“

2) Eftirfarandi liður ORO.GEN.315 bætist við III. þátt „Viðbótarskipulagskröfur“ í GEN-kafla:

„**ORO.GEN.315 Verklagsreglur fyrir flugafgreiðslu**

a) Flugrekandinn skal tryggja að flugafgreiðsla fyrir loftför hans, farþega, póst og farm sé veitt annaðhvort sem eigin afgreiðsla, sem framkvæmd er af eigin starfsfólki, eða sem útvistuð þjónusta, sem framkvæmd er af flugafgreiðslufyrirtæki sem er þriðji aðili, eða sambland af hvoru tveggja.

b) Flugrekandinn skal tryggja að flugafgreiðslufyrirtæki sem er þriðji aðili veiti þjónustu í samræmi við leiðbeiningar og verklagsreglur flugrekandans.

c) Við útvistun á flugafgreiðsluþjónustu, sem talin er upp í 2. mgr. 2 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20, til fyrirtækis sem starfar samkvæmt skilmálum yfirlýsingar í samræmi við þá reglugerð er flugrekandanum heimilt að nota verklagsreglur verktakafyrirtækisins í öllum eftirfarandi tilvikum:

1) flugrekandinn samþykkir að flugafgreiðslufyrirtækið beiti sínum eigin verklagsreglum fyrir veitingu flugafgreiðslu, í samræmi við b-lið GH.OPS.005 framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20; þetta skal skjalfest,

2) flugafgreiðslufyrirtækið sem veitir þjónustuna hefur lýst yfir að það sé fært um að inna af hendi þau ábyrgðarstörf sem tengjast þjónustunni sem er veitt og er sú yfirlýsing gild,

3) flugrekandinn getur ekki látið flugafgreiðslufyrirtækinu í té sínar eigin verklagsreglur og leiðbeiningar.

d) Þegar flugrekandinn tryggir eftirlit á jörðu niðri með sínum eigin starfsmönnum í formi eigin afgreiðslu eða útvistar þessari starfsemi til þjónustuveitanda sem er þriðji aðili skal hann tryggja að eftirlitshlutverkið á jörðu niðri sé í samræmi við ákvæði ORO.GEN.110 og að rekstrarhandbók flugrekandans innihaldi eftirfarandi atriði:

1) lýsingu á þeirri starfsemi sem fellur undir gildissvið eftirlits á jörðu niðri og á öllum nauðsynlegum verklagsreglum,

2) ábyrgðarstörfin sem tengjast þessu hlutverki,

3) þjálfunaráætlunina fyrir þetta hlutverk, með áherslu á öryggisþjálfun þegar þetta hlutverk felur í sér öryggistengd verkefni.“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður CAT.GEN.MPA.220 bætist við 1. þátt „Vélknúin loftför“ í GEN-kafla:

„CAT.GEN.MPA.220 Viðbótarábyrgðarstörf flugrekenda sem stunda flutningaflug með flóknum, vélknúnum flugvélum og sjá um eigin afgreiðslu

a) Flugrekandi sem annast einhverja þá flugafgreiðslustarfsemi sem tilgreind er í 2. mgr. 2 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20 fyrir sjálfan sig eða innan sama rekstrarhóps flugrekenda (eigin afgreiðsla) skal uppfylla viðeigandi kröfur I. og II. viðauka við þá reglugerð, að undanskildum kröfunum sem eiga við um eftirlitshlutverkið á jörðu niðri, sem skal vera í samræmi við ákvæði liðar ORO.GEN.315.

b) Flugrekandinn skal leggja þjálfunaráætlun flugafgreiðslustarfsfólks síns, í samræmi við lið ORGH.GEN.145 framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/20, fyrir lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti með flugafgreiðslustarfsemi. Þjálfunaráætlun í tengslum við hættulegan varning er með fyrirvara um samþykki í samræmi við j-lið ORO.GEN.110.“

2) Í stað 1. liðar b-liðar CAT.POL.MAB.105 kemur eftirfarandi:

„1) ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagnanna til að tryggja að gögnin séu innan þeirra takmarkana sem tilgreindar eru í flughandbókinni eða rekstrarhandbókinni, ef þær eru meira takmarkandi, og“.

3) Eftirfarandi liður CAT.POL.MAB.110 bætist við:

„CAT.POL.MAB.110 Hleðslueftirlitsferli

Flugrekandinn skal koma á fót og innleiða hleðslueftirlitsferli og tengdar verklagsreglur, sem skulu vera hluti af rekstrarhandbókinni.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/389 **2026/EES/55/37**

frá 23. febrúar 2026

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/447 að því er varðar ákvörðun á endurskoðuðu viðmiðunargildi fyrir sóda fyrir árið 2025 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2003/87/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 ([2]) til að samræma hana við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([3]) og þar er fastsett markmið um a.m.k. 55% samdrátt í nettólosun fyrir árið 2030 samanborið við 1990. Af þessu leiddi að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 ([4]) um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2122 ([5]). Breytingarnar á tilskipun 2003/87/EB og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 skipta máli fyrir ákvörðun á endurskoðuðu viðmiðunargildi fyrir sóda fyrir árið 2025 og útheimta samsvarandi breytingar á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 ([6]).

2) Í kjölfar endurskoðaðrar skilgreiningar á „losun“ sem var innleidd í tilskipun 2003/87/EB og breytingar á kerfismörkum sem fylgdi á eftir, eins og mælt er fyrir um í 20. lið IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, á að vakta koltvísýring sem milliafurð fyrir sóda frá og með 1. janúar 2025 og greina frá honum sem losuðum frá og með 2026 í samræmi við 1., 2. og 68. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066. Í því skyni ætti, fyrir almanaksárið 2025, að bæta samsvarandi millistigslosun (e. *intermediary emissio*n) sem byggist á hvarfhlutfallslegum losunarstuðli sem nemur 0,415 tCO_2/t sóda, sem um getur í töflu 2 í 2. lið VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, við viðmiðunargildið fyrir sóda sem gildir á tímabilinu frá 2021 til 2024.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/447 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/389, 26.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2003/87/oj.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2023/959/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 (evrópsku loftslagslögin) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1119/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/2066/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2122 frá 17. október 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að því er varðar uppfærslu á vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 2023/2122, 18.10.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2122/oj).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 frá 12. mars 2021 um að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skv. 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð ESB L 87, 15.3.2021, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/447/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/447 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað síðustu línu töflunnar í 1. lið viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/447 kemur eftirfarandi:

„Sódi	0,789	0,753 (gildir 2021–2024) 1,168 (gildir 2025)“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/55 2026/EES/55/38

frá 17. desember 2025

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar vörur með viðbættu kvikasilfri sem falla undir framleiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 ([1]), einkum 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 eru útflutningur, innflutningur og framleiðsla í Sambandinu á vörum með viðbættu kvikasilfri, sem settar eru fram í II. viðauka við þá reglugerð, bönnuð frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í þeim viðauka. Bannið gildir ekki um vörur sem eru nauðsynlegar til almannavarna og hernaðarnota og vörur til rannsókna, til kvörðunar á tækjabúnaði eða til notkunar sem viðmiðunarstaðlar.

2) Minamatasamningurinn um kvikasilfur (hér á eftir nefndur „samningurinn“) var gerður af Sambandinu með ákvörðun ráðsins (ESB) 2017/939 ([2]) og öðlaðist gildi 16. ágúst 2017. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. samningsins eru útflutningur, innflutningur og framleiðsla á vörum með viðbættu kvikasilfri sem eru skráðar í I. hluta viðauka A við samninginn óheimil eftir tilgreinda tímasetningu þess að notkun á þessum vörum er hætt í áföngum. Í 8. mgr. 4. gr. samningsins er þess krafist að ráðstefna aðila að samningnum endurskoði viðauka A við samninginn eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag hans.

3) Á fimmtu ráðstefnu aðila að samningnum sem var haldin frá 30. október til 3. nóvember 2023 var samþykkt ákvörðun MC-5/4 ([3]) um breytingu á I. hluta viðauka A við samninginn með því að bæta við þann viðauka fimm flokkum af perum sem innihalda kvikasilfur sem og rafhlöðum, hárnákvæmum mælibrúm með háum rýmdar- og tapstuðlum og fjarskiptatíðnirofum og -rafliðum með hárri tíðni í vöktunar- og eftirlitstækjum sem innihalda ekki meira en 20 mg af kvikasilfri í hverri mælibrú, hverjum rofa eða rafliða, að undanskildum þeim sem eru notuð til rannsókna og þróunar, og snyrtivörum og tilgreina gildandi tímasetningu þess að hætta notkuninni í áföngum. Sú ákvörðun var studd af hálfu Sambandsins með ákvörðunum ráðsins (ESB) 2022/549 ([4]) og (ESB) 2023/2417 ([5]).

4) Til að laga reglugerð (ESB) 2017/852 að ákvörðun MC-5/4 er nauðsynlegt að bæta eftirfarandi vörum með viðbættu kvikasilfri við í A-hluta II. viðauka við þá reglugerð: hárnákvæmum mælibrúm með háum rýmdar- og tapstuðlum og fjarskiptatíðnirofum og -rafliðum með hárri tíðni í vöktunar- og eftirlitstækjum sem innihalda ekki meira en 20 mg af kvikasilfri í hverri mælibrú, hverjum rofa eða rafliða, að undanskildum þeim sem eru notuð til rannsókna og þróunar.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/852 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/55, 17.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/852/oj.

([2]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2017/939 frá 11. maí 2017 um gerð Minamatasamningsins um kvikasilfur, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtíð. ESB L 142, 2.6.2017, bls. 4, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec/2017/939/oj).

([3]) Ákvörðun MC-5/4: Breytingar á viðaukum A og B og hagkvæmni kvikasilfurslausra staðgöngukosta fyrir framleiðsluferli sem eru tilgreind í viðauka B (Amendments to annexes A and B and the feasibility of mercury-free alternatives for manufacturing processes listed in annex B), 23. nóvember 2023.

([4]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2022/549 frá 17. mars 2022 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins í öðrum hluta fjórða fundar ráðstefnu aðilanna að Minamatasamningnum um kvikasilfur að því er varðar að samþykkja ákvörðun til að breyta viðaukum A og B við þann samning (Stjtíð. ESB. L 107, 6.4.2022, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec/2022/549/oj).

([5]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2023/2417 frá 23. október 2023 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins á fimmta fundi ráðstefnu aðilanna að Minamatasamningnum um kvikasilfur að því er varðar að samþykkja ákvörðun til að breyta viðaukum A og B við þann samning (Stjtíð. ESB. L 2023/2417, 6.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2417/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852 er eftirfarandi færslu 2a bætt við:

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Frá hvaða degi bannað er að flytja út, flytja inn og framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri
„2a. Hárnákvæmar mælibrýr með háum rýmdar- og tapstuðlum og fjarskiptatíðnirofar og -rafliðar með hárri tíðni í vöktunar- og eftirlitstækjum sem innihalda ekki meira en 20 mg af kvikasilfri í hverri mælibrú, hverjum rofa eða rafliða, að undanskildum þeim sem eru notuð til rannsókna og þróunar	31.12.2025“

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 734/2013 **2026/EES/55/39**

frá 22. júlí 2013

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 109. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með skírskotun til nútímavæðingar reglna um ríkisaðstoð, sem bæði á að stuðla að framkvæmd stefnumörkunarinnar um hagvöxt fyrir Evrópu 2020 ([1]) og styrkingu fjármálastjórnar, skal beita 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) á skilvirkan og samræmdan hátt alls staðar í Sambandinu. Með reglugerð (EB) nr. 659/1999 ([2]) voru fyrri venjur framkvæmdastjórnarinnar kerfisbundnar og efldar til að auka réttarvissu og styðja þróun stefnunnar um ríkisaðstoð í opnu umhverfi. Í ljósi reynslunnar af beitingu hennar og í ljósi nýlegrar þróunar, s.s. stækkunar Sambandsins og efnahags- og fjármálakreppu, skal breyta tilteknum þáttum reglugerðar (EB) nr. 659/1999 til þess að framkvæmdastjórnin geti starfað af meiri skilvirkni.

2) Til þess að meta hvort tilkynntir eða ólöglegir ríkisstyrkir eru samrýmanlegir við innri markaðinn, þar sem framkvæmdastjórnin hefur óskiptar valdheimildir samkvæmt 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal sjá til þess að framkvæmdastjórnin hafi heimild til að biðja um allar nauðsynlegar markaðsupplýsingar frá hvaða aðildarríki, fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem er, til að geta fylgt eftir reglum um ríkisaðstoð, þegar hún hefur efasemdir um að hve miklu leyti viðkomandi ráðstafanir samrýmist reglum Sambandsins og hefur þar af leiðandi hafið formlega rannsókn. Framkvæmdastjórnin skal einkum beita þessari heimild í málum þar sem umfangsmikið ef nislegt mat virðist nauðsynlegt. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um að nota þessa heimild skal hún taka tilhlýðilegt tillit til þess hve lengi forathugun hefur staðið yfir.

3) Í þeim tilgangi að meta samrýmanleika aðstoðarráðstöfunar eftir að formleg rannsókn er hafin, einkum í tengslum við tæknilega flókin mál þar sem þörf er fyrir efnislegt mat, skal framkvæmdastjórnin, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, geta krafist þess að hvaða aðildarríki, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem er um veiti allar markaðsupplýsingar sem hún þarf til að ljúka matinu, ef upplýsingarnar sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir meðan forathugun stendur yfir eru ekki fullnægjandi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

4) Í ljósi þess sérstaka sambands sem er milli þiggjenda aðstoðar og hlutaðeigandi aðildarríkis á framkvæmdastjórnin eingöngu að geta farið fram á upplýsingar frá þiggjanda aðstoðar með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis. Þær upplýsingar, sem þiggjandi aðstoðarinnar veitir, að því er varðar viðkomandi aðstoðarráðstöfun, eru ekki lagagrundvöllur fyrir tvíhliða samningaviðræður milli framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi þiggjanda.

5) Framkvæmdastjórnin skal velja viðtakendur upplýsingabeiðna á grundvelli hlutlægra viðmiðana í hverju tilviki fyrir sig og sjá jafnframt til þess, þegar beiðni er lögð fyrir úrtak fyrirtækja eða samtaka þeirra, að úrtak svarenda sé dæmigert fyrir hvern hóp. Þær upplýsingar, sem beðið er um, skulu einkum vera fyrirtækja- og markaðsupplýsingar, byggðar á staðreyndum, og greining á starfsemi markaðarins, einnig byggð á staðreyndum.

6) Framkvæmdastjórnin, sem á frumkvæði að málsmeðferðinni, skal bera ábyrgð á eftirliti bæði með sendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja og þeirri þagnarskyldu sem gefið er til kynna að eigi við um upplýsingarnar sem látnar verða í té.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 204, 18.1.2023, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar „Evrópa 2020: stefnumörkun um hugvitssaman og sjálfbæran hagvöxt fyrir alla“ frá 3. mars 2010 (COM(2010) 2020, lokagerð).

([2]) Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.

7) Framkvæmdastjórnin skal, eftir þörfum, geta beitt hæfilegum sektum eða févítum til að geta tryggt að hvaða fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem er hlíti beiðnum um upplýsingar. Við ákvörðun fjárhæðar sekta og févíta skal framkvæmdastjórnin taka tilhlýðilegt tillit til meðalhófsreglunnar og sanngirnisreglunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Vernda skal réttindi þeirra aðila, sem eru beðnir um upplýsingar, með því að gefa þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun er tekin um að beita sektum eða févítum. Dómstóll Evrópusambandsins skal hafa ótakmarkað dómsvald að því er varðar slíkar sektir eða févíti í samræmi við 261. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

8) Framkvæmdastjórnin skal, með tilliti til meðalhófsreglunnar og sanngirnisreglunnar, eiga þess kost að lækka fjárhæð févíta eða fella þau niður þegar viðtakendur beiðna veita umbeðnar upplýsingar, jafnvel þótt frestur sé útrunninn.

9) Ekki er hægt að leggja sektir eða févíti á aðildarríkin þar eð þeim ber skylda til að starfa með framkvæmdastjórninni af heilindum í samræmi við 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (TEU) og til að veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 659/1999.

10) Til að vernda rétt hlutaðeigandi aðildarríkis til málsvarnar skal láta því í té eintak af þeim upplýsingabeiðnum, sem sendar eru öðrum aðildarríkjum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, og skal það geta tjáð sig um þær athugasemdir sem berast. Það skal einnig upplýst um heiti þeirra fyrirtækja og samtaka fyrirtækja, sem eru beðin um upplýsingar, svo fremi þessir aðilar sýni ekki fram á að þeir hafi lögmæta hagsmuni af því að heiti þeirra sé haldið leyndu.

11) Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Hún skal ekki í neinni ákvörðun geta notað trúnaðarupplýsingar frá svarendum, sem ekki er hægt að safna saman í heild eða halda nafnlausum á annan hátt, nema hún hafi áður fengið leyfi þeirra til að afhenda hlutaðeigandi aðildarríki þær upplýsingar.

12) Í þeim tilvikum þegar upplýsingar eru merktar sem trúnaðarupplýsingar en virðast ekki falla undir þagnarskyldu er rétt að koma á tilhögun sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að ákveða í hvaða mæli megi láta slíkar upplýsingar í té. Í hverri slíkri ákvörðun um að vísa frá kröfu um að þagnarskyldu sé gætt skal tilgreina frest þangað til upplýsingarnar eru látnar í té, þannig að svarandi geti nýtt sér hverja þá réttarvernd sem honum býðst, þ.m.t. hvers konar bráðabirgðaráðstafanir.

13) Framkvæmdastjórnin skal geta kannað að eigin frumkvæði upplýsingar um ólöglega aðstoð, hvaðan sem þær eru upprunnar, til að tryggja samræmi við 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum við tilkynningarskylduna og stöðvunarákvæðið í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og skal geta metið samrýmanleika aðstoðar við innri markaðinn. Í því samhengi eru kvartanir mikilvæg uppspretta upplýsinga þegar kanna þarf hvort reglur Sambandsins um ríkisaðstoð hafa verið brotnar.

14) Til að auka gæði þeirra kvartana sem eru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina og auka jafnframt gagnsæi og réttarvissu er rétt að ákvarða þau skilyrði, sem kvörtun þarf að uppfylla, til að tryggja að framkvæmdastjórnin ráði yfir upplýsingum um meinta ólöglega aðstoð og geti hafið forathugun. Kvartanir, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, skal meðhöndla sem almennar markaðsupplýsingar og þær þurfa ekki endilega að leiða til rannsóknar að eigin frumkvæði.

15) Kvartendur verða að sýna fram á að þeir séu hagsmunaaðilar í skilningi 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og h-liðar 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 659/1999. Enn fremur verða þeir að veita tilteknar lágmarksupplýsingar á formi sem framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að fastsetja í framkvæmdarákvæði. Til þess að letja ekki mögulega kvartendur skal í framkvæmdarákvæðinu tekið tillit til þess að kröfurnar, sem eru gerðar til hagsmunaaðila í tengslum við kvartanir þeirra, megi ekki vera íþyngjandi.

16) Í þágu réttarvissu er rétt að ákveða fyrningarfresti fyrir álagningu og innheimtu sekta og févíta.

17) Til að tryggja að framkvæmdastjórnin fjalli um lík mál á samræmdan hátt á öllum innri markaðnum skal efla gildandi heimildir framkvæmdastjórnarinnar með því að koma á sérstökum lagagrundvelli til að hefja rannsóknir á atvinnugreinum eða tilteknum aðstoðarkerfum í fleiri en einu aðildarríki. Með skírskotun til meðalhófs og í ljósi mikils stjórnsýsluálags, sem fylgir slíkum rannsóknum, skulu fyrirspurnir innan tiltekinnar greinar því aðeins gerðar að upplýsingar, sem liggja fyrir, gefi tilefni til grunsemda um að ráðstafanir sem fela í sér ríkisaðstoð í tiltekinni grein gætu takmarkað eða raskað samkeppni umtalsvert á innri markaðnum í fleiri en einu aðildarríki eða að fyrirliggjandi aðstoðarráðstafanir í tiltekinni grein í fleiri en einu aðildarríki séu ekki, eða séu ekki lengur, samrýmanlegar innri markaðnum. Slíkar fyrirspurnir gerðu framkvæmdastjórninni kleift að fjalla á skilvirkan og gagnsæjan hátt um þverlæg mál varðandi ríkisaðstoð og öðlast yfirsýn fyrirfram í viðkomandi geira.

18) Til þess að unnt sé að beita reglum um ríkisaðstoð með samræmdum hætti skal koma á samstarfi milli dómstóla í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnarinnar. Slíkt samstarf er viðeigandi að því er varðar alla dómstóla í aðildarríkjunum sem beita 1. mgr. 107. gr. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum skulu landsdómstólar hafa tækifæri til að inna framkvæmdastjórnina eftir upplýsingum eða áliti á atriðum sem varða beitingu reglna um ríkisaðstoð. Framkvæmdastjórnin skal enn fremur hafa tækifæri til að leggja fram skriflegar eða munnlegar athugasemdir fyrir þá dómstóla sem ætlað er að beita 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þegar framkvæmdastjórnin aðstoðar landsdómstóla í þessu tilliti skal hún breyta í samræmi við starfsskyldu sína til að verja almannahagsmuni.

19) Athugasemdir og álit framkvæmdastjórnarinnar skulu vera með fyrirvara um 267. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og ekki lagalega bindandi fyrir landsdómstóla. Þær skulu lagðar fram innan ramma landsbundinna réttarfarsreglna og -framkvæmdar, þ.m.t. þeirra sem varða gæslu réttinda málsaðila, með fullu tilliti til sjálfstæðis landsdómstólanna. Athugasemdir, sem framkvæmdastjórnin leggur fram að eigin frumkvæði, skulu takmarkaðar við mál sem eru mikilvæg fyrir samræmda beitingu á 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum mál sem hafa umtalsverða þýðingu fyrir framfylgd eða frekari þróun dómaframkvæmdar Sambandsins á sviði ríkisaðstoðar.

20) Í þágu gagnsæis og réttarvissu skulu upplýsingar um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar gerðar opinberar. Því er rétt að birta ákvarðanir um sektir eða févíti, svo framarlega sem slíkt hefur áhrif á hagsmuni hlutaðeigandi upplýsingagjafa. Þegar framkvæmdastjórnin birtir ákvarðanir sínar skal hún virða reglurnar um þagnarskyldu, þ.m.t. verndun allra trúnaðarupplýsinga og persónuupplýsinga, í samræmi við 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

21) Framkvæmdastjórninni skal, í nánu samstarfi við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð, vera heimilt að samþykkja framkvæmdarákvæði um setningu ítarlegra reglna um form, efni og aðrar viðmiðanir fyrir kvartanir sem eru lagðar fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 659/1999.

22) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 659/1999 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 659/1999 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titils reglugerðarinnar komi eftirfarandi:

„REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) NR. 659/1999 FRÁ 22. MARS 1999 UM ÍTARLEGAR REGLUR UM BEITINGU 108. GR. SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS“.

2) Í stað fyrirsagnar 5. gr. komi eftirfarandi:

„Beiðni um upplýsingar sem er lögð fyrir tilkynningaraðildarríki“.

3) Eftirfarandi greinar bætist við:

„6. gr. a

Beiðni um upplýsingar sem er lögð fyrir aðra upplýsingagjafa

1. Þegar hafin er formleg rannsókn, sem kveðið er á um í 6. gr., einkum í tengslum við tæknilega flókin mál þar sem þörf er fyrir efnislegt mat, getur framkvæmdastjórnin, ef upplýsingarnar sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir meðan forathugun stendur yfir eru ekki fullnægjandi, beðið hvaða aðildarríki, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem er um að veita allar markaðsupplýsingar sem hún þarf til að ljúka mati sínu á viðkomandi ráðstöfun, að teknu tilliti tilhlýðilegu til meðalhófsreglunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

2. Framkvæmdastjórnin getur eingöngu beðið um upplýsingar:

a) sem varða formlega rannsókn sem að mati framkvæmdastjórnarinnar hefur fram að því verið óskilvirk og

b) sem varða þiggjendur aðstoðar, svo fremi hlutaðeigandi aðildarríki veitir samþykki fyrir beiðninni.

3. Þau fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem veita upplýsingar í framhaldi af beiðni framkvæmdastjórnarinnar um markaðsupplýsingar á grundvelli 6. og 7. mgr., skulu veita framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki svar samtímis, að svo miklu leyti sem skjölin, sem lögð eru fram, innihalda ekki upplýsingar sem eru trúnaðarmál gagnvart því aðildarríki.

Framkvæmdastjórnin skal stýra og fylgjast með sendingu upplýsinga milli hlutaðeigandi aðildarríkja, fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja og sannreyna fullyrðingar um að upplýsingar sem eru sendar falli undir þagnarskyldu.

4. Framkvæmdastjórnin skal eingöngu fara fram á upplýsingar sem aðildarríkið, fyrirtækið eða samtök fyrirtækja, sem beiðnin snertir, ráða yfir.

5. Aðildarríkin skulu veita upplýsingarnar á grundvelli einfaldrar beiðni og innan frests, sem framkvæmdastjórnin ákveður, sem skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Ef aðildarríki veitir ekki umbeðnar upplýsingar innan þess tíma eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin senda ítrekun.

6. Framkvæmdastjórnin getur, með einfaldri beiðni, farið fram á að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti upplýsingar. Ef framkvæmdastjórnin sendir einfalda beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða hæfilegan skilafrest þeirra. Hún skal einnig vísa til þeirra sekta, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. b, sem liggja við því að veita rangar eða villandi upplýsingar.

7. Framkvæmdastjórnin getur með ákvörðun farið fram á að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti upplýsingar. Ef framkvæmdastjórnin krefst þess með ákvörðun að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða skilafrest þeirra. Hún skal einnig vísa til þeirra sekta, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. b, og gefa til kynna eða leggja á þau févíti sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. b., eftir því sem við á. Hún skal enn fremur skýra frá rétti fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja til að fá endurskoðun Evrópudómstólsins á ákvörðuninni.

8. Þegar framkvæmdastjórnin gefur út beiðni skv. 1. eða 6. mgr. eða tekur ákvörðun skv. 7. mgr. skal hún einnig samtímis láta hlutaðeigandi aðildarríki í té afrit af beiðninni. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina þær viðmiðanir sem liggja til grundvallar vali á viðtakendum beiðnar eða ákvörðunar.

9. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra eða, þegar um lögaðila er að ræða, félög, fyrirtæki eða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, þeir aðilar, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða stofnsamningi þeirra, skulu veita upplýsingar, sem beðið er um eða krafist, fyrir þeirra hönd. Aðilum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

6. gr. b

Sektir og févíti

1. Ef það telst nauðsynlegt og sanngjarnt er framkvæmdastjórninni heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1 % af heildarveltu þeirra á næstliðnu rekstrarári ef þau, af ásetningi eða af vítaverðu gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni sem er lögð fram skv. 6. mgr. 6. gr. a,

b) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við ákvörðun sem er samþykkt skv. 7. mgr. 6. gr. a eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með ákvörðun, að leggja févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki fullnægjandi og réttar upplýsingar, eins og framkvæmdastjórnin fer fram á með ákvörðun sem er tekin skv. 7. mgr. 6. gr. a.

Févíti skal ekki fara yfir 5 % af meðaldagsveltu hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka á næstliðnu rekstrarári fyrir hvern vinnudag sem farið er fram yfir frestinn, reiknað frá þeim degi sem er tiltekinn í ákvörðuninni, uns veittar eru fullnægjandi og réttar upplýsingar eins og framkvæmdastjórnin fer fram á eða krefst.

3. Þegar fjárhæð sektar eða févítis er ákveðin skal taka tillit til þess hvers eðlis brotið er, hve alvarlegt það er og hve lengi það hefur staðið yfir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meginreglnanna um meðalhóf og sanngirni, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

4. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að knýja fram er framkvæmdastjórninni heimilt að lækka heildarfjárhæð févítis miðað við það sem orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að fella niður févíti.

5. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við 1. eða 2. mgr. skal hún setja tveggja vikna lokafrest á afhendingu þeirra markaðsupplýsinga sem vantar frá hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja og gefa þeim einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

6. Evrópudómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu í skilningi 261. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að endurskoða sektir eða févíti sem framkvæmdastjórnin beitir. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.“

4) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 7. gr.:

„8. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við 2.–5. mgr. skal hún, innan frests sem skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður, gefa hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um þær upplýsingar sem framkvæmdastjórnin tekur við og hlutaðeigandi aðildarríki afhendir skv. 3. mgr. 6. gr. a.

9. Framkvæmdastjórnin skal ekki nota trúnaðarupplýsingar frá svarendum, sem ekki er hægt að safna saman í heild eða halda nafnlausum á annan hátt, í neinni ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2.–5. mgr., nema hún hafi fengið leyfi þeirra til að afhenda hlutaðeigandi aðildarríki þær upplýsingar. Framkvæmdastjórnin getur tekið rökstudda ákvörðun, sem skal tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, þegar hún kemst að raun um að upplýsingar, sem svarandi hefur merkt sem trúnaðarupplýsingar, njóta ekki verndar og setur frest að því er varðar birtingu upplýsinganna. Þessi frestur skal ekki vera skemmri en einn mánuður.

10. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar. Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem veita upplýsingar skv. 6. gr. a, og sem eru ekki þiggjendur aðstoðar að því er varðar viðkomandi ríkisaðstoðarráðstöfun, geta farið fram á að hlutaðeigandi aðildarríki fái ekki vitneskju um hver þau eru vegna þess að það geti skaðað þau.“

5) Í stað 1. og 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 20. gr. getur framkvæmdastjórnin að eigin frumkvæði kannað upplýsingar um meinta ólöglega aðstoð, hvaðan sem þær eru upprunnar.

Framkvæmdastjórnin skal án ástæðulausrar tafar taka til athugunar allar kvartanir sem hagsmunaaðili afhendir í samræmi við 2. mgr. 20. gr. og sjá til þess að hlutaðeigandi aðildarríki séu að fullu og með reglubundnum hætti upplýst um framvindu og niðurstöðu athugunarinnar.

2. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin óska eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

Þegar formleg rannsókn er hafin getur framkvæmdastjórnin einnig farið fram á að annað aðildarríki, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja afhendi upplýsingar í samræmi við 6. gr. b, sem skal gilda að breyttu breytanda.“

6) Eftirfarandi kaflaheiti bætist við á eftir 14. gr.:

„III. KAFLI A

FYRNINGARFRESTIR“.

7) Í stað fyrirsagnar 15. gr. komi eftirfarandi:

„Fyrningarfrestur vegna endurgreiðslu aðstoðar“

8) Eftirfarandi greinar bætist við:

„15. gr. a

Fyrningarfrestur vegna álagningar sekta og févíta

1. Það vald, sem framkvæmdastjórninni er veitt skv. 6. gr. b, skal vera með fyrirvara um þriggja ára fyrningarfrest.

2. Fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., hefst daginn sem brotið, sem um getur í 6. gr. b, er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

3. Allar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar, sem varða rannsókn eða málsmeðferð vegna brots, sem um getur í 6. gr. b, rjúfa fyrningarfrest vegna álagningar sekta eða févíta frá og með þeim degi sem hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja er tilkynnt um aðgerðirnar.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en á þeim degi sem sex ár eru liðin án þess að framkvæmdastjórnin hafi ákvarðað sekt eða févíti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé er gert á fyrningarfrestinum í samræmi við 5. mgr.

5. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum vegna álagningar sekta eða févíta á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá Evrópudómstólnum.

15. gr. b

Fyrningarfrestir vegna fullnustu sekta og févíta

1. Það vald, sem framkvæmdastjórnin hefur til fullnustu ákvarðana, sem eru teknar skv. 6. gr. b, skal vera með fyrirvara um fimm ára fyrningarfrest.

2. Fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., hefst daginn sem ákvörðunin, sem er tekin skv. 6. gr. b, verður endanleg.

3. Rjúfa skal fyrningarfrest, sem um getur í 1. mgr., þegar:

a) tilkynnt er um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,

b) aðildarríki, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, eða framkvæmdastjórnin hefst handa í þeim tilgangi að knýja fram greiðslu á sekt eða févíti.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

5. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum, sem kveðið er á um í 1. mgr., á meðan:

a) svaranda er veittur greiðslufrestur,

b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun Evrópudómstólsins.“

9) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Misnotkun aðstoðar

Þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða er framkvæmdastjórninni heimilt, með fyrirvara um 23. gr., að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6. gr., 6. gr. a, 6. gr. b, 7., 9. og 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12.–15. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.“

10) Í stað 2. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„2. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að leggja fram kvörtun til að gera framkvæmdastjórninni viðvart um meinta ólöglega aðstoð eða meinta misnotkun aðstoðar. Í því skyni skal hagsmunaaðilinn fylla út eyðublað sem hefur verið skilgreint í framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. og tilgreina allar umbeðnar skylduupplýsingar.

Ef framkvæmdastjórnin telur að hagsmunaaðilinn fari ekki eftir skyldubundnu eyðublaði fyrir kvörtun eða að málsatvik og lagaatriði, sem hagsmunaaðilinn setur fram, veiti ekki næga ástæðu til þess að álykta, fljótt á litið, að fyrir liggi ólögleg aðstoð eða misnotkun aðstoðar skal hún tilkynna hagsmunaaðilanum það og hvetja hann til að leggja fram athugasemdir innan tilskilins frests sem skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Ef hagsmunaaðilinn kemur ekki sjónarmiðum sínum á framfæri innan tilskilins frests telst kvörtunin hafa verið dregin til baka. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki þegar kvörtun telst hafa verið dregin til baka.

Framkvæmdastjórnin skal senda kvartanda afrit af ákvörðun sinni í máli sem varðar efni kvörtunarinnar.“

11) Eftirfarandi kafli bætist við á eftir 20. gr.:

„VI. KAFLI A

RANNSÓKNIR Á EINSTÖKUM ATVINNUGREINUM OG Á AÐSTOÐARKERFUM

20. gr. a

Rannsóknir á einstökum atvinnugreinum og á aðstoðarkerfum

1. Ef rökstuddur grunur leikur á, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir, að ráðstafanir sem fela í sér ríkisaðstoð í tiltekinni grein eða sem eru byggðar á tilteknum aðstoðargerningi gætu takmarkað eða raskað samkeppni umtalsvert á innri markaðnum í fleiri en einu aðildarríki eða að fyrirliggjandi aðstoðarráðstafanir í tiltekinni grein í fleiri en einu aðildarríki séu ekki, eða séu ekki lengur, samrýmanlegar innri markaðnum, getur framkvæmdastjórnin látið fara fram athugun á þeirri atvinnugrein eða á notkun viðkomandi aðstoðargernings í hinum ýmsu aðildarríkjum. Meðan á athugun stendur getur framkvæmdastjórnin beðið hlutaðeigandi aðildarríki og/eða fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar.

Framkvæmdastjórnin skal tilgreina ástæður, sem liggja til grundvallar athuguninni og vali á viðtakendum, í öllum beiðnum um upplýsingar sem eru sendar samkvæmt þessari grein.

Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um niðurstöður athugunar sinnar á tilteknum atvinnugreinum eða tilteknum aðstoðargerningum í hinum ýmsu aðildarríkjum og hvetja aðildarríkin og öll viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja til að leggja fram athugasemdir.

2. Heimilt er að nota upplýsingar, sem aflað er við athugun á tiltekinni atvinnugrein, við meðferð mála samkvæmt þessari reglugerð.

3. Ákvæði 5. gr., 6. gr. a og 6. gr. b gilda að breyttu breytanda.“

12) Eftirfarandi kafli bætist við á eftir 23. gr.:

„VII. KAFLI A

SAMSTARF VIÐ LANDSDÓMSTÓLA

23. gr. a

Samstarf við landsdómstóla

1. Við beitingu á 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er dómstólum í aðildarríkjunum heimilt að óska eftir því að framkvæmdastjórnin sendi þeim þær upplýsingar, sem hún hefur undir höndum, eða álit sitt á álitaefnum sem varða beitingu reglna um ríkisaðstoð.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur varðandi samræmda beitingu 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að leggja, að eigin frumkvæði, skriflegar athugasemdir fyrir dómstóla í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á beitingu reglna um ríkisaðstoð. Henni er enn fremur heimilt að koma á framfæri munnlegum athugasemdum með leyfi hlutaðeigandi dómstóls.

Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki að hún muni leggja fram athugasemdir, áður en hún leggur þær formlega fram.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, eingöngu í þeim tilgangi að semja athugasemdir sínar, að óska eftir að viðkomandi dómstóll aðildarríkis sendi skjöl, sem hann hefur til umráða, og sem eru nauðsynleg fyrir mat framkvæmdastjórnarinnar á álitaefninu.“

13) Í stað 25. gr. komi eftirfarandi:

„25. gr.

Viðtakandi ákvarðana

1. Ákvörðunum, sem eru teknar skv. 7. mgr. 6. gr. a, 1. og 2. mgr. 6. gr. b og 9. mgr. 7. gr., skal beint til hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna viðtakanda um þær án tafar og gefa honum tækifæri til þess að benda framkvæmdastjórninni á hvaða upplýsingar hann telur falla undir þagnarskyldu.

2. Öllum öðrum ákvörðunum, sem framkvæmdastjórnin tekur skv. II., III., IV., V. og VII. kafla skal beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um þær án tafar og gefa því aðildarríki tækifæri til þess að benda framkvæmdastjórninni á hvaða upplýsingar það telur falla undir þagnarskyldu.“

14) Í 26. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„2a. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir, sem hún tekur skv. 1. og 2. mgr. 6. gr. b, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.“

15) Í stað 27. gr. komi eftirfarandi:

„27. gr.

Framkvæmdarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., hafa heimild til að samþykkja framkvæmdarákvæði um:

a) form, efni og önnur einstök atriði tilkynninga,

b) form, efni og önnur einstök atriði ársskýrslna,

c) form, efni og önnur einstök atriði kvartana sem eru lagðar fram í samræmi við 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 20. gr.,

d) einstök atriði er varða fresti og útreikning á frestum og

e) vextina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1589 **2026/EES/55/40**

frá 13. júlí 2015

um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (kerfisbinding) (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 109. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999/EBE ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda þá reglugerð.

2) Reglugerð þessi gildir um aðstoð í öllum geirum með fyrirvara um sérstakar reglur um málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerðum sem gilda um tiltekna geira. Að því er varðar beitingu 93. og 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórnin sérstakar heimildir skv. 108. gr. hans til að skera úr um hvort ríkisaðstoð samrýmist innri markaðnum þegar hún tekur yfirstandandi aðstoð til endurskoðunar, tekur ákvarðanir um nýja eða breytta aðstoð og grípur til aðgerða vegna þess að ákvörðunum hennar er ekki hlítt eða tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

3) Með tilliti til nútímavædds kerfis reglna um ríkisaðstoð, sem bæði á að stuðla að framkvæmd áætlunarinnar Evrópa 2020 um hagvöxt og styrkingu fjármálastjórnar, ætti að beita 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins á skilvirkan og samræmdan hátt alls staðar í Sambandinu. Með reglugerð (EB) nr. 659/1999 var fyrri starfsvenjum framkvæmdastjórnarinnar steypt saman og þær efldar til að auka réttarvissu og styðja þróun stefnunnar um ríkisaðstoð í gegnsæju umhverfi.

4) Til að tryggja réttarvissu er rétt að skilgreina þær aðstæður sem ráða því að aðstoð er talin vera yfirstandandi aðstoð. Tilkoma og styrking innri markaðarins verður áfangaskipt ferli og endurspeglast í stöðugri þróun stefnunnar í málefnum ríkisaðstoðar. Afleiðing þessarar þróunar getur verið sú að tilteknar ráðstafanir, sem voru ekki taldar ríkisaðstoð þegar þær komu til framkvæmda, hafi síðar orðið að ríkisaðstoð.

5) Í samræmi við 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll áform um að veita nýja aðstoð og ætti ekki að hrinda slíkum áformum í framkvæmd fyrr en framkvæmdastjórnin hefur veitt leyfi til þess.

6) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið ber aðildarríkjunum skylda til að vinna með framkvæmdastjórninni og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera henni kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

7) Fresturinn, sem framkvæmdastjórnin hefur til að ljúka forathugun á tilkynntri aðstoð, ætti að vera tveir mánuðir eftir viðtöku fullfrágenginnar tilkynningar eða eftir viðtöku tilhlýðilega rökstuddrar yfirlýsingar viðkomandi aðildarríkis þess efnis að það telji tilkynninguna fullfrágengna af þeirri ástæðu að viðbótarupplýsingarnar, sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir, séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið látnar í té. Með skírskotun til réttarvissu ber að ljúka fyrrnefndri athugun með ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Áliti var skilað 29. apríl 2015 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð EB L 83, 27.3.1999, bls. 1).

([3]) Sjá I. viðauka.

8) Í öllum tilvikum, þar sem framkvæmdastjórnin getur ekki staðfest, í framhaldi af forathuguninni, að aðstoð samrýmist hinum innri markaði, ætti að hefja formlega rannsókn í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum svo að hún sé í stakk búin til þess að meta samræmi aðstoðarinnar og til þess að þeir, sem eiga hagsmuna að gæta, geti lagt fram athugasemdir sínar. Réttindi hagsmunaaðila eru best tryggð innan ramma þeirrar formlegu rannsóknar sem kveðið er á um í 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

9) Til þess að meta hvort tilkynnt eða ólögleg ríkisaðstoð er samrýmanleg innri markaðnum, þar sem framkvæmdastjórnin hefur óskiptar valdheimildir skv. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er rétt að tryggja að framkvæmdastjórnin hafi heimild til að biðja um allar nauðsynlegar markaðsupplýsingar frá hvaða aðildarríki, fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem er, til að geta fylgt eftir reglum um ríkisaðstoð, þegar hún hefur efasemdir um að hve miklu leyti viðkomandi ráðstafanir samrýmast reglum Sambandsins og hefur þar af leiðandi hafið formlega rannsókn. Framkvæmdastjórnin ætti einkum að beita þessari heimild í málum þar sem flókið efnislegt mat virðist nauðsynlegt. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um að nota þessa heimild ætti hún að taka tilhlýðilegt tillit til þess hve lengi forathugun hefur staðið yfir.

10) Í þeim tilgangi að meta samrýmanleika aðstoðarráðstöfunar eftir að formleg rannsókn er hafin, einkum í tengslum við tæknilega flókin mál þar sem þörf er á efnislegu mati, ætti framkvæmdastjórnin, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, að geta krafist þess að hvaða aðildarríki, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem er, veiti allar markaðsupplýsingar sem hún þarf til að ljúka matinu, ef upplýsingarnar sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir meðan forathugun stendur yfir eru ekki fullnægjandi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

11) Í ljósi þess sérstaka sambands sem er milli aðstoðarþega og hlutaðeigandi aðildarríkis ætti framkvæmdastjórnin eingöngu að geta farið fram á upplýsingar frá aðstoðarþega í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki. Þær upplýsingar, sem aðstoðarþeginn veitir, að því er varðar viðkomandi aðstoðarráðstöfun, eru ekki lagagrundvöllur fyrir tvíhliða samningaviðræðum milli framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðstoðarþega.

12) Framkvæmdastjórnin ætti að velja viðtakendur upplýsingabeiðna á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig og sjá jafnframt til þess, þegar beiðni er lögð fyrir úrtak fyrirtækja eða samtaka þeirra, að úrtak svarenda sé dæmigert fyrir hvern hóp. Þær upplýsingar, sem beðið er um, skulu einkum vera fyrirtækja- og markaðsupplýsingar, byggðar á staðreyndum, og greining á starfsemi markaðarins, einnig byggð á staðreyndum.

13) Framkvæmdastjórnin, sem á frumkvæði að málsmeðferðinni, ætti að bera ábyrgð á að sannreyna upplýsingarnar sem aðildarríkin, fyrirtæki eða samtök senda og einnig fullyrðingar um að þær upplýsingar sem á að senda falli undir þagnarskyldu.

14) Framkvæmdastjórnin ætti, eftir þörfum, að beita hæfilegum sektum eða févítum til að geta tryggt að hvaða fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem er hlíti beiðnum um upplýsingar. Við ákvörðun fjárhæðar sekta og févíta ætti framkvæmdastjórnin að taka tilhlýðilegt tillit til meðalhófsreglunnar og sanngirnisreglunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Vernda ætti réttindi þeirra aðila, sem eru beðnir um upplýsingar, með því að gefa þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun er tekin um að beita sektum eða févítum. Evrópudómstóllinn ætti að hafa ótakmarkaða lögsögu að því er varðar slíkar sektir eða févíti skv. 261. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

15) Framkvæmdastjórnin ætti, með tilliti til meðalhófsreglunnar og sanngirnisreglunnar, að eiga þess kost að lækka fjárhæð févíta eða fella þau niður þegar viðtakendur beiðna veita umbeðnar upplýsingar, jafnvel þótt frestur sé útrunninn.

16) Ekki er hægt að leggja sektir eða févíti á aðildarríkin þar eð þeim ber skylda til að starfa með framkvæmdastjórninni af heilindum í samræmi við 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og til að veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt reglugerð þessari.

17) Framkvæmdastjórninni ber, eftir að hafa skoðað athugasemdirnar sem hagsmunaaðilar hafa lagt fram, að ljúka athugun sinni með lokaákvörðun um leið og efasemdum hefur verið eytt. Sé athuguninni ólokið 18 mánuðum eftir að málsmeðferð var hafin er rétt að hlutaðeigandi aðildarríki eigi þess kost að óska eftir því að framkvæmdastjórnin taki ákvörðun innan tveggja mánaða.

18) Til að vernda rétt hlutaðeigandi aðildarríkis til málsvarnar ætti að láta því í té afrit af þeim upplýsingabeiðnum, sem sendar eru öðrum aðildarríkjum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, og það ætti að geta tjáð sig um þær athugasemdir sem berast. Einnig ætti að upplýsa það um heiti þeirra fyrirtækja og samtaka fyrirtækja, sem eru beðin um upplýsingar, svo fremi þessir aðilar hafi ekki sýnt fram á réttmæta hagsmuni sína af því að halda því leyndu hverjir þeir eru.

19) Framkvæmdastjórnin ætti að taka tilhlýðilegt tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Hún ætti ekki í neinni ákvörðun að geta notað trúnaðarupplýsingar frá svarendum, sem ekki er hægt að safna saman eða halda nafnlausum á annan hátt, nema hún hafi áður fengið leyfi þeirra til að afhenda hlutaðeigandi aðildarríki þær upplýsingar.

20) Í þeim tilvikum þegar upplýsingar eru merktar sem trúnaðarupplýsingar en virðast ekki falla undir þagnarskyldu er rétt að tilhögun sé fyrir hendi sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að ákveða í hvaða mæli megi láta slíkar upplýsingar í té. Í hverri slíkri ákvörðun um að hafna kröfu um að upplýsingar séu trúnaðarmál ætti að tilgreina frest að því er varðar birtingu upplýsinganna, þannig að svarandi geti nýtt sér hverja þá réttarvernd sem honum býðst, þ.m.t. hvers konar tímabundna ráðstöfun.

21) Til að tryggja að reglum um ríkisaðstoð sé beitt með réttum og skilvirkum hætti ætti framkvæmdastjórnin að eiga þess kost að afturkalla ákvörðun sem var byggð á röngum upplýsingum.

22) Í því skyni að tryggja að farið sé að ákvæðum 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum um tilkynningarskylduna og stöðvunarákvæðið í 3. mgr. 108. gr., ber framkvæmdastjórninni að kanna öll tilvik um ólöglega aðstoð. Af ástæðum er varða gagnsæi og réttarvissu ber að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð sem fylgja ætti í slíkum tilvikum. Virði aðildarríki ekki tilkynningarskylduna eða stöðvunarákvæðið er framkvæmdastjórnin óbundin af frestum.

23) Framkvæmdastjórnin ætti að geta kannað að eigin frumkvæði upplýsingar um ólöglega aðstoð, hvaðan sem þær eru upprunnar, til að tryggja að farið sé að 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum að því er varðar tilkynningarskylduna og stöðvunarákvæðið í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og geta metið samrýmanleika aðstoðar við innri markaðinn.

24) Ef um ólöglega aðstoð er að ræða ber framkvæmdastjórninni réttur til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga sem gera henni kleift að taka ákvörðun og koma tafarlaust aftur á óraskaðri samkeppni, þar sem við á. Því er rétt að gera framkvæmdastjórninni kleift að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki. Þessar bráðabirgðaráðstafanir geta verið fyrirmæli um að veita upplýsingar, fyrirmæli um stöðvun aðstoðar og fyrirmæli um endurheimtur. Sé fyrirmælum um að veita upplýsingar ekki hlítt ætti að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka ákvörðun, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, og ef fyrirmælum um stöðvun eða endurgreiðslu er ekki hlítt ætti hún að eiga þess kost að vísa málinu beint til Dómstólsins í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

25) Ef um er að ræða ólöglega aðstoð, sem samrýmist ekki hinum innri markaði, ber að koma aftur á virkri samkeppni. Í þessu skyni er nauðsynlegt að aðstoðin sé endurgreidd án tafar með vöxtum. Rétt er að endurgreiðsla fari fram í samræmi við málsmeðferð samkvæmt ákvæðum landslaga. Beiting þessarar málsmeðferðar ætti ekki að koma í veg fyrir, með því að hindra að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé hrundið í framkvæmd án tafar og með skilvirkum hætti, að virkri samkeppni sé aftur komið á. Til þess að svo megi verða ættu aðildarríkin að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nái fram að ganga.

26) Til að tryggja réttarvissu er rétt að ákvarða 10 ára fyrningarfrest að því er varðar ólöglega aðstoð þannig að ekki sé unnt að gera kröfu um endurgreiðslu eftir að hann er útrunninn.

27) Í þágu réttarvissu er rétt að ákveða fyrningarfresti fyrir álagningu og fullnustu fjársekta og févíta.

28) Misnotkun aðstoðar kann að hafa áhrif á starfsemi innri markaðarins, sem eru svipaðs eðlis og áhrif ólöglegrar aðstoðar, og því ber að bregðast við slíkri misnotkun eins og um ólöglega aðstoð sé að ræða. Ólíkt ólöglegri aðstoð er aðstoð, sem hugsanlega hefur verið misnotuð, aðstoð sem framkvæmdastjórnin hefur áður samþykkt. Því ætti framkvæmdastjórninni að vera óheimilt að beita fyrirmælum um endurgreiðslu þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða.

29) Framkvæmdastjórninni er skylt, í samræmi við 1. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að fylgjast stöðugt með skipulagi allra yfirstandandi aðstoðarkerfa í samvinnu við aðildarríkin. Vegna gagnsæis og réttarvissu er rétt að tilgreina umfang samvinnu samkvæmt þeirri grein.

30) Í því skyni að tryggja að samræmi ríki milli yfirstandandi aðstoðarkerfa og innri markaðarins og í samræmi við 1. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti framkvæmdastjórnin að gera viðeigandi tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, ef yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum innri markaði, og hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, neiti hlutaðeigandi aðildarríki að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem eru lagðar til.

31) Rétt er að skilgreina alla þá kosti sem þriðju aðilar eiga til að gæta hagsmuna sína í meðferð ríkisaðstoðarmála.

32) Kvartanir eru mikilvæg uppspretta upplýsinga þegar kanna þarf hvort reglur Sambandsins um ríkisaðstoð hafa verið brotnar. Til að tryggja gæði þeirra kvartana sem eru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina og jafnframt gagnsæi og réttarvissu er rétt að mæla fyrir um þau skilyrði, sem kvörtun þarf að uppfylla, til þess að framkvæmdastjórnin búi yfir upplýsingum um meinta ólöglega aðstoð og geti hafið forathugun. Kvartanir, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, ætti að meðhöndla sem almennar markaðsupplýsingar og þær ættu ekki endilega að leiða til rannsókna að eigin frumkvæði.

33) Skylda ætti þá sem leggja fram kvörtun til að sýna fram á að þeir séu hagsmunaaðilar í skilningi 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og h-liðar 1. gr. þessarar reglugerðar. Enn fremur ætti að gera kröfu um að þeir veiti tilteknar lágmarksupplýsingar á formi sem framkvæmdastjórnin ætti að hafa heimild til að fastsetja í framkvæmdarákvæði. Til þess að letja ekki mögulega kvartendur ætti að taka tillit til þess í framkvæmdarákvæðinu að kröfurnar, sem eru gerðar til hagsmunaaðila í tengslum við að leggja fram kvartanir, ættu ekki að vera íþyngjandi.

34) Til að tryggja að framkvæmdastjórnin fjalli um lík mál á samræmdan hátt á öllum innri markaðnum er rétt að kveða á um sérstakan lagagrundvöll til að hefja rannsóknir á geirum innan hagkerfisins eða tilteknum aðstoðarleiðum í nokkrum aðildarríkjum. Með skírskotun til meðalhófs og í ljósi mikils stjórnsýsluálags, sem fylgir slíkum rannsóknum, ætti því aðeins að gera athugun innan tiltekins geira að upplýsingar, sem liggja fyrir, gefi tilefni til grunsemda um að ráðstafanir sem fela í sér ríkisaðstoð í tilteknum geira gætu takmarkað eða raskað samkeppni umtalsvert á innri markaðnum í fleiri en einu aðildarríki eða að yfirstandandi aðstoðarráðstafanir í tiltekinni grein í fleiri en einu aðildarríki séu ekki, eða séu ekki lengur, samrýmanlegar innri markaðnum. Slíkar fyrirspurnir gerðu framkvæmdastjórninni kleift að fjalla á skilvirkan og gagnsæjan hátt um þverlæg mál er varða ríkisaðstoð og öðlast yfirsýn fyrir fram í viðkomandi geira.

35) Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að hafa skilvirkt eftirlit með því hvort ákvörðunum hennar sé hlítt og stuðla að samstarfi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um stöðuga endurskoðun allra yfirstandandi aðstoðarkerfa í aðildarríkjunum í samræmi við 1. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er nauðsynlegt að mælt verði fyrir um almenna kvöð um skýrslugjöf um allar yfirstandandi áætlanir um aðstoð.

36) Hafi framkvæmdastjórnin miklar efasemdir um að ákvörðunum hennar sé hlítt ætti hún að eiga þess kost að grípa til frekari úrræða sem gera henni kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að sannreyna hvort ákvörðunum hennar sé hlítt með skilvirkum hætti. Í þessu skyni eru eftirlitsvitjanir á vettvangi viðeigandi og nothæft úrræði, einkum í þeim tilvikum þar sem aðstoð kann að hafa verið misnotuð. Því ætti að heimila framkvæmdastjórninni að fara í eftirlitsvitjanir á vettvangi og ætti hún að koma á samstarfi við lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum þar sem fyrirtæki er andvígt slíkri vitjun.

37) Til þess að unnt sé að beita reglum um ríkisaðstoð með samræmdum hætti er nauðsynlegt að koma á samstarfi milli dómstóla í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnarinnar. Slíkt samstarf er viðeigandi að því er varðar alla dómstóla í aðildarríkjunum sem beita 1. mgr. 107. gr. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum ætti að gefa innlendum dómstólum tækifæri til að inna framkvæmdastjórnina eftir upplýsingum eða áliti á atriðum sem varða beitingu reglna um ríkisaðstoð. Framkvæmdastjórnin ætti einnig hafa tækifæri til að leggja fram skriflegar eða munnlegar athugasemdir fyrir þá dómstóla sem farið er fram á að beiti 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þegar framkvæmdastjórnin aðstoðar innlenda dómstóla í þessu tilliti ætti hún að aðhafast í samræmi við skyldu sína til að verja almannahagsmuni.

38) Athugasemdir og álit framkvæmdastjórnarinnar ættu að vera með fyrirvara um 267. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og ekki lagalega bindandi fyrir innlenda dómstóla. Þau ætti að leggja fram innan ramma innlendra réttarfarsreglna og -venja, þ.m.t. þeirra sem varða gæslu réttinda málsaðila, með fullu tilliti til sjálfstæðis landsdómstólanna. Athugasemdir, sem framkvæmdastjórnin leggur fram að eigin frumkvæði, skulu takmarkaðar við mál

sem eru mikilvæg fyrir samræmda beitingu á 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum mál sem hafa umtalsverða þýðingu fyrir framfylgd eða frekari þróun dómaframkvæmdar Sambandsins á sviði ríkisaðstoðar.

39) Í þágu gagnsæis og réttarvissu er rétt að upplýsa almenning um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leið og sú meginregla er virt að ákvörðunum í málum, sem tengjast ríkisaðstoð, sé beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Því er rétt að birta allar ákvarðanir sem kynnu að hafa áhrif á hagsmuni hagsmunaaðila, annaðhvort í heild eða sem samantekt, eða gera hagsmunaaðilum kleift að nálgast eintök af slíkum ákvörðunum hafi þær ekki verið birtar eða ekki verið birtar í heild.

40) Þegar framkvæmdastjórnin birtir ákvarðanir sínar ætti hún að virða reglurnar um þagnarskyldu, þ.m.t. verndun allra trúnaðarupplýsinga og persónuupplýsinga, í samræmi við 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

41) Framkvæmdastjórnin ætti, í náinni samvinnu við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð, að geta samþykkt framkvæmdarákvæði þar sem settar eru ítarlegar reglur um málsmeðferðina samkvæmt þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

I. KAFLI

ALMENNT

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „aðstoð“: hver sú ráðstöfun sem samræmist öllum viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

b) „yfirstandandi aðstoð“:

i. með fyrirvara um 144. og 172. gr. laganna um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, með fyrirvara um 3. lið og viðbæti IV. viðauka við lögin um aðild Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litáens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu og með fyrirvara um 2. lið og b-lið 3. liðar og viðbæti V. viðauka við lögin um aðild Búlgaríu og Rúmeníu, með fyrirvara um 2. lið og b-lið 3. liðar og viðbæti IV. viðauka við lögin um aðild Króatíu, gildir áfram öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í viðkomandi aðildarríkjum, þ.e. aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins öðlaðist gildi í viðkomandi aðildarríkjum og er enn veitt,

ii. heimiluð aðstoð, þ.e. aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem framkvæmdastjórnin eða ráðið hafa heimilað,

iii. aðstoð sem telst hafa verið heimiluð skv. 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 659/1999 eða 6. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar eða fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 659/1999 en í samræmi við þessa málsmeðferð,

iv. aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð skv. 17. gr. þessarar reglugerðar,

v. aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð vegna þess að unnt er að sýna fram á að þegar hún kom til framkvæmda hafi hún ekki talist aðstoð heldur hafi hún orðið að aðstoð síðar vegna þróunar innri markaðarins, án þess að henni hafi verið breytt af hálfu aðildarríkisins. Þegar tilteknar ráðstafanir verða að aðstoð í kjölfar þess að frelsi er aukið í atvinnugrein með Sambandslögum skulu þær ráðstafanir ekki teljast vera yfirstandandi aðstoð eftir þann dag sem frelsi er aukið,

c) „ný aðstoð“: öll aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð, sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð,

d) „aðstoðarkerfi“: sérhver gerð, sem unnt er, án þess að grípa þurfi til frekari framkvæmdarráðstafana, að byggja á staka aðstoð til fyrirtækja, sem eru skilgreind almennt og óhlutbundið í gerðinni, og sérhver gerð sem unnt er að byggja á aðstoð sem er ekki tengd sérstöku verkefni, til eins eða nokkurra fyrirtækja um ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð,

e) „stök aðstoð“: aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis og tilkynningarskyld veiting aðstoðar sem er byggð á aðstoðarkerfi,

f) „ólögleg aðstoð“: ný aðstoð sem veitt er andstætt ákvæðum 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

g) „misnotkun aðstoðar“: aðstoð sem aðstoðarþegi notar andstætt ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 659/1999 eða 3. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. gr. 9. gr. þessarar reglugerðar,

h) „hagsmunaaðili“: aðildarríki og einstaklingur, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta og veiting aðstoðar gæti haft áhrif á, einkum þiggjandi aðstoðarinnar, fyrirtæki í samkeppni og atvinnugreinasamtök.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ ER VARÐAR TILKYNNTA AÐSTOÐ

2. gr.

Tilkynning um nýja aðstoð

1. Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerðum, sem eru gefnar út skv. 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða öðrum viðeigandi ákvæðum hans, skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni tímanlega um öll áform um að veita nýja aðstoð. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki án tafar um viðtöku tilkynningar.

2. Í tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að framkvæmdastjórnin geti tekið ákvörðun skv. 4. og 9. gr. („fullfrágengin tilkynning“).

3. gr.

Stöðvunarákvæði

Tilkynningarskyld aðstoð skv. 1. mgr. 2. gr. skal ekki koma til framkvæmda fyrr en framkvæmdastjórnin hefur tekið, eða telst hafa tekið, ákvörðun um að leyfa slíka aðstoð.

4. gr.

Forathugun á tilkynningunni og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal taka tilkynninguna til athugunar um leið og tekið er við henni. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um 10. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð skal hún skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að enginn vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum innri markaði, að því marki sem hún fellur undir gildissvið 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal hún ákvarða að ráðstöfunin samrýmist hinum innri markaði („ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum“). Í tilkynningunni skal tilgreina hvaða undanþágu í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins hafi verið beitt.

4. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum innri markaði skal hún ákveða að hefja ferlið skv. 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins („ákvörðun um að hefja formlega rannsókn“).

5. Ákvarðanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, skulu teknar innan tveggja mánaða. Fresturinn hefst daginn eftir viðtöku fullfrágenginnar tilkynningar. Tilkynningin skal talin fullfrágengin komi ekki beiðni frá framkvæmdastjórninni um viðbótarupplýsingar innan tveggja mánaða frá viðtöku hennar eða frá viðtöku viðbótarupplýsinga sem farið er fram á. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki eru því samþykk. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða skemmri frest eftir því sem við á.

6. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun í samræmi við 2., 3. eða 4. mgr., innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr., skal líta svo á að framkvæmdastjórnin hafi heimilað aðstoðina. Hlutaðeigandi aðildarríki er að svo búnu heimilt að gera þær ráðstafanir, sem um ræðir, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um það áður nema framkvæmdastjórnin taki ákvörðun samkvæmt þessari grein innan 15 virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

5. gr.

Beiðni um upplýsingar sem er lögð fyrir tilkynningaraðildarríki.

1. Telji framkvæmdastjórnin að upplýsingar, sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir um ráðstöfun sem tilkynnt er um skv. 2. gr., séu ófullnægjandi skal hún leggja fram beiðni um allar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar. Þegar aðildarríki svarar slíkri beiðni skal framkvæmdastjórnin tilkynna því um að hafa móttekið svarið.

2. Veiti hlutaðeigandi aðildarríki ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða veiti það ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin senda ítrekun þar sem gefinn er hæfilegur viðbótarfrestur til þess að veita upplýsingarnar.

3. Líta ber á að tilkynningin hafi verið dregin til baka ef umbeðnar upplýsingar eru ekki veittar innan tilskilins frests nema sá frestur hafi, áður en hann rann út, annaðhvort verið framlengdur með samþykki bæði framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis eða hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni, með tilhlýðilega rökstuddri yfirlýsingu, að það telji tilkynninguna fullnægjandi af þeirri ástæðu að umbeðnar viðbótarupplýsingar séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið veittar. Í því tilviki skal fresturinn, sem um getur í 5. mgr. 4. gr., hefjast daginn eftir viðtöku yfirlýsingarinnar. Sé litið svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu um það.

6. gr.

Formleg rannsókn

1. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn skal koma fram samantekt um þau álitaefni varðandi málsatvik og lagaatriði sem við er að etja, forkönnun framkvæmdastjórnarinnar á því hvort í hinni fyrirhuguðu ráðstöfun felist aðstoð og þær efasemdir sem eru uppi um það hvort hún samrýmist hinum innri markaði. Í ákvörðuninni skal hvetja hlutaðeigandi aðildarríki og aðra hagsmunaaðila til þess að gera athugasemdir innan tiltekins frests sem að öllu jöfnu skal ekki vera lengri en einn mánuður. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

2. Senda skal hlutaðeigandi aðildarríki þær athugasemdir sem berast. Fari hagsmunaaðili fram á að hlutaðeigandi aðildarríki fái ekki vitneskju um hver hann er, vegna þess að það kunni að skaða hann, skal orðið við þeirri ósk. Hlutaðeigandi aðildarríki má svara athugasemdunum sem berast innan tiltekins frests sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en einn mánuður. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

7. gr.

Beiðni um upplýsingar sem er lögð fyrir aðra upplýsingagjafa

1. Þegar hafin er formleg rannsókn, sem kveðið er á um í 6. gr., einkum í tengslum við tæknilega flókin mál þar sem þörf er á efnislegu mati, getur framkvæmdastjórnin, ef upplýsingarnar sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir meðan forathugun stendur yfir eru ekki fullnægjandi, beðið annað aðildarríki, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um að veita allar markaðsupplýsingar sem hún þarf til að ljúka mati sínu á viðkomandi ráðstöfun, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

2. Framkvæmdastjórnin getur eingöngu beðið um upplýsingar:

a) sem varða formlega rannsókn, sem að mati framkvæmdastjórnarinnar hefur fram að því verið óskilvirk, og

b) sem varða aðstoðarþega, svo fremi hlutaðeigandi aðildarríki veiti samþykki fyrir beiðninni.

3. Þau fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem veita upplýsingar í framhaldi af beiðni framkvæmdastjórnarinnar um markaðsupplýsingar á grundvelli 6. og 7. mgr., skulu veita framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki svar samtímis, að svo miklu leyti sem skjölin, sem lögð eru fram, innihalda ekki upplýsingar sem eru trúnaðarmál gagnvart því aðildarríki.

Framkvæmdastjórnin skal stýra og fylgjast með sendingu upplýsinga milli hlutaðeigandi aðildarríkja, fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja og sannreyna fullyrðingar um að upplýsingar sem eru sendar falli undir þagnarskyldu.

4. Framkvæmdastjórnin skal eingöngu fara fram á upplýsingar sem aðildarríkið, fyrirtækið eða samtök fyrirtækja, sem beiðnin snertir, ráða yfir.

5. Aðildarríkin skulu veita upplýsingarnar á grundvelli einfaldrar beiðni og innan frests, sem framkvæmdastjórnin ákveður, sem skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Ef aðildarríki veitir ekki umbeðnar upplýsingar innan þess tíma eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin senda ítrekun.

6. Framkvæmdastjórnin getur, með einfaldri beiðni, farið fram á að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti upplýsingar. Ef framkvæmdastjórnin sendir einfalda beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða hæfilegan skilafrest þeirra. Hún skal einnig vísa til þeirra sekta, sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., sem liggja við því að veita rangar eða villandi upplýsingar.

7. Framkvæmdastjórnin getur með ákvörðun farið fram á að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti upplýsingar. Ef framkvæmdastjórnin krefst þess með ákvörðun að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða skilafrest þeirra. Hún skal einnig tilgreina þær sektir, sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., og tilgreina eða leggja á þau févíti sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., eftir því sem við á. Hún skal enn fremur skýra frá rétti fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja til að fá endurskoðun Evrópudómstólsins á ákvörðuninni.

8. Þegar framkvæmdastjórnin gefur út beiðni skv. 1. eða 6. mgr. þessarar greinar eða tekur ákvörðun skv. 7. mgr. skal hún einnig samtímis láta hlutaðeigandi aðildarríki í té afrit af beiðninni. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina þær viðmiðanir sem liggja til grundvallar vali á viðtakendum beiðninnar eða ákvörðunarinnar.

9. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra eða, þegar um lögaðila er að ræða, félög, fyrirtæki eða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, þeir aðilar, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða stofnsamningi þeirra, skulu veita upplýsingar, sem beðið er um eða krafist, fyrir þeirra hönd. Aðilum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu ekki ófullnægjandi, rangar eða villandi.

8. gr.

Sektir og févíti

1. Ef það telst nauðsynlegt og sanngjarnt er framkvæmdastjórninni heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu þeirra á næstliðnu rekstrarári ef þau, af ásetningi eða af vítaverðu gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni sem er lögð fram skv. 6. mgr. 7. gr.,

b) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við ákvörðun sem er samþykkt skv. 7. mgr. 7. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með ákvörðun, að leggja févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ekki fullnægjandi og réttar upplýsingar, eins og framkvæmdastjórnin fer fram á með ákvörðun sem er samþykkt skv. 7. mgr. 7. gr.

Févíti skal ekki fara yfir 5% af meðaldagsveltu hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka á næstliðnu rekstrarári fyrir hvern vinnudag sem farið er fram yfir frestinn, reiknað frá þeim degi sem er tiltekinn í ákvörðuninni, uns veittar eru fullnægjandi og réttar upplýsingar eins og framkvæmdastjórnin fer fram á eða krefst.

3. Þegar fjárhæð sektar eða févítis er ákveðin skal taka tillit til þess hvers eðlis brotið er, hve alvarlegt það er og hve lengi það hefur staðið yfir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meginreglnanna um meðalhóf og sanngirni, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

4. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að knýja fram er framkvæmdastjórninni heimilt að lækka heildarfjárhæð févítis miðað við það sem orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að fella niður févíti.

5. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar skal hún setja tveggja vikna lokafrest á afhendingu þeirra markaðsupplýsinga sem vantar frá hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja og gefa þeim einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

6. Evrópudómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu í skilningi 261. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að endurskoða sektir eða févíti sem framkvæmdastjórnin beitir. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

9. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um að ljúka formlegri rannsókn

1. Með fyrirvara um 10. gr. skal formlegri rannsókn ljúka með ákvörðun, eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð, eftir atvikum í kjölfar þess að hlutaðeigandi aðildarríki hefur gert breytingu á henni, skal hún skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að ekki leiki lengur vafi á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum innri markaði, eftir atvikum í kjölfar þess að hlutaðeigandi aðildarríki hefur gert breytingu á henni, skal hún ákvarða að aðstoðin samrýmist hinum innri markaði („jákvæð ákvörðun“). Í ákvörðuninni skal tilgreina hvaða undanþágu í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins hafi verið beitt.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að binda jákvæða ákvörðun skilyrðum, sem uppfylla þarf til að aðstoð geti talist samrýmast hinum innri markaði, og hún getur mælt fyrir um kvaðir til þess að unnt sé að fylgjast með því að ákvörðuninni sé hlítt („skilyrt ákvörðun“).

5. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að tilkynnt aðstoð samrýmist ekki hinum innri markaði skal hún ákvarða að aðstoðin komi ekki til framkvæmda („neikvæð ákvörðun“).

6. Ákvarðanir, sem eru teknar skv. 2.–5. mgr., skal taka jafnskjótt og vafanum, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., hefur verið eytt. Framkvæmdastjórnin skal leggja allt kapp á að samþykkja ákvörðun innan 18 mánaða frá því að málsmeðferðin hefst. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki eru því samþykk.

7. Eftir að fresturinn, sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar, er liðinn og fari hlutaðeigandi aðildarríki fram á það ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun, innan tveggja mánaða, sem byggist á þeim upplýsingum sem hún hefur aðgang að. Framkvæmdastjórnin skal taka neikvæða ákvörðun, ef við á, ef veittar upplýsingar nægja ekki til þess að sýna fram á að aðstoðin samrýmist hinum innri markaði.

8. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við 2.–5. mgr. skal hún, innan frests sem skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður, gefa hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um þær upplýsingar sem framkvæmdastjórnin tekur við og hlutaðeigandi aðildarríki eru veittar skv. 3. mgr. 7. gr.

9. Framkvæmdastjórnin skal ekki nota trúnaðarupplýsingar frá svarendum, sem ekki er hægt að safna saman í heild eða halda nafnlausum á annan hátt, í ákvörðun sem er tekin í samræmi við 2. til 5. mgr. þessarar greinar nema hún hafi fengið leyfi þeirra til að veita hlutaðeigandi aðildarríki þær upplýsingar. Framkvæmdastjórnin getur tekið rökstudda ákvörðun, sem skal tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, þegar hún kemst að raun um að upplýsingar sem svarandi hefur merkt sem trúnaðarupplýsingar njóta ekki verndar, og setur frest að því er varðar birtingu upplýsinganna. Þessi frestur skal ekki vera skemmri en einn mánuður.

10. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja af vernd viðskiptaleyndarmála þeirra og annarra trúnaðarupplýsinga. Fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem veita upplýsingar skv. 7. gr., og sem eru ekki aðstoðarþegar viðkomandi ríkisaðstoðarráðstöfunar, geta farið fram á að hlutaðeigandi aðildarríki fái ekki vitneskju um hver þau eru vegna þess að það kunni að skaða þau.

10. gr.

Tilkynning dregin til baka

1. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að draga tilkynningu til baka, í skilningi 2. gr., tímanlega áður en framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun skv. 4. gr. eða 9. gr.

2. Í þeim tilvikum sem framkvæmdastjórnin hefur hafið formlega rannsókn skal hún ljúka þeirri rannsókn.

11. gr.

Afturköllun ákvörðunar

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ákvörðun, sem er tekin skv. 2. eða 3. mgr. 4. gr. eða 2., 3. eða 4. mgr. 9. gr., eftir að hún hefur gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, hafi ákvörðunin verið byggð á röngum upplýsingum sem voru veittar meðan rannsókn stóð yfir og höfðu úrslitaáhrif á að ákvörðunin var tekin. Áður en framkvæmdastjórnin afturkallar ákvörðun og tekur nýja skal hún hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 9 og 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 15., 16. og 17. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

III. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ ER VARÐAR ÓLÖGLEGA AÐSTOÐ

12. gr.

Könnun, beiðni um upplýsingar og fyrirmæli um að veita upplýsingar

1. Með fyrirvara um 24. gr. getur framkvæmdastjórnin að eigin frumkvæði kannað upplýsingar um meinta ólöglega aðstoð, hvaðan sem þær eru upprunnar.

Framkvæmdastjórnin skal án ótilhlýðilegrar tafar taka til athugunar sérhverja kvörtun sem hagsmunaaðili leggur fram í samræmi við 2. mgr. 24. gr. og sjá til þess að hlutaðeigandi aðildarríki séu að fullu og með reglubundnum hætti upplýst um framvindu og niðurstöðu athugunarinnar.

2. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin óska eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

Eftir að formleg rannsókn hefst getur framkvæmdastjórnin einnig farið fram á að sérhvert annað aðildarríki, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja afhendi upplýsingar í samræmi við 7. og 8. gr. sem skal gilda að breyttu breytanda.

3. Ef hlutaðeigandi aðildarríki veitir ekki, þrátt fyrir ítrekun skv. 2. mgr. 5. gr., umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin fara fram á það með ákvörðun að upplýsingarnar séu veittar („fyrirmæli um að veita upplýsingar“). Í ákvörðuninni skal koma fram hvaða upplýsinga er krafist og mæla fyrir um viðeigandi skilafrest þeirra.

13. gr.

Fyrirmæli um að stöðva tímabundið eða endurgreiða aðstoð til bráðabirgða

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að leggja fram athugasemdir sínar, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríkið stöðvi tímabundið alla ólöglega aðstoð uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist hinum innri markaði („fyrirmæli um tímabundna stöðvun“).

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að leggja fram athugasemdir sínar, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríkið endurheimti til bráðabirgða alla ólöglega aðstoð uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist hinum innri markaði („fyrirmæli um endurgreiðslu“), að uppfylltum öllum eftirtöldum skilyrðum:

a) samkvæmt viðtekinni venju leiki enginn vafi á því hvort í viðkomandi ráðstöfun felist aðstoð,

b) brýnt sé að grípa til aðgerða,

c) veruleg hætta sé á að samkeppnisaðili verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða.

Endurgreiðsla skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 16. gr. Eftir að aðstoðin hefur verið endurgreidd skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun innan þeirra tímamarka sem gilda um tilkynnta aðstoð.

Framkvæmdastjórnin getur heimilað aðildarríkinu að tengja endurgreiðslu aðstoðarinnar greiðslu björgunaraðstoðar til hlutaðeigandi fyrirtækis.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einungis um ólöglega aðstoð sem kom til framkvæmda eftir að reglugerð (EB) nr. 659/1999 öðlaðist gildi.

14. gr.

Ákvörðun um fyrirmæli ekki hlítt

Hlíti aðildarríkið ekki fyrirmælum um stöðvun eða endurgreiðslu hefur framkvæmdastjórnin, samtímis því að láta fara fram athugun á efnisatriðum málsins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, rétt til að vísa málinu beint til Evrópudómstólsins og fara fram á yfirlýsingu þess efnis að misbrestur á því að hlíta fyrirmælunum feli í sér brot á ákvæðum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

15. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar

1. Athugun á aðstoð, sem hugsanlega er ólögleg, skal ljúka með ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr. 4. gr. Ef um er að ræða ákvarðanir um að hefja formlega rannsókn skal slíkri málsmeðferð ljúka með ákvörðun skv. 9. gr. Hlíti aðildarríki ekki fyrirmælum um að veita upplýsingar skal taka ákvörðunina á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

2. Ef um er að ræða aðstoð, sem hugsanlega er ólögleg, og með fyrirvara um 2. mgr. 13. gr. skal framkvæmdastjórnin óbundin af frestinum sem um getur í 5. mgr. 4. gr. og 6. og 7. mgr. 9. gr.

3. Ákvæði 11. gr. gilda að breyttu breytanda.

16. gr.

Endurheimt aðstoðar

1. Ef neikvæðar ákvarðanir eru teknar þegar um ólöglega aðstoð er að ræða skal framkvæmdastjórnin ákveða að hlutaðeigandi aðildarríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá aðstoðarþega („ákvörðun um endurgreiðslu“). Framkvæmdastjórnin skal ekki krefjast endurheimtar aðstoðar ef það mundi stríða gegn almennri meginreglu í Sambandslögum.

2. Aðstoðin, sem ber að endurheimta samkvæmt ákvörðun um endurgreiðslu, skal endurgreidd með hæfilegum vöxtum sem framkvæmdastjórnin ákveður. Greiða skal vexti frá þeim degi að aðstoðarþegi fékk hina ólöglegu aðstoð og fram til þess dags að hún er endurgreidd.

3. Með fyrirvara um úrskurði Evrópudómstólsins skv. 278. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal endurgreiðsla fara fram án tafar og í samræmi við málsmeðferð samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis, að því tilskildu að þau heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar. Til að svo megi verða og þegar um er að ræða málsmeðferð fyrir innlendum dómstólum skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, m.a. bráðabirgðaráðstafanir, sem viðkomandi réttarkerfi heimila, með fyrirvara um ákvæði Sambandslaga.

IV. KAFLI

FYRNINGARFRESTUR

17. gr.

Fyrningarfrestur vegna endurgreiðslu aðstoðar

1. Tíu ára fyrningarfrestur skal gilda um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til þess að krefjast endurheimtar á aðstoð.

2. Fyrningarfrestur hefst daginn sem hin ólöglega aðstoð er veitt aðstoðarþega annaðhvort sem stök aðstoð eða aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi. Sérhver aðgerð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis, sem aðhefst að beiðni framkvæmdastjórnarinnar vegna ólöglegrar aðstoðar, rýfur fyrningarfrestinn. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar fyrir Evrópudómstólnum.

3. Sé fyrningarfrestur vegna aðstoðar útrunninn skal líta svo á að um yfirstandandi aðstoð sé að ræða.

18. gr.

Fyrningarfrestur vegna álagningar sekta og févíta

1. Valdheimildir, sem framkvæmdastjórninni eru veittar skv. 8. gr., skulu vera háðar þriggja ára fyrningarfresti.

2. Fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., hefst daginn sem brotið, sem um getur í 8. gr., er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

3. Allar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar, sem varða rannsókn eða málsmeðferð vegna brots, sem um getur í 8. gr., skulu rjúfa fyrningarfrest vegna álagningar sekta eða févíta frá og með þeim degi sem hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja er tilkynnt um aðgerðirnar.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en á þeim degi þegar sex ár eru liðin án þess að framkvæmdastjórnin hafi beitt sekt eða févíti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé er gert á fyrningarfrestinum í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar.

5. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum vegna álagningar sekta eða févíta á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá Evrópudómstólnum.

19. gr.

Fyrningarfrestir vegna fullnustu sekta og févíta

1. Valdheimildir, sem framkvæmdastjórnin hefur til fullnustu ákvarðana, sem eru teknar skv. 8. gr., skulu háðar fimm ára fyrningarfresti.

2. Fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., hefst daginn sem ákvörðunin, sem er tekin skv. 8. gr., verður endanleg.

3. Rjúfa skal fyrningarfrest, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar þegar:

a) tilkynnt er um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,

b) aðildarríki, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, eða framkvæmdastjórnin hefst handa í þeim tilgangi að knýja fram greiðslu á sekt eða févíti.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

5. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum, sem kveðið er á um í 1. mgr., á meðan:

a) svaranda er veittur greiðslufrestur,

b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun Evrópudómstólsins.

V. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ ER VARÐAR MISNOTKUN AÐSTOÐAR

20. gr.

Misnotkun aðstoðar

Þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða er framkvæmdastjórninni heimilt, með fyrirvara um 28. gr., að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6.–9. gr. 11. og 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 14.–17. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

VI. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ ER VARÐAR YFIRSTANDANDI AÐSTOÐARKERFI

21. gr.

Samstarf skv. 1. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal afla allra nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarríki vegna endurskoðunar yfirstandandi aðstoðarkerfa, sem fer fram í samvinnu við aðildarríkið, skv. 1. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Telji framkvæmdastjórnin að yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum innri markaði skal hún tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um bráðabirgðaálit sitt og gefa því kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan eins mánaðar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

22. gr.

Tillögur um viðeigandi ráðstafanir

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, í ljósi upplýsinga sem aðildarríkið hefur látið í té skv. 21. gr., að yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum innri markaði skal hún gefa út tilmæli til hlutaðeigandi aðildarríkis þar sem hún gerir tillögur um viðeigandi ráðstafanir. Í tilmælunum geta einkum falist eftirfarandi tillögur:

a) að gerðar verði verulegar breytingar á aðstoðarkerfinu eða

b) að settar verði fram kröfur um málsmeðferð eða

c) að aðstoðarkerfið verði fellt niður.

23. gr.

Lögfylgjur tillögu um viðeigandi ráðstafanir

1. Ef hlutaðeigandi aðildarríki samþykkir fyrirhugaðar ráðstafanir og tilkynnir framkvæmdastjórninni það skal hún bóka þá niðurstöðu og tilkynna aðildarríkinu um það. Aðildarríkið er bundið af samþykki sínu um framkvæmd viðeigandi ráðstafana.

2. Ef hlutaðeigandi aðildarríki samþykkir ekki fyrirhugaðar ráðstafanir og framkvæmdastjórnin telur enn, að teknu tilliti til röksemdafærslu hlutaðeigandi aðildarríkis, að ráðstafanirnar séu nauðsynlegar skal hún hefja málsmeðferð skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 9. og 11. gr. gilda að breyttu breytanda.

VII. KAFLI

HAGSMUNAAÐILAR

24. gr.

Réttindi hagsmunaaðila

1. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að gera athugasemdir skv. 6. gr. í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um að hefja formlega rannsókn. Senda skal öllum hagsmunaaðilum, sem hafa gert slíkar athugasemdir, og þiggjendum stakrar aðstoðar afrit af ákvörðuninni sem framkvæmdastjórnin hefur tekið skv. 9. gr.

2. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að leggja fram kvörtun til að gera framkvæmdastjórninni viðvart um meinta ólöglega aðstoð eða meinta misnotkun aðstoðar. Í því skyni skal hagsmunaaðilinn fylla út, á viðeigandi hátt, eyðublað sem hefur verið sett fram í framkvæmdarákvæði, sem um getur í 33. gr., og tilgreina allar skyldubundnar upplýsingar sem þar er krafist.

Ef framkvæmdastjórnin telur að hagsmunaaðilinn fari ekki eftir skyldubundnu eyðublaði fyrir kvörtun eða að málsatvik og lagaatriði, sem hagsmunaaðilinn setur fram, veiti ekki nægа ástæðu til þess að álykta, fljótt á litið, að fyrir liggi ólögleg aðstoð eða misnotkun aðstoðar skal hún tilkynna hagsmunaaðilanum það og hvetja hann til að leggja fram athugasemdir innan tilskilins frests sem skal að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Ef hagsmunaaðilinn kemur ekki sjónarmiðum sínum á framfæri innan tilskilins frests telst kvörtunin hafa verið dregin til baka. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki þegar kvörtun telst hafa verið dregin til baka.

Framkvæmdastjórnin skal senda kvartanda afrit af ákvörðun sinni í máli sem varðar efni kvörtunarinnar.

3. Ef hagsmunaaðilar óska þess skulu þeir fá afrit af öllum ákvörðunum sem teknar eru skv. 4. og 9. gr., 3. mgr. 12. gr. og 13. gr.

VIII. KAFLI

RANNSÓKNIR Á EINSTÖKUM ATVINNUGREINUM OG Á AÐSTOÐARLEIÐUM

25. gr.

Rannsóknir á einstökum atvinnugreinum og á aðstoðarleiðum

1. Ef rökstuddur grunur leikur á, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir, að ráðstafanir, sem fela í sér ríkisaðstoð í tiltekinni grein eða sem eru byggðar á tiltekinni aðstoðarleið, gætu takmarkað eða raskað samkeppni umtalsvert á innri markaðnum í fleiri en einu aðildarríki eða að yfirstandandi aðstoðarráðstafanir í tiltekinni grein í fleiri en einu aðildarríki séu ekki, eða séu ekki lengur, samrýmanlegar innri markaðnum, getur framkvæmdastjórnin látið fara fram athugun á þeirri atvinnugrein eða á notkun viðkomandi aðstoðarleiðar í hinum ýmsu aðildarríkjum. Meðan á athugun stendur getur framkvæmdastjórnin beðið hlutaðeigandi aðildarríki og/eða fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar.

Framkvæmdastjórnin skal tilgreina ástæður, sem liggja til grundvallar athuguninni og vali á viðtakendum, í öllum beiðnum um upplýsingar sem eru sendar samkvæmt þessari grein.

Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um niðurstöður athugunar sinnar á tilteknum atvinnugreinum eða tilteknum aðstoðarleiðum í hinum ýmsu aðildarríkjum og hvetja aðildarríkin og öll viðkomandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja til að leggja fram athugasemdir.

2. Heimilt er að nota upplýsingar, sem aflað er við athugun á tiltekinni atvinnugrein, við meðferð mála samkvæmt þessari reglugerð.

3. Ákvæði 5., 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda.

IX. KAFLI

EFTIRLIT

26. gr.

Ársskýrslur

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni ársskýrslur um öll yfirstandandi aðstoðarkerfi, sem engar sérstakar kvaðir um skýrslugjöf hafa verið samþykktar um, í skilyrtri ákvörðun skv. 4. mgr. 9. gr.

2. Láti hlutaðeigandi aðildarríki hjá líða, þrátt fyrir ítrekun, að afhenda ársskýrslu er framkvæmdastjórninni heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við ákvæði 22. gr. varðandi viðkomandi aðstoðarkerfi.

27. gr.

Eftirlit á vettvangi

1. Hafi framkvæmdastjórnin verulegar efasemdir um að ákvörðunum um að hreyfa ekki andmælum, jákvæðum ákvörðunum eða skilyrtum ákvörðunum með tilliti til stakrar aðstoðar sé hlítt skal hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa verið gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir sínar, heimila framkvæmdastjórninni að framkvæma eftirlitsvitjanir á vettvangi.

2. Embættismenn, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir, skulu hafa umboð, í því skyni að sannreyna að viðkomandi ákvörðun sé hlítt, til þess að:

a) fara inn á athafnasvæði og lóðir hlutaðeigandi fyrirtækis,

b) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum,

c) rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl og taka eða fara fram á afrit.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að njóta aðstoðar óháðra sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki, skriflega og með góðum fyrirvara, um fyrirhugaða eftirlitsvitjun á vettvangi og segja deili á viðurkenndu embættismönnunum og sérfræðingunum. Andmæli aðildarríkið vali framkvæmdastjórnarinnar á sérfræðingum með tilhlýðilegum rökstuðningi skal komast að samkomulagi við aðildarríkið um tilnefningu þeirra. Embættismenn framkvæmdastjórnarinnar og sérfræðingar með umboð til eftirlits á vettvangi skulu framvísa skriflegu leyfi þar sem fram kemur tilefni og tilgangur vitjunarinnar.

4. Embættismönnum með umboð aðildarríkisins, sem ræður yfir því svæði þar sem eftirlitsvitjun er fyrirhuguð, er heimilt að vera viðstaddir eftirlitsvitjunina.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkinu í té afrit af öllum skýrslum sem eru gerðar í kjölfar eftirlitsvitjunarinnar.

6. Andmæli fyrirtæki eftirlitsvitjun, sem er fyrirskipuð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi aðildarríki veita embættismönnum og sérfræðingum með umboð framkvæmdastjórnarinnar nauðsynlega aðstoð til að annast eftirlitsvitjunina.

28. gr.

Ákvörðunum og dómum ekki hlítt

1. Hlíti hlutaðeigandi aðildarríki ekki skilyrtum eða neikvæðum ákvörðunum, einkum í tilvikum sem um getur í 16. gr. þessarar reglugerðar, er framkvæmdastjórninni heimilt að vísa málinu beint til Evrópudómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Telji framkvæmdastjórnin að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki hlítt úrskurði Evrópudómstólsins getur hún fylgt málinu eftir í samræmi við 260. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

X. KAFLI

SAMSTARF VIÐ INNLENDA DÓMSTÓLA

29. gr.

Samstarf við innlenda dómstóla

1. Við beitingu 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er dómstólum í aðildarríkjunum heimilt að óska eftir því að framkvæmdastjórnin sendi þeim þær upplýsingar, sem hún hefur undir höndum, eða álit sitt á spurningum sem varða beitingu reglna um ríkisaðstoð.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur varðandi samræmda beitingu 1. mgr. 107. gr. eða 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að leggja, að eigin frumkvæði, skriflegar athugasemdir fyrir dómstóla í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á beitingu reglna um ríkisaðstoð. Henni er enn fremur heimilt að koma á framfæri munnlegum athugasemdum með leyfi hlutaðeigandi dómstóls.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki að hún hyggist leggja fram athugasemdir, áður en hún leggur þær formlega fram.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, eingöngu í þeim tilgangi að taka saman athugasemdir sínar, að óska eftir að viðkomandi dómstóll aðildarríkis sendi skjöl, sem hann hefur til umráða, og sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmdastjórnina til að leggja mat á málið.

XI. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

30. gr.

Þagnarskylda

Framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum, þar með töldum óháðum sérfræðingum sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir hafa fengið við beitingu ákvæða þessarar reglugerðar og sem falla undir þagnarskyldu.

31. gr.

Viðtakandi ákvarðana

1. Ákvörðunum, sem eru teknar skv. 7. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr. og 9. mgr. 9. gr., skal beint til hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðtakanda um þær án tafar og gefa honum tækifæri til þess að benda framkvæmdastjórninni á hvaða upplýsingar hann telur falla undir þagnarskyldu.

2. Öllum öðrum ákvörðunum, sem framkvæmdastjórnin tekur skv. II., III., V. og VI. og IX. kafla, skal beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um þær án tafar og gefa því tækifæri til þess að benda framkvæmdastjórninni á hvaða upplýsingar það telur falla undir þagnarskyldu.

32. gr.

Birting ákvarðana

1. Framkvæmdastjórnin skal birta samantekt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins um þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. og 22. gr. í tengslum við 1. mgr. 23. gr. Í samantektinni komi fram að unnt sé að fá afrit af ákvörðuninni á tungumáli eða tungumálum frumútgáfunnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir, sem hún tekur skv. 4. mgr. 4. gr., í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í frummálsútgáfum. Í Stjórnartíðindunum, sem eru birt á öðrum tungumálum en á tungumáli frumútgáfunnar, mun fylgja útgáfunni á frummálinu ítarleg samantekt á tungumáli viðkomandi Stjórnartíðinda.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir, sem hún tekur skv. 1. og 2. mgr. 8 gr. og 9. gr., í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. Í þeim tilvikum, sem ákvæði 6. mgr. 4. gr. eða 2. mgr. 10. gr. gilda, skal birta stutta tilkynningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. Ráðið getur, með samhljóða samþykki, ákveðið að birta ákvarðanir, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

33. gr.

Framkvæmdarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 34. gr., hafa heimild til að samþykkja framkvæmdarákvæði um:

a) form, efni og önnur einstök atriði tilkynninga,

b) form, efni og önnur einstök atriði ársskýrslna,

c) form, efni og önnur einstök atriði kvartana, sem eru lagðar fram í samræmi við 1. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 24. gr.,

d) einstök atriði er varða fresti og útreikning á frestum og

e) vextina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

34. gr.

Samráð við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð

1. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdarákvæði skv. 33. gr. skal hún hafa samráð við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 ([4]) („nefndin“)

2. Samráð við nefndina skal fara fram á fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til. Drög og skjöl, sem kanna á, skulu fylgja fundarboði. Fundinn skal halda í fyrsta lagi tveimur mánuðum eftir að fundarboð er sent. Heimilt er að stytta þann tíma ef um bráðatilvik er að ræða.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal leggja fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti á drögunum innan þeirra tímamarka, sem formanni er heimilt að setja eftir því hve brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

4. Álitið skal skráð í fundargerð. Þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina. Ráðgjafarnefndin getur mælt með birtingu álitsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Hún skal greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

35. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 659/1999 er felld úr gildi.

Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

36. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar (Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1)

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

F. ETGEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999	(Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.)
Ákvæði 6. liðar í 5. lið í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003	
Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006	(Stjtíð. EB L 363, 20.12.2006, bls. 1.)
Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 517/2013	(Stjtíð. EB L 158, 10.6.2013, bls. 1.)
Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 734/2013	(Stjtíð. EB L 204, 31.7.2013, bls. 15.).

———

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 659/1999	Þessi reglugerð
1.–6. gr.	1.–6. gr.
6. gr. a	7. gr.
6. gr. b	8. gr.
7. gr.	9. gr.
8. gr.	10. gr.
9. gr.	11. gr.
10. gr.	12. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 13. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 11. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 11. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 11. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Þriðji undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 11. gr.	c-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Önnur, þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 11. gr.	Önnur, þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 13. gr.
12. gr.	14. gr.
13. gr.	15. gr.
14. gr.	16. gr.
15. gr.	17. gr.
15. gr. a	18. gr.
15. gr. b	19. gr.
16. gr.	20. gr.
17. gr.	21. gr.
18. gr.	22. gr.
19. gr.	23. gr.
20. gr.	24. gr.
20. gr. a	25. gr.
21. gr.	26. gr.
22. gr.	27. gr.
23. gr.	28. gr.
23. gr. a	29. gr.
24. gr.	30. gr.
25. gr.	31. gr.
1. og 2. mgr. 26. gr.	1. og 2. mgr. 32. gr.
2. mgr. 26. gr. a	3. mgr. 32. gr.

Reglugerð (EB) nr. 659/1999	Þessi reglugerð
3. mgr. 26. gr.	3. mgr. 32. gr.
4. mgr. 26. gr.	4. mgr. 32. gr.
5. mgr. 26. gr.	5. mgr. 32. gr.
27. gr.	33. gr.
28. gr.	—
29. gr.	34. gr.
—	35. gr.
30. gr.	36. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2282 2026/EES/55/41

frá 27. nóvember 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 að því er varðar eyðublöð fyrir tilkynningar og upplýsingablöð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ([1]), einkum 33. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með frumkvæðisverkefninu um nútímavæðingu ríkisaðstoðar hefur verið lögð áhersla á að greina sameiginlegar meginreglur við mat framkvæmdastjórnarinnar á samrýmanleika allra aðstoðarráðstafana. Í því tilliti telur framkvæmdastjórnin aðstoðarráðstöfun því aðeins samrýmanlega sáttmálanum að hún uppfylli viðmiðanirnar um að hún þjóni vel skilgreindum sameiginlegum hagsmunum, að fyrir hendi sé þörf á íhlutun ríkis, hún sé viðeigandi, hafi hvatningaráhrif, að meðalhófs sé gætt og að komist sé hjá ótilhlýðilegum neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti milli aðildarríkja. Viðmiðunarreglurnar um ríkisaðstoð hafa verið endurskoðaðar og aðlagaðar svo að þær endurspegli þessar sameiginlegu matsreglur. Því ætti að aðlaga eyðublöð fyrir tilkynningar og upplýsingablöð í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ([2]) til að tryggja að framkvæmdastjórnin fái allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti framkvæmt mat sitt í samræmi við nútímavæddar reglur um ríkisaðstoð.

2) Aðstoðarráðstafanir ættu einnig að uppfylla viðmiðanir um gagnsæi sem settar eru fram í orðsendingunni um gagnsæi ([3]) sem miða að því að auka reglufylgni, draga úr óvissu og gera fyrirtækjum kleift að hafa eftirlit með því hvort aðstoð til samkeppnisaðila sé lögleg. Gagnsæi auðveldar einnig framfylgd af hálfu innlendra og svæðisbundinna yfirvalda með því að auka vitund um aðstoð sem veitt er á ýmsum stigum og tryggir þannig betra eftirlit og eftirfylgni á lands- og staðarvísu. Í þeim tilgangi ættu tilkynningaraðildarríki að veita viðeigandi upplýsingar að því er varðar birtingu upplýsinga um aðstoðarráðstafanirnar.

3) Aðildarríkin ættu að framkvæma mat á aðstoðarkerfum, sem fá háar fjárveitingar til aðstoðar eða hafa nýjungar í för með sér eða leiða til verulegra markaðs-, tækni- eða reglusetningarbreytinga, með tilliti til hugsanlegra áhrifa slíkra aðstoðarkerfa á viðskipti og samkeppni. Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að leggja mat á matsáætlunina ættu aðildarríkin að leggja drög að matsáætlun fyrir framkvæmdastjórnina um leið og þau tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi aðstoðarkerfi. Í þeim tilgangi ætti að bæta nýju eyðublaði fyrir matsáætlunina, sem aðildarríkin eiga að nota, við reglugerð (EB) nr. 794/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 10.12.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

([3]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðunarreglur ESB vegna beitingar reglna um ríkisaðstoð með tilliti til hraðrar útbreiðslu breiðbandsneta, um viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020, um ríkisaðstoð vegna kvikmynda og annarra hljóð- og myndmiðlaverka, um viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum og um viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð vegna flugvalla og flugrekenda (Stjtíð. ESB C 198, 27.6.2014, bls. 30).

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 794/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 794/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1589 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

3) Í stað III. viðauka A og III. viðauka B komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

JEAN-CLAUDE JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. hluta komi eftirfarandi:

„I. HLUTI

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1. **Staða tilkynningarinnar**

Varða upplýsingarnar á þessu eyðublaði:

a) ☐ fortilkynningu? Ef svo er þarf e.t.v. ekki að ljúka við að fylla út allt eyðublaðið á þessu stigi en ná þarf samkomulagi við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar um það hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar vegna frummats á fyrirhugaðri ráðstöfun.

b) ☐ tilkynningu skv. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins?

c) ☐ einfaldaða tilkynningu skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 794/2004 ([1])? Ef svo er skal einungis fylla út einfaldaða tilkynningareyðublaðið í II. viðauka.

d) ☐ ráðstöfun sem telst ekki vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins en er tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja réttarvissu?

Hafi d-liður hér að framan verið valinn skal tilgreina hér á eftir ástæðurnar fyrir því að tilkynningaraðildarríkið telur að ráðstöfunin feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Leggja skal fram fullt mat á ráðstöfuninni í ljósi sérhvers eftirfarandi fjögurra viðmiðana, með sérstakri áherslu á þá viðmiðun sem talin er óuppfyllt í fyrirhugaðri ráðstöfun:

Felur tilkynnta ráðstöfunin í sér tilfærslu opinbers fjármagns eða er hún að tilstuðlan ríkisins?

.....

Veitir tilkynnta ráðstöfunin fyrirtækjum ávinning?

.....

Er ráðstöfunin valkvæð, stendur hún einungis takmörkuðum fjölda fyrirtækja til boða, í takmörkuðum fjölda geira í atvinnulífinu eða felur hún í sér svæðisbundnar takmarkanir?

.....

Hefur ráðstöfunin áhrif á samkeppni á innri markaðnum eða er hætta á að hún raski viðskiptum innan Sambandsins?

.....

2. **Veitandi aðstoðarinnar**

Hlutaðeigandi aðildarríki:

.....

Svæði innan hlutaðeigandi aðildarríkis (á 2. stigi NUTS), þ.m.t. upplýsingar um stöðu þeirra með tilliti til svæðisbundinnar aðstoðar:

.....

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1589 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

Tengiliður/tengiliðir:

Heiti: .....

Heimilisfang: .....

Símanúmer: .....

Tölvupóstfang/tölvupóstföng: .....

Tilgreina skal heiti, heimilisfang (þ.m.t. veffang) og tölvupóstfang þess yfirvalds sem veitir aðstoð:

Heiti: .....

Heimilisfang: .....

Veffang: .....

Tölvupóstfang: .....

Tengiliður á skrifstofu fastafulltrúa

Heiti: .....

Símanúmer: .....

Tölvupóstfang: .....

Ef óskað er eftir því að afrit af opinberum bréfaskiptum framkvæmdastjórnarinnar við aðildarríki verði sent til annarra, innlendra yfirvalda skal tilgreina heiti þeirra, heimilisfang (þ.m.t. veffang) og tölvupóstfang:

Heiti: .....

Heimilisfang: .....

Veffang: .....

Tölvupóstfang: .....

3. **Aðstoðarþegar**

3.1. Staðsetning aðstoðarþega

a) ☐ á svæði eða svæðum sem njóta ekki aðstoðar: .....

b) ☐ á svæði eða svæðum sem eiga rétt á aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (tilgreina skal eitt eða fleiri svæði á 2. stigi NUTS): .....

c) ☐ á svæði eða svæðum sem eiga rétt á aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (tilgreina skal eitt eða fleiri svæði á 3. stigi NUTS eða á lægra stigi): .....

3.2. Ef við á, staðsetning verkefnisins eða verkefnanna

a) ☐ á svæði eða svæðum sem njóta ekki aðstoðar: .....

b) ☐ á svæði eða svæðum sem eiga rétt á aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (tilgreina skal eitt eða fleiri svæði á 2. stigi NUTS): .....

c) ☐ á svæði eða svæðum sem eiga rétt á aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (tilgreina skal eitt eða fleiri svæði á 3. stigi NUTS eða á lægra stigi): .....

3.3. Geiri eða geirar sem aðstoðarráðstöfunin hefur áhrif á (þ.e. þar sem aðstoðarþegarnir eru virkir):

a) ☐ Stendur öllum geirum til boða

b) ☐ Geirabundið. Ef svo er skal tilgreina geirann eða geirana í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) ([2]): .....

3.4. Ef um er að ræða aðstoðarkerfi skal tilgreina:

3.4.1. Tegund aðstoðarþega:

a) ☐ stór fyrirtæki

b) ☐ lítil og meðalstór fyrirtæki

c) ☐ meðalstór fyrirtæki

d) ☐ lítil fyrirtæki

e) ☐ örfyrirtæki

3.4.2. Áætlaður fjöldi aðstoðarþega:

a) ☐ innan við 10

b) ☐ frá 11 til 50

c) ☐ frá 51 til 100

d) ☐ frá 101 til 500

e) ☐ frá 501 til 1000

f) ☐ yfir 1000

3.5. Ef um er að ræða staka aðstoð, sem er annaðhvort veitt innan gildissviðs aðstoðarkerfis eða sem sérstök aðstoð, skal tilgreina:

3.5.1. Heiti aðstoðarþega:

.....

3.5.2. Tegund aðstoðarþega:

.....

☐ Lítil og meðalstór fyrirtæki

Fjöldi starfsmanna: .....

Ársvelta (heildarfjárhæð í innlendum gjaldmiðli, á næstliðnu fjárhagsári):

.....

Heildartala efnahagsreiknings (heildarfjárhæð í innlendum gjaldmiðli, á næstliðnu fjárhagsári):

.....

Tilvist tengdra fyrirtækja eða hlutdeildarfyrirtækja (fylgja skal með yfirlýsing skv. 5. mgr. 3. gr. í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um lítil og meðalstór fyrirtæki ([3]) til staðfestingar á því hvort fyrirtækið sem fær aðstoðina er óháð fyrirtæki, tengt fyrirtæki eða hlutdeildarfyrirtæki ([4])):

.....

☐ Stórt fyrirtæki

([2]) Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk., eða síðari lög um breytingar á henni eða sem koma í hennar stað; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins er tölfræðileg flokkun atvinnugreina í Evrópusambandinu sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

([3]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

([4]) Þegar um er að ræða hlutdeildarfyrirtæki og tengd fyrirtæki skal gæta að því í fjárhæðum sem tilkynntar eru til handa aðstoðarþega að taka tillit til fjölda starfsmanna og fjármálagagna tengdra fyrirtækja og/eða hlutdeildarfyrirtækja.

3.6. Er aðstoðarþeginn eða aðstoðarþegarnir fyrirtæki sem á eða eiga í erfiðleikum ([5])?

☐ já ☐ nei

3.7. Útistandandi endurgreiðslukröfur

3.7.1. Þegar um er að ræða staka aðstoð:

Yfirvöld aðildarríkisins skuldbinda sig til þess að stöðva tímabundið veitingu og/eða greiðslu tilkynntrar aðstoðar hafi aðstoðarþeginn enn til ráðstöfunar áður veitta ólögmæta aðstoð, sem lýst hefur verið ósamrýmanleg ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (annaðhvort sem stök aðstoð eða aðstoð innan ramma aðstoðarkerfis sem hefur verið lýst ósamrýmanlegt) þar til aðstoðarþeginn hefur endurgreitt, eða greitt inn á lokaðan reikning, heildarfjárhæð ólögmætrar og ósamrýmanlegrar aðstoðar og samsvarandi endurgreiðsluvexti.

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal innlendan lagagrundvöll að því er þennan lið varðar:

.....

3.7.2. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða:

Yfirvöld aðildarríkisins skuldbinda sig til þess að stöðva tímabundið veitingu og/eða greiðslu hvers konar aðstoðar samkvæmt tilkynntu aðstoðarkerfi til fyrirtækis sem hefur haft hag af áður veittri ólögmætri aðstoð, sem lýst hefur verið ósamrýmanleg ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (annaðhvort sem stök aðstoð eða aðstoð innan ramma aðstoðarkerfis sem hefur verið lýst ósamrýmanlegt) þar til fyrirtækið hefur endurgreitt, eða greitt inn á lokaðan reikning, heildarfjárhæð ólögmætrar og ósamrýmanlegrar aðstoðar og samsvarandi endurgreiðsluvexti.

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal innlendan lagagrundvöll að því er þennan lið varðar:

.....

4. **Innlendur lagagrundvöllur**

4.1. Tilgreina skal innlendan lagagrundvöll aðstoðarráðstöfunarinnar, þ.m.t. framkvæmdarákvæði og heimildir hvers þeirra:

Innlendur lagagrundvöllur: .....

.....

Framkvæmdarákvæði (ef við á):

.....

.....

Tilvísanir (ef við á):

.....

4.2. Þessari tilkynningu skal fylgja annað af eftirfarandi:

a) ☐ afrit af viðeigandi útdráttum úr endanlegum texta eða textum lagagrundvallar (ásamt veffangi sem veitir beinan aðgang að honum, ef það er tiltækt)

b) ☐ afrit af viðeigandi útdráttum úr drögum að endanlegum texta eða textum lagagrundvallar (ásamt veffangi sem veitir beinan aðgang að honum, ef það er tiltækt)

([5]) Eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum (Stjtíð. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1.)

4.3. Eru stöðvunarákvæði í endanlegum texta, ef um hann er að ræða, um að stofnunin, sem veitir aðstoðina, geti aðeins veitt hana eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðina?

☐ Já

☐ Nei: hefur ákvæði þess efnis verið bætt við í drög að endanlegum texta?

☐ Já

☐ Nei: útskýra skal hvers vegna slíku ákvæði var ekki bætt við texta lagagrundvallar.

.....

4.4. Ef texti lagagrundvallar inniheldur stöðvunarákvæði skal tilgreina hvort dagsetning á veitingu aðstoðar verði:

☐ sá dagur þegar framkvæmdastjórnin veitir samþykki sitt

☐ sá dagur þegar innlend yfirvöld skuldbinda sig til að veita aðstoðina, með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnarinnar

.....

5. **Lýsing á aðstoðinni, markmiði hennar og gildistíma**

5.1. Heiti aðstoðarráðstöfunarinnar (eða heiti aðstoðarþega stakrar aðstoðar)

.....

5.2. Stutt lýsing á markmiði aðstoðarinnar

.....

5.3. Varðar ráðstöfunin verkefnið um landsbundna sameiginlega fjármögnun Evrópusjóðs fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar (EFSI)([6])?

☐ Nei

☐ Já: umsóknareyðublað Fjárfestingarbanka Evrópu skal fylgja tilkynningareyðublaðinu

5.4. Tegund aðstoðar

5.4.1. Varðar tilkynningin aðstoðarkerfi?

☐ Nei

☐ Já: Felur aðstoðarkerfið í sér breytingu á fyrirliggjandi aðstoðarkerfi?

☐ Nei

☐ Já: Hafa skilyrðin, sem mælt er fyrir um að því er varðar einfölduðu málsmeðferðina við tilkynningu skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 794/2004, verið uppfyllt?

☐ Já: Nota skal og ljúka við eyðublaðið fyrir einfaldaða tilkynningu (sjá II. viðauka).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1017 frá 25. júní 2015 um Evrópusjóð fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, Evrópusetur fyrir fjárfestingarráðgjöf og Evrópugátt fyrir fjárfestingarverkefni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1291/2013 og (EEB) nr. 1316/2013 — Evrópusjóður fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar (Stjtíð. ESB L 169, 1.7.2015, bls. 1).

☐ Nei: Halda skal áfram með þetta eyðublað og tilgreina hvort framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um upphaflega aðstoðarkerfið sem verið er að breyta.

☐ Já: tilgreina skal nánar:

Númer aðstoðar ([7]):.....

Dagsetningu samþykktar framkvæmdastjórnarinnar (vísun til bréfs framkvæmdastjórnarinnar), ef við á, eða númer undanþágu: …/…/…

.....

Gildistíma upphaflega aðstoðarkerfisins: .....

Tilgreina skal hvaða skilyrðum verið er að breyta í tengslum við upphaflega aðstoðarkerfið og hvers vegna:.....

☐ Nei: tilgreina skal hvenær aðstoðarkerfið kom til framkvæmda:

.....

5.4.2. Varðar tilkynningin staka aðstoð([8])?

☐ Nei

☐ Já: tilgreina skal hvort:

☐ aðstoðin byggist á samþykktu aðstoðarkerfi/hópundanþágukerfi sem tilkynna skal sérstaklega. Tilgreina skal samþykkta aðstoðarkerfið eða undanþágukerfið.

Heiti:.....

Númer aðstoðar ([7]): .....

Skjal með samþykki framkvæmdastjórnarinnar (ef við á):.....

☐ stök aðstoð er ekki byggð á aðstoðarkerfi

5.4.3. Er fjármögnunarkerfið óaðskiljanlegur hluti aðstoðarráðstöfunarinnar (t.d. með beitingu skattatengdra álaga til að afla nauðsynlegs fjármagns svo að hægt sé að veita aðstoðina)?

☐ Nei

☐ Já: ef svarið er já skal einnig tilkynna fjármögnunarkerfið.

5.5. Gildistími

☐ Kerfi

Tilgreina skal hvaða dagur er áætlaður síðasti dagur stakrar aðstoðar sem veita má innan ramma aðstoðarkerfisins. Ef aðstoð stendur yfir lengur en í sex ár skal tilgreina af hverju lengra tímabil er talið nauðsynlegt til að ná markmiðum aðstoðarkerfisins.

.....

([7]) Skráningarnúmer framkvæmdastjórnarinnar fyrir heimilaða aðstoðarkerfið eða aðstoðarkerfið með hópundanþágunni.

([8]) Samkvæmt e-lið 1. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9) er stök aðstoð sú aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis og tilkynningaskyld veiting aðstoðar á grundvelli aðstoðarkerfis.

☐ Stök aðstoð

Tilgreina skal frá hvaða degi áætlað er að veita aðstoðina ([9]): .....

Ef aðstoðin verður greidd í áföngum skal tilgreina áætlaðan greiðsludag hverrar áfangagreiðslu.....

6. **Samrýmanleiki aðstoðarinnar**

Sameiginlegar matsreglur

(Liðir 6.2-6.7 gilda ekki um aðstoð á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og lagareldis ([10])*)*

6.1. Tilgreina skal meginmarkmið og, ef við á, undirmarkmið sameiginlegra hagsmuna sem aðstoðin stuðlar að:

	Meginmarkmið *(aðeins skal merkja við eitt)*	**Undirmarkmið** ([1])
Landbúnaður, skógrækt, dreifbýli	☐	☐
Breiðbandsinnviðir	☐	☐
Aðstoð vegna lokunar	☐	☐
Bætur vegna tjóns af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða	☐	☐
Menning	☐	☐
Aðstoð vegna starfsmanna sem standa höllum fæti og/eða vegna fatlaðra starfsmanna	☐	☐
Orkugrunnvirki	☐	☐
Orkunýtni	☐	☐
Umhverfisvernd	☐	☐
Framkvæmd mikilvægs verkefnis sem þjónar samevrópskum hagsmunum	☐	☐
Fiskveiðar og lagareldi	☐	☐
Varðveisla þjóðararfsins	☐	☐
Efling á sviði útflutnings og alþjóðavæðingar	☐	☐
Byggðaþróun (þ.m.t. svæðasamvinna)	☐	☐
Úrræði vegna alvarlegrar röskunar í efnahagsmálum	☐	☐
Endurnýjanleg orka	☐	☐
Björgun fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum	☐	☐
Rannsóknir, þróun og nýsköpun	☐	☐
Endurskipulagning fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum	☐	☐

([9]) Dagsetning lagalega bindandi skuldbindingar um að veita aðstoðina.

([10]) Ef um er að ræða aðstoð á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og lagareldis er óskað upplýsinga um hvort farið hefur verið að sameiginlegum matsreglum í 12. hluta III. viðauka (Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð á sviði landbúnaðar og skógræktar og til dreifbýlis) og 14. hluta III. viðauka (Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð á sviði sjávarútvegs og lagareldis).

	Meginmarkmið *(aðeins skal merkja við eitt)*	**Undirmarkmið** [1]
Áhættufjárfesting	☐	☐
Atvinnugeiraþróun	☐	☐
Þjónusta í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (SGEI)	☐	☐
Lítil og meðalstór fyrirtæki	☐	☐
Félagslegur stuðningur við einstaka neytendur	☐	☐
Íþróttamannvirki og fjölnota tómstundagrunnvirki	☐	☐
Þjálfun	☐	☐
Flugvallargrunnvirki eða -búnaður	☐	☐
Rekstur flugvalla	☐	☐
Upphafsaðstoð til flugrekenda vegna þróunar nýrra flugleiða	☐	☐
Samræming flutninga	☐	☐

[1] Undirmarkmið er markmið sem aðstoðinni er sérstaklega beint að, auk meginmarkmiðsins. Til dæmis getur aðstoðarkerfi, sem hefur að meginmarkmiði aðstoð við rannsóknir og þróun, haft lítil og meðalstór fyrirtæki sem undirmarkmið (ef aðstoðinni er einungis beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum). Undirmarkmiðið getur einnig verið bundið atvinnugeirum, t.d. þegar um er að ræða stuðning við rannsóknir og þróun í stáliðnaði.

6.2. Útskýra skal þörf fyrir íhlutun ríkis. Vakin er athygli á að aðstoðin verður að beinast að aðstæðum þar sem hún getur leitt til efnislegra umbóta, sem markaðurinn ræður ekki við sjálfur, með því að ráða bót á vel skilgreindum markaðsbresti.

.....

.....

6.3. Tilgreina skal af hverju aðstoðin er viðeigandi leið til að takast á við markmiðið um sameiginlega hagsmuni eins og það er skilgreint í lið 6.1. Vakin er athygli á að aðstoðin telst ekki samrýmanleg ef ráðstafanir sem hafa minni áhrif til röskunar leiða til sama jákvæða framlags.

.....

.....

6.4. Tilgreina skal hvort aðstoðin hafi hvatningaráhrif (þ.e. þegar aðstoð breytir atferli fyrirtækis þannig að það leggi stund á viðbótarstarfsemi sem það hefði ekki lagt stund á ef aðstoðin hefði ekki komið til eða aðeins lagt stund á slíka starfsemi með takmörkuðum hætti eða öðrum hætti).

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal hvort starfsemi sem hófst áður en umsókn um aðstoð var lögð fram sé aðstoðarhæf.

☐ já ☐ nei

Ef hún telst aðstoðarhæf skal útskýra hvernig kröfunni um hvatningaráhrif er mætt.

.....

.....

6.5. Tilgreina skal af hverju veitt aðstoð er viðeigandi í þeim skilningi að hún samsvarar því lágmarki sem þarf til að hvetja til fjárfestinga eða starfsemi.

.....

.....

6.6. Tilgreina skal möguleg neikvæð áhrif aðstoðarinnar á samkeppni og viðskipti og að hvaða marki jákvæðu áhrifin vega þyngra en þau neikvæðu.

.....

.....

6.7. Í samræmi við orðsendinguna um gagnsæi ([11]) skal tilgreina hvort eftirfarandi upplýsingar verði birtar á einu landsbundu eða svæðisbundnu vefsetri: óstyttur texti samþykkts aðstoðarkerfis eða ákvörðun um veitingu stakrar aðstoðar og framkvæmdarákvæði hennar, eða tengill á slíkt; deili á yfirvaldi eða yfirvöldum sem veitir eða veita aðstoðina; deili á einstökum aðstoðarþega eða aðstoðarþegum, aðstoðarleiðin ([12]) og fjárhæð veittrar aðstoðar til hvers aðstoðarþega; markmiðið með aðstoðinni, dagsetning á veitingu aðstoðarinnar, tegund fyrirtækis (t.d. lítið eða meðalstórt fyrirtæki, stórt fyrirtæki); tilvísunarnúmer á aðstoðarráðstöfun framkvæmdastjórnarinnar; svæðið þar sem aðstoðarþeginn er staðsettur (á 2. stigi NUTS) og aðalatvinnugrein aðstoðarþegans eða aðstoðarþeganna (í flokki atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE))([13]).

☐ já ☐ nei

6.7.1. Tilgreina skal vistfang eða vistföng vefsetursins eða vefsetranna þar sem upplýsingarnar verða tiltækar:

.....

.....

6.7.2. Ef við á skal tilgreina vistfang eða vistföng miðlæga vefsetursins sem sækir upplýsingar frá svæðisbundnu vefsetri eða vefsetrum:

.....

.....

6.7.3. Ef vistfang eða vistföng vefsetursins, sem um getur í lið 6.7.2, er ekki þekkt þegar tilkynningin er lögð fram verður aðildarríkið að upplýsa framkvæmdastjórnina um leið og þau vefsetur eru búin til og vistföngin eru þekkt.

([11]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á orðsendingum hennar um viðmiðunarreglur ESB vegna beitingar reglna um ríkisaðstoð með tilliti til hraðrar útbreiðslu breiðbandsneta, um viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020, um ríkisaðstoð vegna kvikmynda og annarra hljóð- og myndmiðlaverka, um viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum og um viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð vegna flugvalla og flugrekenda (Stjtíð. ESB C 198, 27.6.2014, bls. 30).

([12]) Styrkur/vaxtaniðurgreiðsla, lán/fyrirframgeiðslur sem ber að endurgreiða/styrkur sem ber að endurgreiða, trygging, skattaívilnun eða skattundanþága, áhættufjárfesting, annað (tilgreina skal nánar). Ef aðstoðin er veitt eftir mörgum aðstoðarleiðum verður að tilgreina fjárhæð fyrir hverja aðstoðarleið.

([13]) Hægt er að fella niður slíka kröfu að því er varðar staka veitingu aðstoðar sem er undir 500 000 evrum. Að því er aðstoðarkerfi í formi skattaívilnana varðar er hægt að setja upplýsingar um staka aðstoð fram í eftirfarandi stærðarflokkum (í milljónum evra): [0,5-1]; [1-2]; [2-5]; [5-10]; [10-30]; [30 og þar yfir].

7. **Aðstoðarleið, aðstoðarfjárhæð, aðstoðarhlutfall og fjármögnunarleiðir**

7.1. Aðstoðarleið og aðstoðarfjárhæð

Tilgreina skal í hvaða formi aðstoðin er og fjárhæð aðstoðar ([14]) sem aðstoðarþega eða aðstoðarþegum stendur til boða (fyrir hverja ráðstöfun, eftir því sem við á):

Aðstoðarleið	Fjárhæð aðstoðar eða ráðstöfun fjárveitinga ([1])	
	Heild	Árlega
☐ **Styrkir (eða annað sem hefur svipuð áhrif)** a) ☐ Beinn styrkur b) ☐ Vaxtaniðurgreiðsla c) ☐ Afskrifaðar skuldir		
☐ **Lán (eða annað sem hefur svipuð áhrif)** a) ☐ Hagstætt lán (þ.m.t. upplýsingar um lánsábyrgðir og lánstíma) b) ☐ Fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða c) ☐ Frestun skattgreiðslna		
☐ **Ábyrgð** Þar sem við á skal leggja fram tilvísun í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem aðferð við að reikna vergt styrkígildi er samþykkt og upplýsingar um lánið eða önnur fjármálaviðskipti sem ábyrgðin tekur til, þær tryggingar sem krafist er og iðgjald sem ber að greiða o.s.frv.		
☐ Hvers konar íhlutun **með eigið fé eða með ígildi eigin fjár**		
☐ **Skattaívilnun eða skattundanþága** a) ☐ Skattaafsláttur b) ☐ Lægri skattstofn c) ☐ Lægra skattstig d) ☐ Lækkun á almannatryggingaiðgjöldum e) ☐ Annað (tilgreina skal nánar).....		
☐ **Annað** (tilgreina skal nánar) ..... Tilgreina skal þær aðstoðarleiðir sem í grófum dráttum væru samstæðar með tilliti til áhrifa		

([1]) Vegna upplýsinga um aðstoðarfjárhæðir eða fjárveitingar í köflum þessa eyðublaðs og viðbótareyðublöðum skal gefa upp heildarfjárhæð í innlendum gjaldmiðli.

Að því er ábyrgðir varðar skal tilgreina hámarksfjárhæð tryggðra lána:.....

Að því er lán varðar skal tilgreina hámarksfjárhæð (að nafnvirði) veitt láns: .....

([14]) Heildarfjárhæð áætlaðrar aðstoðar, gefin upp sem öll fjárhæðin í innlendum gjaldmiðli. Þegar um skattráðstafanir er að ræða, áætlað heildartekjutap vegna skattaívilnana. Ef árleg fjárveiting til ríkisaðstoðarkerfisins fer að meðaltali yfir 150 milljónir evra skal fylla út þann hluta í matinu.

7.2. Lýsing á aðstoðarleiðinni

Að því er varðar hverja aðstoðarleið, sem valin er af listanum í lið 7.1., skal lýsa skilyrðum sem gilda um beitingu aðstoðarinnar (s.s. skattameðferð, hvort aðstoð er veitt sjálfkrafa á grundvelli tiltekinna hlutlægra viðmiðana eða hvort yfirvöld sem veita aðstoðina hafi eitthvert svigrúm til að taka ákvörðun):

.....

.....

7.3. Uppspretta fjármögnunar

7.3.1. Tilgreina skal hvernig aðstoðin er fjármögnuð:

a) ☐ Fjárlög ríkisins/fjárhagsáætlun svæðisins/sveitarfélagsins

b) ☐ Með skatttengdum gjöldum eða sköttum til aðstoðarþega. Veita skal ítarlegar upplýsingar um gjöldin og þær vörur/starfsemi sem þau eru lögð á (einkum skal tilgreina hvort vörur, sem fluttar eru inn frá öðrum aðildarríkjum, eigi að bera slík gjöld). Ef við á skal afrit af lagagrundvelli fjármögnunarinnar fylgja með.

.....

.....

c) ☐ Uppsafnaðir varasjóðir

d) ☐ Opinber fyrirtæki

e) ☐ Sameiginleg fjármögnun uppbyggingarsjóðs

f) ☐ Annað (tilgreina skal nánar)

.....

.....

7.3.2. Er fjárveitingin samþykkt árlega?

☐ Já

☐ Nei: Tilgreina skal til hvaða tímabils hún tekur:.....

7.3.3. Ef tilkynningin varðar breytingar á fyrirliggjandi aðstoðarkerfi skal tilgreina, að því er hverja aðstoðarleið varðar, áhrif sem tilkynntar breytingar á kerfinu hafa á:

heildarfjárveitingu .....

árlega fjárveitingu ([15]).....

7.4. Uppsöfnun

Er hægt að bæta aðstoðinni við aðstoð eða minniháttaraðstoð ([16]) sem fæst frá öðru aðstoðarkerfi, staðbundnu, svæðisbundnu eða innlendu ([17]), til að standa straum af sama aðstoðarhæfa kostnaðinum?

☐ Já. Tilgreina skal heiti, tilgang og markmið aðstoðarinnar

.....

.....

([15]) Ef árlegar fjárveiting til ríkisaðstoðarkerfisins fer að meðaltali yfir 150 milljónir evra skal fylla út matsþáttinn á þessu tilkynningareyðublaði. Matskrafan gildir ekki um aðstoðarkerfi sem falla undir eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð til landbúnaðar.

([16]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (Stjtíð. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð í sjávarútvegs- og lagareldisgeiranum (Stjtíð. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 45).

([17]) Fjármögnun Sambandsins, undir miðlægri stjórn framkvæmdastjórnarinnar, sem er hvorki beint né óbeint undir stjórn aðildarríkis, telst ekki vera ríkisaðstoð. Þegar slík fjármögnun Sambandsins er lögð við aðra opinbera fjármögnun verður einungis opinbera aðstoðin tekin til greina við ákvörðun á því hvort viðmiðunarmörk tilkynninga og hámarkshlutfall aðstoðar séu virt, að því tilskildu að heildarfjárhæð opinberrar fjármögnunar, sem veitt er í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnaðinn, fari ekki yfir þau hámarksfjármögnunarhlutföll sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf Sambandsins.

Útskýra skal þær aðferðir sem eru notaðar til að tryggja að reglurnar um uppsöfnun séu virtar:

.....

.....

☐ Nei

8. **Mat**

8.1. Verður aðstoðarkerfið metið ([18])?

☐ Nei

Verði aðstoðarkerfið ekki metið skal útskýra hvers vegna litið er svo á að matsviðmiðanir hafi ekki verið uppfylltar.

.....

☐ Já

Hvaða forsendur eru fyrir eftirámati aðstoðarkerfisins:

a) ☐ aðstoðarkerfi sem fær háar fjárveitingar til aðstoðar,

b) ☐ nýstárlegt aðstoðarkerfi,

c) ☐ aðstoðarkerfi þar sem fyrirsjáanlegar eru verulegar breytingar á markaði, í tækni eða í reglusetningu,

d) ☐ aðstoðarkerfi sem til stendur að meta jafnvel þótt aðrar viðmiðanir, sem um getur í þessum lið, gildi ekki.

Ef einhverjar þeirra viðmiðana sem um getur í þessum lið eru uppfylltar skal tilgreina matstímabilið og ljúka við eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar vegna tilkynningar um matsáætlun í hluta III.8 í 1. viðauka ([19]).

.....

8.2. Tilgreina skal hvort eftirámat hafi farið fram vegna sambærilegs kerfis (ef við á, með tilvísun í og hlekk sem vísar á tiltekin vefsetur):

.....

9. **Skýrslugjöf og eftirlit**

Til að auðvelda framkvæmdastjórninni eftirlit með aðstoðarkerfinu og stakri aðstoð skuldbindur tilkynningaraðildarríkið sig til að:

☐ Leggja árlega fyrir framkvæmdastjórnina þær skýrslur sem kveðið er á um í 26. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 2015/1589 ([20]).

☐ Halda, í a.m.k. 10 ár frá þeim degi þegar aðstoðin er veitt (að því er varðar staka aðstoð og aðstoð sem veitt er innan ramma aðstoðarkerfisins), ítarlegar skrár með nauðsynlegum upplýsingum og fylgigögnum til að staðfesta að öll skilyrði um samrýmanleika séu uppfyllt og láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar og fylgigögn, að fram kominni skriflegri beiðni, innan 20 virkra daga eða lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í beiðninni.

([18]) Matskrafan gildir ekki um aðstoðarkerfi sem falla undir eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð til landbúnaðar.

([19]) Til leiðbeiningar, sjá vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Sameiginleg aðferðafræði við mat á ríkisaðstoð“, SWD(2014) 179, lokagerð frá 28.5.2014 undir http://ec.europa.eu/competition/state_aid/modernisation/state_aid_evaluation_methodology_en.pdf.

([20]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9).

Að því er varðar aðstoðarkerfi sem eru skattalegs eðlis:

☐ Þegar um er að ræða kerfi þar sem veiting skattaaðstoðar er sjálfvirk og byggist á skattframtölum aðstoðarþeganna og þar sem ekkert fyrirframeftirlit fer fram á því hvort sérhver aðstoðarþegi uppfylli öll skilyrði um samrýmanleika skal aðildarríkið koma á fót viðeigandi eftirlitskerfi sem það notar til að sannprófa reglulega (t.d. einu sinni á hverju reikningsári), a.m.k. eftir á og með úrtaki, að öll skilyrði um samrýmanleika séu uppfyllt og ákveða viðurlög ef um svik er að ræða. Til að auðvelda framkvæmdastjórninni eftirlit með aðstoðarkerfum sem eru skattalegs eðlis skuldbindur tilkynningaraðildarríkið sig til að halda ítarlega skrá yfir eftirlitið í a.m.k. 10 ár frá dagsetningu eftirlitsins og láta framkvæmdastjórninni þær í té, að fram kominni skriflegri beiðni, innan 20 virkra daga eða lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í beiðninni.

10. **Trúnaðarkvöð**

Eru trúnaðarupplýsingar ([21]) í tilkynningunni sem þriðju aðilar eiga ekki að fá vitneskju um?

☐ Já. Tilgreina skal hvaða eyðublöð eru trúnaðarmál og útskýra ástæður fyrir trúnaðarkvöðum.

.....

☐ Nei

11. **Aðrar upplýsingar**

Ef við á skal tilgreina allar aðrar upplýsingar, sem talist geta skipt máli, við mat á aðstoðinni.

.....

.....

12. **Fylgiskjöl**

Tilgreina skal öll fylgiskjöl með tilkynningunni og láta fylgja með pappírsafrit af þeim eða vefslóðir sem veita aðgang að þessum skjölum.

.....

.....

13. **Yfirlýsing**

Ég lýsi því hér með yfir að eftir minni bestu vitund eru upplýsingarnar, sem koma fram á þessu eyðublaði, í viðaukum og fylgiskjölum, réttar og fullnægjandi.

Dagsetning og staður undirskriftar.....

Undirritun: .....

Nafn og staða þess sem undirritar.....

14. **Eyðublöð fyrir viðbótarupplýsingar**

14.1. Á grundvelli upplýsinga, sem settar eru fram á almenna upplýsingaeyðublaðinu, skal velja viðeigandi eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar sem fylla skal út:

a) ☐ Eyðublöð fyrir viðbótarupplýsingar um svæðisbundna aðstoð

1. ☐ fjárfestingaraðstoð

([21]) Til leiðbeiningar sjá 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem vísar til eftirfarandi: „upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra eða kostnaðarþætti“. Dómstólar Sambandsins hafa almennt skilgreint „viðskiptaleyndarmál“ sem upplýsingar „þar sem ekki aðeins upplýsingagjöf til almennings heldur einnig afhending til annars aðila en þess sem veitti upplýsingarnar getur skaðað hagsmuni þess síðartalda alvarlega“ í máli T-353/94 *Postbank gegn framkvæmdastjórninni* ECLI:EU:T:1996:119, 87. mgr.“

2. ☐ rekstraraðstoð

3. ☐ stök aðstoð

b) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar

c) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð vegna endurskipulagningar og björgunar fyrirtækja í erfiðleikum

1. ☐ björgunaraðstoð

2. ☐ aðstoð til endurskipulagningar

3. ☐ aðstoðarkerfi

d) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð vegna framleiðslu hljóð- og myndmiðlunarefnis

e) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar vegna breiðbandsaðstoðar

f) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð vegna umhverfis- og orkumála

g) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð vegna áhættufjármögnunar

h) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð á sviði flutninga:

1. ☐ fjárfestingaraðstoð vegna flugvalla

2. ☐ rekstraraðstoð vegna flugvalla

3. ☐ upphafsaðstoð vegna flugrekenda

4. ☐ aðstoð af félagslegum toga skv. a-lið 2. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

5. ☐ aðstoð vegna sjóflutninga

i) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar vegna tilkynningar um matsáætlun

j) ☐ Eyðublöð fyrir viðbótarupplýsingar vegna aðstoðar á sviði landbúnaðar og skógræktar og til dreifbýlis

k) ☐ Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð á sviði sjávarútvegs og lagareldis

14.2. Velja skal viðeigandi ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, viðmiðunarreglur eða aðra texta að því er varðar aðstoð sem fellur ekki undir eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar:

a) ☐ Skammtímaútflutningslán ([22])

b) ☐ Viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir ([23])

c) ☐ Orðsending vegna bankastarfsemi ([24])

d) ☐ Orðsending um mikilvæg verkefni sem þjóna samevrópskum hagsmunum ([25])

e) ☐ Þjónusta í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) ([26])

f) ☐ Ákvæði 93. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

([22]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart greiðsluvátryggingum vegna skammtímaútflutningslána (Stjtíð. ESB C 392, 19.12.2012, bls. 1).

([23]) Viðmiðunarreglur um tilteknar ríkisaðstoðarráðstafanir í tengslum við kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012 (Stjtíð. ESB C 158, 5.6.2012, bls. 4).

([24]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna, frá 1. ágúst 2013, um ríkisaðstoð til að styðja við ráðstafanir í þágu banka í tengslum við fjármálakreppuna (Stjtíð ESB C 216, 30.7.2013, bls. 1).

([25]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar — Viðmiðanir vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð til að stuðla að framkvæmd mikilvægra verkefna í þágu sameiginlegra evrópskra hagsmunamála sé í samræmi við innri markaðinn (Stjtíð ESB C 188, 20.6.2014, bls. 4).

([26]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna Evrópusambandsins um ríkisaðstoð að því er varðar greiðslu fyrir veitta þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtíð. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 4).

g) ☐ Ákvæði a-liðar 2. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

h) ☐ Ákvæði b-liðar 2. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

i) ☐ Ákvæði a-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

j) ☐ Ákvæði b-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

k) ☐ Ákvæði c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

l) ☐ Ákvæði d-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

m) ☐ Annað, tilgreina skal nánar:

.....

Rökstyðja skal samrýmanleika aðstoðarinnar sem fellur undir flokkana sem valdir eru í þessum lið:

.....

.....

Af hagkvæmnisástæðum er mælt með því að númera skjölin sem fylgja sem viðaukar og vísa til þessara skjalnúmera í viðeigandi lið eyðublaðsins fyrir viðbótarupplýsingarnar.“

2) Í stað hluta III.1, III.2, III.3, III.4, III.5, III.6, III.7, III.8, III.9, III.10 og III.11 komi eftirfarandi:

„III. HLUTI

EYÐUBLÖÐ FYRIR VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

HLUTI III.1.A

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um staka svæðisbundna fjárfestingaraðstoð

Nota skal þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar til að tilkynna um staka fjárfestingaraðstoð sem fellur undir viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020 (1) *(„viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna aðstoð“). Ef margir aðstoðarþegar falla undir staka aðstoðarráðstöfun þarf að leggja fram viðeigandi upplýsingar fyrir hvern þeirra.*

1. **Gildissvið**

1.1. Ástæður fyrir því að ráðstöfunin er tilkynnt:

a) ☐ Tilkynningin tengist stakri aðstoð sem veitt er samkvæmt kerfi og aðstoð eftir öllum leiðum er yfir viðmiðunarmörkum fyrir tilkynningu. Tilgreina skal tilvísunarnúmer aðstoðarkerfa sem eru samþykkt eða njóta hópundanþágu.

b) ☐ Tilkynningin tengist stakri aðstoð sem veitt er utan aðstoðarkerfis (sérstök aðstoð).

c) ☐ Tilkynningin tengist aðstoð sem veitt er aðstoðarþega sem hefur hætt sams konar eða svipaðri starfsemi (2) á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnum tveimur árum fyrir umsóknardag vegna aðstoðar eða hefur, á þeirri stundu þegar hann leggur umsóknina inn, í hyggju að hætta slíkri starfsemi innan tveggja ára frá lokum fjárfestingarinnar sem til stendur að niðurgreiða.

d) ☐ Tilkynningin tengist fjárfestingu stórs fyrirtækis til að auka fjölbreytni starfandi starfsstöðvar á svæði „c“ með því að bæta við nýjum vörum og/eða nýjum verkferlum.

e) ☐ Annað. Setja skal fram útskýringar:

.....

.....

1.2. Gildissvið tilkynntrar aðstoðarráðstöfunar

1.2.1. Staðfesta skal að aðstoðarþeginn er ekki fyrirtæki í erfiðleikum (3)

.....

1.2.2. Ef ráðstöfunin tekur til fjárfestingaraðstoðar til breiðbandsneta skal útskýra hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, mun tryggja að farið sé að eftirfarandi skilyrðum og láta vísanir til viðeigandi ákvæða lagagrundvallar og/eða fylgiskjöl í té:

— aðstoðin er aðeins veitt til svæða þar sem ekkert netkerfi er fyrir hendi í sama flokki (hvorki hefðbundið breiðband né næstu kynslóðar aðgangsnet) og þar sem ekki er líklegt að slíkt verði þróað í náinni framtíð

(1) Viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB C 209, 23.7.2013, bls. 1).

(2) „Sams konar eða svipuð starfsemi“: starfsemi sem fellur undir sama flokk (fjögurra tölustafa talnakóði) atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk.

(3) Eins og skilgreint er í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að bjarga fyrirtækjum og endurskipuleggja fyrirtæki utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum (Stjtíð. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1.)

— rekstraraðili niðurgreidda kerfisins býður virkan og hlutlausan heildsöluaðgang með sanngjörnum skilyrðum án mismununar með möguleika á skilvirkri og fullri sundurgreiningu

— aðstoðinni var eða verður úthlutað á grundvelli valferlis á samkeppnisgrundvelli í samræmi við c- og d-lið 78. liðar í viðmiðunarreglum ESB vegna beitingar reglna um ríkisaðstoð með tilliti til hraðrar útbreiðslu breiðbandsneta ([4]).

.....

1.2.3. Ef ráðstöfunin tekur til aðstoðar vegna rannsóknarinnviða ([5]) skal staðfesta að aðstoðin sé háð því skilyrði að veittur sé gagnsær aðgangur að innviðunum án mismununar og fylgiskjöl þess efnis lögð fram og/eða tilvísun eða tilvísanir í viðeigandi hluta lagagrundvallar (13. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

1.2.4. Leggja skal fram afrit af umsóknareyðublaðinu og (drögunum að) samningnum um veitingu aðstoðarinnar.

2. **Viðbótarupplýsingar um aðstoðarþegann, fjárfestingarverkefnið og aðstoðina**

2.1. Aðstoðarþegi

2.1.1. Deili á viðtakanda eða viðtakendum aðstoðar:

.....

2.1.2. Ef viðtakandi aðstoðar er annar lögaðili en fyrirtækið eða fyrirtækin sem fjármagna verkefnið eða eða annar lögaðili en aðstoðarþegi eða aðstoðarþegar skal gera grein fyrir þeim mismun.

.....

.....

2.1.3. Lýsa skal með skýrum hætti tengslum aðstoðarþegans, fyrirtækjasamstæðunnar sem hann tilheyrir og annarra tengdra fyrirtækja, þ.m.t. fyrirtækja um sameiginlegt verkefni.

.....

.....

2.2. Fjárfestingarverkefnið

2.2.1. Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar um tilkynnta fjárfestingarverkefnið:

Dagsetning umsóknar vegna aðstoðar:	
Dagurinn (áætlaður) þegar vinna við fjárfestingarverkefnið hefst:	
Dagurinn sem áætlað er að framleiðsla hefjist:	
Dagurinn sem áætlað er að fullri farmleiðslugetu verði náð:	
Dagurinn sem áætlað er að fjárfestingarverkefninu ljúki:	

([4]) Stjtíð. ESB C 25, 26.1.2013, bls. 1.

([5]) Eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknainnviði (ERIC) (Stjtíð. ESB L 206, 8.8.2009, bls. 1).

2.2.2. Ef tilkynningin tekur til fjárfestingar á svæði „a“ eða til fjárfestingar á vegum eins eða fleiri lítilla og meðalstórra fyrirtækja ([6]) á svæði „c“ skal tilgreina flokk eða flokka nýfjárfestinga sem tilkynningin nær til (h-liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

a) ☐ stofnun nýrrar starfstöðvar

b) ☐ útvíkkuð afkastageta starfandi starfstöðvar

c) ☐ aukin fjölbreytni í framleiðslu starfstöðvar á vörum sem hafa ekki áður verið framleiddar í starfsstöðinni

d) ☐ grundvallarbreyting á heildarframleiðsluferlinu starfandi starfsstöðvar

e) ☐ yfirtaka á eignum sem tengjast starfsstöðinni beint að því tilskildu að starfsstöðinni hafi verið lokað eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt af fjárfesti sem er ótengdur seljandanum ([7]).

2.2.3. Ef tilkynningin tekur til fjárfestingar á svæði „c“ á vegum stórs fyrirtækis skal tilgreina flokk eða flokka nýfjárfestinga sem tilkynningin nær til (15. liður og i-liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

a) ☐ stofnun nýrrar starfstöðvar

b) ☐ aukin fjölbreytni í starfsemi starfsstöðvar, að uppfylltum þeim skilyrðum að nýja starfsemin sé ekki eins og sú starfsemi sem áður var stunduð í starfsstöðinni eða svipuð henni ([8])

c) ☐ aukin fjölbreytni starfandi starfsstöðvar með því að bæta við nýjum vörum

d) ☐ nýir verkferlar starfandi starfsstöðvar

e) ☐ yfirtaka á eignum sem tilheyra starfsstöð sem hefur verið lokað, eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt, og er keypt af fjárfesti sem er ótengdur seljanda, að uppfylltu því skilyrði að nýja starfsemin, sem á að stunda með því að nota yfirteknu eignirnar, sé ekki eins og sú starfsemi sem áður stunduð var í starfsstöðinni fyrir yfirtökuna eða svipuð henni.

2.2.4. Lýsa skal fjárfestingunni í stuttu máli og útskýra hvernig viðkomandi verkefni fellur innan eins eða fleiri flokka nýfjárfestinga sem tilgreindir eru hér að framan:

.....

.....

2.3. Aðstoðarhæfur kostnaður sem reiknaður er út á grundvelli fjárfestingarkostnaðar

2.3.1. Láta skal í té eftirfarandi sundurliðun á heildarfjárhæð aðstoðarhæfs fjárfestingarkostnaðar á nafnvirði og afvaxtað:

	Heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar (á nafnvirði) (*)	Heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar (afvaxtað) (*)
Kostnaður við undirbúningsrannsóknir eða ráðgjafarkostnaður sem tengist fjárfestingunni (aðeins lítil og meðalstór fyrirtæki)		
Land		
Byggingar		

([6]) „Lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

([7]) Yfirtaka á hlutum fyrirtækis ein og sér telst ekki nýfjárfesting.

([8]) „Sams konar eða svipuð starfsemi“: starfsemi sem fellur undir sama flokk (fjögurra tölustafa talnakóði) atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk.

	Heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar (á nafnvirði) (*)	Heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar (afvaxtað) (*)
Verksmiðja/vélar/búnaður ([1])		
Óefnislegar eignir		
Heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar		

(*) Í innlendum gjaldmiðli (sjá einnig lið 2.5 hér á eftir)

([1]) Á sviði flutninga mega útgjöld vegna kaupa á flutningatækjum ekki vera innifalin í stöðluðum útreikningsgrunni. Slík útgjöld teljast ekki uppfylla skilyrði fyrir aðstoð til nýfjárfestinga.

2.3.2. Staðfesta skal að yfirteknar eignir séu nýjar (94. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) ([9]).

☐ já ☐ nei

2.3.3. Leggja skal fram gögn sem sýna að þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki verði ekki meira en 50% af kostnaði við undirbúningsrannsóknir eða ráðgjafarkostnaðar sem tengdur er fjárfestingunni, talin með aðstoðarhæfum kostnaði (95. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

2.3.4. Ef um er að ræða aðstoð sem er veitt vegna grundvallarbreytingar á framleiðsluferlinu skal leggja fram gögn sem sýna fram á að aðstoðarhæfur kostnaður fari yfir afskriftir þeirra eigna sem tengjast starfseminni, sem færa á til nútímahorfs, á næstliðnum þremur reikningsárum (96. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

2.3.5. Láta skal í té vísanir í lagagrundvöll eða skýra hvernig tryggt er að aðstoð sé veitt til að auka fjölbreytni starfandi starfsstöðvar eða að aðstoðarhæfur kostnaður fari a.m.k. 200% yfir bókfært virði þeirra eigna sem eru endurnýttar, eins og það er skráð á næstliðnu reikningsári fyrir upphaf verkefnisins (97. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Ef við á skal leggja fram gögn sem innihalda viðeigandi megindleg gögn.

.....

2.3.6. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða leigu efnislegra eigna skal láta í té vísanir til viðeigandi ákvæða lagagrundvallar þar sem mælt er fyrir um að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt (98. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) eða útskýra hvernig þessi skilyrði eru annars uppfyllt.

— Leiga á landi og byggingum verður að vera til a.m.k. fimm ára eftir að áætlað er að fjárfestingaverkefninu ljúki þegar um er að ræða stór fyrirtæki og til a.m.k. þriggja ára þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

.....

— Leiga á tækjakosti eða vélum verður að vera í formi fjármögnunarleigu og fela í sér skuldbindingu fyrir aðstoðarþegann um að kaupa eignina þegar leigusamningurinn rennur út.

.....

2.3.7. Í 99. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð er kveðið á um að „ef um er að ræða yfirtöku á eignum starfsstöðvar skal einungis taka tillit til kostnaðar við að kaupa eignirnar frá þriðja aðila sem er ótengdur kaupandanum. Viðskipti verða að fara fram við markaðsaðstæður. Ef aðstoð hefur þegar verið veitt vegna yfirtöku eigna áður en þær eru keyptar skal draga kostnaðinn af þessum eignum frá aðstoðarhæfum kostnaði sem tengist yfirtöku starfsstöðvar. Ef yfirtöku á starfsstöð fylgir aðstoðarhæf viðbótarfjárfesting skal bæta þeim aðstoðarhæfa kostnaði af þessari síðari fjárfestingu við kostnað vegna kaupa á eignum starfsstöðvarinnar“.

Ef við á í tilkynnta tilvikinu skal útskýra hvernig þessi skilyrði hafa verið uppfyllt með því að leggja fram viðeigandi gögn.

.....

([9]) Ákvæði 94. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð gilda ekki um lítil og meðalstór fyrirtæki eða ef um yfirtöku á starfsstöð er að ræða.

2.3.8. **Ef aðstoðarhæfur kostnaður vegna fjárfestingarverkefnisins felur í sér óefnislegar eignir** skal útskýra hvernig tryggt er að farið sé að skilyrðum sem sett eru fram í 101. og 102. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð ([10]). Í þeim tilvikum skal leggja fram nákvæma tilvísun í viðeigandi ákvæði lagagrundvallar.

.....

2.4. Aðstoðarhæfur kostnaður sem er reiknaður út á grundvelli launakostnaðar

Veita skal eftirfarandi upplýsingar:

— útskýra skal hvernig aðstoðarhæfur kostnaður sem reiknaður er út á grundvelli launakostnaðar hefur verið ákvarðaður (103. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð),

— útskýra skal hvernig sá fjöldi starfa, sem skapast hefur, hefur verið reiknaður út með vísan til k-liðar í 20. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð,

— útskýra skal hvernig launakostnaður vegna ráðinna einstaklinga hefur verið ákvarðaður með vísan til z-liðar í 20. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð og

— greina skal frá viðkomandi útreikningum og gögnum sem styðja við tölurnar.

.....

2.5. Útreikningar á afvöxtuðum aðstoðarhæfum kostnaði og fjárhæð aðstoðar

2.5.1. Í þessum lið skal fylla út í töflunni upplýsingar um aðstoðarhæfan kostnað á hvern flokk aðstoðarhæfs kostnaðar sem greiða skal á meðan á fjárfestingarverkefninu stendur:

	Nafnvirði/ afvaxtað	N-0 (*)	N+1 (*)	N+2 (*)	N+3 (*)	N+X (*)	Samtals (*)
Undirbúningsrannsóknir o.s.frv. (aðeins lítil og meðalstór fyrirtæki)	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Land	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Byggingar	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Verksmiðja/vélar/ búnaður ([1])	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Óefnislegar eignir	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Launakostnaður	Nafnvirði						
	Afvaxtað						

([10]) Ákvæði 101. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð kveða á um að óefnislegar eignir, sem uppfylla skilyrði fyrir útreikningi á fjárfestingarkostnaði, verði áfram að tengjast viðkomandi svæði, sem nýtur aðstoðar, beint og að þær megi ekki flytja til annarra svæða. Í því skyni verða óefnislegu eignirnar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
— þær má eingöngu nota í starfsstöðinni sem þiggur aðstoðina:
— þær verða að vera afskrifanlegar,
— þær verða að vera keyptar við markaðsaðstæður af þriðju aðilum sem eru ótengdir kaupandanum.
Ákvæði 102. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð kveða á um að óefnislegar eignir verði að vera hluti af eignum fyrirtækisins sem fær aðstoðina og verði áfram bundnar verkefninu, sem aðstoðin er veitt til, í a.m.k. fimm ár (þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki).

	Nafnvirði/ afvaxtað	N-0 (*)	N+1 (*)	N+2 (*)	N+3 (*)	N+X (*)	Samtals (*)
Annað (tilgreina skal nánar)	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Samtals	Nafnvirði						
	Afvaxtað						

(*) Í innlendum gjaldmiðli

([1]) Á sviði flutninga mega útgjöld vegna kaupa á flutningatækjum ekki vera innifalin í stöðluðum útreikningsgrunni. Slík útgjöld teljast ekki uppfylla skilyrði fyrir aðstoð til nýfjárfestinga.

Tilgreina skal að hvaða degi fjárhæðirnar voru afvaxtaðar og þann afvöxtunarstuðul sem var notaður ([11]):

.....

2.5.2. Í þessum lið skal fylla út upplýsingar um tilkynnta veitta aðstoð (sem verður veitt) fyrir fjárfestingarverkefnið með tilvísun í viðeigandi aðstoðarform:

	Nafnvirði/ afvaxtað	N-0 (*)	N+1 (*)	N+2 (*)	N+3 (*)	N+X (*)	Samtals (*)
Styrkir	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Hagstætt lán	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Ábyrgð	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Skattalækkun	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
…	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
…	Nafnvirði						
	Afvaxtað						
Samtals	Nafnvirði						
	Afvaxtað						

(*) Í innlendum gjaldmiðli

([11]) Að því er aðferðafræðina varðar skal vísa til tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um gildandi vexti af endurgreiddri ríkisaðstoð og viðmiðunarvexti/afvöxtunarstuðul fyrir 25 aðildarríki sem gilda frá og með 1. janúar 2007 (Stjtíð ESB C 317, 23.12.2006, bls. 2) og orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðarinnar við að ákveða viðmiðunarvexti og afvöxtunarstuðla (Stjtíð ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6).

Tilgreina skal að hvaða degi fjárhæðirnar voru afvaxtaðar og þann afvöxtunarstuðul sem var notaður:

.....

Tilgreina skal hvernig styrkígildið er reiknað út fyrir hverja tegund aðstoðar sem nefnd er í töflunni í lið 2.5.2:

Hagstætt lán: .....

Ábyrgð: .....

Skattalækkun: .....

Annað: .....

2.5.3. Tilgreina skal hvort einhver af þeim aðstoðarráðstöfunum, sem setja skal til verkefnisins, hafi enn ekki verið skilgreind og útskýra hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, mun tryggja að hámarkshlutfall aðstoðar verði virt (82. og 83. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

2.5.4. Er verkefnið samfjármagnað með uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu? Ef svarið er já skal tilgreina á grundvelli hvaða aðgerðaráætlunar fjármagns verður aflað frá uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu. Einnig skal tilgreina fjárhæð þess fjármagns sem kemur frá uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu.

.....

2.5.5. Ef aðstoðarþeginn (á grundvelli samstæðu) hefur fengið aðstoð vegna einnar (eða fleiri) nýfjárfestinga, sem hófst eða hófust á sama svæði 3 samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða (NUTS 3), á þriggja ára tímabili frá þeim degi þegar vinna við fjárfestingarverkefnið (t-liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) hófst skal veita nánari upplýsingar um aðstoðarráðstafanir fyrir hverja nýfjárfestingu sem nýtur aðstoðar (þ.m.t. stutta lýsingu á fjárfestingarverkefninu, hvaða dag sótt var um aðstoð, hvaða dag aðstoð var úthlutað, hvaða dag vinna hófst, fjárhæð(ir) aðstoðar og aðstoðarhæfan kostnað ([12])).

	Aðstoðar-hæfur fjár-festingar-kostnaður (*)	Fjárhæð veittrar aðstoðar (*)	Umsókn-ardagur	Úthlutun-ardagur aðstoðar	Upp-hafsdagur vinnu við verk	Stutt lýsing	Tilvísunar-númer aðstoðar
Upphaflegt fjárfestingar-verkefni 1							
Upphafleg fjárfesting Verkefni 2							
Upphaflegt fjárfestingar-verkefni 3							
…							

(*) Í innlendum gjaldmiðli

([12]) Veita skal upplýsingar um fjárhæð(ir) aðstoðar og aðstoðarhæfan kostnað, bæði á nafnvirði og afvöxtuðu virði.

2.5.6. Staðfesta skal að heildarfjárhæð aðstoðar, sem veitt verður til nýfjárfestingarverkefnisins, fari ekki yfir „hámarkshlutfall aðstoðar“ (eins og það er skilgreint í m-lið 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð), að teknu tilliti til hærra aðstoðarhlutfalls til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (eins og ákvarðað er í 177. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) og „leiðréttrar fjárhæðar aðstoðar“ (eins og það er skilgreint í c-lið 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð), eftir því sem við á. Láta skal í té viðeigandi fylgiskjöl og útreikninga.

.....

2.5.7. Þegar veita á aðstoð til fjárfestingarverkefnisins samkvæmt nokkrum svæðisbundnum aðstoðarkerfum eða leggja hana við sérstaka aðstoð skal staðfesta að fyrsta yfirvaldið, sem veitti aðstoðina, hafi reiknað út leyfilegt hámarkshlutfall aðstoðar, sem veita má til verkefnisins, fyrir fram, og tilgreina fjárhæð þess hámarkshlutfalls. Útskýra skal hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, mun tryggja að hámarkshlutfall aðstoðar verði virt (92. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

2.5.8. Ef nýfjárfestingin tengist verkefni innan evrópsku svæðasamvinnunnar (ETC) skal útskýra, með vísun til ákvæða sem sett eru fram í 93. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð, hvernig hámarkshlutfall aðstoðar, sem á við verkefnið, er ákvarðað og hvernig mismunandi aðstoðarþegar sem taka munu þátt í því eru ákvarðaðir.

.....

3. **Mat á samrýmanleika ráðstöfunarinnar**

3.1. Framlag til svæðisbundinna markmiða og þörf fyrir íhlutun ríkis

3.1.1. Veita skal eftirfarandi upplýsingar:

— gera skal grein fyrir nákvæmri staðsetningu verkefnis sem nýtur aðstoðar (þ.e.a.s. staðnum og svæði á 2. eða 3. stigi NUTS sem staðurinn tilheyrir),

— veita skal upplýsingar um hver staða verkefnisins er með tilliti til svæðisbundinnar aðstoðar á gildu korti yfir svæðisbundna aðstoð (þ.e.a.s. er það á svæði sem uppfyllir skilyrði fyrir svæðisbundinni aðstoð skv. a- eða c- lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins?) og

— greina skal frá hámarkshlutfalli aðstoðar sem á við um stór fyrirtæki.

.....

3.1.2. Útskýra skal með hvaða hætti aðstoðin muni stuðla að byggðaþróun ([13]).

.....

3.1.3. Ef tilkynningin varðar staka umsókn um aðstoð innan ramma aðstoðarkerfis skal útskýra hvernig verkefnið stuðlar að markmiði aðstoðarkerfisins og láta í té viðeigandi fylgiskjöl (35. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.1.4. Ef tilkynningin varðar sérstaka aðstoð skal útskýra hvernig verkefnið stuðlar að þróunaráætlun fyrir viðkomandi svæði og láta í té viðeigandi fylgiskjöl (42. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.1.5. Útskýra skal hvernig ákvæðinu, þar sem gerð er krafa um að fjárfestingunni verði viðhaldið á viðkomandi svæði í a.m.k. fimm ár (þrjú ár í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja) eftir að henni er lokið, er komið til framkvæmda (36. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar (t.d. samningurinn um veitingu aðstoðar).

.....

([13]) Með það fyrir augum má t.d. vísa til þeirra viðmiðana sem tilgreindar eru í 40. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð og/eða til viðskiptaáætlunar aðstoðarþegans.

3.1.6. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli launakostnaðar skal útskýra hvernig aðferðinni við framkvæmd ákvæðisins, þar sem þess er krafist að störf skapist innan þriggja ára frá því fjárfestingu lýkur og að hverju starfi sem fjárfestingin skapar sé viðhaldið innan svæðisins í fimm ár (þrjú ár í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja) frá þeim degi að telja þegar fyrst er ráðið í stöðuna, er komið til framkvæmda (37. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar (t.d. samningurinn um veitingu aðstoðar).

.....

3.1.7. Láta skal í té vísanir í lagagrundvöll eða sýna fram á að viðtakandi eða viðtakendur verði að leggja fram a.m.k. 25% aðstoðarhæfs kostnaðar, af eigin fé eða með utanaðkomandi fjármögnun, með einhverjum þeim hætti sem felur ekki í sér opinberan stuðning ([14]) (38. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.1.8. Hefur mat á umhverfisáhrifum verið framkvæmt vegna fjárfestingarinnar eða er gengist undir skuldbindingu um það (39. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er nei skal útskýra hvers vegna ekki er þörf á mati á umhverfisáhrifum fyrir þetta verkefni.

.....

3.2. Er ráðstöfunin viðeigandi?

3.2.1. Ef tilkynningin varðar sérstaka aðstoð skal sýna fram á hvernig þróun viðkomandi svæðis er betur tryggð með slíkri aðstoð en með aðstoð innan ramma aðstoðarkerfis eða öðrum tegundum ráðstafana (55. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.2.2. Ef aðstoðin er veitt með þeim hætti að hún veiti beinan fjárhagslegan ávinning ([15]) skal sýna fram á af hverju önnur form aðstoðar, sem hafa hugsanlega minni áhrif til röskunar, s.s. fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða eða form aðstoðar sem byggð eru á skulda- eða eiginfjárgerningum ([16]), eiga ekki við (57. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.3. Hvatningaráhrif ráðstöfunarinnar og meðalhóf

3.3.1. Staðfesta skal að vinna við tilkynnta staka fjárfestingu hafi aðeins hafist eftir að umsókn um aðstoðina var lögð fram (64. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Leggja skal fram afrit af umsókninni um aðstoðina sem aðstoðarþeginn sendi yfirvaldinu, sem veitir aðstoðina, og skjalfest gögn um upphafsdag vinnu við verkið.

.....

3.3.2. Útskýra skal hvatningaráhrif af aðstoðinni með því að lýsa staðleysusviðsmyndinni með vísun í eina af tveimur mögulegum sviðsmyndum sem settar eru fram í 61. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð.

.....

3.3.3. Þegar um er að ræða sviðsmynd 1 (þ.e.a.s. fjárfestingarákvarðanir skv. 61. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) skal láta eftirfarandi upplýsingar í té (eða vísa til viðkomandi hluta framlagðrar staðleysusviðsmyndar) (104. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

— útreikninga á innri ávöxtun fjárfestingarinnar, með og án aðstoðarinnar([17]):

.....

([14]) Þessi spurning á ekki við um niðurgreidd lán, eiginfjárlán frá hinu opinbera eða framlag frá hinu opinbera sem uppfyllir ekki meginregluna um fjárfesta, ríkisábyrgðir sem fela í sér aðstoð eða opinberan stuðning sem er veittur innan ramma minniháttarreglunnar.

([15]) Til dæmis beinir styrkir, undanþágur frá skatti eða lækkun á sköttum, almannatryggingar eða önnur lögboðin gjöld eða aðgangur að landi, vörum eða þjónustu á hagstæðu verði o.s.frv.

([16]) Til dæmis lán með lágum vöxtum eða vaxtaafsláttur, ríkisábyrgðir, kaup á hlutafjáreign eða annað framlag fjármagns á hagstæðum kjörum.

([17]) Tímabilið, sem tekið er með í útreikningi á innri vöxtum, ætti að samsvara þeim tímarömmum sem atvinnugreinin miðar við í sambærilegum verkefnum.

— upplýsingar um viðmiðanir sem eiga við um fyrirtækið (t.d. eðlilega arðsemi sem aðstoðarþeginn krefst fyrir sambærileg verkefni, fjármagnskostnað félagsins í heild og viðeigandi viðmiðanir atvinnugreinarinnar):

.....

— skýringu á ástæðunni fyrir því af hverju aðstoðin er, á grundvelli viðmiðananna í þessum lið, eins lítil og hægt er til að verkefnið verði nægilega ábatasamt (sbr. 79. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.3.4. Þegar um er að ræða sviðsmynd 2 (þ.e.a.s. ákvarðanir um staðsetningu skv. 61. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) skal láta eftirfarandi upplýsingar í té (eða vísa til viðkomandi hluta framlagðrar staðleysusviðsmyndar) (105. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

— útreikninga á mismuninum milli hreins núvirðis fjárfestingarinnar á marksvæðinu og hreins núvirðis fjárfestingarinnar á öðrum stað([18]):

.....

— alla þætti sem notaðir eru til að reikna út hreint núvirði fjárfestingarinnar á marksvæðinu og hreint núvirði fjárfestingarinnar á öðrum stað (m.a. viðkomandi tímaramma, þann afvöxtunarstuðull sem notaður er o.s.frv.):

.....

— skýringu á ástæðunni fyrir því hvers vegna aðstoðin er ekki, á grundvelli upplýsinga sem um getur í fyrstu tveimur undirliðunum, hærri en sem nemur mismuninum á hreinu núvirði fjárfestingarinnar á marksvæðinu og hreinu núvirði fjárfestingarinnar á öðrum stað (sbr. 80. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.3.5. Ef svæðisbundna aðstoðin er veitt á grundvelli uppbyggingar- og fjárfestingarsjóða Evrópu á svæðum „a“ til fjárfestinga sem eru nauðsynlegar til að uppfylla staðla sem fastsettir eru í lögum Sambandsins skal útskýra eftirfarandi (og láta fylgiskjöl í té):

— Hver er staðallinn sem um er að ræða?

— Hvers vegna er fjárfestingin nauðsynleg til að uppfylla megi staðalinn?

— Hvers vegna væri ekki nægilega ábatasamt fyrir aðstoðarþegann að fjárfesta á viðkomandi svæði, sem myndi leiða til þess að starfandi starfsstöð á svæðinu myndi loka ef ekki kæmi til aðstoðar (63. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)?

.....

3.4. Að komast hjá neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

Sviðsmynd 1

Skilgreining á viðkomandi markaði

3.4.1. Láta skal í té upplýsingar, sem tilgreindar eru í þessum lið, til að skilgreina viðkomandi vörumarkað eða vörumarkaði (þ.e.a.s. vörur sem verða fyrir áhrifum af breyttri hegðun aðstoðarþegans) og til að skilgreina samkeppnisaðila og viðskiptavini/neytendur sem verða fyrir áhrifum (129. og 130. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

— Tilgreina skal allar vörur sem verða framleiddar í þeirri starfsstöð sem nýtur aðstoðar þegar fjárfestingu lýkur og tilgreina, eftir því sem við á, kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE) eða kóða í vöruskrá EB eða í vöruflokkun eftir atvinnugreinum ([19]) vegna verkefna á sviði þjónustu.

.....

([18]) Taka þarf tillit til alls viðeigandi kostnaðar og ávinnings, s.s. umsýslukostnaðar, flutningskostnaðar, þjálfunarkostnaðar sem fellur ekki undir þjálfunarastoð og einnig launamunar. Þegar hins vegar hinn staðurinn er innan EES skal ekki taka tillit til niðurgreiðslna sem veittar eru á þeim stað.

([19]) Nánari upplýsingar um allar flokkanir eru tiltækar í gagnasafni Hagstofu Evrópusambandsins sem er sem stendur á slóðinni http://ec.europa.eu/eurostat/data/classifications.

— Munu vörurnar, sem áformaðar eru í verkefninu, koma í stað annarra vara sem aðstoðarþeginn framleiðir (á samstæðustigi)? Í stað hvaða vöru eða vara kemur nýja varan? Tilgreina skal framleiðslustað þeirrar vöru ef hann er annar en nýi framleiðslustaðurinn. Lýsa skal tengingunni á milli þeirrar vöru og núverandi fjárfestingar og gefa upp tímamörk um það hvenær nýja varan muni koma í stað hinnar eldri.

.....

— Hvaða aðrar vörur er unnt að framleiða með þessum sömu, nýju framleiðslutækjum (með sveigjanleika í framleiðslubúnaði aðstoðarþegans) með litlum eða engum viðbótarkostnaði?

.....

— Útskýra skal hvort verkefnið varði vöru á millistigi framleiðslunnar og hvort umtalsverður hluti framleiðslunnar sé seldur á annan hátt en á markaði (við markaðsaðstæður). Við útreikning á markaðshlutdeild og aukinni afkastagetu í því sem eftir er af þessum þætti skal byggja á grundvelli framangreindra útskýringa og tilgreina hvort viðkomandi vara er sú vara sem áformuð var í verkefninu eða hvort hún er vara á síðari framleiðslustigum.

.....

— Tilgreina skal viðkomandi markað(i) fyrir viðkomandi vöru eða vörur og láta, ef unnt er, í té gögn því til stuðnings frá óháðum þriðja aðila. Viðkomandi vörumarkaður tekur til hlutaðeigandi vöru og staðgönguvara hennar á eftirspurnarhliðinni, þ.e.a.s. vara sem neytandinn álítur vera slíkar vörur (vegna eiginleika vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar) og staðgönguvara hennar á framboðshliðinni, þ.e.a.s. vara sem framleiðendur álíta vera slíkar vörur (á grundvelli sveigjanleika í framleiðslubúnaði aðstoðarþegans og samkeppnisaðila hans).

.....

3.4.2. Láta skal í té upplýsingar um viðkomandi landfræðilegan markað aðstoðarþegans og gögn því til stuðnings:

.....

Markaðsstyrkur (115. liður og a-liður 132. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)

3.4.3. Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar um markaðsstöðu aðstoðarþegans (yfir tímabil fyrir veitingu aðstoðarinnar og vænta markaðsstöðu eftir að gengið hefur verið frá fjárfestingunni):

— mat á allri sölu (verðmæti og magn) aðstoðarþegans á viðkomandi markaði (á samstæðustigi)

.....

— mat á heildarsölu allra framleiðenda á viðkomandi markaði (verðmæti og magn). Taka skal með tölfræðilegar upplýsingar úr opinberum og/eða óháðum heimildum, ef þær liggja fyrir.

.....

3.4.4. Láta skal í té mat á uppbyggingu viðkomandi markaðar, m.a. styrkleika á markaði, mögulegum aðgangshindrunum, kaupmætti og útvíkkunar- eða útgönguhindrunum. Leggja skal fram gögn, ef unnt er frá óháðum þriðja aðila, til að styðja við niðurstöður þessa liðar.

.....

Afkastageta (a-liður 132. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)

3.4.5. Leggja skal fram mat á viðbótarframleiðslugetu sem verður til með fjárfestingunni (magni og virði):

.....

Í öllum tilvikum

Augljós neikvæð áhrif

3.4.6. Þegar um er að ræða sviðsmynd 1 skal láta í té eftirfarandi upplýsingar og stuðningsgögn um viðkomandi vörumarkað([20]):

— Hefur skipulagi viðkomandi markaðar hnignað til lengri tíma litið (þ.e.a.s. sýnir neikvæðan vaxtarhraða)? (135. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)?

.....

— Er hlutfallslegur samdráttur á viðkomandi markaði (þ.e.a.s. jákvæður vaxtarhraði sem fer ekki yfir viðmið um vaxtarhraða)? (135. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)

.....

Þegar um er að ræða sviðsmynd 2 skal tilgreina hvort fjárfesting hefði, án aðstoðar, verið staðsett á svæði með svæðisbundið aðstoðarhlutfall sem er hærra eða það sama og á marksvæðinu (139. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Láta skal í té gögn því til stuðnings.

.....

3.4.7. Staðfesta skal hvort aðstoðarþeginn hafi lagt fram yfirlýsingu þar sem hann staðfestir að hann hafi ekki lagt niður, á samstæðustigi, sams konar eða svipaða starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnum tveimur árum fyrir framlagningu umsóknar um aðstoð og að hann hyggist ekki leggja niður sams konar eða svipaða starfsemi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu í tvö ár frá lokum fjárfestingarinnar (23. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

Hafi slík yfirlýsing verið lögð fram skal afrit af henni fylgja tilkynningunni en að öðrum kosti skal útskýra hvers vegna hún var ekki lögð fram.

.....

3.4.8. Ef aðstoðarþeginn hefur lagt niður, á samstæðustigi, sams konar eða svipaða starfsemi á öðru svæði á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnum tveimur árum fyrir framlagningu umsóknarinnar um aðstoð eða hyggst gera slíkt á tveimur árum frá lokum fjárfestingarinnar og hefur flutt þá starfsemi til annars marksvæðis, eða hyggst gera slíkt, skal útskýra hvers vegna hann telur ekki orsakatengsl milli aðstoðarinnar og flutninganna (122. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.4.9. Útskýra skal hvort ríkisaðstoðin myndi leiða með beinum hætti til þess að fjöldi starfa tapist á öðrum stöðum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef ríkisaðstoðin myndi leiða til þess að fjöldi starfa tapist á fyrirliggjandi stöðum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilgreina fjölda þeirra og hlutfall samanborið við heildarfjölda starfa á viðkomandi stað eða stöðum.

.....

4. **Aðrar upplýsingar**

Láta skal í té aðrar upplýsingar sem máli skipta við mat á tilkynntri aðstoðarráðstöfun samkvæmt viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð:

.....

([20]) Ófullnægjandi frammistaða markaðarins er yfirleitt metin með samanburði við verga landsframleiðslu á Evrópska efnahagssvæðinu á síðustu þremur árum fyrir upphaf verkefnisins (viðmiðunarvextir); hana má einnig ákvarða á grundvelli áætlaðs vaxtarhraða næstu þriggja til fimm ára. Vísar geta falið í sér fyrirsjáanlegan framtíðarvöxt viðkomandi markaðar og meðfylgjandi vænta afkastagetu og líkleg áhrif aukinnar afkastagetu á samkeppnisaðila í gegnum áhrif á verð og hagnaðarhlutfall.

HLUTI III.1.B

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um svæðisbundin fjárfestingaraðstoðarkerfi

Nota skal þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar til að tilkynna um hvers konar fjárfestingaraðstoðarkerfi sem falla undir viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna ríkisaðstoð 2014-2020 ([21]).

1. **Gildissvið**

1.1. Ástæður fyrir því að tilkynna aðstoðarkerfið í stað þess að taka það upp samkvæmt reglugerðinni um almenna hópundanþágu ([22]) eða reglugerðinni um minniháttaraðstoð ([23]):

a) ☐ Tilkynningin varðar aðstoð til atvinnugreina. Í því tilviki skal tilgreina þann geira sem fellur undir kerfið (kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE)):

b) ☐ Tilkynningin varðar almennt kerfi sem tekur einnig til skipasmíðageirans.

c) ☐ Annað. Tilgreina skal nánar:

.....

1.2. Gildissvið tilkynnta kerfisins

1.2.1. Hér með er staðfest að lagagrundvöllur tilkynnts kerfis gerir ráð fyrir að skylt sé að tilkynna framkvæmdastjórninni um staka aðstoð til aðstoðarþega sem hafa hætt sams konar eða svipaðri starfsemi ([24]) á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnum tveimur árum fyrir framlagningu umsóknar vegna aðstoðarinnar eða að á þeirri stundu þegar aðstoðarumsóknin er lögð fram hafi staðið til að hætta slíkri starfsemi innan tveggja ára frá lokum fjárfestingarinnar sem til stendur að niðurgreiða (23. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

1.2.2. Hér með er staðfest að tilkynnt aðstoðarkerfi kveður á um að engin svæðisbundin fjárfestingaraðstoð verði veitt þeim flokkum fyrirtækja og atvinnugeira sem tilgreindir eru hér á eftir. Í hverju tilviki skal telja upp viðeigandi ákvæði lagagrundvallar aðstoðarkerfisins.

Undanþegnir flokkar fyrirtækja og geira	Viðeigandi ákvæði lagagrundvallar aðstoðarkerfisins
Fyrirtæki í erfiðleikum ([1])	
Stáliðnaðurinn ([2])	
Gervitrefjaiðnaður ([2])	
Framleiðsla landbúnaðarafurða sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins	
Vinnsla og/eða markaðssetning landbúnaðarafurða sem tilgreindar eru í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins ([3]) í afurðir sem tilgreindar eru í þeim I. viðauka	
Framleiðsla, vinnsla og/eða markaðssetning fisk- og/eða lagareldisafurða sem tilgreindar eru í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins	

([21]) Viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB C 209, 23.7.2013, bls. 1).

([22]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

([23]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (Stjtíð. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1).

([24]) „Sams konar eða svipuð starfsemi“: starfsemi sem fellur undir sama flokk (fjögurra tölustafa talnakóði) atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk.

Undanþegnir flokkar fyrirtækja og geira	Viðeigandi ákvæði lagagrundvallar aðstoðarkerfisins
Flutningageirinn([4])	
Orkugeirinn	

([1]) Eins og skilgreint er í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum (Stjtíð. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1.)
([2]) Eins og skilgreint er í IV. viðauka við viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014–2020.
([3]) Viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna aðstoð eiga við um aðstoðarkerfi sem styðja við starfsemi sem fellur utan gildissviðs 42. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins en undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487) og eru annaðhvort samfjármögnuð með Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar eða fá innlenda viðbótarfjármögnun til slíkra samfjármagnaðra aðstoðarkerfa, nema sérreglur kveði á um annað.
([4]) Eins og skilgreint er í 12. nmgr. í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð.

1.2.3. Ef aðstoðarkerfið tekur til fjárfestingaraðstoðar vegna breiðbandsneta skal tilgreina hvort farið sé að eftirfarandi skilyrðum:

a) ☐ aðstoðin er aðeins veitt á svæðum þar sem ekkert netkerfi er í sama flokki (hvorki hefðbundið breiðband né næstu kynslóðar aðgangsnet) og þar sem ekki er líklegt að slíkt verði þróað í náinni framtíð,

b) ☐ rekstraraðili niðurgreidda kerfisins býður virkan og hlutlausan heildsöluaðgang með sanngjörnum skilyrðum án mismununar, með möguleika á skilvirkri og fullri sundurgreiningu,

c) ☐ úthluta skal aðstoðinni á grundvelli valfrelsis á samkeppnisgrundvelli í samræmi við c- og d-lið 78. gr. breiðbandsleiðbeininganna ([25]),

Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

1.2.4. Ef kerfið tekur til aðstoðar vegna innviða rannsókna er aðstoðin einungis veitt með því skilyrði að aðgangur að innviðum sé gagnsær og án mismununar?

a) ☐ Nei

b) ☐ Já Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

2. **Nýfjárfesting, aðstoðarhæfur kostnaður og aðstoð**

2.1. Tegundir nýfjárfestinga sem falla undir kerfið

2.1.1. Þegar kerfið tekur til fjárfestinga á svæðum „a“ af hálfu lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða stórra fyrirtækja ([26]) eða fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðum „c“ (34. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) skal tilgreina flokk eða flokka nýfjárfestinga sem tilkynningin nær til (h-liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

a) ☐ stofnun nýrrar starfsstöðvar

b) ☐ útvíkkuð afkastageta starfandi starfstöðvar

c) ☐ aukin fjölbreytni í framleiðslu starfstöðvar á vörum sem hafa ekki áður verið framleiddar í starfsstöðinni

([25]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðunarreglur ESB vegna beitingu reglna um ríkisaðstoð með tilliti til hraðrar útbreiðslu breiðbandsneta (Stjtíð. ESB C 25, 26.1.2013, bls. 1).
([26]) „Lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

d) ☐ grundvallarbreyting á heildarframleiðsluferli starfandi starfsstöðvar

e) ☐ yfirtaka eigna sem tengjast starfsstöðinni með beinum hætti að því tilskildu að starfsstöðinni hafi verið lokað eða hefði verið lokað hefði hún ekki verið keypt, og að hún sé af keypt fjárfesti sem er ótengdur seljandanum ([27])

2.1.2. Ef kerfið tekur til fjárfestinga stórra fyrirtækja á svæði „c“ skal tilgreina flokk eða flokka viðkomandi nýfjárfestinga sem tilkynningin nær til (15. liður og i-liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

a) ☐ stofnun nýrrar starfstöðvar

b) ☐ aukin fjölbreytni í starfsemi starfsstöðvar, að uppfylltum þeim skilyrðum að nýja starfsemin sé ekki eins og sú starfsemi sem áður var stunduð í starfsstöðinni eða svipuð henni ([28])

c) ☐ aukin fjölbreytni starfandi starfsstöðvar með því að bæta við nýjum vörum

d) ☐ nýir verkferlar starfandi starfsstöðvar

e) ☐ yfirtaka eigna sem tilheyra starfsstöð sem hefur verið lokað, eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt, og er keypt af fjárfesti sem er ótengdur seljandanum, á þeirri forsendu að nýja starfsemin, sem á að stunda með því að nota eignirnar sem voru keyptar, er ekki sama starfsemin eða svipuð þeirri starfsemi sem fór fram í starfsstöðinni fyrir yfirtökuna

2.1.3. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að framkvæmdastjórninni verði tilkynnt um alla staka aðstoð sem veita skal samkvæmt lagagrundvelli kerfisins til stórra fyrirtækja á svæði „c“ með það í huga (24. og 34. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

a) að auka fjölbreytni starfandi starfsstöðvar með því að bæta við nýjum vörum,

b) að taka upp nýja verkferla hjá starfandi starfsstöð.

.....

2.1.4. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að framkvæmdastjórninni verði tilkynnt um alla staka aðstoð sem veita skal samkvæmt lagagrundvelli kerfisins sem leiða myndi til þess að farið yrði yfir viðmiðunarmörk tilkynninga ([29]) (23. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

2.2. Aðstoðarhæfur kostnaður sem reiknaður er út á grundvelli fjárfestingarkostnaðar

2.2.1. Þegar aðstoðarhæfur kostnaður (x. liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) samkvæmt kerfinu varðar efnislegar eignir: Eru verðmæti fjárfestingarinnar ákvörðuð sem hlutfall útgjalda til lands, bygginga og verksmiðja, véla og búnaðar? ([30]):

a) ☐ lands

b) ☐ bygginga

c) ☐ verksmiðja/véla/búnaðar?

Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

([27]) Yfirtaka á hlutum fyrirtækis ein og sér telst ekki nýfjárfesting.

([28]) „Sams konar eða svipuð starfsemi“: starfsemi sem fellur undir sama flokk (fjögurra tölustafa talnakóði) atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk.

([29]) Viðmiðunarmörk tilkynninga eru skilgreind í n-lið 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð.

([30]) Á sviði flutninga mega útgjöld vegna kaupa á flutningatækjum ekki vera innifalin í stöðluðum útreikningsgrunni. Slík útgjöld teljast ekki uppfylla skilyrði fyrir aðstoð til nýfjárfestinga.

2.2.2. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar sem kveða á um að keyptar eignir skuli vera nýjar ([31]) (94. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)

.....

.....

2.2.3. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja megi ekki telja meira en 50% af kostnaði við undirbúningsrannsóknir eða ráðgjafarkostnað, sem tengdur er fjárfestingunni, með aðstoðarhæfum kostnaði (95. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

.....

2.2.4. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að aðstoðarhæfur kostnaður skuli vera, að því er varðar aðstoð sem veitt er vegna grundvallarbreytingar á framleiðsluferlinu, hærri en afskriftir eigna sem tengjast starfseminni, sem færa á til nútímahorfs, á næstliðnum þremur reikningsárum (96. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

.....

2.2.5. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að aðstoðarhæfur kostnaður skuli vera, að því er varðar aðstoð sem veitt er til að auka fjölbreytni starfandi starfsstöðvar, a.m.k. 200% yfir bókfærðu virði eigna sem eru endurnýttar, eins og það er skráð á næstliðnu reikningsári fyrir upphaf vinnu við verkið (97. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

.....

2.2.6. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða leigu efnislegra eigna skal tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem mælt er fyrir um að uppfylla skuli eftirfarandi skilyrði (98. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

— Leiga á landi og byggingum verður að vera til a.m.k. fimm ára eftir að áætlað er að fjárfestingaverkefninu ljúki þegar um er að ræða stór fyrirtæki og til a.m.k. þriggja ára þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

.....

— Leiga á tækjakosti eða vélum verður að vera í formi fjármögnunarleigu og fela í sér skuldbindingu fyrir aðstoðarþegann um að kaupa eignina þegar leigusamningurinn rennur út.

.....

2.2.7. Í 99. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð er kveðið á um að „ef um er að ræða yfirtöku á eignum starfsstöðvar skal einungis taka tillit til kostnaðar við að kaupa eignirnar frá þriðja aðila sem er ótengdur kaupandanum. Viðskipti verða að fara fram við markaðsaðstæður. Ef aðstoð hefur þegar verið veitt vegna yfirtöku eigna áður en þær eru keyptar skal draga kostnaðinn af þessum eignum frá aðstoðarhæfum kostnaði sem tengist yfirtöku starfsstöðvar. Ef yfirtöku á starfsstöð fylgir aðstoðarhæf viðbótarfjárfesting skal bæta þeim aðstoðarhæfa kostnaði af þessari síðari fjárfestingu við kostnað vegna kaupa á eignum starfsstöðvarinnar“.

Ef við á vegna tilkynnta kerfisins skal tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem mælt er fyrir um að virða skuli skilyrði þessa liðar.

.....

([31]) Það ákvæði þarf ekki að gilda fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki eða ef um yfirtöku á starfsstöð er að ræða.

2.2.8. Ef aðstoðarhæfur kostnaður samkvæmt kerfinu tengist óefnislegum eignum (j-liður 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð): Er verðmæti fjárfestingarinnar ákveðið á grundvelli kostnaðar við tækniyfirfærslu vegna kaupa á einkaleyfum, leyfum, verkþekkingu eða tækniþekkingu sem er ekki bundin einkaleyfi?

a) ☐ einkaleyfum

b) ☐ leyfum

c) ☐ verkkunnáttu

d) ☐ tækniþekkingu sem er ekki bundin einkaleyfi

Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

2.2.9. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið á um að í tilviki stórra fyrirtækja megi útgjöld vegna aðstoðarhæfra, óefnislegra fjárfestinga ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum heildarfjárfestingarkostnaði við verkefnið (100. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

2.2.10. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að virða skuli þau skilyrði sem sett eru fram í 101. og 102. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð ([32]).

.....

2.3. Aðstoðarhæfur kostnaður sem er reiknaður út á grundvelli launakostnaðar

Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um hvernig aðstoðarhæfur kostnaður, sem reiknaður er út á grundvelli launakostnaðar, skuli ákvarðaður (103. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð), hvernig reikna skuli út fjölda starfa sem skapast með vísan til k-liðar 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð og hvernig launakostnaður vegna einstaklinga sem ráðnir hafa verið er ákvarðaður með vísan til z-liðar 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð.

.....

2.4. Útreikningur á afvöxtuðum aðstoðarhæfum kostnaði

2.4.1. Tilgreina skal hvaða form aðstoðar eru leyfð samkvæmt kerfinu:

a) ☐ Styrkir. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

b) ☐ Hagstæð lán. Tilgreina skal hvernig styrkígildið verður reiknað út og viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

c) ☐ Ábyrgðir. Tilgreina skal hvernig styrkígildið verður reiknað út og viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

d) ☐ Skattráðstafanir. Tilgreina skal tegund ráðstafana og hvernig styrkígildið verður reiknað út. Einnig skal tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

([32]) Ákvæði 101. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð kveða á um að óefnislegar eignir, sem uppfylla skilyrði fyrir útreikningi á fjárfestingarkostnaði, verði áfram að tengjast viðkomandi því svæði, sem nýtur aðstoðar, beint og að þær megi ekki flytja til annarra svæða. Í þessu skyni verða óefnislegu eignirnar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
— þær má eingöngu nota í starfsstöðinni sem þiggur aðstoðina:
— þær verða að vera afskrifanlegar,
— þær verða að vera keyptar við markaðsaðstæður af þriðju aðilum sem eru ótengdir kaupandanum.
Ákvæði 102. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð kveða á um að óefnislegar eignir verði að vera innifaldar í eignum fyrirtækisins sem fær aðstoðina og verði áfram að tengjast verkefninu sem aðstoðin er veitt til í a.m.k. fimm ár (þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki).

e) ☐ Annað. Tilgreina skal hvernig styrkígildið verður reiknað út. Einnig skal tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

2.4.2. Uppfyllir aðstoðarkerfið skilyrði fyrir samfjármögnun uppbyggingar- og fjárfestingarsjóða Evrópu? Ef svarið er já skal geta um hvaða aðgerðaráætlanir hægt er að nota til að afla fjármögnunar frá uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu. Einnig skal tilgreina fjárhæð fjármögnunar frá uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu, ef hún er þekkt á þessu stigi.

.....

2.4.3. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að það yfirvald sem veitir aðstoð skuli, áður en stök aðstoð er veitt samkvæmt tilkynnta kerfinu, komast að því hvort aðstoðarþeginn (á samstæðustigi) hafi fengið aðstoð vegna einnar eða fleiri nýfjárfestinga sem hófst eða hófust á sama svæði 3 samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða (NUTS 3) á þriggja ára tímabili frá þeim degi að telja þegar vinna hófst við fjárfestingarverkefnið.

.....

2.4.4. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að heildarfjárhæð aðstoðar, sem veitt verður samkvæmt kerfi til nýfjárfestingarverkefnis, fari ekki yfir „hámarkshlutfall aðstoðar“ (eins og það er skilgreint í m-lið 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð), að teknu tilliti til hærra aðstoðarhlutfalls til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (eins og ákvarðað er í 177. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) eða „leiðréttrar fjárhæðar aðstoðar“ (eins og það er skilgreint í c-lið 20. liðar í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð), eftir atvikum.

.....

2.4.5. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að þar sem stök aðstoð er veitt samkvæmt nokkrum svæðisbundnum aðstoðarkerfum eða í bland við sérstaka aðstoð skuli fyrsta yfirvaldið sem veitir aðstoðina reikna fyrir fram út leyfilegt hámarkshlutfall aðstoðar sem veita má til verkefnisins (92. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)

.....

2.4.6. Þegar aðstoðarkerfið heimilar aðstoð til nýfjárfestingar sem tengist verkefnum innan evrópsku svæðasamvinnunnar (ETC) skal tilgeina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um (með vísan til ákvæða í 93. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð) hvernig ákvarðað verður hámarkshlutfall aðstoðar sem á við um verkefnið og hinir ýmsu aðstoðarþegar sem taka þátt.

.....

3. **Mat á samrýmanleika aðstoðarkerfisins**

3.1. Framlag til svæðisbundins markmiðs og þörf fyrir íhlutun ríkis

Er kerfið hluti af aðgerðaáætlun ([33]) (32. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð)?

☐ Já Tilgreina skal viðkomandi aðgerðaáætlun eða -áætlanir:

.....

☐ Nei. Útskýra skal hvernig kerfið er í samræmi við og stuðlar að þróunaráætlun viðkomandi svæðis (33. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.1.1. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar sem fela í sér kröfur um mat á umhverfisáhrifum fyrir viðkomandi fjárfestingar áður en aðstoð er veitt til stakra verkefna, þegar þess er krafist samkvæmt lögum (39. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

([33]) Aðgerðaáætlun eða þróunaráætlun eru skilgreindar með skírskotun til Byggðaþróunarsjóðs Evrópu (ERDF), Félagsmálasjóðs Evrópu, Samheldnisjóðsins, Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar eða Sjávarútvegssjóðs Evrópu (EMFF).

3.1.2. Útskýra skal hvernig yfirvaldið sem veitir aðstoðina mun forgangsraða og velja fjárfestingarverkefnin samkvæmt markmiðum kerfisins (t.d. á grundvelli formlegs stigakerfis) (33. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar eða önnur tengd stjórnsýslulög.

.....

3.1.3. Þegar aðstoð er veitt til stakra fjárfestingarverkefna samkvæmt tilkynntu kerfi skal útskýra hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, mun sýna fram á að valið eða valin verkefni stuðla að markmiði kerfisins og þannig að þróunaráætlun fyrir viðkomandi svæði (35. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.1.4. Útskýra skal hvernig ákvæðið, þar sem gerð er krafa um að hvers kyns fjárfestingu, sem nýtur stuðnings samkvæmt tilkynnta kerfinu, verði viðhaldið á viðkomandi svæði í a.m.k. fimm ár (þrjú ár í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja) eftir að að framkvæmd hennar er lokið (36. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

3.1.5. Ef aðstoðin, sem veitt er samkvæmt tilkynnta kerfinu, er reiknuð á grundvelli launakostnaðar skal útskýra aðferðina við framkvæmd ákvæðisins, þar sem þess er krafist að störf skapist innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur og að hverju starfi, sem viðkomandi fjárfesting skapar, sé viðhaldið innan svæðisins í fimm ár (þrjú ár í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja) frá þeim degi að telja þegar fyrst er ráðið í stöðuna (37. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

3.1.6. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að viðtakendur verði að leggja fram a.m.k. 25% aðstoðarhæfs kostnaðar, af eigin fé eða með utanaðkomandi fjármögnun, með einhverjum þeim hætti sem ekki felur í sér opinberan stuðning ([34]) (38. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð).

.....

3.1.7. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar sem sýna að kerfið skuli taka tillit til efri marka á korti yfir svæðisbundna aðstoð sem eru í gildi þegar aðstoðinni er úthlutað (81. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Einnig skal tilgreina ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem viðkomandi kort yfir svæðisbundna aðstoð er samþykkt.

.....

3.2. Er aðstoðarkerfið viðeigandi?

3.2.1. Ef kerfið er ekki aðstoðarhæft samkvæmt aðgerðaáætlun skal útskýra hvers vegna svæðisbundin aðstoð er viðeigandi leið til að takast á við sameiginleg markmið um eigið fé eða samheldni ([35]) (52. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.2.2. Þegar aðstoðarkerfið varðar tiltekna geira og sameiginleg fjármögnun uppbyggingarsjóða kemur ekki til álita skal sýna fram á kosti slíkrar leiðar borið saman við kerfi sem taka til margra atvinnugreina eða aðra stefnuvalkosti (53. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.2.3. Verður stök aðstoð veitt samkvæmt tilkynnta kerfinu:

☐ sjálfkrafa ef skilyrði kerfisins eru uppfyllt eða

☐ eftir mat í hverju tilviki fyrir sig, með hliðsjón af ákvörðun yfirvalda?

([34]) Þessi spurning á ekki við um niðurgreidd lán, eiginfjárlán frá hinu opinbera eða framlag frá hinu opinbera sem uppfyllir ekki meginregluna um fjárfesta, ríkisábyrgðir sem fela í sér aðstoð eða opinberan stuðning sem er veittur innan ramma minniháttarreglunnar.

([35]) Í þeim tilgangi er m.a. hægt að vísa til mats á áhrifum á fyrirhugað kerfi eða eftirámats á sambærilegum kerfum.

Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

Ef veita á aðstoð eftir mat í hverju tilviki fyrir sig skal gefa stutta lýsingu á þeim viðmiðunum sem notaðar eru og láta fylgja afrit af stjórnsýsluákvæðum þess yfirvalds, sem veitir aðstoðina, sem eiga við veitingu aðstoðar:

.....

3.2.4. Ef aðstoð, innan ramma kerfisins, er veitt með þeim hætti að hún feli í sér beinan fjárhagslegan ávinning ([36]) skal sýna fram á af hverju önnur form aðstoðar, sem hafa hugsanlega minni áhrif til röskunar, s.s. fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða eða form aðstoð sem byggð eru á skulda- eða eiginfjárgerningum ([37]), eiga ekki við (57. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.3. Hvatningaráhrif kerfisins og meðalhóf

3.3.1. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem þess er krafist að umsókn verði lögð fram áður en vinna við viðkomandi fjárfestingarverkefni hefst (64. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.3.2. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að þeim sem sækja um aðstoð samkvæmt tilkynntu kerfi sé skylt að leggja fram staðlað umsóknareyðublað sem yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, lætur í té þar sem þeir verða að útskýra hvað myndi gerast í staðleysusviðsmynd ef þeir hljóta ekki aðstoðina og tilgreina hvaða sviðsmynd (sviðsmynd 1 — fjárfestingarákvörðun eða sviðsmynd 2 — ákvörðun um staðsetningu) á við (66. liður og 61. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Ef það umsóknareyðublað er frábrugðið dæminu, sem kveðið er á um í V. viðauka í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð, skal láta í té afrit af þeirri umsókn.

.....

3.3.3. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að stórum fyrirtækjum, sem sækja um aðstoð samkvæmt tilkynntu kerfi, sé skylt að láta í té skjalfesta sönnun til stuðnings þeirri staðleysusviðsmynd sem lýst er. (67. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð). Einnig skal útskýra hvers konar skjala verður krafist.

.....

3.3.4. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að við mat á umsókn um staka aðstoð sé yfirvaldinu, sem veitir aðstoðina, skylt að framkvæma athugun á trúverðugleika framsettrar staðleysusviðsmyndar og staðfesta að svæðisbundin aðstoð hafi tilskilin hvatningaráhrif sem svara til *sviðsmyndar 1* eða *sviðsmyndar 2* ([38]) (68. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð).

.....

3.3.5. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að stök aðstoð, sem veitt er stórum fyrirtækjum samkvæmt tilkynntu kerfi, verði takmörkuð við aukinn kostnað (nettó) við framkvæmd fjárfestingar-innar á viðkomandi svæði, borið saman við staðleysusviðsmyndina þegar ekki er um aðstoð að ræða, með því að nota aðferðina sem útskýrð er í 79. og 80. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð (88. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð).

.....

([36]) Til dæmis beinir styrkir, undanþágur frá skatti eða lækkun á sköttum, almannatryggingar eða önnur lögboðin gjöld eða aðgangur að landi, vörum eða þjónustu á hagstæðu verði o.s.frv.

([37]) Til dæmis lán með lágum vöxtum eða vaxtaafsláttur, ríkisábyrgðir, kaup á hlutafjáreign eða önnur ráðstöfun fjármagns á hagstæðum kjörum.

([38]) Staðleysusviðsmynd er trúverðug ef hún er raunveruleg og byggist á þáttum varðandi ákvarðanatöku sem eiga við þegar aðstoðarþeginn tekur ákvörðun varðandi fjárfestinguna.

3.4. Komist hjá ótilhlýðilegum neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

3.4.1. Útskýra skal hvernig röskun á samkeppni og viðskiptum af völdum tilkynnta kerfisins verður lágmörkuð (125. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð) ([39]):

.....

3.4.2. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að þegar aðstoð er veitt innan ramma kerfisins til stakra verkefna verði yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, að sannreyna og staðfesta að án aðstoðarinnar hefði fjárfestingin ekki verið staðsett á svæði þar sem svæðisbundið aðstoðarhlutfall er hærra eða hið sama og á marksvæðinu (126. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð).

.....

3.4.3. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar þar sem kveðið er á um að þegar aðstoð er veitt innan ramma kerfisins til stakra verkefna verði yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, að tilkynna um veitingu stakra aðstoðarstyrkja í þeim tilvikum þar sem aðstoðarþeginn hefur hætt sams konar eða svipaðri starfsemi á öðru svæði á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnum tveimur árum fyrir umsóknardag vegna aðstoðarinnar eða að á þeirri stundu þegar umsóknin um aðstoð er lögð fram hafi hann í hyggju að hætta slíkri starfsemi innan tveggja ára frá lokum fjárfestingarinnar sem til stendur að niðurgreiða (122. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð).

.....

4. **Aðrar upplýsingar**

Láta skal í té hverjar þær upplýsingar aðrar sem skipta máli við mat á tilkynntri aðstoðarráðstöfun samkvæmt viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð.

.....

HLUTI III.1.C

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi

Nota verður þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar til að tilkynna um hvers konar rekstraraðstoðarkerfi sem falla undir viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020 ([40]) *(„viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna ríkisaðstoð“).*

1. **Gildissvið**

a) Tilgreina skal hvers konar rekstraraðstoð verður veitt:

i. ☐ Rekstraraðstoð til að draga úr tilteknum sértækum erfiðleikum sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir á sviðum „a“

ii. ☐ Rekstraraðstoð til að bæta upp viðbótarkostnað á ystu svæðum

iii. ☐ Rekstraraðstoð til að draga úr fólksfækkun á mjög strjálbýlum svæðum

iv. ☐ Annað. Tilgreina skal nánar:

.....

.....

b) Er í tilkynnta aðstoðarkerfinu kveðið á um að engin rekstraraðstoð verði veitt eftirfarandi flokkum fyrirtækja og atvinnugeira? Í hverju tilviki skal telja upp viðeigandi ákvæði lagagrundvallar aðstoðarkerfisins.

([39]) Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta líkleg neikvæð áhrif gæti aðildarríkið lagt fram hvers kyns mat á áhrifum sem það hefur yfir að ráða, svo og eftirámat sem hefur verið framkvæmt vegna svipaðra fyrri kerfa (eins og tilgreint er í 125. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð).

([40]) Viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB C 209, 23.7.2013, bls. 1).

Undanþegnir flokkar fyrirtækja og geira	Fyrirtæki í erfiðleikum (1)	Viðeigandi ákvæði lagagrundvallar aðstoðarkerfisins
Stáliðnaðurinn (2)	☐ Já	
Gervitrefjaiðnaður (2)	☐ Já	
Framleiðsla landbúnaðarafurða sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins	☐ Já	
Vinnsla og/eða markaðssetning landbúnaðarafurða sem tilgreindar eru í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins (3) í afurðir sem tilgreindar eru í þeim I. viðauka	☐ Já	
Framleiðsla, vinnsla og/eða markaðssetning fisk- og/eða lagareldisafurða sem tilgreindar eru í I. viðauka við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins	☐ Já	
Flutningageirinn	☐ Já	
Orkugeirinn	☐ Já	
Bálkur K „Fjármála- og vátryggingastarfsemi“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk.	☐ Já	
Flokkur 70.10 í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) „Starfsemi aðalskrifstofa“ og flokkur 70.22 í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) „Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf“	☐ Já	

(1) Eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum (Stjtíð. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1.)

(2) Eins og skilgreint er í IV. viðauka við viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014–2020.

(3) Viðmiðunarreglurnar um svæðisbundna aðstoð gilda að því er varðar aðstoðarkerfi, sem styðja við starfsemi sem fellur utan gildissviðs 42. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins en fellur undir reglugerð um dreifbýlisþróun (Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487)), og eru annaðhvort samfjármögnuð af Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar eða veitt er landsbundin viðbótarfjármögnun til slíkra samfjármagnaðra kerfa nema sérreglur kveði á um annað.

2. **Grunnþættir kerfisins**

2.1. Lýsa skal meginþáttum kerfisins og markmiðum þess:

.....

2.2. Tilgreina skal hvaða form aðstoðar eru leyfð samkvæmt kerfinu:

a) ☐ Styrkir. Tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

b) ☐ Hagstæð lán. Tilgreina skal hvernig styrkígildið verður reiknað út og viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

c) ☐ Ábyrgðir. Tilgreina skal hvernig styrkígildið verður reiknað út og viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

d) ☐ Skattráðstafanir. Tilgreina skal hverjar þær eru og hvernig styrkígildið verður reiknað út. Einnig skal tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

e) ☐ Annað. Tilgreina skal hvernig styrkígildið verður reiknað út. Einnig skal tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

2.3. Stök aðstoð samkvæmt tilkynnta kerfinu verður veitt:

a) ☐ sjálfkrafa ef skilyrði kerfisins eru uppfyllt

b) ☐ eftir mat í hverju tilviki fyrir sig, með hliðsjón af ákvörðun yfirvalda.

Ef aðstoðin verður veitt eftir mat í hverju tilviki fyrir sig skal gefa stutta lýsingu á þeim viðmiðunum sem farið verður eftir. Ef til eru stjórnsýsluleiðbeiningar um mat á aðstoðarumsókninni skal afrit fylgja með:

.....

2.4. Verður verkefnið samfjármagnað með uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu? Ef svarið er já skal útskýra hvaða aðgerðaráætlanir hægt er að nota til að afla fjármögnunar frá uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu. Einnig skal tilgreina fjárhæðir viðkomandi fjármögnunar frá uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðum Evrópu.

.....

3. **Samrýmanleiki aðstoðarinnar**

3.1. Framlag til svæðisbundins markmiðs og hvatningaráhrifa:

Aðstoð til að draga úr tilteknum sértækum erfiðleikum sem lítil og meðalstór fyrirtæki ([41]) *standa frammi fyrir á sviðum „a“*

3.1.1. Tilgreina skal þá sértæku erfiðleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir á viðkomandi svæði og kerfið tekur til (43. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð) og sýna fram á að erfiðleikarnir séu fyrir hendi og mikilvægi þeirra (44. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð).

.....

3.1.2. Útskýra skal hvers vegna ekki er hægt að yfirstíga þá erfiðleika sem tilgreindir eru í lið 3.1.1 með fjárfestingaraðstoð og því sé þörf á tilkynnta rekstraraðstoðarkerfinu (44. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð):

.....

Að því er varðar aðstoð til að bæta upp tiltekinn viðbótarkostnað á ystu svæðum

3.1.3. Tilgreina skal sérstakan viðbótarkostnað ([42]) sem bættur verður upp samkvæmt kerfinu og sýna fram á hvernig sá kostnaður er tengdur varanlegum annmörkum sem settir eru fram í 349. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins (45. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð):

.....

Að því er varðar aðstoð til að draga úr fólksfækkun á mjög strjálbýlum svæðum

3.1.4. Sýna skal fram á hættu á fólksfækkun á viðkomandi svæði ef ekki kemur til rekstraraðstoðar (46. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

([41]) „Lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

([42]) Í þessu samhengi skal vakin athygli á að rekstraraðstoð til að bæta upp viðbótarkostnað vegna flutnings á vörum sem framleiddar hafa verið á svæðum„ sem uppfylla skilyrði fyrir rekstraraðstoð, er aðeins hægt að veita í samræmi við reglugerðina um almenna hópundanþágu sem er í gildi þegar aðstoðin er veitt.

3.2. Er aðstoðarkerfið viðeigandi?

Tilgreina skal hvers vegna sú aðstoð sem lögð er til er talin viðeigandi til að ná markmiðum kerfisins. Einkum skal útskýra hvers vegna önnur stjórntæki, sem hafa minni áhrif til röskunar, og aðrar tegundir aðstoðarleiða, sem hafa minni áhrif til röskunar, eru ekki talin viðeigandi til að ná sama jákvæða framlaginu til byggðaþróunar (50., 56., 57. og 58. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna aðstoð):

.....

3.3. Meðalhóf kerfisins

Að því er varðar allar tegundir rekstraraðstoðar

3.3.1. Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað sem rekja má að fullu til þeirra vandamála sem aðstoðinni er ætlað að takast á við (109. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð):

.....

3.3.2. Staðfesta skal að kostnaður vegna afskrifta og fjármögnunar, sem innifalin er í þeim aðstoðarhæfa kostnaði er varðar viðkomandi svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, verði ekki talinn með í aðstoðarhæfum kostnaði vegna rekstraraðstoðar (109. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð) og tilgreina skal viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

3.3.3. Lýsa skal greiðsluáætluninni (56. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð) sem verður samþykkt og hvernig sú áætlun mun gera viðeigandi útreikninga á aðstoðarfjárhæðinni mögulega með því að tryggja að ekki sé um ofgreiðslur að ræða, eins og skilgreint er í 109. lið í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð:

.....

3.3.4. Tilgreina skal hvort rekstraraðstoð sé einnig veitt á grundvelli annarra rekstraraðstoðarkerfa á svæðinu með því að geta viðeigandi tilvísana til ríkisaðstoðar þessara kerfa.

.....

3.3.5. Ef önnur rekstraraðstoðarkerfi eiga við á sama svæði skal útskýra hvernig tryggt er að rekstraraðstoð, sem veitt er samkvæmt öðrum rekstraraðstoðarkerfum, leiðir ekki til ofgreiðslna:

.....

Að því er varðar rekstraraðstoð sem er aðeins á ystu svæðum

3.3.6. Sýna skal fram á að viðbótarkostnaðurinn, sem bæta skal samkvæmt tilkynnta kerfinu, verði metinn með tilliti til kostnaðar sem stofnað er til af sambærilegum fyrirtækjum sem komið er á fót á öðrum svæðum í hlutaðeigandi aðildarríki (110. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð):

.....

Að því er varðar rekstraraðstoð til að draga úr tilteknum sértækum erfiðleikum sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir aðeins á tilteknum svæðum „a“

3.3.7. Útskýra skal hvernig dregið verður smátt og smátt úr umfangi aðstoðarinnar á meðan kerfið er í gildi (111. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð) og tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

3.4. Komist hjá ótilhlýðilegum neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

Útskýra skal hvers vegna það er ólíklegt að aðstoðin, sem veitt er innan ramma kerfisins, raski samkeppni á markaði umtalsvert (140. liður í viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð):

.....

4. **Aðrar upplýsingar**

Láta skal í té hverjar þær upplýsingar aðrar sem skipta máli við mat á tilkynntri aðstoðarráðstöfun samkvæmt viðmiðunarreglunum um svæðisbundna ríkisaðstoð.

.....

HLUTI III.2

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar

Nota verður þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar til að tilkynna um hvers konar aðstoðarráðstafanir (aðstoðarkerfi og staka aðstoð) sem falla undir ramma um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar („rammi um rannsóknir, þróun og nýsköpun“) ([43]).

Ef margir aðstoðarþegar taka þátt í stakri aðstoðarráðstöfun verður að láta í té viðeigandi upplýsingar fyrir hvern þeirra.

1. **Sérkenni tilkynntu aðstoðarráðstöfunarinnar**

1.1. Aðstoðarkerfi

A) Ástæður fyrir því að tilkynna aðstoðarkerfið:

a) ☐ aðstoðarkerfið felur í sér aðstoð sem er ekki gagnsæ í skilningi 5. gr. reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu ([44]),

b) ☐ aðrar ástæður.

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

B) Geirabundið gildissvið tilkynnta aðstoðarkerfisins:

.....

.....

C) Merkja skal í reitinn hér á eftir til að staðfesta að aðstoð sem er veitt samkvæmt tilkynnta kerfinu verði tilkynnt sérstaklega ef hún fer yfir þau viðmiðunarmörk sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu:

☐

1.2. Stök aðstoð

A) Ef aðstoðin er veitt á grundvelli samþykkts kerfis skal láta í té upplýsingar um það kerfi, þ.m.t. upplýsingar um hvar það er birt (veffang) og ríkisaðstoðarnúmer:

.....

.....

B) Ef við á skal greina frá því hvaða gengi hefur verið notað vegna tilkynningarinnar:

.....

.....

1.3. Almennar upplýsingar

A) Tilgreina skal tegund aðstoðar:

a) ☐ aðstoð til verkefna á sviði rannsókna og þróunar,

b) ☐ aðstoð til hagkvæmniathugana,

c) ☐ aðstoð til uppbyggingar og endurnýjunar á rannsóknarinnviðum,

([43]) Stjtíð. ESB C 198, 27.6.2014, bls. 1.

([44]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

d) ☐ nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki,

e) ☐ aðstoð til nýsköpunar á sviði verkferla og skipulags,

f) ☐ aðstoð til nýsköpunarklasa.

B) Tekur tilkynnta ráðstöfunin til fjármögnunar Sambandsins undir miðlægri stjórn stofnana, sérstofnana, sameiginlegra fyrirtækja eða annarra aðila Sambandsins sem eru hvorki beint né óbeint undir stjórn aðildarríkja?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

C) Tekur tilkynnta ráðstöfunin til fyrirtækja í erfiðleikum, eins og skilgreint er í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum ([45])?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

D) Tekur tilkynnta ráðstöfunin til fyrirtækja sem krafin eru um endurgreiðslu í kjölfar fyrri ákvörðunar þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg innri markaðnum?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina þær fjárhæðir sem enn á eftir að endurheimta:

.....

.....

E) Tekur tilkynnta ráðstöfunin til stofnana á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar („rannsóknarstofnana“) eða rannsóknarinnviða, eins og skilgreint er í ee- og ff-lið 15. liðar í rammanum um rannsóknir, þróun og nýsköpun?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

F) Tekur tilkynnta ráðstöfunin til opinberra innkaupa á þjónustu á sviði rannsókna og þróunar?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

([45]) Stjtíð. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1.

G) Er hægt að sameina aðstoðina, sem veitt er á grundvelli tilkynntu ráðstöfunarinnar, annarri aðstoð?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

H) Ef við á skal merkja í reitinn hér á eftir til staðfestingar á því að aðstoðarþegarnir falli undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerðina um almenna hópundanþágu, og skal, að því er varðar staka aðstoð, láta viðeigandi upplýsingar og gögn í té:

☐

.....

.....

2. **Rannsóknarstofnanir og rannsóknainnviðir**

A) Eru rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir, sem tilkynnta aðstoðarráðstöfunin nær til, notuð til að stunda starfsemi sem felur í sér framboð á vörum eða þjónustu á tilteknum markaði?

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

B) Ef sami aðili hefur með höndum bæði atvinnustarfsemi og aðra starfsemi, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni, er þá hægt að aðgreina þessa tvenns konar starfsemi, kostnað við hana, fjármögnun og tekjur á skýran hátt?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

C) Ef sami aðili hefur með höndum bæði atvinnustarfssemi og aðra starfsemi, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni, takmarkast þá fjárhæðir opinberra framlaga, sem úthlutað er til hennar fyrir tiltekið reikningsskilatímabil, við kostnað við starfsemi sem ekki er viðskiptalegs eðlis sem stofnað er til á sama tímabili?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

D) Ef sami aðili hefur með höndum bæði atvinnustarfsemi og aðra starfsemi, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni, er notkun í efnahagslegum tilgangi hrein stoðstarfsemi, þ.e.a.s. samsvarar hún starfsemi sem beinlínis tengist og er nauðsynleg rekstri rannsóknarstofnunarinnar eða rannsóknarinnviðanna eða er hún, sem slík, tengd helstu notkun, sem er ekki í viðskiptalegum tilgangi, og hefur takmarkað umfang?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina hlutfall af heildarafkastagetu sem nýtt er eða áætlað er að verði nýtt til slíkrar atvinnustarfsemi á hverju ári:

.....

.....

E) Ef opinberu fjármagni er veitt til atvinnustarfsemi rannsóknarstofnana eða rannsóknarinnviða, sem ekki er stoðstarfsemi, er þá hægt að sýna fram á að bæði opinbera fjármagnið og hvers konar ávinningur sem aflað er með því skili sér að fullu til endanlegra viðtakenda, t.d. með lægra verði, og að milliliðurinn njóti ekki frekari ávinnings?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

3. **Óbein ríkisaðstoð til fyrirtækja gegnum rannsóknarstofnanir og rannsóknarinnviði**

3.1. Rannsóknir fyrir hönd fyrirtækja

A) Eru rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir, sem tilkynnta aðstoðarráðstöfunin nær til, notaðir til samningsbundinna rannsókna eða til að veita fyrirtækjum rannsóknarþjónustu?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

B) Ef stundaðar eru samningsbundnar rannsóknir á vegum rannsóknarstofnana eða rannsóknarinnviða, eða fyrirtækjum veitt rannsóknarþjónusta, er slík þjónusta þá veitt á markaðsverði?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

C) Ef rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir stunda samningsbundnar rannsóknir eða veita fyrirtækjum rannsóknarþjónustu, og engu markaðsverði er til að dreifa, er þjónustan þá veitt á verði sem endurspeglar allan kostnað við þjónustuna og felur almennt í sér framlegð sem er ákvörðuð með hliðsjón af þeirri framlegð sem fyrirtæki, sem starfa í viðkomandi atvinnugrein, miða við, eða er verðið niðurstaða af samningaviðræðum ótengdra aðila þar sem rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir semja með það að markmiði að hámarka efnahagslegan ávinning við samningsgerðina og mæta a.m.k. jaðarkostnaði þeirra?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

3.2. Samstarf við fyrirtæki

A) Eiga rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir, sem tilkynnta aðstoðarráðstöfunin nær til, í virku samstarfi við fyrirtæki í því skyni að vinna sameiginlega að sértækum verkefnum?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

B) Ef rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir eiga í virku samstarfi við fyrirtæki skal tilgreina hvort eitthverjum af eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) þátttökufyrirtækin bera allan kostnað sem til fellur vegna verkefnanna

☐ já ☐ nei

b) árangri samstarfsins, sem ekki leiðir til hugverkaréttar, má miðla víða og hvers kyns hugverkaréttur sem leiðir af starfsemi rannsóknarstofnananna eða rannsóknarinnviðanna er að fullu ráðstafað til þeirra

☐ já ☐ nei

c) hvers kyns hugverkaréttur sem skapast með verkefninu, sem og tengdum aðgangsrétti, er úthlutað til mismunandi aðila að samstarfinu með þeim hætti að það endurspegli vinnuframlag þeirra, framlög og hagsmuni

☐ já ☐ nei

Ef svarið við einhverjum fyrrnefndra spurninga er „já“ skal veita nánari upplýsingar:

.....

.....

C) Ef rannsóknarstofnanir eða rannsóknarinnviðir eiga í virku samstarfi við fyrirtæki og ef svarið er ekki já við neinni spurningu í B-lið skal tilgreina hvort einhverju af eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) rannsóknarstofnanirnar eða rannsóknarinnviðirnir fá greiðslu þar sem fjárhæðin hefur verið ákveðin með opnu, gagnsæu samkeppnissöluútboði án mismununar:

☐ já ☐ nei

b) rannsóknarstofnanirnar eða rannsóknarinnviðirnir fá greiðslu þar sem óháð sérfræðimat hefur staðfest að fjárhæðin jafngildir a.m.k. markaðsverði:

☐ já ☐ nei

c) rannsóknarstofnanirnar eða rannsóknarinnviðirnir geta sýnt fram á að þau hafi samið á skilvirkan hátt um greiðslu við ótengda aðila með það að markmiði að njóta efnahagslegs hámarksávinnings frá því að samningurinn er gerður:

☐ já ☐ nei

d) í þeim tilvikum þar sem samstarfssamningurinn veitir samstarfsfyrirtækjunum forkaupsrétt að hugverkarétti sem verður til hjá rannsóknarstofnunum eða rannsóknarinnviðum hafa þau síðarnefndu gagnkvæman rétt á að falast eftir fjárhagslega hagkvæmari tilboðum frá þriðju aðilum svo að samstarfsfyrirtækin munu þurfa að jafna tilboð þeirra til samræmis við það:

☐ já ☐ nei

Ef svarið við einhverjum spurningum í þessum þætti er „já“ skal veita nánari upplýsingar:

.....

.....

4. **Opinber innkaup á þjónustu á sviði rannsókna og þróunar**

A) Ef tilkynnta ráðstöfunin felur í sér opinber innkaup á þjónustu á sviði rannsókna og þróunar frá fyrirtækjum eru veitendur þjónustunnar þá valdir í opnu útboðsferli sem fram fer í samræmi við gildandi tilskipanir ([46])?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal tilgreina nánar:

.....

.....

B) Í öllum öðrum tilvikum þar sem tilkynnta ráðstöfunin felur í sér opinber innkaup á þjónustu á sviði rannsókna og þróunar frá fyrirtækjum, þ.m.t. innkaup áður en til sölu kemur, skal tilgreina hvort eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) valferlið er opið, gagnsætt og án mismununar og byggt á hlutlægu vali og valforsendum sem tilgreindar eru áður en til útboðsferlisins kemur

☐ já ☐ nei

Ef svarið er nei skal tilgreina nánar hvort fylgt hafi verið opinni og gagnsærri málsmeðferð án mismununar í samræmi við gildandi tilskipanir (t.d. samkeppnisútboð með samningaviðræðum, nýsköpunarsamstarf eða samkeppnisviðræður):

.....

b) fyrirhugaðir samningar, sem lýsa öllum réttindum og skyldum aðilanna, þ.m.t. að því er varðar hugverkarétt, eru aðgengilegir öllum áhugasömum bjóðendum fyrir útboðsferlið:

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

c) innkaupin veita ekki neinum bjóðendum, sem taka þátt, fríðindameðferð í tengslum við afhendingu sölumagns fullunninna vara eða þjónustu til opinbers innkaupaaðila í hlutaðeigandi aðildarríki ([47]) og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

— miðla má öllum niðurstöðum, sem ekki leiða til hugverkaréttar, víða þannig að það geri öðrum fyrirtækjum kleift að endurtaka þær, og hvers kyns hugverkarétti er að að fullu ráðstafað til opinbera innkaupaaðilans

— þjónustuveitanda, sem fær ráðstafað til sín niðurstöðum sem leið til hugverkaréttar, er skylt að veita opinbera innkaupaaðilanum ótakmarkaðan, gjaldfrjálsan aðgang að niðurstöðunum og veita þriðju aðilum aðgang við markaðsaðstæður.

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

([46]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2014/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

([47]) Með fyrirvara um verklagsreglur sem ná bæði yfir þróun og síðari kaup á einstökum eða sérhæfðum vörum eða þjónustu.

5. **Lýsing á tilkynntu aðstoðarráðstöfuninni**

5.1. Aðstoð til verkefna á sviði rannsókna og þróunar

A) Tilgreina skal hvaða rannsóknar- og þróunarstig eru styrkt á grundvelli tilkynntu ráðstöfunarinnar:

a) ☐ grunnrannsóknir,

b) ☐ iðnaðarrannsóknir,

c) ☐ þróunarstarf.

B) Að því er varðar staka aðstoð, ef verkefnið nær yfir mismunandi rannsóknarflokka, skal skrá og skilgreina mismunandi verkefni eftir því hvort þau falla undir flokka grunnrannsókna, iðnaðarrannsókna eða þróunarstarfs:

.....

.....

C) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

	Grunnrannsóknir	Iðnaðarrannsóknir	Þróunarstarf
Starfsmannakostnaður			
Kostnaður vegna tækja og búnaðar			
Kostnaður vegna bygginga og lands			
Kostnaður vegna samningsbundinna rannsókna, þekkingar og einkaleyfa sem eru keypt eða fengin með leyfi frá utanaðkomandi aðilum í viðskiptum ótengdra aðila			
Annar almennur kostnaður sem stofnað er til með beinum hætti vegna verkefnisins			
Annar rekstrarkostnaður			

D) Tilgreina skal viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar:

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórt fyrirtæki
Grunnrannsóknir			
Iðnaðarrannsóknir			
— með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (að því er varðar stór fyrirtæki sem ná yfir landamæri eða við a.m.k. eitt lítið og meðalstórt fyrirtæki) eða milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar eða — með fyrirvara um víðtæka miðlun niðurstaðna			

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórt fyrirtæki
Þróunarstarf			
— með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (að því er varðar stór fyrirtæki sem ná yfir landamæri eða við a.m.k. eitt lítið og meðalstórt fyrirtæki) eða milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar eða — með fyrirvara um víðtæka miðlun niðurstaðna			

5.2. **Aðstoð vegna hagkvæmniathugana**

A) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

.....

.....

B) Tilgreina skal viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar, þ.m.t. hækkanir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja („aukagreiðslur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja“):

.....

.....

5.3. **Aðstoð vegna uppbyggingar og endurnýjunar rannsóknarinnviða**

A) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

.....

.....

B) Tilgreina skal gildandi hámarkshlutfall aðstoðar:

.....

.....

C) Ef rannsóknainnviðirnir taka bæði til atvinnustarfsemi og annarrar starfsemi en þeirrar sem er rekin í viðskiptaskyni skal merkja í reitinn hér á eftir til að staðfesta að gert sé grein fyrir fjármögnun, kostnaði og tekjum af hverri tegund starfsemi sérstaklega á grundvelli kostnaðarbókhaldsreglna sem beita skal af samkvæmni og rökstyðja með hlutlægum hætti:

☐

Að því er staka aðstoð varðar skal láta í té viðeigandi upplýsingar og gögn:

.....

.....

D) Ef rannsóknarinnviðirnir njóta opinberrar fjármögnunar, jafnt til atvinnustarfsemi og annarrar starfsemi en þeirrar sem rekin er í viðskiptaskyni, skal merkja í reitinn hér á eftir til að staðfesta að eftirlits- og endurgreiðslufyrirkomulag sé til staðar til að tryggja að ekki sé farið yfir viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar:

☐

Láta skal í té viðeigandi upplýsingar og gögn:

.....

.....

E) Svarar gjaldið, sem er innheimt fyrir rekstur eða notkun rannsóknarinnviðanna, til markaðsverðs?

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

F) Er aðgangur að rannsóknarinnviðunum opinn mörgum notendum á gagnsæjan hátt og án mismununar?

☐ já ☐ nei

Í þeim tilvikum þar sem sumum fyrirtækjum er veittur forgangsaðgangur skal láta í té upplýsingar og tilgreina hlutfall fjárfestingarkostnaðar sem þau fyrirtæki bera:

.....

.....

5.4. Nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki

A) Tilgreina skal hvaða starfsemi er styrkt á grundvelli tilkynntu ráðstöfunarinnar:

a) ☐ öflun, staðfesting og vernd einkaleyfa og annarra óefnislegra eigna,

b) ☐ tímabundinn flutningur mjög hæfs starfsfólks milli starfa,

c) ☐ öflun ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar.

B) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

.....

.....

C) Tilgreina skal viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar:

.....

.....

5.5. Aðstoð við nýsköpun á sviði verkferla og skipulags

A) Tilgreina skal hvaða starfsemi er styrkt á grundvelli tilkynntu ráðstöfunarinnar:

☐ nýsköpun á sviði verkferla,

☐ nýsköpun á sviði skipulags.

B) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

Starfsmannakostnaður	
Kostnaður við tæki og búnað (að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við verkefnið)	
Kostnaður tengdur byggingum og landi (að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við verkefnið)	
Kostnaður vegna samningsbundinna rannsókna, þekkingar og einkaleyfa sem eru keypt eða fengin með leyfi frá utanaðkomandi aðilum í viðskiptum ótengdra aðila	
Annar almennur kostnaður og annar rekstrarkostnaður sem stofnað er til með beinum hætti vegna rannsóknarverkefnisins	

C) Tilgreina skal viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar:

.....

.....

D) Í þeim tilvikum þar sem aðstoð er veitt stórum fyrirtækjum skal merkja í reitinn hér á eftir til að staðfesta að þau séu í samstarfi við lítil og meðalstór fyrirtæki í þeirri starfsemi sem fær aðstoð og að litlu og meðalstóru samstarfsfyrirtækin stofni til a.m.k. 30% af aðstoðarhæfum heildarkostnaði:

☐

Að því er staka aðstoð varðar skal láta í té viðeigandi upplýsingar og gögn:

.....

.....

5.6. Aðstoð við nýsköpunarklasa

A) Merkja skal í reitinn hér á eftir til að staðfesta að aðstoðin sé eingöngu veitt lögaðilum sem starfrækja nýsköpunarklasann:

☐

Veita skal upplýsingar að því er varðar staka aðstoð:

.....

.....

B) Endurspegla gjöldin, sem krafist er fyrir afnot af aðstöðu í klösunum og þátttöku í starfsemi klasanna, markaðsverð eða kostnað þeirra?

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

C) Er aðgangur að húsnæði, aðstöðu og starfsemi klasans opinn mörgum notendum á gagnsæjan hátt og án mismununar?

☐ já ☐ nei

Í þeim tilvikum þar sem sumum fyrirtækjum er veittur forgangsaðgangur skal láta í té upplýsingar og tilgreina hlutfall fjárfestingarkostnaðar sem þau fyrirtæki bera:

.....

.....

D) Að því er varðar staka aðstoð skal láta í té upplýsingar um áætlaða eða fyrirhugaða sérhæfingu í nýsköpunarklasanum, fyrirliggjandi möguleika á svæðinu og hvort fyrir hendi séu klasar í Sambandinu sem hafa sambærilegan tilgang:

.....

.....

5.6.1. Fjárfestingaraðstoð

A) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

.....

.....

B) Tilgreina skal viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar, þ.m.t. hækkanir („aukagreiðslur“) til klasa á aðstoðarsvæðum sem uppfylla skilyrðin í a- eða c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

.....

.....

5.6.2. Rekstraraðstoð

A) Tilgreina skal hvaða starfsemi er styrkt á grundvelli tilkynntu ráðstöfunarinnar:

a) ☐ virkjun klasans,

b) ☐ markaðssetning klasans,

c) ☐ rekstur aðstöðu í klasanum,

d) ☐ skipulagning þjálfunaráætlana, vinnufunda og ráðstefna.

B) Tilgreina skal aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð að því er varðar staka aðstoð:

.....

.....

C) Tilgreina skal viðeigandi hámarkshlutfall aðstoðar og tímalengd aðstoðarinnar:

.....

.....

6. **Mat á samrýmanleika tilkynntu aðstoðarráðstöfunarinnar**

Að því er varðar staka aðstoð skal láta í té nákvæma lýsingu á verkefninu eða starfseminni sem nýtur aðstoðarinnar:

.....

.....

6.1. Framlag til vel skilgreindra markmiða sem varða sameiginlega hagsmuni

A) Skilgreina skal nákvæmlega þau markmið sem stefnt er að og útskýra hvernig tilkynnta ráðstöfunin stuðlar að starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í Sambandinu:

.....

.....

B) Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða er það þá hluti af heildaráætlun eða aðgerðaáætlun til að örva starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar eða stefnuáætlanir um skynsamlega sérhæfingu?

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal þar sem við á einnig með tilvísun í mat á svipuðum fyrri aðstoðarráðstöfunum:

.....

.....

Stök aðstoð

A) Verður verkefnið aukið að umfangi vegna tilkynnta kerfisins?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina tegund aukningar og láta viðeigandi gögn í té:

a) ☐ hækkun á heildarkostnaði verkefnisins (án minni fjárnotkunar af hálfu aðstoðarþegans samanborið við þá stöðu þar sem engin aðstoð er veitt),

b) ☐ fjölgun fólks sem tekur þátt í starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar,

c) ☐ önnur tegund aukningar.

.....

.....

B) Verður umfang verkefnisins aukið vegna tilkynnta kerfisins?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina tegund aukningar og láta viðeigandi gögn í té:

a) ☐ aukinn fjöldi væntanlegra niðurstaðna úr verkefninu,

b) ☐ aukinn metnaður lagður í verkefnið sem kemur fram í auknum fjölda hagsmunaaðila, auknum líkum á afgerandi vísindalegum eða tæknilegum árangri eða aukinni hættu á því að verkefnið misheppnist (einkum tengt því hversu lengi verkefnið varir og óvissu um niðurstöður þess),

c) ☐ önnur tegund aukningar.

.....

.....

C) Verður verkefninu flýtt vegna tilkynntu ráðstöfunarinnar?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal láta viðeigandi gögn í té:

.....

.....

D) Verður aukið við þá heildarfjárhæð sem notuð er vegna tilkynntu ráðstöfunarinnar?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina tegund aukningar og láta viðeigandi gögn í té:

a) ☐ aukin heildarfjárnotkun aðstoðarþegans í þágu rannsókna þróunar og nýsköpunar að raungildi eða sem hlutfall af veltu,

b) ☐ breytingar á fyrirhugaðri fjárhagsáætlun vegna verkefnisins (án samsvarandi lækkunar á fjárveitingu sem úthlutað er til annarra verkefna),

c) ☐ önnur tegund aukningar.

.....

.....

E) Verður tilkynnta ráðstöfunin háð eftirámati, sem er öllum aðgengilegt, á framlagi þess til sameiginlegra hagsmuna?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar:

.....

.....

6.2. Þörf fyrir íhlutun ríkis

A) Tilgreina skal þá markaðsbresti sem hindra starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í þessu tilviki og réttlæta ríkisaðstoð og láta viðeigandi gögn í té:

a) ☐ jákvæðir utanaðkomandi þættir/yfirfærsla þekkingar,

b) ☐ ófullnægjandi og misvísandi upplýsingar,

c) ☐ vandamál í tengslum við samræmingu og netbilanir.

.....

.....

B) Útskýra skal hvernig tilkynnta ráðstöfunin getur með skilvirkum hætti dregið úr markaðsbrestum sem tengjast því að ná markmiði sem þjónar sameiginlegum hagsmunum án aðstoðar

.....

.....

6.2.1. Stök aðstoð

A) Útskýra skal hvort aðstoðin tekur á almennum markaðsbresti er varðar starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í Sambandinu eða tilteknum markaðsbresti er varðar t.d. tiltekinn geira eða atvinnugrein:

.....

.....

B) Tilgreina skal, ef unnt er, hvers kyns geirabundinn samanburð og aðrar rannsóknir sem geta stutt greininguna á meintum markaðsbresti:

.....

.....

C) Tilgreina skal, ef unnt er, hvers kyns upplýsingar er varða verkefni eða starfsemi innan Sambandsins á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem eru eða er, með tilliti til tæknilegs inntaks, áhættu og stærðar, sambærileg þeim eða þeirri sem tilkynnta ráðstöfunin nær til og útskýra hvers vegna aðstoðar er þörf í viðkomandi tilviki:

.....

.....

6.3. Er aðstoðarráðstöfunin viðeigandi?

A) Útskýra skal hvernig greindir hafa verið kostir þess að nota sértækt stjórntæki á borð við ríkisaðstoð til að efla starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar og láta í té hvers kyns tengt mat á áhrifum og fylgiskjöl:

.....

.....

B) Ef aðstoð er veitt með þeim hætti að hún veiti beinan fjárhagslegan ávinning (s.s. beinan styrk, undanþágur frá skatti eða lækkun á sköttum eða öðrum lögboðnum gjöldum, eða aðgang að landi, vörum eða þjónustu á hagstæðu verði) skal leggja fram greiningu á öðrum kostum og útskýra hvers vegna eða hvernig aðrar tegundir aðstoðar eiga síður við til að takast á við greindan markaðsbrest:

.....

.....

6.4. Hvatningaráhrif

A) Merkja skal í reitinn hér á eftir til að staðfesta að þegar aðstoðin er veitt á grundvelli tilkynntu ráðstöfunarinnar verði tryggt að vinna við viðkomandi starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar hafi ekki hafist áður en aðstoðarþeginn lagði fram umsókn um aðstoð til landsbundinna yfirvalda ([48]) og tilgreina skal, að því er varðar staka aðstoð, viðkomandi dagsetningar:

☐

.....

.....

B) Merkja skal í reitinn hér á eftir til að staðfesta að í umsóknum um aðstoð komi a.m.k. fram nafn umsækjanda og stærð fyrirtækis, lýsing á verkefninu, þ.m.t. staðsetning þess og upphafs- og lokadagsetningar, fjárhæð opinbers stuðnings sem þörf er á til að vinna verkið og skrá yfir aðstoðarhæfan kostnað:

☐

.....

.....

C) Ef aðstoðin er veitt í formi skattráðstöfunar skal láta upplýsingar í té um það og, að því er varðar ráðstafanir sem ekki eru stigvaxandi, tilgreina allar matsrannsóknir sem sýna fram á hvatningaráhrif hennar:

.....

.....

6.4.1. Stök aðstoð

A) Láta skal í té lýsingu í formi staðleysugreiningar á hegðun aðstoðarþegans þegar ekki er um aðstoð að ræða og útskýra fyrirhugaða breytingu:

.....

.....

B) Tilgreina skal þætti sem skipta máli fyrir tilkynntu ráðstöfunina og láta í té gögn því til stuðnings, s.s. gögn frá stjórn, áhættumat, reikningsskil, innri viðskiptaáætlanir, sérfræðiálit og aðrar rannsóknir sem tengjast verkefninu sem metið er:

a) ☐ arðsemi,

b) ☐ fjárhæð fjárfestingar og tímaáætlun sjóðstreymis,

c) ☐ áhætta.

.....

.....

([48]) Ef umsóknin um aðstoðina er fyrir verkefni á sviði rannsókna og þróunar er ekki útilokað að mögulegur aðstoðarþegi hafi þegar framkvæmt hagkvæmniathuganir sem falla ekki undir aðstoðarbeiðnina.

C) Tilgreina skal, ef unnt er, gögn sem tengjast tiltekinni atvinnugrein og sýna að staðleysusviðsmynd aðstoðarþegans, arðssemiskrafa hans og vænt sjóðstreymi hans eru réttmæt.

.....

.....

6.5. Meðalhóf aðstoðar

A) Ef aðstoðin er veitt í formi fyrirframgreiðslu, sem ber að endurgreiða, tilgreind í vergu styrkígildi, skal veita nákvæmar upplýsingar um aðferðafræðina sem notuð er til að reikna út slíkt styrkígildi, þ.m.t. sannprófanleg gögn sem liggja til grundvallar eða tilgreina, að því er varðar staka aðstoð, hvaða samþykkt aðstoðarkerfi liggur til grundvallar því að aðstoðin er veitt:

.....

.....

Ef aðstoðin er veitt í formi fyrirframgreiðslu, sem ber að endurgreiða, tilgreind sem hlutfall aðstoðarhæfs kostnaðar og sem fer allt að 10 prósentustigum yfir það hámarkshlutfall aðstoðar sem mælt er fyrir í rammaákvæðum um rannsóknir, þróun og nýsköpun, skal staðfesta:

a) ☐ ef góður árangur næst, að tilkynnta ráðstöfunin feli í sér endurgreiðslu fyrirframgreiðslunnar með vöxtum sem eru ekki lægri en sem nemur afvöxtunarstuðli sem leiðir af beitingu orðsendingar frá framkvæmdastjórninni um endurskoðun aðferðar við að ákveða viðmiðunarvexti og afvöxtunarstuðla ([49]),

b) ☐ ef árangurinn er umfram þann árangur sem skilgreindur er sem góður, að hlutaðeigandi aðildarríki fari fram á greiðslu umfram endurgeiðslu fyrirframgreiðslunnar, þ.m.t. vextir, í samræmi við gildandi afvöxtunarstuðul,

c) ☐ ef enginn eða takmarkaður árangur næst, að endurgreiðslan verði í hlutfalli við þann árangur sem næst.

Veita skal nákvæmar upplýsingar um endurgreiðslu á fyrirframgreiðslunni og skilgreina með skýrum hætti hvað telst vera árangursrík niðurstaða í starfsemi sem nýtur aðstoðar, á grundvelli skynsamlegrar og varfærinnar tilgátu:

.....

.....

B) Ef aðstoðin er veitt í formi skattráðstöfunar skal tilgreina hvernig aðstoðarhlutfallið er reiknað og láta hvers kyns viðkomandi upplýsingar í té:

☐ á grundvelli stakra verkefna,

☐ á fyrirtækisstigi, sem hlutfallið milli heildarskattafsláttar og summu alls aðstoðarhæfs rannsókna-, þróunar- og nýsköpunarkostnaðar sem til fellur á tímabili sem ekki er lengra en þrjú samfelld reikningsár.

.....

.....

6.5.1. Stök aðstoð

A) Láta skal í té ítarlega viðskiptaáætlun fyrir það verkefni sem nýtur aðstoðarinnar (með og án aðstoðar), þ.m.t. allan væntanlegan viðeigandi kostnað og ávinning:

.....

.....

([49]) Stjtíð. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6.

Ef aðstoðarþeginn stendur frammi fyrir því að velja á milli þess að framkvæma annaðhvort það verkefni sem nýtur aðstoðar eða annað verkefni án aðstoðar skal einnig láta í té ítarlega viðskiptaáætlun fyrir staðleysu-verkefnið:

.....

.....

B) Ef annað verkefni er ekki fyrir hendi skal útskýra hvers vegna aðstoðin takmarkast við nauðsynlegt lágmark til þess að verkefnið, sem nýtur aðstoðarinnar, verði nægilega ábatasamt, t.d. með því að gera það mögulegt að ná innri ávöxtun sem samsvarar ávöxtun sem er sértæk fyrir geirann eða fyrirtækið eða ávöxtunarmörkum:

.....

.....

C) Ef aðstoðarþeginn stendur frammi fyrir því að velja á milli þess að framkvæma annaðhvort það verkefni sem nýtur aðstoðar eða annað verkefni án aðstoðar skal útskýra hvers vegna aðstoðin takmarkast við nauðsynlegt lágmark til að standa undir auknum kostnaði (nettó) af verkefninu sem nýtur aðstoðarinnar, borið saman við staðleysuverkefnið, ef við á, að teknu tilliti til þess hversu líklegt er að ólíkar viðskiptasviðsmyndir komi upp:

.....

.....

Láta skal í té öll viðbótargögn, s.s. innanhússskjöl fyrirtækis, sem sýna að staðleysuverkefnið er skilgreint með skýrum hætti og nægilega fyrirsjáanlegt staðgönguverkefni sem aðstoðarþeginn hefur tekið tillit til við innri ákvörðunartöku sína:

.....

.....

D) Útskýra skal hvernig fjárhæð aðstoðar hefur verið ákvörðuð og láta öll viðbótargögn í té:

.....

.....

E) Ef margir koma mögulega til álita til að annast þá starfsemi sem nýtur aðstoðarinnar er aðstoðin þá veitt á grundvelli gagnsærra og hlutlægra viðmiðana án mismununar?

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

F) Ef aðstoðinni er ætlað að taka á beinni eða óbeinni röskun í alþjóðaviðskiptum, sem er til staðar eða hætta er á, skal láta í té hvers kyns tiltækar sannanir sem benda, beint eða óbeint, til þess að samkeppnisaðilar, sem eru staðsettir utan Sambandsins, hafi (að jafnaði á þremur síðastliðnum árum) fengið eða muni fá samsvarandi hlutfall aðstoðar fyrir sambærileg verkefni:

.....

.....

Einnig skal láta í té, ef unnt er, fullnægjandi upplýsingar svo meta megi þörfina á að taka til greina betri samkeppnisstöðu samkeppnisaðila í þriðja landi:

.....

.....

6.6. Komist hjá ótilhlýðilegum neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

Tilgreina skal hvort:

a) skilyrði fyrir veitingu aðstoðarinnar sé það að aðstoðarþeginn hafi aðalskrifstofu sína í viðkomandi aðildarríki eða hafi staðfestu einkum í því aðildarríki,

☐ já ☐ nei

b) skilyrði fyrir veitingu aðstoðarinnar sé það að aðstoðarþeginn noti innlendar vörur eða þjónustu:

☐ já ☐ nei

c) aðstoðarráðstöfunin takmarki möguleika aðstoðarþegans á því að nýta niðurstöður rannsókna, þróunar og nýsköpunar í öðrum aðildarríkjum:

☐ já ☐ nei

d) aðstoðarráðstöfunin leggi einhverjar aðrar skuldbindingar á herðar aðstoðarþeganum:

☐ já ☐ nei

Ef svarið við einhverjum spurningum í þessum þætti er „já“ skal veita nánari upplýsingar:

.....

.....

6.6.1. Aðstoðarkerfi

Að því er aðstoðarkerfi varðar skal tilgreina hvernig tryggt verður að neikvæð áhrif verði lágmörkuð (að teknu tilliti til t.d. stærðar viðkomandi verkefna, stakra og uppsafnaðra aðstoðarfjárhæða, fjölda væntanlegra aðstoðarþega og einkenna þeirra geira sem aðstoð er beint til) og setja fram mat á áhrifum eða eftirámat sem framkvæmt hefur verið vegna sambærilegra fyrri kerfa:

.....

.....

6.6.2. Stök aðstoð

A) Ef við á skal lýsa hugsanlegum áhrifum af aðstoðinni á samkeppni í nýsköpunarferlinu:

.....

.....

B) Tilgreina skal vörumarkaði sem aðstoðin kann að hafa áhrif á og núverandi markaðshlutdeild aðstoðarþegans á hverjum hlutaðeigandi markaði, sem og allar breytingar á slíkri markaðshlutdeild sem myndi leiða af þeirri starfsemi sem nýtur aðstoðarinnar:

.....

.....

C) Tilgreina skal helstu keppinauta aðstoðarþegans og markaðshlutdeild þeirra að því er varðar hvern viðkomandi vörumarkað:

.....

.....

Ef unnt er skal setja fram viðeigandi Herfindahl-Hirshman-vísitölu (e. HHI):

.....

.....

D) Að því er hvern viðkomandi vörumarkað varðar skal láta í té upplýsingar um viðskiptavini eða neytendur sem verða fyrir áhrifum af þeirri starfsemi sem nýtur aðstoðarinnar:

.....

.....

E) Lýsa skal uppbyggingu og virkni viðkomandi markaða með tilliti til eftirfarandi þátta sem eru:

a) nýleg þróun og vaxtarmöguleikar til framtíðar:

.....

.....

b) fjárhæðir sem helstu aðilar verja til sambærilegra verkefna:

.....

.....

c) umfang inngöngu- og útgönguhindrana:

.....

.....

d) hvort fyrir hendi er jöfnunarvald kaupanda:

.....

.....

e) hvatar til að keppa um framtíðarmarkaði:

.....

.....

f) vöruaðgreining og samkeppnisstig:

.....

.....

g) aðrir þættir sem eru líklegir til að hafa áhrif á samkeppnisaðila, viðskiptavini eða neytendur:

.....

.....

F) Hefur aðstoðarþeginn einhver áhrif í valferlinu, t.d. með því að eiga rétt á að mæla með fyrirtækjum eða hafa áhrif á rannsóknarleiðir?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal veita upplýsingar:

.....

.....

G) Er aðstoðin veitt á mörkuðum með umframgetu eða í hnignandi atvinnugreinum?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal veita upplýsingar:

.....

.....

H) Hefur aðstoðarþeginn hugleitt aðra staðsetningu fyrir þá starfsemi sem nýtur aðstoðarinnar?

☐ já ☐ nei

Tilgreina skal nánar:

.....

.....

7. **Aðrar upplýsingar**

Láta skal í té hvers kyns aðrar upplýsingar sem myndu skipta máli við mat á tilkynntri aðstoðarráðstöfun samkvæmt rammaákvæðum um rannsóknir, þróun og nýsköpun:

.....

.....

HLUTI III.3.A

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð til að bjarga fyrirtækjum utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum: stök aðstoð

Fylla skal út þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar til að tilkynna um staka aðstoð til björgunar sem fellur undir viðmiðunarreglurnar um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki utan fjármálamarkaðar sem eiga í erfiðleikum ([50]) *(„viðmiðunarreglurnar“).*

1. **Aðstoðarhæfi**

1.1. Fyrirtæki í erfiðleikum

A) Er fyrirtækið félag með takmarkaðri ábyrgð ([51]) þar sem meira en helmingur skráðs hlutafjár hefur glatast vegna uppsafnaðs taps([52])?

☐ já ☐ nei

B) Er fyrirtækið félag þar sem a.m.k. einhverjir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins ([53]) og þar sem meira en helmingur af eigin fé, samkvæmt reikningum félagsins, hefur horfið vegna uppsafnaðs taps?

☐ já ☐ nei

([50]) Stjtíð. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1.

([51]) Þetta á einkum við þær tegundir fyrirtækja sem um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([52]) Þetta á við þegar frádráttur uppsafnaðs taps frá varasjóði (og öllum öðrum þáttum sem almennt eru taldir hluti af eiginfjárgrunni félagsins) leiðir til neikvæðrar uppsafnaðrar fjárhæðar sem er hærri en helmingur skráðs hlutafjár.

([53]) Þetta á einkum við þær tegundir félaga sem um getur í II. viðauka við tilskipun 2013/34/ESB.

C) Sætir fyrirtækið gjaldþrotameðferð eða uppfyllir það skilyrði samkvæmt landslögum um að vera tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa?

☐ já ☐ nei

D) Þegar um er að ræða fyrirtæki sem er hvorki lítið né meðalstórt:

— hefur hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár þess verið hærra en 7,5 síðastliðin tvö ár

og

— hefur hlutfall vaxtaþekju hagnaðar fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (e. EBITDA) verið undir 1,0 síðastliðin tvö ár?

☐ já ☐ nei

E) Ef svarið er já við einhverjum spurninganna í A- til D-lið skal rökstyðja svarið, m.a. með því að vísa í svarinu til fylgigagna eða skjala því til stuðnings sem sett eru fram í viðauka (nýjustu yfirlit rekstarreikninga, ásamt efnahagsreikningum eða dómsúrskurði um að hefja gjaldþrotameðferð félagsins eða vísbendingar um að skilyrði fyrir því að verða tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa samkvæmt félagarétti viðkomandi lands séu uppfyllt o.s.frv.).

1.2. Fyrirtæki sem stendur frammi fyrir bráðri lausafjárþörf:

Ef aðstoðarþeginn uppfyllir skilyrði fyrir aðstoð til björgunar, jafnvel þótt hann uppfylli ekki skilyrði fyrir því að teljast fyrirtæki í erfiðleikum, skal útskýra hvers vegna hann telst standa frammi fyrir bráðri lausafjárþörf vegna óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna og setja fram vísanir til fylgigagna eða skjala því til stuðnings (t.d. sjóðstreymisspár).

1.3. Nýstofnað fyrirtæki/stærri fyrirtækjahópur:

A) Hvenær var fyrirtækið stofnað?

.....

B) Hversu lengi hefur fyrirtækið starfað?

.....

C) Tilheyrir fyrirtækið stærri fyrirtækjahópi?

☐ já ☐ nei

D) Ef svarið í C-lið er já skal veita nákvæmar upplýsingar um hópinn (skipurit sem sýnir tengslin á milli félaga í hópnum með nákvæmum upplýsingum um eigið fé og atkvæðisrétt) og sýna fram á að erfiðleika fyrirtækisins megi rekja til starfsemi þess sjálfs en ekki til handahófskenndrar kostnaðarskiptingar innan hópsins og að erfiðleikarnir séu meiri en svo að hópurinn ráði við þá.

1.4. Geirabundið gildissvið:

Starfar fyrirtækið í:

A) kolaiðnaði ([54]): ☐ já ☐ nei

B) stáliðnaði ([55]): ☐ já ☐ nei

C) geirum sem falla undir sértækar reglur fyrir fjármálastofnanir ([56]): ☐ já ☐ nei

([54]) Samkvæmt skilgreiningu í ákvörðun 2010/787/ESB.

([55]) Eins og skilgreint er í IV. viðauka við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar: Viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtíð. ESB C 209, 23.7.2013, bls. 1).

([56]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 1. ágúst 2013 um beitingu reglna um ríkisaðstoð til að styðja við ráðstafanir í þágu banka í tengslum við fjármálakreppuna („bankaorðsendingin“) (Stjtíð ESB C 216, 30.7.2013, bls. 1).

2. **Samrýmanleiki við innri markaðinn**

2.1. Framlag til markmiðs sem varðar sameiginlega hagsmuni:

A) Er aðstoðarþeginn staðsettur á svæði eða svæðum (á 2. stigi NUTS) þar sem hlutfall atvinnuleysis er annað eftirtalinna:

— yfir meðaltali Sambandsins, þrálátt atvinnuleysi og því fylgja erfiðleikar við að skapa ný störf á viðkomandi svæði eða svæðum

— yfir meðaltali á landsvísu, þrálátt atvinnuleysi og því fylgja erfiðleikar við að skapa ný störf á viðkomandi svæði eða svæðum?

☐ já ☐ nei

B) Er hætta á röskun á mikilvægri þjónustu sem erfitt er að koma á að nýju og erfitt fyrir samkeppnisaðila að taka einfaldlega við (t.d. innlendan þjónustuaðila á sviði grunnvirkja)?

☐ já ☐ nei

C) Hefur fyrirtækið einhverju mikilvægu kerfislægu hlutverki að gegna á tilteknu svæði eða í tilteknum geira? Myndi brotthvarf þess mögulega hafa einhver neikvæð áhrif (t.d. sem birgir mikilvægs ílags)?

☐ já ☐ nei

D) Er hætta á að samfella í þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (SGEI) raskist?

☐ já ☐ nei

E) Myndi brestur eða óhagstæðir hvatar lánamarkaða hrekja annars rekstrarhæft fyrirtæki í gjaldþrot?

☐ já ☐ nei

F) Myndi brotthvarf viðkomandi fyrirtækis af markaði leiða til óbætanlegs taps á mikilvægri tækniþekkingu eða sérfræðiþekkingu?

☐ já ☐ nei

G) Myndi gjaldþrot aðstoðarþegans leiða til einhverra sambærilegra erfiðleika sem eru ekki taldir upp hér að framan?

☐ já ☐ nei

H) Ef svarið við einhverjum fyrrnefndra spurninga í liðum A til G er já skal rökstyðja svarið eða svörin að fullu, m.a. með vísunum til frekari fylgigagna eða skjala sem sett eru fram í viðauka.

.....

.....

2.2. Hversu vel aðstoðin á við/form aðstoðar

A) Er aðstoðin veitt í formi lánsábyrgða eða lána?

☐ já ☐ nei

B) Ef svarið er já skal lýsa skilmálum lánsins eða ábyrgðarinnar og láta viðeigandi fylgiskjöl fylgja (t.d. drög að lánasamningi, drög að ábyrgðaryfirlýsingu).

.....

.....

C) Eru vaxtakjör lánsins (eða, þar sem við á, fjárhagslegur heildarkostnaður tryggða lánsins, þ.m.t. vaxtakjör lánsins og ábyrgðargjald) a.m.k. jafnhá þeim viðmiðunarvöxtum sem framkvæmdastjórnin setur fram í orðsendingu sinni um viðmiðunarvexti ([57]) fyrir veikburða fyrirtæki sem bjóða eðlilegt hlutfall trygginga?

☐ já ☐ nei

D) Útskýra skal til hvers aðstoð til björgunar verður nýtt: verður hún notuð til að fjármagna skipulagsráðstafanir eins og yfirtöku á mikilvægum fyrirtækjum eða eignum, öðrum en þeim sem þörf er á á björgunartímabilinu, til að aðstoðarþeginn komist af?

☐ já ☐ nei

E) Ef svo er skal útskýra nánar.

.....

3.3.2. Meðalhófsskilyrði varðandi fjármögnunarleiðir (liður 3.6.1 í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum):

1. Í tengslum við fjármálamilliliðina/sjóðsstjórana:

Er nákvæmt virði hvata ákvarðað í valferli fjármálamilliliða eða sjóðsstjóra (136. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu)?

☐ Já ☐ Nei

Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar um þóknun fjármálamilliliða eða sjóðsstjóra (143. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu):

— Tekur hún til árlegrar stjórnunarþóknunar í samræmi við viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu (143. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu)?

☐ Já — Nei. Tilgreina skal nánar:

.....

.....

— Tekur hún til árangursmiðaðra hvata, m.a. hvata varðandi rekstrarárangur og stefnutengdra hvata, í samræmi við viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu (144. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu)?

☐ Já — Nei. Tilgreina skal nánar:

.....

.....

— Tilgreina skal hvaða viðurlög eru við því að uppfylla ekki stefnumið:

.....

.....

— Tilgreina skal árangursmiðaða þóknun og setja fram samanburð við markaðsvenjur (145. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu):

.....

.....

— Tilgreina skal heildarþóknun fyrir stjórnun og setja fram samanburð við markaðsvenjur (146. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu):

.....

.....

— Er heildarskipulag þóknana metið sem hluti af stigagjöf í valferlinu og hámarksþóknuninni sem er ákvörðuð út frá niðurstöðu valsins (147. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu)?

☐ Já ☐ Nei. Gefa skal útskýringu á hvers vegna ekki:.....

Ef fjármálamillilið ur og stjórnandi hans eru opinberir aðilar og voru ekki valdir í opnu, gagnsæju og hlutlægu valferli án mismununar skal merkja við til þess að staðfesta og setja fram gögn um eftirfarandi (41. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingu):

a) ☐ Þak er á stjórnunarþóknun þeirra, heildarþóknun þeirra endurspeglar eðlileg markaðsskilyrði og er tengd árangri:

.....

.....

b) ☐ Opinberum fjármálamillilið um er stjórnað á viðskiptalegum grunni og stjórnendur þeirra taka fjárfestingarákvarðanir með arðsemi að leiðarljósi sem aðilar ótengdir ríkinu. Einkum skal útskýra það fyrirkomulag sem notað er til að koma í veg fyrir möguleg afskipti ríkisins af daglegri stjórnun opinbera sjóðsins:

.....

.....

c) ☐ Einkafjárfestar eru valdir í opnu, gagnsæju og hlutlægu valferli án mismununar í hverjum viðskiptum fyrir sig.

Þegar um er að ræða beina skipan umsjónaraðila hver er árleg stjórnunarþóknun hans, að frátöldum árangurstengdum hvötum?: … % af því stofnfé sem er lagt til aðilans. Veita skal því athygli að hún skal að jafnaði ekki vera hærri en 3% (148. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættu-fjárfestingum).

2. Í tengslum við einkafjárfesta:

Þegar opinber sjóður fjárfestir með einkafjárfestum, sem taka þátt í stökum viðskiptum, eru einkafjárfestarnir valdir í sérstöku samkeppnisferli fyrir hver viðskipti til þess að ákveða sanngjarna arðsemi (137. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum)?

☐ Já. Ef svo er skal leggja fram gögn til stuðnings:

☐ Nei

Ef einkafjárfestar eru ekki valdir í slíku ferli ákveður óháður sérfræðingur sanngjarna arðsemi á grundvelli greiningar á markaðsviðmiðum og markaðsáhættu með því að nota virðisaðferð afvaxtaðs sjóðstreymis og reikna út lágmark sanngjarnrar arðsemi og viðeigandi áhættuálag (138. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum) og eru öll skilyrði 139. liðar í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum uppfyllt?

☐ Nei

☐ Já. Ef svo er skal leggja fram skýrslu sem inniheldur matið, tilgreina sérfræðinginn, lýsa gildandi reglum um skipun hans og leggja fram viðeigandi gögn:

.....

.....

Merkja skal við til að staðfesta að ekki sé hægt að nota sama óháða sérfræðinginn tvisvar á sama þriggja ára tímabili ☐

Útskýra skal hvernig arður einkafjárfesta, að teknu tilliti til áhættu, er takmarkaður við sanngjarna arðsemi (140. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum):

.....

.....

Útskýra skal, á grundvelli fyrirframmats, hagræn rök fyrir sértækum fjárhagslegum breytum sem eru undirstaða ráðstöfunarinnar:

.....

.....

3.3.3. Meðalhófsskilyrði varðandi skattalegar aðgerðir (liður 3.6.2 í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum):

Að því er þessar kröfur varðar verður litið til þeirra upplýsinga sem veittar eru samkvæmt lið 2.9.2.

Tilgreina skal frekari upplýsingar sem taldar eru eiga við með hliðsjón af meðalhófsskilyrðunum: .....

3.3.4. Meðalhófsskilyrði varðandi aðra viðskiptavettvanga (liður 3.6.3 í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum):

Að því er þessar kröfur varðar verður litið til þeirra upplýsinga sem veittar eru samkvæmt lið 2.9.3.

Tilgreina skal frekari upplýsingar sem taldar eru eiga við með hliðsjón af meðalhófsskilyrðunum: .....

3.4. Að komast hjá neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti (liður 3.7 liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum)

— Láta skal í té, sem hluta af fyrirframmati, upplýsingar um möguleg neikvæð áhrif af áhættufjármögnunarkerfinu. Þær skulu að taka til mögulegra neikvæðra áhrifa á öllum þremur stigum, þ.e.a.s. á markaði vegna öflunar áhættufjármagns (t.d. hættan á ruðningsáhrifum gagnvart einkafjárfestum), og á stigi fjármálamilliliða og stjórnenda þeirra og á stigi endanlegra aðstoðarþega (þ.m.t. á mörkuðum þar sem aðstoðarþegarnir eru virkir).

— Tryggir áhættufjármögnunarkerfið að einungis fyrirtæki, sem líkur eru á að séu lífvænleg, geti fengið ríkisaðstoð í formi áhættufjármagns?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal lýsa því hvernig þetta er tryggt og tilgreina viðeigandi ákvæði lagagrundvallar:

.....

— Eru áhættufjármagnskerfinu settar landfræðilegar eða svæðisbundnar skorður?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar: .....

— Er lagagrundvöllur (*de jure*) áhættufjármagnskerfisins takmarkaður við tiltekna geira?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar: .....

— Er áhættufjármagnskerfinu í reynd beint að tilteknum geirum?

☐ já ☐ nei

Ef svo er skal tilgreina nánar: .....

— Hvernig er dregið úr neikvæðum áhrifum að því marki sem mögulegt er?

.....

.....

4. **Sameining aðstoðar (liður 3.9 í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum)**

Sameina má áhættufjármagnsaðstoð öðrum ríkisaðstoðarráðstöfunum án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar eða sameina hana minniháttaraðstoð að viðeigandi efri viðmiðunarmörkum heildarfjármögnunar sem eru ákveðin fyrir sérstakar aðstæður í hverju tilviki með reglugerð um hópundanþágur eða ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt (168. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum).

— Merkja skal við til að staðfesta að þessari reglu sé fylgt: ☐

— Leggja skal fram vísanir í lagagrundvöll:

.....

— Útskýra skal á hvaða hátt reglur um sameiningu aðstoðar eru uppfylltar:

.....

5. **Aðrar upplýsingar**

Tilgreina skal hér hvers kyns aðrar upplýsingar sem geta talist skipta máli fyrir mat á viðkomandi ráðstöfun eða ráðstöfunum samkvæmt viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum.

.....

.....

HLUTI III.8

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar vegna tilkynningar um matsáætlun

Aðildarríki skulu nota þetta eyðiblað til að tilkynna um matsáætlun skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 ([149]) *og ef um er að ræða tilkynnt aðstoðarkerfi sem sætir mati eins og kveðið er á um í viðeigandi leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar.*

Vísa skal til vinnuskjals framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk „Sameiginleg aðferðafræði fyrir mat á ríkisaðstoð“ ([150]) *vegna leiðbeininga um gerð matsáætlunar.*

1. **Tilgreining aðstoðarkerfis sem meta á**

1) Heiti aðstoðarkerfis:

.....

2) Varðar matsáætlunin:

a) ☐ kerfi sem sætir mati skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014?

b) ☐ kerfi sem er tilkynnt framkvæmdastjórninni skv. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins?

3) Vísun til kerfisins (framkvæmdastjórnin fyllir út):

.....

([149]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

([150]) SWD(2014)179, lokagerð frá 28.5.2014.

4) Setja skal fram skrá yfir gildandi fyrirframmat eða mat á áhrifum fyrir aðstoðarkerfið og eftirámat eða rannsóknir sem gerðar voru áður á forverum aðstoðarkerfisins eða á svipuðum kerfum. Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja þessara rannsókna en þær eru: a) stutt lýsing á markmiðum rannsóknarinnar, aðferðafræðinni sem notuð var, árangri og niðurstöðum og b) sérstök vandamál sem komu upp við mat eða rannsóknir er tengjast aðferðafræði, t.d. hvort hægt var að ná í gögn sem máli skiptu fyrir mat á núverandi matsáætlun. Ef við á skal tilgreina viðeigandi svið eða málefni sem ekki falla undir fyrri matsáætlanir en ættu að vera hluti af núverandi mati. Láta skal í té samantekt á slíku mati og rannsóknum í viðauka og, þegar þær liggja fyrir, beinar vefslóðir á viðkomandi skjöl:

.....

2. **Markmið aðstoðarkerfisins sem meta á** ([151])

2.1. Leggja skal fram lýsingu á aðstoðarkerfinu þar sem tilgreindar eru þær þarfir og þau vandamál sem kerfið á að vinna með og fyrirhugaðir flokkar aðstoðarþega, t.d. stærð, geirar, staðsetning, áætlaður fjöldi:

.....

2.2. Tilgreina skal markmið kerfisins og áætluð áhrif, bæði að því er varðar fyrirhugaða aðstoðarþega og með tilliti til markmiðs sameiginlegra hagsmuna:

.....

2.3. Tilgreina skal möguleg neikvæð áhrif á aðstoðarþega eða á efnahagslífið í víðara samhengi sem kunna að vera tengd aðstoðarkerfinu með beinum eða óbeinum hætti ([152]):

.....

2.4. Tilgreina skal a) árlega fjárhagsáætlun sem gert er ráð fyrir samkvæmt kerfinu, b) fyrirhugaðan gildistíma kerfisins ([153]), c) aðstoðarleið eða -leiðir og d) aðstoðarhæfan kostnað:

.....

2.5. Láta skal í té samantekt yfir viðmiðanir vegna aðstoðarhæfis og aðferðir við að velja aðstoðarþega. Einkum skal lýsa eftirfarandi: a) aðferðum við að velja aðstoðarþega (t.d. stigagjöf), b) hversu mikið fjármagn er til reiðu fyrir hvern hóp aðstoðarþega, c) hvaða líkur eru á að fjármagn klárist fyrir tiltekna hópa aðstoðarþega, d) reglum um stigagjöf ef þær eru notaðar í kerfinu, e) mörkum aðstoðarhlutfalls og f) viðmiðunum sem það yfirvald, sem veitir aðstoðina, hefur hliðsjón af við mat á umsóknum:

.....

2.6. Geta skal um tilteknar takmarkanir eða áhættu sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd kerfisins, fyrirhuguð áhrif þess og hvort markmið þess náist:

.....

3. **Álitamál varðandi mat**

3.1. Tilgreina skal sérstök álitamál sem fjalla skal um í matinu með því að leggja fram megindleg gögn um áhrif aðstoðar. Greina skal á milli a) álitamála sem varða bein áhrif aðstoðarinnar á aðstoðarþega, b) álitamála sem varða óbein áhrif og c) álitamála sem varða meðalhóf aðstoðar og hvort hún sé viðeigandi. Útskýra skal hvernig álitamál varðandi mat tengjast markmiðum kerfisins:

.....

([151]) Auk þess að láta í té almenna lýsingu á markmiðum kerfisins og reglum þess um aðstoðarhæfi er markmið þessa þáttar að meta hvernig hægt er að nota reglur kerfisins um aðstoðarhæfi og útilokun til að greina áhrif aðstoðar. Í sumum tilvikum kann að vera að nákvæmar reglur um aðstoðarhæfi séu ekki þekktar fyrir fram. Í þeim tilvikum skal gera ráð fyrir bestu fyrirliggjandi væntingum.

([152]) Dæmi um neikvæð áhrif eru svæðis- eða geirabundin skekkja eða að ekki verði rými fyrir fjárfestingu einkaaðila af völdum aðstoðarkerfisins.

([153]) Aðstoðarkerfi, sem eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014, falla utan gildissviðs reglugerðarinnar sex mánuðum eftir gildistöku þeirra. Þegar framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á matsáætlunina getur hún ákveðið að láta reglugerðina taka til slíkra kerfa í lengri tíma. Aðildarríki eru hvött til að tilgreina nákvæmlega fyrirhugaðan gildistíma kerfisins.

4. **Árangursvísar**

4.1. Nota skal eftirfarandi töflu til að lýsa því hvaða vísar verða mótaðir til að mæla útkomu kerfisins, svo og viðeigandi samanburðarbreytur, m.a. gagnalindir, og hvernig hver árangursvísir svarar til þessara álitaefna varðandi mat. Einkum skal geta a) viðkomandi álitaefnis varðandi mat, b) mælikvarða, c) gagnaheimilda, d) tíðni gagnaöflunar (t.d. árlega, mánaðarlega o.s.frv.), e) á hvaða vettvangi gögnum er safnað (t.d. á vettvangi fyrirtækis, stofnunar, svæðis o.s.frv.), f) þýðisins sem fellur undir gagnalindina (t.d. aðstoðarþegar, aðrir en aðstoðarþegar, öll fyrirtæki o.s.frv.):

Álitamál varðandi mat	Vísir	Heimild	Tíðni	Vettvangur	Þýði

Útskýra skal hvers vegna valdir vísar eiga best við til að meta vænt áhrif af kerfinu:

.....

5. **Fyrirhugaðar aðferðir við framkvæmd mats**

5.1. Í ljósi álitaefna varðandi mat skal lýsa fyrirhuguðum aðferðum sem notaðar verða í matinu til að finna orsakaáhrif af aðstoðinni á aðstoðarþegana og til að meta önnur óbein áhrif. Einkum skal útskýra ástæðurnar fyrir því að velja þessar aðferðir og hafna öðrum aðferðum (t.d. aðferðir sem tengjast hönnun kerfisins) ([154]):

.....

5.2. Lýsa skal nákvæmlega greiningarstefnu að því er varðar mat á orsakaáhrifum aðstoðar og þeim forsendum sem slík stefna byggist á. Lýsa skal nákvæmlega samsetningu og mikilvægi samanburðarhópsins:

.....

5.3. Útskýra skal hvernig fyrirhugaðar aðferðir taka á mögulegri valskekkju. Er hægt að slá því föstu með nægilegri vissu að merkjanlegan mun á útkomu fyrir aðstoðarþega megi rekja til aðstoðarinnar?

.....

5.4. Ef við á skal útskýra hvernig fyrirhugaðar aðferðir eiga að takast á við tiltekin álitaefni er varða flókin kerfi, t.d. kerfi sem er komið til framkvæmda á ólíkan hátt á svæðisvísu og kerfi sem nota nokkrar aðstoðarleiðir:

.....

6. **Gagnaöflun**

6.1. Láta skal í té upplýsingar um fyrirkomulag og heimildir til söfnunar og vinnslu gagna um aðstoðarþega og um viðeigandi staðleysusviðsmynd. ([155]) Leggja skal fram lýsingu á öllum viðeigandi upplýsingum sem varða valáfangann: gögn sem safnað hefur verið um umsækjendur um aðstoð, gögn sem umsækjendur leggja fram og niðurstöðu vals. Einnig skal útskýra möguleg vandamál varðandi aðgengi að gögnum:

.....

([154]) Vísa skal til SWD(2014)179, lokagerðar frá 28.5.2014.

([155]) Veita skal því athygli að matið kann að krefjast bæði sögulegra gagna og gagna sem verða smám saman aðgengileg eftir því sem framkvæmd aðstoðarkerfisins vindur fram. Tilgreina skal heimildir fyrir báðar tegundir upplýsinga. Æskilegt er að safna báðum tegundum gagna frá sömu heimild til þess að tryggja samræmi yfir tíma.

6.2. Láta skal í té upplýsingar um tíðni gagnaöflunar sem hefur þýðingu fyrir matið. Liggja fyrir athugasemdir um nægilega aðgreinandi stig, þ.e. á stigi stakra fyrirtækja?

.....

6.3. Tilgreina skal hvort lög og reglur um trúnaðarkvöð á gögnum og hvernig fara skuli með slík mál hindri aðgang að nauðsynlegum gögnum til að framkvæma matið. Geta skal um önnur möguleg vandamál er varða gagnaöflun og hvernig hægt væri að leysa þau:

.....

6.4. Tilgreina skal hvort gert er ráð fyrir rannsóknum vegna aðstoðarþega eða annarra fyrirtækja og hvort til stendur að nota aðrar heimildir til fyllingar:

.....

7. **Fyrirhuguð tímalína matsins**

7.1. Tilgreina skal fyrirhugaða tímalínu matsins, m.a. áfanga varðandi gagnaöflun, bráðabirgðaskýrslur og þátttöku hagsmunaaðila. Ef við á skal setja fram viðauka með ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða tímalínu:

.....

7.2. Tilgreina skal hvaða dag endanleg matsskýrsla verður lögð fyrir framkvæmdastjórnina:

.....

7.3. Geta skal þátta sem kunna að hafa áhrif á fyrirhugaða tímalínu:

.....

8. **Aðili sem annast matið**

8.1. Láta skal í té sérstakar upplýsingar um þann aðila sem annast matið eða, ef hann hefur ekki verið valinn, um tímalínu, málsmeðferð og viðmiðanir við val á honum:

.....

8.2. Láta skal í té upplýsingar um óhæði aðilans sem annast matið og hvernig mögulegur hagsmunaárekstur verður útilokaður í valferlinu:

.....

8.3. Tilgreina skal reynslu sem máli skiptir og sérþekkingu þess aðila sem annast matið og hvernig sú sérþekking verður tryggð í valferlinu:

.....

8.4. Tilgreina skal hvaða fyrirkomulagi yfirvaldið, sem veitir aðstoð, kemur á til að stjórna og hafa eftirlit með framkvæmd matsins:

.....

8.5. Láta skal í té upplýsingar, jafnvel þótt þær séu einungis til viðmiðunar, um nauðsynlegan mannafla og fjármagn sem gerð verða aðgengileg vegna framkvæmdar matsins:

.....

9. **Birting matsins**

9.1. Láta skal í té upplýsingar um það hvernig matið verður birt, þ.e. með birtingu matsáætlunar og endanlegrar matsskýrslu á vefsetri:

.....

9.2. Tilgreina skal hvernig þátttaka hagsmunaaðila verður tryggð. Tilgreina skal hvort gert er ráð fyrir skipulagningu opinbers samráðs eða viðburða í tengslum við matið:

.....

9.3. Tilgreina skal hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoð, og aðrir aðilar hyggjast nota niðurstöður matsins, t.d. vegna hönnunar á næstu útgáfum kerfisins eða svipaðra kerfa:

.....

9.4. Tilgreina skal hvort og með hvaða skilyrðum þau gögn, sem aflað hefur verið vegna eða eru notuð við matið, verða gerð aðgengileg til frekari rannsókna og greininga:

.....

9.5. Tilgreina skal hvort matsáætlunin innihaldi trúnaðarupplýsingar sem framkvæmdastjórnin ætti ekki að gefa upp:

.....

10. **Aðrar upplýsingar**

10.1. Tilgreina skal hér hvers kyns aðrar upplýsingar sem teljast skipta máli við mat á matsáætluninni:

.....

10.2. Tilgreina skal öll fylgiskjöl með tilkynningunni og láta fylgja pappírsafrit af þeim eða beinar vefslóðir á viðkomandi skjöl:

....."

.

3) Í stað hluta III.13 komi eftirfarandi:

„HLUTI III.13.A

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um fjárfestingaraðstoð til flugvalla

Mælt er með því að fylla út þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar, auk eyðublaðsins um „Almennar upplýsingar" vegna tilkynningar um fjárfestingaraðstoð sem fellur undir viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda ([1]).

1. **Viðbótarupplýsingar um aðstoðarþegann, fjárfestingarverkefnið og aðstoðina**

1.1. Aðstoðarþegi

1.1.1. Fer aðstoðin beint til eiganda flugvallarins?

☐ já ☐ nei

1.1.2. Ef svarið við lið 1.1.1 er nei skal lýsa, ef við á, i. þeim lögaðila/lögaðilum sem fá aðstoðina og ii. þeim lögaðila/lögaðilum sem færa aðstoðina til millilliðar eða til flugvallar sem kemur fjárfestingarverkefninu til framkvæmda:

.....

.....

1.1.3. Ef svarið í lið 1.1.1 er nei skal útskýra hvernig landsbundin yfirvöld tryggja að ávinningur sé ekki veittur á millistigum:

.....

.....

1.1.4. Þegar um er að ræða staka aðstoð skal lýsa lagalegum, skipulagslegum og fjárhagslegum tengslum milli viðtakanda aðstoðarinnar og i. þeirra fyrirtækja sem mynda ásamt honum fyrirtækjasamstæðu, ii. dótturfyrirtækja hans, iii. annarra tengdra fyrirtækja, þ.m.t. fyrirtækja um sameiginlegt verkefni.

Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi skal lýsa þeirri aðferð sem yfirvaldið, sem veitir aðstoð, notar til að meta þau lagalegu, skipulagslegu og fjárhagslegu tengsl sem talin eru upp hér að framan:

.....

.....

1.1.5. Tilgreina skal hvort aðstoðarþeginn muni einnig annast rekstur grunnvirkisins:

☐ já ☐ nei

1.1.6. Ef svarið við spurningunni hér að framan er nei skal lýsa i. þeirri málsmeðferð sem verður notuð/hefur verið notuð til að velja rekstraraðila grunnvirkja og ii. valviðmiðanir:

.....

.....

1.1.7. Ef viðkomandi flugvöllur eða flugvellir eru notaðir í þágu herafla landsins, lögreglu, flugbjörgunarþjónustu, sem ekki er rekin i viðskiptaskyni, eða annarrar flugþjónustu, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni, skal tilgreina a) eðli þjónustunnar og b) hlutfall nýtingar á afkastgetu flugvallar (t.d. notkun flugbrautar og annarrar aðstöðu flugvallar, sett fram sem hundraðshluti árlegra flughreyfinga):

.....

.....

([1]) Viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda (Stjtíð. ESB C 99, 4.4.2014, bls. 3).

1.1.8. Láta skal í té eftirfarandi gögn um farþegaflutninga um flugvöll(flugvelli) sem fá aðstoð:

a) Flugvellir sem hafa lengri sögu um farþegaflutninga í atvinnuskyni en tvö fjárhagsár: Meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir tvö fjárhagsár fyrir það ár þegar tilkynnt er um aðstoðina eða hún er í reynd veitt.

b) Flugvellir sem hafa skemmri sögu um farþegaflutninga farþegaflutninga í atvinnuskyni en tvö fjárhagsár: Spár um meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir tvö fjárhagsár eftir upphaf rekstrar farþegaflutninga í lofti í atvinnuskyni.

c) Að því er alla flugvelli varðar, spár yfir meðaltal farþegaflutninga á áætluðum efnahagslegum líftíma niðurgreidds grunnvirkis.

Láta skal í té gögn í formi töflu eins og hér segir:

Ár	Heildarfjöldi farþega

Telja verður fjölda farþega „aðra leiðina“ og fyrir hverja staka flugleið; t.d. er farþegi sem flýgur frá flugvelli og til hans aftur talinn tvisvar. Ef flugvöllurinn er hluta af hópi flugvalla verður að ákvarða gögn um farþegaflutninga á grundvelli viðkomandi flugvallar.

1.2. Fjárfestingarverkefnið

1.2.1. Lýsa skal fjárfestingarverkefninu og hverju undirliggjandi mati og láta viðskiptaáætlun í té fyrir fram (í formi excel-töflu) sem verkefnið er byggt á. Viðskiptaáætlunin skal taka til efnahagslegs líftíma fjárfestingarinnar. Sérhvert mat skal byggt á traustum eftirspurnarspám. Útskýra skal hvort, og að hvaða marki, höfð er hliðsjón af matinu í viðskiptaáætlun flugvallarins sem nýtur aðstoðar.

.....

.....

1.2.2. Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar um fjárfestingarverkefnið:

Dagsetning umsóknar vegna aðstoðar:	
Upphafsdagur vinnu við fjárfestingarverkefnið:	
Áætluð lok vinnu við fjárfestingarverkefnið:	
Áætlaður upphafsdagur reksturs fjárfestingarinnar:	
Sá dagur þegar áætlað er að fullri afkastagetu verði náð:	

1.2.3. Leggja skal fram, í einni töflu, ítarlega sundurliðun fyrir alla vinnu sem framkvæmd er, hvaðan fjármögnun hennar kemur, áætlaða tímalengd, tengda kostnaðarliði og áætlaðan upphafsdag rekstrar.

Tilgreina skal fyrir hvern kostnaðarlið hvort og hvers vegna líta ætti á hann sem fjárfestingarkostnað i. sem tengist með beinum hætti grunnvirki sem er ekki viðskiptalegs eðlis og fellur undir verkefni hins opinbera (t.d. að því er varðar öryggi, flugumferðarstjórn og aðra starfsemi sem aðildarríki ber ábyrgð á sem opinbert yfirvald) eða ii. sem tengist grunnvirkjum fyrir flug sem eru viðskiptalegs eðlis (t.d. flugbraut, flugafgreiðsluaðstöðu) eða iii. sem tengist grunnvirkjum fyrir annað en flug sem eru viðskiptalegs eðlis (t.d. bílstæði, hótel):

Tegund verks	Fjármögnun	Kostnaðarsamsetning	Tímasetning

1.2.4. Leggja skal fram yfirlit yfir i. aðstoðarhæfan heildarfjárfestingarkostnað ([2]) sem er viðskiptalegs eðlis og ii. aðstoðarhæfan heildarkostnað sem er ekki viðskiptalegs eðlis. Afvaxta verður kostnað á núvirði þeirra; tilgreina verður afvöxtunarstuðulinn.

Tilgreina skal í þessu yfirliti hvaða hluti tilkynntrar aðstoðar styður við fjárfestingar í i. flokki og hvaða hluti styður við ii. flokk:

.....

.....

1.2.5. Ef fjárfestingarkostnaður tengist starfsemi, sem varðar ekki flug og er efnahagslegs eðlis, skal útskýra á hvaða grundvelli yfirvöldin líta svo á að slík aðstoð samrýmist innri markaðnum:

.....

.....

1.2.6. Er gengist undir skuldbindingu um að framkvæma mat á umhverfisáhrifum vegna fjárfestingarinnar eða ekki? (20. liður í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð vegna flugvalla og flugrekenda)?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er nei skal útskýra hvers vegna ekki er þörf á mati á umhverfisáhrifum fyrir þetta verkefni:

.....

.....

1.3. Starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis og fellur undir verkefni hins opinbera.

1.3.1. Staðfesta skal hvort fjárfestingin tekur til starfsemi sem er á ábyrgð ríkisins þegar það framkvæmir opinbert vald sitt sem opinbert yfirvald (t.d. umferðarstjórnun, lögregla, tollur, slökkvistarf, starfsemi sem er nauðsynleg til að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi). Fjárfestingar sem tengjast nauðsynlegum grunnvirkjum og búnaði til að sinna slíkri starfsemi eru almennt ekki taldar viðskiptalegs eðlis og falla því ekki undir reglur um ríkisaðstoð. Setja skal viðeigandi fjárfestingar fram í töflunni sem fram kemur í lið 1.2.3:

☐ já ☐ nei

([2]) Kostnaður sem tengist fjárfestingum í grunnvirkjum flugvallar, þ.m.t. kostnaður við áætlanagerð, flugafgreiðslugrunnvirki (t.d. færibönd fyrir farangur o.s.frv.) og flugvallarbúnað sem uppfyllir skilyrði fyrir fjárfestingaraðstoð til flugvalla. Fjárfestingarkostnaður sem tengist starfsemi sem varðar ekki flug (einkum bílastæði, hótel, veitingahús og skrifstofur) er ekki aðstoðarhæfur. Fjárfestingarkostnaður sem tengist flugafgreiðsluþjónustu (t.d. strætisvagnar, ökutæki o.s.frv.) er ekki aðstoðarhæfur, að svo miklu leyti sem hann er ekki hluti grunnvirkja flugafgreiðslu.

1.3.2. Setja skal fram landsbundinn gerning, svæðisbundinn gerning eða annan lagagerning varðandi starfsemi sem fellur undir verkefni hins opinbera og fjármögnun hennar. Ef slíkur lagagerningur er ekki fyrir hendi skal útskýra hvernig viðeigandi yfirvöld fjármagna almennt slíka starfsemi.

.....

.....

1.3.3. Láta skal í té sönnunargögn sem sýna að opinber fjármögnun starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis leiðir ekki til ótilhlýðilegrar mismununar milli flugvalla. Mismunun kemur upp við aðstæður þar sem almenningsflugvellir þurfa, samkvæmt viðeigandi landslögum, almennt að bera tiltekinn kostnað sem fylgir starfsemi þeirra sem er ekki viðskiptalegs eðlis en tilteknir almenningsflugvellir þurfa ekki að bera slíkan kostnað. Tilgreina skal efnislegt og landfræðilegt gildissvið innlendra reglna sem eiga við um fjármögnun á starfsemi flugvalla, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, og, ef við á, umfang svæðisbundinna valdheimilda í málinu.

.....

.....

1.3.4. Staðfesta skal, og styðja viðeigandi gögnum, að greiðslur vegna kostnaðar, sem er stofnað til í starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, takmarkist einungis við slíkan kostnað og að niðurgreiðsla þvert á efnahagslega starfsemi með slíkri greiðslu sé í reynd útilokuð:

.....

.....

1.3.5. Staðfesta skal að flugvöllurinn muni halda aðskilið kostnaðarbókhald vegna starfsemi sem er viðskiptalegs eðlis og starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis.

.....

.....

2. **Mat á samrýmanleika ráðstöfunarinnar**

2.1. Framlag til vel skilgreindra markmiða sem varða sameiginlega hagsmuni

2.1.1. Hefur fjárfestingaraðstoð:

a) ☐ aukið hreyfanleika borgara Sambandsins og tengsl milli svæða með því að koma á fót aðgangsstöðum fyrir flug innan Sambandsins?

.....

.....

b) ☐ unnið gegn umferðarteppum á stórum flugvöllum Sambandsins sem þjóna sem miðstöðvar?

.....

.....

c) ☐ greitt götu svæðisbundinnar þróunar?

.....

.....

Tilgreina skal hvernig fjárfestingaraðstoð stuðlar að sérhverju því markmiði sem valið er.

2.1.2. Miðar fjárfestingin að því að auka afkastagetu flugvallar?

☐ já ☐ nei

2.1.3. Ef svarið við spurningunni í lið 2.1.2 er já skal, á grundvelli fyrirframgerðrar viðskiptaáætlunar, sem um getur í lið 1.2 (Fjárfestingarverkefnið), sýna fram á að nýja grunnvirkið muni, til meðallangs tíma, fullnægja áætlaðri eftirspurn flugrekenda, farþega og farmmiðlara á upptökusvæði flugvallarins.

2.1.4. Ef um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: er sá flugvöllur, sem nýtur aðstoðar, staðsettur á sama upptökusvæði ([3]) og annar flugvöllur sem starfar *ekki* á eða nálægt fullum afköstum?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal veita upplýsingar um eftirfarandi: a) stærð og lögum upptökusvæðisins, b) fjarlægð og ferðatíma milli flugvallarins sem nýtur aðstoðar og flugvalla á sama upptökusvæði, c) farþegaflutninga á öðrum flugvöllum á sama upptökusvæði yfir 5 ára tímabil fyrir tilkynningarárið, d) áætlaða heildareftirspurn og heildarafköst á upptökusvæði flugvallarins, sem nýtur aðstoðar, á a.m.k. næstu 10 árum, samkvæmt viðskiptaáætlun í verstu sviðsmynd, grunnsviðsmynd og bestu sviðsmynd:

.....

.....

2.1.5. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: Tilgreina skal a) staðsetningu og upptökusvæði aðstoðarhæfra flugvalla á landfræðilegu gildissvæði kerfisins, b) fjarlægð og ferðatíma milli aðstoðarhæfra flugvalla og flugvalla á sama upptökusvæði, c) aðferð og viðmiðanir sem landsbundin yfirvöld munu nota til að skilgreina stærð og lögum upptökusvæða og nýtingu á afkastagetu flugvalla á sama upptökusvæði:

.....

.....

2.1.6. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: Ef svarið í lið 2.1.4 er „já“ skal láta í té upplýsingar sem greina líkleg áhrif fjárfestingarinnar á nýtingu fyrirliggjandi grunnvirkja á sama upptökusvæði. Þessar upplýsingar verða að sýna horfur á nýtingu til meðallangs tíma, byggjast á traustum spám yfir farþegaflutninga og farmflutninga og vera hluti af fyrirframgerðri viðskiptaáætlun flugvallarins sem nýtur aðstoðarinnar.

.....

.....

2.1.7. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: Ef svarið í lið 2.1.4 er já skal láta í té umferðarspár sem byggjast á farþegafjölda í verstu sviðsmynd, grunnsviðsmynd og bestu sviðsmynd og útskýra hvernig slíkar spár færa rök fyrir fjárfestingaraðstoð til að auka afkastagetu eða viðhalda fyrirliggjandi afkastagetu:

.....

.....

([3]) „Upptökusvæði flugvallar“: mörk landfræðilegs markaðar sem eru almennt ákvörðuð sem u.þ.b. 100 kílómetrar eða u.þ.b. 60 mínútna ferðatími með bíl, strætisvagni, lest eða háhraðalest; þó kann upptökusvæði tiltekins flugvallar að vera annað og taka þarf tillit til sérkenna sérhvers flugvallar. Stærð og lögun upptökusvæðisins er breytilegt milli flugvalla og veltur á ýmsum sérkennum flugvallarins, m.a. viðskiptalíkani hans, staðsetningu og þeim áfangastöðum sem hann þjónar.

2.2. Þörf fyrir íhlutun ríkis

2.2.1. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: útskýra skal, á grundvelli viðskiptaáætlunar flugvallarins, að hve miklu leyti geta flugvallarins til að mæta þeim fjármagnskostnaði sem hann ber veltur á stærð hans út frá árlegum farþegaflutningum:

.....

.....

2.2.2. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: útskýra skal hvers vegna flugvöllurinn gat ekki útvegað sér nægilega fjárfestingu frá einkaaðilum:

.....

.....

2.2.3. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: Staðfesta skal að yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, muni ganga úr skugga um þörf fyrir íhlutun ríkisins í hverju tilviki á grundvelli i. stærðar flugvallarins ([4]), ii. getu flugvallarins til að laða til sín fjárfestingu einkaaðila:

.....

.....

2.3. Er ráðstöfunin viðeigandi?

2.3.1. Sýna skal fram á að viðkomandi aðstoð eigi við til þess að ná fyrirhuguðu markmiði eða leysa þau vandamál sem henni er ætlað að mæta. Einkum skal útskýra hvernig yfirvöldin hafa staðfest að ekki sé hægt að ná þessu sama markmiði og að ekki sé unnt að leysa þetta sama vandamál með stjórntækjum eða aðstoðarleiðum sem leiða til minni röskunar og að viðkomandi aðstoð sé viðeigandi stjórntæki. Ef aðstoðin er t.d. veitt með þeim hætti að hún veiti beinan fjárhagslegan ávinning ([5]) skal sýna fram á af hverju önnur form aðstoðar, sem hafa hugsanlega minni áhrif til röskunar, s.s. fyrirframgreiðslur eða aðstoð sem byggð er á skulda- eða eiginfjárgerningum ([6]) á ekki við:

.....

.....

2.4. Hvatningaráhrif aðstoðarinnar

2.4.1. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: staðfesta skal að vinna við tilkynnta staka fjárfestingu hafi aðeins hafist eftir að umsókn um aðstoðina var lögð fyrir yfirvaldið sem veitir aðstoðina. Láta skal í té afrit af umsókninni um aðstoðina sem aðstoðarþeginn sendi yfirvaldinu sem veitir aðstoðina og skjalfesta sönnun fyrir upphafsdegi vinnu við verkið:

.....

.....

2.4.2. Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi: staðfesta skal að vinna við aðstoðarhæf fjárfestingarverkefni muni hefjast aðeins þegar stök umsókn um aðstoð hefur verið lögð fyrir yfirvaldið sem veitir aðstoðina:

.....

.....

([4]) Nota skal eftirtalda stærðarflokka: flugvellir með árlegan farþegafjölda allt að 200 000, flugvellir með árlegan farþegafjölda á bilinu 200 000 til 1 milljón, flugvellir með árlegan farþegafjölda á bilinu 1-3 milljónir.

([5]) Til dæmis beinir styrkir, undanþágur frá skatti eða lækkun á sköttum, almannatryggingar eða önnur lögboðin gjöld eða aðgangur að landi, vörum eða þjónustu á hagstæðu verði o.s.frv.

([6]) Til dæmis lán með lágum vöxtum eða vaxtaafsláttur, ríkisábyrgðir, kaup á hlutafjáreign eða annað framlag fjármagns á hagstæðum kjörum.

2.4.3. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: lýsa skal umfangi fyrirhugaðrar starfsemi í sviðsmynd með aðstoð og í staðleysusviðsmynd án aðstoðar. Láta skal í té gögn til stuðnings t.d. innri gögn sem varða aðra starfsemi sem flugvöllurinn, sem nýtur aðstoðar, lítur til við innri ákvarðanatöku sína:

.....

.....

2.4.4. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: þegar fyrir liggur staðleysusviðsmynd með annarri starfsemi skal bera saman báðar sviðsmyndir til að tilgreina viðbótarstarfsemina sem yrði einungis framkvæmd með aðstoðinni (staðleysugreining).

Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: Þegar staðleysusviðsmynd með annarri starfsemi liggur ekki fyrir skal tilgreina fjármögnunarþörf vegna fjármagnskostnaðar sem staðfest er á grundvelli fyrirframgerðrar viðskipta-áætlunar flugvallarins sem nýtur aðstoðarinnar. Fjármögnunarþörf vegna fjármagnskostnaðar er mismunurinn á jákvæðu og neikvæðu sjóðstreymi, m.a. fjárfestingarkostnaður vegna fastra fjáreigna á líftíma fjárfestingarinnar á hreinu núvirði:

.....

.....

2.4.5. Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi: a) staðfesta skal að yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, muni veita staka aðstoð innan ramma aðstoðarkerfisins aðeins eftir að staðfest hefur verið að fyrir hendi eru hvatningaráhrif, með því að bera saman umfang fyrirhugaðrar starfsemi með og án aðstoðar (staðleysugreining) eða, ef ekki er fyrir hendi önnur starfsemi án aðstoðar, með því að greina fjármögnunarþörf vegna fjármagnskostnaðar á grundvelli fyrirframgerðrar viðskiptaáætlunar flugvallarins sem nýtur aðstoðar ([7]), b) lýsa skal öllum undirliggjandi ílagsgögnum, breytum og forsendum sem yfirvald, sem veitir aðstoð, mun meta vegna greiningar á íhlutunaráhrifum:

.....

.....

2.5. Meðalhóf aðstoðar

2.5.1. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: þegar fyrir liggur staðleysusviðsmynd með annarri starfsemi skal a) setja fram í formi excel-taflna fyrirframgerðar viðskiptaáætlanir vegna sviðsmyndar með aðstoð og staðleysusviðs-myndar án aðstoðar, b) tilgreina, á þeim grundvelli, aukinn kostnað (nettó), að frádregnum viðbótartekjum, sem leiðir af framkvæmd studda verkefnisins eða starfseminnar fremur en staðleysuverkefnisins eða -starfseminnar, c) útskýra öll undirliggjandi ílagsgögn, breytur og forsendur.

Viðskiptaáætlanir skulu taka til efnahagslegs líftíma fjárfestinganna:

.....

.....

2.5.2. Þegar um er að ræða staka fjárfestingaraðstoð: þegar fyrir liggur staðleysusviðsmynd með annarri starfsemi skal a) setja fram í formi excel-taflna fyrirframgerða viðskiptaáætlun flugvallarins sem nýtur aðstoðar, b) tilgreina, á þeim grundvelli, fjármögnunarþörf vegna fjármagnskostnaðar sem er hreint núvirði mismunarins milli jákvæðs og neikvæðs sjóðstreymis, m.a. fjárfestingarkostnaðar, á líftíma fjárfestingarinnar, c) útskýra öll undirliggjandi ílagsgögn, breytur og forsendur:

.....

.....

([7]) Fjármögnunarþörf vegna fjármagnskostnaðar er mismunurinn á jákvæðu og neikvæðu sjóðstreymi, m.a. fjárfestingarkostnaðar vegna fastra fjáreigna á líftíma fjárfestingarinnar á hreinu núvirði.

2.5.3. Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi: samþykkja skal skuldbindingu a) um að rannsaka hvert tilvik staðleysisviðsmyndar án aðstoðar á grundvelli fyrirframgerðra viðskiptaáætlana, b) um að ákvarða viðbótarkostnað, að frádregnum viðbótartekjum, sem leiðir af framkvæmd studda verkefnisins eða starfseminnar fremur en staðleysuverkefnisins eða -starfseminnar, í tilvikum þar sem fyrir liggur staðleysusviðsmynd með annarri starfsemi, c) um að ákvarða fjármögnunarþörf vegna fjármagnskostnaðar, sem er hreint núvirði mismunarins milli jákvæðs og neikvæðs sjóðstreymis, m.a. fjárfestingarkostnaðar, á efnahagslegum líftíma fjárfestingarinnar í tilvikum þar sem engin önnur starfsemi hefði átt sér stað.

Lýsa skal öllum undirliggjandi ílagsgögnum, breytum og forsendum sem yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, mun meta í tengslum við rannsóknir og greiningar:

.....

.....

2.5.4. Aðstoðarhlutfall:

Tilgreina skal hámarkshlutfall aðstoðarhæfs kostnaðar sem fellur undir fjárfestingaraðstoð („aðstoðarhlutfall“), þ.m.t. hvers konar viðbætur við grunnaðstoðarhlutfallið:

.....

.....

Þar sem aðstoðarkerfi gildir um flugvelli af mismunandi stærðum skal tilgreina hámarkshlutfall aðstoðar sem gildir fyrir eftirtalda flokka flugvalla:

Stærð flugvallar byggð á meðalfjölda farþega (farþegar á ári)	Hámarkshlutfall fjárfestingaraðstoðar
> 3-5 milljónir	
1-3 milljónir	
< 1 milljón	

2.6. Að komast hjá neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

2.6.1. Staðfesta skal að flugvöllurinn, þ.m.t. allir innviðir og búnaður sem fengið hafa fjárfestingaraðstoð, verði opinn öllum hugsanlegum notendum og ekki ætlaður einum sérstökum notanda:

.....

.....

2.6.2. Tilgreina skal ákvæðin sem tryggja að getu flugvallarins verði úthlutað til notenda á grundvelli viðeigandi, hlutlægra og gagnsærra viðmiðana án mismununar:

.....

.....

2.7. Tilkynning um staka aðstoð samkvæmt fjárfestingaraðstoðarkerfi

2.7.1. Tilkynna verður um eftirfarandi stakar aðstoðarráðstafanir innan ramma fjárfestingaraðstoðarkerfisins skv. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

a) fjárfestingaraðstoð fyrir flugvelli þar sem árlegur meðalfjöldi farþega fer yfir 3 milljónir,

b) fjárfestingaraðstoð þar sem aðstoðarhlutfall fer yfir 75% fyrir hvern flugvöll þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er undir 1 milljón, að frátöldum flugvöllum á afskekktum svæðum,

c) fjárfestingaraðstoð sem veitt er vegna flutnings flugvalla,

d) fjárfestingaraðstoð sem fjármagnar flugvöll sem sinnir bæði farþega- og vöruflutningum og hægt var að flytja yfir 200 000 tonn af vörum um næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar tilkynnt er um aðstoðina,

e) fjárfestingaraðstoð sem miðar að því að koma á fót nýjum farþegaflugvelli (þ.m.t. að breyta fyrirliggjandi flugvallarsvæði í farþegaflugvöll),

f) fjárfestingaraðstoð sem miðar að því að koma á fót eða þróa flugvöll sem staðsettur er innan 100 km eða 60 mínútna ferðatíma, með bifreið, strætisvagni, lest eða háhraðalest, frá fyrirliggjandi flugvelli.

HLUTI III.13.B

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um rekstraraðstoð til flugvalla

Mælt er með því að fylla út þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar, auk eyðublaðsins um „Almennar upplýsingar“ vegna tilkynningar um alla staka rekstraraðstoð sem fellur undir viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda ([8]).

1. **Viðbótarupplýsingar um aðstoðarþegann og starfsemi hans**

1.1. Aðstoðarþegi

1.1.1. Fer aðstoðin beint til rekstraraðila flugvallarins?

☐ já ☐ nei

1.1.2. Ef svarið við lið 1.1.1 er nei skal lýsa, ef við á, i. þeim lögaðila/lögaðilum sem fá aðstoðina og ii. þeim lögaðila/lögaðilum sem bera ábyrgð á að yfirfæra aðstoðina sem milliliður/milliliðir til þess flugvallar sem á rétt á aðstoðinni og veitir þjónustuna.

.....

.....

1.1.3. Ef svarið í lið 1.1.1 er nei skal útskýra hvernig yfirvöld tryggja að enginn ávinningur sé veittur á millistigunum.

.....

.....

1.1.4. Er aðstoðarþeginn einnig eigandi flugvallarins?

☐ já ☐ nei

1.1.5. Ef svarið í lið 1.1.4 er nei skal tilgreina hver er eða hver verður eigandi flugvallarins og lýsa uppbyggingu eignarhaldsins.

.....

.....

1.1.6. Þegar um er að ræða staka aðstoð skal lýsa lagalegum, skipulagslegum og fjárhagslegum tengslum milli viðtakanda aðstoðarinnar og i. þeirra fyrirtækja sem mynda ásamt honum fyrirtækjasamstæðu, ii. dótturfyrirtækja hans, iii. annarra tengdra fyrirtækja, þ.m.t. fyrirtækja um sameiginlegt verkefni.

([8]) Viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda (Stjtíð. ESB C 99, 4.4.2014, bls. 3).

Ef um er að ræða aðstoðarkerfi skal lýsa þeirri aðferð sem yfirvaldið, sem veitir aðstoð, notar til að meta þau lagalegu, skipulagslegu og fjárhagslegu tengsl sem um getur í liðum 1.1.1-1.1.5 hér að framan.

.....

.....

1.2. Almennar upplýsingar um rekstraraðila flugvallarins

1.2.1. Ef viðkomandi flugvöllur eða flugvellir eru notaðir í þágu herafla landsins, lögreglu, flugbjörgunarþjónustu, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni, eða annarrar flugþjónustu, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni, skal tilgreina a) eðli þjónustunnar og b) hlutfall nýtingar á afkastagetu flugvallar (t.d. notkun flugbrautar og annarrar aðstöðu flugvallar, sett fram sem hundraðshluti árlegra flughreyfinga).

.....

.....

1.2.2. Láta skal í té eftirfarandi gögn um farþegaflutninga um flugvöll(flugvelli) sem fá aðstoð:

a) Ef um er að ræða flugvelli sem hafa lengri sögu um farþegaflutninga í atvinnuskyni en tvö fjárhagsár: meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir tvö fjárhagsár næst fyrir það ár þegar tilkynnt er um aðstoðina eða hún er veitt í reynd.

b) Ef um er að ræða flugvelli sem hafa skemmri sögu um farþegaflutninga í atvinnuskyni en tvö fjárhagsár: spár um meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir næstu tvö fjárhagsár eftir upphaf rekstrar farþegaflutninga í lofti í atvinnuskyni.

Láta skal í té gögn í formi töflu eins og hér segir: [afritað af síðu 188, liður 2.2.3]

Ár	Heildarfjöldi farþega

Telja verður fjölda farþega „aðra leiðina“ og fyrir hverja staka flugleið. Til dæmis: farþegi sem flýgur frá flugvelli og til hans aftur er talinn tvisvar. Ef flugvöllurinn er hluta af hópi flugvalla verður að ákvarða gögn um farþegaflutninga á grundvelli viðkomandi flugvallar.

1.2.3. Ef um er að ræða staka rekstraraðstoð: láta skal í té viðskiptaáætlunina sem aðstoðarþeginn hefur komið til framkvæmda á tímabilinu 2009–2013 og þá viðskiptaáætlun sem hann hyggst koma til framkvæmda á næsta 10 ára tímabili til 4. apríl 2024. Lýsa skal forsendunum sem liggja til grundvallar því 10 ára tímabili.

Í viðskiptaáætluninni verða að koma fram upplýsingar um umferð og umferðarspár, kostnað og kostnaðarspár, fjármálagögn og fjármálaspár að því er varðar arðsemi og sjóðstreymi (með vísun til aðferðafræði sem er augljóslega notuð á flugvellinum, t.d. með því að nota aðferðir við að meta hreint núvirði fjárfestingar („NPV“), innri ávöxtun („IRR“) og meðalarðsemi fjármagns („ROCE“). Viðskiptaáætlunina verður að leggja fram á excel-sniði, þ.m.t. útskýringar á öllum undirliggjandi reiknireglum.

Ef um aðstoðarkerfi er að ræða skal tilgreina í smáatriðum a) formlegar og efnislegar viðmiðanir sem viðskiptaáætlanir aðstoðarhæfra flugvalla verða að vera í samræmi við, b) þá aðferð sem innlendu yfirvöldin nota til að meta viðskiptaáætlanirnar.

.....

.....

1.2.4. Ef um staka rekstraraðstoð er að ræða skal láta í té yfirlit yfir samantekt á rekstrartapi ([9]) sem aðstoðarþeginn stofnaði til á tímabilinu 2009–2013 og yfir spá um rekstrartap á tímabilinu til 4. apríl 2024. Láta skal í té gögn í formi töflu sem skal byggð upp eins og hér segir:

Reglulegar tekjur				
…				
…				
Rekstrarkostnaður				
…				
…				
Annað				
…				
Afkoma fyrirtækisins.				

Ef um aðstoðarkerfi er að ræða skal tilgreina þá aðferð sem yfirvöldin munu nota til að staðfesta rekstrartap aðstoðarhæfra flugvalla.

1.2.5. Ef um staka rekstraraðstoð er að ræða skal láta í té afrit af reikningsskilum ([10]) aðstoðarhæfa flugvallarins fyrir þau fimm ár sem fara á undan árinu þegar sótt er um rekstraraðstoð.

Ef um er að ræða aðstoðarkerfi skal láta reikningsskil, sem lýst er hér að framan, fylgja með mati á stakri aðstoð.

.....

.....

1.2.6. Tilgreina skal þau ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir ofgreiðslu og endurheimta umframgreiðslur frá aðstoðarþeganum.

.....

.....

1.3. Flugvallarþjónustustarfsemi

1.3.1. Tilgreina skal aðstoðarhæfa flugvallarþjónustu ([11]) og flokka aðstoðarhæfs rekstrarkostnaðar ([12]) að því er varðar veitingu slíkrar þjónustu.

.....

.....

([9]) „Rekstrarfjármögnunarþörf“: rekstrartap flugvallar á viðkomandi tímabili, afvaxtað á núvirði með því að nota fjármagnskostnað, þ.e.a.s. munurinn (á hreinu núvirði) milli reglulegra tekna og rekstrarkostnaðar flugvallarins.

([10]) Efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, yfirlýsing frá löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

([11]) Þjónusta sem flugvöllur eða eitthvert af dótturfélögum hans veitir til að tryggja afgreiðslu loftfara frá lendingu til flugtaks og afgreiðslu farþega og farms, til þess að gera flugrekendum kleift að veita flutningaþjónustu í lofti, þ.m.t. flugafgreiðsla og að láta í té miðlæg grunnvirki til flugafgreiðslu.

([12]) Undirliggjandi kostnaður flugvallar við að veita flugvallarþjónustu, þ.m.t. kostnaðarflokkar, t.d. kostnaður vegna starfsfólks, umsaminnar þjónustu, fjarskipta, úrgangs, orku, viðhalds, leigu og stjórnunar en undanskilinn er fjármagnskostnaður, markaðsstuðningur eða aðrir hvatar sem flugvöllurinn veitir flugfélögum, og kostnaður sem fellur undir verkefni hins opinbera.

1.4. Starfsemi sem fellur undir verkefni hins opinbera

1.4.1. Tekur rekstraraðstoðin til starfsemi sem er á ábyrgð ríkisins þegar það framkvæmir vald sitt sem opinbert yfirvald (t.d. umferðarstjórnun, lögregla, tollur, slökkvistarf, starfsemi sem er nauðsynleg til að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi)? Rekstrarkostnaður, sem tengist nauðsynlegum grunnvirkjum og búnaði til að sinna slíkri starfsemi, er almennt ekki talinn viðskiptalegs eðlis og fellur því ekki undir reglur um ríkisaðstoð.

☐ já ☐ nei

1.4.2. Setja skal fram viðkomandi landsbundinn gerning, svæðisbundinn gerning eða annan lagagerning sem tengist starfsemi sem fellur undir verkefni hins opinbera og fjármögnun hennar. Ef slíkur lagagerningur er ekki fyrir hendi skal útskýra hvernig viðeigandi yfirvöld fjármagna almennt slíka starfsemi.

.....

.....

1.4.3. Láta skal í té sönnunargögn sem sýna að opinber fjármögnun starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis leiðir ekki til ótilhlýðilegrar mismununar milli flugvalla. Mismunun kemur upp við aðstæður þar sem almenningsflugvellir þurfa, samkvæmt viðeigandi landslögum, almennt að bera tiltekinn kostnað sem fylgir starfsemi þeirra sem er ekki viðskiptalegs eðlis en tilteknir almenningsflugvellir þurfa ekki að bera slíkan kostnað. Tilgreina skal efnislegt og landfræðilegt gildissvið innlendra reglna sem eiga við um fjármögnun á starfsemi flugvalla, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, og, ef við á, umfang svæðisbundinna valdheimilda í málinu.

.....

.....

1.4.4. Staðfesta skal, og styðja viðeigandi gögnum, að greiðslur vegna kostnaðar, sem er stofnað til í starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, takmarkist einungis við slíkan kostnað og að niðurgreiðsla, þvert á efnahagsleg starfsemi með slíkri greiðslu, sé í reynd útilokuð.

.....

.....

1.4.5. Staðfesta skal að flugvöllurinn muni halda aðskilið kostnaðarbókhald vegna starfsemi sem er viðskiptalegs eðlis og starfsemi sem er ekki viðskiptalegs eðlis.

.....

.....

2. **Mat á samrýmanleika ráðstöfunarinnar**

2.1. Var aðstoðin veitt fyrir 4. apríl 2014?

☐ já ☐ nei

2.2. Framlag til vel skilgreindra markmiða sem varða sameiginlega hagsmuni

2.2.1. Hefur rekstraraðstoðin:

a) ☐ aukið hreyfanleika borgara Sambandsins og tengsl milli svæða með því að koma á fót aðgangsstöðum fyrir flug innan Sambandsins?

b) ☐ unnið gegn umferðarteppum á stórum flugvöllum Sambandsins sem þjóna sem miðstöðvar?

c) ☐ greitt götu byggðaþróunar?

Tilgreina skal hvernig rekstraraðstoðin stuðlar að því markmiði eða markmiðum sem valið eða valin eru.

.....

.....

2.2.2. Varðar tilkynnta ráðstöfunin starfsemi nýs flugvallar?

☐ já ☐ nei

2.2.3. Þegar um er að ræða staka rekstraraðstoð: Er flugvöllurinn, sem nýtur aðstoðarinnar, staðsettur á sama upptökusvæði ([13]) og annar flugvöllur með varaafkastagetu?

☐ já ☐ nei

2.2.4. Þegar um er að ræða staka rekstraraðstoð: Ef svarið við lið 2.2.3 er já skal tilgreina stærð og lögun upptökusvæðisins. Láta skal í té upplýsingar sem greina líkleg áhrif á umferð hins flugvallarins sem staðsettur er á því sama upptökusvæði. Þessar upplýsingar ættu að vera hluti af viðskiptaáætlun flugvallarins sem nýtur aðstoðarinnar og byggja á traustum spám um farþegaflutninga og farmflutninga.

Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: a) staðfesta skal að yfirvöld séu skuldbundin til að meta líkleg áhrif á umferð á öðrum flugvelli eða flugvöllum á sama upptökusvæði og aðstoðarhæfur flugvöllur, á grundvelli upplýsinga sem eru hluti af viðskiptaáætlun flugvallarins sem nýtur aðstoðarinnar og byggja á traustum spám yfir farþega- og farmflutninga; b) útskýra skal aðferð og viðmiðanir sem innlendu yfirvöldin munu nota til að meta líkleg áhrif á umferð á þessum öðrum flugvelli eða flugvöllum.

.....

.....

2.3. Þörf fyrir íhlutun ríkis

2.3.1. Staðfesta skal að árleg umferð um flugvöllinn/aðstoðarhæfa flugvelli fari ekki yfir 3 milljónir farþega (sjá einnig spurningu 1.2.2 hér að framan).

.....

2.4. Er ráðstöfunin viðeigandi?

2.4.1. Sýna skal fram á að viðkomandi aðstoð eigi við til þess að ná fyrirhuguðu markmiði eða leysa þau vandamál sem henni er ætlað að takast á við. Einkum skal útskýra hvernig yfirvöldin hafa staðfest að ekki sé hægt að ná þessu sama markmiði eða að ekki sé unnt að leysa þetta sama vandamál með stjórntæki eða aðstoðarleiðum sem leiða til minni röskunar. Ef aðstoðin er t.d. veitt með þeim hætti að hún veiti beinan fjárhagslegan ávinning ([14]) skal sýna fram á af hverju önnur form aðstoðar, sem hafa hugsanlega minni áhrif til röskunar, s.s. fyrirframgreiðslur eða aðstoð sem byggð er á skulda- eða eiginfjárgerningum ([15]) á ekki við:

.....

.....

([13]) „Upptökusvæði flugvallar“: mörk landfræðilegs markaðar sem eru almennt ákvörðuð sem u.þ.b. 100 kílómetrar eða u.þ.b. 60 mínútna ferðatími með bíl, strætisvagni, lest eða háhraðalest; þó kann upptökusvæði tiltekins flugvallar að vera annað og taka þarf tillit til sérkenna sérhvers flugvallar. Stærð og lögun upptökusvæðisins er breytilegt milli flugvalla og veltur á ýmsum sérkennum flugvallarins, m.a. viðskiptalíkani hans, staðsetningu og þeim áfangastöðum sem hann þjónar.

([14]) Til dæmis beinir styrkir, undanþágur frá skatti eða lækkun á sköttum, almannatryggingar eða önnur lögboðin gjöld eða aðgangur að landi, vörum eða þjónustu á hagstæðu verði o.s.frv.

([15]) Til dæmis lán með lágum vöxtum eða vaxtaafsláttur, ríkisábyrgðir, kaup á hlutafjáreign eða önnur ráðstöfun fjármagns á hagstæðum kjörum.

2.4.2. Þegar um er að ræða staka rekstraraðstoð: Hefur fjárhæð aðstoðarinnar verið ákvörðuð fyrir fram sem föst fjárhæð sem dugar til að mæta væntri rekstrarfjármögnunarþörf sem er ákvörðuð á grundvelli viðskiptaáætlunar aðstoðarþegans, sem nær yfir tíu ára umbreytingartímabil sem hefst 4. apríl 2014?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal láta í té viðeigandi upplýsingar í viðskiptaáætluninni.

2.4.3. Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi: verður fjárhæð aðstoðarinnar í hverju tilviki ákvörðuð fyrir fram sem föst fjárhæð sem dugar til að mæta væntri rekstrarfjármögnunarþörf sem ákvörðuð er á grundvelli viðskiptaáætlunar aðstoðarþegans, sem nær yfir tíu ára umbreytingartímabil sem hefst 4. apríl 2014?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal aðstoðarþeginn láta í té viðeigandi upplýsingar í viðskiptaáætluninni.

2.4.4. Ef svarið við liðum 2.4.2 og 2.4.3 er nei skal tilgreina: a) hversu mikil óvissa fylgir kostnaðar- og tekjuspám, b) hvers konar misvægi í upplýsingum sem koma í veg fyrir að innlendu yfirvöldin geti reiknað aðstoðarfjárhæð út fyrir fram á grundvelli viðskiptaáætlunar.

.....

.....

2.4.5. Ef svarið við liðum 2.4.2 og 2.4.3 er nei skal staðfesta að hámarksfjárhæð samrýmanlegrar rekstraraðstoðar hafi verið/verði staðfest samkvæmt líkani sem er byggt á meðaltali rekstrarfjármögnunarþarfar ([16]) yfir fimm ára tímabili frá 2009 til 2013.

2.4.6. Staðfesta skal að fjárhæð rekstraraðstoðar verði ekki aukin eftir á.

☐ já ☐ nei

2.4.7. Ef svarið við spurningunni hér að framan er nei skal skýra hvers vegna möguleiki á eftiráaukningu myndi ekki draga úr hvata til að reka flugvöllinn með skilvirkum hætti.

.....

.....

2.5. Hvatningaráhrif aðstoðarinnar og meðalhóf

2.5.1. Þegar um er að ræða staka rekstraraðstoð skal útskýra hvers vegna líkur eru á að dregið hefði umtalsvert úr efnahagslegri starfsemi viðkomandi flugvallar ef ekki hefði komið til aðstoðar. Láta skal í té nauðsynlegar upplýsingar sem byggðar eru á viðskiptaáætluninni (sjá einnig lið 1.2.3), samanburð á umfangi fyrirhugaðrar starfsemi með og án aðstoðar (staðleysusviðsmyndin) og að teknu tilliti til hugsanlegrar fjárfestingaraðstoðar og umferðarmagns.

Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi skal lýsa þeirri aðferð sem yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, notar til að meta viðskiptaáætlanirnar, sem og líkum á því að dregið hefði umtalsvert úr efnahagslegri starfsemi viðkomandi flugvallar ef ekki hefði komið til aðstoðar, að teknu tilliti til hugsanlegrar fjárfestingaraðstoðar og umferðarmagns.

.....

.....

([16]) „Rekstrarfjármögnunarþörf“: rekstrartap flugvallar á viðkomandi tímabili, afvaxtað á núvirði með því að nota fjármagnskostnað, þ.e.a.s. munurinn (á hreinu núvirði) milli reglulegra tekna og rekstrarkostnaðar flugvallarins.

2.5.2. Þegar um staka rekstraraðstoð er að ræða skal sýna fram á að viðskiptaáætlun flugvallarins muni leiða til þess að rekstrarkostnaður sé að fullu greiddur eigi síðar en 4. apríl 2024. Tilgreina skal viðeigandi lykilbreytur viðskiptaáætlunarinnar.

Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal staðfesta að yfirvaldið sem veitir aðstoðina muni aðeins veita staka rekstraraðstoð ef það hefur komist að þeirri niðurstöðu að viðskiptaáætlun flugvallarins, sem nýtur aðstoðarinnar, muni leiða til þess að rekstrarkostnaður sé að fullu greiddur eigi síðar en 4. apríl 2024. Tilgreina skal hvaða lykilþætti viðskiptaáætlunarinnar yfirvöldin, sem veita aðstoðina, munu meta til að komast að niðurstöðu í hverju tilviki fyrir sig.

.....

.....

2.5.3. Tilgreina skal:

Þegar um er að ræða staka rekstraraðstoð: upphaflega fjármögnunarþörf flugvallarins, sem nýtur aðstoðarinnar, yfir 10 ára tímabil, allt frá rekstrarkostnaði við upphaf umbreytingartímabilsins sem hefst 4. apríl 2014 og þar til rekstrarkostnaður fæst greiddur að fullu eigi síðar en 4. apríl 2024, við lok umbreytingartímabilsins.

Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: staðfesta skal a) að fjármögnunarþörf aðstoðarhæfra flugvalla verði staðfest með því að nota aðferðina sem um getur í lið 2.5.2, b) að aðstoðarhæfir flugvellir verði að sýna fram á að þeir muni ná fullri greiðslu rekstrarkostnaðar eigi síðar en 4. apríl 2024.

.....

.....

Leyfð hámarksfjárhæð aðstoðar:

.....

.....

Hlutfall fjármögnunarþarfar sem fellur undir rekstraraðstoð:

.....

.....

Tímabil rekstraraðstoðar:

.....

.....

2.6. Að komast hjá neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

2.6.1. Sýna skal fram á að allir flugvellir sem staðsettir eru á sama upptökusvæði og aðstoðarhæfi flugvöllurinn eða aðstoðarhæfu flugvellirnir geti greitt rekstrarkostnað að fullu eigi síðar en 4. apríl 2024.

.....

.....

2.6.2. Staðfesta skal að flugvöllurinn eða flugvellirnir, þ.m.t. öll fjárfesting sem aðstoð er veitt til, verði opinn/opnir öllum hugsanlegum notendum og ekki ætlaður/ætlaðir einum sérstökum notanda.

☐ já ☐ nei

2.6.3. Tilgreina skal ákvæðin sem tryggja að afkastagetu flugvallarins verði úthlutað til notenda á grundvelli viðeigandi, hlutlægra og gagnsærra viðmiðana án mismununar.

.....

.....

HLUTI III.13.C

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um upphafsaðstoð til flugrekenda

Mælt er með því að fylla út þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar, auk eyðublaðsins um „Almennar upplýsingar" í I. hluta vegna tilkynningar um hvers konar upphafsaðstoð sem fellur undir viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda ([17]).

Þetta eyðublað gildir jafnt um tilkynningar um aðstoðarkerfi og staka aðstoð.

1. **Viðbótarupplýsingar um aðstoðarþegann, verkefnið og aðstoðina**

1.1. Aðstoðarþegi

1.1.1. Fer aðstoðin beint til flugrekanda sem starfrækir nýju flugleiðina?

☐ já ☐ nei

1.1.2. Ef svarið við lið 1.1.1 er nei skal lýsa, ef við á, lögaðila eða lögaðilum sem a) fá aðstoðina, b) færa aðstoðina til milliliðar eða til flugrekandans sem starfrækir nýju flugleiðina.

.....

.....

1.1.3. Ef svarið í lið 1.1.1 er nei skal útskýra hvernig yfirvöld tryggja að millistigin fái engan ávinning.

.....

.....

1.1.4. Þegar um er að ræða staka aðstoð skal lýsa lagalegum, skipulagslegum og fjárhagslegum tengslum milli viðtakanda aðstoðarinnar og a) þeirra fyrirtækja sem mynda ásamt honum fyrirtækjasamstæðu, b) dótturfyrirtækja hans, c) annarra tengdra fyrirtækja, þ.m.t. fyrirtækja um sameiginlegt verkefni.

Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi skal lýsa þeirri aðferð sem yfirvaldið, sem veitir aðstoð, notar til að meta þessi lagalegu, skipulagslegu og fjárhagslegu tengsl:

.....

.....

1.1.5. Val á aðstoðarþega: Lýsa skal a) þeirri málsmeðferð sem notuð var eða verður við val á aðstoðarþega, b) miðlun og umfangi birtingar á valferlinu, c) aðstoðarhæfisskilyrðum, d) starfrækslukröfum, e) valviðmiðunum.

.....

.....

2. **Mat á samrýmanleika ráðstöfunarinnar**

2.1. Framlag til vel skilgreindra markmiða sem varða sameiginlega hagsmuni

2.1.1. Er upphafsaðstoðin til þess fallin að:

a) ☐ auka hreyfanleika borgara Sambandsins og tengjanleika svæða með því að koma á fót nýjum flugleiðum?

b) ☐ greiða götu svæðisbundinnar þróunar afskekktra svæða?

([17]) Viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda (Stjtíð. ESB C 99, 4.4.2014, bls. 3).

Útskýra skal hvernig aðstoðin stuðlar að því markmiði sem valið er.

.....

.....

2.1.2. Þegar um staka aðstoð er að ræða skal sýna fram á að flugleiðinni eða flugleiðunum, sem njóta eiga aðstoðar, sé ekki þegar þjónað með háhraðalestarþjónustu ([18]) eða frá öðrum flugvelli á sama upptökusvæði ([19]) við sambærileg skilyrði. Ef skilyrði teljast ekki sambærileg skal útskýra hvers vegna svo er.

Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal útskýra hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, muni tryggja að skilyrðin í þessum lið séu uppfyllt í hverju einstöku tilviki upphafsaðstoðar.

.....

2.2. Þörf fyrir íhlutun ríkis

2.2.1. Tilgreina skal hvort upphafsaðstoðin varðar:

a) ☐ flugleiðir sem tengja flugvöll með færri en 3 milljónir farþega á ári ([20]) við annan flugvöll á Samevrópska flugsvæðinu ([21]),

b) ☐ flugleiðir sem tengja flugvöll, sem staðsettur er á afskekktu svæði, við annan flugvöll (innan eða utan Samevrópska flugsvæðisins), án tillits til stærðar hlutaðeigandi flugvalla,

c) ☐ flugleiðir sem tengja flugvöll með fleiri en 3 milljónir farþega á ári en færri en 5 milljónir farþega á ári, sem ekki eru staðsettir á afskekktum svæðum. Rökstyðja skal sérstakar aðstæður með tilhlýðilegum hætti í þessu tilviki,

d) ☐ annað (tilgreina skal nánar).

.....

.....

2.2.2. Þegar um er að ræða staka aðstoð skal tilgreina staðsetningu flugvalla sem tengdir eru aðstoðarhæfum nýjum flugleiðum.

.....

.....

([18]) „Háhraðalestarþjónusta“ er þjónusta sem veitt er með lestum sem geta náð yfir 200 km/klst.

([19]) „Upptökusvæði flugvallar“: mörk landfræðilegs markaðar sem eru almennt ákvörðuð sem u.þ.b. 100 kílómetrar eða u.þ.b. 60 mínútna ferðatími með bíl, strætisvagni, lest eða háhraðalest; þó kann upptökusvæði tiltekins flugvallar að vera annað og taka þarf tillit til sérkenna sérhvers flugvallar. Stærð og lögun upptökusvæðisins er breytilegt milli flugvalla og veltur á ýmsum sérkennum flugvallarins, m.a. viðskiptalíkani hans, staðsetningu og þeim áfangastöðum sem hann þjónar.

([20]) Raunverulegt meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir tvö fjárhagsár næst fyrir það ár þegar tilkynnt er um aðstoðina eða hún er í reynd veitt eða greidd út ef um er að ræða aðstoð sem ekki hefur verið tilkynnt um. Þegar um er að ræða nýstofnaðan farþegaflugvöll ætti að taka tillit til spár um meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir tvö fjárhagsár eftir upphaf rekstrar farþegaflutninga í lofti í atvinnuskyni. Þessi viðmiðunarmörk vísa til þess að talið er aðra leiðina. Þar af leiðandi er farþegi sem flýgur frá flugvelli og til hans aftur talinn tvisvar; talningin á við um hverja staka flugleið.

([21]) Ákvörðun ráðsins og fulltrúa aðildarríkja Evrópusambandsins, sem komu saman á vegum ráðsins, 2006/682/EB um undirritun og bráðabirgðabeitingu marghliða samkomulags milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess, Lýðveldisins Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Króatíu, Makedóníu (fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu), lýðveldisins Íslands, Lýðveldisins Svartfjallalands, Konungsríkisins Noregs, Rúmeníu, Lýðveldisins Serbíu og borgaralegrar stjórnsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó um að koma á Samevrópska flugsvæðinu (ECAA) (Stjtíð. ESB L 285, 16.10.2006, bls. 1).

2.2.3. Þegar um er að ræða staka aðstoð, þar sem upphafsaðstoð er ætluð flugleiðum sem tengja flugvöll, sem er **ekki** staðsettur á afskekktu svæði, við annan flugvöll, skal láta í té eftirfarandi gögn um farþegaflutninga um flugvelli sem tengdir eru nýju flugleiðinni eða flugleiðunum:

a) þegar um er að ræða flugvelli sem hafa lengri sögu um farþegaflutninga í atvinnuskyni en tvö fjárhagsár: meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir næstu tvö fjárhagsár fyrir það ár þegar tilkynnt er um aðstoðina eða hún er veitt,

b) þegar um er að ræða flugvelli sem hafa skemmri sögu um farþegaflutninga í atvinnuskyni en tvö fjárhagsár: spár um meðaltal farþegaflutninga á ársgrundvelli yfir næstu tvö fjárhagsár eftir upphaf rekstrar farþegaflutninga í lofti í atvinnuskyni,

Láta skal í té gögn í formi töflu eins og hér segir:

Ár	Flugvöllur	Flugvöllur
Ár	Farþegafjöldi	Farþegafjöldi
Ár	Farþegafjöldi	Farþegafjöldi

Telja verður fjölda farþega „aðra leiðina“ og fyrir hverja staka flugleið; t.d. verður að telja farþega sem fljúga frá flugvelli og til hans aftur tvisvar. Ef flugvöllur er hluti af hópi flugvalla verður að ákvarða gögn um farþegaflutninga á grundvelli viðkomandi flugvallar.

2.2.4. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal útskýra hvernig yfirvaldið sem veitir aðstoðina mun meta, á grundvelli staðsetningar flugvallar, gögn um farþegaflutninga og flugleiðir, hvort þörf er á íhlutun ríkis í hverju einstöku tilviki upphafsaðstoðar.

.....

.....

2.3. Er ráðstöfunin viðeigandi?

2.3.1. Þegar um staka aðstoð er að ræða: sýna skal fram á að viðkomandi aðstoð eigi við til þess að ná fyrirhuguðu markmiði eða leysa þau vandamál sem henni er ætlað að mæta. Einkum skal útskýra hvernig yfirvöldin hafa staðfest að ekki sé hægt að ná þessu sama markmiði og að ekki sé unnt að leysa þetta sama vandamál með stjórntæki eða aðstoðarleiðum sem leiða til minni röskunar. Ef aðstoðin er t.d. veitt með þeim hætti að hún veiti beinan fjárhagslegan ávinning ([22]) skal sýna fram á að önnur form aðstoðar, sem hafa hugsanlega minni áhrif til röskunar, s.s. fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða eða form aðstoðar sem byggð eru á skulda- eða eiginfjárgerningum ([22]), eigi ekki við.

.....

.....

2.3.2. Þegar um staka aðstoð er að ræða, þar sem flugrekandinn, sem nýtur aðstoðarinnar, hefur unnið viðskiptaáætlun fyrir fram fyrir þá flugleið sem nýtur aðstoðar: leggja skal fram viðkomandi viðskiptaáætlun. Í þeirri viðskiptaáætlun verður að tilgreina hvort horfur séu á að flugleiðin verði ábatasöm fyrir flugrekandann án opinbers fjármagns eftir þrjú ár.

.....

.....

([22]) Til dæmis lán með lágum vöxtum eða vaxtaafsláttur, ríkisábyrgðir, kaup á hlutafjáreign eða önnur ráðstöfun fjármagns á hagstæðum kjörum.

2.3.3. Þegar um staka aðstoð er að ræða og ekki liggur fyrir viðskiptaáætlun fyrir studdu flugleiðina sem gerð er fyrir fram: láta skal í té gögn sem sýna að viðkomandi flugrekandi er með óafturkallanlegum hætti skuldbundinn til að halda uppi flugi á þeirri flugleið á tímabili sem er a.m.k. jafnlangt upphafsaðstoðartímabilinu.

.....

.....

2.3.4. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal útskýra hvernig yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, muni meta hvort ráðstöfunin sé viðeigandi í hverju einstöku tilviki upphafsaðstoðar.

.....

.....

2.4. Hvatningaráhrif ráðstöfunarinnar og meðalhóf

2.4.1. Þegar um er að ræða staka aðstoð skal útskýra hvers vegna, ef mögulegt er á grundvelli viðskiptaáætlunarinnar, líkur eru á að efnahagsleg starfsemi flugrekandans á viðkomandi flugvelli yrði ekki aukin án aðstoðar.

.....

Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi skal lýsa þeirri aðferð sem yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, notar til að meta líkur á að án aðstoðar yrði efnahagsleg starfsemi flugrekandans á viðkomandi flugvelli ekki aukin.

.....

.....

2.4.2. Þegar um er að ræða staka aðstoð skal staðfesta að nýja flugleiðin verði einungis eða hafi einungis verið tekin í notkun eftir að umsókn um aðstoð var lögð fyrir yfirvaldið sem veitir aðstoðina og láta skal í té: a) afrit af umsókninni um aðstoðina sem aðstoðarþeginn sendi yfirvaldinu, sem veitir aðstoðina, b) skjalfest gögn um hvaða dag nýja flugleiðin verður tekin í notkun.

Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal staðfesta að aðstoðarhæfar nýjar flugleiðir verði aðeins teknar í notkun eftir að umsókn um aðstoð hefur verið lögð fyrir yfirvaldið sem veitir aðstoðina.

.....

2.4.3. Staðfesta skal að aðstoð verði veitt fyrir hverja flugleið til allt að þriggja ára.

.....

.....

2.4.4. Tilgreina skal aðstoðarhlutfall, sem skal vera heildarfjárhæð aðstoðar gefin upp sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði ([23]). Báðar fjárhæðir verður að gefa upp á hreinu núvirði þegar aðstoðin er veitt og án frádráttar vegna skatta eða annarra gjalda.

.....

.....

2.4.5. Tilgreina skal ákvæðin sem eiga að koma í veg fyrir ofgreiðslu og endurheimta umframgreiðslur aðstoðar frá flugrekandanum sem nýtur aðstoðarinnar.

.....

.....

([23]) Aðstoðarhæfur kostnaður er flugvallargjöld vegna flugleiðarinnar.

2.4.6. Tilgreina skal ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir víxlniðurgreiðslur annarra flugleiða flugrekandans, sem nýtur aðstoðarinnar, til og frá viðkomandi flugvelli eða flugvöllum.

.....

.....

2.5. Komist hjá ótilhlýðilegum neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti

2.5.1. Þegar um staka aðstoð er að ræða: staðfesta skal að ekki starfi þegar á tengingunni (t.d. borgartvennd), sem nýja flugleiðin mun starfa á, háhraðalestarþjónusta eða annar flugvöllur á sama upptökusvæði, við sambærileg skilyrði, t.d. hvað varðar ferðalengd. Sjá einnig lið 2.1.2.

Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: útskýra skal hvernig það yfirvald, sem veitir aðstoð, mun tryggja að skilyrðin í þessum lið verði uppfyllt í hverju stöku tilviki upphafsaðstoðar.

.....

.....

2.5.2. Leggja skal fram gögn um að þegar veiting upphafsaðstoðar til flugrekanda er undirbúin vegna nýju flugleiðarinnar, hvort sem það er um flugvöll eða ekki, hafi áætlanir opinberu yfirvaldanna verið gerðar opinberar eða verði gerðar opinberar með góðum fyrirvara og fullnægjandi hætti til að gera öllum áhugasömum flugrekendum kleift að bjóða fram þjónustu sína.

.....

.....

2.5.3. Staðfesta skal að ekki megi sameina viðkomandi upphafsaðstoð annarri ríkisaðstoð sem veitt er vegna starfrækslu sömu flugleiðar.

.....

.....

HLUTI III.13.D

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð af félagslegum toga skv. a-lið 2. mgr. 107. gr. sáttmálans vegna flutningaþjónustu í lofti

Mælt er með því að fylla út þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar, auk eyðublaðsins um „Almennar upplýsingar" í I. hluta vegna tilkynningar um ákvæði um félagslega aðstoð sem fellur undir viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda ([24]).

1. **Upplýsingar um aðstoðarþegann eða aðstoðarþegana, verkefnið og aðstoðina**

1.1. Útskýra skal félagslegt eða félagsleg markmið tilkynntu ráðstöfunarinnar og hvers vegna talið er að ráðstöfunin nái því markmiði eða þeim markmiðum.

.....

.....

1.2. Upplýsingar um fyrirhugaða aðstoð

1.2.1. Lýsa skal a) aðferð við veitingu og úthlutun aðstoðar til lokaneytenda, b) ef við á skal lýsa þeim lögaðila eða lögaðilum sem fá aðstoðina eða færa aðstoðina til milliliðar sem er ábyrgur fyrir úthlutun hennar til aðstoðarhæfra lokaneytenda.

.....

.....

([24]) Viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til flugvalla og flugrekenda (Stjtíð. ESB C 99, 4.4.2014, bls. 3).

1.2.2. Lýsa skal flokkum aðstoðarhæfra lokaneytenda, t.d. farþegar með sérþarfir eins og börn, fatlað fólk, tekjulágt fólk, nemendur, eldri borgarar o.s.frv. ([25]).

.....

.....

1.2.3. Staðfesta skal að aðstoðin muni koma aðstoðarhæfum lokaneytendum til góða með skilvirkum hætti.

.....

.....

1.2.4. Lýsa skal aðstoðarhæfum flugleiðum.

.....

.....

1.2.5. Verður aðstoðin veitt vegna farþegaflutninga á flugleiðum sem tengja flugvöll eða flugvelli á afskekktu svæði ([26]) við annan flugvöll eða aðra flugvelli innan Evrópska efnahagssvæðisins?

☐ já ☐ nei

1.2.6. Ef svarið við lið 1.2.5 er já skal lýsa aðstoðarhæfa landsvæðinu og flugleiðunum.

.....

.....

1.2.7. Tilgreina skal kostnað sem greiddur er með aðstoðinni og staðfesta að aðstoðarhæfur kostnaður takmarkast við verð á miða fram og til baka, þ.m.t. allir skattar og gjöld, sem flutningsfyrirtækið reikningsfærir á aðstoðarhæfa lokaneytandann.

.....

.....

1.2.8. Staðfesta skal að aðstoðin verði veitt án mismununar gagnvart dreifileiðum, s.s. ferðaskrifstofum, afgreiðslum flugrekenda og vefsetrum.

☐

1.2.9. Lýsa skal a) því ferli þegar flugþjónustuveitendi eða -veitendur er eða eru eða hefur eða hafa verið valdir, b) aðstoðarhæfisskilyrðum og c) valviðmiðunum.

.....

.....

1.2.2010. Staðfesta skal að aðstoðin verði veitt án mismununar með tilliti til uppruna þjónustunnar, þ.e.a.s. án tillits til flugrekanda sem rekur þjónustuna.

☐

1.2.2011. Lýsa skal þeim stjórntækjum og verndarráðstöfunum sem í gildi eru til að tryggja að kerfið sé einungis notað af aðstoðarhæfum lokaneytendum og að ekki sé um ofgreiðslu að ræða.

.....

.....

([25]) Þar sem viðkomandi flugleið tengir saman afskekkt svæði, t.d. ystu svæði, eyjar og strjálbýl svæði, gæti aðstoðin tekið til allra íbúa þess svæðis.

([26]) Til dæmis ystu svæði, eyjar og strjálbýl svæði.

HLUTI III.13.E

Eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar um aðstoð vegna sjóflutninga

Mælt er með því að fylla út þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar, auk eyðublaðsins um „Almennar upplýsingar“ í I. hluta, til að tilkynna um aðstoð sem fellur undir viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna sjóflutninga ([27]) *(„Viðmiðunarreglurnar“).*

1. **Upplýsingar um tegund aðstoðarkerfis**

Varðar aðstoðarkerfið eða felur í sér:

a) ☐ tonnaskatt

b) ☐ lækkun á félagslegum framlögum

c) ☐ lækkun á sköttum til sveitarfélaga

d) ☐ lækkun á skráningargjöldum

e) ☐ aðstoð vegna menntunar

f) ☐ aðstoð vegna flutninga á vöruflutningabifreiðum frá vegum til sjóleiða

g) ☐ samning um almannaþjónustu eða útboðferli í tengslum við það

h) ☐ aðstoð af félagslegum toga

i) ☐ annað (tilgreina skal nánar):

.....

2. **Upplýsingar um aðstoðarhæfi**

Að því er varðar flokka a, b, c, d, e og f í 1. lið skal svara liðum 2.2-2.7:

2.1. Hverjar eru viðmiðanir um aðstoðarhæfi fyrir fyrirtæki?

.....

.....

2.2. Hverjar eru viðmiðanir um aðstoðarhæfi fyrir skip? Einkum, er skylda fyrir hendi í tengslum við fána? Hverjar eru fánatengdar skyldur fyrir flota fyrirtækja sem falla undir tonnaskattskerfi (e. tonnage taxation scheme) eftir 17. janúar 2004? Gilda fánatengdar skyldur um allan flota fyrirtækisins sem fær aðstoðina eða aðeins um eigin flota og flota sem er leigður á þurrleiguskilmálum?

.....

.....

2.3. Hvaða aðstoðarhæfisskilyrði eru fyrir flota sem leigður er á þurrleiguskilmálum?

.....

.....

2.4. Hvaða aðstoðarhæfisskilyrði eru fyrir flota sem leigður er í tiltekinn tíma eða vegna einstakra ferða?

.....

.....

([27]) Viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna flutninga á sjó (Stjtíð. EB C 13, 17.1.2004, bls. 3).

2.5. Ef við á, hverjar eru viðmiðanir um aðstoðarhæfi fyrir sjómenn?

.....

.....

2.6. Lýsa skal aðstoðarhæfri starfsemi. Nánar tiltekið, varðar fyrirkomulagið:

☐ dráttarbátastarfsemi? ☐ dýpkunarframkvæmdir?

Fellur sjóflutningastarfsemi, önnur en flutningur á vörum og farþegum á sjó, almennt undir aðstoðarkerfið?

.....

.....

2.7. Hvaða ráðstafanir eru gerðar til þess að koma í veg fyrir að aðstoðin sé notuð fyrir aðra starfsemi í fyrirtækinu?

.....

.....

Að því er varðar flokk g í 1. lið:

2.8. Hvaða skyldur eru fyrir hendi um að veita opinbera þjónustu, hvaða aðferð er notuð við að reikna út greiðslurnar, hvaða tilboð hafa verið lögð fram í tengslum við útboðið og hvaða ástæður liggja að baki vali á útnefndu fyrirtæki?

.....

.....

Að því er varðar flokk h í 1. lið:

2.9. Hvaða flugleiðir og notendahópa er um að ræða og hvaða skilyrði eru fyrir úthlutun einstakra styrkja?

.....

.....

3. **Upplýsingar um aðstoðarhlutfall**

3.1. Hvaða fyrirkomulag er fyrir hendi til að tryggja að efri mörk aðstoðar, sem tilgreind eru í 11. kafla viðmiðunareglanna, séu virt? Hvernig er viðkomandi skrám viðhaldið?

.....

.....

Að því er varðar flokk a í 1. lið skal svara liðum 3.2 – 3.7:

3.2. Hvaða taxti er notaður til að reikna skattskyldar tekjur fyrir hver 100 nettótonn?

Allt að 1000 nettótonn .....

Á bilinu 1001 til 10 000 nettótonn.....

Á bilinu 10 001 til 20 000 nettótonn.....

Yfir 20 001 nettótonn .....

3.3. Eru fyrirtækin skuldbundin til að halda aðskilið bókhald ef þau stunda bæði aðstoðarhæfa starfsemi og starfsemi sem uppfyllir ekki viðmiðanir um aðstoðarhæfi?

.....

.....

3.4. Hvernig er farið með fyrirtækjahópa og viðskipti innan þeirra?

.....

.....

3.5. Að hvaða marki falla tekjur af viðbótarstarfsemi undir tonnaskattskerfi?

.....

.....

3.6. Gilda sérstakar skattareglur um skip sem falla undir tonnaskatt í þeim tilvikum þar sem markaðsvirði þeirra er hærra en skattaverðmæti þeirra?

.....

.....

3.7. Greiða stjórnendur og hluthafar skipafélaganna eðlilegt skatthlutfall af launum sínum og þóknunum samkvæmt almennum skattareglum aðildarríkjanna?

.....

.....

Að því er varðar flokka b, c og d í 1. lið skal svara liðum 3.8 – 3.10:

3.8. Hvert er aðstoðarhlutfallið sem hlutfall af félagslegu framlagi/skattframlagi eða sem hlutfall af skatti eða gjöldum sem ættu alla jafna að hafa verið lögð á sjómenn eða skipaeigendur?

.....

.....

3.9. Eða, við hvaða algildu tölu einskorðast þessi framlög, gjöld eða skattar sem um getur í lið 3.8?

.....

.....

3.10. Einskorðast aðstoðin aðeins við þann hluta starfseminnar sem varðar sjóflutninga þegar um dýpkunarskip og dráttarbáta er að ræða?

.....

.....

3.11. Að því er varðar flokk e í 1. lið: Hvert er aðstoðarhlutfallið með tilliti til menntunarkostnaðar eða launa nemandans?

.....

.....

3.12. Að því er varðar flokk f í 1. lið: Hver er fjárhæð aðstoðar á hvern tonnkílómetra í flutningi?

.....

.....

3.13. Að því er varðar flokk h í 1. lið: Hver er fjárhæð stakra styrkja?

.....

.....“

.

———

II. VIÐAUKI

Í stað A- og B-þáttar III. viðauka komi eftirfarandi:

„A-þáttur III. viðauka

Staðlað skýrslueyðublað fyrir yfirstandandi ríkisaðstoð

(Þetta eyðublað tekur til allra geira, að landbúnaði undanskildum)

Til að einfalda frekar og bæta árlega skýrslugjöf um ríkisaðstoð veitir framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum, eigi síðar en 1. mars ár hvert, aðgang að forsniðnum, aðgangsstýrðum vettvangi á Netinu með ítarlegum upplýsingum um öll fyrirliggjandi aðstoðarkerfi og staka aðstoð. Aðildarríkin verða að sannreyna og ljúka við þær upplýsingar eigi síðar en 30. júní það sama ár. Þetta gerir framkvæmdastjórninni kleift að birta upplýsingar um ríkisaðstoð á árinu t ([1]) fyrir skýrslutímabilið t-1.

Framkvæmdastjórnin sér um að setja fyrir fram inn mestan hluta upplýsinganna á vettvanginn á grundvelli þeirra gagna sem látin eru í té þegar aðstoðin er samþykkt. Aðildarríkin skulu yfirfara upplýsingar fyrir hvert aðstoðarkerfi eða staka aðstoð og, ef þörf krefur, breyta þeim, og jafnframt bæta inn árlegum útgjöldum fyrir næstliðið ár (t-1).

Upplýsingar, s.s. um markmið aðstoðarinnar og atvinnugeirann sem á að fá aðstoðina, verða að taka til þess tímapunkts þegar aðstoðin var samþykkt og tengjast lagagerningnum sem eru grundvöllur fyrir samþykkt aðstoðarinnar.

Eftirfarandi upplýsingar verða að koma fram:

1) Heiti

2) Númer aðstoðar

3) Fyrri númer aðstoðar (t.d. eftir framlengingu á aðstoðarkerfi)

4) Atvinnugeiri

   Atvinnugreinaflokkunin skal einkum grundvallast á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE)([2]) [með þremur tölustöfum].

5) Markmið

6) Svæði

   Þegar aðstoð er samþykkt er hægt að merkja hana eingöngu tilteknu svæði eða flokki svæða samkvæmt a- eða c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

7) Flokkar aðstoðarleiða

   Greina verður á milli nokkurra flokka (fjárstyrkir, niðurgreidd þjónusta, vaxtastyrkir, lán, ábyrgðir, skattaívilnanir, fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða, framlag eigin fjár, annað)

8) Tegund aðstoðar

   Greina verður á milli þriggja flokka sem eru: Aðstoðarkerfi, stök beiting aðstoðarkerfis, stök aðstoð veitt utan aðstoðarkerfis (e. ad hoc aid)

([1]) t merkir árið þegar beðið er um upplýsingarnar.

([2]) Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk., eða síðari lög um breytingar á henni eða sem koma í hennar stað; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins er tölfræðileg flokkun atvinnugreina í Evrópusambandinu sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

9) Útgjöld

Að meginreglu til skal tilgreina tölur sem raunveruleg útgjöld (eða raunverulegt tekjutap þegar um er að ræða skattaívilnanir). Ef slíkar tölur eru ekki tiltækar verður að leggja fram upplýsingar um skuldbindingar eða fjárveitingar og tilgreina þær sem slíkar. Leggja verður fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar aðstoðarleiðar innan aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar, t.d. styrks eða lána. Fjárhæðir verður að gefa upp í þeim innlenda gjaldmiðli sem er í gildi á skýrslutímabilinu. Tilgreina verður útgjöld fyrir t-1, t-2, t-3, t-4 og t-5.

———

B-ÞÁTTUR III. VIÐAUKA

Staðlað skýrslueyðublað fyrir yfirstandandi ríkisaðstoð

(Þetta eyðublað tekur til landbúnaðar)

Til að einfalda frekar og bæta árlega skýrslugjöf um ríkisaðstoð veitir framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum, eigi síðar en 1. mars ár hvert, aðgang að forsniðnum, aðgangsstýrðum vettvangi á Netinu með ítarlegum upplýsingum um öll fyrirliggjandi aðstoðarkerfi og staka aðstoð. Aðildarríkin verða að sannreyna og ljúka við þær upplýsingar eigi síðar en 30. júní það sama ár. Þetta gerir framkvæmdastjórninni kleift að birta upplýsingar um ríkisaðstoð á árinu t ([1]) fyrir skýrslutímabilið t-1.

Framkvæmdastjórnin sér um að setja fyrir fram inn mestan hluta upplýsinganna á vettvanginn á grundvelli þeirra gagna sem látin eru í té þegar aðstoðin er samþykkt. Aðildarríkin munu þurfa að yfirfara upplýsingar fyrir hvert aðstoðarkerfi eða staka aðstoð og, ef þörf krefur, breyta þeim, og jafnframt bæta inn árlegum útgjöldum fyrir næstliðið ár, þ.e. t-1.

Upplýsingar, s.s. um markmið aðstoðarinnar og atvinnugeirann sem á að fá aðstoðina, verða að taka til þess tímapunkts þegar aðstoðin var samþykkt og tengjast lagagerningnum sem eru grundvöllur fyrir samþykkt aðstoðarinnar.

Eftirfarandi upplýsingar verða að koma fram:

1) Heiti

2) Númer aðstoðar

3) Fyrri númer aðstoðar (t.d. eftir framlengingu á aðstoðarkerfi)

4) Atvinnugeiri

   Atvinnugreinaflokkunin skal einkum grundvallast á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE)([2]) [með þremur tölustöfum].

5) Markmið

6) Svæði

   Þegar aðstoð er samþykkt er hægt að merkja hana eingöngu tilteknu svæði eða flokki svæða samkvæmt a- eða c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

7) Flokkar aðstoðarleiða

   Greina verður á milli nokkurra flokka (fjárstyrkir, niðurgreidd þjónusta, vaxtastyrkir, lán, ábyrgðir, skattaívilnanir, fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða, framlag eigin fjár, annað).

8) Tegund aðstoðar

   Greina verður á milli þriggja flokka sem eru: Aðstoðarkerfi, stök beiting aðstoðarkerfis, stök aðstoð veitt utan aðstoðarkerfis (e. ad hoc aid)

9) Útgjöld

   Að meginreglu til skal tilgreina tölur sem raunveruleg útgjöld (eða raunverulegt tekjutap þegar um er að ræða skattaívilnanir). Ef slíkar tölur eru ekki tiltækar verður að leggja fram upplýsingar um skuldbindingar eða fjárveitingar og tilgreina þær sem slíkar. Leggja verður fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar aðstoðarleiðar innan aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar, t.d. styrks eða lána. Fjárhæðir verður að gefa upp í þeim innlenda gjaldmiðli sem er í gildi á skýrslutímabilinu. Tilgreina verður útgjöld fyrir t-1, t-2, t-3, t-4 og t-5.

([1]) t merkir árið þegar beðið er um upplýsingarnar.

([2]) Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 2. endursk., eða síðari lög um breytingar á henni eða sem koma í hennar stað; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins er tölfræðileg flokkun atvinnugreina í Evrópusambandinu sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

10) Aðstoðarhlutfall og aðstoðarþegar

Aðildarríkin verða að tilgreina:

— skilvirkt aðstoðarhlutfall sem í reynd er veitt til aðstoðar vegna hverrar tegundar aðstoðar og svæðis,

— fjölda aðstoðarþega,

— meðalfjárhæð aðstoðar á hvern aðstoðarþega.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/588 **2026/EES/55/42**

frá 15. mars 2023

um áætlun Sambandsins um öruggan tengjanleika fyrir tímabilið 2023–2027 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 189. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktunum leiðtogaráðsins frá 19.–20. desember 2013 var lýst yfir ánægju með undirbúning næstu kynslóðar gervihnattafjarskipta á vegum stjórnvalda á grundvelli náins samstarfs milli aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Geimvísindastofnunar Evrópu (ESA). Einnig hafa gervihnattafjarskipti stjórnvalda verið tilgreind sem einn af þáttum heildarstefnu í utanríkis- og öryggismálum Evrópusambandsins frá júní 2016. Gervihnattafjarskipti stjórnvalda eiga að stuðla að viðbragði ESB við fjölþáttaógnum og styðja við siglingaverndaráætlun ESB og norðurslóðastefnu ESB.

2) Í ályktunum leiðtogaráðsins frá 21.–22. mars 2019 er lögð áhersla á að Sambandið þurfi að ganga lengra í því að þróa samkeppnishæft, öruggt og siðferðilegt stafrænt hagkerfi fyrir alla með tengjanleika á heimsmælikvarða.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. febrúar 2021, sem ber titilinn „Aðgerðaáætlun um samlegðaráhrif almannavarna, varnarmálaiðnaðarins og geimiðnaðarins“, er því lýst yfir að markmiðið með henni sé „að gera háhraðatengjanleika aðgengilegan öllum í Evrópu og bjóða tengjanleikakerfi með viðnámsþol sem gerir Evrópu kleift að halda tengingu undir öllum kringumstæðum“.

4) Í skjalinu „Stefnumarkandi áttaviti fyrir öryggi og varnir“, sem ráðið samþykkti 21. mars 2022, er staðfest að innviðir Sambandsins og aðildarríkja þess í geimnum stuðli að viðnámsþoli okkar og bjóði lykilþjónustu sem kemur í stað eða til viðbótar við fjarskiptainnviði á jörðu niðri. Því er Sambandið þar hvatt til þess að vinna að tillögu um hnattrænt öryggisfjarskiptakerfi Sambandsins í geimnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 17.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 7. mars 2023.

5) Einn af þáttum geimvísindaáætlunar Sambandsins, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/696 ([2]), eru gervihnattafjarskipti á vegum stjórnvalda (GOVSATCOM), sem miðar að því að tryggja til lengri tíma aðgengi notenda gervihnattafjarskiptakerfis stjórnvalda að áreiðanlegri, öruggri, skalanlegri og kostnaðarhagkvæmri fjarskiptaþjónustu. Í reglugerð (ESB) 2021/696 er gert ráð fyrir að í fyrsta áfanga gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda, fram til u.þ.b. ársins 2025, verði fyrirliggjandi geta sameinuð og henni deilt í gegnum gervihnattafjarskiptamiðstöð stjórnvalda (GOVSATCOM Hub). Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin afla gervihnattafjarskiptagetu stjórnvalda frá aðildarríkjum með landsbundin kerfi og geimgetu og frá viðskiptaaðilum á sviði gervihnattafjarskipta eða -þjónustu, að teknu tilliti til mikilvægra öryggishagsmuna Sambandsins.

Í þessum fyrsta áfanga á að innleiða gervihnattafjarskiptaþjónustu stjórnvalda á grundvelli áfangabundinnar nálgunar með hliðsjón af aukinni innviðagetu gervihnattafjarskiptamiðstöðvarinnar. Sú nálgun byggist einnig á þeirri forsendu að ef ítarleg greining á framboði og eftirspurn í framtíðinni leiðir í ljós í fyrsta áfanga að framboð muni ekki nægja til að anna vaxandi eftirspurn verði nauðsynlegt að fara yfir í annan áfanga og þróa að auki sérsniðna innviði og getu í geimnum í samstarfi við einkageirann, t.d. með rekstraraðilum gervihnatta í Sambandinu.

6) Hinn 22. mars 2017 samþykkti stjórnmála- og öryggisnefnd ráðsins skjal sem ber titilinn „Rík þörf borgaralegra og hernaðarlegra notenda fyrir gervihnattafjarskipti á vegum stjórnvalda (GOVSATCOM)“ (High Level Civil Military User Needs for Governmental Satellite Communications), sem utanríkisþjónusta Evrópu (EEAS) tók saman, þar sem sameinaðar eru kröfur hernaðarlegra notenda sem Varnarmálastofnun Evrópu tilgreindi í sameiginlegu starfsmannamarkmiði sínu sem samþykkt var 2013 og þarfir borgaralegra notenda sem framkvæmdastjórnin hefur safnað saman. Síðari greiningar framkvæmdastjórnarinnar sýndu að núverandi framboð Sambandsins á gervihnattafjarskiptum, byggt á getu aðildarríkja með landsbundin kerfi og einkageirans, getur ekki mætt tilteknum nýjum þörfum vegna eftirspurnar stjórnvalda sem stefna í átt að enn strangari öryggislausnum, stuttum biðtíma og hnattrænni útbreiðslu. Fylgjast ætti með þessum þörfum og endurmeta þær reglulega.

7) Nýlegar tækniframfarir hafa greitt fyrir því að fram geti komið þyrpingar fjarskiptagervihnatta utan jarðkyrrðarbrautar (e. non-geostationary-orbit (NGSO)) sem geta smám saman boðið tengingaþjónustu með mikinn hraða og stuttan biðtíma. Því liggur fyrir tækifæri til að koma til móts við vaxandi þarfir notenda með aðgangsheimild stjórnvalda með því að þróa og taka í notkun viðbótarinnviði þar sem þessa stundina er mögulegt að skrá tíðnir hjá Alþjóðafjarskiptasambandinu, sem nauðsynlegar eru til að veita viðkomandi þjónustu innan Sambandsins. Ef þessar skráningar tíðna eru ekki notaðar verða þær úreltar og hægt að úthluta þeim til annarra aðila. Þar sem tíðnir og rými á sporbrautum eru í vaxandi mæli takmörkuð auðlind ætti framkvæmdastjórnin að grípa þetta tækifæri til að gera við aðildarríkin, sem leggja til skráningar á tíðnum, sérstaka leyfissamninga um þjónustustarfsemi á vegum stjórnvalda sem byggist á innviðum stjórnvalda, í opnu og gagnsæju ferli með aðildarríkjunum. Einkageirinn ber ábyrgð á að afla sér réttinda til að skrá þær tíðnir sem nauðsynlegar eru vegna veitingar viðskipaþjónustu.

8) Vaxandi eftirspurn er hjá aðilum á vegum stjórnvalda í Sambandinu eftir öruggri og áreiðanlegri gervihnattafjarskiptaþjónustu í geimnum, einkum vegna þess að hún er hagkvæmasti kosturinn þegar fjarskiptakerfi eru ekki fyrir hendi á jörðu niðri eða þegar þau verða fyrir truflunum eða reynast óáreiðanleg. Viðráðanlegur og kostnaðarhagkvæmur aðgangur að gervihnattafjarskiptum er einnig ómissandi á svæðum þar sem engir jarðbundnir innviðir (e. terrestrial infrastructure) eru fyrir hendi, m.a. yfir hafi, í loftrými, á afskekktum svæðum og þar sem jarðbundnir innviðir standa frammi fyrir alvarlegu rofi eða ekki er hægt að treysta á þá í krísuástandi. Gervihnattafjarskipti geta aukið almennt viðnámsþol fjarskiptaneta, t.d. með því að bjóða upp á valkost ef gerðar eru raunlægar árásir eða netárásir á jarðbundna innviði á tilteknum stöðum eða ef slys, náttúruhamfarir eða hamfarir verða af mannavöldum.

9) Sambandið ætti að tryggja að fyrir hendi séu viðnámsþolnar, hnattrænar, öruggar, verndaðar, órofnar, tryggðar og sveigjanlegar gervihnattafjarskiptalausnir í þágu þróunar á þörfum og kröfum stjórnvalda, sem byggjast á tækni- og iðnaðargrundvelli Sambandsins, til að efla viðnámsþol í starfsemi stofnana aðildarríkjanna og Sambandsins.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/696 frá 28. apríl 2021 um að koma á fót Geimvísindaáætlun Sambandsins og Stofnun um geimvísindaáætlun Evrópusambandsins sem og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 912/2010, (ESB) nr. 1285/2013 og (ESB) nr. 377/2014 og ákvörðun nr. 541/2014/ESB (Stjtíð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 69).

10) Því er mikilvægt að koma á fót nýrri áætlun, þ.e. áætlun Sambandsins um öruggan tengjanleika („áætlunin“), sem kveður á um innviði fyrir gervihnattafjarskipti Sambandsins á mörgum sporbrautum til notkunar fyrir stjórnvöld, en vinna jafnframt að því að samþætta og bæta við fyrirliggjandi getu og framtíðargetu einstakra landa og Evrópu innan ramma gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda, og þróa enn frekar evrópsku skammtafjarskiptainnviðina (EuroQCI) og fella þá inn í örugga tengjanleikakerfið.

11) Áætlunin ætti að mæta nýjum þörfum stjórnvalda fyrir enn strangari öryggislausnir, stuttan biðtíma og hnattræna útbreiðslu. Með henni ætti að tryggja að komið verði á órofnum langtímaaðgangi á heimsvísu að öruggri, sjálfstæðri, áreiðanlegri og kostnaðarhagkvæmri gervihnattafjarskiptaþjónustu stjórnvalda, sem styður við viðnámsþol og vernd þýðingarmikilla innviða, aðstæðuvitund, ytri aðgerðir, krísustjórnun, sem og notkunarsvið sem eru nauðsynleg fyrir hagkerfi, öryggi og varnir Sambandsins og aðildarríkjanna, á grundvelli sérhæfðra innviða stjórnvalda sem samþætta og koma til fyllingar getu gervihnattafjarskipta stjórnvalda. Enn fremur ætti veiting þjónustu á vegum stjórnvalda að vera forgangsmál í áætluninni og í henni ætti að heimila einkageiranum í Evrópu að veita viðskiptaþjónustu, að teknu tilliti til markaðsrannsóknar sem felur í sér samráð við notendur með aðgangsheimild stjórnvalda, á grundvelli viðskiptainnviða.

12) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2481 ([3]) er sett fram röð almennra og sértækra markmiða til að stuðla að þróun viðnámsþolinna, öruggra, afkastamikilla og sjálfbærra stafrænna innviða í Sambandinu, m.a. stafrænt markmið fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarríkin um að ná gígabitatengjanleika fyrir alla eigi síðar en 2030. Áætlunin ætti að greiða fyrir tengjanleika alls staðar í Sambandinu og á heimsvísu fyrir borgara og fyrirtæki, þar á meðal en ekki eingöngu, með því að bjóða upp á háhraðabreiðband á viðráðanlegu verði sem getur stuðlað að því að hægt verði að útrýma svæðum án fjarskiptaþjónustu og auka samheldni í Sambandinu, m.a. á ystu svæðum þess, í dreifbýli og á jaðarsvæðum, afskekktum og einangruðum svæðum og eyjum. Enn sem komið er getur gervihnattaþjónusta ekki komið í stað getu netkerfa á jörðu niðri en getur brúað stafrænu gjána og jafnvel stuðlað að, eftir atvikum, almennum markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 ([4]).

13) Áætlunin ætti því fela í sér skilgreiningu, hönnun, þróun, staðfestingu og tengd uppsetningarverkefni varðandi byggingu fyrstu innviða í geimnum og innviða á jörðu niðri sem nauðsynlegir eru vegna veitingar fyrstu þjónustu á vegum stjórnvalda. Áætlunin ætti því að fela í sér stigvaxandi uppbyggingu sem miðar að því að ljúka bæði við nauðsynlega innviði í geimnum og innviði á jörðu niðri til að veita háþróaða þjónustu á vegum stjórnvalda, sem er ekki hendi sem stendur og gengur lengra en nýjasta tækni sem völ er á í evrópskri gervihnattafjarskiptaþjónustu. Enn fremur ætti áætlunin að ýta undir þróun búnaðar fyrir notendur til að nýta háþróaða fjarskiptaþjónustu. Hefja ætti hagnýtingarstarfsemi eins fljótt og auðið er og miða að því að hefja fyrstu þjónustu á vegum stjórnvalda eigi síðar en 2024 þannig að mæta megi þörfum notenda með aðgangsheimild stjórnvalda eins fljótt og auðið er. Áætlunin ætti því að hafa í för með sér starfsemi sem miðar að því að ljúka við bæði innviði í geimnum og innviði á jörðu niðri, sem er nauðsynleg til að hægt sé að starfrækja þá að fullu eigi síðar en 2027. Veiting þjónustu á vegum stjórnvalda, rekstur, viðhald og stöðugar endurbætur á geiminnviðum og innviðum á jörðu niðri þegar þeir hafa verið teknir í notkun, sem og þróun næstu kynslóða þjónustu á vegum stjórnvalda, ættu að vera hluti af hagnýtingarstarfseminni.

14) Í júní 2019 undirrituðu aðildarríkin yfirlýsingu um evrópsku skammtafjarskiptainnviðina (hér á eftir „yfirlýsingin“) þar sem þau samþykktu að starfa saman, ásamt framkvæmdastjórninni og með stuðningi Geimvísindastofnunar Evrópu, að þróun skammtafjarskiptainnviða sem ná til alls Sambandsins. Í samræmi við yfirlýsinguna er með evrópsku skammtafjarskiptainnviðunum miðað að því að setja upp vottaða, örugga skammtafjarskiptainnviði enda á milli og gera þannig kleift að senda og geyma upplýsingar og gögn og tengja mikilvægar opinberar fjarskiptaeignir alls staðar í Sambandinu. Áætlunin mun stuðla að markmiðum yfirlýsingarinnar með því að þróa geiminnviði og innviði evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna á jörðu niðri, sem eru samþættir innviðum stjórnvalda innan áætlunarinnar, auk þess að þróa og setja upp jarðbundna innviði evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna sem verða í eigu aðildarríkjanna. Þróa ætti geiminnviði, innviði á jörðu niðri og jarðbundna innviði evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna innan ramma

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2481 frá 14. desember 2022 um að koma á stefnuáætlun fyrir stafræna áratuginn 2030 (Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 4).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

áætlunarinnar í tveimur meginfösum, prófunarfasa sem getur falið í sér þróun og staðfestingu á ýmsum mismunandi tækni- og samskiptareglum, og uppsetningarfasa sem inniheldur viðeigandi lausnir fyrir tengjanleika milli gervihnatta og gagnasendingar milli gervihnatta, innviða á jörðu niðri og jarðbundinna innviða.

15) Eitt helsta hlutverk evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna verður að gera það kleift að dreifa dulritunarlyklum með skammtatækni (QKD). Fram til þessa hafa tækni og afurðir dreifingar dulritunarlykla með skammtatækni ekki þróast nægilega til að unnt sé að nota þær til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins (EUCI). Enn þarf að leysa helstu álitaefni er varða öryggi við dreifingar dulritunarlykla með skammtatækni, s.s. stöðlun samskiptareglna varðandi slíka miðlun, hliðarrásagreiningu og aðferðafræði við mat. Áætlunin ætti því að styðja við evrópsku skammtafjarskiptainnviðina og gera kleift að samþætta samþykktar dulritunarafurðir innviðunum eftir því sem þær verða tiltækar.

16) Til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar ESB á nægilega öruggan hátt ættu helstu lausnir til að mæta ógnum sem stafa af skammtatölvun (e. quantum computing) að vera sambland af hefðbundnum lausnum, skammtaöruggri dulritun (e. post-quantum cryptography) og jafnvel sveigjanlegar aðferðir við dreifingu dulritunarlykla með skammtatækni. Því ætti að nota slíkar aðferðir í áætluninni í þeim tilgangi að tryggja bæði nýjustu tækni við dulritun og dreifingu lykla.

17) Til að efla gervihnattafjarskiptagetu Sambandsins ættu innviðir áætlunarinnar að byggjast á, samþætta og koma til fyllingar innviðum sem þróaðir eru í tengslum við gervihnattafjarskiptaþátt stjórnvalda. Innviðir áætlunarinnar á jörðu niðri ættu einkum að byggjast á gervihnattafjarskiptamiðstöðvum stjórnvalda sem stækkaðar eru í áföngum eftir þörfum notenda á grunni annarra eigna á jörðu niðri, m.a. eigna þeirra aðildarríkja sem eru tilbúin til að leggja frekar af mörkum, á grundvelli rekstrar- og öryggiskrafna.

18) Áætlunin ætti að bæta öruggan tengjanleika yfir landfræðilegum svæðum þar sem brýnir hagsmunir eru fyrir hendi, s.s. Afríku og norðurskautssvæðinu, sem og Eystrasalti, Svartahafi, Miðjarðarhafssvæðunum og Atlantshafinu. Þjónusta sem er veitt samkvæmt áætluninni ætti einnig að stuðla að landfræðipólitísku viðnámsþoli með því að bjóða viðbótartengjanleika í samræmi við stefnumarkmið á þessum svæðum og við sameiginlega orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum frá 1. desember 2021 sem ber titilinn „Hnattræna gáttin“.

19) Með fyrirvara um fjarskiptaþjónustuna gætu gervihnettir, sem eru smíðaðir fyrir áætlunina, verið búnir undirkerfum, m.a. búnaði til upplýsingasöfnunar og útsendingar (e. payloads), sem gætu aukið getu og þjónustu innan þátta geimvísindaáætlunar Sambandsins og þannig boðið upp á þann kost að þróa viðbótarþjónustu, sem er ekki á sviði fjarskipta, sem áætlunarnefndin, í viðeigandi samsetningu, tekur ákvörðun um, eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2021/696, og komið er til framkvæmda með þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Ef ávinningur af þáttum geimvísindaáætlunar Sambandsins er fastsettur á tilhlýðilegan hátt, að teknu tilliti til þarfa notenda og fjárhagslegra takmarkana, væri hægt að þróa þessi undirkerfi þannig að þau bjóði upp á aðra staðsetningar-, leiðsögu- og tímastillingarþjónustu sem kemur til fyllingar Galíleóáætluninni, til að tryggja útsendingu skilaboða frá EGNOS-kerfinu með styttri biðtíma, sjá fyrir skynjurum í geimnum vegna geimeftirlits og styðja við eflingu núverandi afkastagetu Kópernikusaráætlunarinnar, einkum að því er varðar neyðarþjónustu og borgaralega öryggisþjónustu. Enn fremur gætu þessi undirkerfi veitt aðildarríkjum aðra þjónustu en á sviði fjarskipta með því skilyrði að slíkt hafi ekki áhrif á öryggi og fjárhagsáætlun áætlunarinnar.

20) Í ljósi þess hversu mikilvægir innviðir stjórnvalda á jörðu niðri eru fyrir áætlunina og áhrifa þess á öryggi hennar ætti framkvæmdastjórnin að ákvarða staðsetningu slíkra innviða í samræmi við almennar öryggiskröfur og í kjölfar opins og gagnsæs ferlis með það í huga að tryggja jafna dreifingu milli aðildarríkjanna. Ef nýta á innviði stjórnvalda á jörðu niðri fyrir áætlunina, sem samþættir einnig þá innviði sem þróaðir eru innan gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda, gæti slíkt falið í sér aðkomu Stofnunarinnar um geimvísindaáætlun Evrópusambandsins („geimvísindaáætlunarstofnunin“) eða, þar sem við á og innan valdheimilda, Geimvísindastofnunar Evrópu.

21) Afar mikilvægt er fyrir öryggi Sambandsins og aðildarríkja þess, og til að tryggja öryggi og heilleika í þjónustu á vegum stjórnvalda, að eignum áætlunarinnar í geimnum verði skotið á loft frá yfirráðasvæði Sambandsins. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum ættu slík geimskot að geta farið fram frá yfirráðasvæði þriðja lands. Auk stórra og meðalstórra skotkerfa gætu lítil og örsmá skotkerfi veitt aukinn sveigjanleika til að taka eignir í geimnum í notkun með skjótum hætti.

22) Mikilvægt er að Sambandið eigi allar efnislegar og óefnislegar eignir í tengslum við innviði stjórnvalda sem þróaðar eru á grundvelli áætlunarinnar, að undanskildum jarðbundnum innviðum evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna, en tryggi um leið að farið verði að sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, m.a. 17. gr. hans. Þrátt fyrir eignarhald Sambandsins á þessum eignum ætti það að vera fært um, í samræmi við þessa reglugerð og þegar slíkt er talið eiga við eftir mat í einstökum tilvikum, að gera þessar eignir aðgengilegar þriðju aðilum eða losa sig við þær.

23) Framtaksverkefni sem ná til alls Sambandsins, s.s. framtaksverkefni um öruggan tengjanleika, eru mótuð af víðtækri þátttöku lítilla og meðalstórra nýsköpunarfyrirtækja, sprotafyrirtækja og stórra fyrirtækja á sviði uppstreymis og niðurstreymis í geimgeiranum alls staðar í Sambandinu. Á undanförnum árum hafa sumir aðilar á sviði geimtækni lagt áskoranir fyrir geimgeirann, einkum sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa þróað nýstárlega, markaðsdrifna geimtækni og -búnað, stundum með ólíkum viðskiptalíkönum. Til að tryggja samkeppnishæfni geimvistkerfis Sambandsins ætti áætlunin að hámarka notkun nýstárlegrar byltitækni, sem og nýrra viðskiptalíkana sem evrópska geimvistkerfið hefur þróað, þ.m.t. geimnýliðunin (e. New Space), einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, meðalverðmæt fyrirtæki og sprotafyrirtæki sem þróa markaðsdrifna nýja geimtækni og -búnað, en ná jafnframt yfir alla virðiskeðju geimsins sem tekur til uppstreymis- og niðurstreymishluta.

24) Nauðsynlegt er að hvetja til fjárfestinga í einkageiranum með viðeigandi innkaupum og samnýtingu þjónustusamninga og draga þannig úr óvissu og veita langtíma sýn inn í og fyrirsjáanleika hvað varðar þarfir opinbera geirans. Til að tryggja samkeppnishæfni evrópsks geimiðnaðar í framtíðinni ætti áætlunin einnig að stuðla að þróun nútímalegrar færni á sviðum er tengjast geimnum og styðja menntunar- og þjálfunarstarfsemi, auk þess að stuðla að jöfnum tækifærum, kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna til að nýta möguleika borgara Sambandsins á því sviði til fulls.

25) Í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019, sem ber titilinn „Grænt samkomulag í Evrópu“, ætti áætlunin að lágmarka umhverfisáhrif sín að því marki sem unnt er. Enda þótt eignir í geimnum losi ekki sjálfar gróðurhúsalofttegundir við notkun hefur framleiðsla þeirra og tilheyrandi aðstaða á jörðu niðri umhverfisáhrif. Samþykkja ætti ráðstafanir til að draga úr þeim áhrifum. Í því skyni ættu innkaupin sem um getur í áætluninni að fela í sér meginreglur og ráðstafanir um sjálfbærni, s.s. ákvæði til að lágmarka og vega upp á móti losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við þróun, framleiðslu og nýtingu innviðanna og ráðstafanir til að koma í veg fyrir ljósmengun, s.s. áhrif á stjarnfræðilegar athuganir á jörðu niðri.

26) Í ljósi vaxandi fjölda geimfara og aukins geimrusls á sporbaug ætti nýja evrópska gervihnattaþyrpingin einnig að uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni í geimnum og vera dæmi um góðar starfsvenjur við stjórnun umferðar í geimnum og við eftirlit og leit í geimnum (SST) til að draga úr magni geimrusls sem til verður, koma í veg fyrir upplausn hluta á sporbraut og árekstra á sporbraut og gera viðeigandi ráðstafanir vegna úr sér genginna geimfara. Þar eð lögmæt áhyggjuefni varðandi vernd geimumhverfis hafa verið til umfjöllunar á alþjóðavettvangi, s.s. innan nefndar Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega notkun á útgeimnum, er afar mikilvægt að Sambandið sýni forystu hvað varðar sjálfbærni í geimnum. Samningar sem gerðir eru samkvæmt áætluninni ættu að tryggja að tæknin sem beitt er uppfylli ströngustu mögulegu staðla með tilliti til sjálfbærni og orku- og auðlindanýtni.

27) Rekstrarlegar þarfir þjónustu á vegum stjórnvalda ættu að byggjast á mati á þörfum notenda með aðgangsheimild stjórnvalda en jafnframt taka tillit til getu sem er nú þegar til staðar á markaðnum. Þegar mat er lagt á þessa rekstrarþörf ætti að nota fyrirliggjandi markaðsgetu eins og kostur er. Þróa ætti þjónustuskrá fyrir þjónustu á vegum stjórnvalda út frá þessari rekstrarþörf í bland við almennar öryggiskröfur og vaxandi eftirspurn eftir þjónustu á vegum stjórnvalda. Með þessari þjónustuskrá ætti að fastsetja gildandi grunnviðmið hvað varðar þjónustu á vegum stjórnvalda. Í henni ætti einnig að tilgreina þá flokka þjónustu sem koma til viðbótar þjónustuskrá fyrir gervihnattafjarskiptaþjónustu stjórnvalda, sem komið var á fót innan ramma reglugerðar (ESB) 2021/696. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja samræmi og samfellu í rekstrar- og öryggiskröfum milli gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda og áætlunarinnar. Til að viðhalda bestu mögulegu samsvörun milli eftirspurnar og framboðs á þjónustu ætti að tilgreina þjónustuskrána fyrir þjónustu á vegum stjórnvalda á árinu 2023 og hana ætti að vera hægt að uppfæra reglulega, að höfðu samráði við aðildarríkin á grundvelli þessara rekstrar- og öryggiskrafna.

28) Gervihnattafjarskipti er takmörkuð auðlind sem takmarkast af getu gervihnatta, framboði á tíðni og landfræðilegri útbreiðslu. Til að tryggja kostnaðarhagkvæmni og nýta stærðarhagkvæmni ætti áætlunin því að hámarka samsvörun milli framboðs og eftirspurnar eftir þjónustu á vegum stjórnvalda og forðast umframgetu. Þar eð bæði eftirspurn og hugsanlegt framboð taka breytingum með tímanum ætti framkvæmdastjórnin að fylgjast með því hvort aðlaga þurfi þjónustuskrá ríkisins þegar það virðist nauðsynlegt.

29) Aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins, auk fagstofnana og stofnana Sambandsins, ættu að geta orðið þátttakendur í áætluninni, að því marki sem þau ákveða að veita notendum þjónustu á vegum stjórnvalda aðgangsheimild eða láta í té getu, staði eða aðstöðu. Í ljósi þess að aðildarríkin ákveða sjálf hvort þau veiti heimild innlendum notendum þjónustu á vegum stjórnvalda ættu þau ekki að vera skuldbundin til að leggja til áætlunarinnar eða hýsa innviði hennar.

30) Sérhver þátttakandi í áætluninni ætti að tilnefna lögbært yfirvald vegna öruggs tengjanleika til að fylgjast með því hvort notendur og aðrar innlendar einingar sem gegna hlutverki í áætluninni fari að gildandi reglum og öryggisverklagi, eins og mælt er fyrir um í almennu öryggiskröfunum. Þátttakendur í áætluninni geta falið yfirvaldi sem þegar er til staðar að gegna því hlutverki.

31) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma fyrir allan gildistíma áætlunarinnar, sem á að vera meginviðmiðunarfjárhæð Evrópuþingsins og ráðsins í tengslum við árlega fjárlagameðferð, í skilningi 18. liðar stofnanasamstarfssamningsins frá 16. desember 2020 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun, sem og um nýjar eigin tekjur, þ.m.t. vegvísir að því að fá inn nýjar eigin tekjur ([5]).

32) Markmið áætlunarinnar eru samræmd og koma til fyllingar markmiðum annarra áætlana Sambandsins, einkum Horizon Europe, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 ([6]) og ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/764 ([7]), áætlunarinnar um stafræna Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 ([8]), fjármögnunarleiðar fyrir nágranna-, þróunar- og alþjóðasamstarf – Hnattræn Evrópa, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/947 ([9]), Sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1153 ([10]), og einkum geimvísindaáætlunar Sambandsins.

33) Áætlunin Horizon Europe mun úthluta sérstökum hluta af þáttum klasans „Stafræn málefni, iðnaður og geimvísindi“ til rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í tengslum við þróun og staðfestingu örugga tengjanleikakerfisins, m.a. vegna mögulegrar tækni sem yrði þróuð innan geimvistkerfisins, þ.m.t. geimnýliðunin. Fjármögnunarleið fyrir nágranna-, þróunar- og alþjóðasamstarf - Hnattræn Evrópa (NDICI) mun úthluta sérstökum hluta af fjármagni sínu fyrir Hnattræna Evrópu til starfsemi sem tengist rekstri örugga tengjanleikakerfisins og veitingu þjónustu á heimsvísu sem mun gera það mögulegt að bjóða alþjóðlegum samstarfsaðilum margs konar þjónustu. Í geimvísindaáætlun Sambandsins verður sérhæfðum hluta af gervihnattafjarskiptaþætti stjórnvalda úthlutað til starfsemi sem tengist þróun gervihnattafjarskiptamiðstöðvar stjórnvalda sem verður hluti af innviðum örugga tengjanleikakerfisins á jörðu niðri. Nota ætti fjármagn sem leiðir af þessum áætlunum í samræmi við reglur áætlananna.

([5]) Stjtíð. ESB L 433 I, 22.12.2020, bls. 28.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 frá 28. apríl 2021 um að koma á fót Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, um reglur hennar um þátttöku og miðlun og um niðurfellingu reglugerða (ESB) nr. 1290/2013 og (ESB) nr. 1291/2013 (Stjtíð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 1).

([7]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/764 frá 10. maí 2021 um að koma á fót séráætlun um framkvæmd Horizon Europe – rammaáætlunar um rannsóknir og nýsköpun, og um niðurfellingu á ákvörðun 2013/743/ESB (Stjtíð. ESB L 167 I, 12.5.2021, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um stafræna Evrópu og um niðurfellingu á ákvörðun (ESB) 2015/2240 (Stjtíð. ESB L 166, 11.5.2021, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/947 frá 9. júní 2021 um að koma á fót fjármögnunarleið fyrir nágranna-, þróunar- og alþjóðasamstarf - Hnattræn Evrópa, um breytingu og niðurfellingu á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 466/2014/ESB og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1601 og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 480/2009 (Stjtíð. ESB L 209, 14.6.2021, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1153 frá 7. júlí 2021 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1316/2013 og (ESB) nr. 283/2014 (Stjtíð. ESB L 249, 14.7.2021, bls. 38).

34) Í ljósi þess að áhrif á öryggi Sambandsins og aðildarríkja þess eru innbyggð í áætlunina deilir hún einnig markmiðum og meginreglum með Varnarmálasjóði Evrópu sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 ([11]). Af þeim sökum ætti að úthluta fjármagni úr Varnarmálasjóði Evrópu til að fjármagna starfsemi innan ramma áætlunarinnar, einkum starfsemi sem tengist nýtingu innviða hennar.

35) Mikilvægt er að tryggja að nægilegt fjármagn sé tiltækt til að tryggja árangursríka framkvæmd áætlunarinnar. Aðildarríkin ættu að geta lagt sitt af mörkum með tæknilegri getu sinni, verkkunnáttu og aðstoð, einkum á sviði öryggis og verndar, eða, eftir því sem við á og mögulegt er, með því að gera gögn, upplýsingar, þjónustu og innviði á yfirráðasvæði sínu aðgengileg áætluninni . Í samræmi við viðeigandi samninga ætti að vera hægt að fá viðbótar-fjárframlög eða framlög í fríðu frá þriðju aðilum til áætlunarinnar, m.a. frá fagstofnunum og stofnunum Sambandsins, aðildarríkjum, þriðju löndum sem taka þátt í áætluninni og alþjóðastofnunum.

36) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([12]) (hér á eftir nefnd „fjárhagsreglugerðin“) gildir um áætlunina. Í fjárhagsreglugerðinni er mælt fyrir um reglur um framkvæmd fjárlaga Sambandsins, þ.m.t. reglur um styrki, verðlaun, innkaup, óbeina stjórnun, fjármögnunarleiðir, fjárlagaábyrgðir, fjárhagsaðstoð og endurgreiðslu til utanaðkomandi sérfræðinga.

37) Í samræmi við 3. mgr. 191. gr. fjárhagsreglugerðarinnar er sami kostnaður aldrei fjármagnaður tvisvar af fjárlögum Sambandsins.

38) Framkvæmdastjórnin ætti að geta nýtt sér tækniaðstoð frá tilteknum utanaðkomandi aðilum, eins og krafist er og að því marki sem nauðsynlegt er, að því tilskildu að öryggishagsmunir Sambandsins séu tryggðir. Aðrar einingar sem taka þátt í opinberri stjórnun áætlunarinnar ættu einnig að geta notið sömu tækniaðstoðar við að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

39) Opinberir samningar, sem gerðir eru innan ramma áætlunarinnar um starfsemi sem er fjármögnuð innan áætlunarinnar, ættu að vera í samræmi við reglur Sambandsins. Í því samhengi ætti Sambandið einnig að bera ábyrgð á skilgreiningu þeirra markmiða sem stefna ber að, að því er varðar opinber innkaup.

40) Áætlunin byggist á flókinni og síbreytilegri tækni. Það að treysta á slíka tækni hefur í för með sér óvissu og áhættu í opinberum samningum, sem gerðir eru innan ramma áætlunarinnar, að svo miklu leyti sem þessir samningar fela í sér skuldbindingar um búnað eða þjónustu til langs tíma. Af þeim sökum er krafist sértækra ráðstafana varðandi opinbera samninga til viðbótar reglunum sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni. Því ætti að vera mögulegt að gera lágmarkskröfur um undirverktakastarfsemi. Að því er það síðarnefnda varðar skal setja í forgang, þegar unnt er, sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki, einkum til að gera þeim kleift að taka þátt yfir landamæri.

41) Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar er mikilvægt, eftir því sem við á, að geta byggt á getu eininga hins opinbera eða einkaaðila í Sambandinu sem starfa á sviði geimvísinda og einnig að geta starfað á alþjóðavettvangi með þriðju löndum eða alþjóðastofnunum. Því er nauðsynlegt að bjóða upp á þann möguleika að nota öll viðeigandi úrræði og stjórnunaraðferðir, sem kveðið er á um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og fjárhagsreglugerðinni, og sameiginlega innkaupaferla.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót Varnarmálasjóði Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) 2018/1092 (Stjtíð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 149).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

42) Samstarf opinberra aðila og einkaaðila er ákjósanlegasta leiðin til að tryggja að unnt sé að vinna að markmiðum áætlunarinnar. Með þessu ætti að vera hægt að byggja á núverandi tækni- og iðnaðargrundvelli Sambandsins vegna gervihnattafjarskipta, m.a. eignum einkaaðila, og láta í té trausta og nýstárlega þjónustu á vegum stjórnvalda og gera einkaaðilum kleift að koma innviðum áætlunarinnar til fyllingar með viðbótargetu til að bjóða viðskiptaþjónustu á markaðskjörum á grundvelli eigin viðbótarfjárfestinga. Slíkt kerfi ætti enn fremur að lágmarka kostnað og hámarka nýtingu og rekstur með því að deila kostnaði af þróun og nýtingu þátta sem eru sameiginlegir innviðum stjórnvalda og viðskiptalegum innviðum, sem og rekstrarkostnaði, með því að heimila gagnkvæma nýtingu á getu í miklum mæli. Kerfið ætti einnig að örva nýsköpun í evrópska geimvistkerfinu, þ.m.t. geimnýliðun, með því að gera kleift að deila áhættu af rannsóknum og þróun milli opinberra aðila og einkaaðila.

43) Að því er framkvæmd áætlunarinnar varðar ættu sérleyfissamningar, vöru-, þjónustu- eða verksamningar eða blandaðir samningar að fylgja helstu meginreglum. Með slíkum samningum ætti að koma á skýrri skiptingu verkefna og ábyrgðar milli opinberra aðila og einkaaðila, m.a. áhættu þeirra á milli, með það í huga að tryggja að verktakar taki á sig ábyrgð af afleiðingum mistaka sem þeir bera sjálfir ábyrgð á. Samningarnir ættu að tryggja að verktakar fái ekki ofgreiðslur fyrir að veita þjónustu á vegum stjórnvalda, gera einkageiranum kleift að koma á fót og veita viðskiptaþjónustu og tryggja viðeigandi forgangsröðun á þörfum notenda með aðgangsheimild stjórnvalda. Samningarnir ættu að tryggja að við veitingu þjónustu sem byggist á viðskiptainnviðum verði gætt að grundvallarhagsmunum Sambandsins og almennum og sértækum markmiðum áætlunarinnar. Því er mikilvægt að fyrir hendi séu ráðstafanir til að tryggja að gætt verði að þessum grundvallarhagsmunum og -markmiðum. Einkum skal framkvæmdastjórnin vera fær um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samfellu í þjónustunni ef verktakinn reynist ófær um að uppfylla skuldbindingar sínar.

Samningarnir ættu að fela í sér nægar verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir m.a. hagsmunaárekstra og hugsanlega röskun á samkeppni, sem stafar af veitingu viðskiptaþjónustu, óréttmæta mismunun eða annan falinn óbeinan ávinning. Slíkar verndarráðstafanir geta falið í sér aðskilnað bókhalds milli opinberrar þjónustu og viðskiptaþjónustu, m.a. með því að koma á fót einingu sem er skipulagslega og lagalega séð aðskilin frá lóðrétt samþættum rekstraraðila til að veita þjónustu á vegum stjórnvalda, sem og opinn, sanngjarnan, skynsamlegan og óhlutdrægan aðgang að innviðum sem er nauðsynlegt til að veita viðskiptaþjónustu. Því ætti viðskiptaþjónusta að standa núverandi veitendum jarðbundinnar þjónustu til boða í samræmi við gagnsæ skilyrði án mismununar. Samningarnir ættu að stuðla að því að sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki taki þátt í allri virðiskeðjunni og í öllum aðildarríkjunum.

44) Mikilvægt markmið áætlunarinnar er að tryggja öryggi Sambandsins og aðildarríkjanna og styrkja viðnámsþol þvert á lykiltækni og virðiskeðjur og varðveita um leið opið hagkerfi. Í sérstökum tilvikum krefst þetta markmið þess að sett verði skilyrði fyrir aðstoðarhæfi og þátttöku til að tryggja vernd heildstæðis, öryggis og viðnámsþols rekstrarkerfa Sambandsins. Þetta ætti ekki að grafa undan þörf fyrir samkeppnishæfni og kostnaðarhagkvæmni.

45) Í samræmi við fjárhagsreglugerðina, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB/KBE) nr. 883/2013 ([13]) og reglugerðir ráðsins (EB/KBE) nr. 2988/95 ([14]), (KBE/EB) nr. 2185/96 ([15]) og (ESB) 2017/1939 ([16]) skal verja fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með hóflegum ráðstöfunum, þ.m.t. ráðstafanir sem tengjast því að koma í veg fyrir, koma upp um, leiðrétta og rannsaka misfellur, þ.m.t. svik, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, að leggja á stjórnsýsluviðurlög. Einkum hefur Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF), í samræmi við reglugerðir (KBE, EB) nr. 2185/96 og (ESB, KBE) nr. 883/2013, vald til

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([14]) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1).

([15]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

([16]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939 frá 12. október 2017 um framkvæmd aukinnar samvinnu um að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2017, bls. 1).

að inna af hendi stjórnsýslurannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og -skoðanir, með það fyrir augum að ganga úr skugga um hvort svik, spilling eða annað ólöglegt athæfi hafi átt sér stað sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins.

Embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) er veitt vald, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1939, til að rannsaka og sækja til saka fyrir refsilagabrot sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1371 ([17]).

Í samræmi við fjárhagsreglugerðina á hver aðili eða eining, sem fær fjármagn frá Sambandinu, að hafa fullt samstarf um að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, veita nauðsynleg réttindi og aðgang fyrir framkvæmdastjórnina, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum, Endurskoðunarréttinn og, að því er varðar þau aðildarríki sem taka þátt í aukinni samvinnu, embætti saksóknara Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1939 og tryggja að allir þriðju aðilar, sem koma að stjórnun á fjármagni Sambandsins, veiti jafngild réttindi.

46) Til að tryggja vernd fjárhagslega hagsmuna Sambandsins er nauðsynlegt að krefjast þess að þriðju lönd veiti nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrga aðilann sem fer með greiðsluheimildir, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarréttinn svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti.

47) Til þess að ná sem mestri skilvirkni og áhrifum af áætluninni ætti að grípa til aðgerða til þess að stuðla að notkun og þróun opinna staðla, opinnar tækni og rekstrarsamhæfis í högun örugga tengjanleikakerfisins. Með opnari hugmynd að þessu kerfi væri hægt að bæta samlegðaráhrif með öðrum þáttum geimvísindaáætlunar Sambandsins eða landsbundinni þjónustu og nýtingarleiðum, lágmarka kostnað með hámarksávinningi með því að koma í veg fyrir tvíverknað við þróun á sömu tækni, auka áreiðanleika, stuðla að nýsköpun og uppskera ávinning af víðtækri samkeppni.

48) Traust opinber stjórnun áætlunarinnar krefst þess að ábyrgð og verkefnum sé skipt með skýrum hætti milli hinna ýmsu aðila sem taka þátt í henni, í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa skörun og draga úr kostnaðarauka og töfum. Allir aðilar sem koma að stjórnuninni ættu að styðja, innan valdheimilda sinna og í samræmi við ábyrgð sína, að markmiðum áætlunarinnar verði náð.

49) Aðildarríkin hafa lengi verið virk á sviði geimvísinda. Þau búa yfir kerfum, innviðum, landsskrifstofum og stofnunum á því sviði. Þau geta því lagt mikið af mörkum til áætlunarinnar, einkum við framkvæmd hennar. Þau gætu unnið með Sambandinu að því að kynna þjónustu og nýtingarleiðir áætlunarinnar og tryggja samfellu milli viðkomandi landsbundinna framtaksverkefna og áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin kann að vera fær um að nýta þau úrræði sem aðildarríkin búa yfir, geta notið góðs af aðstoð þeirra og, með fyrirvara um skilyrði sem gagnkvæmt samkomulag er um, falið aðildarríkjunum verkefni er varða framkvæmd áætlunarinnar. Ef við á ættu aðildarríkin að stefna að því að tryggja að endurreisnar- og viðnámsáætlanir þeirra séu í samræmi við áætlunina og komi henni til fyllingar. Enn fremur ættu aðildarríkin að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd innviða á jörðu niðri sem eru staðsettir á yfirráðasvæðum þeirra. Að auki ættu aðildarríkin að vera fær um að tryggja að tíðnir sem eru nauðsynlegar áætluninni séu tiltækar og varðar á fullnægjandi hátt til að unnt sé að þróa til fulls og framkvæma nýtingarleiðir á grundvelli þeirrar þjónustu sem er í boði, í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB ([18]). Tíðnir sem eru aðgengilegar áætluninni ættu ekki að hafa fjárhagsleg áhrif á áætlunina.

50) Það er hlutverk framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og sem stofnun sem vinnur að almannahagsmunum Sambandsins, að koma áætluninni til framkvæmda, bera heildarábyrgð og efla notkun hennar. Framkvæmdastjórnin ætti að geta falið öðrum einingum tiltekin verkefni í rökstuddum tilvikum til að hámarka nýtingu fjármagns og getu hinna ýmsu hagsmunaaðila. Framkvæmdastjórnin ætti að ákvarða helstu tæknilegu og rekstrarlegu kröfur sem nauðsynlegar eru til að koma þróun kerfa og þjónustu í framkvæmd. Hún ætti að gera það að höfðu samráði við sérfræðinga aðildarríkjanna, notendur og aðra hlutaðeigandi opinbera hagsmunaaðila og hagsmunaaðila í einkageiranum. Að síðustu leiðir beiting Sambandsins á valdheimildum sínum ekki til þess að aðildarríkin geti ekki beitt sínum eigin valdheimildum í samræmi við 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1371 frá 5. júlí 2017 um baráttuna gegn svikum sem beinast gegn fjárhagslegum hagsmunum Sambandsins með refsilöggjöf (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 29).

([18]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 7).

Í þágu góðrar nýtingar á fjármunum Sambandsins þykir þó rétt að framkvæmdastjórnin tryggi, eftir því sem unnt er, samræmi í starfsemi sem framkvæmd er innan ramma áætlunarinnar og starfsemi aðildarríkjanna, án þess að skapa með því óþarfa tvíverknað.

51) Í 154. gr. fjárhagsreglugerðarinnar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að geta, á grundvelli niðurstaðna fyrirframmats, treyst á kerfi og verklagsreglur aðila eða eininga sem falin er ráðstöfun fjármuna Sambandsins. Ef nauðsyn krefur ætti að skilgreina í samsvarandi framlagssamningi sértækar breytingar á þessum kerfum og verklagsreglum (eftirlitsráðstafanir) sem og fyrirkomulag gildandi samninga.

52) Í ljósi hnattræns umfangs áætlunarinnar hefur hún sterka alþjóðlega vídd. Alþjóðlegir samstarfsaðilar, stjórnvöld þeirra og borgarar munu njóta margs konar þjónustu innan áætlunarinnar, sem leiðir til uppsafnaðs ávinnings fyrir alþjóðlegt samstarf Sambandsins og aðildarríkjanna við þessa samstarfsaðila. Í málum sem tengjast áætluninni gæti framkvæmdastjórnin samræmt, innan valdsviðs síns og fyrir hönd Sambandsins, starfsemi á alþjóðlegum vettvangi.

53) Geimvísindaáætlunarstofnunin er, á grundvelli þeirrar sérþekkingar sem þróuð hefur verið á undanförnum árum að því er varðar stjórnun, rekstur og þjónustuveitingu í tengslum við Galíleó- og EGNOS-þætti geimvísindaáætlunar Sambandsins, sá aðili sem hentar best til að annast framkvæmd verkefna, undir eftirliti framkvæmdastjórnarinnar, í tengslum við rekstur á innviðum stjórnvalda og veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda. Hún ætti því að þróa enn frekar viðeigandi getu í þessu skyni. Því næst ætti að fela geimvísindaáætlunarstofnuninni að veita þjónustu á vegum stjórnvalda og hún ætti að geta tekið að sér að öllu leyti eða að hluta til rekstrarstjórnun á innviðum stjórnvalda.

54) Geimvísindaáætlunarstofnunin ætti, með hliðsjón af öryggi og í ljósi reynslu sinnar á þessu sviði, að bera ábyrgð á því að tryggja, fyrir milligöngu faggildingarráðs síns um öryggisviðurkenningu, öryggisviðurkenningu á þjónustu og innviðum stjórnvalda. Með fyrirvara um að geimvísindaáætlunarstofnunin sé rekstrarlega tilbúin til verksins, einkum með tilliti til fullnægjandi mannafla, ætti hún enn fremur að annast þau verkefni sem framkvæmdastjórnin felur henni. Geimvísindaáætlunarstofnunin ætti, þegar slíkt er mögulegt, að nýta vægi sérþekkingar sinnar, t.d. í allri starfsemi í tengslum við evrópska hnattræna gervihnattaleiðsögukerfið (EGNSS). Þegar geimvísindaáætlunarstofnuninni eru falin verkefni skal hún hafa yfir að ráða nægilegum mannauði, stjórnsýsluúrræðum og fjármagni til að gera henni kleift að sinna verkefnum sínum og hlutverki til fulls.

55) Til að tryggja rekstur á innviðum stjórnvalda og greiða fyrir veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda ætti geimvísindaáætlunarstofnuninni, með framlagssamningum, að vera heimilt að fela öðrum einingum, hverri innan sinna valdheimilda, tiltekna starfsemi samkvæmt skilyrðum óbeinnar stjórnunar sem gilda um framkvæmdastjórnina eins og mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni.

56) Geimvísindastofnun Evrópu er alþjóðleg stofnun með víðtæka sérþekkingu á sviði geimvísinda, m.a. á sviði gervihnattafjarskipta, og er því mikilvægur þátttakandi í framkvæmd hinna mismunandi þátta í geimvísindastefnu Sambandsins. Í þessu tilliti ætti Geimvísindastofnunin að geta lagt framkvæmdastjórninni til sérfræðiþekkingu, m.a. við undirbúning nákvæmra skilgreininga og framkvæmd tæknilegra þátta áætlunarinnar. Í því skyni ætti að fela Geimvísindastofnuninni eftirlit með starfi við þróun og sannprófun innan áætlunarinnar og styðja við mat á samningum sem gerðir eru í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar.

57) Vegna mikilvægis geimtengdrar starfsemi fyrir hagkerfi Sambandsins og líf borgara Sambandsins ætti það að vera helsta forgangsverkefni áætlunarinnar að tryggja og viðhalda víðtæku öryggi, einkum til að vernda hagsmuni Sambandsins og aðildarríkjanna, m.a. í tengslum við trúnaðarupplýsingar og viðkvæmar upplýsingar sem eru ekki trúnaðarflokkaðar.

58) Í ljósi sértækrar sérþekkingar utanríkisþjónustu Evrópusambandsins og reglulegs sambands hennar við yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir ætti hún að geta aðstoðað framkvæmdastjórnina við framkvæmd tiltekinna verkefna í tengslum við öryggi áætlunarinnar á sviði samskipta við önnur ríki, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2010/427/ESB ([19]).

([19]) Ákvörðun ráðsins 2010/427/ESB frá 26. júlí 2010 um skipulag og starfshætti utanríkisþjónustu Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 30).

59) Án þess að hafa áhrif á að aðildarríkin bera ein ábyrgð á sviði þjóðaröryggis, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og rétt þeirra til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína í samræmi við 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti að koma á sértækri stjórn öryggismála til að tryggja snurðulausa framkvæmd áætlunarinnar. Sú stjórn ætti að byggjast á þremur meginreglum. Í fyrsta lagi er brýnt að tillit verði tekið til víðtækrar, einstæðrar reynslu aðildarríkjanna á sviði öryggismála, að því marki sem framast er unnt. Í öðru lagi ætti að aðgreina rekstrarþætti frá öryggisviðurkenningarþáttum til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og annmarka við beitingu öryggisreglna. í þriðja lagi er einingin, sem ber ábyrgð á stjórnun innviða áætlunarinnar í heild eða að hluta, einnig best til þess fallin að hafa umsjón með öryggi þeirra verkefna sem henni eru falin. Öryggi áætlunarinnar myndi byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur við framkvæmd geimvísindaáætlunar Sambandsins á undangengnum árum. Traust öryggisstjórnun krefst þess einnig að verkefnum verði skipt með viðeigandi hætti milli hinna ýmsu þátttakenda**.** Þar eð framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á áætluninni ætti hún, án þess að það hafi áhrif á heimildir aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis, að ákvarða ásamt aðildarríkjunum almennar öryggiskröfur sem gilda um áætlunina. Stjórn öryggismála áætlunarinnar ætti, einkum á sviði trúnaðarflokkaðra upplýsinga, að endurspegla viðeigandi hlutverk og valdsvið ráðsins og aðildarríkjanna við mat og samþykki á dulritunarvörum til verndar trúnaðarupplýsingum ESB.

60) Netöryggi og efnislegt öryggi innviða áætlunarinnar, bæði á jörðu niðri og í geimnum, sem og efnisleg umfremd (e. redundancy) vegna þessa, eru lykillinn að því að tryggja samfellu þjónustunnar og rekstur kerfisins. Þegar almennum öryggiskröfum er komið á fót ætti því að taka tilhlýðilegt tillit til nauðsynjar þess að vernda kerfið og þjónustu þess gegn netárásum og ógnum gagnvart gervihnöttum, m.a. með því að nota nýja tækni og með því að styðja við viðbrögð við slíkum netárásum og endurheimt í kjölfar þeirra.

61) Eftir því sem við á ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina skipulag vegna öryggiseftirlits að lokinni áhættu- og ógnargreiningu. Þetta skipulag vegna öryggiseftirlits ætti að vera sú eining sem bregst við leiðbeiningum sem eru þróaðar innan gildissviðs ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2021/698 ([20]).

62) Með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis ættu framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn, hvort innan sinna valdheimilda, að tryggja öryggi áætlunarinnar í samræmi við þessa reglugerð og, þar sem við á, ákvörðun (SSUÖ) 2021/698.

63) Þjónusta á vegum stjórnvalda sem veitt er innan áætlunarinnar verður notuð af aðilum stjórnvalda í Sambandinu í mikilvægum verkefnum og aðgerðum á sviði öryggis- og varnarmála, sem og til að vernda mikilvæga innviði. Því ætti slík þjónusta og innviðir að vera háð öryggisviðurkenningu faggildingaraðila.

64) Nauðsynlegt er að starf faggildingaraðila við öryggisviðurkenningu sé unnið á grundvelli sameiginlegrar ábyrgðar á öryggi Sambandsins og aðildarríkja þess með því að leitast við að ná samstöðu og virkja til þátttöku alla sem koma að öryggismálum og að komið verði á verklagi fyrir stöðugt eftirlit með áhættu. Einnig er nauðsynlegt að tæknilegt starf faggildingaraðila fyrir öryggisviðurkenningu sé í höndum sérfræðinga sem búa yfir viðeigandi menntun og hæfi til að faggilda flókin kerfi og náð hafa viðunandi öryggisvottunarstigi.

65) Samkvæmt 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á stjórnun áætlana sem hægt er að fela þriðju aðilum undir óbeinni stjórnun, í samræmi við reglur sem settar eru fram í fjárhagsreglugerðinni. í því samhengi er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin tryggi að verkefnin, sem þriðju aðilar inna af hendi við framkvæmd áætlunarinnar undir óbeinni stjórnun, grafi ekki undan öryggi áætlunarinnar, einkum að því er varðar eftirlit með trúnaðarupplýsingum. Því ætti að skýra nánar að þegar framkvæmdastjórnin felur Geimvísindastofnun Evrópu að annast verkefni innan ramma áætlunarinnar ættu samsvarandi framlagssamningar að tryggja að litið sé svo á að trúnaðar-upplýsingar, sem Geimvísindastofnun Evrópu tekur saman, séu trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins í samræmi við ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB ([21]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 ([22]) og að þær séu teknar saman með heimild framkvæmdastjórnarinnar.

([20]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/698 frá 30. apríl 2021 um öryggi kerfa og þjónustu sem eru sett upp, rekin og notuð samkvæmt geimáætlun Sambandsins sem getur haft áhrif á öryggi Sambandsins og um niðurfellingu ákvörðunar 2014/496/SSUÖ (Stjtíð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 178).

([21]) Ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB frá 23. september 2013 um öryggisreglur til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 274, 15.10.2013, bls. 1).

([22]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um öryggisreglur til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

66) Hægt væri að nota þjónustu á vegum stjórnvalda innan áætlunarinnar í þágu verkefna og aðgerða vegna mikilvægra öryggismála á vegum aðila Sambandsins og aðildarríkis. Til að vernda grundvallaröryggishagsmuni Sambandsins og aðildarríkja þess er því þörf á ráðstöfunum til að tryggja nauðsynlegt sjálfstæði frá þriðju aðilum (þriðju lönd og einingar frá þriðju löndum), sem ná yfir alla þætti áætlunarinnar. Slíkar ráðstafanir gætu tekið til tækni í geimnum og á jörðu niðri á stigi íhluta, undirkerfa eða kerfa, framleiðsluiðnaðar, eigenda og rekstraraðila geimkerfa, og raunlægrar staðsetningar íhluta kerfis á jörðu niðri.

67) Einungis á grundvelli samnings, sem gerður verður í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er heimilt að leyfa aðilum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, sem og löndum evrópsku nágrannastefnunnar og öðrum þriðju löndum, að taka þátt í þessari áætlun.

68) Samkvæmt ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/1764 ([23]) uppfylla aðilar og einingar með staðfestu í löndum eða á yfirráðasvæðum handan hafsins skilyrði fyrir fjármögnun með fyrirvara um reglur og markmið áætlunarinnar og mögulegar ráðstafanir sem gilda um það aðildarríki sem viðkomandi lönd eða yfirráðasvæði handan hafsins eru tengd.

69) Samkvæmt 22. og 23. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([24]) ætti að meta áætlunina á grundvelli upplýsinga sem safnað er samkvæmt sértækum eftirlitskröfum en forðast á sama tíma stjórnsýsluálag, einkum á aðildarríkin, og of mikla reglusetningu. Þessar kröfur ættu að innihalda, eftir því sem við á, mælanlega vísa sem grundvöll til að meta áhrifin af áætluninni. Í mati á áætluninni ætti að taka tillit til niðurstaðna úr matinu á geimvísindaáætlun Sambandsins sem varðar gervihnattafjarskiptaþátt stjórnvalda, sem kemur til framkvæmda innan ramma reglugerðar (ESB) 2021/696.

70) Til að tryggja að vísar sem eru notaðir til að sýna fram á framvindu áætlunarinnar, sem og eftirlits- og matsrammi áætlunarinnar, séu áfram fullnægjandi ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, varðandi breytingar á viðaukanum við þessa reglugerð með tilliti til vísanna, til að bæta við þessa reglugerð ákvæðum um að koma á fót eftirlits- og matsramma og bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar eiginleika gagnagrunns fyrir eignir áætlunarinnar í geimnum, sem og aðferðafræði og ferla til að viðhalda þeim og uppfæra. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

71) Í þágu traustra opinberra stjórnunarhátta og með hliðsjón af samlegðaráhrifum milli áætlunarinnar og gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda ætti áætlunarnefndin, sem komið var á fót innan ramma reglugerðar (ESB) 2021/696, í sömu samsetningu og vegna gervihnattafjarskipta stjórnvalda, einnig að starfa sem nefnd í tengslum við áætlunina. Áætlunarnefndin ætti að koma saman í sérstakri öryggissamsetningu þegar fjallað er um málefni sem varða öryggi áætlunarinnar.

([23]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/1764 frá 5. október 2021 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópusambandið, þ.m.t. tengsl milli Evrópusambandsins annars vegar og Grænlands og Konungsríkisins Danmerkur hins vegar (ákvörðunin um tengsl handan hafsins, þ.m.t. Grænland) (Stjtíð. ESB L 355, 7.10.2021, bls. 6).

([24]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

72) Þar sem traustir opinberir stjórnunarhættir krefjast samræmis við stjórnun áætlunarinnar, hraðari ákvarðanatöku og jafns aðgangs að upplýsingum gætu fulltrúar þeirra eininga, sem falin eru verkefni sem tengjast áætluninni, haft tækifæri til þátttöku sem áheyrnarfulltrúar í starfi áætlunarnefndarinnar sem komið var á fót við beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([25]). Af sömu ástæðum gætu fulltrúar þriðju landa og alþjóðastofnana, sem gert hafa alþjóðasamning við Sambandið í tengslum við áætlunina, fengið að taka þátt í starfi áætlunarnefndarinnar með fyrirvara um öryggistakmarkanir og eins og kveðið er á um í skilmálum slíkra samninga. Fulltrúar eininga, sem falin eru verkefni sem tengjast áætluninni, þriðju lönd og alþjóðastofnanir ættu ekki að hafa rétt til að taka þátt í atkvæðagreiðslum áætlunarnefndarinnar. Mæla ætti fyrir um skilyrði fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa og sérstakra þátttakenda í starfsreglum áætlunarnefndarinnar.

73) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald í tengslum við samþykkt ítarlegra reglna um veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda, rekstrarlegar kröfur varðandi þjónustu á vegum stjórnvalda, þjónustuskrá vegna þjónustu á vegum stjórnvalda, ákvarðanir um framlög í tengslum við framlagssamninga og vinnuáætlanir, sem og því að koma á viðbótarkröfum vegna þátttöku þriðju landa og alþjóðastofnana í áætluninni. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

74) Þjónusta á vegum stjórnvalda, sem er byggð á innviðum stjórnvalda, ætti að meginreglu til að vera endurgjaldslaus fyrir notendur með aðgangsheimild stjórnvalda. Þó er geta til þessarar þjónustu takmörkuð. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu í kjölfar greiningar að getu skorti ætti að leyfa henni að samþykkja verðlagsstefnu, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þar sem eftirspurn er meiri en getan, sem hluta af þessum ítarlegu reglum um þjónustuveitingu, til að para saman framboð og eftirspurn eftir þjónustu. Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja slíka verðlagsstefnu. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

75) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða staðsetningu stöðva sem tilheyra innviðum stjórnvalda á jörðu niðri. Við val á slíkri staðsetningu ætti framkvæmdastjórnin að geta tekið tillit til rekstrar- og öryggiskrafna, sem og fyrirliggjandi innviða. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

76) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákvarða almennar öryggiskröfur. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011. Aðildarríkjunum ætti að vera heimilt að beita hámarkseftirliti með almennum öryggiskröfum áætlunarinnar. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdargerðir á sviði öryggis áætlunarinnar ætti hún að njóta aðstoðar áætlunarnefndarinnar sem kemur saman í sérstakri öryggissamsetningu. Í ljósi þess hversu viðkvæm öryggismál eru ætti formaður áætlunarnefndarinnar að leitast við að finna lausnir sem krefjast eins víðtæks stuðnings innan áætlunarnefndarinnar og mögulegt er. Framkvæmdastjórnin ætti ekki að samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða almennar öryggiskröfur áætlunarinnar í tilvikum þar sem áætlunarnefndin skilar ekki áliti. Ef kveðið er á um aðra öryggissamsetningu áætlunarnefndarinnar ætti slík þátttaka að vera í samræmi við starfsreglur áætlunarnefndarinnar.

77) Áætlunin kemur til fyllingar gildandi geimvísindaáætlun Sambandsins með því að samþætta og víkka út markmið hennar og aðgerðir til að koma á öruggu tengjanleikakerfi fyrir Sambandið í geimnum. Taka ætti tillit til þessa við mat á áætluninni.

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

78) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna stærðar og áhrifa aðgerðarinnar sem rúmast ekki innan fjárhagslegrar og tæknilegrar getu eins aðildarríkis, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

79) Koma ætti áætluninni á fót til fimm ára til að samræma tímalengd hennar fjárhagsrammanum til margra ára fyrir tímabilið 2021-2027 sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (ESB, KBE) 2020/2093 ([26]) (fjárhagsrammi til margra ára 2021–2027).

80) Til að koma þessari reglugerð til framkvæmda eins fljótt og auðið er, með það fyrir augum ná markmiðum hennar, ætti hún að öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á fót áætlun Sambandsins um öruggan tengjanleika („áætlunin“) til loka fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2021–2027. Í henni er mælt fyrir um markmið áætlunarinnar, fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2023–2027, fjármögnunarleiðir Sambandsins og um reglur um veitingu slíkrar fjármögnunar, sem og reglur um framkvæmd áætlunarinnar, að teknu tilliti til reglugerðar (ESB) 2021/696.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

1) „geimfar“: geimfar eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696,

2) „geimrusl“: geimrusl eins og skilgreint er í 4. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696,

3) „búnaður til upplýsingasöfnunar og útsendingar“: búnaður sem geimfar flytur til að sinna tilteknu verkefni í geimnum,

4) „geimvistkerfi“: net fyrirtækja sem eiga í samskiptum og starfa innan virðiskeðja í geimgeiranum, allt frá minnstu sprotafyrirtækjum til stærstu fyrirtækja, sem tekur til uppstreymis- og niðurstreymishluta geimmarkaðarins,

5) „evrópsku skammtafjarskiptainnviðirnir“ (e. European Quantum Communication Infrastructure, EuroQCI): samtengdir geiminnviðir, innviðir á jörðu niðri (e. ground) og jarðbundnir (e. terrestrial) innviðir sem eru samþættir örugga tengjanleikakerfinu með notkun skammtatækni,

6) „gervihnattafjarskiptamiðstöð stjórnvalda“: miðstöð á vegum stjórnvalda fyrir gervihnattafjarskipti eins og skilgreint er í 23. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696,

7) „geimvísindaáætlunarstofnunin“: Stofnun um geimvísindaáætlun Evrópusambandsins sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/696,

([26]) Reglugerð ráðsins (ESB, KBE) 2020/2093 frá 17. desember 2020 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2021–2027 (Stjtíð. ESB L 433 I, 22.12.2020, bls. 11).

8) „trúnaðarflokkaðar upplýsingar ESB“ (e. EUCI): trúnaðarflokkaðar upplýsingar ESB eins og skilgreint er í 25. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696,

9) „viðkvæmar upplýsingar sem ekki eru trúnaðarflokkaðar“: viðkvæmar upplýsingar sem ekki eru trúnaðarflokkaðar eins og skilgreint er í 26. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696,

10) „blönduð fjármögnunaraðgerð“: blönduð fjármögnunaraðgerð eins og skilgreint er í 27. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

3. gr.

Markmið áætlunarinnar

1. Almenn markmið áætlunarinnar skulu vera þau að:

a) tryggja að til lengri tíma litið verði notendum með aðgangsheimild stjórnvalda veittur órofinn aðgangur innan yfirráðasvæðis Sambandsins og á heimsvísu að öruggri, óháðri, áreiðanlegri og hagkvæmri gervihnattafjarskiptaþjónustu stjórnvalda af miklum gæðum, með því að koma á öruggu tengjanleikakerfi á mörgum sporbrautum undir borgaralegri stjórn og styðja við vernd þýðingarmikilla innviða, í skilningi tilskipunar ráðsins 2008/114/EB ([27]), aðstæðuvitund, ytri aðgerðir, krísustjórnun og notkunarleiðir sem eru mikilvægar fyrir hagkerfið, umhverfið, öryggi og varnir og auka þannig viðnámsþol og sjálfstæði Sambandsins og aðildarríkjanna og styrkja tækni- og iðnaðargrundvöll gervihnattafjarskipta þeirra, jafnframt því að forðast að treysta um of á lausnir utan Sambandsins, einkum að því er varðar mikilvæga innviði og aðgang að geimnum,

b) gera einkageiranum kleift að veita viðskiptaþjónustu eða þjónustu, sem boðin er notendum með aðgangsheimild stjórnvalda og byggist á viðskiptainnviðum á markaðskjörum, í samræmi við gildandi samkeppnislög Sambandsins, m.a. til þess að greiða fyrir frekari þróun háhraðabreiðbands og snurðulausum tengjanleika á heimsvísu, sem og til að útrýma svæðum án fjarskiptaþjónustu og auka samheldni á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, jafnframt því að brúa stafrænu gjána og stuðla, eftir atvikum, að almennu markmiðunum sem um getur í 3. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

2. Sértæk markmið áætlunarinnar skulu vera:

a) að bæta við og samþætta fyrirliggjandi og væntanlega getu gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda örugga tengjanleikakerfinu,

b) að bæta viðnámsþol, öryggi og óhæði í fjarskiptaþjónustu Sambandsins og aðildarríkjanna,

c) að þróa frekar og samþætta evrópsku skammtafjarskiptainnviðina smám saman örugga tengjanleikakerfinu,

d) að tryggja rétt til afnota af sporbrautum og viðeigandi tíðnum,

e) að efla traustleika í fjarskiptaþjónustu Sambandsins og aðildarríkjanna og netviðnámsþol Sambandsins með því að þróa umfremd, röskunarlausar og fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbragðsráðstafanir í þágu netverndar og rekstraröryggis- og verndarráðstafanir gegn netógnum ásamt öðrum ráðstöfunum gegn rafsegulógnum,

f) að gera það mögulegt, ef unnt er, að þróa fjarskiptaþjónustu og viðbótarþjónustu sem er ekki á sviði fjarskipta, einkum með því að bæta þætti geimvísindaáætlunar Sambandsins, skapa samlegðaráhrif milli þeirra og auka getu þeirra og þjónustu, auk þess að þróa þjónustu fyrir aðildarríkin sem er ekki á sviði fjarskipta með því að hýsa viðbótargervihnattaundirkerfi, þ.m.t. búnað til upplýsingasöfnunar og útsendingar,

g) að hvetja til nýsköpunar, skilvirkni og þróunar og notkunar á byltitækni og nýstárlegum viðskiptalíkönum í evrópska geimvistkerfinu, þ.m.t. geimnýliðar, markaðsnýliðar (e. entrants), ný fyrirtæki, sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki, til þess að efla samkeppnishæfni geimgeirans í Sambandinu,

h) að bæta öruggan tengjanleika yfir landfræðilegum svæðum þar sem brýnir hagsmunir eru fyrir hendi, s.s. Afríku og norðurskautssvæðinu, sem og Eystrasalti, Svartahafi, Miðjarðarhafssvæðunum og Atlantshafinu,

([27]) Tilskipun ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra (Stjtíð. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75).

i) að auka öryggi og sjálfbærni í starfsemi í útgeimnum með því að hrinda í framkvæmd viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja og stuðla að ábyrgri hegðun í geimnum þegar áætluninni er hrint í framkvæmd, m.a. með því að leitast við að koma í veg fyrir útbreiðslu á geimrusli.

3. Forgangsröðun og þróun viðbótarþjónustunnar, sem er ekki á sviði fjarskipta og um getur í f-lið 2. mgr. þessarar greinar, og fjármögnun hennar skulu vera í samræmi við markmið reglugerðar (ESB) 2021/696 og skal áætlunarnefndin, sem fundar í viðeigandi samsetningu, taka þau til skoðunar eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2021/696.

4. gr.

Starfsemi innan áætlunarinnar

1. Tryggja skal veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., með eftirfarandi áfangabundinni starfsemi sem koma skal til fyllingar og samþætta gervihnattafjarskiptaþátt stjórnvalda örugga tengjanleikakerfinu:

a) skilgreiningu, hönnun, þróun, staðfestingu og tengdri uppbyggingarstarfsemi vegna smíði innviða í geimnum og á jörðu niðri sem nauðsynleg er til að veita megi fyrstu þjónustu á vegum stjórnvalda eigi síðar en 2024,

b) stigvaxandi uppbyggingarstarfsemi til að ljúka við innviði sem þörf er á í geimnum og á jörðu niðri, sem nauðsynlegir eru til að unnt sé að veita háþróaða þjónustu á vegum stjórnvalda, til að mæta þörfum notenda með aðgangsheimild stjórnvalda eins fljótt og auðið er og stefna að fullri starfrækslu eigi síðar en 2027,

c) þróun og nýtingu evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna (EuroQCI) til að fella þá í áföngum inn í örugga tengjanleikakerfið,

d) hagnýtingarstarfsemi sem veitir þjónustu á vegum stjórnvalda sem felur í sér rekstur, viðhald, stöðugar endurbætur og vernd innviða í geimnum og á jörðu niðri, þ.m.t. stjórnun hvað varðar endurnýjun og úreldingu,

e) þróun framtíðarkynslóða innviða í geimnum og á jörðu niðri og þróun þjónustu á vegum stjórnvalda.

2. Verktakarnir, sem um getur í 19. gr., skulu sjá til þess að viðskiptaþjónusta verði veitt.

5. gr.

Innviðir örugga tengjanleikakerfisins

1. Örugga tengjanleikakerfinu skal komið á fót með því að skilgreina, hanna, þróa, byggja upp og reka innviði fyrir tengjanleika á mörgum sporbrautum, lagað að þróun eftirspurnar stjórnvalda eftir gervihnattafjarskiptum, og bjóða stuttan biðtíma. Það skal vera einingaskipt til að uppfylla markmiðin sem um getur í 3. gr. og til að koma á fót þjónustuskrá fyrir þjónustu á vegum stjórnvalda, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. Það skal koma til fyllingar og samþætta fyrirliggjandi og væntanlega getu innan ramma gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda. Það skal samanstanda af innviðum stjórnvalda, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, og viðskiptainnviðum, eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar.

2. Innviðir stjórnvalda í örugga tengjaleikakerfinu skulu taka til allra tengdra eigna á jörðu niðri og í geimnum sem eru nauðsynlegar vegna veitingar þjónustu á vegum stjórnvalda, eins og mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. eftirfarandi eigna:

a) annaðhvort gervihnatta eða gervihnattaundirkerfa, þ.m.t. búnaðar til upplýsingasöfnunar og útsendingar,

b) evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna,

c) innviða til eftirlits með öryggi innviða stjórnvalda og þjónustu á vegum stjórnvalda,

d) innviða á jörðu niðri til að veita notendum með aðgangsheimild stjórnvalda þjónustu, þ.m.t. innviða gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda á jörðu niðri sem til stendur að stækka, einkum gervihnattafjarskiptamiðstöðva stjórnvalda sem um getur í 67. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

Innviðir stjórnvalda skulu hýsa, eftir því sem við á, viðbótargervihnattaundirkerfi, einkum búnað til upplýsingasöfnunar og útsendinga, sem nota má sem hluta af innviðum í geimnum í þeim þáttum geimvísindaáætlunar Sambandsins sem um getur í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, með þeim skilmálum og skilyrðum sem sett eru fram í þeirri reglugerð, sem og gervihnattaundirkerfi sem notuð eru til að veita aðildarríkjum aðra þjónustu en á sviði fjarskipta.

3. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framkvæmdargerðum, ef nauðsyn krefur, ráðstafanir til að ákvarða staðsetningu miðstöðvanna sem tilheyra innviðum stjórnvalda á jörðu niðri, í samræmi við almennu öryggiskröfurnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, í kjölfar opins og gagnsæs ferlis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr. þessarar reglugerðar.

Til að vernda öryggishagsmuni Sambandsins og aðildarríkja þess skulu miðstöðvarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, vera, ef unnt er, staðsettar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og falla undir hýsingarsamning í formi stjórnsýslusamnings milli Sambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkis.

Ef ekki er mögulegt að staðsetja miðstöðvarnar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna getur framkvæmdastjórnin ákveðið staðsetningu slíkra miðstöðva á yfirráðasvæði aðildarríkja EFTA, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, eða á yfirráðasvæði annars þriðja lands, með fyrirvara um hýsingarsamning milli Sambandsins og hlutaðeigandi þriðja lands sem gerður er í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal ákvarða staðsetningu gervihnattafjarskiptamiðstöðva stjórnvalda í samræmi við 2. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

4. Viðskiptainnviðir örugga tengjanleikakerfisins skulu taka til allra eigna í geimnum og á jörðu niðri annarra en þeirra sem eru hluti af innviðum stjórnvalda. Viðskiptainnviðirnir skulu ekki draga úr frammistöðu eða öryggi innviða stjórnvalda. Verktakar sem um getur í 19. gr. skulu fjármagna viðskiptainnviðina og hvers kyns tengda áhættu að öllu leyti til að uppfylla markmiðið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr.

5. Í því skyni að vernda öryggishagsmuni Sambandsins skulu fyrirliggjandi og væntanlegir þjónustuveitendur, þ.m.t. þeir sem nota smágerðan skotbúnað og örskotbúnað, sem uppfylla skilyrðin um aðstoðarhæfi og þátttöku sem sett eru fram í 22. gr., skjóta á loft eignum innviða stjórnvalda í geimnum og aðeins í rökstuddum undantekningartilvikum frá yfirráðasvæði þriðja lands.

6. gr.

Eignarhald og notkun eigna

1. Sambandið skal vera eigandi allra efnislegra og óefnislegra eigna sem eru hluti af innviðum stjórnvalda sem þróaðir eru á grundvelli áætlunarinnar, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. og 10. mgr. 19. gr., að undanskildum jarðbundnum innviðum innan evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna sem skulu vera í eigu aðildarríkjanna. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin tryggja að samningar, samkomulag og annað fyrirkomulag varðandi starfsemi sem kann að leiða til myndunar eða þróunar slíkra eigna feli í sér ákvæði sem tryggja eignarhald Sambandsins á þessum eignum.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að Sambandið hafi eftirfarandi réttindi:

a) rétt til afnota af tilskildum tíðnum vegna merkjasendinga sem verða til hjá innviðum stjórnvalda, í samræmi við gildandi lög og reglur og viðeigandi leyfissamninga, sem fenginn er með viðeigandi skráningum þeirra tíðna sem aðildarríkin leggja til og verða áfram á ábyrgð aðildarríkjanna,

b) rétt til að setja veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda í forgang umfram viðskiptaþjónustu, í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem sett verða í samningunum sem um getur í 19. gr. og með því að taka tillit til þarfa notenda með aðgangsheimild stjórnvalda sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal leitast við að gera samninga, samkomulag eða annað fyrirkomulag við þriðju aðila, þ.m.t. verktaka sem um getur í 19. gr., að því er varðar:

a) eignarréttindi sem þegar eru til staðar að því er varðar efnislegar og óefnislegar eignir sem mynda hluta af innviðum stjórnvalda,

b) öflun eignarhalds eða leyfisréttinda yfir öðrum efnislegum og óefnislegum eignum sem nauðsynlegar eru vegna nýtingar innviða stjórnvalda.

4. Ef eignir sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. samanstanda af hugverkaréttindum skal framkvæmdastjórnin fara með þessi réttindi á eins skilvirkan hátt og unnt er, að teknu tilliti til:

a) nauðsynjar þess að vernda og auka verðmæti eignanna, e

b) lögmætra hagsmuna allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila,

c) nauðsynjar þess að tryggja samkeppnishæfa og vel starfhæfa markaði og þróa nýja tækni,

d) nauðsynjar þess að viðhalda samfellu í þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt áætluninni.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, tryggja að viðkomandi samningar, samkomulag og annað fyrirkomulag feli í sér möguleika á að framselja þessi hugverkaréttindi til þriðju aðila eða veita þriðja aðila leyfi fyrir þessum réttindum, þ.m.t. til höfundar hugverksins, og að slíkum þriðju aðilum sé frjálst að njóta þessara réttinda þegar það er nauðsynlegt vegna framkvæmdar verkefna þeirra samkvæmt þessari reglugerð.

7. gr.

Aðgerðir til stuðnings nýstárlegu og samkeppnishæfu geimvistkerfi Sambandsins

1. Í samræmi við markmiðið sem um getur í g-lið 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar skal áætlunin styðja við nýstárlegt og samkeppnishæft geimvistkerfi Sambandsins, þ.m.t. geimnýliðun, og einkum þá starfsemi sem sett er fram í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

2. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til nýsköpunar í geimvistkerfi Sambandsins, þ.m.t. geimnýliðun, meðan áætlunin varir með því að:

a) koma á fót viðmiðunum við úthlutun samninganna sem um getur í 19. gr. og tryggja sem víðtækasta þátttöku sprotafyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja innan Sambandsins og í allri virðiskeðjunni,

b) gera þá kröfu að verktakarnir, sem um getur í 19. gr., leggi fram áætlun um hvernig hámarka megi, í samræmi við 21. gr., aðlögun markaðsnýliða, sprotafyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja alls staðar í Sambandinu að starfseminni samkvæmt samningunum sem um getur í 19. gr.,

c) gera þá kröfu, með samningunum sem um getur í 19. gr., að markaðsnýliðar, sprotafyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki með meðalverðmæt fyrirtæki í öllu Sambandinu geti veitt endanlegum notendum eigin þjónustu,

d) stuðla að notkun og þróun opinna staðla, opinnar tækni og rekstrarsamhæfis í högun örugga tengjanleikakerfisins, í því skyni að gefa færi á samvirkni, lágmarka kostnað með hámarksávinningi, auka áreiðanleika, stuðla að nýsköpun og njóta ávinnings af víðtækri samkeppni,

e) stuðla að þróun og framleiðslu mikilvægrar tækni í Sambandinu sem er nauðsynleg til þess að nýta þjónustu á vegum stjórnvalda.

3. Framkvæmdastjórnin skal einnig:

a) styðja kaup og samnýtingu þjónustusamninga til að mæta þörfum áætlunarinnar með það að markmiði að virkja og örva fjárfestingar einkaaðila til lengri tíma, þ.m.t. með sameiginlegum innkaupum,

b) stuðla að og hvetja til aukinnar þátttöku kvenna og setja markmið um jafnrétti og fulla þátttöku í útboðsgögnum,

c) stuðla að þróun aukinnar færni á sviðum sem tengjast geimnum og að þjálfunarstarfsemi.

8. gr.

Sjálfbærni á sviði umhverfis- og geimmála

1. Hrinda skal áætluninni í framkvæmd með það fyrir augum að tryggja sjálfbærni á sviði umhverfis- og geimmála. Í þessu skyni skal setja í samningana og verklagsreglurnar sem um getur í 19. gr. ákvæði um að:

a) lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem myndast við þróun, framleiðslu og nýtingu innviðanna,

b) koma á fót kerfi til að vega upp á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem eftir stendur,

c) gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr sýnilegri og ósýnilegri geislamengun frá geimförum, sem getur hamlað stjarnfræðilegum athugunum eða annars konar rannsóknum og athugunum,

d) nota viðeigandi árekstrarvaratækni fyrir geimför,

e) leggja fram og koma til framkvæmda ítarlegri áætlun um mótvægisaðgerðir vegna geimrusls áður en uppsetningaráfanginn hefst, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu sporbrauta, til að tryggja að gervihnettir þyrpingarinnar geti forðast geimrusl.

2. Samningarnir og verklagsreglurnar sem um getur í 19. gr. þessarar reglugerðar skulu fela í sér skyldu um að afhenda gögn, einkum gögn um stjörnuhnit og skipulögð stjórntök, þeim einingum sem sjá um að útbúa gögn um eftirlit og leit (SST), eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, og veita þjónustu vegna eftirlits og leitar eins og um getur í 55. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja viðhald alhliða gagnagrunns yfir eignir áætlunarinnar í geimnum, sem inniheldur einkum gögn er varða sjálfbærniþætti í umhverfis- og geimmálum.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 45. gr. til að bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina eiginleika og koma á aðferðafræði og vinnsluleiðum við að viðhalda og uppfæra gagnagrunninn sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

5. Gildissvið framseldra gerða, sem samþykktar eru í samræmi við 4. mgr., skal takmarkast við:

a) eignir í geimnum sem eru í eigu Sambandsins, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. og 10. mgr. 19. gr.,

b) eignir í geimnum sem eru í eigu verktakanna sem um getur í 19. gr., eins og um getur í 4. mgr. 5. gr. og 10. mgr. 19. gr.

II. KAFLI

Þjónusta og þátttakendur

9. gr.

Þjónusta á vegum stjórnvalda

1. Veita skal þátttakendum í áætluninni, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 11. gr., þjónustu á vegum stjórnvalda.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, ítarlegar reglur um veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda, með hliðsjón af 66. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, á grundvelli heildareftirspurnar vegna fyrirliggjandi og fyrirsjáanlegra þarfa fyrir ýmiss konar þjónustu, sem hefur verið skilgreind í samvinnu við aðildarríkin, og sveigjanlegrar úthlutunar fjármagns og forgangsröðunar þjónustu á vegum stjórnvalda á mismunandi þátttakendum í áætluninni í samræmi við það hversu mikilvægar og brýnar þarfir notendanna eru og, eftir því sem við á, kostnaðarhagkvæmni.

3. Veita skal notendum með aðgangsheimild stjórnvalda þjónustu á vegum stjórnvalda, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., án endurgjalds.

4. Framkvæmdastjórnin skal kaupa þá þjónustu, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., samkvæmt markaðsskilmálum, í samræmi við gildandi ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar með það að markmiði að tryggja að öll aðildarríki fái þá þjónustu. Nákvæm ráðstöfun getu og fjárveitinga til þessarar þjónustu skal ákveðin í framkvæmdargerðinni, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, á grundvelli framlags frá aðildarríkjunum.

5. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, ef það er bráðnauðsynlegt til að para saman framboð og eftirspurn eftir þjónustu á vegum stjórnvalda, samþykkja, með framkvæmdargerðum, verðstefnu sem skal vera í samræmi við verðstefnuna sem um getur í 1. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

Með því að samþykkja verðstefnu skal framkvæmdastjórnin tryggja að veiting þjónustu á vegum stjórnvalda raski ekki samkeppni, að ekki sé skortur á slíkri þjónustu og að tilgreint verð muni ekki leiða til ofgreiðslu til verktaka sem um getur í 19. gr.

6. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 2. og 5. mgr. þessarar greinar, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr.

7. Tryggja skal áfangabundna veitingu þjónustu á vegum stjórnvalda, eins og mælt er fyrir um í þjónustuskránni sem um getur í 1. mgr. 10. gr., með fyrirvara um tiltækileika innviða örugga tengjanleikakerfisins, í kjölfar framkvæmdar þeirrar starfsemi sem tilgreind er í a- og b-lið 1. mgr. 4. gr., og byggja á og virkja fyrirliggjandi þjónustu og getu, eftir því sem við á.

8. Tryggja skal jafna meðferð aðildarríkjanna við veitingu þjónusta á vegum stjórnvalda í samræmi við þarfir þeirra eins og um getur í 7. mgr. 25. gr.

10. gr.

Þjónustuskrá yfir þjónustu á vegum stjórnvalda

1. Koma skal á fót þjónustuskrá yfir þjónustu á vegum stjórnvalda í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar. Hún skal samanstanda af a.m.k. eftirfarandi þjónustuflokkum og koma sem viðbót við safn yfir gervihnattafjarskiptaþjónustu stjórnvalda sem um getur í 3. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696:

a) þjónusta sem einskorðast við notendur með aðgangsheimild stjórnvalda, byggð á innviðum stjórnvalda, sem krefst fyllsta öryggis og hentar ekki þjónustu sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, s.s. öflug þjónusta á heimsvísu með stuttan biðtíma eða öflugar gagnasendingar í geimnum,

b) skammtafjarskiptaþjónusta, s.s. dreifing dulritunarlykla með skammtatækni.

2. Þjónustuskráin yfir þjónustu á vegum stjórnvalda skal einnig ná yfir þjónustu við notendur með aðgangsheimild stjórnvalda á grundvelli viðskiptainnviða, s.s. tryggður stuttur biðtími á heimsvísu eða mjóbandsþjónusta á heimsvísu.

3. Þjónustuskráin yfir þjónustu á vegum stjórnvalda skal einnig fela í sér tækniforskriftir fyrir hvern þjónustuflokk, s.s. landfræðilegt umfang, tíðni, bandbreidd, notendabúnað og öryggisþætti.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, þjónustuskrá yfir þjónustu á vegum stjórnvalda. Þessar framkvæmdargerðir skulu byggjast á rekstrarlegu kröfunum sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, á framlagi aðildarríkjanna og á almennu öryggiskröfunum sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, rekstrarlegar kröfur að því er varðar þjónustu á vegum stjórnvalda í formi tækniforskrifta og framkvæmdaáætlana, einkum að því er varðar krísustjórnun, aðstæðuvitund, stjórnun lykilinnviða, þ.m.t. fjarskiptaneta til diplómatískra samskipta og samskipta á sviði varnarmála, og aðrar þarfir notenda með aðgangsheimild stjórnvalda. Þessar rekstrarlegu kröfur skulu byggjast á kröfum notenda áætlunarinnar sem eru sérsniðnar til að mæta staðfestri eftirspurn og í þeim skal tekið tillit til krafna sem stafa frá fyrirliggjandi notendabúnaði og -netum og rekstrarlegra krafna vegna gervihnattafjarskiptaþjónustu stjórnvalda sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr. þessarar reglugerðar.

6. Í samningnum sem um getur í 19. gr. skal kveða á um skilmála og skilyrði fyrir veitingu þjónustu og tengda áhættu, sem veitt er í gegnum viðskiptainnviðina.

11. gr.

Þátttakendur í áætluninni og lögbær yfirvöld

1. Aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins skulu vera þátttakendur í áætluninni, að því marki sem þau veita notendum þjónustu á vegum stjórnvalda aðgangsheimild eða láta í té getu, staði eða aðstöðu.

2. Fagstofnanir og stofnanir Sambandsins geta tekið þátt í áætluninni, að því marki sem nauðsynlegt er til að þær geti sinnt verkefnum sínum og í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í stjórnunarfyrirkomulagi sem gert var milli hlutaðeigandi fagstofnunar eða stofnunar og þeirrar meginstofnunar Sambandsins sem hefur eftirlit með henni.

3. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir geta tekið þátt í áætluninni í samræmi við 39. gr.

4. Hver þátttakandi í áætluninni skal tilnefna eitt lögbært yfirvald sem annast öruggan tengjanleika.

Þátttakendur í áætluninni skulu teljast uppfylla kröfurnar sem um getur í fyrstu undirgrein ef þeir uppfylla báðar eftirfarandi viðmiðanir:

a) þeir taka einnig þátt í gervihnattafjarskiptum stjórnvalda í samræmi við 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2021/696,

b) þeir hafa tilnefnt lögbært yfirvald í samræmi við 4. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

5. Ákvarða skal og koma til framkvæmda hjá hverjum þátttakanda í áætluninni forgangsröðun á þjónustu á vegum stjórnvalda meðal notenda með aðgangsheimild.

6. Lögbært yfirvald sem annast öruggan tengjanleika, eins og um getur í 4. mgr., skal sjá til þess að:

a) notkun opinberrar þjónustu samrýmist almennum öryggiskröfum sem um getur í 3. mgr. 30. gr.,

b) réttindi til aðgangs að þjónustu á vegum stjórnvalda séu ákvörðuð og þeim stjórnað,

c) notandabúnaður, sem er nauðsynlegur vegna notkunar á þjónustu á vegum stjórnvalda og tengdum rafrænum fjarskiptatengingum og -upplýsingum, sé notaður og honum stjórnað í samræmi við almennu öryggiskröfurnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr.,

d) komið verði á fót miðlægum tengilið til að aðstoða, eftir því sem nauðsyn krefur, við skýrslugjöf um öryggisáhættu og -ógnir, einkum greiningu á hugsanlegum skaðlegum rafsegultruflunum sem hafa áhrif á þjónustu innan ramma áætlunarinnar.

12. gr.

Notendur þjónustu á vegum stjórnvalda

1. Heimila má eftirtöldum einingum að notfæra sér þjónustu á vegum stjórnvalda:

a) opinberu yfirvaldi í Sambandinu eða aðildarríki eða aðila sem falin er beiting opinbers valds,

b) einstaklingi eða lögaðila sem kemur fram fyrir hönd eða starfar undir stjórn einingar sem um getur í a-lið.

2. Notendur þjónustu á vegum stjórnvalda, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu fá fullt umboð þátttakenda í áætluninni, sem um getur í 11. gr., til að nýta sér þjónustu á vegum stjórnvalda og skulu uppfylla almennar öryggiskröfur sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

III. KAFLI

Fjárframlög og fjármögnunarkerfi

13. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd fyrir tímabilið frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027 og til að ná yfir tengda áhættu skal vera 1,65 milljarður evra á gangverði.

Fjárhæðinni sem um getur í fyrstu undirgrein skal úthlutað til leiðbeiningar af fjárhagsrammanum fyrir árin 2021-2027 sem hér segir:

a) 1 milljarður evra af lið 1 (Innri markaður, nýsköpun og stafræn málefni),

b) 0,5 milljarðar evra af lið 5 (Öryggi og varnir),

c) 0,15 milljarðar evra af lið 6 (Nágrannasvæði og heimurinn).

2. Fjárhæð upp á 0,75 milljarð evra skal fylgja áætluninni sem komið er til framkvæmda innan ramma áætlunarinnar Horizon Europe, gervihnattafjarskiptaþáttar stjórnvalda og fjármögnunarleiðarinnar fyrir nágranna-, þróunar og alþjóðasamstarf (NDICI) og skal leiðbeinandi fjárhæð til þeirra nema að hámarki 0,38 milljarði evra, 0,22 milljarði evra og 0,15 milljarði evra, í þeirri röð. Þessi fjármögnun fer fram í samræmi við markmiðin, reglurnar og málsmeðferðarreglurnar sem settar eru fram, eftir því sem við á, í reglugerð (ESB) 2021/695 og ákvörðun (ESB) 2021/764 og reglugerðum (ESB) 2021/696 og (ESB) 2021/947.

3. Nota skal fjárhæðina, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, til að ná yfir alla starfsemi sem þörf er á til að ná markmiðunum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr., og til að standa straum af kaupum á þjónustu sem um getur í 4. mgr. 9. gr. Slík útgjöld geta einnig náð yfir:

a) rannsóknir og fundi sérfræðinga, einkum að því er varðar kostnað af því og tímatakmarkanir,

b) upplýsinga- og samskiptastarfsemi, þ.m.t. upplýsingamiðlun stofnana um forgangsstefnumál Sambandsins þegar þau tengjast beint markmiðum þessarar reglugerðar, með sérstöku tilliti til þess að skapa samlegðaráhrif við aðrar stefnur Sambandsins,

c) upplýsingatækninet sem gegna því hlutverki að vinna eða skiptast á upplýsingum og þær stjórnunarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir, m.a. á sviði öryggismála,

d) tækni- og stjórnsýsluaðstoð við framkvæmd áætlunarinnar, s.s. undirbúnings-, eftirlits-, stjórnunar-, úttektar- og matsstarfsemi, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi stofnana.

4. Einungis ætti að framkvæma eina úttekt á aðgerðum, sem veitt er uppsöfnuð fjármögnun frá mismunandi áætlunum Sambandsins, sem tekur til allra viðkomandi áætlana og viðeigandi reglna sem gilda um þær.

5. Heimilt er að skipta skuldbindingum samkvæmt fjárhagsáætlun vegna aðgerða, sem ná yfir meira en eitt fjárhagsár, niður í árlegar greiðslur til fleiri ára.

6. Fjármagn sem aðildarríkjum er úthlutað undir sameiginlegri stjórn má yfirfæra til áætlunarinnar að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 ([28]). Framkvæmdastjórnin skal stýra þessu fjármagni beint í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar eða óbeint í samræmi við c-lið þeirrar undirgreinar. Fjármagn þetta skal notað í þágu hlutaðeigandi aðildarríkis.

14. gr.

Uppsöfnuð fjármögnun og annars konar fjármögnun

Aðgerð sem hefur fengið framlag frá annarri áætlun Sambandsins, þ.m.t. fjármuni sem eru undir sameiginlegri stjórn, getur einnig fengið framlag samkvæmt áætluninni, að því tilskildu að framlögin taki ekki til sama kostnaðar. Reglur viðkomandi áætlunar Sambandsins skulu gilda um samsvarandi framlag til aðgerðarinnar. Uppsöfnuð fjármögnun skal ekki fara yfir heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við aðgerðina. Reikna má stuðning frá mismunandi áætlunum Sambandsins hlutfallslega í samræmi við skjölin þar sem sett eru fram skilyrði fyrir stuðningi.

15. gr.

Viðbótarframlög til áætlunarinnar

1. Hvaða eftirfarandi aðili sem er getur lagt viðbótarfjárframlög eða framlög í fríðu til áætlunarinnar:

a) fagstofnanir og stofnanir Sambandsins,

b) aðildarríkin í samræmi við viðeigandi samninga,

c) þriðju lönd sem taka þátt í áætluninni í samræmi við viðeigandi samninga,

d) alþjóðastofnanir í samræmi við viðeigandi samninga.

2. Líta skal á viðbótarfjárframlagið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og tekjur skv. 5. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar sem ytri markaðar tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

16. gr.

Framlag Geimvísindastofnunar Evrópu

Geimvísindastofnunin getur, í samræmi við innri reglur og málsmeðferðarreglur sínar, í gegnum valfrjálsar áætlanir sínar stuðlað að þróunar- og staðfestingarstarfi áætlunarinnar sem leiðir af innkaupaaðferðinni sem um getur í 1. mgr. 19. gr., jafnframt því að standa vörð um mikilvæga öryggishagsmuni Sambandsins og aðildarríkja þess.

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 frá 24. júní 2021 um almenn ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu+, Samheldnisjóðinn, Sjóðinn um sanngjörn umskipti og Sjávarútvegs- og fiskeldissjóð Evrópu og fjárhagsreglur fyrir þá og Sjóðinn vegna hælismála, fólksflutninga og aðlögunar, Sjóðinn fyrir innra öryggi og fjármögnunarleiðina til fjárstuðnings við landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (Stjtíð. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 159).

17. gr.

Framlag einkageirans

Verktakarnir sem um getur í 19. gr. skulu fjármagna viðskiptainnviðina sem um getur í 5. gr. að öllu leyti til að uppfylla markmiðið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr.

18. gr.

Framkvæmd og fjármögnunarleiðir Sambandsins

1. Koma skal áætluninni til framkvæmda með beinni stjórnun í samræmi við fjárhagsreglugerðina eða með óbeinni stjórnun í gegnum aðila sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

2. Veita má fjármögnun með áætluninni á hverju því formi sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni, einkum með styrkjum, verðlaunum og innkaupum. Einnig má veita fjármögnun eftir fjármögnunarleiðum innan blendingsstarfsemi.

IV. KAFLI

Framkvæmd áætlunarinnar

19. gr.

Framkvæmdarlíkan

1. Hrinda skal áætluninni í framkvæmd, eftir því sem við á, með áfangaskiptri nálgun þar til starfseminni, sem um getur í 4. gr., er lokið. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, sjá til þess að með innkaupaaðferðinni verði gert ráð fyrir eins víðtækri samkeppni og unnt er til að hvetja til hæfilegrar þátttöku í allri iðnaðartengdu virðiskeðjunni í samningum er varða veitingu þjónustunnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og í samningum er varða kaup á þjónustu sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

2. Framkvæmd þeirrar starfsemi sem sett er fram í 4. gr. þessarar reglugerðar skal fara fram á grundvelli nokkurra samninga sem gerðir eru í samræmi við fjárhagsreglugerðina og meginreglurnar um innkaup skv. 20. gr. þessarar reglugerðar og geta þeir verið í formi sérleyfissamninga, birgðasamninga, þjónustusamninga eða verksamninga eða blöndu af samningum.

3. Samningarnir sem um getur í þessari grein skulu gerðir undir beinni eða óbeinni stjórn og geta verið í formi innkaupa milli stofnana, eins og um getur í 1. mgr. 165. gr. fjármálareglugerðarinnar, milli framkvæmdastjórnarinnar og geimvísindaáætlunar-stofnunarinnar þar sem framkvæmdastjórnin skal gegna hlutverki leiðandi samningsyfirvalds.

4. Innkaupaaðferðin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og samningarnir sem um getur í þessari grein skulu vera í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 2. mgr. 9. gr. og 4.–5. mgr. 10. gr.

5. Ef niðurstaðan úr innkaupaaðferðinni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er sérleyfissamningar skal í þeim samningum tilgreina högun innviða stjórnvalda í örugga tengjanleikakerfinu, hlutverk, ábyrgð, fjárhagsáætlun og skiptingu áhættu milli Sambandsins og verktakanna, með því að taka tillit til eignarhaldsfyrirkomulags skv. 6. gr. og fjármögnunar áætlunarinnar skv. III. kafla.

6. Ef sérleyfissamningur er ekki gerður skal framkvæmdastjórnin tryggja bestu mögulegu framkvæmd markmiðsins sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. með því að gera, eftir því sem við á, birgða-, þjónustu- eða verksamning eða blandaðan samning.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samfellu í þjónustu á vegum stjórnvalda ef verktakarnir sem um getur í þessari grein eru ófærir um að uppfylla skuldbindingar sínar.

8. Eftir því sem við á getur innkaupaferli vegna samninganna, sem um getur í þessari grein, einnig verið í formi sameiginlegra innkaupa með aðildarríkjum, í samræmi við 2. mgr. 165. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

9. Samningarnir sem um getur í þessari grein skulu einkum tryggja að við veitingu þjónustu sem byggist á viðskiptainnviðum verði gætt að grundvallarhagsmunum Sambandsins og almennum og sértækum markmiðum áætlunarinnar sem um getur í 3. gr. Þessir samningar skulu einnig fela í sér fullnægjandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að verktakar, sem um getur í þessari grein, fái ofgreiðslur, röskun á samkeppni, hagsmunaárekstra, óréttmæta mismunun eða annan dulinn óbeinan ávinning. Slíkar verndarráðstafanir geta falið í sér skuldbindingu um aðskilnað í bókhaldi milli veitingar þjónustu á vegum stjórnvalda og viðskiptaþjónustu, m.a. með því að komið verði á fót einingu sem er skipulagslega og lagalega séð aðskilin frá lóðrétt samþættum rekstraraðila til að veita þjónustu á vegum stjórnvalda, og veitingar opins, sanngjarns, skynsamlegs og óhlutdrægs aðgangs að innviðum sem nauðsynlegir eru til að veita viðskiptaþjónustu. Samningarnir skulu einnig tryggja að skilyrði 22. gr. séu uppfyllt út samningstímann.

10. Þegar þjónusta á vegum stjórnvalda og viðskiptaþjónusta reiða sig á sameiginleg undirkerfi eða skilfleti til að tryggja samlegðaráhrif skulu samningarnir, sem um getur í þessari grein, einnig ákvarða hverjir þessara skilflata og sameiginlegu undirkerfa skuli vera hluti af innviðum stjórnvalda til að tryggja vernd öryggishagsmuna Sambandsins og aðildarríkja þess.

20. gr.

Meginreglur um innkaup

1. Samkvæmt áætluninni skulu opinber innkaup fara fram í samræmi við reglurnar um innkaup sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni.

2. Þegar um er að ræða verklagsreglur um opinber innkaup vegna áætlunarinnar, sem koma til fyllingar meginreglunum sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni, skal samningsyfirvaldið fylgja eftirfarandi meginreglum:

a) hvetja til þess að þátttaka rekstraraðila, einkum markaðsnýliða, sprotafyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, verði eins víðtæk og opin og kostur er í öllum aðildarríkjum innan Sambandsins og í allri aðfangakeðjunni, m.a. þegar um er að ræða undirverktakastarfsemi af hálfu bjóðenda,

b) tryggja virka samkeppni í útboðsferlinu og forðast, þar sem hægt er, að reiða sig á einn veitanda, einkum hvað varðar mikilvægan búnað og þjónustu, en taka jafnframt tillit til markmiðanna um tæknilegt sjálfstæði og samfellu í þjónustu,

c) fylgja meginreglunum um opinn aðgang og samkeppni með útboði á grundvelli ákvæðisins um gagnsæjar og tímanlegar upplýsingar, skýr boð um viðeigandi reglur og verklagsreglur varðandi innkaup, val- og úthlutunarviðmiðanir og hvers kyns aðrar viðeigandi upplýsingar sem stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir alla hugsanlega bjóðendur,

d) vernda öryggis- og almannahagsmuni Sambandsins og aðildarríkja þess, m.a. með því að styrkja sjálfstæði Sambandsins á sviði stefnumótunar, einkum á sviði tæknimála, með því að framkvæma áhættumat og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu á röskun, t.d. þegar aðeins einn birgir er tiltækur,

e) uppfylla almennu öryggiskröfurnar, sem um getur í 3. mgr. 30. gr., og stuðla að vernd grundvallaröryggishagsmuna Sambandsins og aðildarríkja þess,

f) nota, þrátt fyrir 167. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, eftir því sem við á, marga birgja til að tryggja betri heildarstjórnun áætlunarinnar, kostnaðar við hana og tímaáætlunar,

g) stuðla að aðgengileika, samfellu og áreiðanleika þjónustunnar,

h) auka öryggi og sjálfbærni í starfsemi í útgeimnum með því að hrinda í framkvæmd viðeigandi ráðstöfunum í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í 8. gr.,

i) tryggja skilvirka eflingu jafnra tækifæra fyrir alla, framkvæmd samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða og leitast við að takast á við orsakir kynjahalla, með sérstakri áherslu á að tryggja jafnt hlutfall kynjanna í matsnefndum.

21. gr.

Undirverktakastarfsemi

1. Samningsyfirvaldið skal fara fram á það við bjóðandann að hann geri undirverktakasamning um hluta samningsins, á grundvelli samkeppnisútboðs á viðeigandi stigum undirverktakastarfsemi, við fyrirtæki sem tilheyra ekki hans eigin samstæðu, til að hvetja markaðsnýliða, ný fyrirtæki, sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki í öllu Sambandinu og efla þátttöku þeirra yfir landamæri, og til að bjóða eins víðtækt landfræðilegt umfang og kostur er jafnframt því að vernda sjálfstæði Sambandsins.

2. Ef um er að ræða samninga sem fara yfir 10 milljónir evra skal samningsyfirvaldið tryggja að a.m.k. 30% af virði samningsins sé, á grundvelli samkeppnisútboða á ýmsum stigum undirverktakastarfsemi, falið undirverktökum utan samstæðu aðalbjóðanda, einkum í því skyni að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að taka þátt í geimvistkerfinu yfir landamæri.

3. Bjóðandinn skal gefa upp ástæður ef hann verður ekki við beiðni skv. 1. mgr. eða fyrir því að víkja frá hundraðshlutanum sem um getur í 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa áætlunarnefndina, sem um getur í 47. gr., um uppfyllingu markmiðanna sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar að því er varðar samninga sem eru undirritaðir eftir 20. mars 2023.

22. gr.

Skilyrði varðandi aðstoðarhæfi og þátttöku til að varðveita öryggi, heilleika og viðnámsþol rekstrarkerfa Sambandsins,

Skilyrði varðandi aðstoðarhæfi og þátttöku gilda um útboðsferli sem fram fer við framkvæmd áætlunarinnar ef nauðsyn krefur og viðeigandi þykir til að varðveita öryggi, heilleika og viðnámsþol rekstrarkerfa Sambandsins, eins og sett er fram í 24. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, að teknu tilliti til þess markmiðs að efla sjálfstæði Sambandsins varðandi stefnumörkun, einkum að því er varðar tækni þvert á lykiltækni og virðiskeðjur, og varðveita um leið opið hagkerfi.

23. gr.

Vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

Ef þriðja land tekur þátt í áætluninni með ákvörðun sem er samþykkt samkvæmt alþjóðasamningi eða á grundvelli annars lagagernings skal þriðja landið veita nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrga aðilann sem fer með greiðsluheimildir, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarréttinn svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti. Ef um er að ræða Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum skulu slík réttindi ná yfir réttinn til að inna af hendi rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og -skoðanir, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013.

V. KAFLI

Stjórnun áætlunarinnar

24. gr.

Meginreglur varðandi stjórnunarhætti

Byggja skal stjórnunarhætti áætlunarinnar á eftirtöldum meginreglum:

a) skýr skipting verkefna og ábyrgðar milli þeirra eininga sem taka þátt í framkvæmd áætlunarinnar,

b) tryggja að skipulag stjórnunarhátta hafi gildi að því er varðar sértækar þarfir áætlunarinnar og ráðstafanir, eftir því sem við á,

c) öflugt eftirlit með áætluninni, þ.m.t. að allar einingar fylgi í einu og öllu eftir áætlunum um kostnað, tímasetningu og frammistöðu í samræmi við hlutverk sín og þau verkefni sem þeim hafa verið falin, í samræmi við þessa reglugerð,

d) gagnsæ og kostnaðarhagkvæm stjórnun,

e) samfella í þjónustu og nauðsynleg samfella innviða, þ.m.t. öryggiseftirlit og -stjórnun, og vernd gegn viðeigandi ógnum,

f) kerfisbundin og skipuleg hliðsjón af þörfum notenda þeirra gagna, upplýsinga og þjónustu sem áætlunin lætur í té sem og til tengdrar vísindalegrar og tæknilegrar þróunar,

g) stöðugt átak til að stjórna og draga úr áhættu.

25. gr.

Hlutverk aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin geta lagt sitt af mörkum með tæknilegri getu sinni, verkkunnáttu og aðstoð, einkum á sviði öryggis og verndar, eða, eftir því sem við á og mögulegt er, með því að gera gögn, upplýsingar, þjónustu og innviði á yfirráðasvæði sínu aðgengileg áætluninni.

2. Ef unnt er skulu aðildarríkin miða að því að tryggja samræmi og fyllingu milli viðkomandi starfsemi og áætlunarinnar og samvirkni í getu þeirra samkvæmt endurreisnar- og viðnámsáætlunum þeirra samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 ([29]).

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja snurðulausa virkni áætlunarinnar.

4. Aðildarríkin geta aðstoðað við að tryggja og vernda, á viðeigandi stigi, þær tíðnir sem þörf er á fyrir áætlunina.

5. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta unnið saman að því að auka nýtingu þjónustu á vegum stjórnvalda innan áætlunarinnar.

6. Á sviði öryggismála skulu aðildarríkin sinna þeim verkefnum sem um getur í 42. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

7. Aðildarríkin skulu setja fram rekstrarþarfir sínar til þess að treysta getu og tilgreina enn frekar skilgreiningar á þjónustu á vegum stjórnvalda þeirra. Þau skulu einnig veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf í öllum málum á valdsviði þeirra hvers um sig, einkum með því að leggja til undirbúnings framkvæmdargerðanna.

8. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela stofnunum aðildarríkjanna, með framlagssamningum, sérstök verkefni ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilnefnt slíkar stofnanir. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvarðanir um framlög í tengslum við framlagssamningana með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

26. gr.

Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal bera heildarábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. á sviði öryggismála, með fyrirvara um heimildir aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við þessa reglugerð, ákvarða forgangsmál og þróun áætlunarinnar í samræmi við tilhlýðilega ákvarðaðar notendakröfur og hafa umsjón með framkvæmd hennar, með fyrirvara um aðrar stefnur Sambandsins.

([29]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 frá 12. febrúar 2021 um að koma á fót Endurreisnar- og viðnámssjóðnum (Stjtíð. ESB L 57, 18.2.2021, bls. 17).

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja skýra skiptingu verkefna og ábyrgðar milli hinna ýmsu eininga sem taka þátt í áætluninni og samræma starfsemi þeirra. Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja að allar umsjónareiningar, sem taka þátt í framkvæmd áætlunarinnar, gæti hagsmuna Sambandsins, ábyrgist trausta stjórn fjármuna Sambandsins og fari að fjárhagsreglugerðinni og þessari reglugerð.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera, úthluta og undirrita þá samninga sem um getur í 19. gr.

4. Framkvæmdastjórnin getur falið geimvísindaáætlunarstofnuninni og Geimvísindastofnuninni verkefni er varða áætlunina undir óbeinni stjórn, í samræmi við hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið, eins og sett er fram í 27. og 28. gr. Til að greiða fyrir því að markmiðunum, sem um getur í 3. gr., verði náð og stuðla að sem skilvirkustu samstarfi milli framkvæmdastjórnarinnar, geimvísindaáætlunarstofnunarinnar og Geimvísindastofnunarinnar er framkvæmdastjórninni heimilt að gera framlagssamninga við hverja umsjónareiningu.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvarðanir um framlög í tengslum við framlagssamningana með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 47. gr.

5. Með fyrirvara um verkefni verktaka sem um getur í 19. gr., geimvísindaáætlunarstofnunarinnar eða annarra umsjónareininga skal framkvæmdastjórnin tryggja nýtingu og notkun þjónustu á vegum stjórnvalda. Hún skal sjá til þess að samstilling, samræmi, samvirkni og tengsl séu milli áætlunarinnar og annarra aðgerða og áætlana Sambandsins.

6. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, eftir því sem við á, samræmi milli starfsemi, sem framkvæmd er í tengslum við áætlunina, og starfsemi sem þegar er stunduð á sviði geimvísinda á vettvangi Sambandsins eða á landsbundnum eða alþjóðlegum vettvangi. Hún skal hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna, greiða fyrir samvirkni tæknilegrar getu þeirra og þróunar á sviði geimvísinda og, þar sem við á varðandi áætlunina, miða að því að tryggja samræmi milli örugga tengjanleikakerfisins og viðkomandi starfsemi, og samvirkni getu sem þróuð er innan ramma landsbundinna endurreisnar- og viðnámsáætlana.

7. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og áætlunarnefndina, sem um getur í 1. mgr. 47. gr., um bráðabirgða- og lokaniðurstöður mats á innkaupaferlum og öllum samningum, þ.m.t. samningum við undirverktaka, við einingar á vegum opinberra aðila og einkaaðila.

27. gr.

Hlutverk geimvísindaáætlunarstofnunarinnar

1. Verkefni geimvísindaáætlunarstofnunarinnar skal vera að tryggja, fyrir milligöngu faggildingarráðs síns um öryggisviðurkenningu, öryggisviðurkenningu innviða stjórnvalda og þjónustu á þeirra vegum í samræmi við II. kafla V. bálks reglugerðar (ESB) 2021/696.

2. Framkvæmdastjórnin skal fela geimvísindaáætlunarstofnuninni eftirfarandi verkefni með einum eða fleiri framlagssamningum, með fyrirvara um að stofnunin sé tilbúin til þess að hefja störf, einkum með tilliti til nægilegs mannafla:

a) rekstrarstjórnun, að fullu eða að hluta til, á innviðum stjórnvalda innan áætlunarinnar,

b) rekstraröryggi innviða stjórnvalda, þ.m.t. áhættu- og ógnargreining, öryggiseftirlit, einkum ákvörðun tækniforskrifta og verklagsreglna, og eftirlit með því að þau uppfylli almennu öryggiskröfurnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr.,

c) að veita þjónustu á vegum stjórnvalda, einkum um gervihnattafjarskiptamiðstöð stjórnvalda,

d) að hafa umsjón með samningunum sem um getur í 19. gr. eftir gerð þeirra og undirritun,

e) heildarsamræming notendatengdra þátta þjónustu á vegum stjórnvalda í nánu samstarfi við aðildarríki, viðeigandi fagstofnanir Sambandsins, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins og aðrar einingar,

f) að sinna starfsemi sem tengist því að notendur nýti þá þjónustu sem áætlunin býður án þess að það hafi áhrif á starfsemi verktaka samkvæmt samningunum sem um getur í 19. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur falið geimvísindaáætlunarstofnuninni önnur verkefni, með einum eða fleiri framlagssamningum, á grundvelli þarfa áætlunarinnar.

4. Ef geimvísindaáætlunarstofnuninni er falið að sinna verkefnum skal tryggja henni nægilegt fjármagn, mannauð og stjórnsýsluúrræði vegna framkvæmdar þeirra. Í þessu skyni er framkvæmdastjórninni heimilt að ráðstafa hluta af fjárveitingunni til starfsemi sem geimvísindaáætlunarstofnuninni er falin til að standa straum af kostnaði við þann mannafla sem er nauðsynlegur til að sinna þeirri starfsemi.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og með fyrirvara um mat framkvæmdastjórnarinnar á verndun hagsmuna Sambandsins er stofnuninni heimilt að fela öðrum einingum, innan valdsviðs þeirra hvers um sig, með framlagssamningum, sértæka starfsemi samkvæmt þeim skilyrðum um óbeina stjórnun sem eiga við um framkvæmdastjórnina.

28. gr.

Hlutverk Geimvísindastofnunar Evrópu

1. Fela skal Geimvísindastofnun Evrópu eftirtalin verkefni sem eru innan sérsviðs hennar, að því tilskildu að hagsmunir Sambandsins séu varðir:

a) að hafa eftirlit með þróun, staðfestingu og tengdri uppsetningarstarfsemi, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr., og þróun og framvindu, sem um getur í e-lið 1. mgr. 4. gr., sem fram fer innan ramma samninga sem um getur í 19. gr., í samræmi við skilmála og skilyrði sem samþykkt verða í framlagssamningunum sem um getur í 4. mgr. 26. gr., til að tryggja samræmi milli verkefna og fjárhagsáætlunar sem Geimvísindastofnun Evrópu hefur umsjón með samkvæmt þessari grein og mögulegs framlags frá Geimvísindastofnun Evrópu, eins og um getur í 16. gr.,

b) að leggja framkvæmdastjórninni til sérfræðiþekkingu, m.a. við undirbúning forskrifta og framkvæmd tæknilegra þátta áætlunarinnar,

c) að veita stuðning í tengslum við mat á samningum sem gerðir eru skv. 19. gr.,

d) að sinna verkefnum sem tengjast geimhluta evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna og tengdum hluta þeirra á jörðu niðri, sem um getur í c-lið 1. mgr. 4. gr.

2. Heimilt er, á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, að fela Geimvísindastofnun Evrópu önnur verkefni á grundvelli þarfa áætlunarinnar, að því tilskildu að þessi verkefni tvítaki ekki starfsemi annarrar einingar í tengslum við áætlunina og að þau miði að því að bæta skilvirkni í framkvæmd starfsemi innan áætlunarinnar.

VI. KAFLI

Öryggi áætlunarinnar

29. gr.

Meginreglur um öryggi

Ákvæði 33. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 gilda um áætlunina.

30. gr.

Stjórn öryggismála

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, innan valdsviðs síns og með stuðningi geimvísindaáætlunarstofnunarinnar, víðtækt öryggi, einkum með tilliti til:

a) verndar innviða, jafnt á jörðu niðri sem í geimnum, og veitingar þjónustu, einkum gegn raunlægum árásum eða tölvuárásum, þ.m.t. truflun á gagnastraumum,

b) eftirlits og stjórnunar á tækniyfirfærslum,

c) þróunar og varðveislu innan Sambandsins á hæfni og verkkunnáttu sem aflað hefur verið,

d) verndar viðkvæmra upplýsinga, sem ekki eru trúnaðarflokkaðar, og trúnaðarflokkaðra upplýsinga.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðið og aðildarríkin varðandi lýsingu og útfærslu á hverjum þætti evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna, einkum dreifingum dulritunarlykla með skammtatækni sem tengist vernd trúnaðarflokkaðra upplýsinga Evrópusambandsins.

Mat og samþykki á dulkóðunarvörum til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins skal fara fram með tilliti til hlutverka og valdsviða ráðsins og aðildarríkjanna.

Yfirvald á sviði öryggisviðurkenningar faggildingaraðila skal sannprófa innan öryggisviðurkenningarferlisins að einungis samþykktar dulkóðunarvörur séu notaðar.

3. Að því er 1. mgr. þessarar greinar varðar skal framkvæmdastjórnin tryggja að áhættu- og ógnargreining sé gerð fyrir þá innviði stjórnvalda sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Á grundvelli þessarar greiningar skal hún ákvarða, með framkvæmdargerðum, almennar öryggiskröfur. Þegar það er gert skal framkvæmdastjórnin taka tillit til áhrifa þessara krafna á snurðulausa virkni innviða stjórnvalda, einkum með tilliti til kostnaðar, áhættustýringar og tímaáætlunar, og tryggja að ekki sé dregið úr almennu öryggi, virkni búnaðar ekki skert og að tekið verði tillit til netöryggisáhættu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr.

4. Ákvæði 3.–7. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2021/696 skulu gilda um áætlunina. Að því er þessa reglugerð varðar skal lesa heitið „þáttur“ í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 sem „innviðir stjórnvalda“, þ.m.t. þjónusta á vegum stjórnvalda, og líta skal á allar tilvísanir í 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 sem tilvísanir í 3. mgr. þessarar greinar.

31. gr.

Öryggi kerfisins og þjónustunnar

Þegar rekstur kerfisins eða veiting þjónustu á vegum stjórnvalda kann að hafa áhrif á öryggi Sambandsins eða aðildarríkja þess gildir ákvörðun (SSUÖ) 2021/698.

32. gr.

Yfirvald á sviði öryggisviðurkenningar faggildingaraðila

Faggildingarráðið um öryggisviðurkenningu, sem komið er á fót innan geimvísindaáætlunarstofnunarinnar skv. c-lið 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, skal vera yfirvald á sviði öryggisviðurkenningar faggildingaraðila að því er varðar innviði stjórnvalda og tengda þjónustu á vegum stjórnvalda innan áætlunarinnar.

33. gr.

Almennar meginreglur um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila

Starf faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu, sem tengist áætluninni, skal fara fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í a- til j-lið 37. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696. Að því er þessa reglugerð varðar skal lesa heitið „þáttur“ í 37. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 sem „innviðir stjórnvalda“ og líta skal á allar tilvísanir í 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 sem tilvísanir í 2. mgr. 27. gr. þessarar reglugerðar.

34. gr.

Verkefni og samsetning faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu

1. Að undanskildum c- til f-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr. og 39. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 gildir 38. gr. um áætlunina.

2. Til viðbótar við þau verkefni sem um getur í 1. mgr. skal faggildingarráðið um öryggisviðurkenningu hafa eftirfarandi verkefni með höndum:

a) að kanna og samþykkja, að frátöldum skjölum sem framkvæmdastjórnin á að samþykkja skv. 3. mgr. 30. gr., öll skjöl sem varða öryggisviðurkenningu faggildingaraðila,

b) að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf, innan valdheimilda sinna, um gerð draga að texta þeirra gerða sem um getur í 3. mgr. 30. gr., þ.m.t. um að setja verklagsreglur varðandi öryggi, og leggja fram yfirlýsingu með lokaafstöðu sinni,

c) að kanna og samþykkja öryggisáhættumat sem er gert í samræmi við vöktunarferlið sem um getur í h-lið 37. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 og áhættu- og ógnargreininguna sem er gerð í samræmi við 3. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar og vinna með framkvæmdastjórninni að því að koma á ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

3. Til viðbótar við 1. mgr. og í sérstökum undantekningartilvikum er hægt að bjóða eingöngu fulltrúum verktaka sem koma að innviðum og þjónustu stjórnvalda að sitja fundi faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu sem áheyrnarfulltrúar í málum sem varða þessa verktaka beint. Mæla skal fyrir um fyrirkomulag og skilyrði varðandi viðveru þeirra í starfsreglum faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu.

35. gr.

Reglur faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu um atkvæðagreiðslu

Ákvæði 40. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 gilda að því er varðar reglur faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu um atkvæðagreiðslu.

36. gr.

Tilkynningar um ákvarðanir faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu og áhrif þeirra

1. Ákvæði 1.–4. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 gilda um ákvarðanir faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu. Í þessari reglugerð ber að líta á heitið „þáttur“ í 41. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 sem „innviði stjórnvalda“.

2. Tímaáætlun vegna starfa faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu skal ekki trufla tímaáætlun vegna starfsemi sem kveðið er á um í vinnuáætlunum sem um getur í 1. mgr. 41. gr.

37. gr.

Hlutverk aðildarríkjanna við öryggisviðurkenningu faggildingaraðila

Ákvæði 42. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 gilda um áætlunina.

38. gr.

Vernd trúnaðarflokkaðra upplýsinga

1. Ákvæði 43. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 gildir um trúnaðarflokkaðar upplýsingar sem tengjast áætluninni.

2. Með fyrirvara um ákvæði samningsins um öryggi og miðlun trúnaðarflokkaðra upplýsinga milli stofnana Sambandsins og Geimvísindastofnunar Evrópu er Geimvísindastofnun Evrópu heimilt að mynda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins með tilliti til þeirra verkefna sem henni eru falin skv. 1. og 2. mgr. 28. gr.

VII. KAFLI

Alþjóðatengsl

39. gr.

Þátttaka þriðju landa og alþjóðastofnana í áætluninni

1. Í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í sérsamningum sem gerðir eru í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og fjalla um þátttöku þriðja lands í áætlun Sambandsins, skal EFTA-ríkjum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem og eftirtöldum þriðju löndum frjálst að taka þátt í áætluninni:

a) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem eru fastsett í viðkomandi rammasamningum og ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum og í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samningum milli Sambandsins og þessara landa,

b) löndum sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem eru fastsett í viðkomandi rammasamningum og ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum, og í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samningum milli Sambandsins og þessara landa,

c) þriðju löndum, öðrum en þeim þriðju löndum sem falla undir a- og b-lið.

2. Alþjóðastofnun er frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við sérsamning sem gerður er í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Í sérsamningnum, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal:

a) tryggja sanngjarnt jafnvægi að því er varðar framlög og ávinning af þátttöku þriðja landsins eða alþjóðastofnunarinnar í áætlunum Sambandsins,

b) mæla fyrir um skilyrði fyrir þátttöku í áætlununum, þ.m.t. útreikningur á fjárframlögum til einstakra áætlana og stjórnsýslukostnaður við þær,

c) ekki veita þriðja landinu eða alþjóðastofnuninni vald til ákvarðanatöku að því er varðar áætlun Sambandsins,

d) tryggja réttindi Sambandsins til að tryggja trausta fjármálastjórnun og til að vernda fjárhagslega hagsmuni þess.

4. Með fyrirvara um skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr., og í þágu öryggis getur framkvæmdastjórnin sett fram viðbótarkröfur, með framkvæmdargerðum, varðandi þátttöku þriðju landa og alþjóðastofnana í áætluninni, að því marki sem samrýmist fyrirliggjandi samningum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr.

40. gr.

Aðgangur þriðju landa og alþjóðastofnana að þjónustu á vegum stjórnvalda

Þriðju lönd og alþjóðastofnanir geta fengið aðgang að þjónustu á vegum stjórnvalda að því tilskildu að þau:

a) geri samning í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins þar sem mælt er fyrir um skilmála og skilyrði fyrir aðgangi að þjónustu á vegum stjórnvalda,

b) uppfylli skilyrði 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

Að því er þessa reglugerð varðar skal líta á tilvísanir í „áætlunina“ í 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696 sem tilvísanir í „áætlunina“ sem komið er á fót með þessari reglugerð.

VIII. KAFLI

Áætlanagerð, vöktun, mat og eftirlit

41. gr.

Áætlanagerð, vöktun og skýrslugjöf

1. Áætlunin skal framkvæmd með vinnuáætlunum eins og um getur í 110. gr. fjárhagsreglugerðarinnar. Í vinnuáætlununum skal setja fram aðgerðir og tengdar fjárhagsáætlanir sem krafist er til að uppfylla markmið áætlunarinnar og, eftir atvikum, heildarfjárhæð sem er ætluð til blandaðra fjármögnunaraðgerða. Vinnuáætlanirnar skulu koma til fyllingar vinnuáætlunum varðandi gervihnattafjarskiptaþátt stjórnvalda eins og um getur í 100. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja vinnuáætlanirnar með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 47. gr.

2. Vísar til að greina frá framvindu áætlunarinnar við að ná almennum og sértækum markmiðum, sem um getur í 3. gr., eru settir fram í viðaukanum.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 45. gr., til að breyta viðaukanum að því er varðar vísana, ef það telst nauðsynlegt, ásamt því að bæta við þessa reglugerð ákvæðum til að fastsetja ramma um vöktun og mat.

4. Ef bráð nauðsyn krefur skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 46. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein.

5. Kerfið fyrir skýrslugjöf um frammistöðu skal tryggja að gögnum til að fylgjast með framkvæmd og árangri áætlunarinnar sé safnað á skilvirkan og árangursríkan hátt og tímanlega.

Í því skyni skal leggja hóflegar kröfur um skýrslugjöf á viðtakendur fjármagns frá Sambandinu og, eftir því sem við á, á aðildarríkin.

6. Viðtakendur fjármagns frá Sambandinu skulu veita viðeigandi upplýsingar að því er 2. mgr. varðar. Safna skal saman nauðsynlegum gögnum vegna sannprófunar á árangri á skilvirkan, áhrifaríkan og tímanlegan hátt.

42. gr.

Mat

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat á áætluninni tímanlega til að unnt sé að taka tillit til þess í ákvarðanatökuferlinu.

2. Eigi síðar en 21. mars 2024 og á hverju ári eftir það skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um helstu niðurstöður varðandi fyrstu framkvæmd áætlunarinnar, m.a. að ljúka við gerð skilgreininga, sameiningu notendaþarfa og framkvæmdaáætlana, ásamt sjónarmiðum viðkomandi hagsmunaaðila á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.

3. Eigi síðar en 30. júní 2026 skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd áætlunarinnar í ljósi markmiðanna sem um getur í 3. gr. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja mat á:

a) frammistöðu örugga tengjanleikakerfisins og þjónustu sem veitt er samkvæmt áætluninni, einkum stuttan biðtíma, áreiðanleika, sjálfstæði og aðgang á heimsvísu,

b) stjórnunar- og framkvæmdarlíkönin og skilvirkni þeirra,

c) þróun þarfa notenda áætlunarinnar,

d) samvirkni og samstillingu áætlunarinnar við aðrar áætlanir Sambandsins, einkum gervihnattafjarskipti stjórnvalda og aðra þætti geimvísindaáætlunar Sambandsins,

e) þróun tiltækrar afkastagetu, nýjungar og þróun nýrrar tækni í geimvistkerfinu,

f) þátttöku sprotafyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja hvarvetna í Sambandinu,

g) umhverfisáhrif áætlunarinnar með tilliti til þeirra viðmiðana sem settar eru fram í 8. gr.,

h) kostnaðarauka, hvernig gengur að ná settum tímamörkum fyrir verkefnið og skilvirkni stjórnarhátta og stjórnunar áætlunarinnar,

i) árangur, skilvirkni, mikilvægi, samræmi og virðisauka fyrir Sambandið sem felst í starfsemi áætlunarinnar.

Viðeigandi tillaga skal fylgja matinu, ef við á.

4. Í mati á áætluninni skal taka tillit til niðurstaðna mats á gervihnattafjarskiptaþætti stjórnvalda skv. 102. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

5. Framkvæmdastjórnin skal senda niðurstöðurnar úr matinu ásamt athugasemdum sínum til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

6. Einingar, sem taka þátt í framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna matsins sem um getur í 1. mgr.

7. Tveimur árum eftir að geimvísindaáætlunarstofnunin hefur náð fullum rekstrarafköstum og á tveggja ára fresti eftir það skal hún gefa út markaðsskýrslu, að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, um áhrif áætlunarinnar á atvinnustarfsemi Sambandsins er varðar uppstreymi og niðurstreymi um gervihnött í því skyni að tryggja lágmörkun mögulegra áhrifa á samkeppni og að hvatningu til nýsköpunar sé viðhaldið.

43. gr.

Endurskoðanir

Endurskoðanir er varða notkun á framlagi Sambandsins sem einstaklingar eða einingar annast, þ.m.t. aðrar en þær sem eru með umboð frá meginstofnunum eða stofnunum Sambandsins, skulu lagðar til grundvallar allsherjarstaðfestingu skv. 127. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

44. gr.

Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs

Allar persónuupplýsingar sem eru meðhöndlaðar í tengslum við þau verkefni og starfsemi sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. af hálfu geimvísindaáætlunarstofnunarinnar, skulu unnar í samræmi við gildandi lög um vernd persónuupplýsinga, einkum reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([30]) og (ESB) 2018/1725 ([31]).

([30]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([31]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

IX. KAFLI

Framseldar gerðir og framkvæmdargerðir

45. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 41. gr., til 31. desember 2028.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 41. gr. Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. mgr. 8. gr. eða 3. mgr. 41. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

46. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal taka fram ástæður þess að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 6. mgr. 45. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

47. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar áætlunarnefndar, sem komið er á fót með 107. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, í sömu samsetningu og kemur saman vegna gervihnattafjarskipta stjórnvalda. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Að því er varðar samþykkt framkvæmdargerða sem um getur í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar skal áætlunarnefndin, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, koma saman í þeirri öryggissamsetningu sem um getur í e-lið 1. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696.

Geri skal ráð fyrir eðlilegri aðkomu áætlunarnefndarinnar, í þeirri öryggissamsetningu sem um getur í e-lið 1. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) 2021/696, að samþykkt framkvæmdargerða sem um getur í 2. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

4. Skili áætlunarnefndin ekki áliti á drögum að framkvæmdargerð sem um getur í 3. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

X. KAFLI

Umbreytingar- og lokaákvæði

48. gr.

Upplýsingar, miðlun og kynning

1. Viðtakendur fjármögnunar Sambandsins skulu hafa uppruna þessarar fjármögnunar í huga og tryggja sýnileika fjármögnunar Sambandsins, einkum þegar þeir kynna aðgerðir og niðurstöður þeirra, með því að láta í té samfelldar, skilvirkar og hlutfallslega markvissar upplýsingar til ýmissa hópa, þ.m.t. til fjölmiðla og almennings.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma til framkvæmda aðgerðum til að upplýsa og miðla því sem varðar áætlunina, aðgerðir sem gerðar eru samkvæmt áætluninni og árangur sem náðst hefur.

3. Það fjármagn sem er úthlutað til áætlunarinnar skal einnig stuðla að upplýsingamiðlun stofnana um pólitísk forgangsatriði Sambandsins, að svo miklu leyti sem þessi forgangsröðun tengist markmiðunum sem um getur í 3. gr.

49. gr.

Samfella í þjónustu eftir 2027

Ef þörf krefur má færa fjárveitingar í fjárlög Sambandsins eftir 2027 til að standa straum af nauðsynlegum kostnaði við að ná markmiðunum, sem um getur í 3. gr., til að hægt sé að stjórna aðgerðum sem ekki er lokið fyrir lok áætlunarinnar og standa straum af kostnaði við mikilvæga rekstrarstarfsemi og veitingu þjónustu.

50. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. mars 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
R. METSOLA
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J. ROSWALL
forseti.

VIÐAUKI

VÍSAR FYRIR MAT Á ÁÆTLUNINNI

Haft verður náið eftirlit með áætluninni á grundvelli safns vísa sem eiga að mæla að hve miklu leyti sértæk markmið áætlunarinnar hafa náðst og með það í huga að lágmarka stjórnsýslubyrði og -kostnað. Í því skyni verður gögnum safnað er varða eftirfarandi safn lykilvísa:

1. Almennt markmið sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr.:

   Vísir 1.1: Stjórnvöld aðildarríkja og meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins geta fengið aðgang að fyrstu þjónustu á vegum stjórnvalda árið 2024

   Vísir 1.2: Meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins geta fengið aðgang að fullri rekstrargetu sem uppfyllir þarfir og eftirspurn notenda, sem ákvörðuð er í þjónustuskrá árið 2027

   Vísir 1.3: Hlutfall tiltækrar þjónustu á vegum stjórnvalda fyrir hverja slíka þjónustu sem tekin er í notkun

   Vísir 1.4: Hraði, bandbreidd og biðtími fyrir hverja þjónustu sem tekin er í notkun á vegum stjórnvalda á heimsvísu

   Vísir 1.5: Hlutfall landfræðilegs tiltækileika allrar þjónustu á vegum stjórnvalda sem tekin er í notkun á yfirráðasvæðum aðildarríkja

   Vísir 1.6: Hlutfall þjónustu sem er tekin í notkun í tengslum við þjónustuskrána

   Vísir 1.7: Hlutfall tiltækrar getu fyrir hverja þjónustu sem er tekin í notkun

   Vísir 1.8: Kostnaður þar til framkvæmdum lýkur

   Vísir 1.9: Þátttakendur í áætluninni og fjöldi þriðju landa og alþjóðastofnana sem taka þátt í áætluninni í samræmi við 39. gr.

   Vísir 1.10: Þróun í getu gervihnatta sem stofnanir Sambandsins kaupa af aðilum utan Sambandsins

   Vísir 1.11: Fjöldi geimskota sem eru ekki framkvæmd frá yfirráðasvæði Sambandsins eða yfirráðasvæði aðila að EFTA sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu

   Vísir 1.12: Fjöldi notenda í Sambandinu með aðgangsheimild stjórnvalda

2. Almennt markmið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr.:

   Vísir 2.1: Hlutfall tiltækrar viðskiptaþjónustu

   Vísir 2.2: Hraði, bandbreidd, áreiðanleiki og biðtími viðskiptabreiðbandsþjónustu um gervihnött á heimsvísu

   Vísir 2.3: Hlutfall svæða án fjarskiptaþjónustu innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna

   Vísir 2.4: Fjárhæð sem einkageirinn hefur fjárfest

3. Sértæk markmið sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr.:

   Vísir 3.1: Gervihnattafjarskiptamiðstöðvar stjórnvalda geta veitt þjónustu á grundvelli örugga tengjanleikakerfisins

   Vísir 3.2: Full samþætting fyrirliggjandi getu Sambandsins með samþættingu gervihnattafjarskiptainnviða stjórnvalda á jörðu niðri

4. Sértækt markmið sem um getur í b-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 4.1: Árlegur fjöldi tilvika þar sem verulegar truflanir eru á fjarskiptanetum í aðildarríkjunum vegna hættuástands, sem dregið hefur verið úr með þjónustu á vegum stjórnvalda sem býðst með örugga tengjanleikakerfinu

Vísir 4.2: Ánægja notenda, sem hafa aðgangsheimild stjórnvalda, með frammistöðu örugga tengjanleikakerfisins, mæld með árlegri könnun

Vísir 4.3: Staðfesting og faggilding á mismunandi tækni og samskiptareglum

5. Sértækt markmið sem um getur í c-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 5.1: Fjöldi gervihnatta á sporbraut og starfhæfra gervihnatta sem eru nauðsynlegir fyrir starfsemi evrópsku skammtafjarskiptainnviðanna (EuroQCI).

6. Sértækt markmið sem um getur í d-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 6.1: Fjöldi gervihnatta á hverri sporbraut 2025, 2026 og 2027

7. Sértækt markmið sem um getur í e-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 7.1: Innviðir og tengd þjónusta á vegum stjórnvalda sem fengið hafa öryggisviðurkenningu faggildingaraðila

Vísir 7.2: Árlegur fjöldi netöryggisatvika og alvarleiki vegna áhrifa þeirra og fjöldi tilvika rafsegultruflana sem tengjast örugga tengjanleikakerfinu (trúnaðarmál)

8. Sértækt markmið sem um getur í f-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 8.1: Fjöldi gervihnattaundirkerfa, þ.m.t. búnaður til upplýsingasöfnunar og útsendinga, sem þjóna öðrum þáttum geimvísindaáætlunar Sambandsins

9. Sértækt markmið sem um getur í g-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 9.1: Fjöldi sprotafyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og meðalverðmætra fyrirtækja sem taka þátt í áætluninni og tengt hlutfall af samningsverðmæti

Vísir 9.2: Heildarhlutfall af verðmæti samninga sem aðalbjóðendur hafa gert við undirverktaka sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki, önnur en þau sem tengjast hópi sem bjóðandinn sjálfur tilheyrir, og hlutdeild þeirra yfir landamæri

Vísir 9.3: Fjöldi aðildarríkja sem sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki sem taka þátt í áætluninni koma frá

10. Sértækt markmið sem um getur í h-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 10.1: Fjöldi nýrra notenda gervihnattafjarskipta á landfræðilegum svæðum sem hafa lykilþýðingu utan Sambandsins

Vísir 10.2: Hlutfall landfræðilegs tiltækileika nauðsynlegrar þjónustu innan svæða sem hafa lykilþýðingu utan Sambandsins

Vísir 10.3: Fjöldi landa þar sem breiðband um gervihnött er tiltækt neytendum

11. Sértækt markmið sem um getur í i-lið 2. mgr. 3. gr.:

Vísir 11.1: Spor gróðurhúsalofttegunda vegna þróunar, framleiðslu og framkvæmdar áætlunarinnar

Vísir 11.2: Fjöldi gervihnatta sem eru virkir og gervihnatta sem hafa verið úreldir og endurheimtir

Vísir 11.3: Magn geimrusls sem þyrpingin myndar

Vísir 11.4: Fjöldi tilvika þar sem árekstur hefur nærri orðið

Vísir 11.5: Gögn um stjörnuhnit þeirra gervihnatta sem deilt er með samstarfshópi ESB sem athugar og fylgist með hlutum í geimnum (e. EU SST consortium)

Vísir 11.6: Viðeigandi mælingar á áhrifum endurvarps ljóss á stjarnfræðilegar athuganir

Tvær athugasemdir hafa verið gerðar við þennan lagagerning sem finna má í Stjtíð. ESB C 101, 17.3.2023, bls. 1 og á eftirfarandi vefslóð[um]: .....